Árið 1877, 2. d. júlímánaðar, var hið annað löggefandi alþingi sett í Reykjavík.

Fyrst söfnuðust alþingismenn saman ásamt landshöfðingjanum yfir Íslandi, Hilmari Finsen, í alþingissalnum og gengu þaðan til guðsþjónustugjörðar í dómkirkjunni; Ísleifur prestur Gíslason prjedikaði og lagði út af sálm. 127., 1. Að aflokinni guðsþjónustugjörðinni gengu menn aptur inn í alþingissalinn; las landshöfðingi þá fyrst upp skipun konungs til sín um að setja þingið svo hljóðandi:

> Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.
>
> Vora sjerlegu hylli!

Vjer veitum þjer, sem landshöfðingja Vorum yfir Voru landi Íslandi, allramildilegast vald til að setja hið reglulega alþingi, sem kemur saman mánudaginn 2. dag júlím. næstkomandi.

Þetta er vilji Vor.

Felandi þig guði!

Ritað á Amalíuborg, 11. dag maím. 1877.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Til

Vors elskulega

herra Sörens Hilmars Steindórs Finsens, kommandörs af dannebrogsorðunni og dannebrogsmanns, Vors landshöfðingja yfir Íslandi.

Því næst las landshöfðingi upp boðskap konungs til þingsins svo hljóðandi:

> Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,
>
> Vora konunglega kveðju!

Jafnframt og Vjer höfum veitt andshöfðingja Vorum vald til að setja alþingi það, sem nú á að koma saman, biðjum Vjer fulltrúa Íslands að taka á móti innilegustu óskum Vorum um, að starfi þeirra megi bera happasælan ávöxt fyrir land og lýð.

Með ánægju rennum Vjer huganum aptur til alþingis, er síðast var haldið. Þau hin mörgu og mikilvægu lagaboð, sem það þá samþykkti, og sem Vjer, að einu undanteknu, öll höfum getað allramildilegast staðfest, er góður fyrirboði um, að stjórnarskráin 5. janúar 1874 muni verða undirrótin til árangursmikils samverknaðar milli alþingis og stjórnar Vorrar.

Í þeirri sannfæringu, að alþingi eigi síður en Vjer hafi allan hug á að halda áfram á leið þá, sem svo vel er byrjuð, látum Vjer leggja fyrir alþingi, sem nú kemur saman, eigi allfá lagafrumvörp, og skulum Vjer meðal þeirra einkum geta þeirra, sem miða til að koma öðru skipulagi á skattamálin, sem svo lengi hefur verið fyrirhugað, og í sambandi við það búa undir endurskoðun á jarðamatinu.

Vjer heitum alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

Ritað á Amalíuborg 25. dag maímán. 1877.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Til

alþingis Íslendinga.

Að því búnu kvaðst hann lýsa því yfir í umboði konungs, að alþingi væri sett.

Stóð þá upp þingmaður Barðstrendinga, Eiríkur Kúld, og mælti:

«Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn 9.», og tóku allir þingmenn undir það í einu hljóði.

Þessir voru þingmenn komnir.

A. Konungkjörnir alþingismenn:

1. Biskup Pjetur Pjetursson;
2. Amtmaður Bergur Thorberg;
3. Yfirdómari Jón Pjetursson;
4. Landlæknir Jón Hjaltalín;
5. Yfirdómari M. Stephensen;
6. Landfógeti Árni Thorsteinsen.

B. Þjóðkjörnir alþingismenn:

1. 1. þingmaður Skaptfellinga Páll prestur Pálsson.
2. 2. —— Skaptfellinga hreppstjóri Stefán Eiríksson.
3. 1. —— Rangæinga Sighvatur Árnason.
4. 2. —— Rangæinga prestur Ísleifur Gíslason.
5. 2. —— Árnesinga hreppstj. Þorlákur Guðmundsson.
6. —— Vestmannaeyinga Þorsteinn bóndi Jónsson.
7. 1. —— Gullbringu- og Kjósars. dr. philos. Grímur Thomsen.
8. 2. —— Gullbringu- og Kjósars. prófastur Þórarinn Böðvarsson.
9. —— Reykvíkinga yfirkennari H. Kr. Friðriksson.
10. —— Borgfirðinga Guðmundur bóndi Ólafsson.
11. —— Mýramanna Hjálmur bóndi Pjetursson.
12. þingmaður Snæfellinga Þórður bóndi Þórðarson.
13. —— Dalamanna Guðmundur prófastur Einarsson.
14. —— Barðstrendinga Eiríkur prófastur Kúld.
15. —— Strandasýslu Torfi bóndi Einarsson.
16. 1. —— Ísfirðinga skjalavörður Jón Sigurðsson.
17. 2. —— Ísfirðinga Stefán prófastur Stephensen.
18. 1. —— Húnvetninga Ásgeir bóndi Einarsson.
19. 2. —— Húnvetninga Páll bóndi Pálsson.
20. 1. —— Skagfirðinga Jón kaupstjóri Blöndal.
21. 2. —— Skagfirðinga Einar bóndi Guðmundsson.
22. 1. —— Eyfirðinga Einar hreppstj. Ásmundsson.
23. 2. —— Eyfirðinga Snorri verzlunarstjóri Pálsson.
24. 1. —— Þingeyinga Benidikt prófastur Kristjánsson.
25. 2. —— Þingeyinga Jón hreppstjóri Sigurðsson.
26. 1. —— Norður-Múlasýslu Arnljótur prestur Ólafsson.
27. 2. —— Norður-Múlasýslu Eggert umboðsmaður Gunnarsson.
28. 1. —— Suður-Múlasýslu Tryggvi kaupstjóri Gunnarsson.
29. 2. —— Suður-Múlasýslu Einar bóndi Gíslason.

1. þingmaður Árnesinga, Benidikt sýslumaður Sveinsson, var eigi kominn.

Síðan skoraði landshöfðingi samkvæmt þingsköpunum 1. gr. á 4. konungkjörna þingmann, landlækni Jón Hjaltalín, sem var elztur þingmanna, að gangast fyrir kosningu á forseta hins sameinaða alþingis; tók hann þá sæti í forsetastólnum og kvaddi sjer til aðstoðar þingmann Barðstrendinga og þingmann Reykvíkinga. Var síðan forseti kosinn skjalavörður Jón Sigurðsson, 1.

þingmaður Ísfirðinga, með 32 atkvæðum; Bergur amtmaður Thorberg hlaut 1 atkvæði. Forseti gekk þá til sætis, og kvaddi sjer hina sömu skrifara til aðstoðar, þangað til varaforseti og skrifarar væru kosnir. Ljet hann fyrst kjósa varaforseta, og hlutu þeir þingmaður Reykvíkinga H. Kr. Friðriksson 13 atkvæði og 2. konungkjörinn þingmaður Bergur amtmaður Thorberg 12, biskup Pjetur Pjetursson 4 atkvæði, einn þingmaður 2 atkvæði og 3 þingmenn 1 atkvæði hver, en með því enginn þessara hafði fengið meiri hluta atkvæða, var kosið að nýju óbundnum kosningum, og hlaut þá Halldór Kr. Friðriksson 17 atkvæði, Bergur Thorberg 14, og Pjetur biskup Pjetursson 3; en með því að enginn þessara enn hafði fengið meiri hluta atkvæða, var kosið bundnum kosningum milli þeirra tveggja H. Kr. Friðrikssonar og Bergs Thorbergs, og hlaut þá Halldór 20 atkvæði, en hinn 14, og varð þannig Halldór Kr. Friðriksson varaforseti hins sameinaða alþingis. Til skrifara hins sameinaða alþingis voru kosnir: Eiríkur prófastur Kúld með 21 atkvæðum og Ísleifur prestur Gíslason með 11 (Guðmundur prófastur Einarsson fjekk 10 atkvæði, Magnús Stephensen 7, Árni Thorsteinson 4, Grímur Thomsen 2 og 5 þingmenn aðrir 1 atkvæði hver). Síðan skoraði forseti á þingmenn að velja samkvæmt 3. gr. þingskapanna 3 menn í nefnd, til þess ásamt forsetum deildanna að rannsaka kjörbrjef hinna fjögra þingmanna, er nú mættu á alþingi í fyrsta sinni, en með því forsetar deildanna voru en óvaldir, var rannsókninni frestað, þangað til þeim störfum var lokið; skiptust þá deildirnar og völdu sjer forseta, varaforseta og skrifara hvor. Að því búnu kom hið sameinaða þing aptur saman, og var þá nefndin kosin til að rannsaka kjörbrjefin, og urðu fyrir þeirri kosningu: Grímur Thomsen með 24 atkv., Bergur Thorberg með 16 og Halldór Kr. Friðriksson með 11 atkv.; gengu þeir síðan til nefndar með forsetum og ræddu málið og varð forseti annarar deildar framsögumaður. Hann tjáði þá konungkjörnu menn, Stephensen og Thorsteinson hafa sýnt konungsbrjef til kosninga sinna, og voru þau í engu vefengd. Þá var rannsakað kjörbrjef Skagfirðinga til Jóns Blöndals kaupstjóra, og var þar á sá galli, að þar er sagt, að þingmaðurinn hafi fengið meira hluta atkvæða, en ekki skýrt frá, hve mörg hann hafi hlotið í kjörinu. Var þetta þó ekki gjört að neinni vefenging um kosninguna. Að síðustu var kjörbrjef sjera Arnljóts Ólafssonar fyrir Norður-Múlasýslu rannsakað og ekkert að fundið. Nefndin taldi því þessa fjóra þingmenn rjett og löglega kosna og þótti ekki mega að finna, var því ákveðið, að þeir skyldu mega vinna eið sinn. Þá skiptust deildirnar enn á ný, og settu forsetar dagskrár til fundar á morgun, eptir að landshöfðingi hafði skýrt hvorri deild frá, hver mál þeim væri ætluð til meðferðar hvorri um sig.

Eptir að alþingi var sett og hið sameinaða alþingi hafði fullnægt fyrirmælum þingskapanna, kom efri deild þingsins saman í herbergi því, er henni er ætlað, og tók til starfa.

Í deildinni áttu sæti þeir 6 þjóðkjörnu þingmenn, sem kjörnir voru í hana á alþingi 1875 og hinir sömu konungkjörnu, sem þá, nema hinn 1. konungkjörni þingmaður, justizíaríus Th. Jónassen, sem hafði fengið lausn og hinn 6. konungkjörni þingmaður, Ólafur prófastur Pálsson, sem er dáinn; en í þeirra stað voru komnir yfirdómari Magnús Stephensen, sem 5. konungkjörni þingmaður, og Árni Thorsteinson, landfógeti, sem hinn 6.

Eptir þessu höfðu sæti í deildinni þetta ár:

A. konungkjörnir:

1. Pjetur Pjetursson, biskup yfir Íslandi.
2. Bergur Thorberg, amtmaður yfir suður- og vesturömtunum.
3. Jón Pjetursson, 1. yfirdómari;
4. Jón Hjaltalín, landlæknir Íslands.
5. Magnús Stephensen, 2. yfirdómari.
6. Árni Thorsteinson, landfógeti.

B. þjóðkjörnir:

1. Eiríkur Kúld, prófastur, þingmaður Barðstrendinga.

2. Ásgeir Einarsson, 1. þingmaður Húnvetninga.
3. Benidikt Kristjánsson, prófastur, 1. þingmaður Þingeyinga.
4. Torfi Einarsson, þingmaður Strandasýslu.
5. Sighvatur Árnason, 1. þingmaður Rangæinga.
6. Stefán Eiríksson, 2. þingmaður Skaptfellinga.

Hinn elzti þingmaður deildarinnar, landlæknir Jón Hjaltalín, gekk þá til forsetasætis og skoraði á þingmenn deildarinnar, að kjósa forseta, og var þá Pjetur biskup Pjetursson kosinn til forseta með 10 atkvæðum, en Bergur amtmaður Thorberg fjekk 1 atkvæði.

Að því búnu gekk hinn nýkjörni forseti til sætis og gekkst fyrir kosningu hinna annara embættismanna deildarinnar, og hlaut Eiríkur prófastur Kúld kosningu til varaforseta með 8 atkvæðum, en til skrifara voru kosnir: yfirdómari Magnús Stephensen með 10 atkv. og Benidikt prófastur Kristjánsson með 9 atkvæðum.

Forseti las þá upp brjef landshöfðingja til hans, dagsett samdægurs, þar sem þess er getið, að landshöfðinginn ætli að leggja fyrir deildina lagafrumvörp þau, er nú greinir:

1. Frumv. til laga um skipti á dánarbúum og fjelagsbúum.
2. — — laga um kosningar til alþingis.
3. — — laga um endurskoðun jarðabókarinnar frá 1861.
4. — — laga um breytingu á þeirri tilhögun, sem hingað til hefur verið á birtingu laga og tilskipana á Íslandi.
5. — — laga um breytingar og viðauka við tilskipanir 5. janúar 1886 og 4. marz 1871 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.
6. — — laga um bæjargjöld í Reykjavíkurkaupstað.
7. — — laga um leysing á sóknarbandi.
8. — — laga um stofnun borgaralegs hjónabands og uppfræðslu barna í trúarefnum, þegar eigi hvorttveggja foreldra hafa þjóðkirkju-trú.
9. — — laga, er nema úr lögum, að skírn sje nauðsynleg sem skilyrði fyrir erfðarjetti.
10. — — laga um skipun dýralækna á Íslandi,

og voru frumvörp þessi lögð fyrir deildina á 2. fundi hennar, 3. dag júlímánaðar.

Innanþingsskrifarar í efri deild alþingis voru: kand. theol. Jóhann Þorkelsson, og stúdent Einar Jónsson.

Eptir að hið sameinaða alþingi hafði lokið störfum þeim, sem þingsköpin leggja fyrir það, settist neðri deild alþingis að í hinum venjulega alþingissal.

Í þingdeildinni höfðu þessir þingmenn sæti:

1. Jón Sigurðsson, 1. þingmaður Ísfirðinga.
2. Halldór Kr. Friðriksson, þingmaður Reykvíkinga.
3. Ísleifur Gíslason, 2. þingmaður Rangæinga.
4. Arnljótur Ólafsson, 1. þingmaður Norður-Múlasýslu.
5. Benidikt Sveinsson, 1. þingm. Árnesinga.
6. Eggert Gunnarsson, 2. þingmaður Norður-Múlasýslu.
7. Einar Ásmundsson, 1. þingmaður Eyfirðinga.
8. Einar Gíslason, 2. þingmaður Suður-Múlasýslu.
9. Einar Guðmundsson, 2. þingmaður Skagfirðinga.
10. Grímur Thomsen, 1. þingmaður Gullbringusýslu.
11. Guðmundur Einarsson, þingmaður Dalamanna.
12. Guðmundur Ólafsson, þingmaður Borgfirðinga.
13. Hjálmur Pjetursson, þingmaður Mýramanna.
14. Jón Blöndal, 1. þingmaður Skagfirðinga.
15. Jón Sigurðsson, 2. þingmaður Þingeyinga.

16. Páll Pálsson, 1. þingmaður Skaptfellinga.
17. Páll Pálsson, 2. þingmaður Húnvetninga.
18. Snorri Pálsson, 2. þingmaður Eyfirðinga.
19. Stefán Stephensen, 2. þingmaður Ísfirðinga.
20. Tryggvi Gunnarsson, 1. þingmaður Suður-Múlasýslu.
21. Þórarinn Böðvarsson, 2. þingmaður Gullbringusýslu.
22. Þórður Þórðarson, þingmaður Snæfellinga.
23. Þorlákur Guðmundsson, 2. þingmaður Árnesinga.
24. Þorsteinn Jónsson, þingmaður Vestmannaeyinga.

Hinn elzti þingmaður deildarinnar, Jón Sigurðsson riddari, 1. þingmaður Ísfirðinga, gekkst þá fyrir kosningu forseta deildarinnar, samkvæmt þingskapanna 4. gr.; kvaddi hann sjer til aðstoðarskrifara yfirkennara Halldór Kr. Friðriksson, þingmann Reykvíkinga, og sjera Ísleif Gíslason, 2. þingmann Rangæinga.

Til forseta var kosinn Jón riddari Sigurðsson, þingmaður Ísfirðinga, í einu hljóði með 22 atkvæðum. Því næst var varaforseti kosinn, og varð Jón Sigurðsson, 2. þingmaður Þingeyinga, fyrir þeirri kosningu með 17 atkvæðum af þeim 22, sem greidd voru. Því næst voru kosnir skrifarar þingdeildarinnar, og hlutu kosningu yfirkennari Halldór Kr. Friðriksson með 19 atkvæðum og Ísleifur prestur Gíslason með 17 atkvæðum.

Þá var frestað fundi, meðan hið sameinaða alþingi kaus nefnd þá, er rannsaka skyldi kjörbrjef hinna fjögra nýju þingmanna, og kjörbrjefin voru rannsökuð. Að því búnu lagði forseti fram og las upp brjef frá landshöfðingjanum á Íslandi, dagsett samdægurs, þar sem tilgreind voru 10 konungleg frumvörp, er landshöfðingi kvaðst mundu leggja fyrir neðri deild alþingis. Forseti skýrði þá frá, að frumvörp þessi mundu verða lögð fyrir þingdeildina og útbýtt meðal þingmanna á næsta fundi.

Á 2. fundi í neðri þingdeildinni, 3. dag júlímánaðar kl. 12, skýrði forseti frá, að eptir samkomulagi við embættismenn þingsins væri skrifstofustjóri fyrir báðar þingdeildirnar tekinn kand. juris Kristján Jónsson, en innanþingsskrifarar væru kand. theol. Sigurður Jensson og stud. theol. Grímur Jónsson.

Því næst lagði landshöfðingi fram þessi frumvörp:

1. Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879.
2. — — fjáraukalaga fyrir árin 1876 og 1877.
3. — — laga á breytingu á tilskipun fyrir Ísland um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 26. febr. 1872, 2. gr., að því leyti sem snertir borgun gjaldsins af þeim vörum, sem flytjast til landsins með gufuskipum, og jafnframt lög til bráðabyrgða um sama efni.
4. — — laga um skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafje.
5. — — laga um tekjuskatt.
6. — — laga um húsaskatt.
7. — — laga um lögsókn og hegningu fyrir rangt tíundarframtal.
8. — — laga um breyting á fátækratíundargjaldi.
9. — — laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta.

A.

Konungleg frumvörp.

I.

Frumvarp.

til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879.

1. kapítuli.

Tekjur.

1. grein.

Á árunum 1878 og 1879 telst svo til, að tekjur Íslands verði 628,663 kr. 5 a., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er í 2.—6. gr.

2. grein.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnartaldar 336,266 kr. 6 a.:

		1878.	1879.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. Tekjur af ljenssýslum		5,320.	5,320.	10,640.
2. lögþingisskrifaralaun		64. 3	64. 3	128. 6
3. tekjur af umboðssýslugjöldum		1,830.	1,830.	3,660.
4. konungstíundir		7,646.	7,646.	15,292.
5. lögmannstollur, o. fl.		954.	954.	1,908.
6. nafnbótaskattur		200.	200.	400.
7. erfðafjárskattur		1,210.	1,210.	2,420.
8. gjöld af fasteignarsölum		375.	375.	750.
9. gjöld fyrir leyfisbrjef		600.	600.	1,200.
10. spítalagjald		6,000.	6,000.	12,000.
11. gjöld af verzlun á Íslandi	30,000 kr.			
— af póstgufuskipunum	5,834 —	35,834.	35,834.	71,668.
12. aðflutningsgjald:				
a. af áfengum drykkjum	90,000 kr.			
b. af tóbaki	10,000 —			
	100,000 kr.			
að frá dregnum 2% í innheimtulaun		98,000.	98,000.	196,000.
13. tekjur af póstferðunum		9,500.	9,500.	19,000.
14. óvissar tekjur		600.	600.	1,200.
	samtals	168,133. 3	168,133. 3	336,266. 6

3. grein.

Tekjur af fasteignum landssjóðsins og fl. eru taldar 63,646 kr.:

	1878.	1879.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjöld af umboðs- og klausturjörðunum, fyrir hvort árið . . . . . 38,525 kr.			
að frá dregnum: umboðslaunum, prestsmötu, o. fl. . . 10,180 —	28,345.	28,345.	56,690.
2. afgjöld af þeim jörðum, sem læknasjóðurinn fyrrum átti, af jörðunum Belgsholti og Belgsholtskoti, o. fl.	1,184.	1,184.	2,368.
3. leigugjöld:			
a. af Lundey . . . . . 134 kr.			
b. af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu . . . . . 1,800 —	1,934.	1,934.	3,868.
4. tekjur af kirkjum nokkrum, sem eru þjóðeign .	360.	360.	720.
samtals	31,823.	31,823.	63,646.

4. grein.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru ætlaðar að nemi 38,856 kr. 99 a.:

	1878.	1879.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. Leigur af innskriptarskírteini, sem viðlagasjóðurinn á, af konungl. skuldabrjefum og fl.	10,216.	10,816.	21,032.
2. leigur af lánum og skyndilánum	8,358. 89	8,050. 90	16,409. 79
upp í lán þessi verður borgað:			
á árinu 1878 . . . 7,700 kr. 37 aur.			
á — 1879 . . . 5,581 — 23 —			
13,281 kr. 60 aur.			
3. leigur af andvirði seldra jarða	727. 60	687. 60	1,415. 20
borgað upp í andvirði þetta: 2,000 kr.			
4. Tekjurnar af hinum íslenzka styrktarsjóði eru ætlaðar að nemi hjer um bil 1,766 kr. árlega, og verður þeim varið til þess að auka innstæðufje sjóðsins.			
samtals	19,302. 49	19,554. 50	38,856. 99

5. grein.

Endurgjald lána og skyndiláns verður talið 1,562 kr.:

	1878.	1878.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Gjald upp í lán sökum fjárkláðans á Íslandi .	250.	»	250.
2. Gjald upp í lán til að byggja upp aptur kirkju Möðruvalla-klausturs	440.	440.	880.
3. Gjald upp í lán til þess að byggja kirkju á Eyri	216.	216.	432.
samtals	906.	656.	1,562.

6. grein.

Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 188,332 kr.:

		1878.	1879.	alls.
		kr.	kr.	kr.
Fast árlegt tillag	60,000 kr.			
aukatillag á ári	40,000 —			
	100,000 —			
að frá dregnum (sbr. 2. 11)	5,834 —			
		94,166.	94,166.	188,332.
samtals		94,166.	94,166.	188,332.

2. kapítuli.

Útgjöld.

7. grein.

Á árunum 1878 og 1879 veitast til útgjalda 628,663 kr. 5 a., samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. grein.

Útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin 26,800 kr., sem sje fyrir 1878 12,400 kr. og fyrir 1879 14,400 kr.

9. grein.

Til kostnaðar við alþingi á árinu 1879 veitast 32,000 kr.

10. grein.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina og fl. veitast 200,081 kr. 8 a. fyrir árin 1878 og 1879:

	1878.	1879.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:			
1. laun embættismanna	18,900.	18,900.	
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað og fl. . .	4,000.	4,000.	
3. þóknun fyrir endurskoðun íslenzkra reikninga	2,000.	2,000.	
	24,900.	24,900.	49,800.
B. Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun embættismanna	17,208.	17,208.	
2. til hegningarhússins í Reykjavík	2,960.	2,960.	
3. önnur útgjöld	1,720.	1,720.	
	21,888.	21,888.	43,776.
C. Ýmisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi	1,434.	1,434.	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir það, að þeir verða að borga undir embættisbrjef, hjer um bil	2,000.	2,000.	
3. til þess að gefa út lagasafn fyrir Ísland . .	1,866. 66	1,866. 66	
4. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar	286. 88	286. 88	
5. styrkur til jarðaræktar	2,400.	2,400.	
6. til vegabóta	15,000.	15,000.	
7. til gufuskipsferða	15,000.	15,000.	
8. til höfuðaðgjörðar á dómkirkjunni í Reykjavík	. . .	. . .	26,530.
9. út af endurskoðun jarðabókarinnar frá 1861 .	. . .	. . .	4,000.
	37,987. 54	37,987. 54	75,975. 8
samtals	. . .	. . .	200,081. 8

11. grein.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 80,148 kr.:

	1878.	1879.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun lækna	37,726.	37,726.	75,452.
2. önnur útgjöld	2,348.	2,348.	4,696.
samtals	40,074.	40,074.	80,148.

2

12. grein.

Útgjöldin við póststjórnina er ætlazt á að verði 29,020 kr.:

	1878.	1879.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun	4,110.	4,110.	8,220.
2. flutningur pósta	8,600.	8,600.	17,200.
3. önnur útgjöld	1,600.	1,600.	3,200.
4. útgjöld, sem upp á kunna að koma	200.	200.	400.
samtals	14,510.	14,510.	29,020.

13. grein.

Til kirkju- og kennslumálefna veitast 134,280 kr.:

		1878.	1879	alls.
		kr.	kr.	kr.
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar:				
a. laun		8,032.	8,032.	
b. önnur útgjöld:				
1. til fátækustu brauða	3,000 kr.			
2. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	600 —			
3. til prestsekkna og barna og styrkur handa fátækum uppgjafa-prestum og prestsekkjum	2,000 —			
4. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000 —	6,600.	6,600.	
		14,632.	14,632.	29,264.
B. Kennslumálefni:				
I. til prestaskólans:				
a. laun		10,700.	10,700.	
b. önnur útgjöld:				
1. húsaleiga handa 15 lærisveinum við prestaskólann, 80 kr. handa hverjum,	1,200 kr.			
2. tvær ölmusur uppá 200 kr.	400 —			
yfir um	1,600 kr.	10,700.	10,700.	29,264.

		1878.	1879	alls.
		kr.	kr.	kr.
handanað	1,600 kr.	10,700.	10,700.	29,264.
3. til tímakennslu	200 —			
4. til bókakaupa	300 —			
5. til eldiviðar og ljósa o. fl. .	160 —			
6. til umsjónar	100 —			
7. ýmisleg útgjöld	120 —	2,480.	2,480.	
		13,180.	13,180.	26,360.
II. til læknaskólans:				
a. laun		2,600.	2,600.	
b. önnur útgjöld:				
1. 3 ölmusur uppá 200 kr. . . .	600 kr.			
2. til eldiviðar, ljósa og áhalda og fl.	200 —			
3. til bókakaupa og verkfæra . .	300 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum	300 —	1,400.	1,400.	
		4,000.	4,000.	8,000.
III. til hins lærða skóla:				
a. laun		16,200.	16,200.	
b. 1. til umsjónar	1,000 kr.			
2. aðstoðarfje:				
handa söngkennaranum	860 kr.			
— fimleikakennaranum	700 —			
handa dyraverði . . .	660 —	2,220 —	3,220.	3,220.
c. önnur útgjöld:				
1. til bókakaupa	600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa . . .	1,500 —			
3. til skólahússins utanstokks og innan	1,600 —			
4. til tímakennslu	1,060 —			
5. ölmusur	8,000 —			
6. fyrir prestsverk	48 —			
7. þóknun handa lækni . . .	100 —			
8. ýmisleg útgjöld	1,700 —	14,608.	14,608.	
		34,028.	34,028.	68,056.
	yfir um	. . . . .	. . . . .	131,680

		1878	1879	alls.
		kr.	kr.	kr.
	handanað	. . . . .	. . . . .	131,680.
C. 1. til stiptsbókasafnsins	400 kr.			
2. til amtsbókasafnsins á Akureyri . .	200 —			
3. til kvennaskólans í Reykjavík . . .	200 —			
4. til forngripasafnsins:				
a, til þess að kaupa forngripi 400 kr.				
b, til umsjónar . . . . . 100 —	500 —	1,300.	1,300.	2,600.
	samtals	. . . . .	. . . . .	134,280.

14. grein.

Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitist 34,000 kr.

15. grein.

Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og til óvissra útgjalda, sem upp á kunna að koma, veitast 20,000 kr.

16. grein.

Afganginn, sem fyrst um sinn er ætlaður að verði 72,333 kr. 97 a., skal leggja til viðlagasjóðsins.

Athugasemdir

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1878—1879.

Tekjur.

Um 2. gr.

1. Eins og getið er í athugasemdunum við fjárlagafrumvarpið fyrir árin 1876 og 1877, er gjald þetta ákveðið með allrahæstum úrskurðum 26. septbr. 1838 og 1. maí 1851, fjárlögunum fyrir fjárhagsárið 1852—53, allrahæstum úrskurði 4. marz og 11. október 1871, og greiðist gjaldið eptir hverja sýslu um sig á þessa leið:

eptir Húnavatns sýslu	600 kr.
— Rangárvalla —	600 —
— Árnes —	600 —
— Norður-Múla —	560 —
— Skaptafells —	500 —
— Þingeyjar —	500 —
— Mýra og Borgarfjarðar sýslur . .	500 —
— Suður-Múlasýslu	400 —
— Eyjafjarðar —	400 —
— Skagafjarðar —	200 —
yfir um	4860 —

	handanað	4860 kr.
eptir Dala	sýsla	160 —
— Ísafjarðar	—	120 —
— Snæfellsnes og Hnappadals	sýslur .	80 —
— Barðastrandar	sýslu	40 —
— Kjósar	—	40 —
— Stranda	—	20 —
		5,320 kr.

2. Þetta gjald rennur í landssjóðinn samkvæmt konungsúrskurði 28. apríl 1638, sbr. tilsk. 11. júlí 1800, 5. gr., og er 3 kr. 37 aur. af hverri sýslu, þannig að gjaldið af Mýra og Borgarfjarðar sýslum, Austur- og Vestur-Skaptafells sýslu og Snæfellsness og Hnappadals sýslum, sem eigi áður voru sameinaðar, er 6 kr. 74 aur. af hverri.

3. Jafnframt og vísað er til athugasemdanna við fyrnefnt fjárlagafrumvarp, skal þess getið, að gjöldin eru talin samkvæmt allrahæstum úrskurði 6. novbr. 1874, og að öðru leyti eptir því, sem þau hafa verið að meðaltali um hin 5 reikningsár frá 1871—72 til 1875:

af Gullbringu sýslu hjer um bil .	1,638 kr.
-Reykjavíkur kaupstað —— .	190 —
-Vestmannaeyja sýslu —— .	2 —
samtals hjer um bil	1,830 kr.

4. Tekjurnar af konungstíundinni eru taldar eptir meðaltali um fyrnefnd reikningsár, og eptir því hefur af eptirfylgjandi sýslum verið goldin konungstíund hjer um bil á þessa leið:

af Skaptafells sýslu	490 kr.
- Rangárvalla —	971 —
- Árnes —	704 —
- Ísafjarðar —	595 —
- Norður-Múla —	784 —
- Suður-Múla —	608 —
- Húnavatns —	1,030 —
- Þingeyjar —	834 —
- Skagafjarðar —	774 —
- Eyjafjarðar —	856 —
	7,646 kr.

Að öðru leyti skal vísað til athugasemdanna við fyrnefnt fjárlagafrumvarp.

5. Lögmannstollurinn er talinn 682 kr. eptir meðaltali fyrir hin 5 síðustu reikningsár, og lögrjettumannatollurinn nemur sömu upphæð og í fjárlögunum fyrir 1876 og 1877, sumsje 272 kr., sbr. til frekari skýringar frumvarpið til tjeðra fjárlaga.

6. Nafnbótaskatturinn er talinn eins og í fjárlögunum fyrir 1876 og 1877.

7. og 8. Þessi gjöld eru talin eptir því, sem þau hafa verið að meðaltali eptir hinum 5 síðustu reikningum, sem fyrir liggja.

9. Með því gjöld fyrir veitingarbrjef eru fallin burtu samkvæmt lögum um laun íslenzkra embættismanna og fl. 15. oktbr. 1875, 5. gr., er þessi tekjugrein látin vera nokkuð minni en á hinum fyrri fjárhagsárum.

10. Með því læknasjóðurinn, eptir að lög um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi og fleira, 15. oktbr. 1875, hafa öðlazt gildi, samkvæmt fjárlögunum fyrir 1876 og 1877 4. gr. 4. eigi framar verður skoðaður sem sjerstakur sjóður útaf fyrir sig, og farið

verður með tekjur hans og útgjöld þau, sem á honum hvíla, eins og með aðrar tekjur og útgjöld landssjóðsins — en fyrir þá sök er svo ákveðið með úrskurði stjórnarráðsins 26. maí 1876, að hin sjerstaklega stjórn stiptsyfirvaldanna á sjóði þessum skuli falla burtu — hefur það þótt rjettast, að setja hjer gjaldið samkvæmt tilsk. handa Íslandi um spítalagjald af sjávarafla 12. febrúar 1872, en telja tekjurnar af þeim jörðum, sem sjóðurinn á, í 3. grein fjárlaganna, og innstæðufje hans og skuldakröfur í 4. gr. 1. og 2. Samkvæmt skýrslu landshöfðingja hefur spítalagjaldið hlaupið 4,064 kr. 41 eyr. á tímanum frá 12. maí til 31. desember 1872, á árinu 1873 6,141 kr. 72 aur., 1874 6,195 kr. 75 aur,. og virðist mega telja það 6,000 kr. á ári á fjárhagstímabilinu 1878—1879.

11. Jafnframt og vísað er til athugasemdanna við 2. gr. 10 í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1876 og 1877, skal því við bætt, að gjöldin af verzlun á Íslandi eru talin samkvæmt því, sem þau hafa verið að meðaltali á 5 árum 1870-71—1872-73, 1874 og 1875. Gjaldið af póstgufuskipunum er talið 5,834 kr., með því þau tvö skip, sem höfð eru til póstferðanna, taka $220^{82}/_{100}$ tons og $322^{43}/_{100}$ tons, og er ætlazt til, að annað fari 3 ferðir og hitt 7 ferðir.

12. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum og öli samkvæmt lögum 11. febr. 1876 um breyting á tilskipun um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 26. dag febrúarm. 1872, og af tóbaki samkvæmt lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald af tóbaki, má að áliti landshöfðingja telja að verði hvort um sig 90,000 kr., og 10,000kr., samtals 100,000 kr. á ári; frá þessu ganga 2 af hundraði í innheimtulaun eða 2,000 kr., og verða þá eptir 98,000 kr. Þessi upphæð er samt sett alveg eptir ágizkan, með því engin reynsla er til fyrir því, hver áhrif lög þessi kunni að hafa á gjaldið.

13. Með því að burðargjald undir póstsendingar er hækkað með lögum 15. oktbr. 1875 um breyting á tilskipun um póstmál á Íslandi 26. febrúar 1872, hefur landshöfðinginn álitið, að telja mætti tekjurnar af póstferðunum 9,500 kr. á ári.

14. Óvissar tekjur eru taldar 400 kr. minni en í fjárlögunum fyrir 1876 og 1877, og kemur það til af því, að tekjur nokkrar, sem áður hafa verið settar hjer, sumsje afgjald af jörðinni Efriströnd í Rangárvallasýslu, 14 kr. á ári, afgjald af parti, sem seldur er af embættisjörð landshöfðingjans, 4 kr. árlega, og tekjur af kirkjum nokkrum, sem hið opinbera á, hjer um bil 360 kr. á ári, eru til færðar í 3. gr. fjárlaganna, með því tekjur þessar eigi verða álitnar óvissar.

Um 3. gr.

1. Eptir meðaltali um reikningsárin 1871—72 til 1875 hafa tekjurnar af umboðs- og klausturjörðum landssjóðsins verið í allt hjer um bil . . . . . 38,550 kr.

Eins og nákvæmar er getið í athugasemdunum við fjárlagafrumvarpið fyrir 1876 og 1877, ganga frá:

1) laun umboðsmanna	hjer um bil	6,280 kr.	
2) prestsmötur	— — —	2,230 —	
3) alþingistollur og önnur útgjöld . . .	— — —	2,670 —	11,180 —
		að frá dregnum útgjöldum . . .	27,370 kr.

Upphæð þessi kemur niður á umboðin hjer um bil á þessa leið:

á Gullbringu- og Kjósarsýslu jarðir	960 kr.
- Kirkjubæjar klaustur og Flögu jarðir	2,084 —
- Þykkvabæjar klaustur	1,645 —
- Vestmannaeyja jarðir	2,230 —
yfir um	6,919 —

handanað	6,919 kr.
- Arnarstapa umboð	3,880 —
- Skógarstrandar umboð	360 —
- Strandasýslu jarðir	335 —
- Barðastrandar- og Álptafjarðar jarðir	168 —
- Þingeyra klaustur	3,310 —
- Reynistaðar klaustur	2,320 —
- Möðruvalla klaustur	3,075 —
- Munkaþverár klaustur vestari hlutann	1,650 —
- — — nyrðri hlutann	1,370 —
- Skriðu klaustur	1,525 —
- Eyjafjarðarsýslu jarðir	823 —
- Norðursýslu jarðir	320 —
- Reykjadals og Flateyjar jarðir	735 —
- Suður-Múlasýslu jarðir	280 —
- Bjarnanes umboð	235 —
- jörðina Feigsdal	65 —
	27,370 kr.

Í frumvarpi þessu eru samt tekjurnar í þessari grein á annan bóginn færðar upp um 1,000 kr. fyrir hvert af árunum 1878 og 1879, með því alþingistollurinn er fallinn burt samkvæmt lögum 11. febrúar 1876, og á hinn bóginn færður niður hjer um bil um 25 kr., af því að tekjurnar af Vestmannaeyja jörðum eru taldar þeim mun minni en tilfært er að framan um jarðir þessar. Samkvæmt bænarskrá frá hreppsnefndinni á Vestmannaeyjum, sem amtmaðurinn yfir suðuramtinu hefur mælt fram með, hefur landshöfðinginn stungið upp á, að tjeður hreppur megi vera undanþeginn því að borga landsskuld af tómthúsinu Hólahúsum, sem hreppurinn notar sem fátækrahús handa 10—14 sveitarómögum, á meðan tómthúsið er haft til þessa. Í þessu tilliti eru þær ástæður til færðar, að hreppurinn ætli að byggja upp tómthúsið, sem er fremur ónýtt, ef landsskuldin verði gefin upp, að sjerhver ívilnun komi sjer vel, þar sem sveitarþyngslin sjeu svo mikil vegna aflaleysis um mörg ár, og að það sje sanngjarnt, að landssjóðurinn greiði þetta litla tillag til sveitarþarfa, þar sem hann eigi allar jarðir á Vestmannaeyjum.

Um landsskuldargjöldin af jarðagózi landssjóðsins í Vesturamtinu skal þess að öðru leyti getið, að frá árinu 1842 hefur leiguliðum sökum mjög mikillar fátæktar ábúandanna á tjeðu jarðagózi með konungsúrskurðum frá ýmsum tímum verið veitt sú linun í landsskuldargjaldi þeirra, að einungis $^1/_6$ partur gjaldsins greiðist eptir meðalverði verðlagsskrárinnar, en hinir $^5/_6$ partarnir eptir fornu verðlagi, sumsje af Arnarstapa umboði vættin uppá 3 kr. 18 aur., og af Skógarstrandar umboði, Strandasýslu jörðum og Barðastrandar- og Álptafjarðar jörðum vættin uppá 1 kr. 87 aura. Í síðasta skipti er þessi linun veitt landsetum með allrahæstum úrskurði 6. ágúst 1875 um 4 ár frá fardögum 1873, en þó er hlutaðeigandi umboðsmönnum skipað að hækka landsskuldina, þegar jarðir verða lausar, eptir nákvæmari ákvörðun amtmanns í hvert skipti, ef ásigkomulag jarðarinnar og aðrar kringumstæður leyfa. Linun sú, sem veitt er með úrskurði 6. ágúst 1875, er á enda frá fardögum 1877, og með því eigi er komin nein bænarskrá um lenging á þessari linun, verður eigi nú sem stendur sagt, hvort gjöldin af tjeðu gózi á fjárhagstímabilinu 1878 og 1879 verði greidd eins og sagt var eða á venjulegan hátt.

Um Skriðuklaustur og Suður-Múlasýslu jarðir skal þess getið, að eptir skoðunargjörð, sem fram fór veturinn 1875—76, til þess að meta skaða þann, sem tjeðar þjóð-

jarðir höfðu orðið fyrir af öskufallinu 1875, eru 3 jarðir, sem goldið hefur verið eptir 175 álnir á ári, lagðar í eyði, og er því óvíst, hvort þær verði byggðar á ný á fjárhagstímabilinu 1878—1879 eða með hverjum leigumála.

2.

a. Afgjaldið af jörðum þeim, sem lagðar eru frá læknasjóðnum til landssjóðsins, sbr. athugasemdina að framan við 2. gr. 10, og sem eru Hallbjarnareyri, Hörgsland, Kaldaðarnes og Móðrufell, er samkvæmt skýrslu landshöfðingja talið á ári 1,000 kr.

b. Afgjaldið af jörðunum Belgsholti og Belgsholtskoti, sbr. athugasemdirnar við frumvarp til fjárlaga fyrir 1876 og 1877 telst . . . . . 160 —

c. Enn fremur er talið í þessari grein:
Afgjaldið af parti af embættisjörð landshöfðingja, sem seldur var samkvæmt úrskurði innanríkisstjórnarinnar 29. septbr. 1849, sbr. athugasemdina að framan við 2. gr. 14. . . . . 4 kr.
Afgjald af tveimur pörtum af tjeðri jörð, sem seldir voru samkvæmt úrskurði dómsmálastjórnarinnar 15. apríl 1872 . . . 12 —
Afgjald af parti af sömu jörð, sem seldur er á leigu um 50 ár samkvæmt úrskurði stjórnarráðsins fyrir Ísland, 19. apríl 1876, 8 —
24 —

1,184 kr.

3. Jafnframt og vísað er til athugasemdanna við frumvarp til fjárlaga fyrir 1876 og 1877, skal því við bætt, að hið sama afgjald er talið af Lundey og í nefndum fjárlögum, en leigumálinn, sem nú er, er á enda í fardögum 1878, og er því upphæð afgjaldsins á árinu 1879 enn þá óákveðin; leigugjaldið af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu er 100 £ á ári, 1 £ á 18 kr., og er talið frá 6. leiguári, en síðari helmingur gjaldsins fyrir það ár kemur í gjalddaga 1878.

4. Eins og drepið er á að framan í athugasemdinni við 2. gr. 14, hafa tekjurnar af þeim kirkjum, sem hjer skulu taldar og eru eign landssjóðsins, áður verið taldar með óvissum tekjum, en það þykir betur eiga við, að setja þær í þessa grein. Þessar kirkjur eru: dómkirkjan í Reykjavík, kirkjurnar á Prestbakka, Þykkvabæ, Langholti, Bjarnanesi, Ingjaldshóli og á Vestmannaeyjum, og tekjurnar af þeim, sem voru 357 kr. 69 aur. á árinu 1875, eru hjer taldar 360 kr., eptir tugatölu.

Um 4. grein.

Um leið og vísað er til athugasemdanna um 4. gr. í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1876 og 1877 og til athugasemdanna við reikningsyfirlitið yfir tekjur og útgjöld Íslands á árinu 1875, er hjer sett eptirfylgjandi yfirlit yfir tekjur þær, sem ætla má að falli til viðlagasjóðsins á árunum 1878 og 1879.

1. a) Innskriptarskírteini, G. fol. 333, upp á 200,000 kr. Eins og getið í fyrnefndum athugasemdum átti landssjóðurinn 1. janúar 1875 innskriptarskírteini upp á 51,200 kr., en þetta hefur aukizt um 60,800 kr. af því, sem umfram var til í sjóði frá árinu 1874, og um 88,000 kr. af því, sem umfram var árið 1875; innskriptarskírteinið, hljóðar því nú, eins og sagt var, upp á 200,000 kr., og eru goldnir í

	1878.	1879.
vöxtu 4 % á ári	8,000 kr.	8,000 kr.
b) Svo er til ætlazt, að 67,697 kr. 75 aur. verði um fram fyrir árin 1876 og 1877. Sje svo ágizkað, að hjer um bil helmingurinn komi niður á hvort ár, má ætla á, að 15,000 kr.		
yfir um	8,000 kr.	8,000 kr.

handan að	8,000 kr.	8,000 kr.
sjeu til taks á árinu 1878 og verði ávaxtaðar, eins og sagt var, og sömuleiðis jafnmikið á árinu 1879.		
Vextir af því 4 % eru	600 —	1,200 —
c) Konungleg skuldabrjef, sem lögð eru frá læknasjóðnum til landssjóðsins, upp á 40,406 kr. 62 aur., sem gefa í vöxtu hjer um bil	1,616 —	1,616 —
	10,216 kr.	10,816 kr.

2. a) Lán úr viðlagasjóðnum, sem vextir eru goldnir af og borguð verða aptur smásaman, eru veitt þeim, sem hjer skal telja:

	1878.	1879.
1. Reykjavíkur kaupstað, smbr. athugasemdirnar við fjárlagafrumvarpið fyrir 1876 og 1877 um 4. gr. I. 2. a.; af innstæðunni stóð eptir 1. janúar 1877 6,616 kr. 86 aur., og er til ætlazt, að svo mikið verði goldið upp í það fyrir 1. janúar 1878, að eptir standi 6,065 kr. 45 aur.; í vöxtu verður goldið	242 kr. 61 aur.	220 kr. 56 aur.
2. Suðuramtinu, sbr. tjeðar athugasemdir á sama stað; af innstæðunni var eptir 1. jan. 1877 5,233 kr. 76 aur., og er ætlazt til, að svo mikið verði goldið upp í það fyrir 1. jan. 1878, að eptir standi 4,797 kr. 61 aur.; vextir	191 — 90 —	174 — 46 —
Suðuramtinu til fangelsisins á Vestmannaeyjum; innstæðan var 1. janúar 1877 1,047 kr. 51 aur., og er til ætlazt, að goldið verði svo mikið upp í hana fyrir 1. janúar 1878, að eptir standi 972 kr. 69 aur.; vextir eru	38 — 90 —	35 — 92 —
3. Vesturamtinu, smbr. nefndar athugasemdir um 4. gr. I. 2. b.; innstæðan var 1. janúar 1877 18,088 kr., og er svo til ætlazt, að goldið verði svo mikið upp í hana fyrir 1. janúar 1878, að eptir standi 16,796 kr.; vextir eru	671 — 84 —	620 — 16 —
4. Norður- og austurumdæminu; sbr. sama stað; innstæðan 1. janúar 1877 29,745 kr. 34 aur., sem á að borga upp í svo mikið, að hún verði komin ofan í 27,620 kr. 68 aur. 1. janúar 1878; vextir eru	1,104 — 83 —	1,019 — 84 —
5. Akureyrar kaupstað, sbr. sama stað; innstæðan 1. janúar 1877 900 kr., sem á að vera komin ofan í 833 kr. 34 aur. 1. janúar 1878; gefur í vöxtu	33 — 33 —	30 — 66 —

Upp í öll þessi lán er goldinn $^1/_{15}$ árlega af því, sem lánið var upphaflega, eins og hjer segir:

Upp í lánið Nr. 1 . .	551 kr. 41 aur.
— - — Nr. 2 . .	436 — 15 —
— - — — . .	74 — 82 —
— - — Nr. 3 . .	1,292 — » —
— - — Nr. 4 . .	2,124 — 66 —
— - — Nr. 5 . .	66 — 66 —
	4,545 kr. 70 aur.

yfir um	2,283 kr. 41 aur.	2,101 kr. 60 aur.

handan að	2,283 kr. 41 aur.	2,101 kr. 60 aur.
Þessi gjöld eru samt samkvæmt ósk alþingis 1875 eigi talin með tekjum á fjárhagstímabilinu, en verða ávöxtuð á sem hagfelldastan hátt eins og aðrar innstæður viðlagasjóðsins.		
6. Reykjavíkur kaupstað lán, upphaflega 4,000 kr., og 6,000 kr., til aðgjörðar á hinum svo nefnda Austurvelli og til þess að stækka aðalgötu kaupstaðarins; 6 af hundraði eru goldnir á ári sem vextir og upp í sjálfa skuldina, sbr. fyrnefndar athugasemdir um 4. gr. I. 2. c; 3,920 kr. og 5,880 kr. stóðu eptir 1. janúar 1877, og er ætlazt til að borgað verði svo mikið upp í þessar upphæðir, að þær sjeu komnar ofan í 3,836 kr. 80 aur. og 5,755 kr. 20 aur. fyrir 1. janúar 1878; ætla má að vextirnir verði samtals	383 — 68 —	375 — 3 —
7. Mývatnsþinga-prestakalli lán til þess að kaupa ábýlisjörð handa sóknarprestinum; jörðin, sem keypt verður, er sett að veði fyrir láninu og aðrar jarðeignir; lánið er upp á 4,100 kr., og eru goldnir 6 af hundraði sem vextir af láninu og upp í það, þannig að vænta megi, að eptir standi 1. janúar 1878 4,018 kr.; lánið gefur í vöxtu	160 — 72 —	157 — 31 —
Það, sem borgað verður upp í þessi lán, sem farið verður með eins og sagt var að framan, nemur: kr. aur. kr. aur. upp í lánið nr. 6 á ár. 1878 216.32, á árinu 1879 224.97 — — — 7 á — 1878 85.28, á — 1879 88.69 301.60 313.66		
8. Eigandanum að jörðunni Bessastöðum lán til aðgjörðar á Bessastaða-kirkju gegn fyrsta veðrjetti í jörð; lánið er að upphæð 1,000 kr. og goldið árlega upp í innstæðuna 100 kr., þannig að gjöra megi ráð fyrir því, að eptir standi 900 kr. 1. janúar 1878; í vöxtu er goldið	36 — » —	32 — » —
Borgað upp í lánið er, eins og sagt var, 100 kr. á ári.		
9. Agli Egilssyni, lán til þess að byggja kalkofn gegn veði í sjálfu fyrirtækinu eða á annan hátt, að upphæð 400 kr.; upp í það verða borgaðar 100 kr., svo lánið mun vera komið ofan í 300 kr. 1. janúar 1878; lánið gefur í vöxtu	12 — » —	8 — » —
Borgað upp í lánið árlega 100 kr.		
10. Gullbringu- og Kjósarsýslu veitt lán upp á allt að 5,000 kr. til þess að af stýra yfirvofandi hungursneyð í nokkrum hluta sýslunnar; skal helmingurinn af láninu endurgoldinn innan ársloka 1877, og það, sem eptir er, innan ársloka 1878; í vöxtu		
yfir um	2,875 — 81 —	2,673 — 94 —

handan að	2,875 kr. 81 aur.	2,673 kr. 94 aur.
skal gjalda 4 af hundraði á ári. Af þessu láni var um árslok 1876 búið að borga út 4,277 kr. Vextir af 2,138 kr. 50 aur.	85 — 54 —	» — » —
Borgað upp í lánið á árinu 1878 2,138 kr. 50 aur.		
Enn fremur hefur verið veitt hjeraðslækninum í 15. læknahjeraði, F. Zeuten, lán upp á allt að því 1,700 kr.; í vöxtu og upp í lánið skal greiða 4 af hundraði á ári, þannig að 40 kr. verða teknar af launum hans á hverjum mánuði; að veði fyrir láninu er sett íbúðarhús það, sem hann hefur byggt á Eskifirði, sem virt er uppá 4,000 kr., en um útborgun láns þessa er ekki komin endileg skýrsla.		
Eins og getið er í athugasemdunum við fjárlagafrumvarpið fyrir 1876 og 1877 um 4. gr. 4., útgjaldagreinina c, var með allrahæstum úrskurði 26. febrúar 1866 veitt fjelagi því, sem stofnað var til þess að koma upp sjúkrahúsi í Reykjavík, lán upp á 2,000 kr. leigulaust í 5 ár; með allrahæstum úrskurði 8. júlí 1872 var sá tími lengdur um 5 ár frá 11. júní 1872, er fjelagið skyldi vera undanþegið því að borga vöxtu af láninu; undanþágan undan leigugjaldinu væri því á enda 11. júní 1877, en eins og sjúkrahúsinu á Akureyri með fjárhagslögunum fyrir 1876 og 1877, 4. gr. d., var veittur 2,000 kr. styrkur í eitt skipti fyrir öll, hefur landshöfðingja virzt ástæða til að sjúkrahúsinu í Reykjavík yrði veittur hinn sami styrkur, og hefur hann því stungið upp á, að lán það, sem veitt er sjúkrahúsinu í Reykjavík, yrði gefið því upp. Stjórnarráðið hefur haldið að fallast mætti á uppástungu þessa, og er tjeð upphæð því eigi sett í yfirlitið að framan yfir ástand viðlagasjóðsins.		
	2,961 kr. 35 aur.	2,673 kr. 94 aur

	1878.	1879
b) 1. Skuldabrjef einstakra manna, sem frá dómsmálasjóðnum íslenzka, sem var, eru flutt yfir á landssjóðinn, að upphæð 18,050 kr. gefa í vöxtu	722 kr. » a.	722 kr. » a.
2. Skuldabrjef einstakra manna, sem flutt eru frá læknasjóðnum íslenzka yfir á landssjóðinn, voru 1. jan. 1877 að upphæð 110,146 kr. 28 aur., og er gjört ráð fyrir, að eptir standi af upphæð þessari 1. jan. 1878 109.638 kr.		
yfir um	722 kr. » a.	722 kr. » a.

	2,961 kr. 35 aur.	2,673 kr. 94 aur.

3*

handan að 722 kr. » a.	722 kr. » a.	2,961 kr. 35 aur.	2,673 kr. 94 aur.
73 aur., þegar greitt er það, sem um samið er upp í nokkur af skuldabrjefum þessum; þau gefa í vöxtu	4,385 - 54 -	4,364 - 96 -		
Svo er um samið, að greiða skuli upp í eina skuldina, sem 1. jan. 1877 var 7,481 kr. 30 aur., á árinu 1877 507 kr. 55 aur., og				
1878 . 514 kr. 57 aur.				
1879 . 521 — 87 —				
1,036 kr. 44 aur.				
3. Innstæðufje og skuldabrjef þau, sem við sölu stiptprentsmiðjunnar samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875 eru flutt yfir á landssjóðinn, eru að upphæð 3,600 kr., sem gefa í vöxtu . . .	144 - » -	144 - » -		
4. Veðskuldabrjef, að upphæð 3,650 kr., að mestu leyti til fengin fyrir fje, sem borgað var 11. júní 1876 upp í andvirðið fyrir Laugarnes, sbr. 3. a hjer á eptir; veðskuldabrjef þessi gefa í vöxtu	146 - » -	146 - » -		
			5,397 kr. 54 aur.	5,376 kr. 96 aur.
			8,358 kr. 89 aur.	8,050 kr. 90 aur.

3. a) Andvirðis-eptirstöðvar þær, sem jörðin Laugarnes er að veði fyrir, eru komnar ofan í 3,590 kr., með því goldnar voru 1876 upp í skuldina 3,590 kr., sem stjórnarráðið hafði sagt upp sökum þess, að jörðin var gengin af sjer.

	1878.	1879.
Vextirnir af skuldinni hlaupa	143 kr. 60 aur.	143 kr. 60 aur.
b) Andvirðis-eptirstöðvar fyrir laxveiðina í Elliðaánum, að upphæð 1,600 kr., gefa í vöxtu	64 — » —	64 — » —
c) Við sölu stiptsprentsmiðjunnar standa 14,000 kr. eptir af andvirðinu, sem var 21,000 kr., gegn veði í eigninni; í vöxtu skulu goldnir 4 af hundraði og upp í skuldina 1,000 kr. á ári, í fyrsta skipti á árinu 1877; vextirnir eru	520 — » —	480 — » —
Borgað upp í skuldina á fjárhagstímabilinu 2,000 kr.		
	722 kr. 60 aur.	687 kr. 60 aur.

4. Um leið og vísað er til athugasemdanna um 4. gr. 5 í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1876 og 1877, skal því við bætt, að styrktarsjóðurinn nú á 40,600 kr., og er fyrir þessa upphæð fengið innskriptarskírteini, G. fol. 371, sem gefur í vöxtu 4 af hundraði á ári, eða 1,624 kr.

Útistandandi skuldakröfur hjá ýmsum sveitarfjelögum út af lánum, sem veitt hafa verið til að af stýra hungursneyð í hlutaðeigandi sveitum, voru samkvæmt jarðabókarsjóðsreikningnum fyrir 1875:

	Útistandandi. vextir. kr. aur.	skuld. kr. aur.
1. hjá ýmsum hreppum í Snæfellsnessýslu	1,556.28	3,551.69
2. hjá hreppum í Skagafjarðarsýslu	30.14	442.42
upp í þetta goldið við aðalfjehirzluna	460 kr.	
3. hjá hreppum í Eyjafjarðarsýslu	12.31	140.64
upp í þetta goldið	87.60	
eptirstöðvar	65.35	
4. hjá hreppum í Austur-Skaptafellssýslu	3.60	32.37

Sjóðurinn átti þar að auki í jarðabókarsjóðnum samkvæmt tjeðum reikningi í peningum . . . . . 141 kr. 89 aur.
hjá fjehirði stjórnarráðsins var til 1. febr. 1877 . . . . . 142 — 10 —

Stjórnarráðinu hefur borizt bænarskrá frá hreppunum í Snæfellsnes sýslu um uppgjöf á skuldinni, en með því stjórnarráðinu er kunnugt, að bænarskrá sama efnis hafi verið send alþingi 1875, en að þingið hafi eigi fundið ástæðu til að veita hreppunum linun á skuldinni fram yfir það, sem stjórnarráðið hafði stungið upp á í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1876 og 1877, að þeim yrði veitt undanþága undan því, að borga af skuldinni það, er um var samið, hefur stjórnarráðið eigi þózt geta gjört meira en mæla með því, að að hrepparnir sjeu einnig undanþegnir, að borga nokkuð upp í skuldina fyrir árin 1878 og 1879.

Með því gjöra má ráð fyrir, að hin láninu verði borguð áður en yfirstandandi ár er liðið, er svo talið til hjer, að hinar árlegu tekjur af styrktarsjóðnum verði:

Vextir af fyrnefndu innskriptarskírteini	1,624 kr.
— af skuld hreppanna í Snæfellsnessýslu hjer um bil	142 —
hjer um bil	1,766 kr.

Um 5. gr.

Jafnframt og vísað er til athugasemdanna við frumvarp til fjárlaga fyrir 1876 og 1877, skal því við bætt, sem hjer segir:

1. Upphæð sú, sem hjer er til færð, er það, sem eptir stóð af láninu út af fjárkláðanum. Eins og getið er í fyrnefndum athugasemdum, var sú tilhliðrun gjörð með fjárlögunum 1866 og 1867, að fresta mætti þeim tíma, er byrja skyldi að borga upp í lánið, en þetta var því skilyrði bundið, að borga skyldi í vöxtu 4 af hundraði á ári af þeim hluta lánsins, sem eptir stæði 1. janúar 1876. Eins og því greiða skal tjeða vöxtu af því, sem eptir stóð 1. janúar 1876, 2,250 kr., frá nefndum degi þangað til það, sem greiða átti á árunum 1876 og 1877, verður borgað, þannig skal einnig borga vöxtu af gjaldi því upp á 250 kr., sem getið var um að framan, frá þeim degi, er síðast var goldið upp í skuldina, til þess dags, að tjeðar 250 kr. eru goldnar, en upphæð þessara vaxta verður eigi nákvæmar tilgreind,

2. Eptirstöðvarnar af láninu, sem veitt var til þess að byggja upp aptur Möðruvallakirkju, voru 1. janúar 1876 3,609 kr. 91 eyrir. Tekjur kirkjunnar, sem á að verja til þess að borga aptur lánið, eru taldar 440 kr. árlega.

3. Það, sem eptir stóð af láninu til þess að byggja kirkju á Eyri, var 31. marz 1876 2,402 kr. 82 aur. Upp í þetta er ráðgjört að borgað verði, eins og vant er, 216 kr. á ári.

Um 6. grein.

Þessar tekjur eru tilfærðar samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. janúar 1871, 5. gr.; frá þessari upphæð er samkvæmt 6. gr. laganna dregið það, sem goldið er í lestagjald af póstgufuskipunum, sbr. 2. gr. 11.

2. kapítuli.

Útgjöld.

Um 8. grein.

Á þessari útgjaldagrein, sem er samhljóða fjárlögunum fyrir 1876 og 1877, sbr. athugasemdirnar við 8. gr. í frumvarpinu til þeirra, eru taldar eptirfylgjandi upphæðir, sem ákveðnar eru samkvæmt allrahæstum úrskurði 29. júní 1872:

laun landshöfðingja á ári . . .	8,000 kr.
borðfje	2,000 —
endurgjald fyrir skrifstofukostnað	2,400 —
	12,400 —
og handa fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1879	2,000 —

Landshöfðingi hefur híbýli kauplaust og afnot af jörð þeirri, sem er lögð embættinu.

Um 9. grein.

Til kostnaðar við alþingi 1879 er talin hin sama upphæð sem í fjárlögunum fyrir 1876 og 1877, 32,000 kr.

Um 10. grein.

A. 1. Þessi grein liðast í sundur á þessa leið:

	1878.	1879.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Amtmaðurinn yfir suður- og vesturumdæminu, skipaður í þetta embætti 29. júní 1872, þannig að embættisaldur hans sje talinn frá því er hann var skipaður í vesturumdæmið 10. ágúst 1866;			
laun . . . . . 6,000 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann . . . . . 200 —			
6,200 —	6,200	6,200	12,400
Amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu, skipaður í þetta embætti 13. apríl 1871, frá 6. júní s. á.;			
laun	6,000	6,000	12,000
Landfógetinn á Íslandi, skipaður 18. febrúar 1861;			
laun . . . . . 4,000 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann . . . . . 700 —			
4,700 kr.	4,700	4,700	9,400
Skrifarinn við landshöfðingjaembættið, skipaður frá 1. apríl 1873	2,000	2,000	4,000
samtals	18,900	18,900	37,800

Laun þeirra 3 embættismanna, sem fyrst voru nefndir, eru talin samkvæmt lögum um laun íslenzkra embættismanna og fl. 15. oktbr. 1875, 9. og 11. gr.; laun hins síðast nefnda samkvæmt allrahæstum úrskurði 29. júní 1872, og skal í því tilliti vísað til athugasemdanna við frumvarp til fjárlaga fyrir 1876 og 1877 um 10. gr. A. 1. niðurlagið. Með tilliti til viðbótar þeirrar, sem talin er handa amtmanninum yfir suður- og

vesturumdæminu og landfógetanum samkvæmt 7. gr. í tjeðum lögum, 3. staflið, skal þess getið, jafnframt og vísað er til brjefa stjórnarráðsins til landshöfðingjans 8. nóvember 1875 og 28. febrúar 1876, sbr. Stjórnartíðindin B. fyrir 1875, bls. 102, og fyrir 1876, bls. 34, að samkvæmt hinum fyr gildandi launaákvörðunum, sbr. fyrnefndar athugasemdir á sama stað, hefði amtmaðurinn yfir suður- og vesturumdæminu verið búinn að ná 6,200 kr. launum á ári 1. septbr. 1876, og landfógetinn 4,700 kr. launum á ári 1. marz 1876.

A. 2. Í þessari grein er talið:

endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa amtmanninum yfir suður- og vesturumdæminu samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875, 14. gr. . . .	1,400 kr.	árlega.
viðbót handa þeim amtmanni, sem nú er	200 —	—
	1,600 kr.	árlega.
endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875, 14. gr., 1,000 kr.		
viðbót handa þeim amtmanni, sem nú er	200 —	1,200 — —
endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa landfógetanum samkvæmt 14. gr. tjeðra laga	1,000 —	—
þóknun til sama embættismanns fyrir að taka við póstávísana-upphæðum þeim, sem borgaðar eru í jarðabókarsjóð Íslands, og fyrir ábyrgð þá, sem þessu er samfara, ef honum mistelst, sbr. athugasemdir við fjárlagafrumvarpið fyrir 1876 og 1877	200 —	—
	4,000 kr	árlega.

Að því leyti, er snertir viðbót þá við skrifstofukostnaðarendurgjöldin 200 kr. á ári, sem veitt er báðum amtmönnunum, skal þess getið, að með því gjöra má ráð fyrir því, samkvæmt umræðunum á alþingi, eins og drepið er á í fyrnefndu brjefi stjórnarráðsins 28. febrúar 1876, að það eigi hafi verið tilgangur þingsins, að lækkun sú, sem gjörð var í lögunum 15. oktbr. 1875 14. gr. á skrifstofukostnaðarendurgjöldum þeim, sem eptir fyrri ákvörðunum voru veitt amtmönnunum, skyldi gilda um þá amtmenn, sem nú eru, eru hjer þær upphæðir til færðar, sem þurfti til þess að bæta upp skrifstofukostnaðarendurgjald það, sem ákveðið er með lögunum.

A. 3. Með fjárlögunum fyrir 1876 og 1877 eru veittar 400 kr. á ári sem þóknun fyrir endurskoðun jarðabókarsjóðsreikningsins og 1,200 kr. árlega fyrir endurskoðun reikninganna frá hinum einstöku gjaldheimtumönnum. Landshöfðingi hefur samkvæmt bænarskrá frá landfógeta, sem falið er á hendur að endurskoða reikningana frá hinum einstöku gjaldheimtumönnum, stungið upp á, að hækka hina síðar nefndu upphæð um 800 kr., og er í því tilliti tekið fram, að landfógetinn hafi meiri kostnað en 1,200 kr. til launa handa þeim, sem hann hefur orðið að taka til þessa starfa á skrifstofu sína og til aukaskripta, að embættisstörf sjálfs hans hafi aukizt mjög við þetta, og að þóknun sú, sem honum sje veitt, standi engan veginn í rjettu hlutfalli við þóknun þá, sem veitt er fyrir endurskoðun jarðabókarsjóðsreikningsins. Þótt stjórnarráðið áður hafi gjört svo ráð fyrir (sbr. athugasemdirnar við frumvarpið til fjárlaga fyrir 1876 og 1877), að landfógeti mundi geta framkvæmt þessa endurskoðun með aðstoð eins skrifara, er eigi þyrfti að veita mjög mikil laun, hefur það þó eptir því, sem til greint er að framan, haldið, að ástæða kynni að vera til að hækka þóknun þá, sem veitt er landfógeta, uppí 1,600 kr. á ári.

B. 1. Hjer undir kemur:

	1878.	1879.	alls.
Forstjórinn í landsyfirrjettinum, skipaður 31. marz 1856; laun samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875, 10. gr. . . . . 5,800 kr. viðbót fyrir sjálfan hann samkvæmt 7. gr. 3. stafl. í sömu lögum . . . . . 232 — 6,032 kr.	kr. 6,032	kr. 6,032	kr. 12,064
Fyrsti dómandi í sama rjetti, skipaður 16. maí 1850; laun samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875, 10. gr. . . . . 4,000 kr. viðbót fyrir sjálfan hann, samkvæmt 7. gr. 1. stafl. í sömu lögum . . . . . 432 — 4,432 kr.	4,432	4,432	8,864
Annar dómandi í sama rjetti, skipaður 13. apríl 1871; laun samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875, 10. gr. .	4,000	4,000	8,000
bæjarfógetinn í Reykjavík, að auki sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu	600	600	1,200
bæjarfógetinn á Akureyri	400	400	800
bæjarfógetinn á Ísafirði	400	400	800
sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	600	600	1,200
2 lögregluþjónar í Reykjavík, hvor á ári 300 kr. og 72 kr. launaviðbót	744	744	1,488
samtals	17,208	17,208	34,416

Að því leyti, er snertir viðbót þá, sem talin er fyrir hina 2 embættismenn, sem fyrst voru taldir, skal vísað til þess, sem getið er að framan um A. I., og skal því við bætt, að forstjórinn í landsyfirrjettinum hefði verið búinn að ná 6,032 kr. launum alls 1. apríl 1876, en fyrsti dómandi í tjeðum rjetti 4,432 kr. launum 31. desbr. 1875.

Laun bæjarfógetanna, sýslumannsins á Vestmannaeyjum, og lögregluþjónanna í Reykjavík eru samkvæm launum þeim, sem veitt eru með fjárlögunum fyrir 1876 og 1877.

B. 2. Jafnframt og vísað er til athugasemdanna við fjárlagafrumvarpið fyrir 1876 og 1877, er hjer samkvæmt uppástungu landshöfðingja sett eptirfylgjandi árleg áætlun um kostnaðinn við hegningarhúsið í Reykjavík:

a.	laun umsjónarmanns		600 kr.
	þóknun handa dómkirkjuprestinum		100 —
	lækninum		60 —
			760 kr.
b.	hjer við bætist:		
	viðurværi handa 8 föngum, 41 eyrir fyrir hvern fanga á dag, 1,197 kr. 20 aur., sem er talið hjer eptir tugatölu	1,200 kr.	
	3 skamtar af miðdegismat handa umsjónarmanni, hver upp á 18 aur. . . . . hjer um bil	200 —	
	þvottur . . . . . hjer um bil	50 —	
	til eldiviðar og ljósa . . . . . hjer um bil	500 —	
	útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld þess, svo og til þess að kaupa verkefni	450 —	
	yfir um	2,400 kr.	760 kr.

handan að	2,400 kr.	760 kr.
ýmisleg útgjöld	200 —	
		2,600 —
		3,360 —
Arður af verkvinnu er, að frá dregnu því, sem notað er í þarfir hegningarhússins sjálfs, talinn hjer um bil		400 —
útgjöld alls		2,960 kr.

Að öðru leyti skal því við bætt, að hegningarhúsið að eins hefur verið notað svo stuttan tíma, að eigi verður eptir þeirri reynslu, sem menn nú hafa, með fullkominni vissu gjörð áætlun um kostnaðinn, sem til þess þarf. Eptir skýrslu landshöfðingja verður að eins sagt, að notkun hegningarhússins hafi verið komin alveg í gang 1. janúar 1876, og frá þessum tíma til 30. septbr. s. á. hafa verið 9 fangar alls í hegningarhúsinu, og aldrei fleiri en 8 í einu; sá tími, er fangarnir hafa setið í hegningarhúsinu, hefur alls náð yfir 1,620 daga. Í fangelsi því, sem sameinað er við hegningarhúsið, hafa setið fangar 254 daga alls. Af matvælum hefur á tjeðu tímabili verið eytt fyrir 884 kr. 62 aur., og arðurinn af verkvinnunni hefur verið hjer um bil 305 kr., þar með talið það, sem gengið hefur til þarfa hegningarhússins, sem er talið hjer um bil 100 kr.

B. 3. Í þessari grein eru talin þessi útgjöld á ári:

a,	þóknun handa tveimur settum málafærslumönnum við landsyfirrjettinn .	1,000 kr.
b,	þóknun handa fyrsta dómanda í tjeðum rjetti fyrir að leggja út dómsgjörðir	500 —
c,	laun sendiboðans við yfirrjettinn	60 —
d,	til eldiviðar í yfirrjettarstofunum hjer um bil	60 —
e,	til viðurhalds á yfirrjettarstofunum og áhöldum, til þess að halda húsunum hreinum o. fl.	100 —
	Hjer um bil	1,720 —

Að öðru leyti skal vísað til athugasemdanna við fjárlagafrumvarpið fyrir 1876 og 1877.

C. 1. Um leið og vísað er til athugasemdanna um þennan lið í fyrnefndu fjárlagafrumvarpi, að því viðbættu, að áliti landshöfðingja verður deildin B. í Stjórnartíðindunum hjer um bil 5 örkum stærri, en ætlazt var til í nefndum athugasemdum, er gjört ráð fyrir því, að útgjöldin við Stjórnartíðindin á fjárhagstímabilinu 1878 og 1879 verði eins og nú skal skýrt frá:

Þóknun fyrir störfin við útgáfu deildarinnar B, útbýtingu tíðindanna, fjárhald og reikningastörf er talin eins og í fjárlögunum fyrir 1876 og 1877	300 kr.
Til prentunar deildarinnar B, 20 arkir, hver upp á 26 kr.	520 —
— pappírs, 20 arkir, hver upp á 14 kr.	280 —
— kostnaðar við sending með póstum	200 —
Þóknun fyrir að semja skýrslur um landshagi á Íslandi, allt að því	300 —
	1,600 —
Frá þessu gengur það, sem áskrifendur borga, 100 expl., hvert upp á 1 kr. 66 aur.	166 —
Útgjöldin á ári verða þá	1,434 kr.

C. 2. Landshöfðingi hefur stungið upp á, að endurgjald handa embættismönnum fyrir það, að þeir verða að borga undir embættisbrjef, sje hækkað upp í 2,000 kr. á ári. Svo hefur reynzt, að þær 1,200 kr., sem hingað til hafa verið veittar árlega, eigi hafa hrokkið til, þar sem hjer um bil 1,666 kr. hafa komið á þessa útgjaldagrein á árinu 1874 og hjer um bil 1,923 kr. á árinu 1875. Þetta hefur sjer í lagi orsakazt af því, að peningar, sem hafa gengið frá jarðabókarsjóðnum til aðalfjehirzlunnar, hafa á síðustu árum

4

verið látnir fara á milli sem póstsendingar, sem borgað er undir með þjónustufrímerkjum; auk þess sem þetta losar landssjóðinn við ábyrgð, er sá hagur að því, að kostnaðurinn við sendingarnar gengur sem tekjur til póststjórnarinnar. Enn fremar er sú ástæða til þess að hækka þessa útgjaldagrein, að burðargjaldið undir póstsendingar er hækkað með lögum 15. oktbr. 1875.

C. 3. Hjer er talin hin sama upphæð á ári, sem veitt var með fjárlögunum fyrir 1876 og 1877 þó einungis fyrir eitt ár, til þess að gefa út lagasafn fyrir Ísland.

C. 4. Í þessari grein er talin hin sama upphæð, sem veitt er með fjárlögunum fyrir 1876 og 1877, sbr. athugasemdirnar við frumvarpið til tjeðra fjárlaga.

C. 5. Hjer er sömuleiðis til færð hin sama upphæð og á fjárhagstímabilinu 1876 og 1877.

C. 6. Samkvæmt lögum um vegina á Íslandi 15. oktbr. 1875, 3. gr., hefur landshöfðingi stungið upp á, að veita skyldi 15,000 kr. á ári á fjárhagstímabilinu 1878 og 1879 til vegabóta, og skal í því tilliti getið þess, að byrjað verður á aðalaðgjörð á veginum yfir Kaldadal og Grímstunguheiði og henni haldið áfram á árunum 1878 og 1879; en um þann fjallveg eru umferðirnar mestar, og hann þjóðbraut milli Norður- og Suðurlands.

C. 7. Hjer er talin hin sama upphæð og í fjárlögunum 1876 og 1877.

C. 8. Enda þótt alþingi 1875 eigi vildi veita þá upphæð, sem stjórnarráðið hafði stungið upp á til aðalaðgjörðar á dómkirkjunni í Reykjavík, sbr. frumvarp til fjárlaga fyrir 1876 og 1877, 10. gr. C. 7, hefur stjórnarráðið samt álitið sjer skylt, að leggja þetta mál á ný fyrir alþingi, með því ástand kirkjunnar, samkvæmt skýrslu landshöfðingja, er svo, að aðgjörðinni eigi verði frestað. Til þess að útvega lýsingu á ástandi kirkjunnar eins og það nú er og áætlun um kostnaðinn við aðgjörð, sem einungis næði til þess, sem eigi yrði komizt hjá, hefur landshöfðingi látið 3 handiðnamenn í Reykjavík, sem að hans áliti mundu vera færir um, að standa fyrir þessari viðgjörð, skoða kirkjuna. Samkvæmt áætlun þeirri, sem þeir hafa samið, og sem bætt er aptan við þessar athugasemdir sem I. fylgiskjali ásamt með lýsingu þeirra á kirkjunni, mætti gjöra að kirkjunni fyrir 18,651 kr. 13 aur., og álítur landshöfðingi, að verja megi til þessa 651 kr. af sjóði kirkjunnar. Að því leyti, er kirkjumúrana snertir, fer uppástunga þessi fram á, að 18 þuml. af þeim parti múrsins, sem er byggður úr tígulsteini, verði rifinn, og að hlaða skuli aptur upp múrinn að utan úr íslenzku grjóti og kalki og festa þetta við það, sem eptir stendur af múrnum, með járnsínklum; hefur stjórnarráðið síðan leitað álits timburmeistara Klentz's hjer í borginni um þetta mál, er hann hafði samið áætlun þá, er lögð var til grundvallar við fyrnefnda uppástungu stjórnarráðsins. Í áliti hans, fylgiskjali II, er skýrt svo frá, að orsökin til þess, að sá hluti múranna, sem hlaðinn er úr tígulsteini, að miklu leyti sje jetinn sundur, sje sú, að saltvatn hafi komizt að tígulsteinunum, þá er þeim var skipað upp, og að kalkið hafi verið bleytt í sjókynjuðu vatni, en af þessu er múrinn orðinn svo á sig kominn, að hann dregur að sjer allan raka í loptinu, og heldur honum í sjer. Það þykir þess vegna óráðlegt, að hlaða nýju grjóti utan um það, sem eptir er af fyrra múrnum; en þá er uppástungan frá Reykjavík einkum álitin óhafandi fyrir þá sök, að sá hluti múrsins, sem hjer er átt við, er að eins 27 þuml. á þykkt, svo að einungis stæði eptir 9 þumlunga-múr, ef 18 þumlungar væru rifnir, en 9 þumlunga-múrinn, sem þar að auki mundi gliðna, þegar rifið væri af honum eins og sagt er, er eigi nógu sterkur til þess að 18 þumlunga-grjótmúr yrði tengdur við hann með járnsínklum. Klentz er þess vegna fastur á því, að nauðsynlegt sje, eins og hann áður hafði stungið upp á, að rífa allt það niður af tígulsteinsmúrnum, sem skemmt er; svo efast hann og um, að aðgjörð á nokkrum hluta á þakinu muni nægja, með því það hafi áður verið reynt, en komið að litlu haldi.

Að svo vöxnu máli hlýtur stjórnarráðið að álíta það sem frágangssök, að láta aðgjörð á kirkjunni fram fara samkvæmt þeirri uppástungu, sem komin er frá hinum 3 handiðnamönnum, þar sem auðsjáanleg hætta liggur við, að múrinn hrynji á meðan á aðgjörðinni stendur eða seinna meir, og hefur því virzt ástæða til að taka upp aptur hina fyrri uppástungu sína um, að verja megi 26,530 kr. til aðgjörðar á kirkjunni samkvæmt áætlun þeirri, sem er aptan við athugasemdirnar við fjárlagafrumvarpið fyrir 1876 og 1877 fylgiskjal III. ásamt með þar til heyrandi lýsingu. Aptur á móti hefur stjórnarráðið eptir því, sem ástatt er, álitið, að það mundi árangurslaust, að halda fram hinni fyrri uppástungu um fjárveiting til þess að kaupa tvo ofna handa kirkjunni og til aðgjörðar á organinu, sbr. athugasemdirnar við fyrnefnt fjárlagafrumvarp 10. gr. C. 7.

C. 9. Þessi upphæð er talin samkvæmt uppástungu landshöfðingja, sem byggð er á, að jarðabókin frá 1861 verði endurskoðuð samkvæmt því, sem skattmálanefndin hefur stungið upp á.

Um 11. gr.

1. Þessi grein liðast í sundur eins og hjer skal sagt:

	1878	1879	alls.
	kr.	kr.	kr.
Landlæknirinn á Íslandi, að auki forstöðumaður læknaskólans í Reykjavík	4,800	4,800	9,600
Læknirinn í 1. læknahjeraði	1,900	1,900	3,800
—— í 2. ——	1,500	1,500	3,000
—— í 3. ——	1,500	1,500	3,000
—— í 4. ——			
laun . . . . . 1,900 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann . 86 —	1,986	1,986	3,972
—— í 5. læknahjeraði (laust)	1,500	1,500	3,000
—— í 6. ——			
laun . . . . . 1,900 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann . 316 —	2,216	2,216	4,432
—— í 7. læknahjeraði	1,500	1,500	3,000
—— í 8. ——	1,500	1,500	3,000
—— í 9. ——	1,500	1,500	3,000
—— í 10. —— (laust)	1,500	1,500	3,000
—— í 11. ——			
laun . . . . . 1,900 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann . 28 —	1,928	1,928	3,856
—— í 12. læknishjeraði (laust)	1,500	1,500	3,000
—— í 13. ——	1,500	1,500	3,000
—— í 14. ——	1,500	1,500	3,000
—— í 15. ——	1,900	1,900	3,800
—— í 16. —— (laust)	1,500	1,500	3,000
—— í 17. ——	1,500	1,500	3,000
—— í 18. —— (laust)	1,500	1,500	3,000
—— í 19. —— (laust)	1,500	1,500	3,000
—— í 20. ——			
laun . . . . . 1,500 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann . 496 —	1,996	1,996	3,992
	37,726	37,726	75,452

4*

Laun landlæknisins eru talin samkvæmt lögum um stofnun læknaskóla í Reykjavík, 11. febr. 1876, 2. gr.; laun læknanna samkvæmt lögum um aðra skipun á læknahjeruðunum og fl. 15. oktbr. 1875, 3. gr. 1. staflið, og launaviðbótin handa læknunum í 4., 6., 11. og 20. læknahjeraði samkvæmt 3. gr., 2. stafl. í tjeðum lögum, sbr. lög um laun íslenzkra embættismanna o. fl. 15. oktbr. 1875, 7. gr., 1. stafl., og Sjórnartíðindi, deildina B., fyrir 1875, bls. 102; jafnframt skal þess getið, að læknirinn í 4. læknahjeraði, sem áður var hjeraðslæknir í suðurumdæmi vesturamtsins, var búinn að ná 1,986 kr. launum alls á ári samkvæmt hinum fyrri launaákvörðunum, áður en tjeð lög 15. oktbr. 1875 öðluðust gildi, læknirinn í 6. læknahjeraði, sem áður var hjeraðslæknir í norðurumdæmi vesturamtsins, 2,216 kr., læknirinn í 11. læknahjeraði, sem áður var hjeraðslæknir í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum, 1,928 kr., og læknirinn í 20. læknahjeraði, sem hefur haldið Vestmannaeyjum, sem hann áður hafði, 1,996 kr.

2. Í þessum lið eru talin eptirfylgjandi útgjöld á ári:

a,	húsaleigustyrkur handa lyfsalanum í Reykjavík, ákveðinn með allrahæstum úrskurði 13. marz 1833	300 kr.
b,	styrkur til útbýtingar á læknismeðulum handa fátæklingum	800 —
c,	styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	800 —
d,	styrkur til sjúkrahússins á Akureyri	400 —
e,	launaviðbót tveggja yfirsetukvenna í Reykjavík, fyrir þær sjalfar . . .	48 —
		2,348 kr.

Útgjaldaliðirnir a—d. eru samkvæmir fjárlögunum fyrir 1876 og 1877, sbr. að því leyti, er snertir a og b, 11 gr. 2., og athugasemdirnar um þá liði í frumvarpinu, og að því, er snertir c, og d., 4. gr. 4. c, og d.

Um staflið e skal þess getið, að eptir skýrslu landshöfðingja má ráð fyrir því gjöra, að skipun þeirri, sem sett er með yfirsetukvenna-lögunum 17. desbr. 1875, verði komið á fyrir byrjun fjárhagstímabilsins 1878 og 1879; landshöfðingi hefur samt stungið upp á því, að tekin yrði upp í þetta fjárlagafrumvarp uppástunga um, að yfirsetukonurnar í Reykjavík og á Vestmannaeyjum mættu halda launum þeim, sem þeim hingað til hafa verið útborguð úr landssjóði. En með því það er augljóst bæði af sjálfum lögunum og þeim umræðum, sem fram fóru um þau, að það hafi verið tilgangurinn, að laun þau, sem hingað til hafa verið goldin bæði nefndum yfirsetukonum og hinum yfirsetukonunum á Íslandi úr landssjóði, skyldu greiðast af hlutaðeigandi sveitarfjelagi, þegar búið væri að koma á þeirri skipun, sem fyrir er mælt um í lögunum, hefur stjórnarráðið eigi þótzt geta tekið þessa uppástungu landshöfðingja til greina. En sökum þess, að hinum tveimur yfirsetukonum í Reykjavík fyr voru veitt 124 kr. laun á ári úr landssjóðnum hvorri um sig, en laun þeirra samkvæmt lögunum 17. desbr. 1875 að eins eru 100 kr. á ári, hefur stjórnarráðinu fundizt það sanngjarnt, að þeim yfirsetukonum í Reykjavík, sem nú eru, sje veitt 24 kr. viðbót á ári fyrir sjálfar þær, og er því stungið upp á því hjer.

Um 12. gr.

1. Í þessum lið er talið:

laun handa póstmeistaranum í Reykjavík samkvæmt lögum um laun íslenzkra embættismanna 15. oktbr. 1875, 12. gr.	1,700 kr. á ári.
laun handa 18 póstafgreiðslumönnum	1,410 — —
— handa 46 brjefhirðingarmönnum	1,000 — —
	4,110 kr. á ári.

Laun póstafgreiðslumanna eru talin 460 kr. og laun brjefhirðingamanna 150 kr.

fram yfir það, sem veitt er með fjárlögunum 1876 og 1877, og hefur landshöfðingi álitið þessa hækkun nauðsynlega. Hefur hann til fært þá ástæðu, að laun þau, sem embættisþjónar þessir hingað til hafa haft, og sem að því leyti, er snertir póstafgreiðslumennina, eru 30 til 80 kr. á ári, sjeu í sjálfu sjer of lítið í samanburði við þá fyrirhöfn, sem sje samfara störfum þeirra, og sem hafi aukizt bæði við það, að póstferðirnar um landið, sem áður voru 7 (á ári), nú sjeu orðnar 8, og við það, að búið sje að koma á gufuskipsferðum kringum Ísland. Hjer við bætist það, að staða þessi, sjer í lagi staða póstafgreiðslumanns, hefur allmikla gestanauð í för með sjer, en eptir þeirri gestrisni, sem tíðkast á Íslandi, þykir það miður sæma að taka borgun fyrir gistingu. Fyrir þau laun, sem nú eru, getur póststjórnin þess vegna ekki fengið dugandi og áreiðanlega menn í þjónustu sína, og landshöfðingi hefur því stungið upp á, að póstafgreiðslumönnum verði veitt þau laun, sem hjer skal skýrt frá:

póstafgreiðslumanninum á Akureyri	150 kr. á ári.
póstafgreiðslumönnunum á Seyðisfirði, Ísafirði og Stykkishólmi, hverjum um sig	100 — —
póstafgreiðslumanninum á Djúpavogi	60 — —
póstafgreiðslumönnunum á Hraungerði, Bjarnanesi og á Vestmannaeyjum, hverjum	50 — —
og hinum öðrum 10 póstafgreiðslumönnunum, hverjum	75 — —

og enn fremur að upphæð sú, sem ætluð er árlega til launa handa brjefhirðingarmönnum, verði hækkuð frá 850 kr. til 1,000 kr.

2. Upphæð sú, sem hjer er talin, er hin sama og veitt er með fjárlögunum fyrir 1876 og 1877.

3. Önnur útgjöld eru:

	1878.	1879.
a, endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa póstmeistaranum samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875, 14 gr.	kr. 600	kr. 600
b, fæðisþeningar og endurgjald fyrir ferðakostnað handa nefndum embættismanni, samkvæmt fjárlögunum fyrir 1876 og 1877, hjer um bil	200	200
c, þóknun til sama embættismanns fyrir ábyrgð þá, sem því er samfara, að taka við póstávísanaupphæðum þeim, sem borgaðar eru til hans, ef honum mistelst, 1 af 1,000, hjer um bil .	200	200
d, ýmislegt prentað, svo sem sendingarskrár, viðskiptabækur, registur og fl., sömuleiðis eins og í nefndum fjárlögum hjer um bil	200	200
e, til þess að útvega áhöld og til viðurhalds á þeim, hjer um bil	400	200
	1600	1400

Um upphæðina í c, skal þess getið, að hún er í fjárlögunum fyrir 1876 og 1877 talin með «útgjöldum, sem upp á kunna að koma» í 4. lið þessarar greinar, en það hefur þótt eiga betur við að telja hana hjer með «öðrum útgjöldum».

Upphæð sú, sem færð er til á liðnum e., er samkvæmt uppástungu landshöfðingja hækkuð um 200 kr., með því póstskrínur og pósttöskur eru svo af sjer gengar, að gjöra verður allmikið að þeim og sumpart kaupa nýjar.

4. Upphæðin hjer er færð niður um þær 200 kr., sem getið er um að framan í 3. c.

Um 13. grein.

A. a. Hjer undir kemur:

biskupinn yfir Íslandi, skipaður frá 1. apríl 1866:

laun	7,000 kr.	
viðbót fyrir sjálfan hann . .	232 —	
		7,232 kr. á ári.
dómkirkjupresturinn í Reykjavík:		
laun	500 —	
húsaleigustyrkur	300 —	
		800 — - —
samtals		8,032 kr. á ári.

Laun biskups eru talin samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875, 8. gr., og viðbótin fyrir sjálfan hann samkvæmt 7. gr. 3. stafl. í sömu lögum, sbr. Stjórnartíðindin, deildina B., 1875, bls. 102, og 1876, bls. 34, með því biskup samkvæmt hinum fyrri launa-ákvörðunum hefði verið búinn að ná 7,232 kr. launum á ári 1. apríl 1876. Laun dómkirkjuprestsins eru talin samkvæmt fjárlögunum fyrir 1876 og 1877.

A. b.

Í 1. lið eru samkvæmt uppástungu stiptsyfirvaldanna taldar 1,000 kr. fram yfir það, sem veitt er í fjárlögunum fyrir 1876 og 1877. Stiptsyfirvöldin hafa borið þá ástæðu fyrir, að það verði eigi álitið vel til fallið, að taka styrk þann frá fátækum brauðum, sem hefur verið veittur af þessari upphæð, eða taka nokkuð af honum, en á hinn bóginn sje nauðsyn á, að einnig einstökum öðrum brauðum, sem enginn hefur viljað sækja um, og sem nágrennis-prestarnir ekki geta þjónað eða eiga örðugt með að þjóna, verði veittur slíkur fjestyrkur, að prestar fáist í þau. Landshöfðingi hefur mælt fram með þessari uppástungu. 2. og 3. liður eru samkvæmir fjárlögunum fyrir 1876 og 1877, og upphæðin í 4. lið talin samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875, 14. gr.

B.

I. Prestaskólinn:

a, laun á ári:

forstöðumaður prestaskólans, skipaður 25. júní 1866:			
laun samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875, 13. gr. . .		4,600 kr.	
viðbót fyrir sjálfan hann samkvæmt sömu lögum 7. gr.			
3. staflið		132 —	
			4,732 kr.
fyrsti kennari við tjeðan skóla:			
laun samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875, 13. gr. . .		2,400 —	
viðbót fyrir sjálfan hann, samkvæmt sömu lögum 7. gr.			
1. stafl.		784 —	
			3,184 —
annar kennari við sama skóla:			
laun samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875, 13. gr. . .		2,000 —	
viðbót fyrir sjálfan hann, samkvæmt sömu lögum, 7. gr.			
1. staflið		384 —	
viðbót fyrir sjálfan hann, samkvæmt fjárlögunum fyrir			
1876 og 1877		400 —	
			2,784 —
			10,700 kr.

Um leið og vísað er til brjefa stjórnarráðsins 8. novbr. 1875 og 28 febr. 1876, sbr. Stjórnartíðindin, deildina B. 1875, bls. 102, og 1876, bls. 34, skal þess getið, að forstöðumaðurinn hefði samkvæmt hinum fyrri launa-ákvörðunum verið búinn að ná 4,732 kr. launum á ári 1. júlí 1876, en kennararnir báðir voru, áður en fyrnefnd lög 15. oktbr. 1875 öðluðust gildi, búnir að ná hæsta stigi þeirra launa, sem þeim voru veitt samkvæmt hinum fyrri ákvörðunum, eða 2,384 kr. á ári, auk þess sem fyrsti kennarinn hafði 800 kr. viðbót. Viðbót sú upp á 400 kr., sem talin er handa öðrum kennara, er veitt með fjárlögunum fyrir 1876 og 1877.

b, Önnur útgjöld.

1. Þar sem fjárlögin fyrir 1876 og 1877 að eins veita húsaleigustyrk handa 12 lærisveinum við prestaskólann, hafa stiptsyfirvöldin farið fram á, að settur verði í frumvarp þetta húsaleigustyrkur handa 15 lærisveinum, með því það hæglega getur komið fyrir, að svo margir sjeu á skólanum, sem þarfnast þessa styrks, er ætlaður er öllum þeim, sem ekki eiga heima í Reykjavík.

2. Stiptsyfirvöldin hafa sömuleiðis farið fram á, að upphæð þessa liðs verði hækkuð þannig, að bætt verði einni ölmusu við auk þess, sem veitt var með fjárlögunum 1876 og 1877, þar sem ölmusurnar eigi megi vera færri en 5, að meðtöldum hinum 3 ölmusum frá kommúnítetinu, og er í því tilliti tekið fram, að það sje mjög áríðandi, að gjöra mönnum námið á prestaskólanum svo hægt fyrir sem unnt er, þar sem einlægt er ekla á prestum.

3. Að því leyti, er snertir viðbót þá upp á 100 kr., sem hjer er talin, hafa stiptsyfirvöldin getið þess, að útgjöldin við kennslu í kirkjurjetti og til að læra að tóna sjeu tekin af þessari útgjaldagrein, — en fyrir kennsluna í þessu hefur verið goldið 120 kr. og 80 kr. árlega; en með því gjöld þessi eigi verða færð niður, sjá stiptsyfirvöldin það fyrir, að hætta verði kennslunni í öðruhvoru, ef sú upphæð eigi verður veitt, sem stungið er upp á hjer, og sem að öðru leyti samsvarar því, sem um mörg ár hefur verið veitt á þessari útgjaldagrein, þangað til upphæðin var færð niður með fjárlögunum fyrir 1876 og 1877.

4—6. Þessir liðir eru samhljóða fjárlögunum fyrir 1876 og 1877, 13. gr. B. b. 3. og 4., og er að eins sú breyting gjörð, að hinum síðast nefnda lið er skipt í tvo liði, 5. og 6.

7. Hækkunin hjer er að áliti stiptsyfirvaldanna nauðsynleg sökum þess, að þær 100 kr., sem veittar voru með fjárlögunum fyrir 1876 og 1877, eigi hrökkva til.

II. Læknaskólinn.

a. Laun.

Laun þau, sem ákveðin eru með lögum um stofnun læknaskóla í Reykjavik 11. febrúar 1876, 2. gr., handa forstöðumanni læknaskólans, sem þar að auki er landlæknir á Íslandi, eru talin í 11. gr. 1., en hjer eru talin launin handa kennaranum, sem settur er við skólann, samkvæmt 3. og 4. gr. tjeðra laga . . . . . 1,800 kr.
og þóknun handa hjeraðslækninum í 1. læknahjeraði fyrir kennslu við skólann 800 —
2,600 kr.

b. Önnur útgjöld.

Upphæðirnar í 1. og 2. lið eru veittar með allrahæstum úrskurði 3. ágúst 1868, sbr. konunglega auglýsingu til alþingis 7. júlí 1869, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1867, II. 5. Það sem tilfært er í 4. lið er samkvæmt allrahæstum úrskurði 21. oktbr. 1871, sbr. auglýsingu dómsmálastjórnarinnar 31. s. m. og 6. gr. fyrnefndra laga, ætlað til styrks handa læknaefnum, til þess þeir geti

notið kennslu í yfirsetufræði á hinni konunglegu fæðingarstofnun í Kaupmannahöfn og gengið á spítalana þar. Um 3. lið skal þess getið, að stiptsyfirvöldin samkvæmt uppástungu frá forstöðumanni læknaskólans hafa mælt fram með því, að leitast yrði við að fá þær 300 kr., sem hjer er stungið upp á, veittar árlega til verkfæra og bóka, og að auki 240 kr. árlega til húsaleigustyrks handa 3 lærisveinum við skólann; en þar eð umræðurnar á alþingi um frumvarpið til tjeðra laga sýna, að menn eigi hafi búizt við öðrum útgjöldum við tjeðan skóla, en launum þeim, sem nefnd eru í lögunum, hefur stjórnarráðið ekki þótzt geta farið fram á meira en að veitt yrði upphæð sú, sem fyr var nefnd, er það var látið í ljósi, að hún væri alveg ómissandi til þess að halda skólanum í gangi, sjer í lagi fyrsta árið.

II. Hinn lærði skóli:

a. Laun samkvæmt lögum um laun íslenzkra embættismanna og fl. 15. okt. 1875, 13. gr.

forstjóri hins lærða skóla, skipaður 12. marz 1874 . .	4,200 kr.
yfirkennarinn, skipaður 26. maí 1874	3,200 —
fyrsti kennari, skipaður 26. maí 1852	2,400 —
annar kennari, skipaður 24. maí 1870	2,400 —
þriðji kennari, skipaður frá 1. oktbr. 1872	2,000 —
fjórði kennari, skipaður frá 1. oktbr. 1874	2,000 —
	16,200 kr. á ári.

b. Þessi liður er samhljóða fjárlögunum fyrir 1876 og 1877.

c. 1. liður og liðirnir frá 4 til 7 eru sömuleiðis samhljóða nefndum fjárlögum. Upphæðirnar á 2., 3. og 8. lið eru samkvæmt uppástungu stiptsyfirvaldanna, sem landshöfðingi hefur fallizt á, hækkaðar hver um sig um 500 kr., 600 kr. og 500 kr., þar sem stiptsyfirvöldin hafa látið í ljósi, að nauðsyn sje á, að hækka þessar upphæðir eins og stungið er upp á, ef komast eigi hjá því, að talsvert meira fje gangi til á ári hverju en það, sem veitt er á þessum útgjaldagreinum, en það þykir eigi vel til fallið.

C. Liðirnir frá 1—4 eru samhljóða fjárlögunum fyrir 1876 og 1877.

Um 14. gr.

Í þessari grein eru sumpart talin heiðurslaun Jóns Sigurðssonar, alþingismanns Ísafjarðarsýslu, sem samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875 eru 3,200 kr. á ári, sumpart til eptirlauna og styrktarfjár hjer um bil 13,800 kr. á ári. Að því leyti, er snertir eptirlaun þau, sem greiða á úr landssjóði, skal vísað til IV. fylgiskjals aptan við fjárlagafrumvarpið fyrir 1876 og 1877, smbr. III. fylgiskjal aptan við frumvarp þetta.

Um 15. gr.

Í þessa grein eru settar saman upphæðir þær, sem veittar eru í 15. og 16. gr. fjárlaganna fyrir 1876 og 1877, því það þykir koma sjer betur, sjerílagi sökum þess að fjárlögin gilda fyrir tvö ár, að umboðsstjórnin hafi vald til þess að verja upphæðinni í heild sinni til þess, sem til ætlað er, án þess að vera bundin við það, að helmingurinn skuli hafður til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og hinn helmingurinn til óvissra útgjalda, sem upp á kunna að koma.

Um 16. gr.

Ákvörðunin um, hvernig verja eigi því, sem umfram verður, er samkvæmt því, sem hingað til hefur verið gjört.

I. Fylgiskjal.

Samkvæmt tilmælum landshöfðingjans yfir Íslandi höfum vjer undirskrifaðir haldið nákvæma skoðunargjörð á dómkirkjunni hjer, og samkvæmt henni samið eptirfylgjandi áætlun um aðgjörð þá á henni, sem vjer álítum að sje alveg nauðsynleg, til þess að kirkjan komist í það lag, sem viðunanlegt sje.

Kórinn, sem eingöngu er byggður úr tígulsteinum, hefur orðið fyrir mestum skemmdum af veðrinu, sem hefur svo mikil áhrif á slíka múra, og verður að byggja hann alveg upp aptur úr íslenzku grjóti, en loptið og þakið má nota aptur á nýja húsinu. Einnig þarf að byggja upp aptur þann hluta aðalkirkjunnar, sem byggður er úr tígulsteini, sjer í lagi gaflinn að austanverðu og suðurvegginn, og ætlum vjer, að þetta megi gjöra á þann hátt, að höggið verði utan af þeim múr, sem nú er, hjer um bil 18 þumlungar, og hlaðið upp aptur úr íslenzku grjóti og kalki, og skyldi festa nýja múrinn við hinn gamla með járnsínklum, og svo draga á múrinn að utan múrlímshimnu. Á sama hátt verður að fara með hjer um bil helminginn af tígulsteinsmúrnum að norðanverðu, og hjer um bil $^2/_3$ parta á vesturgaflinum, en hitt á þessum tveimur hliðum virðist mega endurbæta með minni háttar aðgjörð. Hið sama er einnig um $^3/_4$ parta af anddyrinu fyrir framan aðalinngang kirkjunnar, en þar verður samt nauðsynlegt að byggja upp aptur neðri parta múrsins á öllum þrem hliðum.

Enn fremur mun nauðsyn á að hlaða grundvöll undir anddyrið, skrúðhúsið og kórinn úr grjóti og leggja ofan á grundvöllinn vatnshelt lag, til þess að koma í veg fyrir, að vatn úr jarðveginum gangi upp í múrinn og skemmi hann.

Enn fremur mun nauðsyn á að láta hlemma fyrir gluggaopin að neðan, til þess að regnvatn nái ekki að renna um þau niður í múrana.

Að voru áliti þarf ekki að leggja alveg nýtt þak á aðalkirkjuna, en minni háttar aðgjörð nægir til þess það sje í viðunanlegu standi.

Á anddyrið skyldi helzt leggja þak að nýju.

Kirkjuturninn er að ofan þakinn borðum og að neðan sínkspjöldum, sem negld eru á; er hvorttveggja orðið nokkuð óþjett, og þarf að gjöra að því og draga lit á; sömuleiðis ætti að gjöra að þakinu á turninum.

Gólfið í aðalkirkjunni, kórnum og skrúðhúsinu þarf aðgjörða á nokkrum stöðum.

Nokkrir af bitunum eru fúnir í þeim endunum, sem snúa í suður, og sömuleiðis borðin, sem bitarnir eru klæddir með; hið sama er um sumar sperrurnar í neðri endunum, og verður að bæta það með nýju.

Nokkrar aðalstoðir hafa losnað frá bitum þeim, sem pallurinn hvílir á, og verður að festa bitana við stoðirnar með járngöddum, og hina bita-endana við múrinn með járnsínklum.

Töfluþilið í kórnum er fúið, og verður að endurnýja það; annað trjesmíði bæði þar og í aðalkirkjunni þarf allmikla aðgjörð.

Báðir aðalstigarnir upp á pallinn hafa sigið nokkuð, og verður því að taka þá niður og gjöra að undirstöðunni undir þeim.

Báðar dyrnar á skrúðhúsinu verður að gjöra af nýju og bæta aðaldyrin.

Liti á múrnum og trjesmíði verður að endurnýja alstaðar í kirkjunni og gjöra að skrautinu.

Í gluggumgjörðirnar skal setja heilar glerrúður í stað þeirra, sem nú eru, sem eru teningsmyndaðar, mjög smáar og greyptar í blý; ber það opt við, að þær fjúka úr; sömuleiðis ætti að setja nokkrar smærri umgjörðir í gluggana, sem lokið yrði upp.

5

Þakrennurnar á skrúðhúsinu, sem eru úr sínki, eru því nær alveg ónýtar; í stað þeirra ætti að setja upp þakrennur úr járni; flestallar niðurrennslisrennurnar þarf einnig að bæta.

Útgjöldin við aðgjörð þá, sem vjer álítum nauðsynlega eptir því, sem frá er skýrt, er ætlazt til að verði:

1.	í grundvöllinn 9 teningsfaðmar af ótilhöggnu grjóti, hver faðmur 30 kr.	270 kr.	» a.
2.	fyrir að hlaða grundvöllinn, 1,416 ferhyrningsfet, fyrir hvert 20 a.	283 —	20 —
3.	fyrir að rífa niður gamla múrinn 7,505 teningsfet, fyrir hvert 8 a.	600 —	40 —
4.	40 teningsfaðmar af tilhöggnu grjóti, fyrir hvern 80 kr.	3,200 —	» —
5.	fyrir að hlaða múrana úr íslenzku grjóti, anddyrið 663 teningsfet, skrúðhúsið 893, kórinn 2,764, vesturgaflinn á aðalkirkjunni 645, suðurhliðina 1,065, austurgaflinn 900, norðurhliðina 467, hinar fjórar hornstoðir efst 108, samtals 7,505 teningsfet, fyrir hvert 29 a.	2,776 —	85 —
6.	fyrir að draga á múrana að utanverðu múrlímshimnu, 938 ferhyrningsálnir, fyrir hverja 66 aura	619 —	8 —
7.	fyrir að búa til múrbrúnina, randir, skraut og umgjörðir	183 —	» —
8.	fyrir að draga í múranà að innanverðu kalk, í kórnum 229 ferhyrningsálnir, í skrúðhúsinu 131, í aðalkirkjunni, andyrinu og stigagöngunum 225 ferhyrningsálnir, samtals 585 ferhyrningsálnir, hver upp á 80 aura	468 —	» —
9.	fyrir við til stuðnings á múrunum, á meðan á aðgjörðinni stendur, og til standpalla, og fyrir erfiði við þetta	500 —	» —
10.	320 tunnur af bleyttu kalki, fyrir hverja 6 kr.	1,920 —	» —
11.	37 tunnur af Portlandsmúrlími, fyrir hverja 16 kr.	592 —	» —
12.	1,093 tunnur af sandi, hver upp á 80 aur.	874 —	40 —
13.	fyrir aðgjörð á þakinu á aðalkirkjunni, og fyrir að leggja til blý og steinlím	470 —	» —
14.	fyrir að leggja á aptur anddyrisþakið	100 —	» —
15.	fyrir aðgjörð á þakinu á turninum, fyrir borð til þess að leggja á turninn að utan og lit	400 —	» —
16.	fyrir að tengja saman bita þá, sem pallurinn hvílir á, við aðalstoðirnar og múrinn, og fyrir járngadda og sínkla, sem með þarf .	250 —	» —
17.	fyrir að setja nýja bita og borð í stað þess, sem fúið er og fyrir aðgjörð á sperrunum	550 —	» —
18.	fyrir aðgjörð á gólfinu í aðalkirkjunni, kórnum og skrúðhúsinu, af nýju	800 —	» —
19.	fyrir að taka niður báða aðalstigana og endurbæta grundvöllinn undir þeim, setja þá upp aptur og gjöra að þeim	100 —	» —
20.	töfluþil og annað trjesmíði af nýju, og aðgjörð ásamt ýmsu skrauti	800 —	» —
21.	tvær nýjar dyr og aðgjörð á þriðju dyrunum	130 —	» —
22.	fyrir að draga lit á múr- og trjesmíði alstaðar í kirkjunni og fyrir skraut	1,300 —	» —
23.	fyrir aðgjörð á gluggunum, fyrir umgjörðir, sem verður lokið upp, og fyrir að setja heilar rúður í stað þeirra, sem eru greyptar í blý .	250 —	» —
24.	fyrir aðgjörð á niðurrennslisrennunum á aðalkirkjunni og kórnum og skrúðhúsinu og fyrir þakrennur	250 —	» —
	yfir um	17,686 kr.	93 a.

handan að 17,686 kr. 93 aur.

25. hellur eða flóki, til þess að halda vatni frá, 354 ferhyrningsfet, fyrir hvert 80 aurar . . . . . 283 — 20 —
26. 39 gluggaþilborð, fyrir hvert 4 kr. . . . . 156 — » —
27. 150 járnsínklar, fyrir hvern 3 kr. 50 aurar . . . . . 525 — » —

18,651 kr. 13 aur.

Reykjavík, 21. nóvbr. 1876.

Jakob Sveinsson. Einar Jónsson. Björn Guðmundsson.

II. fylgiskjal.

Eptir að hið háa stjórnarráð fyrir Ísland hafði mælzt til þess, að eg ljeti uppi álit mitt um framlagða skoðunargjörð og áætlun um aðgjörð á dómkirkjunni í Reykjavík, dagsetta 21. nóvbr. 1876, og undirskrifaða af Jakobi Sveinssyni, Einari Jónssyni og Birni Guðmundssyni, leyfi jeg mjer að koma fram með eptirfylgjandi athugasemdir.

Helzti gallinn á dómkirkjunni er sá, að sá hluti múranna, sem byggður er úr tígulsteinum, eigi nær að þorna, en dregur sífellt að sjer raka úr loptinu.

Þetta kemur sumpart til af því, að saltvatn komst að tígulsteinunum, þá er þeim var skipað upp, sumpart af því, að kalkið var bleytt í sjókynjuðu vatni, sem var tekið úr Læknum.

Þegar saltvatn blandast í kalk, myndast efni, sem drekkur í sig enn meiri raka en njarðarvöttur; múrinn dregur því í sig raka úr loptinu, þegar það er fullt af vatnsgufum, og hann fer ekki úr þá dagana, sem þurrt er í loptinu; þegar kuldi kemur, frýs vatnið og sprengir í sundur þá parta múrsins, sem það kemst inn í.

Grjótmúr sá að utan, sem ætlazt er til að settur verði, mundi verja tígulsteinsmúrinn gegn frosti, en eigi gegn raka þeim, sem kemur úr loptinu í kirkjunni sjálfri, og ræð jeg því fastlega á móti því að hlaða utan um múrinn.

Uppástungan í hinni framlögðu lýsingu og áætlun um það, hvernig farið skuli að því, að hlaða utan um gamla múrinn, lýsir algjörðri vankunnáttu á handiðninni, og má álíta hana með öllu óhafandi, þar sem farið er fram á, að rífa 18 þumlunga af gamla múrnum, sem er 27 þuml. á þykkt; með því móti standa eptir 9 þuml. af gamla múrnum, sem eigi væri nógu sterkur til þess, að tengdur verði við hann með sínklum 18 þumlunga grjótmúr, og það því síður sem þeir 9 þumlungar, sem eptir standa, munu gliðna, þegar rifið er af múrnum.

Ætti að hlaða múrinn upp að utan, skyldi helzt taka til þess gullenzkar hellur, sem eru 2 þuml. á þykkt og sem festa mætti með múrgöddum. Múrinn, sem eptir stæði, yrði þá alin á þykkt, og mundi hann eigi veikjast svo, að hætt væri við falli, en jeg verð að álíta það rjettast, að taka niður það af múrnum, sem saltefnið er í, og hlaða upp í staðinn múr úr hraungrjóti og draga á hann utanverðan múrlímshimnu.

Þegar búið er að bæta múrana, mun það reynast, hvort hægt sje að gjöra að helluþakinu, en jeg efast um, að það geti orðið þjett, því það hefur ekki tekizt enn, þótt Einar Jónsson, sem hefur mikla reynslu í því að leggja á helluþök, fleirum sinnum hafi vandlega gjört að því.

Kaupmannahöfn, 26. janúar 1877.

Þegnsamlegast

G. Klentz.

Til stjórnarráðsins fyrir Ísland.

5*

III. fylgiskjal.

Yfirlit yfir breytingar þær, sem orðið hafa á tímabilinu frá 1. janúar 1875 til 31. desbr. 1876 um þá embættismenn og embættismanna ekkjur og börn, sem hafa eptirlaun úr landssjóðnum, sbr. IV. fylgiskjal við frumvarp til fjárlaga 1876 og 1877.

A. Embættismenn,

gengnir úr.

2.	Bjarni Thorsteinson, amtmaður	3,000 kr.
6.	Björn Gunnlögsson, yfirkennari við lærða skólann í Reykjavík . .	2,000 —
8.	Jörgen Peter Havstein, amtmaður	2,540 —
9.	Benidikt Sveinsson, yfirdómari	900 —

B. Embættismanna ekkjur og börn,

gengin úr.

13.	Þórdís, ekkja sýslumanns Jónasar Thorstensens, eptirlaunaviðbót handa syni hennar Jóni	60 —
15.	B. E. B. Lind, sonur hjeraðslæknis Linds	100 —
20.	Maren Ragnheiður Friðrikka, ekkja sýslumanns Jóhannesar Guðmundssonar; eptirlaunaviðbót handa syni hennar Lárusi . . .	50 —
23.	Ragnheiður, dóttir rektors Jens Sigurðssonar	160 —
27.	Valgerður Johnsen, dóttir skólakennara Johnsens	40 —
		8,850 kr.

Bætzt hafa við.

30.	Ekkja amtmanns J. P. Havsteins	529 kr.	16 aur.
	þar að auki eptirlaunaviðbót handa börnum hennar, þar til þau eru orðin 18 ára:		
	Hannesi Þórði, fæddum 4. desbr. 1861	100 —	» —
	Soffíu Ágústu, f. 23. júní 1864	100 —	» —
	Guðrúnu Jóhönnu Láru, f. 9. janúar 1866	100 —	» —
	Maríusi Jakob, f. 9. ágúst 1867	100 —	» —
	Jóhönnu, f. 9. ágúst 1867	100 —	» —
	Elini, f. 2. febrúar 1869	100 —	» —
	Gunnari Magnúsi, f. 29. marz 1872	100 —	» —
31.	Anna Björnsdóttir, ekkja hjeraðslæknis Jóseps Skaptasonar .	250 —	» —
32.	Þórunn, ekkja amtmanns Bjarna Thorsteinsonar	550 —	» —
		2,029 —	16 —

Þá er landshöfðingi lagði frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland fyrir árin 1878 og 1879 fyrir neðri deild alþingis á 2. fundi þingdeildarinnar, 3. dag júlímánaðar, tók hann fram, að frumvarpið til fjárlaga fyrir árin 1878—79 væri í öllum aðalatriðum áþekkt fjárlögunum fyrir árin 1876—77, er þingið samþykkti í hitt eð fyrra, þó vildi hann benda á það, að í 3. gr. frumvarpsins, «tekjur af fasteignum landssjóðsins», væru innifalin gjöld af spítalajörðum þeim, er læknasjóðurinn fyrrum átti, og tekjur af kirkjum nokkrum, er væru þjóðeignir, og hefðu tekjur þessar í fjárlögunum fyrir árin 1876—77 verið taldar með óvissum tekjum í 14. tölul. í 2. gr. Enn fremur væri læknasjóðurinn lagður

saman við viðlagasjóðinn og tekjum hans bætt við tekjur þessa sjóðs í 4. gr. frumvarpsins; en í fjárlögunum fyrir 1876 og 1877 hefðu þær verið ritaðar fyrir innan strykið. Hvað útgjöldin snerti, væru gjöldin til læknaskólans tilfærð í 13. gr. meðal annara menntunarstofnana; og í 15. gr. væru taldar í sameiningu upphæðir þær, er veittar væru með 15. og 16. gr. fjárlaganna fyrir 1876—1877. Hvað hin einstöku gjöld, er farið væri fram á í frumvarpinu, snerti, myndu athugasemdirnar við frumvarpið veita hina nauðsynlegu leiðbeining. Ætlað væri samkvæmt frumvarpinu að afgangurinn yrði 72333 kr. 97 a. fyrir bæði árin.

Reikningurinn fyrir árið 1876 hefði ekki enn orðið fullsaminn, með því að 2 umboðsreikningar væru enn ókomnir, en bæði hefði reikningshöldurunum, þeim er í hlut eiga, verið gefið hið nauðsynlega aðhald í þessu tilliti, og landshöfðingi hefði eptir því, sem föng væru á, samið ársreikning, og skýrði hann frá nokkrum atriðum í þessum reikningi:

Tekjur samkvæmt 2. gr. fjárlaganna.

	Kr.	Kr. a.
1. Lestagjald áætlað 28,848 hefði numið		37,292.41
2. Pósttekjur	— 7,500 — —	11,782.17
3. Vínfangagjald	— 80,000 — —	88,255.88
4. Tóbaksgjald	— » — —	7,496.33

Tekjur samkv. 4. gr. fjárlaganna:

1. Leiga af innstæðufje áætluð	2782 kr.
hefði numið	5202 —
2. — og borgun upp í lán áætlað	7440 —
hefði numið	7931 kr. 64 a.

Viðlagasjóðurinn hefði átt við árslok 1876:

	Kr. a.
1. Innritunarskírteini G. fol. 333	200,000
2. Kgl. skuldabrjef, sem læknasjóðurinn fyrrum átti	40,406.62
3. Skuldabrjef fyrir lánum, sem smámsaman verða endurborguð	81,708.46
4. Skuldabrjef einstakra manna til viðlagasjóðs 21,700 kr. — læknasjóðs 110,974—40a.	132,674.40
Yfir um	454,789.48

	Kr. a.
handanað	454,789.48
5. andvirði seldra jarða 5190 kr. í reiðum peningum 2735—16a.	7926.16
Alls í viðlagasjóðnum	462,715.64
en hjer við bætist andvirði stiptsprentsmiðjunnar, sem seld var með afsalsbrjefi 29. des. f. á. samkvæmt lögum 15. okt. 1875	27,452.61
er þegar hefði verið gjört arðberandi:	
Í kgl. skuldabrjefum 13,400 kr.	
Skuld Einars prentara Þórðarsonar . . 14,000 —	
Skuldabrjef einstakra manna . . . . . 1,400 —	28,800

Samkvæmt 18. gr. fjárlaganna, og þar sem öll þau frumvörp, er í henni hefðu verið tilgreind, hefðu náð lagagildi, hefðu ekki fáar breytingar komið á hinar einstöku útgjaldagreinir fjárlaganna; þannig hefðu útgjöldin samkvæmt 10. gr. A numið . . . . . Kr. 23,977. 49

Samkvæmt	10. gr. B	20,878. 32
—	10. — C	24,129. 77
—	11. —	25,262. 65
—	12. —	14,691. 86
—	13. — A	13,633. 25
—	— — B 1. . . .	12,243. 89
—	— — - 2. . . .	34,531. 25
—	— — C	1,100. »
—	14. —	20,549. 2
—	15. —	3,859. 96
—	16. —	5,346. 36

Tekjur landssjóðsins hefðu samtals verið hjer um bil . . . . 306,900 kr.
Útgjöldin hjer um bil . . . . . 215,000 —
Afgangurinn yrði því . . . . c. 90,000 kr.
og yrði hann ekki tiltekinn nákvæmar, með því að einstök reikningsskjöl vantaði, en það mætti sjá af þessari bráðabyrgðarskýrslu, að ástand landssjóðsins eptir ársreikningnum fyrir 1876 mætti að minnsta kosti heita viðunanlegt.

Væri það sjálfsagt, að landshöfðingi

mundi láta nefnd þeirri, er gjöra mætti ráð fyrir að sett yrði til að íhuga fjárlagafrumvarpið, allar þær skýringar í tje, sem henum væri unnt að gefa.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis

Á 3. fundi neðri þingdeildarinnar, 5. dag júlímán., kl. 4. e. m., kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu *frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879;* tók fyrst enginn til máls, en er forseti ætlaði að bera það undir atkvæði deildarinnar, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, hófust nokkrar umræður viðvíkjandi því, hvort það væri samkvæmt þingsköpunum, áður en borið væri upp til atkvæða, hvort nefndina skyldi kjósa.

Grímur Thomsen kvaðst vilja vekja athygli á því, er stæði í 9. grein þingskapanna, að nefnd mætti setja á hverju stigi málsins er vera skyldi, en þó að nefnd væri kosin, væri umræðunum þar fyrir eigi lokið, heldur að eins frestað, þar til er nefndarálitið kæmi. Eins væri nú eptir sínu áliti, að þó að nú við 1. umræðu væri nefnd kosin, þá væri 1. umræðu alls eigi lokið fyrir það. Bað hann um upplýsingar forseta og landshöfðingja viðvíkjandi þessu.

Forseti kvað það eðlilegt, að þegar enginn tæki til máls við 1. umræðu, þá væri henni lokið, en þá væri fyrst spursmálið um, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og því næst, ef það væri samþykkt, hvort nefnd skyldi setja í því; enda hefði þessari venju verið fylgt hingað til.

Landshöfðinginn kvaðst alveg samdóma forseta, og álíta aðferð hans með öllu samkvæma þingsköpunum; annars virtist honum þetta eigi svo mikils varðandi, heldur að mestu leyti formspursmál.

Halldór Kr. Friðriksson kvaðst vera á máli 1. þingmanns Gullbringusýslu. Í 9. grein væri það tekið fram, að nefnd mætti setja á hverju stigi, sem málið væri til umræðu, en af 12. grein væri það bert, að þegar búið væri að ræða frumvarpið til 1. umræðu, skyldi leita atkvæða um, hvort það skyldi ganga til 2. umræðu. Sjer sýndist því, að engin nefndarkosning ætti fram að fara milli umræðanna, heldur einmitt í byrjun hverrar umræðu, eða meðan hún stæði, og þá ætti sjálfsagt að fresta umræðunni, unz nefndin hefði lokið sínu starfi. Það væri að vísu satt, sem landshöfðinginn hefði sagt, að þetta væri einfalt formspursmál; en eptir sinni ætlun gæti það gjört töluvert til, því að ef nefnd væri kosin við 1. umræðu, þá væri miklu betra tækifæri til fyrir þingmenn, að koma með breytingaratkvæði sín við málið. Í 9. grein væri það beinlínis sagt, að »sje nefnd kosin, þá er umræður þegar eru byrjaðar, skuli síðan fresta þeim»; af þessu leiddi, að þegar nefnd væri kosin, meðan á 1. umræðu stæði, væri 1. umræðu frestað þangað til síðar. Forseti hefði að vísu farið rjett að, þegar enginn tók til máls við 1. umræðu, að hann þá hefði látið ganga til atkvæða um, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, en sjer fyndist bæði formaliter og realíter rjettara að kjósa nefndina í umræðunni en á eptir henni.

Forseti kvað þessa ákvörðun í þingsköpunum svo ljósa, að enginn vafi gæti verið um hana; fyrst væri spursmál um, hvort málinu skyldi vísað til 2. umræðu, og því næst, hvort nefnd skyldi kjósa, enda væri sjer kunnugt um, að þessari reglu væri fylgt í Danmörku, og þaðan væri þessi ákvörðun sjálfsagt komin.

Grímur Thomsen kvað þetta eigi geta verið formspursmál eingöngu, þar eð það gæti haft mikla þýðingu með tilliti til breytingaratkvæða. Kvaðst hann efa það mikillega, að þessari reglu væri fylgt í Danmörku.

Landshöfðinginn vildi bæta þeirri athugasemd við, að það, er hinn háttvirti 1. þingmaður Gullbringusýslu færi fram á, leiddi til þess, að eigi yrðu 3 umræður um málið, heldur 4. Þetta væri því misskilningur, því að við 1. umræðu skyldi málið ræðast í heild sinni, til þess að menn síðar gætu komið fram með breytingaruppástungur við það, en við 1. umræðu gæti engin breytingaruppástunga komið fram, þó að henni yrði frestað

og síðan áframhaldið, því tilgangur hennar væri eptir þingsköpunum að eins sá, að skera úr því, hvort frumvarpið yfir höfuð skyldi ganga til annarar umræðu, enda væri þetta og síður í Danmörku.

Halldór Kr. Friðriksson óskaði nákvæmari útskýringar á þessum orðum í 9. gr.: »Verði þetta gjört, þá er umræður þegar eru byrjaðar, skal síðan fresta þeim». Þetta væri eigi auðið að skilja öðruvísi en svo, að ef nefnd væri kosin í 1. umræðu, þá væri boðið að fresta umræðunni.

Forseti kvaðst verða að álíta, að skilningur sinn á þessu atriði væri rjettur, en ef þingmönnum litist svo, væri þeim innan handa að bera upp breytingar viðvíkjandi þessari ákvörðun þingskapanna.

Því næst bar forseti það undir atkvæði deildarinnar, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði.

Stakk forseti þá upp á því, að 7 manna nefnd væri kosin í málið, og var það samþykkt án atkvæðagreiðslu, og þessir þingmenn kosnir í hana:

Grímur Thomsen	. með	20 atkv.
Tryggvi Gunnarsson	—	19 —
Snorri Pálsson . .	—	18 —
Arnljótur Ólafsson .	—	16 —
Jón Blöndal . .	—	16 —
Eggert Gunnarsson	—	14 —
Ísleifur Gíslason .	—	13 —

Málið var afhent 1. þingmanni Gullbringusýslu, er flest atkvæði hafði fengið.

Í nefndinni var kosinn formaður og framsögumaður Grímur Thomsen, en skrifari Arnljótur Ólafsson.

NEFNDARÁLIT
um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1878—79.

Fyrri kafli 1.—6. gr.

Yfirlitið yfir fjárhag landsins er öllu ljósara í þessu frumvarpi stjórnarinnar, en það var í því frumvarpi, sem síðast var lagt fyrir þingið; raunar verður að leita að nauðsynlegum skýringum í eldri reikningsyfirlitum, og hagfelldara væri, ef stjórnin í áætluninni fyrir hvert fjárhagstímabil gerði reikninga landsins upp, svo öllum væri ljóst að minnsta kosti upphæðin á innstæðufje landssjóðsins; en hvað um það, sá er þó munurinn í þetta skipti, að það má nokkurn veginn nákvæmlega komast eptir, hvað landssjóðurinn á. Eptir órengdum reikningi fjárlaganefndarinnar fyrir árið 1875 átti viðlagasjóðurinn 31. desember 1873 að eiga 149202 kr. 93 a., þar við bætist afgangurinn af tekjum fram yfir útgjöld fyrir árið 1874, sem nam 85309 kr. 70 a. (sjá reikningsyfirlit frá 1874 í stjórnartíðindum A 1876). Enn fremur afgangurinn fyrir árið 1875 80463 kr. 31 a., fyrir árið 1876 eptir reikningi landshöfðingjans 90,000 kr. Má nú og gjöra ráð fyrir nokkrum afgangi fyrir 1877, og er þá líklegt, að landssjóðurinn í ársbyrjun 1878 eigi 500,000 kr. í innstæðufje eða rúmlega það, þar sem hann eptir reikningi landshöfðingjans við árslok 1876 þegar átti 491505 kr. 64 a. (sjá fylgiskjal nr. 2), en þetta er undir því komið, hvað mikill afgangurinn verður fyrir 1877. Þegar hjer við bætist lánsfje viðlagasjóðsins með vöxtum og afborgunum (frumvarp stjórnarinnar 4. gr. 2. stafl.), þá má svo ráð fyrir gjöra, að vextir viðlagasjóðsins verði á næstkomandi fjárhagstímabili 22000 kr. fyrir fyrra árið, og 23000 kr. fyrir síðara árið. Að ekki verður fast ákveðin þessi upphæð, kemur til af því, að svo má ráð fyrir gjöra, að af afborgunum lána geti á fjárhagstímabilinu stærri eða minni upphæðir staðið arðlausar styttri eða lengri tíma; sama er að segja um það, sem landið á í sjóði (Contant Beholdning). Í öðrum löndum, þar sem bankar eru, er óhugsanlegt, að nokkur upphæð standi óávöxtuð, en af því engin lánastofnun er hjer á landi, verður landssjóðurinn eigi fyrir alllitlum fjármissi. Nefndinni er ekki kunnugt um, hvort ráðherra Íslands eða landshöfðinginn hafa gjört nokkra tilraun til að koma landssjóðnum í samband við þjóðbankann í Kaupmannahöfn samkvæmt ósk þingsins 1875, en hvernig sem því líður, ræður nefndin til, að þessi áskorun til landstjórnarinnar sje ítrekuð. Því þó svo sje, að landið enn sem

stendur ekki hafi stórt fje í veltu, þá er það vonandi, að þetta aukist ár frá ári, svo sá tími gæti komið innan skamms, að tilvinnandi væri fyrir þjóðbankann að hafa hjer útibú (Filial). Líka væri það hugsandi, ef stjórnin vildi við hvers árs byrjun útborga tillagið í landssjóð, að landið sjálft gæti haft sinn eiginn banka, sem þá tækist þá skyldu á hendur, að ávaxta innstæðufje landssjóðsins.

Nefndin hefur um leið, og meðfram af því, að hún hafði augastað á þessu fyrirkomulagi, stungið upp á, að taka töluliðina 1. og 2. í 4. gr. saman í einn tölulið, svo að enginn munur er gjörður á, hvernig innstæðufje og lánsfje viðlagasjóðsins er ávaxtað; hún gjörir sem sje ráð fyrir, að leigurnar af hinu síðara renni eins víst og reglulega í landssjóð, eins og leigurnar af hinu fyrra, með öðrum orðum, að sem minnstan leigumissi leiði af afborgun lána. Jafnframt skal þess getið, að ekki er haganlegt fyrir sjóð, sem meðfram er ætlaður til að vera landinu og framförum þess hjálplegur til allra góðra fyrirtækja, að eiga fje sitt fastbundið í innskriptarskírteinum.

Mörg kostnaðarsöm fyrirtæki eru fyrir höndum, ef bæta á, svo í nokkru lagi sje, samgöngur í landinu sjálfu og viðskipti landsfjórðunganna hvers við annan, svo vel gæti komið fyrir, að stærri upphæðir þyrftu að vera í veltu, en sem nemur ársvöxtum viðlagasjóðsins (viti á Reykjanesi, brýr yfir ár, skólar, vegir, gufuskipsferðir o. s. frv.), og væri þá bagalegt, ef fje sjóðsins væri svo fast bundið, að því yrði ekki varið til slíkra augnamiða.

Nefndin verður því að skjóta því til þingsins, hvort ekki sje ástæða til, að fá þessari núverandi tilhögun breytt, þegar þörf gjörist, þó með þeim fyrirvara, að þingið gjöri sjer það að fastri reglu, að eptirgefa aldrei nokkurt lán, sem það hefur áður veitt, nje heldur nokkra línu í borgun vaxta, en að tilslökunin sje eingöngu fólgin í löngum lánsfresti og lágum afborgunarupphæðum.

Þó nefndin ekki fremur nú, heldur en fjárlaganefndin 1875, treysti sjer til að gjöra neina fastákveðna uppástungu um þann afdrátt, sem landinu er gjörður í tillaginu úr ríkissjóðnum sökum lestagjalds póstgufuskipanna, þá heldur hún samt hinum fyrri rjettarkröfum sínum óskertum, og þó ekki verði leiðrjetting á þessu fyr, og þó við því megi búast, að reikningshallinn, sem af þessu atriði leiðir, aukist ár frá ári eptir því sem gufuskipin verða stærri og stærri, þá hefur nefndin engu að síður þá von, að þetta með tímanum geti lagazt, og gæti enda mikil bót orðið ráðin á þessu á næsta fjárhagstímabili, ef stjórnin góðfúslega vill aðhyllast það fyrirkomulag á gufuskipsferðunum, sem nefndin á öðrum stað stingur upp á, en verði það ekki, þá hefur þingið æfinlega þau úrræði, að af nema með öllu lestagjaldið, sem fellur jafnmikið og enda meira á nauðsynjavörur, heldur en á munaðar- og smávarning, og setja tolla á þessar vörur í staðinn.

Hvað 4. gr. 4. tölulið frumvarpsins, 3. tölulið nefndarinnar, snertir (styrktarsjóð Íslands), vísar nefndin til athugasemdanna, sbr. álit og athugasemdir fjárlaganefndarinnar 1875 og umræðurnar þá á þingi, og má af því sjá, að hefði styrktarsjóðnum verið eins haganlega varið eins og viðlagasjóðnum, síðan landið fór að eiga með sig sjálft, þá hefði styrktarsjóður Íslands betur verðskuldað nafn sitt.

Nefndin hefur þegar við fyrstu grein gjört þá breytingu, að í staðinn fyrir 628663 kr. 5 a., komi 640161 kr. 26 a., og leiðir þessa breytingu af þeim minni breytingaruppástungum við hinar minni tekjugreinir, sem nú skal telja:

BREYTINGARUPPÁSTUNGUR

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879.

	1878		1879		Alls	
	kr.	a.	kr.	a.	kr.	a.
Við 2. grein.						
1878 1879 alls						
7. Í staðinn fyrir: 1210 1210 2420, komi:	2121.		2121.		4242.	
8. — — 375 375 750, komi:	594.		594.		1188.	
og byrjun greinarinnar breytist þannig: að í staðinn fyrir: 336266 kr. 6 a. komi: 338526 kr. 6 a., og samlagningin undir dálkunum fyrir ár hvort breytist þannig, að fyrir 168133 kr. 3 a. komi: 169263 kr. 3 a. ár hvort, alls 338526 kr. 6 a.						
Við 3. grein.						
Að 1. Í staðinn fyrir: 10180 innan stryks komi: 9180 og utan stryks í staðinn fyrir: 28345, 28345, 56690 komi:	29345.		29345.		58690.	
Að 4. Í staðinn fyrir «tekjur af kirkjum nokkrum, sem eru þjóðeign», komi: «tekjur af kirkjum», og í sama tölul. í staðinn fyrir: 360, 360, 720, komi	700.		700.		1400.	
Í byrjun greinarinnar í staðinn fyrir: 63,646 kr. komi: 66,326 kr., og í samlagningunni í staðinn fyrir: 31,823 kr., 31,823 kr., alls 63,646 kr. komi	33163.		33163.		66326.	
Við 4. grein.						
Í staðinn fyrir 1. og 2. tölul. innan stryks komi:						
1. leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins.						
Upp í lán verður borgað á árinu 1878, 8700 kr. 37 a.						
- — 1879, 6581 — 23 —						
15281 — 60 —						
og utan stryks í staðinn fyrir:						
1878 1879 alls						
10,216 10,816 21,032 kr., og						
8358. 89 8050. 90 16,409. 79 — komi	22000.		23000.		45000.	
Í staðinn fyrir 3. tölul. komi 2. tölul., og «borgað upp í andvirði þetta 2000 kr.» gangi út.						
1878 1879 alls						
Í staðinn fyrir 727. 60 687. 60 1415. 20 komi:	207.	60	207.	60	415.	20
Í staðinn fyrir 4. tölul. komi 3. tölul. óbreyttur.						
Í byrjun greinarinnar í staðinn fyrir: 38856 kr. 99 a. komi: 45415 kr. 20 a., og í samlagningunni í staðinn fyrir: 19302 kr. 49 a. og 19554 kr. 50 a., alls 38856 kr. 99 a. komi:	22207.	60	23207.	60	45415.	20
Að endingu kemur til atkvæða þessi breytingaruppástunga nefndarinnar á 1. grein, að í staðinn fyrir: 628663 kr. 5. a. komi: 640161 kr. 26 a.						

6

Viðvíkjandi þeim einstöku breytingum leyfir nefndin sjer að vísa til athugasemdanna, sem þessum kafla fylgja, og til frekari skýringar lætur nefndin yfirlitsins vegna stjórnarfrumvarpið fylgja með þeim breytingum, sem að ofan er vikið á, þó með þeim fyrirvara, að mögulegar reikningsvillur sjeu lagaðar í því.

Arnljótur Ólafsson, skrifari. Eggert Gunnarsson, Grímur Thomsen, Ísl. Gíslason, form. og framsögum.
Jón A. Blöndal, Snorri Pálsson, Tryggvi Gunnarsson.

Athugasemdir.
(Fyrri kafli 1—6).

Við 2. grein.

7. og 8. Þessir tölul. eru hjá stjórninni of lágt reiknaðir eptir síðustu 5 ára meðaltali; hefur því nefndin fært þá upp, þann fyrri (erfðafjárskattinn) upp í 2121 kr., hinn síðari (gjöld af fasteignarsölum) upp í 594 kr., til samans 1188 kr. Þessar upphæðir eru fundnar eptir reikningum frá landfógeta fyrir árin 1871—1875.

11. Þó að nefndin ekki gjöri neina breytingu við þennan tölulið, þá sleppir hún ekki þar fyrir hendinni af sinni rjettarkröfu.

13. Eptir þeim skýringum, sem landshöfðinginn góðfúslega hefur ljeð nefndinni, eru öll líkindi til, að tekjurnar af póstferðunum, sem árið 1876 voru 11782 kr. 17. aur., megi reikna hærra, en til fært er í frumvarpi stjórnarinnar, en álítur nefndin þó, engu að síður, óþarfa að til taka hærri upphæð, meðan að póstferðirnar hvort eð er ekki borga sig.

Við 3. grein.

1. Þessi tölulíður er færður upp um 1000 kr. á ári, sökum þess að alþingistollurinn er of lágt reiknaður.

3.-b. Þó að nefndin væri ekki ugglaus um, að einhver breyting kynni að verða á afgjaldinu af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu, þá hefur hún samt að svo komnu máli haldið upphæð þeirri, sem tilfærð er í frumvarpi stjórnarinnar.

4. Upphæðina á þessum tölulið hefur nefndin fært upp um 340 kr. samkvæmt reikningsyfirliti frá landfógeta.

Við 4. grein.

Stafliðunum 1. og 2. er steypt saman í einn staflið, því nefndin gjörir ráð fyrir, að umboðsstjórnin eptir rjettum reikningsreglum haldi innstæðufje landsins í stöðugri veltu, og gjörir því engan mun á leigum af innskriptarskírteini og leigum af lánum og skyndilánum, því hvorttveggja má ávaxta hjer á landi með fullri tryggingu, þar sem önnur eins peningaekla er eins og hjer.

Enn fremur er upphæðin færð upp í 22000 kr. fyrir árið 1878 og 23000 kr. árið 1879, sjer í lagi sökum þess að afgangurinn af tekjum landsins fyrir árið 1876 var talsvert meiri, en á var ætlað, nefnilega 90,000 kr. í staðinn fyrir 37000 kr. Þá eru endurborganir upp í lán einnig færðar upp um 1000 kr. fyrir hvort árið, sökum þess að það, sem borga á á fjárhagstímabilinu af kaupverði landsprentsmiðjunnar, er fært úr næsta staflið upp í þennan. Þriðji liður frumvarpsins verður því annar liður hjá nefndinni, og er hann færður niður um 520 kr. fyrra árið og 480 kr. seinna árið af þeirri ástæðu, sem fyr segir. Þess skal getið, að í athugasemdunum við stjórnarfrumvarpið 7. bls. vantar að til greina Kálfatjarnarkirkju meðal þeirra, sem lán hafa þegið af viðlagasjóðnum, en af því þetta lán að mestu leyti við kemur hinum fyrverandi læknasjóð, leggur nefndin ekki meiri áherzlu á það.

3. Hvað styrktarsjóðinn snertir, þá hefur nefndin frá landshöfðingjanum meðtekið reikning þann, sem fylgir, og er reikn-

ingsfærslan fyrir árin 1844 til 1871 svo óglögg, að ekki er unnt að fella neinn áreiðanlegan dóm um hann, þar sem öll fylgiskjöl vantar; þó sjest svo mikið, að nokkurt fje hefur á ári hverju staðið arðlaust, að ekki sje fengizt um minni háttar reikningsvillur sjóðnum í halla.

Nefndin verður að halda þeirri skoðun fram, sem svo opt hefur komið í ljós á alþingi, að það hafi verið gagnstætt tilgangi sjóðsins, að verja mörgum þúsundum dala til að flytja hinn lærða skóla frá Bessastöðum til Reykjavíkur, og sem færðar eru sjóðnum til útgjalda á árunum 1844 til 1845. Annað mál er um það fje, sem varið hefur verið til að styrkja ýmsa Íslendinga til að læra akuryrkju, myndasmíði, uppdráttarlist og fleira, þó það ekki heldur hafi verið brúkað samkvæmt tilgangi sjóðsins. Þar á móti skiptir um eptir árið 1871, því upp frá þessu ári er reikningurinn greinilegur og að nefndinni virðist óaðfinnanlegur.

FRUMVARP til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879.

1. Kafli.

Tekjur.

1. grein.

Á árunum 1878 og 1879 telst svo til, að tekjur Íslands verði 640161 kr. 26 a., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er í 2.—6. gr.

2. grein.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar: 338526 kr. 6 a.

		1878		1879		Alls	
		kr.	a.	kr.	a.	kr.	a.
1. Tekjur af ljenssýslum		5,320.		5,320.		10,640.	
2. Lögþingisskrifaralaun		64.	3	64.	3	128.	6
3. Tekjur af umboðssýslugjöldum		1,830.		1,830.		3,660.	
4. Konungstíundir		7,646.		7,646.		15,292.	
5. Lögmannstollur og fleira		954.		954.		1,908.	
6. Nafnbótaskattur		200.		200.		400.	
7. Erfðafjárskattur		2,121.		2,121.		4,242.	
8. Gjöld af fasteignarsölum		594.		594.		1,188.	
9. Gjöld fyrir leyfisbrjef		600.		600.		1,200.	
10. Spítalagjald		6,000.		6,000.		12,000.	
11. Gjöld af verzlun á Íslandi	30,000 kr.						
— af póstgufuskipunum	5,834 —	35,834.		35,834.		71,668.	
12. Aðflutningsgjald:							
a, af áfengum drykkjum	90,000 kr.						
b, af tóbaki	10,000 —						
	100,000 —						
að frá dregnum 2% í innheimtulaun		98,000.		98,000.		196,000.	
13. Tekjur af póstferðunum		9,500.		9,500.		19,000.	
14. Óvissar tekjur		600.		600.		1,200.	
	Samtals	169263.	3	169623.	3	338,526.	6

	1878 kr. a.	1879 kr. a.	Alls kr a.
3. grein.			
Tekjur af fasteignum landssjóðsins og fl. eru taldar að nemi 66326 kr.			
1. Afgjöld af umboðs- og klausturjörðunum, fyrir hvort árið . . . . . 38,525 kr.			
að frá dregnum:			
umboðslaunum, prestsmötu og fl. . . 9,180 —	29,345.	29,345.	58,690.
2. Afgjöld af þeim jörðum, sem læknasjóðurinn fyrrum átti, af jörðunum Belgsholti og Belgsholtskoti o. fl.	1,184.	1,184.	2,368.
3. Leigugjöld:			
a, af Lundey . . . . . 134 kr.			
b, af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu 1,800 —	1,934.	1,934.	3,868.
4. Tekjur af kirkjum	700.	700.	1,400.
Samtals	33,163.	33,163.	66,326.
4. grein.			
Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru ætlaðar að nemi 45,415 kr. 20 a.			
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	22,000.	23,000.	45,000.
Upp í lán verður borgað:			
á árinu 1878 . . . . . 8,700 kr. 37 aur.			
- — 1879 . . . . . 6,581 — 23 —			
15,281 — 60 —			
2. Leigur af andvirði seldra jarða	207. 60	207. 60	415. 20
3. Tekjurnar af hinum íslenzka styrktarsjóði eru ætlaðar að nemi hjer um bil 1,766 kr. árlega, og verður þeim varið til þess að auka innstæðufje sjóðsins.			
Samtals	22,207. 60	23,207. 60	45,415. 20
5. grein.			
Endurgjald lána og skyndilána verður talið 1,562 kr.			
1. Gjald upp í lán sökum fjárkláðans á Íslandi . .	250.	»	250.
2. Gjald upp í lán til þess að byggja upp aptur kirkju Möðruvallaklausturs	440.	440.	880.
3. Gjald upp í lán til þess að byggja kirkju á Eyri	216.	216.	432.
Samtals	906.	656.	1562.
6. grein.			
Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 188,332 kr.			
Fast árlegt tillag . . . . . 60,000 —			
aukatillag á ári . . . . . 40,000 —			
100,000 —			
að frá dregnum . . . . . 5,834 —	94,166.	94,166.	188,332.
Samtals	94,166.	94,166.	188,332.

Síðari kafli, 7.—16. grein.

Nefndin hefur í þetta sinn sjer í lagi haft áhuga á, að haga uppástungum sínum til þingsins þannig, að öll góð og nytsöm fyrirtæki væru styrkt, sem til landsheilla horfa, en við hafa aptur á móti hinn mesta sparnað í öllum þeim greinum, sem ekki virðast nauðsynlegar, og ljetta á landssjóðnum gömlum smákvöðum, sem smámsaman hafa komizt á, og sem í fyrstu, ef til vill, voru eðlilegar, en eptir sem tímarnir hafa breyzt, eru orðnar óþarfar og ósanngjarnar. Yfir höfuð ræður nefndin til, að þingið sneiði sig hjá öllum óþörfum smáútgjöldum, sem, þegar þau draga sig saman, verða að tilfinnanlegri upphæð, sem missist frá stórum og góðum fyrirtækjum.

Hefur nefndin því, eins og þinginu er kunnugt, komið fram með ýms frumvörp til laga í þessa átt (um að af nema styrk til útbýtingar gjafameðala og húsaleigustyrk handa lyfsalanum í Reykjavík, um að ljetta lögregluþjónum í Reykjavík af landssjóði, um húsagjöld til dómkirkjunnar í Reykjavík); sömuleiðis hefur nefndin, þar sem ekki hefur þótt þurfa að við hafa sjerstakar laga-ákvarðanir, stungið upp á, að af nema ýms önnur óþörf útgjöld, eins og líka var gjört ráð fyrir í athugasemdunum við fjárlögin 1876 og 1877, þar á meðal þóknun fyrir þýðingu dóma handa fyrsta dómanda í landsyfirrjettinum, laun handa sjerstökum umsjónarmanni við hinn lærða skóla, og þóknun handa dómkirkjuprestinum fyrir að útdeila skólalærisveinunum altarissakramentinu. Yfir höfuð er nefndin sannfærð um, að þingið 1875 skildi svo heiðarlega við hina æðri embættismenn landsins, að engin þörf er á, að bæta við þá fyrst um sinn, og því síður, að skapa þeim aukatekjur eða að halda slíkum tekjum við, þegar embættismannaskipti verða, þótt þær undir öðrum kringumstæðum, og meðan þeir voru illa launaðir, hafi komizt á. Engu að síður hefur nefndinni virzt ástæða til í einstökum tilfellum að bæta kjör hinna lægri embættismanna, sem í margt ár hafa lifað við of lítil laun, og má þar á meðal telja málaflutningsmennina við yfirrjettinn, sem litlar aukatekjur hafa af málaflutningi fyrir einstaka menn. Þeir segja sjálfir í bænarskrá sinni, að þessar aukatekjur nemi hjer um bil 300 krónum um árið eptir 7 ára meðaltali, og sje þessum 300 kr. bætt við þær 500 kr., sem þeir hafa fast, þá er það lítill forlagseyrir fyrir einhleypan mann, auk heldur fyrir þann, sem fyrir öðrum hefur að sjá. Enn fremur hefur nefndin stungið upp á 1000 kr. viðbót við fátækustu brauð, og 500 kr. viðbót handa prestaekkjum og börnum þeirra og fátækum uppgjafaprestum, en hjer lætur nefndin staðar nema í því, sem snertir launabætur.

Aptur á móti stingur hún upp á 5000 kr. í staðinn fyrir 2400 kr. um árið til jarðarræktar og 14000 kr. til að byggja vita á Reykjanesi, 1300 kr. árlega handa barnaskólum, sem þegar eru komnir í gang, auknum styrk til kvennaskólans í Reykjavík og nýjum styrk til kvennaskólans í Eyjafirði. Að öðru leyti vísast til athugasemdanna.

Loksins stingur nefndin upp á, að lánað sje af landssjóði til endurbyggingar dómkirkjunnar allt að 20,000 kr., til brúarbyggingar yfir Þjórsá og Ölfusá allt að 150,000 kr., til kalkbrots og kalkbrennslu allt að 2000 kr., til framskurðar á Staðarbyggðarmýrum eptir því, sem landshöfðingi nákvæmar ákveður.

Við 15. grein hefur nefndin komið sjer saman við landshöfðingja um, að þegar sjeu nefndir nokkrir af þeim mönnum, sem veita á styrk á fjárhagstímabilinu í þessari gjaldagrein, og skal sjerstaklega fram tekið, að í athugasemdunum fyrir fjárlögin 1876 og 1877, var bent á, að æskilegt væri, að nokkru fje væri varið til að rannsaka skjalasöfnin í höfuðstaðnum og með því koma í verk nauðsynlegum undirbúningi undir sögu Íslands, og hefur því nefndin í þessu skyni mælt með kennaranum í sögu við hinn lærða skóla, Páli Melsteð, að honum á fjárhagstímabilinu verði veittar 400 kr. til þessa starfa.

Nefndin leyfir sjer því næst að taka fram

þau höfuðatriði á útgjaldadálknum, sem nú skal greina:

1. Gufuskipsferðirnar.

Svo má ráð fyrir gjöra, að þeir, sem helzt og mest muni nota strandsiglingarnar, sjeu þessir:

a, alþingismenn annaðhvort ár til Reykjavíkur síðast í júní, og þaðan heim síðast í ágúst eða fyrst í september..

b, skólasveinar frá Reykjavík fyrst í júlímánuði og þangað aptur í miðjum september.

c, í þriðja máta kaupafólk að sunnan norður í land fyrst í júlí og heim aptur í september.

Þeirra vegna, sem nú er um getið, þarf því að haga ferðum gufuskipsins þannig, að þeir geti notað ferðirnar, bæði fram og aptur, því neyðist þeir til að fara aðra ferðina landveg, kjósa þeir að fara hvoruga sjóveg, og verða gufuskipsferðirnar þá ekki að tilætluðum notum, enda veldur það tilfinnanlegum tekjumissi af farþegagjaldi fyrir strandsiglingaskipið. Þá þarf að líta á hag þeirra, sem fara vilja snöggva ferð með ströndum fram, því óhentugt er fyrir þá, eins og nú á sjer stað, að þurfa að bíða vikum saman, þangað til skipið fer aptur hjá. Því næst kemur til yfirvegunar, að haga ferðunum svo, að tillag úr landssjóði og ríkissjóði geti smámsaman minnkað. Nefndin vísar í þessu skyni til ferðaáætlunarinnar nr. 1. (fylgiskjal 5). Þar er svo til ætlazt, að póstskipið A fari sex ferðir alls milli Kaupmannah. og Reykjavíkur, og af þeim fjórar, þær tvær fyrstu og tvær síðustu, beina leið milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur, en tvær miðferðirnar norðan um landið. Gufuskipið B ætti að fara 3 ferðir milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur allar norðan um landið, nema þá síðustu; ættu bæði skipin að mætast á Seyðisfirði í hvert skipti, og yrði með því jafnhægt fyrir ferðafólk, hvort það er að sunnan eða norðan, að hverfa aptur eptir litla dvöl. Skipið A. kæmi sem sje seinast í júní til Reykjavíkur með alþingismenn, færi aptur fyrst í júlí þaðan með skólasveina og kaupafólk. Aptur færi sama skip frá Reykjavík seinast í ágúst með alþingismenn, en skipið B kæmi 14. september á Seyðisfjörð frá Kaupmannahöfn, og tæki þá á leið sinni skólasveina og kaupafólk til Reykjavíkur.

Ferðaáætlunin nr. 2 (fylgiskjal 6) er gjörð til vara, ef stjórnin skyldi reynast ótilleiðanleg til að láta bæði skipin fara norður um landið. Yrði þá að eins eitt skip til strandferða, og mundu tekjurnar við það stórum minnka, þrem ferðum fækka og allt Vestur-Norður- og Austurland missa í að því skapi, sem beinar gufuskipsferðir landa á milli verða færri, því þá yrði það ekki nema 2 ferðir, sem varða mundi meiri hluta landsins, en hinar ferðirnar mundu bæði hvað snertir vöruflutning og farþega landa á milli að mestu leyti verða Reykjavík og hinum nálægari hjeruðum til gagnsmuna.

Þegar litið er til þess tíma, sem hentugastur er fyrir alþingismenn, skólasveina og kaupafólk, er ómögulegt að haga ferðum strandsiglingaskipsins svo, að það hitti aðalpóstskipið nema einu sinni í Reykjavík; sökum þess fer allt landið, að undanskilinni Reykjavík, á mis við haganlegt samband við útlönd, nema að eins tvisvar á ári.

Þá er annar galli á, að hafa að eins eitt gufuskip á ferðum norðan um landið, og hann er sá, að þær tvær ferðirnar, sem skipið fer milli Íslands og Danmerkur þyrfti það verzlananna vegna, og svo að ferðirnar nokkurn veginn gætu borið sig, að hafa stórt lestarrúm, en þær ferðirnar aptur á móti, sem það eingöngu færi milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar ætti það kostnaðarins vegna að vera lítið. Búast má við, að ekki verði fyrst um sinn sent mikið af innlendum varningi hafna á milli og því síður af útlendum, þegar ferðir gufuskipanna ná ekki saman, og fyrst þarf að borga hátt flutningskaup frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur, og því næst nýtt flutningskaup þaðan aptur til annara hafna á landinu.

Nú mætir sú mótbóra, að hættulegt sje

á ísárum, að láta bæði skipin fara norður fyrir landið; en bæði er það, að svo er til ætlazt, að skipið A fari 2 af ferðunum um hásumarið, enda er það sjálfsagt, að hamli ís, bíður skipið ekki lengur en svo við ísinn, að það geti komizt sunnan með landi til Reykjavíkur á ákveðnum degi, og skili svo af sjer vörum og farþegum, sem til Vestur- og Norðurlandsins eiga að fara, á leiðinni til baka frá Reykjavík til Kaupmannahafnar.

Nefndin hefur því ferðaáætlunina nr. 1 í fyrirrúmi, og leggur það til, að alþingi feli landshöfðingjanum og stjórnarherra Íslands, að fylgja henni fram við póststjórnina í Danmörku svo sem framast er unnt. Ferðaáætlunina nr. 2 skoðar nefndin sem neyðarúrræði, ef ekki er annars kostur, og ætlast hún þá til, að landsstjórnin sjái svo fyrir, að til strandsiglinganna (sbr. áætlun nr. 2) verði fengið svo ódýrt, en þó í annan stað svo hentugt gufuskip, sem unnt er, en leggur það til, að upphæðin, sem veitt er í fjárlögunum, sje þá áætluð upphæð, sem landsstjórnin enda mætti fara fram yfir, ef póststjórn Dana ekki skyldi vilja verða henni samtaka í þessa átt. Nefndinni er sem sje kunnugt, að Díana er óhentugt skip til strandsiglinga, af því það er miklu kolafrekara, en farmrúmi þess nemur.

2. Vitinn á Reykjanesi.

Eins og kunnugt er, beiddist alþingi 1875 þess, að stjórn Dana yrði sjer samtaka í vitabygging á Reykjanesi. Hún hefur brugðizt vel við þessum tilmælum, og boðið fram fje til ljóskers (Stjórnartíðindi B 1877, bls. 54), og er áætlað, að þetta nemi hjer um bil 12000 kr., en vitabyggingin er áætlað að muni kosta hjer um bil 14000 kr.

Um leið og nefndin vísar til fylgiskjals nr. 7 skal þess getið, að lagafrumvarp liggur fyrir þinginu, sem ráð gjörir fyrir, hvernig greiða skuli kostnaðinn á ári hverju, þegar vitinn er kominn í gang.

3. Dómkirkjan í Reykjavík.

Í stjórnarfrumvarpinu er á ný beðið um 26530 kr. til höfuðaðgjörðar á dómkirkjunni í Reykjavík.

Af því spurningin um, hvort og hvernig dómkirkjan sje orðin landseign, virtist fjárlaganefndinni á alþingi 1875, og einnig nefndinni í ár, nokkuð vafasöm og flókin, áleit nefndin sjer skylt að rannsaka, áður lengra væri farið, hvort bráð nauðsyn væri til þessarar höfuðaðgjörðar. Kom hún því til leiðar, að skoðunargjörð fram færi á kirkjunni í viðurvist eins af nefndarmönnum, 1. þingmanns Suður-Múlasýslu. Af þessari skoðunargjörð leiðir, að tvísýnt er, hvort kirkjan yrði messufær, ef aðgjörðin væri látin bíða, þangað til alþingi kemur saman næst (1879), og varð það með því nauðsynlegt, að rannsaka nú þegar, hvort og með hverjum skilyrðum landssjóðnum bæri að veita fje það, sem þyrfti til þessarar höfuðaðgjörðar.

Eins og kunnugt er, er dómkirkjan í Reykjavík samsteypa af Reykjavíkur-, Laugarness- og Nesskirkjum og svo dómkirkjusjóðnum frá Skálholti. En þó konungsbrjef frá 5. júlí 1781 til amtmanna og biskupa bjóði þeim, að gæta þess vandlega, að allar konungskirkjur sjeu gaumgæfilega «visiteraðar», skrifuð upp öll hrörnun, gallar og viðgjörðir «samt enhver Kirkis Indkomster dertil behörigen anvendte», — og þó að þessari skyldu stiptsyfirvaldanna ekki sje af ljett með rentukammerbrjefi 9. júlí 1831 (sbr. kansellibrjef 21. júní 1831), sem ekki nefnir dómkirkjuna, þá sjest þó hvorki, að kirkjan hafi verið tekin út, nje heldur að hún hafi nokkurn tíma af biskupi verið visíteruð; ekki finnst heldur nema ein prófasts-visítatía, ef visítatíu skyldi kalla, og enginn kirkjustóll yfir áhöld hennar, skrúða, bækur og aðrar eignir.

Þó landssjóðurinn við fjárhagsaðskilnaðinn (sbr. stöðulög 2. jan. 1871 3. gr. 9. tölul.) kynni að vera orðinn eigandi dómkirkjunnar, þá hvílir ekki önnur skylda á honum en sú, að halda henni í messufæru standi, en hversu fögur og prýðileg hún vera skuli, er ekki

komið undir kröfum safnaðarins, heldur undir tekjum kirkjunnar. Eigandinn er skyldur til að lána henni til bráðabyrgða, en ekki meira en svo, að hann beri það upp aptur.

Nefndin vill ekki upp á sitt eindæmi skera úr því, hvort landssjóðurinn skilyrðislaust sje orðinn eigandi Reykjavíkurdómkirkju, og því síður vill hún gjöra sig að endurskoðara kirkjureikninganna; einungis skal hún geta þess, að það mun dæmalaust á landinu, að eptirstöðvar kirkjugjalda standi óinnkrafðar árum saman. Eins og allir vita, hafa fjárhaldsmenn kirkna, hvort það eru prestar eða kirkjueigendur, fulla ábyrgð á, að öll gjöld til kirkna komi inn á fardagaárinu, og sjeu þau ekki goldin í tæka tíð, er það á valdi fjárhaldsmanns, hvort hann vill taka þau lögtaki, eða borga þau úr sínum eigin sjóði. Öðruvísi er reikningum Reykjavíkurdómkirkju varið; þar finnast 6 og 7 ára gamlar eptirstöðvar, og þó eru reikningarnir samþykktir bæði af dómkirkjuprestinum og landshöfðingjanum, og nema þó þessar eptirstöðvar fleiri hundruðum króna.

Af því að dómkirkjan er vígslukirkja landsins, og af því að á lopti hennar er húsrúm fyrir stiptsbókasafnið og forngripasafnið, leggur nefndin til, að landssjóðurinn eitt sinn fyrir öll, veiti dómkirkjunni 5000 kr., og láni henni þar að auki til höfuðaðgjörðar, að því viðbættu sem hún á sjálf í sjóði (3—4000 kr.), allt að 20,000 kr., þó með því skilyrði, að frumvarp til laga um húsagjald til kirkjunnar nái lagagildi, og að lánið þar með endurborgist landssjóði með lagavöxtum á 28 árum; og að sjóður kirkjunnar verði sjerstakur sjóður úr næstu fardögum eptir það að lánið er tekið.

4. Barnaskólar.

Sje nokkuð af andlegum framförum landsbúa, sem þingi og þjóð ætti að vera sjerstaklega annt um, þá er það barnauppfræðingin, en af því landssjóðurinn mundi eigi geta borið allan þann kostnað, sem hjer af mundi leiða, þegar fram liðu stundir, enda er það ekki venja í öðrum löndum, að hið opinbera fari lengra í þá stefnu en að styrkja þær stofnanir, sem þegar eru komnar í gang, þá treystir nefndin sjer heldur ekki til, að leggja meira til, en það, að umboðsstjórninni sje fengið nokkurt fje til umráða til útbýtingar milli þeirra barnaskóla, sem bæði eru komnir í gang og þegar eiga sitt eigið skólahús og sína eigin skólajörð; hefur nefndin eptir þessu tekið 1300 kr. á ári upp á fjárlagafrumvarpið fyrir næstkomandi fjárhagstímabil.

5. Eptirlaun.

Nefndinni hefur þótt ástæða til, að stinga upp á eptirlaunaviðbót fyrir fjárhagstímabilið handa ekkjum tveggja merkismanna þessa lands, þótt ekki hafi nema önnur þeirra mælzt til þess. Allir vita, hversu framúrskarandi menn bæði landlæknir Jón sál. Thorstensen og konferenzráð Bjarni sál. Thorsteinson voru, hvort heldur þeir eru skoðaðir sem embættis- eða vísindamenn, enda voru þeir ekki heimtufrekir, meðan lifðu, og virðist því eptirlaun þau, sem ekkjur þeirra nú hafa af landssjóði, hvorki samboðin sóma landsins nje verðleika hlutaðeiganda.

6. Möðruvallaskólinn.

Ef frumvarp til laga um gagnfræðisskóla á Möðruvöllum í Hörgárdal nær lagagildi á fjárhagstímabilinu, er svo gjört ráð fyrir, að kostnaðurinn til hans, nemi allt að 30,000 krónum, og verða þær því meðal þeirra upphæða, sem felast í 17. gr. (nýrri grein) fjárlaganna, sem nefndin stingur upp á, að bætt sje við fjárlagafrumvarpið.

Að öðru leyti vísar nefndin, hvað snertir lán til brúabygginga, til fylgiskjalanna nr. 9. og 10.

Hin heiðraða þingdeild mun af öllu ofangreindu sjá, að þó afgangurinn eptir uppástungu nefndarinnar af tekjum fram yfir gjöld sje nokkuð hærri, en í frumvarpi stjórnarinnar, sem sje kr. 77795,94 í staðinn fyrir kr. 72333.97, þá heggst talsvert skarð

í þennan afgang, ef endurreisn Möðruvallarústanna til undirbúnings gagnfræðisskóla sama staðar á fram að fara á fjárhagstímabilinu, verða þá eptir rúmar 47000 kr., og er sú upphæð ónóg til að endurgjalda jafnaðarsjóðunum kostnaðinn við byggingu fangahúsanna í hinum sjerstöku ömtum. Nefndin hefur ekki fundið skyldu sína, að skoða þetta frumvarp 3 þingmanna nema frá hinni fjárhagslegu hlið, og eins og hjer að framan er fram tekið um endurgjald lána, verður nefndin að ráða frá, að þetta frumvarp að svo komnu nái lagagildi. Af sömu orsökum getur nefndin heldur ekki lagt það til, að Mývatnsþingaprestakalli verði eptir gefin skuld sú til landssjóðs, sem til er færð í athugasemdunum við frumvarpið til fjárlaga 1878 og 1879 7. bls. Þar á móti vill nefndin mæla með því, að tjeðu prestakalli væri veittur hæfilegur styrkur af 13. gr. A. b. 1., og efast nefndin ekki um, að landshöfðingi og stiptsyfirvöld líti á nauðsyn þessa fátæka brauðs.

Það yrði of langt mál, að þræða allar þær fjárbænir, sem til nefndarinnar hafa komið; með sumum þeirra hefur nefndin þegar mælt fram, öðrum getur hún fyrir sitt leyti með beztu samvizku ekki sinnt, en þær eru allar hinni heiðruðu þingdeild kunnugar, og á hennar valdi er, að breyta eins þessu eins og öðru í uppástungu nefndarinnar.

Sökum þeirra mörgu starfa, sem neðri þingdeildin að þessu sinni hefur haft, hefur nefndin ekki getað varið eins miklum tíma eins og hún hefði þurft, til að gjöra uppástungur sínar svo úr garði eins og henni líkar, en sökum þingtímans vildi hún ekki draga fjárlagamálið lengur, enda hefur hún þá von og traust, að hin heiðraða þingdeild muni bæta það sem ábótavant er, laga það, sem skakkt kann að vera, og yfir höfuð virða starf nefndarinnar til vorkunnar.

Reykjavík, 1. ágúst 1877.

Arnljótur Ólafsson, skrifari. Eggert Gunnarsson. Grímur Thomsen, formaður og framsögum.

Ísleifur Gíslason. Jón A. Blöndal.

Snorri Pálsson. Tryggvi Gunnarsson.

BREYTINGARATKVÆÐI

við 7.—16. grein fjárlagafrumvarpsins 1878 og 1879.

Að 10. grein A. 2. Fyrir 4000, 4000, komi: 3600, 3600.
» 3. Fyrir 2000, 2000, komi: 1600, 1600.
og í samlagningunni fyrir: 24900, 24900,
alls 49800, komi: 24100, 24100, alls 48200.
B. 1. Fyrir 17208, 17208, komi: 16544, 16544.
3. Fyrir 1720, 1720 komi: 1820, 1820.
í samlagningunni:
í staðinn fyrir 21888, 21888, alls 43776,
komi: 21324, 21324, alls 42648.
C. 4. Fyrir 286. 88, 286. 88, komi: 705, 705.
5. Fyrir 2400, 2400, komi: 5000, 5000.
8. Til höfuðaðgjörðar á dómkirkjunni í Reykjavík
Fyrir 26530 komi: 5000.
9. Fyrir: útaf endurskoðun jarðabókarinnar 1861, komi:
Til vitabyggingarinnar á Reykjanesi, og fyrir 4000, komi: 14000.
Í samlagningunni, fyrir: 200081.08, komi: 191859. 32.

7

Að byrjun 10. greinar: Fyrir 200081.08 komi: 191859. 32.
Að 11. grein. 2. Í staðinn fyrir: 2348, 2348, 4696, komi: 2300, 2300, 4600.
í samlagningunni: í staðinn fyrir: 40074, 40074, komi: 40026, 40026, alls 80052.
og í upphafi greinarinnar, í staðinn fyrir 80148, komi: 80052.
Að 12. grein:

	1878	1879	Alls.		1878	1879	Alls.
Við 1. Fyrir	4110	4110,	8220	komi:	3500	3500	7000.
Við 3. Fyrir	1600	1600,	3200	komi:	1600	1400	3000.
Í samlagningunni fyrir:	14510	14510,	29020	komi:	13300	13100,	26400.

og í upphafi greinarinnar fyrir: 29020 komi: 26400.

13. grein.

Við A, a. 1. Fyrir 3000 komi: 4000.
Við — - 3. — 2000 — 2500.
Í samlagningunni — 29264 — 32264.
Við B, b. 1. Fyrir: 15 (innan stryks), komi: 12.
Fyrir: 1200 (innan stryks) kom: 960.
2. — tvær ölmusur komi: ein ölmusa.
— 400 (innan stryks) komi: 200.
3. — 200 (innan stryks) — 100.
5. — 160 (innan stryks) — 300.
Í samlagningunni, fyrir: 2480, 2480 komi 2320, 2320.
Í samlagningunni undir stryki, fyrir: 13180, 13180 komi: 13020, 13020, alls 26040.
Við B. III, b. 1. til umsjónar . . . 1000 kr. (innan stryks) gangi út.
— — — — 2. fyrir: 660 (innan stryks) komi 760.
— — — — — fyrir: 2220 (innan stryks) komi: 2320.
— — — — — fyrir: 3220 (utan stryks) komi: 2320, 2320.
— — — c. 3. fyrir: 1600 (innan stryks) komi: 1500.
— — — — 6. fyrir: prestsverk 48 (innan stryks) gangi út.
— — — — 8. fyrir: 1700 (innan stryks) komi: 1200.
7. og 8. töluliður verði 6. og 7. töluliður.
Í samlagningunni, fyrir: 14608 14608, komi: 13960 13960,
og neðan stryks fyrir: 34028 34028, 68056 komi: 32480 32480, 64960.
Við C. 3. fyrir: 200 (innan stryks) komi: 400.
Bætist inn nýr 4. tölul.: til kvennaskólans á Akureyri 200 kr. og leigulaus afnot af Munkaþverá.
Bætist inn nýr 5. tölul.: til barnaskóla, sem þegar eru komnir í gang og eiga fullri eign sitt eigið skólahús og skólasjóð: 1300 (innan stryks).
Fyrir: 1700 (utan stryks) komi: 3000 3000, 6000.
Í samlagningunni og upphafi greinarinnar fyrir 134280 komi; 134664.
Að 14. grein. Fyrir: 34000 kr. komi: 48000 kr.
Að 7. grein. Fyrir: 628663 kr. 5 a. komi: 640161 kr. 26 a.
Að 16. grein. Fyrir: 72333 kr. 97. a. komi: 77795 kr. 94 a.
Nefndin vísar um leið til meðfylgjanda yfirlits yfir frumvarpið 7.—16. gr. og stingur upp á nýrri 17. grein svo hljóðandi:

17. grein.

Ef frumvörp til laga

1. um afnám styrks til útbýtingar gjafameðala,
2. um húsaleigustyrk handa lyfsalanum í Reykjavík,
3. um afnám konungsúrsk. 15. apríl 1803,
4. um stofnun gagnfræðisskóla á Möðruvöllum,

ná lagagildi á árunum 1878—79, breytast upphæðir þær, sem til eru teknar í 11. og 13. grein, samkvæmt fyrnefndum lagafrumvörpum.

Nefndin tekur einnig við þennan kafla nauðsynlegan fyrirvara gegn reikningsvillum.

---

2. Kapítuli.

Útgjöld.

7. grein.

Á árunum 1878 og 1879 veitast til útgjalda 640161 kr. 26 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. grein.

8. grein.

Útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin 26800 kr., sem sje fyrir 1878: 12400 kr., og fyrir 1879: 14400 kr.

9. grein.

Til kostnaðar við alþingi á árinu 1879 veitast 32000 kr.

10. grein.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina og fl., veitast 191859 kr. 32 a. fyrir árin 1878 og 1879:

	1878 kr. a.	1879 kr. a.	Alls. kr. a.
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:			
1. laun embættismanna	18,900.	18,900.	
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað og fleira . .	3,600.	3,600.	
3. þóknun fyrir endurskoðun íslenzkra reikninga	1,600.	1,600.	
	24,100.	24,100.	48,200.
B. Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun embættismanna	16,544.	16,544.	
2. til hegningarhússins í Reykjavík	2,960.	2,960.	
3. önnur útgjöld	1,820.	1,820.	
	21,324.	21,324.	42,648.
C. Ýmisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi	1,434.	1,434.	
Yfir um	1,434.	1,434.	90,848.

	1878 kr. a.	1879 kr. a.	Alls. kr. a.
handanað	1,434.	1,434.	90,848.
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir það, að þeir verða að borga undir embættisbrjef hjer um bil	2,000.	2,000.	
3. til þess að gefa út «Lovsamling for Island» allt að	1,866. 66	1,866. 66	
4. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar	705.	705.	
5. styrkur til jarðarræktar	5,000.	5,000.	
6. til vegabóta	15,000.	15,000.	
7. til gufuskipsferða	15,000.	15,000.	
8. til vitabyggingar á Reykjanesi allt að	»	»	14,000.
9. til dómkirkjunnar í Reykjavík	»	»	5,000.
	41,005. 66	41,005. 66	82,011. 32
Samtals			191,859.
11. grein.			
Til útgjalda við læknaskipunina veitast 80052 kr.			
1. laun lækna	37,726.	37,726.	75,452.
2. önnur útgjöld	2,300.	2,300.	4,600.
	40,026.	40,026.	80,052.
12. grein.			
Útgjöldin við póststjórnina er ætlazt á að verði 26400 kr.			
1. laun	3,500.	3,500.	7,000.
2. flutningur pósta	8,000.	8,000.	16,000.
3. önnur útgjöld	1,600.	1,400.	3,000.
4. útgjöld, sem upp á kunna að koma	200.	200.	400.
	13,300.	13,100.	26,400.
13. grein.			
Til kirkju- og kennslumálefna veitast 134664 kr.			
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a, laun	8,032.	8,032.	
b, önnur útgjöld:			
1. til fátækustu brauða . . . . . 4000 kr.			
2. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti . . . . . 600 —			
3. til prestaekkna og barna þeirra og styrkur handa fátækum uppgjafa-prestum og prestaekkjum . . . 2500 —			
4. endurgjald handa biskupi fyrir skrif-stofukostnað . . . . . 1000 —	8,100.	8,100.	
	16,132.	16,132.	32,264.

		1878	1879	Alls.
B. Kennslumálefni:		kr. a.	kr. a.	kr. a.
I. til prestaskólans:				
a, laun		10,700.	10,700.	
b, önnur útgjöld:				
1. húsaleiga handa 12 lærisveinum við prestaskólann, 80 kr. handa hverjum	1200 kr.			
2. ein ölmusa upp á 200 kr. . .	200 —			
3. til tímakennslu	100 —			
4. til bókakaupa	300 —			
5. til eldiviðar og ljósa	300 —			
6. til umsjónar	100 —			
7. ýmisleg útgjöld	120 —	2,320.	2,320.	
		13,020.	13,020.	26,040.
II. til læknaskólans:				
a, laun		2,600.	2,600.	
b, önnur útgjöld:				
1. 3 ölmusur upp á 200 kr.	600 kr.			
2. til eldiviðar, áhalda, ljósa og fl. . .	200 —			
3. til bókakaupa og verkfæra . . .	300 —	1,400.	1,400.	
4. ferðastyrkur handa læknaefnum . .	300 —	4,000.	4,000.	8,000.
III. til hins lærða skóla:				
a, laun		16,200.	16,200.	
b, aðstoðarfje handa söngkennaranum .	860 kr.			
—— — fimleikakennara . .	700 —			
c, handa dyraverði	760 —	2,320.	2,320.	
d, önnur útgjöld:				
1. til bókakaupa	600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	1500 —			
3. til skólahússins utanstokks og innan	1500 —			
4. til tímakennslu	1060 —			
5. ölmusur	8000 —			
6. þóknun handa lækni	100 —			
7. ýmisleg útgjöld	1200 —	13,960.	13,960.	
		32,480.	32,480.	64,960.
C. 1. til stiptsbókasafnsins	400 —			
2. — amtsbókasafnsins á Akureyri . .	200 —			
3. — kvennaskólans í Reykjavík . .	400 —			
4. — kvennaskólans á Munkaþverá . . og leigulaus afnot af Munkaþverá og Bleiksmýrardal.	200 —			
5. — forngripasafnsins:				
a, til þess að kaupa forngripi 400 kr.				
b, — umsjónar . . . . 100 —	500 —			
6. til barnaskólans	1300 —			6,000.
	Samtals			134,664.

14. grein.

Til eptirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 48000 kr.

15. grein.

Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og til óvissra útgjalda, sem upp á kunna að koma, veitast 20000 kr.

16. grein.

Afganginn, sem fyrst um sinn er ætlaður að verði 77,795 kr. 94 a., skal leggja til viðlagasjóðsins.

17. grein.

Ef frumvörp til laga:

1. Um afnám styrks til útbýtingar gjafameðala,
2. — — húsaleigustyrks handa lyfsalanum í Reykjavík,
3. — — konungsúrskurðar 15. apríl 1803,
4. — stofnun gagnfræðisskóla á Möðruvöllum,

ná lagagildi á árunum 1778—1879, breytast upphæðir þær, sem til eru teknar í 10., 11. og 13. gr., samkvæmt fyr nefndum lagafrumvörpum.

Athugasemdir.

Að 10. grein.

A. 2. Hjer dragast frá 400 kr. fyrir hvort ár, nefnil. 200 kr. fyrir hvorn amtmannanna.

3. Hjer dragast einnig frá 400 kr. á ári.

B. 1. Hjer dragast frá 664 kr. á ári, sem er launaviðbót forstjórans í landsyfirrjettinum, sem áður var, og þess, sem nú er settur, nefnilega 232 kr. og 432 kr., til samans 664 kr.

Ef frumvarp til laga um að af nema konungsúrskurð 15. apríl 1803 verður að lögum, þá lækkar þessi liður enn fremur um 744 kr. á ári, í allt 1488 kr.

3. a. Nefndin hefur fært þóknun handa 2 málsfærslumönnum við landsyfirrjettinn upp um 600 kr. á ári (300 kr. fyrir hvorn); er þetta samkvæmt konunglegri auglýsingu til alþingis 1857, og kom einnig seinna fram í þingræðunum sama ár (sjá alþingist. 1857 bls. 378), þó að engin bót þar fyrir hafi á þessu fyr verið ráðin; nefndin verður að vera á því, þegar litið er til, bæði hvað allt hefur síðan stigið í verði af því, sem til lífsviðurværis heyrir, og hve málaflutningsgjald er rýrt hjer á landi, þá sje sanngjarnt, að hækka þóknun þessara manna, sem hjer um ræðir. Ekki gildir þessi viðbót nema fyrir fjárhagstímabilið.

b. Nefndin gjörir eins og fjárlaganefndin 1875 ráð fyrir, að þóknun sú, sem fyrsti dómandi í yfirrjettinum hingað til hefur haft fyrir að leggja út dómsgjörðir,

sjálfsagt falli burtu, við embættismannaskipti þau, sem nú verða, og hækkar því útgjaldagrein þessi á annan bóginn um 600 kr., en lækkar aptur á móti um 500 kr., og færist því upp um 100 kr.

C. 3. Nefndin hefur að svo stöddu ekki viljað af nema þessa upphæð, því margur kann að vilja eiga þetta lagasafn til þess tíma, að stjórnartíðindin taka við, enda er svo ráð fyrir gjört, að sami höfundur vinni að því, sem að undanförnu.

4. Þessi upphæð er færð upp um 418,12, af því brunabótagjaldinu fyrir lærða skólann er hjer bætt við; þykir betur eiga við, að hafa brunabótagjald fyrir opinberar byggingar á einum stað, heldur en á tvístringi hjer og hvar í fjárlögunum, enda er það dregið frá 13. gr. B. III c. 8.

5. Þennan staflið hefur nefndin fært upp um 2600 kr., svo hann verður um hvort árið 5000 kr.; þykir óþarft að gjöra grein fyrir þessari breytingu.

6. og 7. eru óbreyttir, en nefndin tekur þann fyrirvara, hvað snertir hinn síðara, að umboðsstjórnin í fyrirkomulagi gufuskipsferðanna hagi sjer eptir í öllu verulegu, sjer í lagi hvað dagsetningu ferðanna snertir, annari hvorri af þeim áætlunum, sem hjer fylgja (fylgiskjöl nr. 5. og 6.); að öðrum kosti er fjeð að álíta sem óveitt.

8. Dómkirkjunni í Reykjavík er þessi styrkur ætlaður sökum þess, að prestar landsins eru þar vígðir; en nái frumvarp til laga um húsagjald til kirkjunnar lagagildi, er svo til ætlazt, að umboðsstjórnin hafi heimild til að lána henni úr viðlagasjóð, það sem þarf til aðgjörðarinnar, auk þess sem kirkjan á í sjóði, eða allt að 20000 kr. með þeim kjörum, að lánið afborgist með 6% á ári hverju.

9. Það er hvorttveggja, að eptir gildandi lögum er ekki gjört ráð fyrir endurskoðun jarðabókarinnar á þessu fjárhagstímabili, enda mun eigi liggja á þessari endurskoðun fyr, en hinn lögákveðni tími 1881 er útrunninn.

Að 11. grein.

Að 2. Ef frumvarp til laga um að afnema húsaleigustyrk handa lyfsalanum í Reykjavík og styrk til útbýtingar gjafameðulum handa fátækum nær lagagildi, þá færist upphæðin niður um 1100 kr. á ári, auk þeirra 48 kr., sem engin ástæða virðist vera til að bæta við laun þeirra 2 yfirsetukvenna í Reykjavík, þar sem aukatekjur þeirra eru meiri en annarstaðar á landinu.

Að 12. grein.

Að 1. Færist niður um 600 kr. Sú ástæða, sem tilfærð er í athugasemdunum við frumvarpið bls. 19., virðist ekki fullnægjandi, því bæði er það, að gestanauð hjá póstafgreiðslumönnum í kaupstöðum er varla teljandi, enda munaði engan um viðbótina, ef gestanauðin væri mikil; aptur ljetta gufuskipsferðirnar með fram ströndum landsins mjög á þeim póstafgreiðslumönnum, sem innsveitis búa, og verður nefndin því heldur yfir höfuð að ráða frá allri launahækkun, sem hún ætti að bíða þess, að póstferðirnar gætu borið sig sjálfar.

2. Flutning pósta hefur nefndin einnig fært niður um 600 kr. á ári, þar eð þessi upphæð virðist nægileg sökum þess, að peningasendingar nú hafa minnkað mikið, eptir að hin gamla mynt er innkölluð.

3. Fyrir seinna árið í fjárhagstímabilinu hefur nefndin fært niður þenn-

an tölulið um 200 kr., af því þar er reikningsvilla í frumvarpi stjórnarinnar (sjá athugasemd við frumvarpið 20. bls.).

Að 13. grein.

Nefndin leyfir sjer að ítreka tillögur nefndarinnar 1875 um að af nema laun og húsaleigustyrk handa dómkirkjuprestinum, þegar embættið losnar.

Að A b. 1. Þessa upphæð hefur nefndin fært upp um 1000 kr. og mun það þó þykja helzt til lítið.

3. er einnig færður upp um 500 kr. á ári; þar á móti er

B I b. 1. færður niður um 240 kr. sökum þess, að lærisveinatalan við prestaskólann sjaldan hefur náð 12 og því síður 15.

2. einnig er ölmusunum fækkað um eina. Gengur nefndin að því vísu, að með hæfilegum sparnaði muni þetta nægja.

C. 3. fært upp um 200 kr.

4. Nýr liður. Forstöðunefnd þessa kvennaskóla hefur gjört grein fyrir eigum og fjárstofni þessarar nýju stofnunar (sjá fylgiskjal nr 11), sem nefndin að öðru leyti vísar til.

5. Nýr liður. Það virðist nauðsynlegt, að styrkja þá barnaskóla, sem þegar eru komnir í gang; þó gjörir nefndin það að skilyrði fyrir þessari fjárveitingu, að hlutaðeigandi skólar sjálfir eigi sitt skólahús eða skólajörð.

Að 14. grein.

Þessi upphæð er færð upp um 14000 kr. eða allt að 48000 kr. Kemur það af því, að nú bætast við eptirlaun hins fyrverandi forstjóra landsyfirrjettarins og eptirlaun handa fyrverandi fimleikakennara Stenberg, 500 kr. fyrir hvort ár á fjárhagstímabilinu.

Þess utan stingur nefndin upp á, að úr landssjóði sje bætt við eptirlaun ekkjufrúnna Þórunnar Hannesdóttur og Elínar Stefánsdóttur, 450 kr. á ári við hina fyrnefndu og 260 kr. við hina síðarnefndu um næstkomandi fjárhagstímabil.

Að 15. grein.

Þó að þessari grein í fjárlögunum fyrir 1876 og 1877 væri skipt í 2 greinar, vill þó nefndin eptir tilmælum stjórnarinnar halda henni óbreyttri, eins og hún stendur í frumvarpinu, en eptir samkomulagi við landshöfðingjann eru hjer tilteknir nokkrir menn, sem nefndin mælir með að styrkur sje veittur af því fje, sem er í þessari útgjaldagrein, nefnilega:

1. Landbúnaðarnefndinni, sem var . . . . . 1000 kr.
2. Tómasi lækni Hallgrímssyni (til að framast í augnalækningum) . . 400 —
3. Páli málaflutningsmanni Melsteð, til að rannsaka skjalasöfnin í Reykjavík 400 —
4. Eggerti Jónssyni til kaupa á spuna- og vefnaðarverkfærum (óviss upphæð).
5. Arnljóti presti Ólafssyni, til að út gefa hagfræðisbók . . . . . 400 —
6. Jónasi Helgasyni fyrir að kenna organslátt . 600 —
7. Árna Gíslasyni til málmstungu-frama . . . . 300 —
8. Jóni Árnasyni til að nema verkvjelasmíði (óákveðin upphæð).

Þess utan mælir nefndin með lánum af landssjóð gegn nægilegri tryggingu til þeirra, sem nú skal greina:

1. Sýslunefndunum í Árness-

Rangárvalla- og Vestur-Skaptafellssýslum allt að . . . . . 150000 kr. til brúarbyggingar yfir Þjórsá og Ölfusá með 6% afborgun og sjerstakri tryggingu frá tjeðum sýslunefndum (fylgiskjal nr. 9 og 10).

2. Egilsson og Smith gegn lagaveði og 10 ára afborgun . . . . . 2000 kr.
3. Til framskurðar á Staðarbyggðarmýrum (óákveðin upphæð).

---

1. fylgiskjal.

YFIRLI'

yfir gjald af ar

1871

	Erfða-gjald.		Fasteign-argjald.	
	rd.	sk.	rd.	sk.
Skaptafellssýsla	33	14	2	93
Vestmannaeyjasýsla	»	»	»	82
Rangárvallasýsla	30	11	11	86
Árnessýsla	39	74	7	28
Kjósar- og Gullbringusýsla	245	67	22	13
Reykjavík	80	79	24	28
Mýra- og Borgarfjarðarsýsla	86	94	33	57
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	»	»	14	53
Dalasýsla	82	11	5	51
Barðastrandarsýsla	»	130	45	»
Ísafjarðarsýsla	36	77	12	54
Strandasýsla	71	66	2	62
Húnavatnssýsla	100	17	1	16
Skagafjarðarsýsla	33	15	5	»
Eyjafjarðarsýsla	72	70	4	58
Þingeyjarsýsla	96	11	16	5
Norður-Múlasýsla	56	32	49	67
Suður-Múlasýsla	86	42	8	47
Samtals	1152	8	223	32
Viðbætt eptir getgátu				
Kjósar- og Gullbringusýsla		130	45	
		1505	85	

g fasteignarsölum 1871—1875.

1872				1873				1874				1875			
Erfða-gjald.		Fasteignar-gjald.		Erfða-gjald		Fasteignar-gjald.		Erfða-gjald.		Fasteignar-gjald.		Erfða-gjald.		Fasteignar-gjald.	
rd.	sk.	rd.	sk.	rd.	sk.	rd.	sk.	rd.	sk.	rd.	sk.	kr.	a.	kr.	a.
39	55	5	30	30	7	3	19	45	92	5	33	9	79	9	52
1	67	1	13	»	»	»	7	»	52	»	51	2	7	»	»
27	32	10	62	67	26	8	83	39	79	12	78	73	50	8	8
74	45	31	90	79	61	17	83	200	88	8	51	110	29	12	75
54	56	14	52	»	»	47	45	25	69	27	49	113	15	22	77
20	47	87	73	37	15	34	13	4	25	37	56	251	81	120	16
68	52	31	22	52	17	30	30	47	29	20	36	126	83	94	29
9	4	16	48	24	32	4	48	31	78	42	72	81	24	»	»
37	65	23	19	32	16	11	80	83	25	11	72	58	73	35	29
8	82	29	15	17	10	18	12	18	7	11	68	108	30	15	69
72	94	32	43	28	43	13	76	39	36	22	93	80	16	71	64
4	4	»	»	6	81	4	64	14	1	1	56	27	84	22	66
121	63	2	48	199	19	31	64	128	57	17	61	157	57	80	34
42	85	4	68	68	94	3	24	313	20	10	55	129	22	26	90
97	80	22	84	56	»	34	88	57	51	2	48	62	88	8	»
48	30	1	72	136	57	3	5	94	28	»	»	76	78	82	75
52	78	31	48	79	65	4	57	82	55	7	50	54	83	68	58
51	4	4	72	90	27	11	»	59	64	21	72	24	40	46	80
933	79	351	91	1005	90	283	30	1286	88	263	41	1549	39	726	22
				25	19										
				1031	13										

Skrifstofu landfógeta á Íslandi, 13. nóv. 1876.

2. fylgiskjal.

LANDSHÖFÐINGINN YFIR ÍSLANDI.

Reykjavík 8. júlí 1877.

Samkvæmt heiðruðu brjefi nefndarinnar frá í gær skal jeg hjer með gefa þær upplýsingar um hag landssjóðsins við árslokin 1876, sem jeg tók fram, þá er framlagt var frumvarpið til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879, og sem að öðru leyti eru teknar upp í þingbók neðri deildar þingsins.

Jeg skal ítreka það, sem jeg ljet í ljósi við nefnt tækifæri, að ekki hefur verið unnt að fullgjöra ársreikninginn 1876, af því nokkur fylgiskjöl hans eru enn ófengin, og bæta því við, sem að öðru leyti segir sig sjálft, að einstaklings-reikningarnir, sem skilin fyrir hinum einstöku reikningsgreinum verða að byggjast á, hafa ekki enn þá sætt endurskoðun.

	Tekjur.	Fjárlögin. kr.	aur.	Ársreikn.: 1876. kr.	aur.
1.	Lestagjald, fjárl. 2. gr. nr. 11.	28848	»	37292	41
2.	Tekjur af póstferðum, 2. gr. nr. 12. . .	7500	»	11782	17
3.	Gjöld af vínföngum	80000	»	88255	88
4.	— — tóbaki	»	»	7496	33
5.	Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins, 4. gr. 1.	2782	»	5202	»
6.	Leigur og borgun upp í lán og skyndilán, 4. gr. 2.	7440	»	leigur 2652 lán 5279	59 5
	Útgjöld.				
7.	Samkvæmt 10. gr. A.	23198	66	23977	49
8.	—— — — B.	20429	66	20878	32
9.	—— — — C.	»	»	24129	77
10.	—— 11. gr.	18594	66	25262	65
11.	—— 12. gr.	13600	»	14691	86
12.	—— 13. gr. A.	13332	»	13633	25
13.	—— — — B. I.	12420	»	12243	89
14.	—— — — B. II.	28915	33	34531	25
15.	—— — — C.	1300	»	1100	»
16.	—— 14. gr.	»	»	20549	2
17.	—— 15. gr.	»	»	3859	96
18.	—— 16. gr.	»	»	5346	36
Tekjur landssjóðsins fyrir árið 1876 hafa samtals verið hjer um bil				306900	»
Útgjöldin				215000	»
	Afgangurinn hjer um bil			90000	»

Ef mig minnir rjett, gat jeg þess í ræðu minni, að hjer um bil 80,000 kr. mundu verða afgangs gjöldum, þegar aðalupphæð þeirra væri dregin frá aðalupphæð tekjanna, en gjöldin taldi jeg sem að framan er sagt; það mun samt liggja í augum uppi, að mjer hefur orðið mismæli, er eg nefndi 80,000 kr. í staðinn fyrir, að mismunur beggja aðalupphæða verður hjer um bil 90,000 kr.

Við árslok 1876 átti viðlagasjóðurinn 462715 kr. 64 aur. nefnilega:	kr.	aur.	kr.	aur.
Innskriptarskírteini G. fol. 333			200,000	»
Konungleg skuldabrjef hins fyrverandi læknasjóðs			40,406	62
Skuldabrjef fyrir lánum upp á árlegar afborganir			81,708	46
Önnur skuldabrjef einstakra:	kr.	a.		
a, viðlagasjóðsins	21700	»		
b, hins fyrverandi læknasjóðs	110974	40	132674	40
Ógreitt af andvirði seldra jarða	5190	»		
Peningaleifar	2736	16	7926	16
			= 462715	64
Hjer við bætist andvirði stiptsprentsmiðjunnar, er samkvæmt lögum 15. okt. 1875 er afhent með afsalsbrjefi 29. des. 1876 .	27492	61		
er ávaxtast sem nú greinir:				
Innskriptarskírteini	13400	»		
Innistendur hjá kaupanda með 4% vöxtum og árlegri afborgun 1000 kr.	14000	»		
Skuldabrjef einstakra	1400	»	28800	»
			491515	64

Hilmar Finsen.

---

3. fylgiskjal.

TEKJUR OG GJÖLD

þjóðkirkna eptir meðaltali 4—5 síðastliðinna ára.

Ár.	Nöfn	Tekjur.	Gjöld.	Afgangs-tekjur.	Gjöld, fram-yfir tekjur.
1871—76	Bjarnaneskirkja	93.28	37.06	56.22	
1871—75	Prestsbakkakirkja . . .	280.22	90.00	190.22	
»	Þykkvabæjarkirkja . . .	91.94	41.26	50.68	
»	Langholtskirkja	143.74	63.31	80.43	
1871—76	Ingjaldshólskirkja . . .	123.24	116.65	6.59	
1870—75	Vestmannaeyjakirkja . .	212.91	107.74	105.17	(1781.78)
1871—76	Reykjavíkurkirkja . . .	916.48	641.07	275.41	
				764.72	

4. fylgiskjal.

REIKN

fyrir tekjum og gjöldum hins íslenzka styrktarsjóðs,
frá 25. júlí 1844

1844	Tekjur.	rd. sk.	rd.	sk.
	Eptir allrahæstum úrskurði 25. júlí 1844 skal til færa »Collectu» peninga þá, er stóðu inni í konungssjóði með	28165 24		
	en af þessu fje greiða þá upphæð, sem auk hinna íslenzku »mjölbótapeninga», 7500 rd., þurfti til að ná upp 12000 rd., sem það kostaði að flytja lærða skólann til Reykjavíkur, eða alls	4500 »		
	sem ávísað var 31. des. 1844 og eptir það, einnig samkvæmt úrskurðinum, eptirstöðvarnar taldar hinum íslenzka styrktarsjóði, er stofnaðist við sama úrskurð		23,665	24
	Áfallnir vextir í 150 daga frá 25. júlí s. á.		412	35
		alls	24,077	59
1845	Eptirstöðvar 31. des. 1844		24,077	59
	Áfallnir vextir:	rd. sk.		
	af 24077 rd. 59 sk. frá 31. des. 1844 til 17. maí 1845 = 137 dagar	361 47		
	— 13,077 rd. 59 sk. frá 17. maí til 31. des. 1875 = 228 dagar	326 73	688	24
		alls	24,765	83
1846	Eptirstöðvar 31. des. 1845		13,765	83
		alls	13,765	83
1847	Eptirstöðvar 31. des. 1846. Skuldabrjef sjóðsins		13,765	83
1848	Eptirstöðvar 31. des. 1847. Skuldabrjef sjóðsins		13,765	83
1849	Eptirstöðvar 31. des. 1848. Skuldabrjef sjóðsins		13,765	83

INGSSKIL

sem stofnaður er með allrahæstum úrskurði 25. júlí 1844,
til 1. febrúar 1877.

		rd.	Sk.
1844	Gjöld.		
	Eptirstöðvar 31. desember 1844	24,077	59
		24,077	59
1845 maí 17.	Eptir allrahæstum úrskurði 2. maí 1845 og brjefi fjárhagsnefndarinnar 13. s. m. ávísað Zahlsjóðnum enn fremur til að standast kostnaðinn við flutning lærða skólans til Reykjavíkur	11,000	»
	Eptirstöðvar 31. desember 1845	13,765	83
	alls	24,765	83
1846	Eptirstöðvar 31. desember 1846. Í tilefni af brjefi rentukammersins 14. apríl 1846 eru útveguð skuldabrjefin lit. A N 1170, lit. A N 1142 með vöxtum frá 31. desember 1845 fyrir eptirstöðvarnar .	13,765	83
	alls	13,765	83
1847	Eptirstöðvar 31. desember 1846. Skuldabrjef sjóðsins	13,765	83
1848	Eptirstöðvar 31. desember 1847. Skuldabrjef sjóðsins	13,765	83
1849	Eptirstöðvar 31. desember 1848. Skuldabrjef sjóðsins	13,765	83

	Tekjur.	rd.	sk.
1850	Eptirstöðvar 31. des. 1849. Skuldabrjef	13,765	83
	Vextir af skuldabr. sjóðsins frá 31. des. 1845 til 11. des. 1849	2,103	16
	Vextir af skuldabr. frá 11. des. 1849 til 11. júní 1850 . .	258	10
	Vextir af skuldabr. frá 11. júní til 11. des. 1850 . . . (2 síðar nefndar upphæðir að frádregnum stríðsskatti).	267	46
	Grætt við sölu á víxlbrjefi	4	12
	Depositokassa-skuldabrjef eptirstöðvanna færist til jafnaðar	500	»
	alls	16,898	71

1851	Eptirstöðvar 31. desember 1850.		
	Skuldabrjef 14,265 rd. 83 sk., peningar 540 rd. 94 sk.. .	14,806	81
	Vextir af skuldabrjefum sjóðsins frá 11. desember 1850 til 11. desember 1851, að frá dregnum stríðsskatti . .	534	92
	alls	15,341	77

1850	Gjöld.		Rd.	Sk.
	Eptir allrahæstum úrskurði 30. apríl 1849 borgaður styrkur til Guðmundar Stephensens og Jóns Espólíns til að nema akuryrkju		500	»
	Eptir allrahæstum úrskurði 4. febr. 1850 borgaður styrkur til Jóns Espólíns og cand. phil. Eiríks Jónssonar til að nema akuryrkju		500	»
	Eptir allrahæstum úrskurði 2. júní 1850 borgaður akuryrkjunámspilti Jóni Espólín styrkur til að ferðast til Noregs		150	»
	Eptir allrahæstum úrskurði 19. júlí 1850 borgað akuryrkjunámspiltum Guðmundi Ólafssyni og Jóni Espólín til að halda áfram ferð þeirra í Noregi		400	»
	Eptir skipun innanríkisráðgjafans keyptur járn-peningaskápur og bók til hirzlu fyrir eign sjóðsins		67	32
	Keypt 4% rentuberandi Depositokassa skuldabrjef Nr. 13,048 upp á 500 rd. með vöxtum frá 11. júní 1850 fyrir . .		474	54
	Eptirstöðvar 31. des. 1850:	rd. sk.		
	Konungleg skuldabrjef	13765 83		
	Depositokassa-skuldabrjef 500 rd., í peningum 540 rd. 94 sk.	1040 94		
			14,806	81
		alls	16,898	71
1851	Eptir allrahæstum úrskurði 4. febr. 1851 borgaður styrkur Sigurði Guðmundssyni til að læra uppdráttarlist . . .		100	»
	Eptir allrahæstum úrskurði 4. febr. 1851 borgaður styrkur akuryrkjunámspilti Jóni Espólín		200	»
	Eptir allrahæstum úrskurði 25. marz 1851 borgað Þórarni Árnasyni og Birni Árnasyni þeim til útbúnings í tilefni af veru þeirra á Böggildgaard til að nema akuryrkju .		140	»
	Eptir allrahæstum úrskurði 8. ágúst 1851 borgað sömu til ferðakostnaðar		100	»
	Eptirstöðvar 31. desbr. 1851: skuldabrjef 14,265 rd. 83 sk. peningar 535 rd. 90 sk.		14,801	77
		alls	15,341	77

	Tekjur.	rd.	sk.
1852	Eptirstöðvar 31. desember 1851.		
	Skuldabrjef 14265 rd. 83 sk.; peningar 535 rd. 90 sk. =	14,801	77
	Vextir af skuldabrjefum sjóðsins frá 11. desembermán. 1851 til 11. desembermán. 1852 . . . . . =	570	60
	alls	15,372	41

1853	Eptirstöðvar 31. desember 1852.		
	Skuldabrjef 14265 rd. 83 sk.; peningar 320 rd. 34 sk. . =	14,586	21
	Vextir af skuldabrjefum sjóðsins frá 11. desember 1852 til 11. desember 1853 . . . . . =	570	60
	alls	15,156	81

1852	Gjöld.	rd.	sk.
	Eptir allrahæstum úrskurði 1. maí 1851 borgaður styrkur til akuryrkju-námspilta Guðm. Ólafssonar og Jóns Espólíns	400	»
	Eptir allrahæstum úrskurði 8. ágúst 1851 borgað fyrir kennslu Þórarins Árnasonar og Björns Árnasonar í akuryrkju .	100	»
	Eptir allrahæstum úrskurði 4. marz 1852 borgaður styrkur handa Sigurði Guðmundssyni til að nema uppdráttarlist	100	»
	Eptir allrahæstum úrskurði 17. apríl 1852 borgaður styrkur til ferðakostnaðar akuryrkju-námspilta Sæmundar Eiríkssonar og Jóns Pjeturssonar	50	»
	Eptir allrahæstum úrskurði 17. apríl 1852 borgað akuryrkju-námspiltum Þórarni Árnasyni 100 rd. og Birni Árnasyni 12 rd.	112	»
	Eptir brjefi innanríkisráðgjafans 7. ágúst 1852 borgaður styrkur til heimferðar Þórarins Árnasonar	20	»
	Til aðgjörðar járn-peningakistunni.	4	20
	Eptirstöðvar 31. desbr. 1852: skuldabrjef 14265 rd. 83 sk. peningar 320 rd. 34 sk.	14,586	21
	alls	15,372	41
1853	Eptir allrahæstum úrskurði 17. apríl 1852 borgað fyrir kennslu Sæmundar Eiríkssonar og Jóns Pjeturssonar í akuryrkju	100	»
	Eptir allrahæstum úrskurði 12. jan. 1853 borgaður styrkur til Sigurðar Guðmundssonar til að nema uppdráttarlist	100	»
	Eptir allrahæstum úrskurði 8. júní 1853 borgaður styrkur til akuryrkju-námspilta Sæmundar Eiríkssonar og Jóns Pjeturssonar	200	»
	Eptir allrahæstum úrskurði 10. júlí 1853 borgaður styrkur til akuryrkju-námspilts Björns Ásbjörnssonar . . .	100	»
	Eptirstöðvar 31. des. 1853: skuldabrjef 14265 rd. 83 sk., peningar 390 rd. 94 sk.	14,656	81
	alls	15,156	81

9*

	Tekjur.	rd.	sk.
1854	Eptirstöðvar 31. desember 1853.		
	Skuldabrjef 14265 rd. 83 sk., peningar 390 rd. 94 sk. . .	14,656	81
	Vextir af skuldabrjefum sjóðsins frá 11. desember 1853 til 11. desember 1854	570	60
	alls	15,227	45
1855	Eptirstöðvar 31. desember 1854.		
	Skuldabrjef 14,265 rd. 83 sk., peningar 441 rd. 58 sk. .	14,707	45
	Vextir af skuldabrjefum sjóðsins frá 11. desember 1854 til 11. desember 1855	570	60
	alls	15,278	9
1856	Eptirstöðvar 31. desember 1855.		
	Skuldabrjef 14,265 rd. 83 sk., peningar 822 rd. 22 sk. .	15,088	9
	Vextir af skuldabrjefum sjóðsins frá 11. desember 1855 til 11. desember 1856	570	60
	alls	15,658	69

	Gjöld.	rd.	sk.
1854	Eptir allrahæstum úrskurði 6. febr. 1854 borgaður Sigurði Guðmundssyni styrkur til að nema uppdráttarlist . .	100	»
	Eptir allrahæstum úrskurði 20. marz 1854 borgaður styrkur til akuryrkju-námspilts Sæmundar Eirikssonar . . .	80	»
	Eptir allrahæstum úrskurði 2. júní 1854 borgaður styrkur til akuryrkju-námspilts Jóns Jónssonar	40	»
	Eptir allrahæstum úrskurði 2. júní 1854 borgað fyrir kennslu akuryrkju-námspilta S. Eiríkssonar og Jóns Pjeturssonar árið 1853	100	»
	Eptir allrahæstum úrskurði 30. júní 1854 borgað akuryrkju-námspilti Jóni Pjeturssyni til að kaupa akuryrkjuverkfæri	80	»
	Eptir allrahæstum úrskurði 14. okt. borgaður styrkur til akuryrkju-námspilts Jóns Jónssonar	120	»
	Eptirstöðvar 31. desbr. 1854: skuldabrjef 14265 rdl. 83 sk., peningar 441 rdl. 54 sk.	14,707	45
	alls	15,227	45
1855	Eptir allrahæstum úrskurði 21. jan. 1855 borgaður styrkur til Sigurðar Guðmundssonar til að læra uppdráttarlist . .	100	»
	Eptir allrahæstum úrskurði 2. maí 1855 borgaður styrkur til akuryrkju-námspilts Jóns Jónssonar	90	»
	Eptirstöðvar 31. desbr. 1855: skuldabrjef 14265 rdl. 83 sk., peningar 822 rdl. 22 sk.	15,088	9
	alls	15,278	9
1856	Eptir allrahæstum úrskurði 18. febr. 1856 borgaður styrkur til S. Guðmundssonar til að læra uppdráttarlist . . .	100	»
	Eptir allrahæstum úrskurði 18. febr. 1856 borgaður styrkur til jarðyrkju-námspilta Ólafs Sveinssonar og Friðbjörns Björnssonar	150	»
	Eptir allrahæstum úrskurði 18. okt. 1856 borgaður styrkur til sömu jarðyrkju-námspilta	240	»
	Eptirstöðvar 31. desbr. 1856: skuldabrjef 14,265 rdl. 83 sk., peningar 902 rdl. 82 sk.	15,168	69
	alls	15,658	69

Tekjur	rd.	sk.
1857 Eptirstöðvar 31. desbr. 1856.		
Skuldabrjef 14,265 rdl. 83 sk.; peningar 902 rd. 82. sk. =	15,168	69
Vextir af skuldabrjefum sjóðsins frá 11. desember 1856 til 11. desember 1857 . . . . . =	570	60
alls	15,739	33
1858 Eptirstöðvar 31. desember 1857.		
Skuldabrjef 14265 rd. 83 sk.; peningar 993 rd. 46 sk. . =	15,259	33
Vextir af skuldabrjefum sjóðsins frá 11. desember 1857 til 11. desember 1858 . . . . . =	570	60
alls	15,829	93
1859 Eptirstöðvar 31. desember 1858.		
Skuldabrjef . . . . . 14265rd. 83sk.		
Minnkuð eptir skýringu hjer að undan 65— 83— 14,200 rd. » sk.		
peningar . . . . . 1,364 — 10 —	15,564	10
Vextir af skuldabrjefum sjóðsins til 11. júní 1859	285	30
Skuldabrjefaupphæð sjóðsins hefur fjárhagsstjórnin víxlað þannig, að af 2765 rd. 83 sk. eru 2700 rd. meðteknir í kgl. 4% skuldabrjefum, og hitt, 65 rd. 83 sk., eptir gangverði á 97%, meðtekið í peningum með 63 rd. 83 sk.+ vöxtum frá 11. júní til 29. okt. = 94 sk., alls . .	64	81
Tekið til láns í þjóðbankanum mót handfengnu veði í 2700 rd. í skuldabrjefum	1,800	»
Vextir af ofannefndum 2700 rd.	54	»
Vextir af eptirstöðvunum 11,500 rd.	230	»
alls	17,998	25
1860 Eptirstöðvar 31. desember 1859.		
Skuldabrjef 14200 rd.; peningar 190 rd. 73 sk.	14,390	73
Hafið af aðalríkissjóði upp í það, sem af sjóðnum hefur verið lagt út fyrir kornvörur handa Snæfellsnessýslu . . .	917	89
Vextir af skuldabrjefum sjóðsins	568	»
alls	15,876	66

1857	Gjöld.	rd.	sk.
	Eptir allrahæstum úrskurði 14. apríl 1857 borgaður styrkur til akuryrkju-námspilts Friðb. Björnssonar	80	»
	Eptir allrahæstum úrskurði 11. marz 1857 borgaður styrkur til S. Guðmundssonar til að læra uppdráttarlist . .	100	»
	Eptir allrahæstum úrskurði 12. nóvbr. 1857 borgaður 150 rd. styrkur til hvors um sig af jarðyrkju-námspiltunum: Friðb. Björnssonar og Fr. Fjeldsteð	300	»
	Eptirstöðvar 31. desbr. 1857: skuldabrjef 14,265 rdl. 83 sk., peningar 993 rdl. 46 sk.	15,259	33
	alls	15,739	33
1858	Eptir allrahæstum úrskurði 15. jan. 1858 borgaður styrkur til G. Pálssonar til að læra myndasmíði	100	»
	Eptir allrahæstum úrskurði s. d. borgaður styrkur til sama	100	»
	Eptirstöðvar 31. desbr. 1858: skuldabrjef 14,265 rdl. 83. sk., peningar 1364 rdl. 10. sk.	15,629	94
	alls	15,829	94
1859	Eptir allrahæstum úrskurði 8. jan. 1859 borgaður styrkur til G. Pálssonar til að læra myndasmíði	100	»
	Mánaðar vextir af 1800 rd. láni	7	48
	Styrkur til Snæfellsnessýslu 500 tunnur af byggi á 7 rd, sem borgast 1. með láni þjóðbánkans . . . . . 1800 rd. 2. af peningaleifum sjóðsins . . . . . 1700 —	3,500	»
	Eptirstöðvar 31. desbr. 1859: Skuldabrjef 14200 rd., peningar 190 rd. 73 sk. . . .	14,390	73
	alls	17,998	25
1860	Vextir af 1800 rd. láni þjóðbankans frá 3. des. 1859 til 8. febrúar 1860	16	24
	Vextir til 8. febrúar 1861	72	»
	Eptirstöðvar 3. desember 1860: Skuldabrjef 14200 rd., peningar 1588 rd. 42 sk. . .	15,788	42
	alls	15,876	66

Tekjur.	rd.	sk.
$18^{61}/_{62}$ Eptirstöðvar 31. desember 1860.		
Skuldabrjef 14,200 rd.; peningar 1588 rd. 42 sk. . . .	15,788	42
Ársrentur af skuldabrjefum sjóðsins	568	»
Tekið lán í þjóðbankanum upp á	2,000	»
alls	18,356	42
$18^{62}/_{63}$ Eptirstöðvar 31. marz 1862.		
skuldabrjef 14200 rd.; peningar 124 rd. 48½ sk. . . .	14,324	48½
Vextir af skuldabrjefum sjóðsins til 11. júní og 11. des. 1862	568	»
alls	14,892	48½
$18^{63}/_{64}$ Eptirstöðvar 31. marz 1863.		
Skuldabrjef 14200 rd.; peningar 573 rd. 86½ sk.	14,773	86½
Vextir af skuldabrjefum sjóðsins til 11. júní og 11. des. 1863	568	»
Eptir brjefi 30. sept. 1863 er borgað í aðalríkissjóð upp í lánið til að varna hungursneyð í Snæfellsnessýslu . .	737	1
alls	16,078	87½
$18^{64}/_{65}$ Eptirstöðvar 31. marz 1864.		
Skuldabrjef 14200 rd.; peningar 1506 rd. 86½ sk. . . .	15,706	86½
Eptir brjefi 31. apr. 1864 ávísun útgefin af faktor Hjaltalín í Stykkishólmi upp á agent H. A. Clausen að upphæð	550	72
Vextir af skuldabrjefum sjóðsins til 11. júní og 11. des. 1864	568	»
Eptir brjefi 23. ág. 1864 er borgað í aðalríkissjóð upp í 3800 rd., sem á sínum tíma var varið til kornkaupa til að varna hungursneyð í Snæfellsnessýslu af fje styrktarsjóðsins,	169	67
alls	16,995	33½

	Gjöld.	rd.	sk.
$18^{61}/_{62}$	Vextir af 1800 rd. láni þjóðbankans frá 1. febrúar til 8. desember 1861 . . . . . 60 rd. «sk.		
	— af 1800 rd. frá 8. des. 1861 til 8. júní 1872 36— «—	96	»
	— - 2000 — frá 30. ágúst til 30. sept. 1861 6— 64—		
	— - — — frá 30. sept. 1861 til endurborgunardags 30. maí 1862 . . . . 53— 32—	60	»
	Borgað stórkaupmanni H. A. Clausen fyrir kornvörur til Snæfellsnessýslu	3800	»
	Borgað í aðalríkissjóð skyndilán jarðabókarsjóðsins til nauðstöddustu hreppa suðuramtsins	55	95
	Eptirstöðvar 31. marz 1862:		
	Skuldabrjef 14200 rd.; peningar 144 rd. 43 sk. . .	14,344	43
	alls	18,356	42
$18^{62}/_{63}$	Eptir brjefi 2. des. 1862 borgað þjóðbankanum í vexti frá 8. júní til 11. nóvbr. 1862 af 1800 rd. láni 30 rd. 58 sk.		
	Sömuleiðis af 6000 rd. láni frá 30. júní til 11. nóv. 88— » —	118	58
	Eptirstöðvar 31. marz 1863:		
	Skuldabrjef 14,200 rd.; peningar 573 rd. $86^1/_2$ sk .	14,773	$86^1/_2$
	alls	14,892	$48^1/_2$
$18^{63}/_{64}$	Eptir brjefi 26. júní 1863 er borgað í þjóðbankann: vextir frá 11. nóv. 1862 til 16. jan 1863 á 5%, og vextir frá 16. jan. 1863 til 16. júní s. á. á 4% af lánum þeim, er sjóðurinn hefur tekið af bankanum að upphæð 7800 rd.	200	40
	Eptir sama brjefi borgað í þjóðbankann: vextir frá 16. júní til 19. okt. 1863 á 4%, og sömuleiðis frá 19. okt. til 20. des. 1863 á 5% af umgetnu láni . . .	171	57
	Eptirstöðvar 31. marz 1864:		
	Skuldabrjef 14,200 rd.; peningar 1506 rd. $86^1/_2$ sk.	15,706	$86^1/_2$
	alls	16,078	$87^1/_2$
$18^{64}/_{65}$	Eptir brjefi 3. júní 1864 er af peningaleifum sjóðsins endurgoldið 1800 rd. lánið frá 1859, með vöxtum frá 19. des. 1863 til 8. júní 1864 á 5% 42 rd. 48. sk.	1,842	48
	Borgað í þjóðbankann 5% vextir frá 19. des. 1863 til 11. júní 1864 af 6000 rd. láni	150	»
	Sömuleiðis vextir til 19. des. 1864 af sama láni . . .	150	»
	Eptirstöðvar 31. marz 1865:		
	Skuldabrjef 14,200 rd.; peningar 652 rd. $81^1/_2$ sk .	14,852	$81^1/_2$
	alls	16,995	$33^1/_2$

10

	Tekjur.	rd.	sk.
$18^{65}/_{66}$	Eptirstöðvar 31. marz 1865.		
	Skuldabrjef 14,200 rd.; peningar 652 rd. 81 1/2 sk. . . .	14,852	81 1/2
	Vextir af skuldabrjefum sjóðsins til 11. júní og 11. desember 1865	568	»
	Eptir brjefi 5. júlí 1865 hafið af aðalríkissjóði til endurgjalds skyndilánum til kornbyrgðarútvega handa Íslandi	1,297	68
	Eptir brjefi 22. marz 1866 hafið af aðalríkissjóði til endurgjalds 4055 rd. 95 sk., er teknir voru sem skyndilán eptir brjefi 19. maí 1862 til kornbyrgðar-útvega handa Íslandi	220	52
	alls	16,939	9 1/2

$18^{66}/_{67}$	Eptirstöðvar 31. marz 1866.		
	Skuldabrjef 14,200 rd.; peningar 45 rd. 12 1/2 sk.	14,245	12 1/2
	Vextir af skuldabrjefum sjóðsins til 11. júní og 11. des. 1866	568	»
	Eptir brjefi 29. jan. 1877 til endurgjalds 4055 rd. 95 sk., skyndilán hafið af aðalríkissjóði	203	»
	alls	15,016	12 1/2

	Gjöld.	rd.	sk.
$18^{65}/_{66}$	Af 6000 rd láni þjóðbankans er borgað:		
	vextir frá 19. des. 1864 til 11. febr. 1865 á 5% 44rd. 16 sk.		
	— — 11. febr. 1865 til 13. júlí 1865 á 4½ 114— » —	158	16
	upp í lánið	2,000	»
	Af eptirstöðvunum 4000 rd., er þjóðbankanum borgað:		
	vextir frá 13. júlí til 25. okt. 1865 á 4½% 51 rd., frá		
	25. okt. til 4. jan. 1866 á 5% 38 rd. 85 sk.	89	85
	upp í lánið	200	»
	Af eptirstöðvunum 3800 rd. er borgað í þjóðbankann:		
	vextir frá 4. jan. 1866 til 30. marz 1866 á 5% . .	45	88
	upp í lánið	200	»
	Eptirstöðvar 31. marz 1866:		
	Skuldabrjef 14,200 rd., peningar 45 rd. 12½ sk. . . .	14,245	12½
	alls	16,939	9½
$18^{66}/_{67}$	Borgað í þjóðbankann af lánseptirstöðvum 3600 rd.:		
	vextir frá 31. marz til 1. júní 1866 á 5% 30 rd. 48 sk.,		
	frá 1. júní til 9. júní 1866 á 6% 4 rd. 77 sk. . . .	35	29
	upp í lánið	200	»
	Borgað í bankann af lánseptirstöðvunum 3400 rd.:		
	vextir frá 9. júní 1866 til 8. jan. 1867 104 rd. 16 sk.,		
	upp í lánið 200 rd.	304	16
	Borgað í bankann af lánseptirstöðvunum 3200 rd.:		
	vextir frá 8. jan. til 4. febr. 1867 11. rd. 70 sk.,		
	upp í lánið 200 rd.	211	70
	Eptirstöðvar 31. marz 1867:		
	Skuldabrjef 14,200 rd.; peningar 64 rd. 89½ sk. . . .	14,264	89½
	alls	15,016	12½

	Tekjur.	rd.	sk.
$18^{67}/_{68}$	Eptirstöðvar 31. marz 1867:		
	Skuldabrjef 14,200 rd., peningar 64 rd. 89½ sk.	14,264	89½
	Eptir brjefi ráðgjafans 11. maí 1867 upp í lánið samkvæmt brjefi 7. sept. 1861, varið til kornkaupa 3800 rd., hafið hjá generalkonsul H. A. Clausen	100	»
	Vextir af skuldabr. sjóðsins til 11. júní og 11. des. 1867	568	»
	Eptir ráðgjafabrjefi 17. ág. 1867 hafið úr aðalríkissjóði sem ýtarlegri endurborgun upp í ofannefnda upphæð 3800 rd.	153	62
	Eptir ráðgjafabrjefi 11. okt. 1867 tekið lán í þjóðbankanum til að standast kostnað við kornsendingu til norður- og austuramtsins móti 2 handfegnum innskriptarskírteinum og skuldabrjefi 15. okt. 1867	9,200	»
	Eptir ráðgjafabrjefi 24. marz 1868 upp í 4055 rd. 95 sk. lán samkvæmt ráðgjafabrjefi 12. sept. 1861 af efnum sjóðsins til kornkaupa er hafið úr aðalríkissjóði . . .	433	4
	alls	24,719	59½
$18^{68}/_{69}$	Eptirstöðvar 31. marz 1868:		
	Skuldabrjef 14,200 rd., peningar 73 rd. 2½ sk.	14,273	2½
	Vextir af skuldabrjefum sjóðsins til 11. júní og 11. des. 1868	568	»
	Eptir ráðgjafabrjefi 10. nóv. 1868 hafið úr aðalríkissjóði upp í 4055 rd. 95 sk. lán það, er veitt var ýmsum hreppum í Borgarfjarðar-, samt Gullbringu- og Kjósarsýslum eptir ráðgjafabrjefi 12. sept. 1861 til kornkaupa	657	77
	Eptir ráðgjafabrjefi 11. febr. 1869 hafið úr aðalríkissjóði til borgunar upp í lán af þjóðbankanum samkvæmt ráðgjafabrjefi 11. okt. 1867	108	88
	alls	15,607	71½

	Gjöld.	rd.	sk.
$18^{67}/_{68}$	Borgað í þjóðbankann af lánseptirstöðvum 3000 rd:		
	vextir frá 4. febr. til 15. júní 1867 á 4% 43 rd. 64 sk.,		
	upp í lánið 400 rd.	443	64
	Borgað í bankann af lánseptirstöðvunum 2600 rd.:		
	vextir frá 15. júní til 23. ágúst 1867 á 4% 19 rd. 62 sk.,		
	upp í lánið 100 rd.	119	62
	Borgað í bankann eptirstöðvar af láni 30.		
	maí 1862 . . . . . 2500 rd. « sk.		
	vextir af þeim frá 23. ágúst til 15. okt. 1867 14 — 43 —	2,514	43
	Eptir ráðgjafabrjefi 11. okt. 1867 borgað kaupmanni Thaae		
	fyrir kornkaup og sendingu þess til Íslands	6,601	80
	Borgað í bankann af láni 9200 rd.:		
	vextir frá 15. nóv. 1867 til 15. jan. 1868 61 rd. 32 sk.,		
	upp í lánið 200 rd.	261	32
	Eptir ráðgjafabrjefi 2. des. 1867 borgað kaupmanni Á.		
	Ásgeirssyni fyrir korn	100	»
	Borgað í bankann af lánseptirstöðvunum 9000 rd.:		
	vextir frá 15. janúar til 30. marz 1868 75 rd.,		
	upp í lánið 300 rd.	375	»
	Eptirstöðvar 31. marz 1868:		
	Skuldabrjef 14,200 rd., peningar 73 rd. $2^1/_2$ sk. . .	14,273	$2^1/_2$
	alls	24,719	$59^1/_2$
$18^{68}/_{69}$	Borgað þjóðbankanum af lánseptirstöðvunum 8700 rd.:		
	vextir frá 30. marz til 9. júní 1868 67 rd. 64 sk.,		
	upp í lánið 200 rd.	267	64
	Borgað í bankann af lánseptirstöðvunum 8500 rd.:		
	vextir frá 9. júní til 9. des. 1868 170 rd.,		
	upp í lánið 800 rd.	970	»
	Borgað í bankann af lánseptirstöðvunum 7700 rd.:		
	vextir frá 9. des. 1868 til 19. febr. 1869 59 rd. 85 sk.,		
	upp í lánið 100 rd.	159	85
	Eptirstöðvar 31. marz 1869:		
	Skuldabrjef 14,200 rd., peningar 10 rd. $18^1/_2$ sk. . .	14,210	$18^1/_2$
	alls	15,607	$71^1/_2$

	Tekjur.	rd.	sk.
$18^{69}/_{70}$	Eptirstöðvar 31. marz 1869:		
	Skuldabrjef 14,200 rd., peningar 10 rd. 18½ sk. . =	14,210	18½
	Vextir af skuldabrjefum sjóðsins til 11. júní og 11. des. 1869	568	»
	Eptir ráðgjafabrjefi 16. des. 1869 hafið af aðalríkissjóði sem vextir og afborgun upp í lán tekið samkvæmt ráðgjafabrjefi 11. okt. 1867	206	89
	Eptir ráðgjafabrjefi 23. des. 1869 hafið úr aðalríkissjóði til endurgjalds upphæð þeirri, sem samkvæmt ráðgjafabrjefum 7. og 12. sept. 1869 var varið til kornkaupa	470	89
	alls	15,456	4½
$18^{70}/_{71}$	Eptirstöðvar 31. marz 1870:		
	Skuldabrjef 14,200 rd.; peningar 28 rd. 82½ sk. . . .	14,228	82½
	Vextir af skuldabrjefum sjóðsins til 11. júní og 11. des. 1870	568	»
	Eptir ráðgjafabrjefi 11. nóvbr. 1870 hafið úr aðalríkissjóði upp í 4700 rd. lán tekið samkvæmt ráðgjafabrjefi 11. oktbr. 1867	48	»
	Eptir ráðgjafabrjefi 5. jan. 1871 hafið úr aðalríkissjóði upp í lán tekið samkvæmt ráðgjafabrjefi 12. sept. 1861 til kornkaupa	201	68
	alls	15,046	54½

	Gjöld.	rd.	sk.
$18^{69}/_{70}$	Borgað í þjóðbankann af lánseptirstöðvunum 7600 rd.: vextir frá 19. febr. til 9. júní 1869 100 rd. 88 sk., upp í lánið 100 rd.	200	88
	Borgað í bankann af lánseptirstöðvunum 7500 rd.: vextir frá 9. júní til 9. des. 1869 187 rd. 48 sk., upp í lánið 200 rd.	387	48
	Eptir ráðgjafabrjefi 27. des. 1869 endurgoldið aðalríkissjóði skyndilán til að útvega og senda 20 tunnur af kornvöru til Íslands	208	34
	Borgað í bankann af lánseptirstöðvunum 7300 rd.: vextir frá 9. des. 1869 til 8. jan. 1870 30 rd. 40 sk., upp í lánið 400 rd.	430	40
	Eptirstöðvar 31. marz 1870: Skuldabrjef 14,200 rd., peningar 28 rd. $82^1/_2$ sk. . .	14,228	$82^1/_2$
	alls	15,456	$4^1/_2$
$18^{70}/_{71}$	Borgað í þjóðbankann af lánseptirstöðvunum 6900 rd.: vextir frá 8. jan. til 8. júní 1870 123 rd. 60 sk., upp í lánið 100 rd.	223	60
	Borgað í þjóðbankann af lánseptirstöðvunum 6800 rd.: vextir frá 8. júní til 23. des. 1870 172 rd. 7 sk., upp í lánið 200 rd.	372	7
	Borgað í bankann af lánseptirstöðvunum 6600 rd.: vextir frá 23. des. 1870 til 10. jan. 1871 14 rd. 82 sk., upp í lánið 200 rd.	214	82
	Eptirstöðvar 31. marz 1871: Skuldabrjef 14,200 rd., peningar 36 rd. $1^1/_2$ sk. . .	14,236	$1^1/_2$
	alls	15,046	$54^1/_2$

	Tekjur.	rd.	sk.
$18^{71}/_{72}$	Eptirstöðvar 31. marz 1871:		
	Skuldabrjef 14,200 rd.; peningar 36 rd. 1½ sk. . . .	14,236	1½
	Vextir af skuldabrjefum sjóðsins til 11. júní og 11. desember 1871	568	»
	Eptir ráðgjafabrjefi 30. sept. 1871, vextir og afborgun frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu Thórarensen upp í lán tekið 1867 til kornkaupa	100	»
	Eptir ráðgjafabrjefi 14. okt. 1871 hafið úr aðalríkissjóði til endurgjalds fyrir korn handa ýmsum hreppum í suðuramti Íslands	449	70
	Eptir ráðgjafabrjefi sama dag, hafið úr aðalríkissjóði vextir og afborgun upp í skyndilán 1869 til kornkaupa handa hreppum í Austur-Skaptafellssýlu	65	76
	Eptir ráðgjafabrjefi 6. des. 1871 fyrir ávísun upp á kaupmann Carl Höepfner upp í afborgun og vexti af skyndiláni til kornkaupa handa hreppum í Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslum	481	19
	Samkvæmt ráðgjafabrjefi 12. des. 1871 hafið úr aðalríkissjóði til afborgunar upp í kornlán til hreppa í Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslum upphæð skuldabrjefa, sem amtmaðurinn í norður- og austuramtinu hefur innsent nr. 382 upp á 100 rd., með vöxtum fyrir 1 ár 192 daga 6 rd. 10 sk.	106	10
	Samkvæmt ráðgjafabrjefi 6. des. 1871 fyrir ávísun upp á stórkaupmann F. Gudmann til afborgunar og vaxta upp í skyndilán til kornkaupa handa ýmsum hreppum í Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslum í norðuramti Íslands	600	»
	alls	16,606	8½

	Gjöld.	rd.	sk.
$18^{71}/_{72}$	Borgað í þjóðbankann af lánseptirstöðvunum 6400 rd.: vextir frá 10. jan. til 6. júlí 1871 140 rd. 73 sk.; upp í lánið 100 rd.	240	73
	Borgað í bankann af lánseptirstöðvunum 6300 rd.: vextir frá 6. júlí til 12. oktbr. 1871 69 rd. 21 sk.; upp í lánið 100 rd.	169	21
	Borgað í bankann af lánseptirstöðvunum 6200 rd.: vextir frá 12. oktbr. til 6. des. 1871 41 rd. 82 sk.; upp í lánið 700 rd.	741	82
	Borgað í bankann af lánseptirstöðvunum 5500 rd.: vextir frá 6. des. 1871 til 6. jan. 1872 20 rd. 60 sk.; upp í lánið 600 rd.	620	60
	Borgað í bankann af lánseptirstöðvunum 4900 rd.: vextir frá 6. jan. til 27. febr. 1872 31 rd. 23 sk.; upp í lánið 600 rd.	631	23
	Eptirstöðvar 31. marz 1872: Skuldabrjef 14200 rd.; peningar 3 rd. $13^1/_2$ sk. . . .	14203	$13^1/_2$
	alls	16606	$80^1/_2$

	Tekjur.	rd.	sk.
$18^{72}/_{73}$	Eptirstöðvar 31. marz 1872:		
	Skuldabrjef 14200 rd.; peningar 3 rd. 13½ sk.	14,203	13½
	Vextir af skuldabrjefum sjóðsins til 11. júní og 11. des. 1872	568	»
	Eptir ráðgjafabrjefi 18. apr. 1872 sem afborgun og vextir af láni til kornkaupa handa hreppum í Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslum er hafin avísun upp á kaupmann Höepfner	450	»
	Eptir ráðgjafabrjefi s. d., sem afborgun og vextir hafðar ávísanir upp á stórkaupmann Guðmann 200 rd., Chr. Thaae & Sön 600 rd., Hillebrandt 150	950	»
	Eptir ráðgjafabrjefi 20. júlí 1872 er sem afborgun og vextir upp í lán til kornkaupa handa hreppum í Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslum hafin ávísun upp á stórkaupmann Guðmann	300	»
	Eptir ráðgjafabrjefi 17. ágúst 1872 er hafið hjá stórkaupmanni Guðmann, sem afborgun og vextir upp í lán til kornkaupa handa ýmsum hreppum í Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslum	607	46
	Eptir ráðgjafabrjefi 26. nóv. 1872 hafið úr aðalríkissjóði sem afborgun og vextir af láni til kornkaupa fyrir ýmsa hreppa í norður- og austuramtinu 536 rd. 42 sk., Austur-Skaptafellssýslu 56 rd. 72 sk., suðuramtið . . . . 829 — 11 — = 885 — 83 —	1,422	29
	alls	18,500	88½
$18^{73}/_{74}$	Eptirstöðvar 31. marz 1873:		
	Skuldabrjef 14200 rd.; peningar 91 rd. 36½ sk. . . .	14,291	36½
	Vextir af skuldabrjefum sjóðsins til 11. júní og 11. des. 1873	594	»
	Eptir ráðgjafabrjefi 3. maí 1873 hafið úr aðalríkissjóði sem afborgun og vextir af kornláni Skagafjarðarsýslu frá 1867	661	60
	Eptir ráðgjafabrjefi 19. júní 1873 hafið hjá stórkaupmanni Guðmann sem afborgun upp í kornlán Eyjafjarðarsýslu frá 1867	398	82
	Eptir ráðgjafabrjefi 19. júnímán. 1873 hafið úr aðalríkissjóði sem afborgun og vextir af kornkaupaláni handa ýmsum hreppum í norður- og austuramtinu . . . . . 249 rd. 40 sk. Austur-Skaptafellssýslu 76 rd. 89 sk., suðuramtinu . . . . 164 — 77 — = 241 — 70 sk.	491	14
	Innskriptarskírteini Lit. C fol. 3342, dags. 11. júlí 1873 . . . . . 14200 rd. er umskipt fyrir:		
	Innskriptarskírteini Lit. C fol 3446, dags. 16. des. 1873 . . . . . 15500 —	1,300	»
	alls	17,737	½

	Gjöld.	rd.	sk.
$18^{72}/_{73}$	Borgað í þjóðbankann af lánseptirstöðvunum 4300 rd.: vextir frá 27. febr. til 8. júní 1872 48 rd. 19 sk.; upp í lánið 600 k.	648	19
	Borgað í bankann af lánseptirstöðvunum 3700 rd.: vextir frá 8. júní til 5. ágúst 1872 23 rd. 81 sk.; upp í lánið 1000 rd.	1,023	81
	Borgað í bankann af lánseptirstöðvunum 2700 rd.: vextir frá 5. ágúst til 10. desember 1872 37 rd. 48 sk.; upp í lánið 2500 rd.	2,537	48
	Eptirstöðvar 31. marz 1873: Skuldabrjef 14,200 rd.; peningar 91 rd. $36^1/_2$ sk. . .	14,291	$36^1/_2$
	alls	18,500	$88^1/_2$
$18^{73}/_{74}$	Borgað í þjóðbankann af lánseptirstöðvunum 200 rd.: Vextir frá 10. des. 1872 til 18. júní 1873 4 rd. 25 sk., lánseptirstöðvar 200 rd.	204	25
	Samkvæmt ráðgjafabrjefi 4. okt. 1873 er peningaleifunum varið til að kaupa óuppsegjanleg skuldabrjef með rentuseðlum, nefnilega: Litr. K N 2391 dags. 15. júní 1861 upp á 1000 rd. — M N 23062 — 6. marz 1867 — - 200 — — N N 31469 — 26. októb. 1865 — - 100 — og er fyrir þau borgað á $93^3/_4$ % með vöxtum frá 11. júní 1873, mangaralaunum og stimpilgjaldi . . alls	1,224	8
	Eptirstöðvar 31. marz 1874: Skuldabrjef 15500 rd.; peningar 808 rd. $63^1/_2$ sk. . .	16,308	$63^1/_2$
	alls	17,737	$^1/_2$

	Tekjur.	rd.	rd.
$18^{74}/_{75}$	Eptirstöðvar 31. marz 1874:		
	Skuldabrjef 15500 rd.; peningar 808 rd. 63½ sk. . . .	16,308	63½
	Vextir af skuldabrjefum sjóðsins til 11. júní og 11. des. 1874	620	»
	Eptir ráðgjafabrjefi 2. maí 1874 hafið hjá stórkaupmanni Hillebrandt sem afborgun upp í kornlán Skagafjarðarsýslu árið 1867	430	18
	Eptir ráðgjafabrjefi 14. septbr. 1874 hafið úr aðalríkissjóði sem afborgnn og vextir af láni til kornkaupa, nefnilega handa ýmsum hreppum í Austur-Skaptafellssýslu . . . . . 14 rd. 39 sk. ýmsum hreppum í Skagafjarðar og Eyjafjarðarsýslum . . . . . 21 — 31 — og upp í 3800 rd. lán . . . . . 214 — 22 —	249	92
	Eptir ráðgjafabrjefi 25. júlí 1874 er hafin ávísun upp á stórkaupmann Guðmann upp í kornlán til hreppa í Eyjafjarðarsýslu 1867	385	21
	Innskriptarskírteini C fol. 3446 upp á 15500 rd. er umskipt fyrir Bráðabyrgðarskírteini N 109, dags. 12. marz 1875, upp á 18000 rd. (36000 kr.)	2,500	»
	alls	20,494	2½
	= kr.	40,988	5

		kr.	aur.
$18^{75}/_{76}$	Eptirstöðvar 31. marz 1875:		
	Skuldabrjef 36000 kr., peningar 286 kr. 3 a.	36,286	3
	Vextir af skuldabrjefum sjóðsins til 11. júní og 11. des. 1875	1,440	»
	Eptir ráðgjafabrjefi 5. maí 1875 eru meðteknar 2 ávísanir upp á Chr. Thaae & Sön upp í kornlán Skagafjarðarsýslu frá 1867	460	»
	Eptir ráðgjafabrjefi 6. des. 1875 hafið úr aðalríkissjóði upp í lán veitt til kornkaupa 1867	325	68
	Eptir ráðgjafabrjefi 22. nóv. 1875 meðtekið frá stórkaupmanni C. Höepfner upp í kornlán Skagafjarðarsýslu 1867	400	»
	alls	38,911	71

	Gjöld:	kr.	a.
$18^{74}/_{75}$	Eptir brjefi ráðgjafans fyrir Ísland 4. marz 1875 eru keypt neðannefnd óuppsegjanleg 4% ríkisskuldabrjef, nefnilega: Litr. K N 4604 upp á 1000 rd. = 2000 kr. » » N 17540 — 1000 — = 2000 — » » N 5793 — 500 — = 1000 — 5000 kr. og er fyrir þau borgað 93 % með vöxtum frá 11. des. 1875, mangaralaunum og stimpilgjaldi, alls	4,702	2
	Eptir brjefi sama ráðgjafa 9. marz 1875 eru ofannefnd 3 ríkisskuldabrjef upp á 2500 rd. (= 5000 kr.) og innskriptarskírteini Ltr. C. fol 2446 upp á 15500 rd. (= 31000 kr.) afhent ríkisskuldaskrifstofunni til að takast upp í innskriptarbókina, og er hjer fyrir gefið bráðabyrgðarskírteini N. 109 dags. 12. marz 1875 upp á 36000 kr.		
	Eptirstöðvar 31. marz 1875: Skuldabrjef 15500 rd. + 2500 rd. = 36000 kr.; peningar 286 kr. 3 aurar . . . . . =	36,286	3
	alls	40,988	5

		kr.	aur.
$18^{75}/_{76}$	Eptirstöðvar 31. marz 1876: Skuldabrjef 36000 kr.; peningar 2911 kr. 71 a.	38,911	71
	alls	38,911	71

	Tekjur:	kr.	a.
1876	Eptirstöðvar 31. marz 1876:		
	Skuldabrjef 36000 kr.; peningar 2911 kr. 71 a. . . . . =	38,911	71
	Vextir af skuldabrjefum sjóðsins til 11. júní og 11. des. 1876	1440	»
	alls	40,351	71

1877	Eptirstöðvar 31. des. 1876:		
	Skuldabrjef 36000 kr.; peningar 4351 kr. 71. a. . . .	40,351	71
	Innskriptarskírteini Litr. G. fol. 66 upp á 36000 kr. umskipt fyrir bráðabyrgðarskírteini N. 981 upp á 40600 kr. . .	4,600	»
	alls	44,951	71

	Gjöld.	kr.	a.
1876	Eptirstöðvar 31. desember 1876.		
	skuldabrjef 36000 kr.; peningar 4351 kr. 71 a. . . .	40,351	71
	alls	40,351	71
1877	Eptir ráðgjafabrjefi 17. jan. 1877 eru keypt neðannefnd óuppsegjanleg 4% ríkisskuldabrjef, nefnilega:		
	Litr. B. N. 2054 upp á . . . . 2000 kr.		
	— R. - 13499 — - 1000 rd. = 2000 —		
	— N. - 11176 — - 100 — = 200 —		
	— N. - 12107 — - 100 — = 200 —		
	— N. - 36129 — - 100 — = 200 —		
	4600 —		
	og er fyrir þau með 1 mánaðar og 8 daga vöxtum og mangaralaunum borgað	4,209	61
	Eptir brjefi ráðgjafans 24. jan. 1877 eru þessi 5 skuldabrjef alls að upphæð . . . . . 4600 kr.		
	og innskriptarskírteini Litr. G. fol. 66 upp á 36000 —		
	alls 40600 —		
	afhent ríkisskuldaskrifstofunni til að verða tekin upp í innskriptarbókina og fyrir þau meðtekið millibilsskírteini Nr. 981, dagsett 29. jan. 1877, upp á 40600 kr.		
	Eptirstöðvar 1. febr. 1877:		
	Skuldabrjef 40600 kr.; peningar 142 kr. 10 a.	40,742	10
	alls	44,951	71

5. fylgiskjal.

FERÐA

gufuskipanna millum Kaupmannahafnar, Noregs

Frá Kaupmannahöfn

Nafn skips-ins	Frá Kmhöfn	Það fer í fyrst								
		Christ-ianssand	Leith og Granton	Leerwick	Trangis-vogi.	Þórshöfn	Djúpavogi	Eskifirði	Seyðisfirði	Vopnafirð
A.	1. marz	»	5. marz	»	»	7. marz	»	»	»	»
A.	18. apríl	»	22. apríl	»	»	24. apríl	»	»	»	»
B.	5. maí	7. maí	»	9. maí	»	11. maí	»	13. maí	15. maí	15. maí
A.	3. júní	»	7. júní	»	10. júní	10. júní	»	11. júní	14. júní	»
B.	2. júlí	4. júlí	»	6. júlí	8. júlí	8. júlí	10. júlí	11. júlí	14. júlí	14. júlí
A.	31. júlí	»	4. ágúst	»	»	6. ágúst	»	»	10. ágúst	»
B.	29. ágúst	31. ágúst	»	2. sept.	5. sept.	5. sept.	»	7. sept.	10. sept.	10. sept
A.	27. sept.	»	1. okt.	»	»	3. okt.	»	»	»	»
A.	8. nóv.	»	12. nóv.	»	»	14. nóv.	»	»	»	»

Frá Íslandi t

	Frá Reykja-vík	Það fer í fyrst								
		Stykkis-hólmi	Bíldudal	Þingeyri	Ísafirði	Borðeyri	Sauðár-krók	Siglufirði	Akureyri	Húsavík
A.	23. marz	»	»	»	»	»	»	»	»	»
A.	11. maí	»	»	»	»	»	»	»	»	»
B.	30. maí	1. júní	»	2. júní	4. júní	6. júní	7. júní	7. júní	10. júní	»
A.	2. júlí	3. júlí	4. júlí	»	6. júlí	8. júlí	9. júlí	9. júlí	11. júlí	11. júlí
B.	30. júlí	1. ágúst	»	2. ágúst	4. ágúst	»	5. ágúst	»	8. ágúst	8. ágúst
A.	30. ágúst	31. ágúst	1. sept.	»	3. sept.	4. sept.	5. sept.	5. sept.	7. sept.	8. sept
B.	24. sept.	25. sept.	»	»	27. sept.	»	»	»	30. sept	»
A.	18. okt.	»	»	»	»	»	»	»	»	»
A.	29. nóv.	»	»	»	»	»	»	»	»	»

ÁÆTLUN
Skotlands, Færeyja og Íslands 1878 og 1879.

il Íslands.

ági frá

Húsavík	Akureyri	Siglufirði	Sauðárkrók	Borðeyri	Ísafirði	Þingeyri	Bíldudal	Stykkishólmi	Til Reykjavíkur
»	»	»	»	»	»	»	»	»	13. marz
»	»	»	»	»	»	»	»	»	5. maí
»	17. maí	»	17. maí	»	20. maí	21. maí	»	22. maí	23. maí
15. júní	18. júní	18. júní	19. júní	20. júní	23. júní	»	23. júní	25. júní	26. júní
»	17. júlí	17. júlí	»	19. júlí	21. júlí	21. júlí	»	23. júlí	24. júlí
11. ágúst	15. ágúst	»	15. ágúst	»	18. ágúst	»	19. ágúst	21. ágúst	22. ágúst
»	12. sept.	12. sept.	13. sept.	15. sept.	18. sept.	18. sept.	»	20. sept.	21. sept.
»	»	»	»	»	»	»	»	»	11. okt.
»	»	»	»	»	»	»	»	»	22. nóv.

Kaupmannahafnar.

agi frá

Vopnafirði	Seyðisfirði	Eskifirði	Djúpavog	Þórshöfn	Trangisvogi	Leerwick	Christianssand	Leith og Granton	Til Kmhafnar
»	»	»	»	27. marz	»	»	»	29. marz	6. apríl
»	»	»	»	15. maí	»	»	»	19. maí	24. maí
11. júní	14. júní	»	14. júní	16. júní	16. júní	18. júní	20. júní	»	22. júní
12. júlí	14. júlí	14. júlí	»	16. júlí	»	»	»	19. júlí	23. júlí
»	10. ágúst	»	11. ágúst	13. ágúst	13. ágúst	15. ágúst	17. ágúst	»	19. ágúst
»	10. sept.	10. sept.	»	12. sept.	»	»	»	15. sept.	19. sept.
»	4. okt.	»	»	7. okt.	»	9. okt.	12. okt.	»	16. okt.
»	»	»	»	21. okt.	»	»	»	25. okt.	31. okt.
»	»	»	»	2. des.	»	»	»	6. des.	14. des.

6. fylgiskjal.

FERÐA-

strandsiglingaskipsins

Frá Kaupmannahöfn

Nafn skipsins	Kmhöfn	Frá						
		Christianssand.	Leerwick	Þórshöfn	Djúpavogi	Eskifirði	Seyðisfirði	Vopnafirði
	10. maí	12. maí	14. maí	16. maí	»	18. maí	20. maí	20. maí
	»	»	»	»	»	»	16. júní	16. júní
	30. júlí	1. ágúst	3. ágúst	4. ágúst	6. ágúst	6. ágúst	8. ágúst	8. ágúst
	»	»	»	»	14. sept.	»	16. sept.	16. sept.

Frá Íslandi til

Nafn skipsins	Reykjavík	Frá						
		Stykkishólmi	Bíldudal	Þingeyri	Ísafirði	Borðeyri	Sauðárkróki	Siglufirði
	2. júní	3. júní	4. júní	»	6. júní	7. júní	8. júní	8. júní
	2. júlí.	3. júlí	4. júlí	5. júlí	7. júlí	8. júlí	9. júlí	9. júlí
	30. ágúst	31. ágúst	1. sept.	2. sept.	4. sept.	5. sept.	6. sept.	6. sept.
	2. okt.	»	»	»	»	»	»	»

ÁÆTLUN

1878 og 1879.

il Íslands.

Húsavík	Akureyri	Siglufirði	Sauðárkróki	Borðeyri	Ísafirði	Þingeyri	Bíldudal	Stykkishólmi	Til Reykjavíkur
»	22. maí	»	22. maí	23. maí	25. maí	25. maí	»	27. maí	28. maí
17. júní	19. júní	19. júní	20. júní	21. júní	23. júní	23. júní	24. júní	26. júní	27. júní
9. ágúst	12. ágúst	12. ágúst	13. ágúst	15. ágúst	17. ágúst	17. ágúst	»	19. ágúst	20. ágúst
17. sept.	19. sept.	19. sept.	20. sept.	22. sept.	24. sept.	25. sept.	25. sept.	27. sept.	28. sept.

Kaupmannahafnar.

Akureyri	Húsavík	Vopnafirði	Seyðisfirði	Eskifirði	Djúpavogi	Þórshöfn	Leerwick	Christianssand	Til Kmhafn.
10. júní	10. júní	11. júní	13. júní	»	14. júní	»	»	»	»
11. júlí	11. júlí	12. júlí	14. júlí	14. júlí	15. júlí	17. júlí	19. júlí	21. júlí	23. júlí
8. sept.	8. sept.	9. sept.	11. sept.	»	13. sept.	»	»	»	»
»	»	»	5. okt.	»	»	7. okt.	9. okt.	11. okt.	14. okt.

7. fylgiskjal.

LÝSING

á fyrirkomulagi vitagjörðarinnar á Reykjanesi.

Eptir undirlagi sjóliðsstjórnarinnar hafði varða verið hlaðin á þeim stað, er ætlazt var til að á skyldi byggja. Varðan var óhreifð, en þótti sett á ótryggum stað, því að 9 fetum þaðan á burt eru djúpar gjár, er benda til, að það, sem er í nágrenninu, muni hrynja niður í þær, þá er minnst vonum varir; þess vegna var annað merki sett 41,5 feti lengra til suðausturs; er það þannig gjört, að viðarstaur var rekinn í jörð niður og grjóti hlaðið að utan.

Þetta merki er á uppdrættinum sett sem miðpunktur í hinum lárjetta fleti turnbyggingarinnar. Hæð punktsins yfir hafflötinn er 147,47 fet. Hæð sjávarhamranna þar rjett fyrir framan er 152,22 fet. Hæð logans yfir hinu niðursetta merki er 25 fet, og þannig 172,47 fet yfir haffleti, og leyfir þessi hæð, að menn í góðu skygni geti sjeð logann í $4^3/_4$ mílu fjarlægð, sem er hjer um bil 1 mílu fyrir utan Geirfuglaskers-dranga, («Grenaderhuen»), sem er yzt af Fuglaskerjum.

Viti sá, sem hjer er um að ræða, er spegilviti þriðju raðar með 15 speglum; sú hliðin lokuð, er á land veit upp, og tekur yfir 59 gráður. Ljóskerið er af steyptu járni með lóðrjettum rúðustuðlum (Sprosser), koparþaki og tvöföldum glerrúðum. Fyrir utan þær er riðið net af málmþræði til varnar móti fuglum. Millibilið milli nets og rúðu eru 3 þuml. Vitasmíð þessi yfirgrípur vitaturninn sjálfan, íbúðarhús, vatnsból og vegargjörð.

Turninn verður reistur á kletti þeim, er Valahnúkur nefnist; íbúðarhúsið þar ámóti hjer um bil 1800 álnum þaðan suðaustan í Bæjarfelli.

A. Turninn.

Jarðvegurinn undir er harður, blandaður smágrýti.

Turninn skal hlaðinn af hraungrjóti, sem fæst þar undir klettinum, og Portlands Cementi smurt 3 þumlunga djúpt inn alstaðar þar á milli, sem steinar mætast, og síðan roðið yfir með Cementi bæði að utan og innan.

Steinlímið, sem haft verður til að binda grjótið, verður samsett af íslenzku kalki, Portlands Cementi og sandi, sem fæst hjer um bil $^1/_2$ mílu vegar þaðan á burtu; og skal nákvæmar ákveðin samblöndun þessara efna.

Turninn skal hlaðinn í átthyrning; rúmmál hans á ýmsan veg er þannig:

Frá jarðlínunni upp á ytri brún turnaxlarinnar 17,2 fet. Frá þeirri axlarbrún til ljóskersins 5 fet $1^1/_2$ þuml. Frá jarðlínunni ofan að grunnfleti undirstöðunnar 4 fet $7^1/_2$ þuml. Turninn er tvíloptaður undir ljóskersrúminu. Undir- og yfir-herbergin 6 fet undir loptið, hvort um sig, og loptin undir og yfir þeim $7^1/_2$ þuml. á þykkt. Brjóstmúrinn að innanverðu 6 fet 6 þuml. á hæð. Hæð brjóstmúrsins frá öxlinni til ljóskers 5 fet.

Þvermál hringsins í átthyrningnum er í ljóskersrúminu 7 fet 2 þuml., og brjóstmúrinn þar 2 feta þykkur; á efra lopti 6 fet 8 þuml., og múrinn 4 feta; á neðra lopti (í stofunni) 6 fet 4 þuml. og múrinn 4 fet 2 þuml. þykkur, og í kjallaranum 6 fet, múrþykktin 4 fet 7 þuml. Frá jarðlínunni að yfirfleti kjallaragólfsins 2 fet $1^1/_2$ þuml.

Á þeim stað, er setja skal turninn, verður að grafa fyrir undirstöðunum og setja hleðslur stallmyndaðar og að sjer dregnar. Kjallaragólfið skal hellulagt.

Ytri brún múrsins skal hvervetna lögð kopar og bindingssteinum.

Til samskeyta má eigi hafa meira en 1 hluta sands móti 1 hluta steinlíms.

Öxlin skal þakin með 16 basaltsteinum, 9 þuml. háum á aptari brún, 39 þuml. breiðum, með $1^1/_2$ þumlungs vatnshalla að ofanverðu, vatnsnefi að neðanverðu, $1^1/_2$ þuml. uppstandanda brjósti og brúnafellingum festum saman með járnsinklum. Steinarnir skulu grópaðir, sinklarnir innsteyptir,

fellingar kíttaðar og uppstandarar í grindunum og múrkrókarnir frá ljóskerinu greyptir í steininn.

Stallarnir undir öxlinni skulu gjörðir af tvísettum hraunsteinum vel höggnum, 12 þumlunga háum til samans; gengur hver stallur fram um 5 þumlunga

Á brjóstmúrinn skal lagt þak af 8 stuðlabergssteinum, 6 þumlunga háum á apturbrún, 5 þumlunga háum á frambrún, 2 feta 3 þl. breiðum, með 1 þuml. vatnshalla að ofan, vatnsnefi að neðan og samsinkluðum brúnafellingum. Steinarnir skulu greyptir og kíttaðir, málmsinklarnir innsteyptir, og stengurnar frá ljóskerinu og innri karmar þess innhöggvast í múrinn.

Á turnmúrnum eru 4 turngluggar af eikitrje, rammarnir að utan af eik, en að innan af furu.

Á brjóstmúrnum eru 2 smáar dyr, ytri hurðin úr 2 þuml. þykkum eikitrjeplönkum.

Stigarnir eru alstaðar viðhafnarlausir loptstigar á breidd $1^1/_2$ alin.

Á kjallaranum er vindauga á múrnum 9 þuml. hátt, 18 þuml. breitt, og málmgrind í að utan.

Í húsinu neðan undir ljóskers-rúminu skal vera skápur með hyllum, 1 rúmstæði og 1 ofn með eirpípu, sem gengur upp um loptið, og ber reykinn gegnum ljóskerið og þakið og endar í eir-reykhatt. Utan um pípuna er í loptinu og ljóskerinu járnhólkur henni til varnar.

Veggir í ljóskers-rúminu og húsinu þar undir eru litaðir hvítum olíulit; í brjóstmúrnum eru 3 loptsmugur úr steyptu járni 2 feta á lengd, 6 þuml. að þvermáli, og málmplata að utanverðu, er opna má og aptur láta með járnskrúfu, er gengur í tveimur stýrisgötum.

Á öxlinni skulu umhverfis settar járngrindur af slegnu jarni, 3 feta háar með 16 uppstöndurum ferstrendum, 2 þuml. á hvern veg, og milli þeirra 3 sívalir $1^1/_2$, $1^1/_4$ og 1 þuml. gildir járnteinar, og 48 millistoðir sívalar, $^3/_4$ þuml. gildar.

Allt trje og járnsmíði þrímálað með olíulit.

B. Bústaður vitavarðar.

Valahnúkur, þar sem turninn stendur, er á bersvæði og allra veðra von, og þar er vatnslaust. En í 1800 álna fjarlægð þaðan utan í Bæjarfelli er skjól og vatn og graslendi fyrir kú og 2 hesta.

Íbúðarhúsin eru íslenzkur bær, stofuhús, útihús og peningshús.

Brunnur skal grafinn austanundir bæjarveggnum og hlaðinn upp af Betonsteinum, samsettum af 1 hluta steinlíms, 2 hlutum sands og 4 hlutum hraunsteinsflísa.

Setja skal bæinn þar, sem vottar fyrir hinum fornu bæjarrústum.

C. Vegurinn.

Vegargjörð þessi er nauðsynleg, bæði vegna þess, hve langt er milli turns og bæjar, og líka vegna þess, að kletturinn er svo brattur, að eigi verður hestum fært, að bera byggingarefnið upp að turnstæðinu. Veginn skal leggja beina stefnu frá bænum til turnsins, en þegar komið er að klettnum, verður að leggja veginn í krákustíg upp að turndyrunum.

Fyrsta hluta vegarins (frá bænum upp undir klettinn) skal hagað þannig: markað skal fyrir stefnu hans og breidd, grundvöllurinn ruddur og hlaðinn garður með fram veginum til beggja hliða af lausu grjóti, sem þar má fá nóg af. Vegurinn 6 fet á breidd, grjótgarðurinn 4 feta hár.

Vegurinn upp brekkuna er 3 feta breiður; þegar turninn er fullgjörður skulu grindur settar að utan.

ÁÆTLUN
um kostnaðinn til vitasmíðinnar á Reykjanesi.

A. Turninn.

1. Múrsmíðið:				
3552′,$^{3}/_{679}$ múr af hraunsteini:		kr.	a.	
35 tunnur af kalki (íslenzku leskjuðu) . . á 6,$_{00}$ kr.		210	»	
10 — af Portlands Cementi ósviknu á 15,$_{50}$ —		155	»	
140 — af sandi. Verðið er einungis flutnings-				
kostnaðurinn, sem hjer er talinn með, múrvinna, verk-				kr. a.
mannskaup, áhöld, múrpallar, kaup múrmeistarans .	3500	»		3865 »
2. Timbursmíði:				
24 al. $^{6}/_{6}$″ Hálmstaðar furutrje í bita	20	»		
2 tylftir Vesturvíkur borða $^{2}/_{8}$″	44	»		
1 — — — $1^{1}/_{2}/8$″	18	»		
2 loptstigar þiljaðir milli rima, alheflaðir, $1^{1}/_{2}$ al. breiðir				
með 10 rimum á 8″	30	60		
1 stigi með 7 rimum á 8″	10	71		
1 — — 8 — - 8″	12	24		
400 st. 3″ nagla	2	»		
Trjesmiðskaup	70	»		207 55
3. Steinhöggvara- vinna, allt af stuðlabergi:				
4 tröppusteinar fyrir framan inngánginn $^{3}/_{24}$″ á 6′ 1″	72	»		
Til skjóls við brjóstmúrinn undir ljóskerinu 8 steinar,				
felldir saman í 8hyrninginn 2′ 3″ á þykkt, hringgeisl-				
inn (radius) 3′ 7″ á hæð að aptanverðu, 5″ að				
framanverðu með brjósti, 1″ vatnshalla að ofanverðu,				
vatnsnefi að neðanverðu og brúnfellingum	128	»		
Til hlífðar við yfirflötinn 16 steinar, er mynda 8hyrning				
(hringgeislinn 5′ 4″), 2′ 3″ þykkir, 9″ háir á aptari				
brún, 6″ á fremri brún, með $1^{1}/_{2}$″ uppstandandi brjósti,				
$1^{1}/_{2}$″ vatnshalla að ofan, vatnsnefi að neðanverðu á				
undirfleti og samsinkluðum brúnafellingum	256	»		
Að höggva inn í hlífisteininn 8 málmsinkla	8	»		
Að höggva í hlífisteininn 16 greypingar til ljóskersins .	24	»		
Að höggva í öxlina 16 málmsinkla.	16	»		
— — — 16 holur fyrir grindurnar	24	»		528 »
4. Sniðkarasmíði:				
1. Tvöfaldar hurðir í plankakarmi 5′ háar, 2′ 6″ breiðar				
af 2″ Vesturvíkur plönkum	50	»		
4 fög tvöfaldir gluggar, ytri rammar af eikitrje, hinir innri				
af furutrje, 2′ 3″ háir, 1′ 9″ breiðir.	32	»		
Í brjóstmúrinn plankakarmar 4′ 3″ hæð, 2′ 3″ breidd,				
úr eik, með 2 rimum að neðan og 2 hurðum . . .	40	»		122 »
5. Járnsmíði:				
Hurðarjárn og inngreyptar skrár með látúnshúnum . .	10	»		
— til hurðanna í brjóstmúrnum	10	»		
yfir um	20	»		4722 55

	kr. a.	kr. a.
handan að	20 »	4722 55
Galvaníseraðar lamir til 4 faga af tvöföldum gluggum .	10 40	
Járn á kjallarahlemminn	1 50	
Grindur úr slegnu járni á öxlinni með 16 uppstöndurum 2″ í ferhyrning, er mynda 8hyrndan hring, Radius 7′ 10″, 3′, hár	330 »	361 90
6. Járn- og málmssteypu-smíði:		
3 steypijárns-loptsmugur, 6″ að þvermáli	6 »	
1 ofn 5′ hár með pípu og plötu	65 »	
24 málmsinklar	7 20	78 20
7. Málaravinna þrisvar með olíulit:		
Olíulitur á veggjum, ljóskerarúmi og fyrsta sal . . .	40 »	
1 tvöföld hurð með plankakarmi	8 »	
1 — — til brjóstmúrs	6 »	
4 fög tvöfaldra glugga	8 »	
Litun á ljóskerinu að utan og litun og lakkering að innan, gólf, svölur, göng og loptþil o. s. frv. að lita og lakkera	60 »	
Að minjustrjúka allt járnsmíði, sem ekki er galvaníserað	10 »	
2 loptstigar	4 »	136 »
8. Glermeistaravinna:		
Í 4 fög tvöfaldra glugga 32 rúður, fyrir glerið	24 »	24 »
Turninn til samans kr.:		5322 65

B. Ljóskerið og áhöld:

1. Ljóskerið úr steypi-járni með blýgreypum fyrir glerrúðurnar, lóðrjettum rúðustuðlum, koparþaki, göngum bæði innan og utan	5360 »	
Glerrúðurnar (tvöfalt frakkneskt gler)	146 »	
Umbúðir til þessa	80 »	
Flutningsgjald til Reykjavíkur (fyrir ljósker og rúður)	274 »	5860 »
2. Áhöld:		
15 sporbaugsspeglar úr látúni 21″ að þvermáli með málmumgjörð og töppum á 160 kr.	2400 »	
32 steinolíulampar á 22 kr., 15 varalog	764 »	
Gestel 600 kr., 15 ljósreykjarpípur úr kopar á 4 kr., umbúðir 58 kr.	718 »	
Flutningsgjald til Reykjavíkur o. fl.	662 »	4544 »
3. Stelling:		
1 maður til að setja í stellingaráhöld, ljósker og grindur á 6 kr. í 80 daga	624 »	
8 olíulát á 60 kr. / tilsjónar-úr á 200 — { önnur áhöld	900 »	1524 »
Samtals: ljósker og áhöld kr.:		11928 »

C. Bústaður vitavarðar.

Rúmgóður íslenzkur bær fyrir 5—6 manns	1000 »	
Brunnur	100 »	1100 »

D. Vegurinn.

Hjer vantar ekki efnið, með því það er til á staðnum, svo að það er að eins hinn nauðsynlegi vinnukraptur, og er ráðgjört að þurfi 10 manns í 100 daga á 2 kr. . . . . 2000 »
samt 4 hesta í 100 daga á 80 kr. . . . . 320 » 2320 »

Hjer er talinn kostnaður sá, sem gengur til þess að flytja efnið frá klettinum neðanverðum upp að byggingarsvæðinu.

Samtals vegagjörðin kr.: 2320 »

SAMANDREGIÐ YFIRLIT.

		kr.	a.
Turninn litra A	5,322 kr. 65 a.		
Ljósker og áhöld B	11,928 — » -		
Bústaður vitavarðar C	1,100 — » -		
Vegurinn D	2,320 — » -	20,670	65
Flutningskostnaður. Verðupphæð er sett eptir því, sem verðlag er í Reykjavík, nema annars sje getið. Flutningur frá Reykjavík til Kirkjuvogs er gjörður	600 kr.		
Og þaðan til klettsins (þar með talinn flutningur á sandi frá Sandvík til klettsins)	1200 —		
Verkstjóri um 4 mánuði	1480 —		
Vitavörður til læringar á vita í Danmörku	788 —	4068	»
Summa:		24,738	65
Ófyrirsjeður kostnaður:		1261	35
Aðalupphæð:		26,000	»

Árleg útgjöld til vitans:

Olía, hjer um bil 4000 pottar steinolía	1600 kr.
Kveykir — — — 80 álnir	27 —
Glerreykháfar hjer um bil 50	18 —
Handklæði, njarðarvettir, leður og fleira til hreinsunar	105 —
Kaup vitavarðar og 1 manns	800 —
Samtals:	2550 —

8. fylgiskjal.

ÁLITSGJÖRÐ

um Reykjavíkur dómkirkju, gjörð að tilhlutun fjárhagsnefndar alþingis, 27. dag júlímán. 1877.

Ár 1877, hinn 27. dag júlímán., mættum vjer Jakob Sveinsson, Björn Guðmundsson, Björn Hjaltesteð og Jónas Helgason í dómkirkjunni, samkvæmt útnefningu bæjarfógetans hjer í bænum dags. 25. þ. m. eptir ósk fjárhagsnefndar alþingis, að gjöra skoðunargjörð á dómkirkjunni hjer í bænum, til að framkvæma hina fyrirskipuðu skoðunargjörð, og höfðu einnig mætt til að vera viðstaddir: amtmaðurinn í suður- og vesturumdæminu, dómkirkjupresturinn og kirkjuhaldarinn, ásamt alþingismanni Tryggva Gunnarssyni, sem mætt hafði fyrir hönd fjárhagsnefndarinnar.

Ástand kirkjunnar virðist oss vera sem hjer skal greina:

1. Kórinn:

a. Veggirnir eru þannig á sig komnir að utanverðu, að úr öllum þrem hliðum þeirra er hrunið mjög mikið utan af tígulsteini þeim, sem hann er byggður úr, og það svo, að ekki er eptir af þykkt veggjarins á einum stað að austanverðu nema $5^1/_2$ þumlungs þykkt; þar að auki er sá veggur brostinn yfir þvert nokkru fyrir ofan miðja hæð hans. Efsti hluti landsuðurhornsins (hornhöfuðið) er orðinn brostinn frá stafninum, og er hætt við, að hann detti þegar minnst vonum varir, bæði vegna þessa og vegna hins, að undan honum er hrunið æðimikið úr veggnum.

Múrhimnan innan á veggjunum er víða farin mjög að losna við þá, og er ekki annað sjáanlegt, en að hún víða detti þá og þegar niður, eins og það í kórnum er víða dottið töluvert af því, er á veggjunum hefur verið gjört til prýðis, t. d. af boga, karnissu og steyptu gipsi. Á múrveggjunum er og græn slepja sumstaðar, og þar sem liturinn er ekki algjörlega farinn af þeim, þar er hann blautur orðinn og laus.

b. Trjepiljur og gólf er mjög farið að fúna, og gólfið sumstaðar farið að síga niður. Tröppurnar upp í kórinn eru einnig farnar að fúna og síga.

c. Altarið er mjög sundurgengið og skekkt orðið. Altaristaflan er og mjög skemmd orðin, bæði myndin sjálf og umgjörð hennar. Í loptinu eru flest spjöldin farin að verpast og fellingar á þeim farnar að bila; einnig er máling á því orðin mjög ljót og skrautið á því víða ónýtt. Sama er að segja um skrautið á ljósahjálminum og kertapípustöplunum, að það litla, sem enn er eptir af því, er orðið mjög ljótt og óhæfilegt. Grindurnar fyrir framan altarið eru nokkuð sundurgengnar og skekktar, einnig upplitaðar orðnar af raka. Klæðið í kring um þær að neðanverðu er orðið upplitað og rifið.

d. Þakið, sem eins og alstaðar annarstaðar á kirkjunni er helluþak, neglt á langbönd, lekur ekkert nú orðið, nema ef vera skyldi lítið eitt, þar sem þakið kemur að hornhöfðunum, þar eð þau eru farin að bila.

2. Aðalkirkjan:

a. Á suðurhliðinni er steinlímshimnan víðast dottin af veggnum, og svo mikið af tígulsteininum, er allur efri hluti veggsins er byggður úr, brotið og hrunið, að víða nemur 4 til 6 þumlungum inn í vegginn. Efsti partur landsuðurhornsins, er stendur upp úr þakinu, er, við það að úr veggnum þar er svo mjög hrunið, búinn að mestu að missa grundvöll þann, er honum var ætlað að hvíla á, og má því búast við, að hann detti niður fyr en varir. Sama er að segja um efsta hluta útsuðurhornsins, að þar er svo mjög dottið úr horninu undir honum, að líklegt er, að hann detti þá og þegar. Hvað hornhöfuðin að norðanverðu áhrærir, þá eru þau og

brostin frá stöfnunum, svo að ólíklegt er, að þau geti lengi staðið.

Fyrir utan það tjón, er af hruni hvers þessara stöpla út af fyrir sig gæti ef til vill hlotizt, er þess sjerstaklega að geta, að við fall landsuðurstöpulsins er skrúðhúsinu og mikil hætta búin, þar sem það hlýtur að líða talsverðar skemmdir við fall hans. Á austurgaflinum er á einum stað hrunið svo af tígulsteininum, að hjer um bil 14 þumlunga djúp hola er komin inn í vegginn, og sjer þar í endann á endabitanum, sem þar er gjörsamlega fúinn.

Á veggjunum að innanverðu er múrlímshimnan sumstaðar nokkuð biluð, og eru þeir mjög ljótir útlits sökum slepju þeirrar og seltu-dupts, sem á þeim er víða ásamt mislitum flekkjum, sem orsakazt hafa af vætu þeirri, er í þá hefur gengið.

b. Trjáviðirnir: Báðir endabitarnir eru fúnir æði-langt inn á við í báða enda; þar að auki munu flest bitahöfuð að sunnanverðu, eptir því sem þau hafa reynzt, er skoðuð hafa verið, vera fúin. Neðri endi endasperranna er það og einnig; eins er ekki ólíklegt, að fleiri sperruendar sjeu fúnir. Bitaklæðningar eru einnig fúnar á sumum bitaendum og þar sem lengi hefur lekið. Gólfið og máttarstoðir kirkjunnar hafa sigið nokkuð, en þó misjafnt. Þær, er mest hafa sigið, hafa og losnað við bita þá, sem undir pallinum eru og þær áttu að bera. Gólfið er, eins og áður er á vikið, missigið og sumstaðar allmjög fúið.

c. Kirkjustólar margir eru losnaðir og geggjaðir og liturinn á þeim farinn mjög að fölna, eins og á öðru trjeverki í aðalkirkjunni, og skrautið er einnig mjög af sjer gengið, t. d. á prjedikunarstólnum, orgelinu, ljósahjálmunum og öðru því, sem húsinu er til prýðis gjört.

d. Þak aðalkirkjunnar lekur nú orðið aptur við hin þrjú hornhöfuðin, og mun sjálft ekki tryggt vera sumstaðar að sunnanverðu.

3. Anddyrið:

a. Úr veggjunum, sem eins og kórinn eingöngu er úr tígulsteini, að utan á suðurhlið og vesturgafli er að neðan hrunið svo úr múrnum, að nemur 3 þumlungum inn í vegginn. Steinlímshimnan er víða annaðhvort dottin alveg af, eða hangir laus við. Að innanverðu er múrlímshimnan sumstaðar biluð og litur veggjanna orðinn mjög ljótur; einnig er nokkuð af gipsskrautinu dottið af lopti og veggjum.

b. Gólfið er og farið hjer mjög að síga ásamt stigum þeim, er upp á pallinn liggja. Aðalhurðin er nokkuð biluð orðin, og litur hennar er orðin mjög ljótur.

c. Þak anddyrisins sem hvorugu megin hefur verið endurlagt, fennir inn um beggja vegna og rignir að sunnanverðu.

4. Turninn:

a. Veggirnir, sem eru úr borðum, negldum utan á trjegrindur (bindingsverk), eru farnir að verða gisnir; einnig eru samskeytin á sinki því, er utan á neðri hlut veggjanna er neglt, farin að gisna, og málingin mjög farin að fara af. Litur og gylling eru og farin af vindhanunum og merki landsins, er til prýðis hefur verið látið á suðurhlið turnsins. Sama merki að norðanverðu er og mjög fölnað.

b. Þakið, er að sönnu var endurlagt milli 1850 og 60, var þó ekki endurlagt á sama hátt og hinir aðrir partar kirkjuþaksins, er síðar hafa verið endurlagðir, og er ekki laust við, að inn um það á stundum fenni á vetrum. En þegar engin hella hefur af því fokið, lekur það þó ekki.

5. Skrúðhúsið:

Aðalgalli skrúðhússins, sem allt er úr tígulsteini, hefur ætíð verið sá, að veggirnir ganga því nær ekkert ofan í jörðina, og hefur því frostið á vetrum náð til að lypta því upp, svo að það ávallt hefur verið nokkuð laust við sjálfa kirkjuna, og þetta hefur

valdið sífelldum leka milli þaks þess og aðalkirkjunnar.

a. Úr veggjum skrúðhússins að utan er nokkuð farið að detta bæði af tígulsteininum og steinlímshimnunni að neðanverðu, sökum þess að vatn hefur gengið úr jörðinni upp í veggina; einnig er framgaflinn orðinn nokkuð sprunginn.

Að innanverðu er múrlímshimnan á veggjunum sumstaðar farin að bila, og eru þeir hvað mest flekkóttir og upplitaðir af rakanum. Á loptinu er nokkuð af múrsljettunni dottið af loptinu, og í aðalskrúðhúsinu er hún að mestu laus orðin, sökum þess að væta hefur gengið ofan í það hæði af hinum fyrnefndu ástæðum og af því, að þakið hefur lekið.

b. Hurðin á suðurgaflinum og dyrnar á austurhliðinni eru mjög af sjer gengnar.

c. Þakið, sem beggja vegna hefur verið endurlagt, lekur nú ekki; þó er þess að geta, að síðar, er gjört var við part af því, sem brotnaði af því, að úr kirkjuveggnum hrundi ofan á þakið, varð sökum þess að þetta var gjört um hávetur í frosti ekki komið við að við hafa kítti á milli hellnanna, og má því segja, að sá hluti þaksins sje, ef til vill, ekki eins vel tryggur og hið annað af því.

Í gluggum kirkjunnar, er umgjörð þeirra er úr steyptu járni, eru enn í fullkomlega helmingi rúðuplássanna hinar upprunalegu tígulmynduðu litlu rúður, sem mjög opt fjúka, þegar hvasst er, úr blýgrópum þeim, er þær eru greyptar í.

Járnþakrennurnar á kórnum, aðalkirkjunni og anddyrinu eru í góðu lagi, þar á móti er hið litla, sem enn er eptir af hinum fyrstu sinkrennum á skrúðhúsinu alveg ónýtt orðið. Niðurrennslisrennurnar, sem eru úr sinki gjörðar, eru víðast lítt nýtar.

Til að verja því vatni, er af þakinu rennur, eða öðru rigningavatni að fara ofan í jörðina rjett við veggina og þá um leið inn undir þá og gólfið, er enginn umbúningur hafður, nje vatnsheldur halli gjörður til að veita því frá veggjunum með.

Þessi lýsing á dómkirkjunni, sem vjer höfum gjört eptir beztu vitund, ber það með sjer, að kirkjan að voru áliti geti ekki í því ástandi, sem hún nú er í, heitið sómasamlegt nje viðunanlegt guðshús, og í raun rjettri ekki hættulaust, hvorki að vera í henni nje hjá, og það því síður, þar sem stórgallar þeir á kirkjunni, er á hefur verið vikið, ágerast eptir því sem lengur dregst að ráða bót á þeim.

Lýsingu þessa erum vjer reiðubúnir að staðfesta með eiði, ef krafizt verður.

Jakob Sveinsson. Björn Guðmundsson.
Björn Hjaltesteð. Jónas Helgason.

Rjett eptirrit staðfestir

Jón Jónsson.

---

9. fylgiskjal.

Fyrir nokkrum árum var því máli hreift á almennum fundi í Rangárvallasýslu, að gjöra brýr yfir Þjórsá og Ölfusá, og skutu nokkrir fundarmenn þá saman 200 kr. til þess að leggja sinn skerf til þess, að maður, sem vit hefði á, skoðaði hina fyrirhuguðu brúarstaði, gæfi álit sitt um, hvernig brýrnar skyldu gjörðar og gjörði áætlun um kostnaðinn, ef stjórnin vildi senda slíkan mann hingað. Stjórnin varð vel við þessari beiðni og sendi hingað til landsins stórsmíðafræðing Windfeld Hansen, til þess að gjöra áætlun um brúargjörð á þessum ám.

Það var álit þessa manns, að hægt væri eða vel mögulegt, að gjöra brýrnar, og að kostnaðurinn til þess, eptir því sem hann stakk upp á að þær yrðu gjörðar, mundi á báðum til samans ekki verða fram yfir 168000 kr.

Að þessu búnu sáu kjördæmi vor sjer

13*

ekki fært að ná þessu fje saman með samskotum, allra-sízt á stuttum tíma, en nauðsyn fyrirtækisins gæti ekki á hinn bóginn samrímzt lengri bið.

Á almennum sýslufundum, sem haldnir voru í kjördæmum vorum, lýstu menn hinum sama áhuga á málinu, og fólu oss eindregið á hendur, að bera fram fyrir alþingi, sem nú stendur yfir, þá bæn, að það vildi veita fje til brúargjörðar yfir Þjórsá og Ölfusá, sem svari þeirri upphæð, sem áður er nefnd, og var það eindregin ósk sýslufunda þessara, að vjer færum því fram, að landstjórnin vildi taka gjörsamlega að sjer fyrirtæki þetta, ef alþingi vildi veita fje til þess, og eptirlit með brúnum, er þær væru komnar á, eins og annari landssjóðseign.

Áætlun hafa menn gjört um það, hvað brýrnar mundu gefa af sjer á ári með sama tolli, er við gengst á ferjustöðunum, eptir því sem menn hafa komizt næst um það, hvað ferjur á þessum ám hafa gefið af sjer, sem sje:

Á Þjórsá:		
1. Króksferja . . .	300 kr.	
2. Egilsstaðaferja . .	700 —	
3. Sandhóla- og Ferjunesferja . . .	1900 —	2900 kr.
Á Ölfusá:		
1. Laugardælaferja .	800 kr.	
2. Kotferja	400 —	
3. Óseyrarnesferja .	1900 —	3100 —
	alls	6000 —

Eptir þessari áætlun ættu brýrnar að gefa af sjer árlegan arð, sem svarar til 150,000 kr. höfuðstóls, með því að reikna 4 af hundraði, og er þó ætlun vor, að brýrnar muni, þegar frá líður, verða meir og meir tíðfarnari og þá gefa af sjer talsvert meiri arð, en hjer er talinn. Nauðsynin, sem liggur til grundvallar fyrir þessu fyrirtæki, vonum vjer að öllum sje auðsjeð, þar sem um þessar tvær stórár er að ræða á því svæði, þar sem að minnsta kosti tvær fjölbyggðustu sýslur landsins geta á engan hátt komizt hjá að fara yfir með alla aðdrætti sína árs árlega, og einmitt þær sýslur landsins, sem alls engin persónuleg not geta haft af gufuskipsferðum í kring um landið, eins og öllum hlýtur að vera kunnugt, sem til þekkja. Það er því bersýnilegt, að brýrnar yfir Þjórsá og Ölfusá og vegabætur yfir hjeruðin austanfjalls eru mönnum þar alveg hið sama eða jafnnauðsynlegt sem gufuskipsferðirnar eru hinum hjeruðum landsins og allir vöruflutningar sjóleiðis. Mismunurinn er einungis sá, að til gufuskipsferðanna leggur landssjóðurinn út fje á hverju ári, án þess beinlínis að taka nokkuð inn á móti. Til brúargjörðarinnar legði landssjóðurinn mikið fje einu sinni, en tæki með tímanum fulla vexti af því.

Til þess nú að fylgja þessu nauðsynjamáli fram, höfum vjer ráðið það af, að snúa oss að hinni heiðruðu fjárlaganefnd í neðri deild alþingis í því trausti, að hún verði þessu máli hlynnt og með þeirri ósk, að hún gjöri allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að máli þessu verði framgengt, þannig:

1. að alþingi veiti fje úr landssjóði til brúargjörðar á Þjórsá og Ölfusá að upphæð 168000 kr.
2. að yfirstjórn landsins taki að sjer framkvæmdina á fyrirtækinu og umsjón með brúnum framvegis eins og hverri annari landssjóðseign.

Og til vara: Að alþingi leggi fje til úr landssjóði allt að helmingi, eða að minnsta kosti nokkuð af áðurnefndri fjárupphæð til brúargjörðar á Þjórsá og Ölfusá, og veiti hitt, sem á vantar eða með þarf, að láni úr landssjóði með vægum kostum.

Alþingi 25. júlí 1877.

Sighvatur Árnason, Ísleifur Gíslason,
þingm. Rangæinga.

Þorlákur Guðmundsson,
annar þingmaður Árnesinga.

Með skírskotun til meðfylgjandi athugasemda minna.

Páll Pálsson.
þingm. Skaptfellinga.

Athugasemd. Vegna kjósanda minna vil jeg einnig styðja mál þetta, að því er nær til brúargjörðar yfir Þjórsá, þar sem þeir að

nokkru leyti reka verzlun á Eyrabakka. En þótt verzlun komist á í Þorlákshöfn og þeir færu þangað, þá mundu þeir naumast nokkurn tíma nota brú yfir Ölfusá hjá Laugardælum, heldur fara á ferju yfir um í Óseyri.

Aptur á móti var fastlega skorað á mig af hjeraðsbúum mínum, að jeg legði það til á alþingi, að strandsiglingaskipinu Díönu væri gjört að skyldu, að koma upp undir Dyrhólaey, hvenær sem hún færi sunnan fyrir landið, og vindur og sjór ekki böguðu. Ætti sá dagur, er hún mundi fara fram hjá, að sjást í ferðaáætluninni, og mundi það geta orðið til talsverðs hagnaðar fyrir Skaptfellinga, jafnvel þó hún gæti ekki komið þar við, nema að eins í einni ferð á ári, sem naumast mundi bregðast, og gæti vel svo að borið, að það yrði optar, enda virðist þetta varla vera meira en sanngirniskrafa, að strandsiglingaskipið sæti færi, að koma að minnsta kosti einhverstaðar við fyrir allri suðurströnd landsins.

Að þessum athugasemdum viðbættum, er jeg á sama máli og hinir aðrir þingmenn, er ritað hafa nöfn sín undir fyrtjeða áskorun til hinnar heiðruðu fjárlaganefndar.

Alþingi 25. júlí 1877.

Páll Pálsson

Til fjárlaganefndarinnar í neðri deild alþingis.

---

10. fylgiskjal.

BRÚARGJÖRÐIN YFIR ÖLFUSÁ.

Eptir þær rannsóknir, sem jeg hef gjört fram með Ölfusá beggja megin við ferjustaðinn á Laugardælum, þar sem mest er yfirferð yfir ána (til suðurlands), hefur það sýnt sig, að hentugasti staðurinn til brúargjörðar er hjer um bil miðja vega milli Laugardæla og hins næsta ferjustaðar Kotferju, rjett við bæ þann, er að Selfossi heitir. Áin beygist þar við snögglega, og fellur hjer um bil í austur og vestur, og um leið mjókkar hún svo, að breidd hennar verður ekki nema $^1/_3$ þess, sem hún er þar bæði fyrir ofan og neðan. Báðu megin árinnar á þessum stað eru klettar svo traustir, að vel má hlaða á brúarstöpla. Á uppdrætti þeim, er hjer með fylgir (mynd 3.) sjest áin, eins og hún er á þessum stað. Breidd árinnar á tjeðum stað milli bakkanna, þar sem brúin ætti yfir að ganga, eru 215 fet, en af því að eigi virðist óhætt, að treysta klettnum að vestanverðu fast fram við ána, vegna þess að hann er þar bilaður af áhrifum loptsins, þá verður spennivíddin eða fjarlægðin milli endastöpla brúarinnar að vera stærri, eður 225 fet, allt eptir dönskum mælikvarða. Að vestanverðu má setja brúna á klettinn með nokkrum umbúnaði, en að austanverðu þarf að hlaða 13 feta háan stöpul með hliðar-útskotum, enda er bakkinn svo lágur, að stíflugarð verður að hlaða frá stöplinum upp þangað, sem landið hækkar.

Eptir að hafa nákvæmlega rannsakað, hversu hátt vatnsflóð og jakaferð getur gengið á vetrardegi — bæði með því að athuga sýnileg merki þess, og með því að heyra sögusagnir þeirra manna, er næstir búa — komst jeg að þeirri niðurstöðu, að vatnsflóðið eða jakaferðin í ánni nær varla nokkru sinni meiri hæð, en 12 til 14 fetum yfir vatnsflötinn á sumardegi, og má því álíta alveg óhætt, að brúin sje 18 fetum fyrir ofan vatnsflöt árinnar á sumrum, og sú 18 feta hæð kemur vel heim við landslag það, sem að liggur.

Svo er ráðgjört, að brúin sje öll í einu lagi og án miðstöpla undir. Að setja stöpla í ána þykir ekki ráðlegt, því að hún fellur þar í þrengslum og er því ákaflega straumhörð, einkum á vorum, þegar snjó tekur upp og ísa leysir. Straumhraðinn, þar sem áin var dýpst, var 10 fet á sekúndu á þeim tíma, sem jeg var þar staddur; þar sem vatnið var grunnt, var hraðinn mjög lítill, en í vatnavöxtum er mælt að hann sje mjög mikill.

Það virðist því eigi tiltækilegt, að setja miðstöpul í ána, einkum þegar ekkert vinnst við það í fjárhagslegu tilliti.

Svo er talið til, að brúin geti borið 50 punda hreifanlegan þunga á hverju ferhyrningsfeti, eða 500 pund á farandfeti hverju á brúarskeiðinu. Sú mesta teyging eð þensla, sem þannig reynir á hið smíðaða járn, er 10,000 pund á □ þumlung. Hinn mesti þungi, sem lagzt getur á brúna, þykir sem verði snjóþyngsli þau, er á hana hlaðast í ákaflega miklum snjógangi á vetrardegi.

Breidd brúarinnar er 10 fet og 8 þumlungar, mælt að innan milli langbanda, og 10 fet milli grinda. Slík breidd þykir nægja í samanburði við umferð þá, sem nú er, og ráð má fyrir gjöra fyrst um sinn. En þegar bæði er haft tillit til styrkleika brúarinnar og líka til þess, að komið geta þeir tímar, að vögnum verði ekið um brúna, þykir eigi hlýða að hafa hana mjórri.

Brúin á að vera hengibogabrú úr slegnu járni. Efri hluti stoðanna hefur sporöskjumynd, og hlutfallið milli beins og boga er sem 1 : 10. Hæð stoðanna á miðjunni verður þannig $22^1/_2$ fet mælt milli þyngdarpunkts höfuðs og fótar.

Höfuðið er frá upphafi til enda 2″ breið, $^1/_2$″ þykk plata, liggjandi í fleti bogans, samt 2 hornmátsjárn 4″ + 4″ + $^1/_2$″, er tengja höfuðið við hvirfillínurnar (verticaler), og hornalínur (diagonalana). Fóturinn er sömuleiðis gjörður að 2″ háum $^1/_2$″ plötum, liggjandi í lóðrjettum fleti. Bilið milli innflata þeirra er 12 þuml., og hvirfillínurnar ganga niður milli þeirra og eru festar við með hnoðnöglum.

Hverju langbandi er skipt í 15 stafgólf þannig, að við hvert 15. fet er lóðrjettur uppstandari, er tengir saman fót og höfuð. Hver uppstandari er gjör af 4 ($2^1/_2$″ × $2^1/_2$″ × $^3/_8$″) hornmátsjárnum, samtengdum sín í millum með grindum úr $1^1/_2$″ breiðum og $^3/_8$″ þykkum stöngum. Uppstandararnir ganga milli vinkiljárnahöfuðsins niður á milli platanna í fætinum, og eru á báðum stöðum festir með hnoðnöglum.

Í hverjum langbandakafla ganga hornalínur krosslagðar; hver þeirra er gjörð af tveimur 3″ breiðum $^1/_2$″ þykkum stöngum, festar að ofan og að neðan við uppstandarann og höfuð og fót.

Hvorttveggja langbandið er á öðrum enda á fastri undirstöðu, en á öðrum enda á völturum, til þess að veðurbreytingar og annað þess konar geti eigi haft áhrif á þenslumagn þeirra. Hin 5. mynd í uppdrættinum sýnir hina hreifanlegu undirstöðu. Undir langbandsfætinum er skrúfuð steypijárnplata, er myndar efri hlutann af venjulegu «Kippelager». Neðsti hluti þess styðst á 3 valtara úr slegnu járni, 20″ langa og $3^1/_2$″ að þvermáli. Þeir eru festir inn í umgjörð af slegnu járni, er samanstendur af plötu, sinni fyrir hvorum enda, og á milli þeirra ganga 2 járnásar, sem halda öllu saman. Hreifa má valtarana eptir steypujárnplötu, sem undir liggur og beinlínis er lögð á klettinn, eptir að búið er að gjöra hann flatan á þeim stað, sem platan er lögð á. Við hinn enda langbandsins er sams konar «Kippelager», en neðsti hluti þess er beinlínis festur við landstöpulinn, sem hjer verður að hlaða, með því kletturinn er lægri, en bakkinn hinu megin árinnar.

Af því að stoðirnar eru svo háar, er alveg nauðsynlegt, að skorður sjeu settar á milli þeirra. Þessi skorðan er með ýmsu móti.

1. Í hverjum fleti þeirra 10 uppstandara í miðið er ofan á stoðarhöfuðin sett 2 ($2^1/_2$″ × $2^1/_2$″ × $^3/_8$″) vinkiljárn þvert yfir brúna, og 25 þuml. fyrir neðan höfuðið eru milli uppstandaranna sams konar skorður settar. Þessar 2 þverskorðanir eru samtengdar með grindum úr $2^1/_4$″ × $^3/_8$″ stöngum (eins og sja má á 4. mynd).
2. Í hverju af þeim 9 miðstafgólfum eru við höfuðið ofanvert reistar skáskorður (mynd 2.) úr tveimur samanneglduм $2^1/_2$″ × $2^1/_2$″ × $^3/_8$ vinkiljárnum.
3. Loks er í fleti þeirra 6 miðstafgólfa skorðan sett, er lengra nær niður, og eru úr $2^1/_4$″ × $^3/_8$″ stöngum (og má sjá það, að því er miðstafgólfið snertir, á 4. mynd).

Að neðanverðu mynda þverslárnar skorðanina. Til hverra tveggja uppstandara svarar ein þverslá. Mynd hennar er tvöfalt T, gjörð af 17″ hárri 1/4″ þykkri plötu og fjórum $2^1/_4'' \times 2^1/_4'' \times 1/_4''$ vinkiljárnum. Á hverjum enda fyrir sig er sláin fest með tveim vinkiljárnum við stoðarfótinn. Yztu þverslárnar við enda brúarinnar eru settar ofan á stoðirnar, sem eru þar 11″ á hæð, og með því að hæð þverslárinnar eru 6 þuml., verður hún jafnhá hinum öðrum þverslám.

Ofan á þverslánum liggja 5 langbönd brúarplönkunum til styrktar. Til þess að brúin verði ávöl að ofan, er miðlangbandið $9^1/_9$ þuml., en hið yzta $8^1/_9''$, svo að ávalinn verður 1 : 60. Með $^3/_8''$ skrúfnöglum eru bjálkarnir festir við þverslárnar. Á langviðunum liggur einfalt brúarþak úr $2^1/_2''/9''$ plönkum yfir þvera brúna.

A brúnni eru grindur til beggja hliða úr slegnu járni. Bilið milli járnanna eru 5 fet; auk handlista eru 2 miðlistar, og þar að auki eru í sjerhverju grinda-stafgólfi 4 lóðrjettar þunnar stengur (mynd 5.).

Stöplarnir eru gjörðir úr blágrýti höggnu að utanverðu og bakmúr af klofnu grjóti að innanverðu. Við hvorn brúarsporð eru tvær blágrýtisstoðir, sem ná lítið eitt upp fyrir hliðgrindurnar, og er brúnni þar með lokið. Efsti hluti stoðanna er úr steyptu betoni. Á eystri bakkanum, þar sem land er lægra en brúarflötuinn, verður að hlaða garð undir veginn (sjá 1. og 2. mynd); þeim megin, sem að árstraumnum veit, er garðurinn hærri sem 1 : 2, og steinsettur allt að 12 fetum hærra, en vatnið í ánni á sumardegi. Hinu megin er hleðslan á þessum garði sem 1 : 1, og þeim megin er ekki steinsett. Garðurinn er við ána takmarkaður af þvermúrum af blágrýti, er beygjast aptur og mynda 45° horn, og fara eptir því lækkandi sem garðinum hallar.

Brúargjörð yfir Þjórsá.

Þar hagar eigi eins vel til, þegar um brúargjörð er að ræða, eins og við Ölfusá; þar sem brú verður við komið breiddarinnar vegna, hagar sem sje svo til, að annar bakkinn er talsvert hár, en hinn bakkinn miklum mun lægri, og þar við bætist, að klettarnir í þeim hærri bakkanum eru víða hvar veðurbarðir til stórskemmda. Sá staður, sem jeg álít bezt fallinn til brúargjörðar, er hjer um bil miðja vega milli Þjótanda og Urriðafoss; þar er áin mjóst, og þar eru klettarnir, einkum öðru megin árinnar, vel traustir. Þess gjörist eigi þörf að lýsa staðnum, er hann er auðkenndur, og þeir, sem í grennd búa, vita hvar hann er.

Brúin, sem er á lengd 210 fet, er alveg gjörð á sama hátt sem brúin yfir Ölfusá, svo að ekki er haft tillit til hins litla lengdarmunar, enda er mikið við það unnið, að hafa sama fyrirkomulagið á báðum brúnum, einkum ef báðar eru gjörðar um sama leyti. Brúin á Þjórsá er stafgólfi styttri, og miðstoðirnar eru 21 fet. Þegar um skorðanir milli stoðanna er að gjöra, verður mismunurinn sá, að hin fyrst nefnda skorðan á sjer stað í fleti þeirra 9 miðstafgólfa, hin önnur í þeim 8 miðgólfum, og hin þriðja í þeim 5 miðgólfum. Með þessum breytingum á það, sem sagt er um brúna á Ölfusá, eins vel við um brúna á Þjórsá, að því er byggingarlag hennar snertir.

En sökum landslagsins verður brúin lítið eitt hærri en á Ölfusá, nfl. 20 fetum yfir vatnsflöt árinnar á sumardag; þess vegna verður og landstöpullinn öðru megin árinnar lítið eitt hærri. Við landstöpulinn verður einnig að hlaða sams konar garð sem við Ölfusá.

Að vestanverðu við ána, þar sem klettarinn er 40 fetum yfir vatnsfleti árinnar á sumardag, verður að sprengja veg, 10 feta breiðan, niður að brúnni. Vegur sá er lárjettur 30 fet hin næstu við brúna, en svo hækkar hann um 1 á hverjum 10, þangað til komið er upp á grassvörð. Á þennan hátt verður komizt hjá því, að hleypa brúnni svo mjög upp, enda yrði þá að hlaða háan og dýran stöpul hinu megin árinnar, og líka verður þá komizt hjá því, að setja hleðslu á klettinn ofanverðan, þar sem hann er stórslitinn og ótraustur.

YFIRLIT

yfir efni og vinnu við brúargjörð yfir Ölfusá.

1. Slegið járn:

a, Stoðirnar:

Í höfðinu 466 cubf. 1/2″ plata 20″ breið á 33,19 pd. 920 cubf.

		Pd.
4″ × 4″ × 1/2″ vinkiljárn á 12,45 pd.	15268 pd.	
	11454 —	26722
Uppstandarar vega hvert fet 26,89 pd., alls: 396 fet á 26,89 pd.	10648 —	
Efsta stykki hvers uppstandara vegur 23,4 pd.; 28 stykki á 23,4 p.	655 —	
Neðsta stykki 28 á 46 pd.	1288 —	12591
Fótur 912 cubf. 1/2″ × 17″ plata á 28,22 pd.		25736
Hornlínur 2380 cubf. 1/2″ × 3″ stengur á 4,98 pd.		11852

b, Þverslá:

Fyrir eina þverslá 48 cubf. 2 1/4″ × 2 1/4″ × 1/4″ vinkiljárn á 3,53 pd.	169,5 pd.	
10 2/3 cubf. 1/4″ × 17″ plata á 14 pd.	150,5 —	
Ein þverslá vegur	320 —	
14 stykki þversláa á 320 pd.		4480
Fyrir eina af hinum smærri þverslám við brúarsporðinn 48 cubf. 2 1/4″ × 2 1/4″ × 1/4″ vinkiljárn á 3,53 pd. .	169,5 pd.	
10 2/3—1/4″ × 6″ plata á 4,98 pd.	53,5 —	
	223 —	
2 stykki þversláa		446

c, Skorðan milli stoðanna:

669 cub.fet 2″ × 2″ × 3/8″ vinkiljárn á 4,61 pd. er . .	3018 pd.	
468 —— 3/8″ × 2 1/4″ stengur á 2,8 pd.	1310 —	
31 —— 3″ × 3″ × 1/2″ vinkiljárn á 9,10 pd.	466 —	4794
Viðbót á 4% fyrir hnoðnagla		3465

d, Hliðargrindur:

Hvert stafgólf í grindunum vegur 112 pd.; 90 gólf á 112 pd. 10080

e, Ýmislegt:

80 stykki 3/4″ járngadda 8″ langa á 1,62 pd. 130

Valtarar til tvískipta með umgjörðum 486

2. Steypujárn: Til samans af slegnu járni pd.: 100782

2 stk. undirlagsplötur	2400 cubþl.	
2 «Kippelager»	3600 —	
2 föst lög með «Kippelager»	4000 —	
Alls 10000 cub.þuml. á 0,2579 pd.		2579 pd.

3. Trje og plankar:

1140 cub.fet 8/8″ trje á 507 cubf.

304 stk. 2 1/2″/9 plankar 11 feta langir 522 cubfet.

Alls . . . . . 1029 cub.fet.

4. Steinsmíðið:

1544 cub.fet múrar af höggnum steini

1184 — — - óhöggnum klofnum steini

188 cub.fet beton til ofanálags.

5. Viðgjörð við klettinn, garðhleðsla, er nema 240 cub.föðmum af grjóti, torfi og malarmylsnu.

Áætlun við kostnaðinn við Ölfusár-brúna.

			rd.	sk.
100782 pund af slegnu járni með flutningi og fyrirkomulagi í brúnni	á 28 sk.		29394	72
2579 pd. af steyptu járni komnu í brúna	á 14 —		376	10
1029 cub.fet trje og plankar, komið í brúna	á 10 —		1715	»
1544 — múrverk af höggnu grjóti	á 4 mrk.		1029	32
1184 — af óhöggnu, klofnu grjóti	á 2 —	8 —	493	32
188 — beton	á 1 rd.	7 —	188	»
Garðhleðsla, aðgjörð á klettinum			1000	»
Verkstjórn og tilsjón og óviss kostnaður			5803	46
		Samtals	40,000	»

YFIRLIT

yfir efni og vinnu við brúargjörð á Þjórsá.

			pund
1. Slegið járn:			
a. Stoðirnar:			
Höfuðið 432 cub. fet $^1/_2$″ × 20″ plata á 33,19 pd.	14338 pd.		
864 — — 4″ × 4″ × 12″ vinkiljárn á 12,45 pd.	10758 —		
			25096
Uppstandarar:			
Hvert fet vegur 26,89 pd. 359 fet á 27,90 pd.	9652 —		
Efsta stykki hvers 23,4 pd. á 26 stykki	608 —		
Neðsta — — 46 pd - 26 —	1196 —		
			11456
Fóturinn 850 cub. fet $^1/_2$″ × 17″ plata á 28,22 pd.			23987
Hornlínur 2368 fet $^1/_2$″ × 3″ stengur á 4,98 pd.			11742
b. Þverslár:			
Ein þverslá vegur 320 pd. 13 stykki			4160
Þær 2 minni þverslár			446
c. Skorðan milli stoða:			
600 fet 2″ × 2″ × $^3/_8$″ vinkiljárn á 4,51 pd.	2706 pd.		
405 — $^3/_8$ × 3″ stengur á 2 mk. 8 sk.	1134 —		
42$^1/_8$—3″ × 3″ × $^1/_2$″ vinkiljárn á 9$^1/_3$ pd.	388 —		
			4228
Viðbót af 4 pC. til hnoðnagla			3245
d. Hliðgrindur o. s. frv.			
Grindurnar vega í hvert gólf 112 pd. 85 gólf á			9408
15 st. $^3/_4$ 8″ járngaddar á 1,62 pd.			122
Valtarar til tveggja skipta með umgjörðum			486
		Allt smíðað járn:	94376
2. Steypujárn, eins og við brúna á Ölfusá			2579
3. Timbur og plankar:			
1050 cub. fet $^8/_8$″ timbur	467 cubik fet.		
280 st. 2$^1/_2$ 19 t. plankar 11′ á lengd	481 — —		
Allt í allt cub. fet	948		

4. Steinsmíði:
   1750 cubik fet múruð af höggnum steinum.
   1330 — — — af óhöggnum klofnum steinum.
   188 — — — af beton til ofanálags.
5. Að sprengja hjer um bil 300 cub. faðma í klett og gjöra þar veg, setja garð hjer um bil 160 cub. faðma af torfi, grjóti og malarmylsnu.

Áætlun um kostnaðinn við brú á Þjórsá.		rd.	sk.
14376 pd. slegið járn, komið fyrir á staðnum, á 29 sk.		28509	40
2579 — steypt járn — — - — á 16 —		429	80
948 cub. fet timbur	11 mrk.	1738	»
1750 — — múr og höggnu grjóti	4 —	1166	64
1530 — — af óhöggnu, klofnu grjóti	2 — 8 sk.	637	48
188 — — beton	1 rd.	188	»
300 — faðm. klettur að sprengja, o. s. frv.	15 —	4500	»
Garðhleðslan		600	»
Verkstjórn, tilsjón, óviss útgjöld o. s. frv.		6230	56
	Samtals	44000	»

Um brúargjörð á Ölfusá og Þjórsá.

Þegar um brýr þessar er að ræða, þá er það án efa rjettast, að allt járnsmíði sje gjört annaðhvort í Danmörku eða á Englandi, af því að það verður kostnaðarminnst, og að öllu verði svo til hagað, að eigi þurfi annað, en negla saman, þegar á brúarstaðinn er komið. Þegar allt brúarefnið væri þannig undirbúið, þá skyldi það og öll áhöld, sem við þyrfti, flutt til Íslands og lagt á land á Eyrarbakka, því að þaðan er brúarstæðið við Ölfusá varla í 2, og brúarstæðið við Þjórsá tæplega í 4 mílna fjarlægð. Brúar-efnið ætti allt saman að vera á land komið, áður en haustar að, og ef akfæri yrði gott að vetrinum, mundi eigi erfitt veita, að flytja brúarefnið á hina fyrirhuguðu brúarstaði. Þessu hygg jeg að bezt yrði til hagað, eins og jeg hef nú bent á, og þá ætti þegar á næsta vori að byrja á brúargjörðinni og hafa smíðinni lokið samsumars. En af því að valt er á að ætla, að allt brúarefnið verði flutt á þann hátt, sem um var getið, þá er í áætluninni gjört ráð fyrir, að menn verði til neyddir að flytja allt á hestum. Slíkt er heldur engin frágangssök, því að flestir af þeim hlutum, sem í brúna eru ætlaðir, eru eigi þyngri en svo, að klyftækir sjeu. Ef til þess kæmi, þyrfti það heldur ekki að valda svo miklum kostnaði, að gjöra þær vegabætur frá Eyrarbakka upp að ánum, að koma mætti við smávögnum.

Þegar svo búið væri að viða allt að sjer og skeyta allt saman öðru megin árinnar, þá má vinda brúna þannig samsetta yfir ána, og til þess má bjargast við skyndistöpla úr trje eða einhverju öðru. Að öðru leyti er það engum erfiðleikum bundið, að vinna það að brúargjörðinni, sem vinna þarf

Eins og sjá má af áætluninni, er svo ráð fyrir gjört, að brúin á Ölfusá kosti 40000 rdl. og brúin á Þjórsá 44000 rdl. Í kostnaðinn hefur verið lagt ríflega, og get jeg því eigi annað ætlað, en að gjöra megi brýrnar fyrir þessa upphæð, svo framarlega sem verðið á brúarefninu hækkar ekki úr því, sem nú er. Þess má þar að auki geta, að alllíklegt er, að brýrnar geti orðið ódýrari, en hjer er ráðgjört, ef þær eru báðar gjörðar samtíða, eigi einungis fyrir þá sök, að hið meira verkið verður að öllum jöfnuði ódýrara, en hið minna, heldur einnig vegna

þess, að verkstjórn öll og umsjón þessa fyrirtækis mundi þá verða minni.

Að það mundi verða ómetanlegur hagur fyrir Suðurland, ef að brýr yrðu settar á tvær stærstu árnar, sem svo mikil umferð er yfir, það liggur beinlínis í augum uppi, og að alþýða manna lítur þannig á málið, þykir mega ráða af orðum manna og almennum áhuga á því á Suðurlandi. Því verður heldur eigi neitað, að flutningur sá, sem nú tíðkast yfir árnar, er mjög tafsamur, hættulegur fyrir hestana, og stundum er bæði mönnum og skepnum hætta búin. Á ferjustöðum eru jafnaðarlega að eins 2 ferjubátar, og þegar þangað koma í einu 20 eða 30 hestar undir áburði, þá tekur flutningurinn yfir ána langan tíma, Hestarnir verða að synda, farangurinn er tekinn ofan af þeim, borinn út í ferjurnar og fluttur yfir í mörgum ferðum, borinn síðan aptur af ferjunni og lagður á hestana, þreytta eptir langt sund, opt í stríðum straumi. Þá ber og það við, að flug er svo mikið í ánum, að straumurinn hrífur hestana með sjer og þeir drukkna. Á vetrum, þegar ísskrið kemur í árnar, en frostið eigi svo mikið að þær leggi, verða árnar alsendis ófærar yfirferðar, er það opt og tíðum til hins mesta ógagns fyrir marga, eins og gefur að skilja í fjölmennum sveitum, er að ánum liggja beggja megin, hvort sem heldur þarf að leita læknis, eða í öðrum nauðsynja-erindum yfir árnar að fara.

Hvað þeirri spurningu viðvíkur, hvort brýrnar yfir Ölfusá og Þjórsá muni geta borgað sig eða eigi, þá er það víst engum vafa bundið, að óbeinlínis muni það gagn, er þær gjöra, fyllilega samsvara því, sem til þeirra verður kostað. Árnes- og Rangárvallasýsla eru einna fjölmennastar á Íslandi, og alþýða manna má heita þar fremur velmegandi en hitt, enda eru þar líka grösugar sveitir. Það er að sönnu svo, að mikill hluti af því landi er enn ónotaður og óyrktur; það eru hinar svo nefndu «mýrar», votlendir landflákar, er eigi hafa afrennsli. En flest af þessu mýrlendi er svo lagað, að hægra er, en margur hyggur, að gjöra úr þeim ágætt graslendi, af því að þeim hallar svo flestum, að veita má af þeim vatninu og það kostnaðarlítið. Það má ætla, að í þeim sveitum, sem hjer er um að ræða, geti lifað þrefalt fleiri menn, en þar eru nú. Það, sem vantar til þess að koma landinu upp og þjóðinni áfram, eins í þessu sem öðru, það eru góðir vegir og greiðar samgöngur. En alstaðar á Suðurlandi hagar svo til, að hægt er að leggja þar vegi, svo að ekið verði á vögnum. Landið er því nær í öllum byggðarlögum láglent, og ekki skortir efnið í vegina. Menn eru þegar farnir að gjöra vegabætur, og jeg hef sjálfur sjeð þar vegi, sem eigi þarf annað við að gjöra, til þess að vagngengir sjeu, en að þeir verði breikkaðir. En það, sem allra-fyrst þyrfti að gjöra, er að leggja aðalveg frá Reykjavík eða af Eyrarbakka austur að Markarfljóti. Yrði vegurinn látinn ganga frá Reykjavík, væri það að vísu hið æskilegasta, en vitaskuld er það, að hann yrði bæði lengri og dýrari, því að þá væri yfir fjall að sækja, og hann yrði hjer um bil 20 mílur á lengd, og mundi kosta allt að 100000 ríkisdala, þegar litið er til þess, sem hinn nýgjörði Hafnarfjarðarvegur hefur kostað. Sá vegur liggur yfir ósljett og stórgert hraun, hlaðinn upp bæði af stórgrýti og smágrýti, og má fara vagni um hann, og hver faðmur hefur kostað hjer um bil 7 mrk. Erfiðast mundi verða, að leggja veginn yfir fjallgarðinn milli Árness- og Gullbringusýslu, þó mundi það engin frágangssök. En þegar aðalvegur fyrst væri komin, þá kæmu aukavegirnir af sjálfu sjer.

Að hve miklu leyti brýrnar á Ölfusá og Þjórsá mundu beinlínis borga sig, eða með öðrum orðum, svara leigum af þeirri fjárupphæð, sem gengið hefði til að byggja þær, þá er reyndar erfitt úr þeirri spurningu að leysa að svo stöddu; þó vil jeg að svo miklu leyti Ölfusárbrúna snertir geta þess, að eptir þeim bendingum, sem mjer voru gefnar af mönnum þar eystra og einkum af ábúandanum á Laugardælum, má

má gjöra ráð fyrir, að Laugardæla-ferja gefi af sjer árlega 4—500 rdl. að frá dregnum öllum kostnaði, og ferjan við Kotferju hjer um bil 300 rdl. Báðar þessar ferjur mundu alveg detta úr sögunni, þegar brúin kæmi á Ölfusá. En það er þar að auki líklegt, að umferðin, bæði fyrir ofan og neðan brúna, mundi að miklu leyti dragast að brúnni, og ef brúartollurinn yrði settur lítið eitt hærra en ferjutollurinn, sem alveg mundi óhætt, mundi með talsverðri vissu mega gjöra ráð fyrir 1000 rdl. í hreinar tekjur á ári hverju, sem svarar til 25000 rdl. upphæðar, þegar 4 rdl. eru reiknaðir í leigu af hundraði. Og þegar nú áhuginn er svo sterkur á brúarmálinu, þá mætti, ef til vill, gjöra ráð fyrir samskotum frá 3—4000 rdl., og verða þá eptir einungis 11—12000 rdl., er eigi má kalla mikið fje, þegar litið er til hins, hvílíkt gagn getur orðið að fyrirtæki þessu.

Að lyktum skal jeg geta þess, að jeg hef opt heyrt þeim mótmælum hreift, að það mundi til einkis, að ráðast í svo stórfellda brúargjörð, meðan ekki væru til vegir öðruvísi, en þeir nú eru. Jeg hygg, að þegar um þetta efni er að ræða, þá sje miklu fremur ástæða til, að líta allt annan veg á málið; meðan ekki eru til brýr yfir tvær hinar stærstu ár, þá komast vegabæturnar heldur ekki áleiðis að nokkru ráði. Fyrst þegar brýrnar eru komnar, þá koma vegirnir af sjálfum sjer. En þó þessa nú eigi yrði svo, þá ætla jeg þó, að menn geti sagt, að brýr án vega muni verða að meira gagni, en vegir, ef að brýr vantar.

Kaupmannahöfn 12. apríl 1874.

Windfeld Hansen,
Ingenieur.

---

11. fylgiskjal.

Samkvæmt ósk formanns fjárlaganefndarinnar skal jeg leyfa mjer að gefa þá skýrslu yfir efnahag hins fyrirhugaða norðlenzka kvennaskóla, að stofnun þessi nú hefur í samskotafje og loforðum um fjárstyrk, þegar skólinn er kominn á fót, allt að 6000 kr.

Að öðru leyti, hvað stofnun þessa snertir, skal jeg vísa til brjefs þingmanna Eyfirðinga til fjárlaganefndarinnar dags. 6. júlí næstl.

p. t. Reykjavík 1. ágústmánaðar 1877.

E. Gunnarsson.

Til formanns fjárlaganefndarinnar.

ÖNNUR UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

A 33. fundi neðri þingdeildarinnar, 8. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til annarar umræðu frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879, tekjubálkurinn (1.—6. gr.).

Framsögumaður (Grímur Thomsen) kvaðst ekkert hafa að athuga, enn sem stæði, nema að eins að lagfæra það, er stæði neðarlega á 5. blaðsíðu í athugasemdunum, sem sje 2300 kr. fyrir 23000 kr.

Landshöfðinginn sagði, að með tilliti til breytingaruppástungna hinnar heiðruðu nefndar við 1. kafla fjárlagafrumvarpsins skyldi hann geta þess, að hann yrði að fallast á breytinguna við 2. grein 7. og 8. tölulið, þar sem upphæðir þær, er nefndin styngi upp á, væru rjettar, en upphæðir frumvarpsins hefðu orsakazt af því, að við samlagning þeirra hefði krónu- og ríkisdalareikningurinn blandazt saman. Hvað snerti athugasemd hinnar heiðruðu nefndar við 11. tölulið þessarar greinar, þá kvaðst hann

eigi ætla að taka upp aptur umræðurnar frá hinum undanfarandi þingum um þetta atriði, en vildi geta þess, að ef þingið skyldi halda því fastlega fram, að leggja þetta mál undir dómstólana, þá skyldi hann að svo stöddu ekki mæla á móti því, nema að svo miklu leyti sem hann fyrir sitt leyti yrði að halda, að vjer ekki ættum von á að vinna málið, og sökum þess áliti hann sjer skylt að ráða frá því. Í tilefni af athugasemd nefndarinnar við 13. tölulið, «tekjur af póstferðum», skyldi hann geta þess, að það, sem 1876 hefði valdið, að tekjurnar hefðu orðið svo miklar, væri að nokkru leyti að þakka því, að á þessu ári hefði verið selt meira af hinum nýju póstmerkjum til útlanda, en gjöra mætti ráð fyrir að meðaltölu, og í annan stað, að peningabreytingin hefði haft í för með sjer langtum fleiri peningasendingar, en að öllum jafnaði yrði gjört ráð fyrir.

Hann kvaðst skyldu leyfa sjer að mæla á móti breytingunni við 1. tölul. 3. gr., þar sem sá tölul. væri færður upp um 1000 kr. á ári sökum þess, að hinni heiðruðu nefnd virtist alþingistollurinn of lágt reiknaður í athugasemdunum við frumvarpið. En hinni heiðruðu nefnd hefði yfir sjezt, að í upphæð þeirri, sem í fjárlögunum fyrir 1876—77 hefði verið dregin frá umboðstekjunum undir 3. tölul., «alþingistollur og ýmisleg önnur útgjöld hjer um bil 2,100 kr.», hefði verið innifalinn ekki einungis alþingistollur, heldur einnig «ýmisleg önnur gjöld», t. d. fyrir keypt kúgildi, hvalrekakostnað, fátækratíund, landskuldaruppgjöf o. fl. En alþingistollurinn hefði 1875 verið 1101 kr. 18 a., hin útgjöldin þar á móti 1549 kr. 89 a.; hann kvaðst því skyldu leyfa sjer að skora á hina heiðruðu nefnd, að taka þessa breytingaruppástungu aptur, þar sem hún væri byggð á misskilningi. Viðvíkjandi athugasemd hinnar heiðruðu nefndar við tölul. 3. b. skyldi hann geta þess, að hann af blöðunum hefði sjeð, að fjelag það, sem hefði tekið brennisteinsnámann að leigu, hefði gjört konkurs (væri orðið þrotabú), en sjer væri alveg ókunnugt um ástand búsins eður þá afleiðingu, er þetta atvik kynni að hafa haft fyrir lagasamninginn. Á móti breytingaruppástungu nefndarinnar við 4. tölulið hefði hann ekki neitt.

Hann kvaðst geta fallizt á allar breytingaruppástungur hinnar heiðruðu nefndar við 4. grein, þó að sjer virtist áætlun hennar við 1. og 2 tölulið nokkuð rífleg, og skyldi hann bæta því við, að skuldabrjef Kálfatjarnarkirkju, er bent væri á í athugasemdinni, væri talið meðal skuldabrjefa landssjóðsins í brjefi sínu, sem prentað væri á 11. bls. nefndarálitsins.

Hvað viðviki athugasemdum hinnar heiðruðu nefndar eða bendingum um það, að æskilegt væri að koma landssjóðnum í samband við þjóðbankann í Kaupmannahöfn, skyldi hann geta þess, að hann væri nefndinni alveg samdóma um þetta. Hann sagði, að hann undir dvöl sinni í Kaupmannahöfn í vor hefði leitt athygli ráðherrans að þessu atriði, og skyldi hann samkvæmt áskorun nefndarinnar endurnýja þessar tilraunir, þó að sjer væri það kunnugt, að þjóðbankinn sem stæði áliti það vafasamt, hvort filialbanki hjer í landinu gæti borgað sig.

Út af athugasemdum hinnar heiðruðu nefndar um það, að ekki væri haganlegt fyrir landssjóðinn, sem meðfram væri ætlaður til að vera landinu og framförum þess hjálplegur til allra góðra fyrirtækja, að eiga fje sitt fastbundið í innskriptarskírteinum, skyldi hann geta þess, að innskriptarskírteinin eigi byndu fjeð óðruvísi eða fastara en konungleg skuldabrjef, því að munurinn á milli þeirra væri einungis fólginn í forminu. En það mætti álíta haganlegt einmitt með tilliti til þess, að æskilegt kynni að verða, að hafa stærri upphæð í veltu, að fje landssjóðsins væri að nokkru leyti gjört arðberandi í konunglegum skuldabrjefum, sem langtum hægra væri að realisera, þegar þess þyrfti við, en skuldabrjef einstakra manna, og sem þar að auki gæfu meiri arð að svo svo stöddu (hjer um bil 4 af 90 í stað

4 af 100, eða hjer um bil 4½ pC.). Það mætti að öðru leyti sjá það af frumvarpinu, eins og það einnig á annan veg mundi vera hinum heiðruðu deildarmönnum kunnugt, að stjórnin væri fús á að láta fje viðlagasjóðsins ávaxta hjer í landinu, til þess að ráða nokkra bót á peningaeklu þeirri, er hjer ætti sjer stað.

Hvað styrktarsjóðinn snerti, kvaðst hann skyldu skírskota til þeirra reikninga, sem hann samkvæmt ósk þingsins í hitt-eð-fyrra hefði lagt fram fyrir þingið, og sem nefndinni hefðu virzt greinilegir og óaðfinnanlegir fyrir tímabilið eptir 1871, en það væri einmitt um það tímabil, sem landið hefði haft fjárhag sinn út af fyrir sig. Hann kvaðst játa það, að í reikningnum fyrir árin $18^{61}/_{62}$ og $18^{62}/_{63}$ væri reikningsvilla eða ritvilla sem næmi 20 rdl., en hann sæi sjer eigi fært enn sem stæði að skýra frá, hvernig þessa ritvillu ætti að lagfæra.

Framsögumaður sagði, að athugasemdir landshöfðingja við frumvarp þetta væri sannarlegt gleði-efni fyrir nefndina, og mætti hún því vera ánægð með þann vitnisburð, sem landshöfðingi hefði gefið henni. Það hefði að eins verið eitt atriði, sem landshöfðingi hefði verið ósamþykkur nefndinni í, nefnilega breytingaratkvæði nefndarinnar við 3. gr., 1. tölul., enda hefði nefndin einnig búizt við, að þá upphæð yrði að færa niður, og eptir þær upplýsingar, sem landshöfðingi hefði gefið í þessu efni, væri nefndin fús á að taka þessa breytingar-uppástungu aptur, því breytingin hefði verið gjörð til að fá ítarlegri skýringar um, hvernig á upphæðinni stæði. Með tilliti til þess, sem landshöfðingi hefði sagt, að innskriptarskírteini væru eigi annað en konungleg skuldabrjef, að eins í öðru formi, þá hefði hann rjett að mæla í því, en þó mundi hægra að hafa fjeð í konunglegum skuldabrjefum, því að þau gengju manna á milli í kaupum og sölum, og væru sem »valuta«, en þessi athugasemd mundi sem annað sprottin af góðsemi landshöfðingja, þar sem hann í þessu sem öðru, er fjárhagsmálefnum Íslands við kæmi, vildi eins og fara hálfan veg á móti landi og þjóð. Arðurinn af konunglegum skuldabrjefum úr viðlagasjóðnum væri reyndar nokkuð meiri, en af skuldabrjefum einstakra manna, en þau væru þó haganlegri fyrir landið, en því væri eins áríðandi að hafa sem mest og bezt gagn af sjóðnum, eins og hitt að ávaxta fje hans vel. Viðvíkjandi lestagjaldinu af póstskipinu og þeim afdrætti, sem þar við yrði árlega, þá sæi landshöfðinginn af nefndarálitinu, að nefndin vildi eigi fara í mál að svo stöddu, en hún mundi taka til annars úrræðis, ef úr þessu yrði eigi bætt á næsta fjárhagstímabili, en það væri að nema af allt lestagjald, og sæi landshöfðingi, að það væri sanngjarnt, því að lestagjaldið legðist einmitt á þær vörur, sem sízt skyldi, nefnilega þungavörur allar, svo sem korn, kol, salt, o. s. frv.; ef skipið yrði nú stærra, þá yrði meiri afdráttur en 5000 kr.; aptur á móti mundi hún reyna að hækka toll á munaðarvöru, þótt það væri lítt hægt. Viðvíkjandi styrktarsjóðnum þá hefði landshöfðingi sjálfur játað, að reikningarnir væru óglöggir framan af, og svo hefði hann sjálfur bent á eina reikningsvillu í þeim, sem reyndar eigi væri stór, en í honum væru líka fleiri reikningsvillur og þær stærri, en sú sem hann hefði bent á, því að eigi sæist, hvernig »kontant Beholdning« sjóðsins hefði verið gjörð arðberandi, nje hve miklir væru vextir af henni. Hann vildi og þakka landshöfðingjanum fyrir tilraunir hans til að koma landssjóðnum í samband við þjóðbankann í Kaupmannahöfn og undirtektir hans undir áskorun nefndarinnar að ítreka þær, en viðvíkjandi því, hvort útibú, »Filialbank«, mundi geta borgað sig hjer í landinu, þá vildi hann geta þess, að, ef sig minnti rjett, þá hefðu útibúin í Flensborg og víðar eigi byrjað með meiri upphæð í fyrstu, en hjer mætti byrja með, einkum ef tillagið úr ríkissjóðnum væri greitt þegar í byrjun árs, en annars mætti landshöfðingi njóta þess sannmælis, að hann hefði sýnt það í verkinu, að hann væri landssjóðnum, og sjer í lagi viðlagasjóðnum rjettlátur ráðsmaður.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og var því gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

2. grein.

a, Breytingaruppástunga nefndarinnar við 7. tölulið samþykkt með 21 atkvæði.

b, Breytingaratkvæði nefndarinnar við 8. tölul. samþykkt í einu hljóði.

c, Byrjun greinarinnar, breytt, samþykkt að sjálfsögðu.

d, 2. gr. með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.

3. grein.

a, Breytingaruppástunga nefndarinnar við 1. tölul. tekin aptur af nefndinni.

b, Breytingaratkvæði nefndarinnar við 4. tölul. samþykkt með 21 atkvæði.

c, Byrjun greinarinnar, breytt, samþykkt án atkvæðagreiðslu.

d, 3. grein með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.

4. grein.

a, Breytingaruppástunga nefndarinnar við 1. og 2. tölul. samþykkt í einu hljóði.

b, Breytingaruppástunga nefndarinnar við 3. tölul. samþykkt með 20 atkvæðum.

c, Breytingaratkvæði nefndarinnar við 4. tölul. samþykkt án atkvæðagreiðslu.

e, 4. grein með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.

5. grein, óbreytt, samþykkt í einu hljóði.

6. grein, óbreytt, samþykkt í einu hljóði.

1. grein, breytt að tölunni, samþykkt í einu hljóði.

Að þessi kafli frumvarpsins gengi til 3. umræðu var samþykkt í einu hljóði.

BREYTINGARUPPÁSTUNGUR

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879 (til 2. umræðu).

I. Breytingaratkvæði frá nefndinni,

Við 10. gr. B, 3.

fyrir: «1720 1720»

komi: «2320 2320»,

og samlagningin breytist eptir því.

II. Breytingaratkvæði

frá Þórarni Böðvarssyni, 2. þingmanni Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Við 10. gr. C. 8., að fyrir 26,530 komi 10,000.

III. Breytingaratkvæði

frá landshöfðingja.

1. Við 10. grein C. Hjer við bætist nýr töluliður.

	1878	1879
10. Laun handa 1 dýralækni: . .	1200 kr.	1200 kr.

2. Við 12. grein 3.

Fyrir: . . .	1600 —	1400 —
komi: . . .	1900 —	1700 —

IV. Breytingaruppástunga

frá Ísleifi Gíslasyni, 2. þingmanni Rangæinga, og Þorláki Guðmundssyni, 2. þingmanni Árnesinga.

Við 10. grein C.

Eptir 8. tölulið komi nýr 9. töluliður svo hljóðandi:

«Til brúargjörðar á Þjórsá og Ölfusá allt að 50000 kr.».

V. Breytingaruppástungur

frá Páli Pálssyni, þingmanni Skaptfellinga, við nefndarálitið.

1. Við 10. gr. C., að á eptir 9. tölulið verði bætt inn í nýjum tölulið svo látandi:
«10. til brúargjörða yfir Þjórsá og Ölfusá . . . . . 40000 kr.».

2. Við 12. gr., að í staðinn fyrir:

1878	1879	
«3500 kr.	3500 kr.	— 7000 —»
komi: «4090 —	4090 —	— 8180 —»

3. Við 13. gr., A. b. 1., að í staðinn fyrir: «4000» komi: «6000».

4. Við 15. gr., að í lánadálkinum í staðinn fyrir: «150000» komi: «110000».

VI. Breytingaratkvæði frá landshöfðingja.

		1878	1879
Við 13. gr. III. a,	fyrir . .	16200	16200
	komi . .	18200	18200
— — — —	c, 4. fyrir .	1060	1060
	komi . .	500	500

VII. Breytingaratkvæði frá Þórarni Böðvarssyni, 2. þingmanni Gullbringusýslu.

Við 13. grein C. Nýr töluliður, sem verður 5., þannig:

Styrkur handa Álptaneshreppi í Gullbringusýslu til að af stýra hallæri 2000 kr.

VIII. Breytingaratkvæði frá 9 þingmönnum, Tryggva Gunnarssyni, Snorra Pálssyni, H. Kr. Friðrikssyni, Þórði Þórðarsyni, Hjálmi Pjeturssyni, Grími Thomsen, Arnljóti Ólafssyni, Eggert Gunnarssyni, og Jóni Sigurðssyni.

Við 13. grein C. bætist nýr töluliður 7. «Til alþingismanns Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn fyrir bókasafn hans handa Íslandi 25000 kr.»

Á 38. fundi neðri deildarinnar, 11. dag ágústmánaðar, kl. 12, var samkvæmt dagskránni haldið fram annari umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879, 2. kaflann, eða útgjaldabálkinn, 7.—16. gr., og var þeim bálki skipt í kafla til umræðu, og fyrst teknar til umræðu 7.—10. gr.

Framsögumaður kvaðst vilja að eins geta þess, að 7. greinin gæti eigi komið til umræðu, því að hún gæti ávallt breytzt, eptir því sem upphæð hinna ýmsu útgjaldagreina breyttist. Að öðru leyti kvaðst hann vilja geta þess, að hjer í nefndarálitinu væru ýmsar prentvillur, er eigi gjörðu neitt til, og hægt væri allt af að laga. Við frumvarpið hefðu töluverðar breytingar komið fram bæði frá nefndinni og öðrum. Nefndin hefði sjálf stungið upp á þeirri breytingu, að af nema við embættismannaskipti þóknun fyrir þýðingu dóma, og gengju þannig frá áætlun stjórnarfrumvarpsins í 10. gr. B 3. tölul. 500 krónur á ári, er greiddar hefðu verið fyrir starfa þennan; en nú hefði nefndin hugsað sjer, að styrkur þessi yrði úr lögum numinn, og það einkum fyrir þá sök, að hún eigi hefði ætlað, að 2. grein launalaganna mundi heimila fjárveitingu þessa; enda mundi það eigi vera svo mikill starfsauki að þýða acta þá, er færu til hæstarjettar. En af því að þessi þóknun hefði verið veitt með konungsúrskurði, hefði nefndinni þótt vissara að koma með frumvarp til laga um að af nema styrk þennan, nema ef svo væri, að hinn hæstvirti landshöfðingi væri því samþykkur, að 2. grein launalaganna væri næg heimild til þessa, þá ætlaði nefndin að taka aptur frumvarpið, en skyldi landshöfðinginn vera þeirrar skoðunar, að betra væri að af nema þóknun þessa með lagafrumvarpi, þá mundi nefndin láta frumvarp þetta ganga sinn gang. Hann kvaðst eigi hafa fleira að mæla að sinni, en vildi feginn heyra meiningu landshöfðingjans í þessu efni.

Landshöfðinginn kvaðst með tilliti til þessa atviks vilja geta þess, að hann hefði skilið launalögin þannig, að þóknun sú, sem getur um í 10. gr. B 3 handa fyrsta dómanda í yfirrjettinum, fjelli eptir 2. gr. og 7. gr. launalaganna burt við embættismannaskipti. Síðan mælti hann á þessa leið:

«Eptir atkvæðagreiðslu þeirri, er nýlega fór fram, mun það vera gagnslítið að mæla á móti breytingaruppástungu nefndarinnar við 10. gr. A. 2., þó að mjer virðist hún í mesta lagi ósanngjörn. En jeg skal samt sem áður mæla með frumvarpinu.

Við 10. gr. A 3. stingur hin heiðraða nefnd einnig upp á, að draga frá 400 krónur árlega. Eg skal í þessu tilliti geta þess, að þegar þess var farið á leit, að flytja endurskoðun allra reikninga inn í landið, stakk landfógetinn upp á í brjefi til mín frá 10. apríl 1875, að ef endurskoðun allra specialreikninga skyldi falin honum á hendur, mundi þóknun fyrir þetta starf ekki vera minni en að minnsta kosti 2200 kr. árlega. En

eins og þingmönnum er kunnugt, var í frumvarpinu til fjárlaga fyrir árin 1876—77 einungis stungið upp á 1200 króna þóknun. Í brjefi frá landfógetanum frá 18. nóv. f. á. hefur hann skýrt frá, að þessi upphæð ekki nægi til að endurgjalda honum hin beinlínis útgjöld, sem eru endurskoðun þessari samfara, og að honum þannig ekki sje veitt nein þóknun fyrir starf hans, þó að gjört sje ráð fyrir því í fjárlögunum fyrir 1876—77, og þó að þetta í sjálfu sjer sje sanngjarnt. Hann hefur þess vegna beðizt, að þessi þóknun yrði hækkuð, að minnsta kosti til 2200 kr., eins og hann hefði áskilið sjer. Viðbót sú, sem frumvarpið stingur upp á, er því í alla staði mjög sanngjörn, og jeg vona þess vegna, að hin heiðraða deild samþykki frumvarpið.

Hvað 10. greinC. 4. og 5. snertir, þá fellst jeg á uppástungu hinnar heiðruðu nefndar við þessa töluliði, og álít jeg það einnig frá minni hálfu óþarft, að taka til sjerlegar ástæður fyrir því.

10. gr. C. tölul. 6 er óbreyttur, og jeg skal í þessu tilliti einungis geta þess, að jeg hef fengið áætlun um hinar fyrirhuguðu höfuðaðgjörðir á Grímstunguheiðarveginum, en sem stendur ekki álíka áætlun um Kaldadalsveginn, en að jeg ætlast til, að láta byrja þessar vegagjörðir á næsta sumri. Töluliður 7. er einnig, hvað upphæðina snertir, óbreyttur, en við hann er bætt athugasemd, sem mjer virðist mjög ísjárverð, «að umboðsstjórnin í fyrirkomulagi gufuskipsferðanna hagi sjer eptir í öllu verulegu, sjer í lagi hvað dagsetningu ferðanna snertir, annarihvorri af þeim áætlunum, sem hjer fylgja (fylgiskjöl nr. 5. og 6.); að öðrum kosti er fjeð að álíta sem óveitt»; og jeg skal leyfa mjer í þessu tilefni að fara nokkrum orðum um athugasemd þessa og þá, sem hin heiðraða nefnd hefur tekið fram á 14. og 15. bls. nefndarálitsins um gufuskipsferðirnar. Að mínu áliti eru báðar ferðaáætlanirnar A & B vel hugsaðar, og geta orðið til mikillar bótar frá því, sem nú er. Jeg hef undir dvöl minni í Kaupmannahöfn í vor haft tækifæri á að ræða þetta mál við höfund þessara áætlana, hinn háttvirta 1. þingmann Suður-Múlasýslu, og hef jeg einnig reynt til að ná samkomulagi við póststjórn Danmerkur um það fyrirkomulag, sem nefndin mælir með sem aðaluppástungu sinni. En mjer heppnaðist ekki að ná þessu samkomulagi, þó að jeg gjörði allt, sem mjer var frekast unnt, í því tilliti. Hin danska póststjórn leggur alla áherzlu á það, að póstsambandið milli Danmerkur og Íslands sje sem vísast, og þorir ekki að eiga það á hættu, að hafísinn kynni að raska því. Að mínu áliti er nú þessi hætta í sjálfu sjer ekki mjög mikil, ef ferðunum verður hagað, eins og gjört er ráð fyrir í ferðaáætluninni A, en jeg verð fyrir mitt leyti að játa, að ekki sje óhugsandi, að hafís geti tálmað ferðunum um hásumar, því að jeg hef sjálfur verið einu sinni í ísnum í júnímánuði (1869) við austurstrendur landsins, og í júlímánuði (1874) á Húnaflóanum. Samt sem áður skal jeg sjálfsagt mæla með þessari ferða-áætlun við ráðgjafann, og er jeg viss um það, að hann muni styðja að þessari uppástungu, ef þingið samþykkir hana. Ferða-áætlunin B er í sjálfu sjer að mínu áliti mjög aðgengileg og haganleg fyrir landið, og jeg skoða hana að vísu sem vara-uppástungu, en ekki sem neyðarúrræði, eins og nefndarálitið kemst að orði. Þar sem nefndin hefur bætt þeirri athugasemd við, að hún ætlist til, að landsstjórnin sjái svo fyrir, að til strandsiglinganna verði fengið svo ódýrt, en þó í annan stað svo hentugt gufuskip, sem unnt er, og leggi það til, að upphæðin, sem veitt er í fjárlögunum, sje þá áætluð upphæð, sem landsstjórnin enda mætti fara fram yfir, ef póststjórn Dana ekki skyldi vilja verða henni samtaka í þessa átt, skal jeg geta þess, að eptir minni meiningu getum vjer ekki með neinu móti fengið ódýrara skip en «Díönu», meðan vjer ekki borgum leigu af skipinu, sem mundi samsvara leigum af kaupverðinu og amortisation þess, nje heldur assurance af skipinu, því að póststjórnin er sjálf assuran-

dör allra þeirra skipa, er hún á; en þessar upphæðir mundu nema 20—30000 krónum auk þeirra gjalda, sem á ferðunum hvíla, en helmingur þeirra hefur í fyrra numið 11418 kr. 24 aur., sem útborgað er af landssjóðnum samkvæmt fjárlaganna 10. gr. C. Nr. 7. — Jeg skal játa það, að farmrúm «Díönu» er að mínu áliti of lítið, en jeg held, að það sje ofhermt, að skipið sje miklu kolafrekara en farmrúmi þess nemur, því að mjer er það kunnugt, að maskína «Díönu» er í alla staði af hinni beztu konstrúktíon, einnig í því tilliti að hún heimtar minni kol en jafn-kröptug maskína af eldri konstrúktion; og jeg verð að álíta það verulegan kost fyrir póstskip, að hafa duglega og kröptuga maskínu. Jeg efast þess vegna um, að mögulegt verði, að taka bendingu þá, sem jeg nú hef getið um, til greina, án þess að baka landssjóðnum langtum stærri útgjöld, en hin heiðraða nefnd hefur gjört ráð fyrir, og langtum stærri en ástæða er til að veita úr landssjóðnum. Jeg tek það upp aptur, að ef póstferðunum verður hagað á þann hátt, sem getið er um í 1. lið nefndarálitsins um gufuskipsferðirnar (bls. 14): «Svo má ráð fyrir gjöra o. s. frv., þá má segja, að þessum ferðum sje mjög haganlega komið fyrir, þó að ef til vill ferðunum mætti haga enn betur, ef kostur væri á því. Jeg skil þess vegna skilyrði það, sem tekið er fram á 24. bls. og sem jeg gat um áður, þannig, að ef póstferðum strandsiglingaskipsins verður hagað samkvæmt hinum nýlega umgetnu bendingum nefndarinnar, svo að bæði alþingismenn, skólasveinar og kaupafólk geti notað ferðirnar á þeim tímum ársins, sem gjört er ráð fyrir í þessari bendingu, þá verði skilyrðið að álítast uppfyllt, og skal biðja hina heiðruðu nefnd að taka það skýrt fram, hvort jeg í þessu tilliti hafi skilið tilgang hennar rjettilega. Að öðru leyti virðist mjer ekki ástæða til, að ræða hin einstöku atriði ferða-áætlunarinnar, en jeg vona, að deildin hafi það traust til umboðsstjórnarinnar, að hún láti sjer annt um í því tilliti að haga ferðunum, sem bezt má verða.

Hvað snertir 10. gr. C. 8. um fje til höfuðaðgjörðar á dómkirkjunni í Reykjavík, þá hefir hin heiðraða nefnd stungið upp á, að veita hið nauðsynlega fje til höfuðaðgjörðar þeirrar, er sannarlega má álíta nauðsynlega, með því «að landssjóðurinn eitt sinn fyrir öll veiti . . . . eptir að lánið er tekið». Ef þingið er ekki tilleiðanlegt til að samþykkja, að landssjóðurinn taki að sjer kostnaðinn við höfuðaðgjörðina í heild sinni, en jeg skal leyfa mjer að mæla sem bezt með því, og biðja hina heiðruðu deild að samþykkja þennan tölulið í 10. gr. frumvarpsins óbreyttan, verð jeg fyrir mitt leyti til vara að fallast á uppástungu hinnar heiðruðu nefndar, en jeg vona, að deildin muni færa upphæð tillagsins upp í 10000 krónur, eins og hinn háttvirti 2. þingmaður Gullbringusýslu hefur stungið upp á, eða að minnsta kosti við 3. umræðu hækka tillagið um það, sem samsvari athugasemdum nefndarinnar að því leyti, að hún getur þess, að kirkjan eigi sjálf í sjóði 3—4000 krónur, en af þessari upphæð er, eins og hinni heiðruðu nefnd er kunnugt, 966 kr. 85 aur. innistandandi í jarðabókarsjóðnum, þ. e. komnar til inntektar í landssjóðinn. Út af ummælum hinnar heiðruðu nefndar bls. 16, skal jeg geta þess, að reikningar dómkirkjunnar liggja undir sömu endurskoðun og allir reikningar landsins, og að afskipti landshöfðingjans af þeim, eins og af öðrum reikningum, áður hefur verið innifalin í því, að hafa eptirlit með því, að öll fylgiskjöl væru til staðar, að útborganir og innborganir væru legitímeraðar og því um líkt; nú er fyrirkomulagið öðruvísi, þar sem landshöfðinginn á að úrskurða reikningana.

Um 10. grein C. 9. er það að segja, að þar sem ekki er útsjeð um það, hvort þingið samþykki frumvarp til laga um endurskoðun jarðabókarinnar 1861 eða ekki, virðist mjer eiga betur við að láta þennan tölulið standa til 3. umræðu, og þá breyta

honum annaðhvort með því alveg að sleppa honum eða lækka hann til 1000 kr., sem mun nægja eptir því, sem efri deildin hefur breytt frumvarpinu og þetta nú liggur fyrir.

Jeg skal þakka hinni heiðruðu nefnd fyrir uppástungu hennar um veitinguna af 14000 kr. til vitabyggingarinnar á Reykjanesi, og mæla með þessari uppástungu.

Hvað 10. gr. C. tölul. 10. snertir, þá hef jeg leyft mjer að stinga upp á, að þessum tölulið verði við bætt, þar sem efri deildin hefði fellt frumvarpið til laga um stofnun 4 dýralækna-embætta hjer í landinu, að svo miklu leyti sem jeg get dæmt um ástæður deildarinnar, af þeirri ástæðu, að henni þótti ónauðsynlegt og landssjóðnum of kostnaðarsamt, að stofna 4 þess konar embætti, að minnsta kosti fyrst um sinn. En á hinn bóginn vona jeg, að allir þingmenn sjeu á því máli, að æskilegt sje, að hafa einn dýralækni hjer í landinu, til þess að umboðsstjórnin geti leitað ráða hans í öllum málefnum, er snerta búfjárræktina. En það er tilgangur þessarar uppástungu, að gjöra umboðsstjórninni það mögulegt, að halda fyrst um sinn þeim dýralækni, er nú sem stendur er til hjer, og sem hefur verið fenginn norður- og austuramtinu til aðstoðar bæði í fyrra og þetta ár. Jeg vona því, að hin heiðraða deild samþykki þessa uppástungu.

Framsögumaður sagðist ætla að fela þeim að svara landshöfðingja viðvíkjandi gufuskipsferðunum, sem væru betur færir til þess; hann skyldi að eins leyfa sjer að gjöra nokkrar athugasemdir viðvíkjandi endurskoðun jarðabókarinnar. Af því að í gildandi lögum væri ekki gjört ráð fyrir þessari endurskoðun fyr en 1881, hefði nefndinni ekki þótt þörf á að veita fje til hennar á þessu fjárhagstímabili, en ef þess skyldi þurfa með, þá væri að sínu áliti formlegra, að gjöra það í 17. grein fjárlaganna, og vonaði hann, að landshöfðingi væri sjer samdóma um, að það væri í engu verra. Það hefði glatt sig mikillega og sjálfsagt alla nefndina að heyra, að landshöfðingi væri fús til að fallast á uppástungu nefndarinnar um dómkirkjuna til vara; eins og von væri, óskaði landshöfðingi helzt, að uppástunga stjórnarinnar næði samþykki þingsins, en hann gjörði sig þó ánægðan með það fje, sem nefndin vildi veita. Hann skyldi leyfa sjer að geta þess, að þegar nefndin veitti 5000 kr. og þar að auk 20,000 kr. sem lán til dómkirkjunnar, þá færi það mjög nærri þeirri upphæð, sem stjórnin styngi upp á (26,530 kr.). Nefndin hefði nefnilega haft fyrir sjer matsgjörð frá íslenzkum smiðum, sem færi töluvert lægra en sú, sem Klents hefði gjört, og meðalveginn milli þeirra hefði nefndin farið; það væri auðvitað, að ekki væri látið staðar nema, þótt það sæist, að byggingin kostaði 1000—2000 kr. meira heldur en áætlað væri, þegar farið væri að byggja. Að reikningar kirkjunnar væru nú komnir undir landshöfðingja, gæti hann ekki annað en álitið mjög heppilegt, því að þá væri von á, að þeir kæmust í gott horf, eins og öll reikningastörf, sem landshöfðingi hefði meðgjörð með.

Tryggvi Gunnarsson sagði, að það hefði glatt sig að heyra, og líklega alla deildina, hve vel landshöfðingi hefði tekið í málið um gufuskipsferðirnar, og jafnframt að hann hefði álitið ferðaáætlanirnar hentugar, einkum hina fyrri, því að fyrst hann áliti hana hentuga, þá væri óhætt að treysta því, að hann mundi gjöra allt, sem honum væri unnt, til að fá henni komið á, því sjer væri kunnugt, að landshöfðinginn, þegar hann seinast var í Kaupmannahöfn, hefði haft mikinn áhuga á gufuskipaferðunum, og reynt til þess með öllu móti, að hrinda máli þessu í það horf, sem allir Íslendingar hefðu þráð eptir; en hjer væri við ramman reip að draga, þar sem þetta væri komið undir mönnum, er væru alveg ókunnugir hjer á landi, vildu einir ráða, og ekki taka til greina óskir landsmanna, og þess utan hefðu nokkuð til síns máls að því einu leyti, hvað hafísinn snertir; því að það væri sjálfsagt, að hættara væri við að ísinn gæti hindrað ferðir skipsins, ef það færi norður fyrir landið, heldur en ef það

að eins gengi sunnan um landið; en þeir gættu þess ekki, að gufuskipið gæti snúið við aptur undir eins og það mætti ís, og farið suður um landið til Reykjavíkur. Hann kvaðst ætla, að hann þyrfti ekki að mæla með ferðaáætluninni A, því að hann ímyndaði sjer, að þeir væru fáir, sem eigi álitu hana betri en ferðaáætlunina B, eða þá ferðaskipun, sem nú væri, og flestum væri ljóst, hve haganleg hún væri; hjer væri að eins spurning um, hvaða ráð ætti að hafa til þess að fá stjórnina til að aðhyllast hana. Hann gæti ekki sjeð annað ráð en annaðhvort að losa sig alveg við yfirráð póststjórnarinnar, ef hún fæst eigi til að fallast á þessa ferðaáætlan, og landið þá eitt kosti ferðir strandsiglinga-skipsins, eða meira fje sje veitt til hinnar fyrri áætlunar og minna til hinnar síðari, því að það væri auðvitað, að póststjórnin danska mundi aðhyllast hina síðari áætlun, ef jafnmikið fje væri veitt til hvorratveggja ferðanna, af því henni væri það svo mótfallið, að bæði skipin fari norður fyrir landið. Sitt álit væri það, að ráðlegra væri að veita meira fje til hinnar fyrri og minna til hinnar síðari áætlunar, til þess þó í hið minnsta að sýna, hversu mikið áhugamál þinginu sje, að ferðunum væri þannig hagað, og gefa póststjórninni nokkurt aðhald, hvað snertir fjárveitinguna úr ríkissjóði. En meiri hluti nefndarinnar áleit bezt að losa sig alveg við yfirráð dönsku póststjórnarinnar í þessu máli, svo framarlega sem þetta fyrirkomulag fengist ekki á gufuskipsferðirnar, sem þingið og þjóðin æskti. Það væri óneitanlega hart, að útlendir menn og póststjórnin, sem eðlilega gætu ekki þekkt eins vel og landsmenn, hvernig hagaði til hjer á landi, skyldu þykjast hafa einir bezt vit á, hvernig ferðunum ætti að haga, og vildu ekkert atkvæði gefa alþingi í málinu, þrátt fyrir það, sem það þó legði eptir landsins efnum talsvert fje til ferðanna. Þó svo kynni að fara eitt skipti, að hafís hindraði póstskipið eina ferð, þá væri stjórnin laus þeirra mála og ekki hægt að ásaka hana, þar sem alþingi hefði óskað eptir þessu fyrirkomulagi. Eins og hann hafði áður sagt, vildi hann ekki neita, að ferðirnar yrðu í sumum árum vissari með þeirri tilhögun, sem nú væri, að aðalpóstskipið færi einungis beint til Reykjavíkur, en þó mundi það að líkindum mjög sjaldan bera við, að gufuskip ekki kæmist norður um landið seinast í júní; enda væri haguriun við þetta fyrirkomulag, sem nefndin styngi upp á, svo mikill, að það mundi margsinnis borga sig, þótt ferðirnar hindruðust fyrir hafís eitt skipti á mörgum árum. Landshöfðinginn hefði sagt, að ekki væri ástæða til, að kalla hina síðari áætlun neyðarúrræði, en það gæti hann þó eigi álitið annað en neyðarúrræði, að fleygja út miklu fje, og sjá því svo varið gagnstætt því, er maður helzt óskar. Að því leyti væri hin síðari áætlun ekki neyðarúrræði, að alþingismenn, skólapiltar og kaupafólk mundi geta notað ferðirnar eptir henni, en þær gætu aldrei svarað kostnaði, og svo væri á fleira að líta en þessa menn. Verzlunarstjettin væri hjer eins og í hverju öðru landi nauðsynleg, og hún væri sá flokkurinn, er mest mundi styðja að því, að gufuskipaferðirnar nokkru sinni gæti borið sig hjer á landi; yrði því líka að hafa nokkurt tillit til verzlunarmannanna, að ferðirnar væru svo, að þeir gætu notað skipin til vörusendinga á sem flesta staði í landinu. Auk þessa fengju embættismenn út um landið fyr brjef sín, ef skipin færu kring um landið, heldur en ef annað færi beint til Reykjavíkur, og póstar svo bæru brjefin út um landið. Að sönnu fækkaði um eina póstferð fyrir Reykjavík, en hann gæti ekki sjeð, að mikill missir væri í því, vegna þess það væri miðsumarferðin, og um það leyti væru vanalega miklar ferðir á milli Englands og Reykjavíkur, með ýmsum öðrum skipum. Þegar það væri skoðað, hvort landið ætti að taka að sjer, að kosta sjálft strandsiglingaskipið án styrks frá öðrum, þá hefði landshöfðingi gefið þær upplýsingar, að árið 1876 hefði tvær ferðir Díönu kostað 23,000 kr., þegar leiga skipsins og ábyrgðargjald væri ekki reiknað með; af þessu mætti ráða, hvað þrjár ferðir á ári kostuðu

og virtist það því vera mjög varúðarvert, að taka að sjer að kosta skipið að öllu leyti, fyrst ríkisþing Dana vildi sýna þá velvild, að styrkja þetta nauðsynjamál með fjárframlagi, og sem Íslendingar mættu vera því þakklátir fyrir. Sjálfsagt gæti kostnaðurinn orðið nokkru minni en landshöfðinginn hefði sagt frá, ef hentugt skip að lestarúmi og ekki kolafrekt væri notað til ferðanna, því að það væri ekki ástæðulaust, þótt nefndin hefði sagt, að Díana væri kolafrekt skip. Hann kvaðst hafa verið með skipi, næstliðið haust, er hefði rúmað 100 lestir og einungis eytt 36 tunnum af kolum á sólarhringnum, en Díana væri ekki nema liðugt 50 lestir að farmrúmi, og sjer væri sagt, að hún eyddi 72 tunnum af kolum á sólarhringnum; að þessu leyti gæti Díana ekki álitizt hentugt skip, þegar hún eyddi helmingi meiri kolum, en tæki helmingi minna af vörum, en skip það, er hann nú hefði nefnt, og sem víst hefði þó eigi verið með beztu; en ef póststjórnin lánaði landinu skipið án reiknings og ábyrgðist það sjálf, eptir því sem landshöfðinginn hefði sagt, þá mætti standa á sama um þetta, enda hefði hann ekki sagt þetta dæmi skipinu til ámælis, heldur af því að landshöfðingjanum hefði þótt nefndin misherma. Að því undanskildu hvað kolaeyðslu snerti og allt of lítið rúm væri fyrir farþega á öðru plássi, sem hæglega mætti bæta úr, með því að gjöra byggingu á þilfari, þá væri skipið í heild sinni í mörgu tilliti ágætt, og hvað skipstjórann snerti, þá ætti hann mikið hrós skilið fyrir árvekni og dugnað á ferðum sínum, þó sumum sýndist annað. Að svo mæltu skyldi hann ekki tala meira um þetta mál að sinni, en fela deildinni að skera úr þessu. Tillaga sín væri sú, að þingið veitti 16,000 til 18,000 kr. um árið til ferðanna eptir fyrri áætluninni, en eigi nema 10,000 kr. til hinnar síðari, og það óskaði þess, að rúm fyrir minnst 50 farþega væri á öðru plássi í skipinu.

Guðmundur Einarsson sagði, að sjer litist ekki vel á ferðaáætlun nefndarinnar, eptir því sem hann hefði vit á. Ef skipið ætti að fara norður fyrir land, mundi mega búast við, að það ekki sjaldnar en 6. hvert sumar tepptist á leiðinni, og það gæti hann ekki álitið góða tilhögun; 1. þingmaður Suður-Múlasýslu hefði sagt, að úr því mætti bæta með því, að skipið sneri við, undir eins og það mætti ís, og færi þá suður um landið; en hvað ætti þá að gjöra við vörur þær, er ættu að fara til Norðurlands og Vesturlands? ætti að setja þær upp í Reykjavík og farþegana, sem ætluðu sjer norður og vestur. Þetta þyrfti að taka til greina, þegar verið væri að semja ferðaáætlun. Hann kvaðst fyrir sitt leyti álíta, að betra væri, að einungis annað skipið færi norður um landið, en hitt suður um landið, og gengi þá líka til Stykkishólms og Ísafjarðar, þá væri ekki hætt við að nema annað tepptist, en ófært væri að eiga bæði skipin á hættu. Ferðaáætlanirnar væru heldur ekki hentugar fyrir kaupafólk, því að það væri of snemmt fyrir það, að fara hjeðan fyrst í júlí. Þær væru einnig óhentugar fyrir Vesturland að því leyti, að lítið gagn yrði að skipunum til vöruflutninga að haustinu; því að ef skipið ætti að vera að verulegu gagni, þá ætti það ekki að fara frá Ísafirði fyr en í miðjum októbermánuði. Þingmaður Suður-Múlasýslu hefði viljað gjöra mun á fjárveitingum til ferðanna eptir því, hvort farið væri eptir fyrri eða síðari áætluninni, og væri hann honum samdóma um það, því hin síðari áætlun væri sannarlegt neyðarúrræði, og kvaðst hann vilja leggja það til, að hún yrði felld úr, en bætt þannig úr hinni fyrri, að hún yrði rýmkuð með tilliti til Stykkishólms og Ísafjarðar, og þó einkum með því að taka þá ferðaáætlun um ferðir strandsiglingaskipanna, sem komið hefði að vestan og verið fengin fjárhagsnefndinni.

Sín skoðun viðvíkjandi dómkirkjunni væri sú, að þetta væri orðið mesta vandræðamál; æðsta kirkja landsins væri nú orðin að sjer virtist þrætuefni. Það væri ekki unnt að bera móti því, að hún væri landssjóðsins eign og hann ætti að annast

hana, en það sagðist hann verða að segja um leið, að söfnuðinum væri það til sóma að styrkja að byggingunni, og vonaðist hann ekki eptir minna af Reykjavíkur-söfnuði í þessu efni en sveita-söfnuðum, sem opt hefðu styrkt talsvert að því að byggja kirkjur upp. Hann skyldi nú leyfa sjer að stinga upp á, að hjer væri miðlað málum þannig, að landssjóðurinn byggi kirkjuna sómasamlega upp og láti síðan söfnuðinn taka við, ábyrgjast hana og halda henni við, því að uppástunga nefndarinnar um að landssjóðurinn færi að lána kirkjunni það fje, sem hún með núveraudi tekjum sínum yrði aldrei fær um að endurgjalda, væri einungis til að hlæja að.

Þórarinn Böðvarsson kvaðst vilja með fám orðum gjöra grein fyrir breytingaratkvæði sínu við 10. gr. C. 8. Sjer hefði skilizt svo, þegar rætt var um húsagjald í Reykjavík til dómkirkjunnar, að þetta væri orðið nokkuð kappsmál, og því hefði hann leyft sjer að koma með þetta breytingaratkvæði til að miðla málum. Hann kvaðst ekki vilja kasta þungum steini á fjárlaganefndina eða á henni það, þótt hún væri í nokkrum vafa um það, hvers eign dómkirkjan væri, en fyrir sjer væri það ekkert vafamál, að hún væri landssjóðsins eign, og gæti að sínu áliti ekki verið spurning um neinn annan eiganda, og þegar nú fje vantaði kirkjunni til viðgjörðar, gæti hann eigi annað sjeð, en að það yrði að koma úr landssjóði, nema ef landssjóðurinn vildi lögsækja ríkissjóðinn fyrir að hafa skilað henni í ófæru standi. Það, sem hefði komið sjer til að stinga upp á því, að 10,000 kr. væru veittar til kirkjunnar, væri fyrst það, að kirkjan væri notuð að miklu leyti í landsins þarfir, ekki einungis sem vígslukirkja fyrir presta landsins, heldur einnig sem samkomustaður prestanna. Það mætti að vísu segja, að prestasamkundan ætti ekki langar setur á seinni tímum, en sá tími gæti komið, að prestarnir ættu þar setur um langan tíma. Hann kvaðst því verða að álíta, að þó deildin alveg sleppti spurningunni um, hver væri eigandi kirkjunnar, þá gæti hún vel fellt sig við að leggja henni 10,000 kr.; ef menn gjörðu ráð fyrir, að kirkjan stæði í 100 ár, þá væri það einungis 100 kr. um árið. Menn hefðu spurt um það, hverjum ætti að lána. Það væri sjálfsagt, að það væri kirkjan, sem lánað væri; ef hún yrði byggð upp í góðu standi, þá gæti hún borgað leigur af láninu með tekjum sínum. Hann gæti ekki sjeð neitt ósanngjarnt í því, að þessi stærsti söfnuður á Íslandi legði eitthvað til kirkju sinnar, því að menn vissu dæmi til þess, að margir snauðari söfnuðir hjer á landi hefðu gjört það. Hvort þetta lán yrði borgað með samskotum eða með því að leggja á skatt, eða úr bæjarsjóði, það skyldi hann leiða hjá sjer að fara út í, en það kvaðst hann vona að allir sæju, að þetta mál mætti ekki lengur bíða; eins og kirkjan væri nú, væri hún öllu landinu til minnkunar, og væri það stórt hneyksli, ef stærsti söfnuður landsins ætti lengur að búa við slíka kirkju, og því stærra hneyksli, ef þar ræki að, að þessi stærsti söfnuður landsins hefði ekkert guðshús, sem hann gæti haldið guðsþjónustu í. Hann vildi þvert á móti vona, að þingið gjörði sitt til að laga mál þetta með því að veita styrk og lán til byggingar kirkjunni, og að söfnuðurinn með tillögum eða samskotum styrkti að því sama.

Halldór Kr. Friðriksson sagði, að sjer sýndist ekki, að nefndin hefði gengið vel frá frumvarpinu; hún hefði sumstaðar sett tölur alveg af handahófi, eins og sjer mundi síðar gefast tækifæri til að sýna fram á. Hann skyldi taka það fram viðvíkjandi breytingunni á skrifstofufje amtmannanna, að landssjóðurinn yrði nú að fara í mál við amtmennina út af þessu; ef nú færi svo, að landssjóðurinn missti málið, hvað ætti þá að gjöra? Þetta mál væri alls ekki útkljáð fyrir það, þótt deildin væri búin að fella fjáraukalögin. Viðvíkjandi þóknuninni fyrir endurskoðunina 10. gr. A. 3., þá skyldi hann ekki álasa nefndinni, þótt hún vildi ekki veita meira fje en nauðsynlegt væri, en þegar ákveðin væri tiltekin upphæð fyrir

endurskoðunina, þá yrði nefndin, að sínu áliti, að benda á einhvern, sem vildi og gæti tekið að sjer endurskoðunina fyrir þessa þóknun. Landfógetinn væri ekki skyldugur að taka að sjer endurskoðunina, nema hann fengi hæfilega þóknun fyrir það, og hann gæti því afsalað sjer henni. Nefndin hefði ekki sýnt fram á, að þessi upphæð væri nægileg, og þegar sá, sem verkið vinnur, ekki treysti sjer til að gjöra það fyrir minna en 2000 kr., þá væri ekki nóg að segja við landshöfðingja, að hann yrði að útvega mann fyrir 1600 kr.; hann kvaðst ekki geta betur sjeð, en að landshöfðingi kæmist í stökustu vandræði, því að mikil líkindi væru til að ætla, að landfógetinn mundi segja af sjer endurskoðuninni, og þá væri hætt við, að reikningarnir yrðu óendurskoðaðir. Þeirri breytingu nefndarinnar, að hækka laun málafærslumannanna kvaðst hann vera alveg samdóma, því að hann hefði þegar 1857 verið á því máli.

Til að gefa út stjórnartíðindi hefði nefndin veitt sömu upphæð, og stjórnin hefði stungið upp á. Sjer þætti það athugavert, að 300 kr. væru veittar til að semja landshagsskýrslur, og vildi hann fræðast um það, hvort þessar 300 kr. væru borgaðar út, hvort sem landshagsskýrslurnar kæmu út eða ekki; hann fyrir sitt leyti vildi hafa eitthvað meira en þær verzlunarskýrslur, sem hingað til hefðu staðið í stjórnartíðindunum. Það væri ekki svo að skilja, að hann gæti ekki unnt þeim manni, er semdi skýrslurnar, þessara 300 kr., en hann vildi þá, að skýrslurnar kæmu út og væru viðunanlegar.

Að því er snerti gufuskipsferðirnar, þá vissu allir, að þær væru ónógar, eins og nú væri. Öllum hlyti líka að vera það ljóst, að þetta mál væri eitt hið helzta velferðarmál landsins, og því mætti ekki hafa tillit til fáeinna króna, þegar um það væri að ræða. Hjer væri mikil spurning um, hvort vjer gætum ekki sjálfir, án þess oss væri það ofvaxið, kostað þær að öllu leyti, og losast þannig við afskipti Dana af póstferðunum. Þótt þessi skipstjóri, sem nú væri, ef til vill ætti lof skilið, þá kvaðst hann þó ímynda sjer, að hann væri ekki svo framúrskarandi, að ekki mætti fá neinn jafngóðan í öllum heiminum; að minnsta kosti væri það víst, að margt mætti finna að því, hvernig hann færi að. Þannig hefði um daginn staðið auglýsing um það utan á pósthúsinu, að allar sendingar yrðu að vera komnar út í skipið 36 stundum áður en skipið færi af stað hjeðan. Þetta gæti sannarlega ekki kallast að sýna landsbúum kurteysi, og væri nauðsynlegt að fyrir byggja slíkt. Einnig hefði opt verið talað um það í blöðunum, hve hraparlega væri farið með hluti þá, er sendir væru með skipinu; þeim væri fleygt til og frá og margt væri mölbrotið, þegar það kæmi á móttökustaðinn. Þetta sýndi, að stjórn skipsins gæti verið betri, og að ekki væri ástæða til að halda í þetta skip, sem nú væri haft til ferðanna, einungis vegna skipstjórans. Hann sagðist ekki muna betur, en að 1. þingmaður Suður-Múlasýslu hefði 1875 komið með reikning, sem hefði sýnt, að vjer gætum vel kostað gufuskipsferðirnar sjálfir, án þess oss væri það ofvaxið, og gæti hann því ekki sjeð neina þörf á, að binda sig við þetta skip.

Um dómkirkjuna skyldi hann ekki vera langorður. Fjárlaganefndin ætlaði að vera svo náðug að lána 20,000 kr; en hverjum ætlaði hún að lána? sjálfum landssjóðnum, sem ætti kirkjuna. Nefndin ætlaði sjer að vera svo varkár að úrskurða ekkert um það, hver ætti kirkjuna, en stjórnin hefði sjálf viðurkennt, að kirkjan væri landssjóðsins eign; það væri allt annað mál, hvort ríkissjóðurinn hefði skilað landssjóðnum kirkjunni í því standi, sem hún hefði átt að vera í, og hvort landssjóðurinn gæti ekki unnið það mál, ef það kæmi fyrir dómstólana. Þótt hann 1875 hefði verið á því máli, að fresta viðgjörðinni á kirkjunni, þá hefði það ekki verið af þeim ástæðum, að hann hefði efazt um, að kirkjan væri landssjóðsins eign. Það gæti ekki verið nein spurning um, að landssjóðurinn væri skyldur til að kosta viðgjörðina á kirkjunni, þess vegna gæti það ekki komið til tals, að

lána kirkjunni gegn ábyrgð; því að hver ætti að ábyrgjast nema kirkjan sjálf. Það væri engan veginn víst, að húsagjaldið til dómkirkjunnar yrði samþykkt, en hitt væri aptur á móti víst, að bæjarbúar greiddu alveg eins til sinnar kirkju, eins og aðrir söfnuðir á landinu til sinna kirkna öll lögboðin gjöld. 2. þingmaður Gullbringusýslu vildi fara lengra, 10,000 kr., og þessum 5000 kr. vildi hann bæta við vegna presta-samkundunnar. Hann kvaðst hvorki vilja veita 5000 kr. nje 10,000 kr., heldur allt, sem viðgjörðin kostaði, en fyrir prestasamkunduna vildi hann ekki gefa 4 aura, og því síður 4 skildinga. Úr því það væri viðurkennt, að kirkjan væri landssjóðsins eign, þá væri hann skyldur til að gjöra við hana skildagalaust, og það væri vanhugsað, að ímynda sjer, að þingdeildin gæti gjört það að lögum, að kirkjan skyldi vera eign Reykjavíkur.

Framsögumaður sagði, að ekki hefði þurft nema 2 presta og einn skólakennara, til að raska öllu hinu góða samkomulagi, sem hefði verið milli landshöfðingja og nefndarinnar, og gæti því landshöfðingi sagt eins og Luðvík XIV., að sumir væru meiri konungsvinir en konungurinn sjálfur. Þegar allt hefði verið í góðu lagi milli landshöfðingja og nefndarinnar, þá hefðu þessir 3 þingmenn risið upp til þess að vekja óróa og deilur. Sjer væri vissulega mikil raun að því, að verða á hverjum degi að vera að minna hinn háttvirta þingmann Dalamanna á það, hve miklum framförum hann hefði tekið síðan í hitt eð fyrra. Þá hefði bæði hann og eins þingmaður Reykvíkinga verið í vafa um, hvort kirkjan væri eign landssjóðsins eða ekki; nú kvæðu þeir upp með það, eins og enginn vafi gæti verið á því. 2. þingmaður Gullbringusýslu færi ekki svo langt, en hann vildi veita 10,000 kr. til kirkjunnar. Hann kvaðst máske hafa getað verið honum samdóma í því, ef þingmaðurinn, með því að visítera kirkjuna hefði sjeð um, að hún gengi ekki allt of mikið úr sjer. Hann kvaðst fúslega játa, að þingmaðurinn væri samvizkusamur embættismaður, en engin regla væri án undantekningar, eins og sæist af því, að hann hefði að eins einu sinni visíterað kirkjuna, og að sú visítatión hefði verið mjög ófullkomin. Þingmann Reykvíkinga skyldi hann minna á, að landssjóðurinn hefði áður lánað Möðruvallakirkju og Vestmannaeyjakirkju, sem þó væru báðar landssjóðsins eign, og væri engin mótsögn í því. Landssjóðurinn lánaði dómkirkjunni, til þess hún þyrfti ekki að bíða falls, en svo sæi hann jafnframt um, að hún fengi nægar tekjur. Þingmaður Reykvíkinga hefði getið um fleiri atriði, og meðal annars álasað nefndinni fyrir það, að hún hefði veitt 300 kr. til að semja landhagsskýrslur, og hefði þingmaðurinn spurt að því, hvar þessar landshagsskýrslur væru; þingmaðurinn yrði vel að gæta að því, að upphæð þessi væri veitt til að semja landshagsskýrslur á komandi fjárhagstímabili, og væri því ekki von, að þær lægju hjer prentaðar fyrir þingmanninum; þetta væri eitt af því fáa, sem hann væri viss um að þingmaður Reykvíkinga gæti orðið sannfærður um. Hann kvaðst ekki vita, hver semdi þessar landshagsskýrslur, en hvort sem það væri vinur sinn eða óvinur, þá gæti hann vel unnt honum þessar 300 kr. Enn fremur hefði sami þingmaður álasað nefndinni fyrir, að hún hefði ekki veitt nóg fje til endurskoðunarinnar, og þannig komizt aptur inn á persónulegt spursmál. Með tilliti til þessa skyldi hann benda þingmanninum á, að nefndin hefði einmitt veitt sömu upphæð, sem stjórnin hefði sjálf stungið upp á í frumvarpi sínu 1875. Ef stjórnin gæti ekki fengið mann til að taka að sjer þetta starf fyrir sömu þóknun og áður, þá væri fyrst tími til að koma og biðja um meira fje. Að endingu hefði þingmaðurinn aptur farið að tala um skrifstofufje amtmannanna og hótað með máli. Hann kvaðst ekki vera neinn málagarpur, og því láta ósagt um, hvor mundi vinna þetta mál, en ef nokkur ætti að þýða lögin, þá væru það dómstólarnir, og þótt landssjóðurinn tapaði þessu máli, þá gæti hann ekki sjeð neina vanvirðu í því. Það kæmi t. d. opt fyrir í Danmörku, að fjármála-

stjórnin kæmist í mál við ýmsa, og stundum tapaði hún, og væri það ekki álitið nein vanvirða fyrir hana.

Halldór Kr. Friðriksson kvaðst ekki hafa fundið að því, að þessar 300 kr. hefðu verið veittar til að semja landshagsskýrslur, heldur hefði hann einungis spurt að því, hvort þetta fje væri borgað fyrir það tímabil sem liðið væri; spurningin væri einungis, til hvers fjenu væri varið, en það væri alls ekki hugsun sín, að hann gæti ekki unnt þeim manni, sem nú stæði fyrir útgjörð stjórnartíðindanna, eins vel eins og öðrum, að fá þetta fje. Viðvíkjandi endurskoðuninni gat hann þess, að þegar deildin neitaði stjórninni um nægilegt fje til ákvarðaðra starfa, þá væri það sama sem að segja, að þessum starfa skuli lokið. Ef stjórnin fengi ekki mann fyrir það fje, sem þingið veitir, þá yrðu allir reikningarnir að bíða óendurskoðaðir til næsta þings. Hann kvaðst reyndar vita, að margir vildu taka að sjer endurskoðunina fyrir 1600 kr., en það væri ekki nóg að taka hvern þann, sem byðist; það yrði að vera duglegur og samvizkusamur maður, og fær um að leysa endurskoðunina vel af hendi.

Framsögumaður kvaðst með tilliti til endurskoðunarinnar vilja benda þingmanni Reykvíkinga á athugasemdirnar við frumvarp stjórnarinnar 13. bls., þar væri svo sagt: «landshöfðingi hefur samkvæmt bænarskrá frá landfógeta, sem falið er á hendur að endurskoða reikningana frá hinum einstöku gjaldheimtumönnum, stungið upp á, að hækka hina síðar nefndu upphæð um 800 kr.». Samt sem áður leyfði stjórnin sjer, að færa þessa upphæð niður um 400 kr., og sagði, að ástæða «kynni að vera» til, að hækka þóknun þá, sem veitt er landfógeta, upp í 1600 kr. á ári. Þingmaður Reykvíkinga hefði því enga ástæðu til að segja, að stjórnin gæti ekki fengið mann fyrir 1200 kr. Nefndin hefði ekki álitið ástæðu til, að hækka þessa þóknun, heldur haldið sjer við þá upphæð, sem stjórnin hefði sjálf stungið upp á árið 1875.

Þórarinn Böðvarsson sagðist ekki geta fundið, að hann hefði átt nokkurn þátt í því, að spilla milli nefndarinnar og landshöfðingja, eins og framsögumaður hefði borið sjer á brýn; satt að segja, hefði sjer hvorki dottið landshöfðingi nje nefndin í hug, en þetta kvaðst hann skyldu láta sig litlu skipta; þar á móti gæti hann ekki látið sig litlu skipta, að framsögumaður hefði beint því að sjer, að hann hefði vanrækt skyldu sína í því, að «visítera» ekki kirkjuna; þessu yrði hann að mótmæla. Framsögumaður yrði fyrst að sanna sjer, að það væri skylda prófastsins að «visítera» dómkirkjuna. Hann kvaðst geta nefnt einn prófast, sem hann væri viss um að framsögumaður bæri mikla virðingu fyrir, nefnilega Árna Helgason, sem hefði verið prófastur fleiri ára tugi í Kjalarnesþingi, en aldrei hefði visíterað dómkirkjuna öll þau ár, sem hann hefði verið prófastur. Til upplýsingar fyrir framsögumann síðar meir vildi hann gefa honum þá upplýsingu, að enginn prófastur á Íslandi hefði nokkurn tíma visíterað sóknarkirkju biskupsins, nema hann sjálfur.

Framsögumaður kvaðst þá vilja spyrja þingmanninn, hvort það væri ekki skylda prófastsins í Kjalarnesþingi, að visítera allar kirkjur í prófastsdæmi sínu.

Með því áliðið var orðið, sleit varaforseti fundi og ákvað fund kl. 6 e. m. til þess þá áð halda umræðunum áfram.

Á 39. fundi neðri þingdeildarinnar, 11. dag ágústmánaðar, kl. 6 e. m., var haldið áfram 2. umræðu um annan kafla fjárlaganna fyrir árin 1878 og 1879.

Einar Ásmundsson sagði, að það væri eigi mörg atriði í þeim 4 fjárlagafrumvarpsgreinum, er nú lægju fyrir til umræðu, sem hann vildi minnast á. Hann vildi þá fyrst drepa lítið eitt á 8. grein. Þótt það hjeti svo, að alþingi hefði fjárforræði, þá mætti það þó eigi koma nærri þessari grein. Gjöld þau, sem þar væru tiltekin, væru undanþegin

atkvæði alþingis. Þar væri skarð í löggjafarvald þingsins, skarð í vör Skíða, sem enn væri ófyllt. Að nefndin hefði eigi minnzt neitt á þetta atriði, og að þingdeildin mundi að líkindum sleppa því líka, það kæmi eigi af því, að vjer myndum eigi vel eptir skarðinu, heldur af því, að eigi væri nú tími eða tækifæri til að gjöra tilraun til að fylla það. Skyldi hann svo eigi fara fleiri orðum um það, heldur koma dálítið við 3.—4. atriði 10. greinar. Það væri þá fyrst, að þar væru ætlaðar 3733 kr. til þess að gefa út danskt rit eða framhald af því, sem kallað væri «Lovsamling for Island». Sjer væri óskiljanlegt, hvernig á því stæði, að stjórnin kæmi með þessa fjárbón ár eptir ár, og en síður skildi hann í hinni háttvirtu fjárlaganefnd, sem væri svo sparsöm, að hún vildi jafnvel taka fáeinar krónur af aumingja-yfirsetukonunum í Reykjavík, að hún skyldi fallast á þessa fjárveitingu orðalaust. Það væri undarlegt að vera að veita fje til þess að gefa út danska bók, suður í Danmörku, sem danskir prentarar hefðu atvinnu við, þar sem hjer væru þó nógar prentsmiðjur nú orðið, svo væri Guði fyrir að þakka. Vjer skildum fæstir dönsku og hefðum því ekkert gagn af þessari bók; vjer yrðum að fara eptir hinni íslenzku þýðingu og láta oss það nægja, allt eins og bæði vjer og aðrar þjóðir yrðu að gjöra sjer að góðu þýðingar á heilagri ritningu, af því að fæstir skildu frummál hennar. Sig furðaði á því, að enginn hinna heiðruðu þingmanna, sem tekið hefðu til máls um þessar greinir, hefði komið við þetta atriði. Loks yrði hann að geta þess, að sjer þætti undarlegt, að fjárupphæð þessi væri látin standa hjer í 10. grein, meðal »útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl.», sem stæði í fyrirsögn greinarinnar, og sýndist sjer, að hún ætti heldur heima í 15. grein, meðal fjárveitinga til vísindalegra fyrirtækja; það væri auðsjeð, að það væri af því fje, sem veita ætti styrk til bókaútgáfu, enda hefði og nefndin tilgreint þar meðal annars hagfræðisbók, er hún mælti með að landshöfðingi veitti styrk til að koma út, og mundi hann með ánægju greiða atkvæði með því. En í sjálfu sjer gjörði að vísu lítið til, hvar fjárveiting þessi stæði í fjárlögunum; hann vonaði einungis, að meiri hluti hinnar heiðruðu þingdeildar yrði sjer samdóma um, að hún ætti þar hvergi að standa. Þá væru í sömu grein fjárlagafrumvarps stjórnarinnar ætlaðar 4000 kr. til eflingar jarðræktar í landinu og hefði nefndin fært þá fjárveitingu upp í 10000 krónur. Það væri nú fjarri sjer, að vera því mótfallinn í sjálfu sjer, en hitt væri það, að hann efaðist um, að stjórnin (landsstjórnin) ætti svo hægt með að úthluta þessu fje, þannig að það yrði að verulegum notum. Hann efaðist engan veginn um góðan vilja hennar í þessu efni, en hann væri hræddur um, að hana vantaði þann kunnugleika, sem þyrfti til þess, að láta slíkan styrk koma niður á rjettum stað. Sjer sýndist því, að þingið ætti að láta bíða að hækka þessa fjárveitingu, þangað til það sæist, hvernig því hefði verið varið, sem alþingi hefði veitt síðast í þessu skyni. Samt sem áður mundi hann ekki greiða atkvæði móti þessum 10000 kr. Gufuskipsferðamálið væri mjög merkilegt mál, sem hann vildi feginn leggja gott eitt til um, en fyndi sig eigi færan til þess, enda gjörðist raunar eigi svo mjög þörf, með því að hinn heiðraði 1. þingmaður Suður-Múlasýslu hefði skýrt málið svo vel fyrir deildinni. Hann ímyndaði sjer, þótt hann þyrði eigi að fullyrða það, að oss Íslendingum yrði hollast að vera út af fyrir oss með þetta mál eins og með fleira. Hann væri hræddur um, að gufuskipsferðirnar yrðu aldrei að verulegum notum, fyr en vjer gætum haft sjálfir algjörlega hönd yfir þeim og haft 1 eða fleiri gufubáta á ferð hafna á milli innanlands. Eins og hjer hagaði til, yrði hentugast að hafa 2 smágufubáta, er færu að eins umhverfis strendur landsins; landinu ætti eigi að vera of vaxið, að standa straum af þeim kostnaði. Ættu þeir þá að standa í sambandi við aðalpóstgufuskipið til útlanda.

En hann gjörði ráð fyrir, að sitja mundi við tillögur nefndarinnar um gufuskipsferðirnar í þetta sinn, og væri aðal-uppástungan vafalaust góð, en hin mjög svo ónóg eða jafnvel lítt hæfileg. En þó litist sjer samt eigi á áætlun þá, sem þingmaður Dalamanna væri að halda fram; hún væri þó að sínum dómi enn þá lakari. Þá væri nú hin margumrædda kirkja, dómkirkjan í Reykjavík. Fyrst þætti sjer nú undarlegt, að hún væri eigi látin standa í 13. grein, meðal útgjalda til kirkju- og kennslumála, heldur í 10. grein, þar sem talað væri um umboðsstjórn og reikningsmál m. fl., og það gengi yfir sig, að fjárlaganefndin, sem hefði lagt sig svo í líma um að lagfæra og koma í rjetta skipan öllum atriðum fjárlaganna, skyldi eigi hafa fært kirkjuna á rjettan stað, undir þann lið, þar sem veittur væri kostnaður til kirkju- og kennslumála. Hún ætti þó að minnsta kosti eigi síður heima þar heldur en stiptsbókasafnið og forngripasafnið. Það væri nú að bera í bakkafullan lækinn að fara að tala um hag kirkjunnar; það væri búið að ræða svo mikið um það. Hann fyrir sitt leyti vildi vera kirkjunni heldur innan handar, því hann væri fremur kirkjurækinn maður, að hann vonaði. Hann yrði nú að telja það vafalaust, að dómkirkjan væri eign þjóðfjelagsins, engu síður en t. a. m. klaustur-kirkjurnar. Hver hefði byggt hana? Sjálfsagt þjóðfjelagið; stjórn þess, stjórn landsins hefði byggt hana fyrir eitthvað 30 árum. Hún væri 30 ára gamalt steinhús, og væri nú komin að hruni. Það sýndi, að stjórn sú, er staðið hefði fyrir byggingu hennar, hefði eigi verið góð stjórn eða hyggin, nje smiðirnir, er trúað var fyrir smíð hennar. Hann sagðist hafa átt einu sinni torfkirkju fyrir sóknarkirkju, sem hefði verið búin að standa í 120 ár og hefði getað staðið miklu lengur, hefðu hlutaðeigendur eigi viljað heldur yngja hana upp úr timbri, til þess að fylgja með tímanum. Reykjavíkurkirkja væri byggð af Dönum og úr dönsku gjóti. Hún væri talandi vottur um, hversu hollt oss Íslendingum væri danskt smíði, hvort heldur væri húsasmíði eða lagasmíði. Það væri bending um að reyna til að bjargast á eigin spýtur. En hvað um það, hjer yrði nú eitthvað úr að ráða. Eins og kirkjan stæði nú, væri hún bæði höfuðstaðnum og öllu landinu til minnkunar. Það væri sjálfsagt, að það væri eigandinn, sem ætti að byggja hana upp, og eigandinn væri þjóðfjelagið. Stjórnin ætlaðist nú til, að landið gæfi til þess 26000 kr. eða rúmlega það; nefndin styngi upp á 5000 kr., og einn heiðraður þingdeildarmaður vildi láta það vera 10,000 kr. Hann kvaðst eigi geta aðhyllzt neitt af þessu. Hann vildi, að kirkjunni væri lánað til aðgjörðar eða uppbyggingar, eins og síður væri við aðrar þjóðkirkjur, og ekki settar neinar nýjar reglur eða ný lög um þetta lán eða endurborgun þess, heldur farið að með það, eins og við hefði gengizt um aðrar kirkjur. Kirkjumál vor væru nú á eins konar vegamótum og stæði til, að þau kæmust bráðum í eðlilegra og rjettara horf en nú væri. Ætti því eigi við, að vera nú að setja nein ný kirkjulög eða reglur, fyr en kirkju- og prestamálið væri komið í kring. Sín tillaga væri, að landssjóðurinn lánaði fje til að byggja kirkjuna upp sómasamlega — en gæfi ekkert — og ljeti fara svo um endurborgunina, sem auðið yrði. Þannig hefði verið farið að við aðrar þjóðkirkjur, þegar þær hefðu þurft að byggjast upp; þeim hefði ekki verið gefið til þess, heldur lánað. Hann vildi nefna til dæmis Möðruvallakirkju, sem brann fyrir nokkrum árum. Hann legði því til, að allur fjárstyrkur til kirkjunnar væri dreginn út í fjárlögunum, en landsstjórninni gefin heimild til, að lána henni svo mikið fje, sem hún þyrfti til þess að komast í sómasamlegt stand.

Ísleifur Gíslason sagðist verða að gjöra grein fyrir breytingaratkvæði því, sem hann ætti á atkvæðaskránni, og sem að vísu ekki væri umfangsmikið, en mörgum kynni þó að virðast æði-innihaldsríkt. Það væri svo til orðið, að á sýslufundi Rangvellinga í vor hefði verið skorað á þingmenn þess kjördæmis, að reyna til að fá því framgegnt á alþingi, að byggðar yrðu á landsins kostnað

brýr á Þjórsá og Ölfusá, sem síðan ættu að verða landssjóðsins eign og arðurinn af þeim, brúartollarnir, að renna í landssjóð. Nú hefði það orðið hlutskipti sitt að lenda í fjárlaganefndinni, og hefði sjer þá þótt einlægast að beinast þegar að henni með málið. Hann kvaðst nú játa það þakksamlega, að samnefndarmenn sínir hefðu þegar verið fúsir á að gefa málinu nokkurn gaum. En sjer hefði ekki tekizt að vinna samþykki þeirra til, að leggja brúnum neitt að gjöf, og því síður að ráða til, að landssjóðurinn tæki þær alveg að sjer, svo að tillögur nefndarinnar væru engan veginn fullnægjandi. Hann óttaðist, að fyrirtækinu yrði aldrei framgengt, nema til þess fengist talsverður styrkur að gjöf. Sjer hefði nú fundizt hann ekki vera búinn að gjöra allt, sem í sínu valdi stæði til þess að koma málinu í viðunanlegt horf, fyr en hann væri búinn að bera það beinlínis undir hina heiðruðu þingdeild, og því hefði hann komið með breytingaratkvæði sitt í því trausti, að hún kynni að líta öðruvísi á málið, en meðnefndarmenn sínir. Að fyrirtæki það, sem hjer væri um að ræða, væri mjög nauðsynlegt, mundu allir samdóma um, sem nokkuð þekktu til, enda lægi það í augum uppi. Hjer væri að ræða um 2 einna fólksríkustu sýslur landsins, sem hefðu engin beinlínis not af gufuskipsferðunum með ströndum fram, heldur yrðu allar samgöngur þar að vera landveg, og þær gætu aldrei orðið svo, að í lagi væri, meðan þessar 2 stórár, Þjórsá og Ölfusá, væru óbrúaðar, og svo framarlega sem greiðar samgöngur væru fyrsta skilyrði fyrir því, að land blómgaðist og gengi upp, svo sannarlega væru brýr þessar nauðsynlegar og ómissandi fyrir þann hluta landsins, er hjer ræddi um. En kostnaðurinn væri mikill, svo mikill, að hlutaðeigandi sveitir mundu aldrei geta klofið hann með samskotum; til slíkra samtaka væri eigi að hugsa, ekki einusinni þó fje væri til. Hann byggist við, að komið mundi með þá mótbáru gegn breytingaratkvæði sínu, að eigi væri rjett að varpa svo miklu af landsins fje út fyrir einn hluta þess, einum landshluta í hag. Það væri og satt, að það væri ekki nema 3 sýslur landsins, sem mundu hafa beinan hag af þessum brúm. En það væri líka aðgætandi, að einmitt þessar 3 sýslur væru útilokaðar frá gufuskipsferðunum, en legðu þó fram kostnað til þeirra að jafnri tiltölu við aðra landsbúa, og það með fúsu geði og án þess að sjá neitt ofsjónum yfir þeim hagnaði, sem aðrir partar landsins hefðu af gufuskipsferðunum. Væri því eigi ósanngjarnt, að aðrir partar landsins legðu nokkuð fram til þess að bæta þessum sýslum upp það, sem þær færu á mis við í þessu efni, til að bæta þar samgöngur. Aðgætandi væri, að þetta tillag væri eitt skipti fyrir öll, en tillagið til gufuskipanna væri á ári hverju; og þá yrðu þessar sýslur að því leyti harðara úti en hinir aðrir landshlutar, að þeir kostuðu engu öðru til gufuskipsferðanna en tiltölulegum hluta af landssjóði, en þær yrðu að hafa fjarska kostnað af vegabótum, sem brýrnar drægju á eptir sjer. En líka mættu menn athuga það, að það væri raunar fleiri hjeruð en þessar 2—3 sýslur, er hefðu hag af bættum samgöngum þar. Það væri líka bæði Reykjavík og Gullbringusýsla og Kjósar yfir höfuð. Eins og nú stæði, væri Rangárvallasýsla og Árnessýsla eins og afskekkt land, útilokað frá aðalmarkaðinum hjer á landi, Reykjavík, og því mætti telja fyrirtæki þetta, ef rjett væri að gáð, til hagnaðar fyrir allt að þriðjungi landsbúa. Hann ímyndaði sjer, að ef það fengist, sem hann færi fram á, og sem ekki væri nema tæpur þriðjungur af því, sem upphaflega hefði verið áætlað að brýrnar mundu kosta, því lengra hefði hann ekki þorað að fara eptir þeim anda, sem hann hefði orðið var, þá kynni að verða lagt út í fyrirtækið, en annars ekki. Hann væri hræddur um, að sýslunefndirnar sæju engin ráð til að kljúfa fram úr svo miklum lánskostnaði, sem ráð væri fyrir gjört, ef enginn fengist styrkurinn, þó hann að hinu leytinu játaði, að lánskjörin væru væg. Því að-

gætandi væri, að þar sem í fylgiskjalinu, sem lægi fyrir frá sjer og 2 öðrum þingmönnum, væri gjörð áætlun um ferjutollana, þá væri hún í lausu lopti byggð og líklega of há; í öllu falli mætti ekki byggja á því inntekt af brúartolli, sízt fyrst í stað, meðan ferjurnar væru ekki aflagðar. Hann vonaði því, að þingdeildin liti hjer á hina miklu nauðsyn hjeraða þeirra, er hlut ættu að máli og styddu breytingaratkvæði sitt.

Páll prestur Pálsson sagði, að hinn heiðraði 2. þingmaður Rangæinga hefði tekið fram flest, sem á þyrfti að minnast til stuðnings því, er hjer væri farið fram á. Breytingaratkvæði sitt færi í sömu stefnu og hans, og hálf-iðraðist hann eptir, að hann hefði eigi sameinað sig við hann og haft það samhljóða. Þjóðin borgaði öll umtalslaust kostnaðinn til strandferðanna, en með hagnað af þeim yrðu þessar 3 sýslur, Árness, Rangárvalla og Skaptafells, alveg út undan. Því þættust þær hafa sanngirniskröfu — hann hefði aldrei nefnt rjettarkröfu — til þess að fá nokkurn styrk úr landssjóði, eitt skipti fyrir öll, til þess að verða aðnjótandi svipaðs hagræðis og aðrir partar landsins hefðu af gufuskipsferðunum; en það væri ómögulegt með öðru móti en að bæta samgöngurnar á landi, sakir hafnaleysis á allri suðurströnd landsins. Hann gæti eigi betur sjeð, en að þetta væri eitt með mestu velferðarmálum þjóðarinnar. Árness og Rangárvalla sýslur væru með hinum fólksríkustu hjeruðum landsins, og hefðu mestar samgöngur við Reykjavík af þessum 3 sýslum, og mundi því sýslunefndin í Skaptafellssýslu aldrei ganga að því, að taka jafnan þátt í lánskostnaðinum á við þær. Skaptafellssýslu kæmi eigi að verulegum notum nema önnur brúin, sú yfir Þjórsá, og mundi hún því eigi þykjast skyld að taka þátt í meiru, en sem svaraði tiltölulegum kostnaði til þeirrar brúarinnar, en ómögulegt yrði fyrir hinar sýslurnar tvær að taka upp á sig allan lánskostnaðinn, allra-sízt ef ekki fengist neinn styrkur. Skaptafellssýsla væri langafskekktust af öllum hjeruðum landsins, og sýndist sjer hlutdrægnislegt, að gefa eigi gaum beiðni þeirri, er hann nú bæri fram, og sem hann hjeldi að varla væri hægt að bera á móti að væri á gildum rökum byggð. Skaptfellingar væru látnir taka þátt í kostnaðinum til gufuskipsferðanna, að jafnri tiltölu við aðra; þeir yrðu að uppfylla þungar skyldur við landssjóðinn, en færu á mis við rjettindin. Þætti sjer ósanngjarnt, að láta þá eigi njóta þess að neinu leyti. Skaptfellingar væru útilokaðir frá öllum mörkuðum, frá allri sölu á lifandi peningi, og færu þannig mjög á mis við ýmislegan hagnað og verzlunararð. Hann treysti því, að hin heiðraða þingdeild veitti einhvern styrk; sýslunefndirnar gætu með engu móti gengið að tómu láni.

Framsögumaður sagði, að hinn háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga hefði komið með ýmislegar athugasemdir um sitt hvað, er honum fyndist mega betur fara en hjá nefndinni. Hefði hann fyrst minnzt á lagasafnið fyir Ísland og lagt á móti því, að því væri haldið áfram. Það hefði líka komið til máls á alþingi 1875, að hætta við það, og hefðu margir verið á því þá. Hann sagðist og eigi vera svo fráhverfur þeirri skoðun, og mundi ef til vildi vera von á breytingaratkvæði frá nefndinni í þá átt við 3. umræðu. Hræðsla þingmannsins um, að styrknum til jarðræktar mundi ef til vildi miður heppilega varið af umboðsstjórninni, hjeldi hann væri ástæðulaus. Að minnsta kosti virtist sjer eigi betur en að styrk þeim, sem veittur var á síðasta þingi, hefði verið vel varið. Honum hefði verið skipt á milli búnaðarfjelaganna, og vissi hann það um þann hlutann, sem búnaðarfjelag suðuramtsins hefði hlotið, honum hefði verið hyggilega varið; þingmaður Reykvíkinga ætti sem forseti búnaðarfjelagsins lof skilið fyrir það. Eins og kunnugt væri, hefði nokkru af styrk þessum verið varið til þess að láta Svein búfræðing ferðast um landið, og vissi hann eigi betur en að allir könnuðust við, að af því ferðalagi hefði leitt mjög mikið gott. Það, sem þingmaðurinn hefði lagt til um gufuskipsferðatilhögunina, væri hann

hræddur um að eigi hefði verið nægilega vel íhugað hjá honum. Hann væri hræddur um, að það yrði heldur dýrt, að hafa 2 gufubáta á landsins kostnað til strandferðanna. Það væri auðvitað, að það væri gott og skemmtilegt, að geta bjargast á sínar eigin spýtur, en óvarlegt væri að leggja út í það, nema maður væri nokkurn veginn viss um, að maður væri fær um það, og leiðinlegt væri, ef svo færi þá, að gufuskipsferðirnar legðust niður. Það væri eigi nema rjett og sjálfsagt, að menn hefðu alla einurð til að finna að tilhöguninni á gufuskipsferðunum svo sem ástæða þætti til, en hins vegar væri skylt að láta stjórnina og Dani njóta þess sannmælis, að vel og drengilega hefði verið snúizt undir þetta mál af þeirra hendi. Margir hefðu verið hræddir um, að ávarp það um gufuskipsferðirnar, sem alþingi sendi konungi 1875, og sem hinn háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga var þá samþykkur í, mundi verða árangurslaust, en það hefði orðið öðru nær; bæði konungur sjálfur og þingið Dana hefði tekið sómalega í strenginn, og það væri ekki þessum æðri hlutaðeigendum að kenna, þótt tilhögunin á ferðunum hefði orðið öðruvísi en menn óskuðu; þeir gætu eigi að því gjört. En það væri vonandi, að það lagaðist með tímanum, sem að væri fundið í tilhöguninni á strandsiglingunum. Það væri betri einn fugl í hendi en þeir tveir fuglar, sem þingmaðuriun vildi láta fljúga hvorn gagnvart öðrum umhverfis landið; eins vonaði hann, að þingmenn væru flestir á einu máli um það, að betra væri að una við þetta eina skip, sem maður ætti nú víst, en fara að byggja upp á þessi 2, sem þingmaður Eyfirðinga styngi upp á að vjer skyldum efna sjálfir til. Hann ætlaði eigi að fara mörgum orðum um það, sem þingmaðurinn hefði sagt um dómkirkjuna. Það væri kirkjurjettarfróður maður í nefndinni, sem mundi minnast sjerstaklega á hana og skýra það mál betur en hann gæti gjört. Einungis vildi hann geta þess, að það hefði verið ýmisleg gil í röksemdaleiðslu hins háttvirta þingmanns (1 þingmanns Eyfirðinga). Setjum svo, að kirkjan sje landssjóðsins eign, sem þó mundi, ef til vildi, örðugt að sanna, þyrfti þá þar af að leiða, að landssjóðurinn ætti endilega að gefa henni 26350 kr., eins og stjórnin færi fram á. Hann vissi eigi til, að skylda eigandans næði lengra en til að halda kirkjunni í messufæru standi; það væri eigi skylda hans, að byggja upp og halda við glæsilegu skrauthýsi í kirkju stað, veglegu steinmusteri, sem landshöfðingi og söfnuðurinn virtust ætlast til. Bænin um fjárstyrkinn svona mikinn væri sjálfsagt hjeðan komin, sem eðlilegt væri. Það væri eðlilegt, að Reykjavíkurbúar vildu gjarnan hafa fagra og veglega kirkju; en þá yrðu þeir að vilja vinna það til, að leggja fram nokkuð af kostnaðinum sjálfir. Skylda landssjóðsins næði eigi lengra en til að byggja sæmilega kirkju, væri hann eigandi. Röksemdaleiðsla nefndarinnar hefði verið sú, að landssjóðurinn gæti ef til vildi verið skyldugur til, að byggja upp kirkjuna, en eigi glæsilegri en svo sem skylda eiganda segði til; ætti hún að verða kostnaðarsamari en því tæki, ætti sá kostnaðarauki að lenda á söfnuðinum. Hann sagði, að þingmaður Rangæinga og þingmaður Skaptfellinga mundu hafa hagnýtt sjer ráð, sem danskt skáld eitt kenndi einhverstaðar: það væri bezt að taka munninn nógu fullan, þegar maður bæði um eitthvað (*Páll* prestur *Pálsson:* »hann var ekki fullur»). Að bera kostnaðinn til brúnna yfir Þjórsá og Ölfusá saman við gufuskipsferðakostnaðinn væri eigi rjett, af því að eptir áætlun sjálfra þeirra (þingmannanna) gæfi brúarkostnaðurinn af sjer stórmikinn arð — gullið mundi streyma inn í Árnes- og Rangárvalla- og Skaptafells sýslur, undir eins og brýrnar væru komnar á, þar sem gufuskipið væri og mundi að öllum líkindum verða hreinn ómagi landsins í mörg ár, kannske okkar æfi, sem nú lifðum, eða lengur. Hann skyldi breytingaratkvæði þessara þingmanna fremur sem ávarp til kjósandanna heima í hjeraði heldur en til þingsins, því þeir mundu eigi ætlast til, að landssjóðurinn færi að gefa þetta fje, sem þeir

færu fram á. Þeir mundu hafa þótzt til neyddir kjósandanna vegna að gjöra eitthvað til þess að fá þetta fje, eða að láta þá heyra, að þeir hefðu einhverja tilraun gjört til þess. Hann sagði, að landssjóðurinn mundi huggast láta, þótt sýslunefnd Skaptfellinga vildi eigi þiggja lán það, er henni stæði til boða.

Arnljótur Ólafsson sagði, að framsögumaður hefði svarað mestöllu, sem svara hefði þurft í ræðum hinna þingmannanna. Það væri einungis ein athugasemd í ræðu 1. þingmanns Eyfirðinga, sem sig minnti að hann hefði eigi svarað; það væri sú athugasemd hans, að styrkurinn handa dómkirkjunni væri eigi settur á rjettan stað í fjárlögunum (í 10. gr.). Það væri að vísu öldungis satt, sem hann hefði sagt, að kirkja ætti fremur skylt við kirkjumál en reikningsmál eða umboðsmál, en hann kvaðst þó vona, að ef skoðuð væri 16. og 17. blaðsíðan í nefndarálitinu, þá mundu menn sannfærast um, að dómkirkjan væri einmitt sett á rjettan stað, því hún hefði eigi komið öðruvísi fram hjer en sem reikningskrafa, en ekki sem kirkja. Hefði Reykjavíkurkirkja átt að geta komið fram sem kirkja, hefði það þó að minnsta kosti orðið að sjást, að hún hefði verið visiteruð einhvern tíma, en það hefði eigi verið gjört, nema þetta eina skipti af prófastinum, ef visitatíu skyldi kalla, en aldrei af biskupinum. Eigi hefði heldur komið fram nein krafa til eigandans um byggingu hennar, hvorki frá söfnuðinum að neðan, nje frá prófasti eða stiptsyfirvöldunum að ofan, sem þó væri vant að vera, þegar kirkja þyrfti aðgjörðar eða byggingar við. Þegar nú svona stóð á, hefði nefndin orðið sjálf að hugsa upp eitthvert ráð til þess, að koma þessu máli í kring. Henni hefði legið við að fara að eins og þingmaður Eyfirðinga hefði stungið upp á, og lána henni allt saman, eins og hver kirkjubóndi væri vanur að gjöra við kirkju sína, þá er hún þyrfti við. En hinn geistlegi partur í nefndinni hefði eigi viljað gjöra sig almennilega ánægðan með það, og hefði hann komið upp með það, að sanngjarnara væri, að gefa kirkjunni dálitið, svo sem í notum þess, að hún væri vígslukirkja landsins og geymdi forngripasafn þess og stiptsbókasafnið. Að sýnódusnefndarfundur væri haldinn þar, hefði nefndinni, satt að segja, láðst eptir að geta. Hefði átt að lána kirkjunni upp á þær tekjur og þann sjóð, sem hún nú ætti, hefði það eigi getað orðið nema mjög lítið lán, því tekjur hennar hrykkju eigi til að borga vöxtu af stóru láni, hvað þá heldur meira, með því líka allmikið af tekjum hennar væri útistandandi ár frá ári, án þess þar af fengist neinn arður, og mundi því mega teljast fremur úrgangsfje en vaxtafje. Þá hefði og komið fram annars vegar rjettarspurningin um, hvernig fara ætti að, þegar kirkjubyggingin, eins og hún hjer væri áætluð, kostaði miklu meira fje en kirkjan gæti borgað aptur með tekjum þeim, er hún nú ætti, og hefði þá eigi verið nema tvennt til, annaðhvort að gefa allan kostnaðinn eða þá að reyna til, að auka tekjur kirkjunnar með nýjum skatti svo, að hún gæti endurborgað lánið. Nú hefði þótt ótilhlýðilegt, að fara að bjóða svo ríkum söfnuði sem dómkirkjusöfnuðinum, að gefa honum kirkju. Fyrir því hefði nefndin tekið þann kostinn, að lána kirkjunni fje svo mikið, að gjöra mætti kirkjuna svo veglega og viðhafnarmikla, sem söfnuðinum hæfði eða hann óskaði, móti því að lán þetta yrði borgað aptur á vissum tíma. Þetta væri eina úrræðið. Fyrir norðan væru 3 landskirkjur, eða hinar fornu konungskirkjur, er hann myndi til; hefðu þær allar fengið lán til byggingar sjer, það er að segja, Flateyjarkirkja, Munkaþverárkirkja og Möðruvallakirkja, en aldrei hefðu þær betlað út handa sjer nokkra gjöf úr landssjóði. Sjer þætti nú undarlegt, ef Reykjavík, þar sem gjöra mætti ráð fyrir mestri upplýsingunni og mestri guðrækninni, rjett í kring um sjálfan biskupinn, og þar sem væru svo margir lærðir guðfræðingar og þá prestaskólinn — ef Reykjavík skyldi vilja verða eptirbátur annara safnaða landsins að rækt-

arsemi við kirkju sína. Þingmenn kynnu nú ef til vildi að koma með það, að staðarkirkjuprestar byggðu upp kirkjurnar á sinn kostnað að svo miklu leyti sem sjóður þeirra og tekjur hrykkju eigi til, án nokkurrar endurborgunar frá kirkju eða söfnuði, ef þeir færu frá brauðinu, áður en kostnaðurinn væri þeim endurgoldinn aptur með tekjum kirkjunnar. Hann kvaðst játa, að slíkt hefði við gengizt, en það væri eigi lög. Hann vissi eigi til, að skylda staðapresta næði lengra en skylda kirkjueiganda, en hún væri sú að hafa kirkjurnar í messufæru standi; hitt hjeldi hann væri fremur af nokkurs konar óvana, og einna mest að kenna ónýtum úttektarlögum, heldur en af því, að það þyrfti að eiga sjer stað. Eins og þingdeildinni væri kunnugt, hefði nefndin borið upp frumvarp til laga um 15 aura húsagjald til dómkirkjunnar, og gæti vel verið, að það væri heldur hátt, en það, sem nefndin hefði ætlað sjer, væri að búa svo um hnútana, að lánið, sem kirkjunni yrði veitt, fengist borgað aptur. Álagan gæti með engu móti kallast óanngjörn í sjálfri sjer, þegar þess væri gætt, að samkvæmt tíundarreglugjörðinni frá 1782 væru menn skyldir að tíunda allt sitt góss, en enginn efi gæti á því leikið, að hús væri góss, enda hefði verið boðið í eldri tíundarlögum, sem reglugjörðin frá 1782 hefði eigi breytt, að gjalda tíund af öllu, sem maður ætti.

Þar sem 2 heiðraðir þingmenn hefðu borið hjer fram fjárbón til brúargjörðar á Þjórsá og Ölfusá, og vildu sjer í lagi byggja þessa fjárbón á því, að þau hjeruð landsins, er brúnna ættu að njóta, hefðu engin not gufuskipsferðanna kringum landið, þá væri það að vísu satt, að sýslur þessar hefðu ef til vildi minni not af gufuskipsferðunum en aðrar sýslur landsins. En gufuskipsferðirnar væru þó gjörðar fyrir allt landið, og óbeinlínis eða beinlínis hefðu allir partar landsins gagn af þeim. Auk þess gæti enginn gjört við hafnaleysinu á suðurströnd landsins, sem gjörði skipinu ómögulegt að koma þar við. Það væri líkt um strandferðaskipið sem með latínuskólann, menn hefðu bezt not af honum rjett í kring um sjálfan hann, eins hefðu menn mest not strandfaraskipsins á og í kring um staði þá, er það kæmi við. Þess væri samt að geta um brúarhjeruðin, að menn þar hefðu og beinlínis not af strandferðaskipinu, því menn sæktu þaðan kaupstefnu í Reykjavík, aðalstöðvar skipsins. Hjeruð þessi ættu því alls enga heimtingu á fjárstyrk í notum strandferðaskipsins, enda yrði niðurstaðan sú með slíkri kenningu, að hver sveit á landinu, sem lægi langt frá komustöðum skipsins eða langt frá póststöðvum, ætti þá heimting á ölmusu úr landssjóðnum sakir fjarlægðarinnar. Sjer virtist annars tiltækilegra að benda á vegabótafjeð handa brúagjörðinni heldur en á strandsiglingafjeð, sjer þætti eiga betur við að stinga upp á styrk af vegabótasjóðnum, ef brýrnar borguðu sig eigi, þ. e. brúartollarnir hrykkju eigi til að greiða vöxtu og afborgun af þessum 150,000 kr., sem ætlað væri á að þær mundu kosta. Brúargjörð heyrði þó fremur til vegabóta en gufuskipsferða. Það væru raunar eigi nema fjallvegirnir, sem landsjóðurinn kostaði til, en sjer virtist þó eigi fjærri að telja brýrnar með til þess, því að það tæki þó fjallvegur við, Hellisheiði, þegar af brúnum kæmi á leiðinni hingað suður. Sjer sýndist sýslunefndirnar ættu að þiggja þetta lán, sem hjer væri boðið, og leita þá heldur hjálpar úr vegabótasjóði, ef illa gengi að fá nógan arð upp úr fyrirtækinu.

Páll prestur Pálsson sagðist mótmæla því, að breytingaratkvæði sitt og þingmanns Rangæinga væri ávarp til kjósanda þeirra, heldur væri það ávarp til fjárlaganefndarinnar, til þess anda, sem svifi yfir henni og segði; verði! og þá yrði það. Framsögumaður hefði verið að hæla stjórninni fyrir, að hún hefði komið á móti þinginu á miðri leið með vitann og gufuskipsferðirnar; hann og nefndin ætti því eigi að láta sjer farast ver í þessu brúamáli, og koma á móti sjer og fjelögum sínum einhverstaðar á leiðinni, og það þótt það væri ekki á miðri leið. Hann hefði að eins sagt, að hin umræddu hjeruð hefðu sanngirniskröfu til þess að fá einhvern

styrk úr landssjóði til að koma brúnum á, og það ætlaði hann að standa við. Það væri óbeinlínis hagur öllu landinu, ef eitt eða fleiri hjeruð blómguðust. Hvað dómkirkjuna snerti, þá væri það sín sannfæring, að hana ætti að byggja upp sómasamlega af landssjóði, hvað sem kostnaðinum liði. Hann vissi til, að í Skaptafellssýslu hefðu 3 þjóðsjóðskirkjur verið byggðar upp af stjórninni á landsins kostnað öldungis ummælalaust, og án þess að hót hefði verið á það minnzt, að kostnaðurinn væri lán.

Tryggvi Gunnarsson kvaðst vilja að eins gjöra nokkrar athugasemdir við það, sem 1. þingmaður Eyfirðinga hefði sagt um gufuskipsferðirnar. Hann hefði látið þá skoðun sína í ljósi, að hann áliti síðara áætlunarskjalið fyrir gufuskipsferðunum vera mjög óheppilegt og hefði enda skorað á nefndina að taka þá ferða-áætlun aptur, en hann gæti eigi verið honum samdóma í því, vegna þess að svo gæti hæglega farið, að fyrri áætlunin yrði eigi samþykkt og væri þá engin ferða-áætlun til að fara eptir, ef hin síðari væri felld, og alþingi þannig gæti þá engan þátt átt í, hvernig þeim ferðum yrði hagað. Sjer sýndist því nauðsynlegt að hafa þessa áætlun, en það væri vitaskuld, að hún yrði eigi að jafnmiklum notum og hin, enda hefði hún að eins verið gjörð til vara. Þar sem sami þingmaður hefði sagt, að hollara mundi oss Íslendingum að hafa sjálfir hjer innanlands tvö minni gufuskip, er gengju milli hafna, þá gæti það vel verið, að slíkt fyrirkomulag yrði haganlegt með tímanum, en eins og nú stæði, þá gæti hann eigi verið þingmanninum samdóma í þessu efni, því þau tvö gufuskip mundu kosta allt of mikið, þótt lítil væru; á þeim yrðu naumast fluttar nema íslenzkar vörur, eða sízt mikið af útlendum vörum, því að kaupmenn mundu sjá sinn hag að flytja þær heldur á seglskipum beina leið frá útlöndum, eins og drepið væri á í nefndarálitinu bls. 15. Frá hvaða hlið sem litið væri á þetta mál, þá yrði hann að álíta það heppilegra, að hugsa eigi til þess í bráð, að landssjóðurinn einn kosti gufuskipsferðirnar innanlands, meðan kostur væri á að fá styrk til þeirra úr ríkissjóði og ekki væri út sjeð um, að viðunanlegt fyrirkomulag náist á ferðunum, því kostnaðurinn við þær mundi reynast allt of mikill fyrir landssjóðinn; sjer fyndist því það væri ráðlegra að láta þetta bíða, þangað til landssjóðurinn væri orðinn ríkari, en nota fyrst um sinn gufuskip; sem fer kringum landið og svo til útlanda, það gæti komið landsmönnum að góðum notum, ef ferðirnar væru að öðru leyti haganlegar. Hvað snerti mótmæli þingmanns Dalamanna gegn áætluninni um gufuskipsferðirnar, þá væri hann að nokkru leyti búinn að gleyma ræðu hans, en hann myndi þó eptir því, að hann hefði álitið ótækt, ef gufuskipið skyldi þurfa að snúa aptur, þegar ís bannaði því leiðina norður og vestur um landið, að það þá skyldi leggja vörurnar og farþegana af sjer í Reykjavík og skilja þá svo þar eptir, en hann hjeldi, að þingmaðurinn hefði eigi lesið til hlítar athugasemdir nefndarinnar á blaðsíðu 15 í fjárlagafrumvarpinu; þar væri ætlazt til, að skipið skyldi eigi bíða við ísinn, ef hann tálmaði ferð þess, lengur en svo, að það gæti komizt sunnan um landið til Reykjavíkur á ákveðnum degi, og hjeldi svo þaðan aptur vestur og norður um landið með vörur þær og farþega, sem þangað ætluðu að fara, en það væri að líkindum, að þetta kæmi sjaldan fyrir seinast í júnímánuði. Hann gæti því eigi sjeð, að þessi ákvörðun væri óhæf, en hitt væri satt, að það tefði fyrir farþega- og vöruflutningum, ef skipið gæti eigi komizt leið sína fyrir ís, en slíkt hið sama yrði að jafnmiklu meini, þó skipið væri einungis látið ganga innanlands, því það neyddist eins til að snúa aptur, ef ísinn á annað borð liggur landfastur, hann yrði jafnt til farartálma, hvort heldur skipið kæmi frá útlöndum, eða það ætti að eins að fara kringum landið. Hann vildi geta þess, að undanfarin ár hefði verið kvartað yfir því, að gufuskipið kæmi eigi við sumstaðar þar, sem það hefði átt að koma, til dæmis á Djúpa-

vog, og hefði því verið beðið um að af nema þá ákvörðun, af því svo opt brást, að skipið kæmi þar, og var opt ekki til annars en narra menn, en nú hefði, eins og mönnum væri kunnugt, slíkt ekki komið fyrir, að Díana hafi eigi komið á hvern þann stað, er ákveðið var, síðan hinn núverandi skipstjóri hefði tekið við stjórn á skipinu; þetta væri mikilsvert, og yrði hann að álíta, að skipstjórinn ætti fullkomlega hrós skilið fyrir þennan dugnað, þó þingmaður Reykvíkinga eigi vildi kannast við það, en hann skyldi ekki fara langt út í þetta, því hann vissi vel, að það ætti eigi við, að tala hjer um einstaka menn; hann hefði að eins komizt út í það, af því hann hefði verið að tala um, hve ferðir skipsins væru nú reglubundnari og áreiðanlegri en áður. Viðvíkjandi breytingaratkvæði þingmanns Rangæinga um fje til brúargjörðar yfir Þjórsá og Ölfusá, þá væri Árnesingum og Rangæingum fullkomlega vorkunn, þó þeir litu á það, að þeir hefðu ekkert beinlínis gagn af gufuskipsferðunum kringum landið, og ættu því skilið að fá einhver önnur hlunnindi í þess stað, en eigi að síður þó sanngirni mælti með þessu, þá gæti hann samt eigi aðhyllzt þá uppástungu, að landssjóðurinn gefi 50,000 kr. til þessa fyrirtækis, því bæði væri þetta stórfje, sem landssjóðurinn naumast gæti misst, og svo gæti það leitt til þess, ef þessi þeirra bæn yrði heyrð, að þá kæmu ótal bænaskrár til þingsins á næsta ári um sama efni, úr þeim hjeruðum, þar sem ár væru nokkuð stórar. Sjer fyndist því, að nefndin hefði valið heppilegan, góðgjarnan veg, þar sem hún hefði lagt til, að viðkomandi sýslur fengju að láni úr landssjóði 150,000 kr. með vægum skilmálum.

Þorlákur Guðmundsson sagði, að með því að hann ætti hlut í þessu breytingaratkvæði, þá ætlaði hann að tala fáein orð um það. Sjer hefði heyrzt á umræðum manna, að menn álitu þetta rjettarkröfu, en það væri alls eigi, heldur væri þetta beiðni eða bón, og hún auðmjúk. Það væri heldur eigi að eins þessar sýslur, sem hefðu gott af þessari brúargjörð, heldur allt landið, og einkum Reykjavík, en hann vissi það, að formaður fjárlaganefndarinnar vildi hlynna að Reykjavík, og því vonaði hann einnig, að hann yrði þessu máli hlynntur. Það væri og, ef til vill, rjettast, að landssjóðurinn ætti allt saman, svo að allur þessi gullstraumur rynni í hans vasa. Viðvíkjandi því, sem framsögumaður hefði látið sjer um munn fara, að þessi uppástunga kæmi fram sem ávarp til kjósanda þeirra, er hefðu komið fram með hana, þá kannaðist hann eigi við að svo væri, enda væru slík ávörp á móti þingsköpunum, heldur væri hún beinlínis komin frá þingmönnunum sjálfum, eptir ósk kjósanda þeirra.

Framsögumaður sagði, að það væri sannarlega að vilna þessum sýslum í, ef landssjóðurinn veitti þeim þetta lán upp á 6% í vöxtu og afborgun á 28 árum, því lán með slíkum kjörum mundi eigi á hraðbergi, en allt fyrirkomulagið á brúargjörðinni ætti að vera á valdi hlutaðeigandi sýslumanna, og sömuleiðis ætti landssjóðurinn að eiga allan aðgang að þeim með borgunina, því að þá væri meiri trygging fyrir, að landssjóðurinn fengi sitt, heldur en ef fjeð væri gefið. Eptir því sem mannlegt eðli væri, mundu sýslunefndirnar ekki síður kosta kapps um, að brúargjaldinu yrði vel fyrir komið og greiðlega goldið, þegar þær hefðu sjálfar ábyrgðina á því, heldur en ef það ætti beinlínis að renna í landssjóð, og hann yrði að sitja við það, hvort gjaldið væri mikið eða lítið, með afborgunina; segði hann þetta þó eigi í því skyni, að gjöra sýslunefndunum neinar getsakir. Þingmanni Skaptfellinga ætlaði hann að svara því, að ef landssjóðurinn ætti að byggja upp allar kirkjur landsins og veita fje til þess, þá mundi það verða æði-stór upphæð, ef það ætti að vera eins mikið og landssjóðurinn nú legði til Prestsbakkakirkju.

Guðmundur Ólafsson kvaðst vera mjög þakklátur fyrir styrk þann til jarðræktar og jarðabóta, er nú væri veittur, enda væri bæði þörf og skylda að veita slíkan styrk. Hann kvað auðsjeð, að nú sætu aðrir menn við

stýrið en stundum áður. Sín sannfæring væri, að aldrei yrði of miklu varið til jarðabóta, ef hyggilega er að farið. En hann kvaðst álíta eigi ófallið að gefa bendingar um, hvernig fjenu skyldi varið. Hann kvaðst ekki svo mjög vera á því, að þetta fje væri beinlínis gefið. Sjer þætti ráðlegt, að t. d. hreppsnefndir, sem óskuðu þess, fengju til jarðabóta leigulaust lán af þessum styrk, og borguðu árlega t. a. m. 4 af hundraði til lúkningar af höfuðstólnum; en svo lánuðu þær aptur á sama hátt einstökum mönnum, og ef einhver ynni til þess, þá skyldi veita honum meira eður minna af láninu sem í heiðurslaun eða verðlaun; kvaðst hann ætla að það yrði til að vekja kapp hjá mönnum til framkvæmda, ef þessi aðferð væri höfð. Hann vildi sameina sig við aðra til þess, að koma með bendingar-atkvæði til 3. umræðu í þessa átt, ef það sýndist við eiga.

Framsögumaður sagði, að það væri umboðsstjórnarinnar að sjá um, hvernig fje þessu yrði útbýtt, en þingsins að veita fjárupphæðina.

Guðmundur Ólafsson kvaðst eigi hafa sagt þetta til aðfinningar við nefndina, heldur hefði það að eins verið sem bending. Sömuleiðis viðurkenndi hann, að fje því, er þingið veitti 1875 til jarðabóta, hefði verið skynsamlega varið.

Framsögumaður kvaðst vilja benda mönnum á, að nefndin tæki aptur breytingaruppástungu sína við 10. gr. B. 3., eptir upplýsingar þær, er hinn hæstvirti landshöfðingi hefði gefið þar að lútandi.

Með því eigi tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og fjellu atkvæði þannig:

1. 7. grein var látin bíða.
2. 8. grein óbreytt samþykkt í einu hljóði.
3. 9. grein óbreytt samþykkt í einu hljóði.
4. 10. gr. A. 2.: Nefndin: að fyrir «4000» komi: «3600», tvisvar sinnum, samþykkt með 17 atkvæðum.
5. A 3.: Nefndin: að fyrir «2000» komi: «1600», tvisvar sinnum, og aðaltölurnar breytist samkvæmt því, samþ. með 16 atkv.
6. B 1.: Nefndin: að fyrir «17208» komi: «16544» tvívegis, samþykkt með 16 atkvæðum.
7. B 3.: Nefndin: að fyrir «1720» komi: «2320», tvívegis, og samlagningartölurnar breytist eptir því. Nefndin tók aptur þessa breytingaruppástungu sína, en hjelt aptur á móti fram hinni fyrri uppástungu sinni, að fyrir «1720» tvívegis í 10. gr. B 3 kæmi «1820» tvívegis, og var hún samþykkt.
8. C 4.: Nefndin: að fyrir «286,88» komi: «705» tvívegis, samþykkt með 17 atkvæðum.
9. C 5.: Nefndin: að fyrir «2400» komi: «5000» tvívegis, samþykkt með 19 atkvæðum.

Þegar kom að

10. tölul. C 8. a.: Nefndin: að fyrir «26530» komi: «5000», þótti rjettara að bera
11. tölul. b.: Þórarinn Böðvarsson: að fyrir «26530» komi: «10000» fyrst undir atkvæði, og var hann felldur með 15 atkv. gegn 1, en 10. tölul. samþykktur með 11 atkvæðum gegn 8.
12. tölul. C 9.: Nefndin: að í staðinn fyrir «út af endurskoðun jarðabókarinnar 1861» komi: «Til vitabyggingar á Reykjanesi», og fyrir «4000» komi: «14000». Það þótti eigi rjett hjá nefndinni, að setja þennan tölulið í staðinn fyrir C 9. í frumvarpi stjórnarinnar, og var því leitað sjerstaklega atkvæða um C 9. í frumvarpinu, og var hann felldur með 16 atkvæðum gegn 2, en uppástunga nefndarinnar, 12. tölul. á atkvæðaskránni, samþykktur með 17 atkvæðum.
13. Landshöfðingi: að við greinina bætist nýr tölul. 10.: «Laun handa einum dýralækni 1878: 1200 kr., 1879: 1200 kr.». Vegna óglöggrar atkvæðagreiðslu var við haft nafnakall, og sögðu:

«já:»

Halldór Kr. Friðriksson.
Ísleifur Gíslason.
Arnljótur Ólafsson.
Grímur Thomsen.

«já:»
Guðmundur Einarsson.
Stefán Stephensen.
Þórarinn Böðvarsson.
Þorsteinn Jónsson.
»nei:»
Einar Ásmundsson.
Einar Gíslason.
Einar Guðmundsson.
Guðmundur Ólafsson.
Hjálmur Pjetursson.
Jón Blöndal.
Páll Pálsson, prestur.
Páll Pálsson, bóndi.
Snorri Pálsson.
Tryggvi Gunnarsson.
Þórður Þórðarson.
Þorlákur Guðmundsson.

Var tölul. þannig felldur með 12 atkvæðum gegn 8.

14. a, Ísleifur og Þorlákur: að við 10. gr. C bætist nýr liður: «Til brúargjörðar á Þjórsá og Ölfusá allt að 50000 kr.», fellt með 12 atkvæðum gegn 4.
15. b, Páll prestur Pálsson: að við 10. gr. C bætist nýr tölul.: «Til brúargjörðar yfir Þjórsá og Ölfusá 40000 kr.», fellt með 13 atkvæðum gegn 6.
16. Samlagningartölurnar og upphæðin í byrjun greinarinnar breytist eptir atkvæðagreiðslunni, samþykkt í einu hljóði án atkvæðagreiðslu.
17. 10. gr. með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.

Þá kom til annarar umræðu 11. og 12. gr. frumvarpsins.

Landshöfðinginn kvaðst vilja geta þess, að þar sem nefndin hefði eigi fundið ástæðu til að bæta 48 kr. við yfirsetukonurnar í Reykjavík, þá væri það eigi samkvæmt anda launalaganna, þar sem svo væri ákveðið, að enginn skyldi missa neins í af tekjum sínum, en þetta væri reyndar lítilræði eitt, og vildi hann því eigi leggja neina áherzlu á það. Nefndin hefði við 12. gr. 1. tölul. eigi viljað sinna tillögum stjórnar-frumvarpsins um viðbót við laun brjefhirðingarmanna, og hefðu sjer þó virzt þær tillögur á rökum byggðar, því að laun póstafgreiðanda væru svo lág, að póststjórninni væri eigi auðið að fá áreiðanlega menn til þess starfa. Laun póstafgreiðanda væru sannarlega eigi of há í samanburði við það, að ferðirnar hefðu aukizt, og þá hefðu og aukizt tekjur landssjóðsins. Hann vonaði því, að hin heiðraða deild samþykkti eigi breytingaratkvæði nefndarinnar við þennan tölul. Hvað 12. gr. 2. viðvíki, þá væri sú upphæð calculatorisk, og væri hann nefndinni samdóma í því, að í þessu skyldi hafa sem mestan sparnað, og vildi hann því alls eigi mæla móti þessu breytingaratkvæði. Viðvíkjandi 23. tölul. á atkvæðaskránni, 12. gr. 3, a. þá hefði 14. gr. launalaganna sett of lágt endurgjald fyrir skrifstofu-kostnað handa póstmeistaranum, en þar að auki hefðu síðar störf hans aukizt, þar sem póstferðirnar væru nú 8, í stað þess að þær áður hefðu að eins verið 7, og þá hefðu eun bætzt við 3 ferðir með Díönu, og enn fremur hefðu með hinni nýju ákvörðun um böggulsendingar milli Danmerkur og Íslands (10 pnd. vigt í stað 5 pnd.) sendingar aukizt og öll póstafgreiðslu-störf. Það væri eigi eingöngu starfi póstmeistarans að taka á móti brjefum og sendingum og afgreiða þær, heldur ætti hann einnig að semja alla póstreikninga, og væri það vandasamt starf og örðugt. Samkvæmt 6. gr. launalaganna hefði póstmeistarinn sent sjer skýrslu yfir skrifstofukostnað sinn 1876, og hefði hann verið 900 kr., og fengi hann eigi betur sjeð, en að þessi reikningur væri í alla staði sanngjarn og rjettur; hefði þó þessi embættismaður áður eigi nema meðal-há laun, 1700 kr., en þeir embættismenn, sem eigi hefðu hærri laun, þyldu eigi, að frá þeim væri tekinn skrifstofukostnaður. Þess vegna vildi hann leyfa sjer að mæla sem bezt með þessu breytingaratkvæði.

Framsögumaður sagði að, nefndin og allir mundu samdóma um það, að landshöfðinginn ætti hrós og heiður skilið fyrir

það fyrirkomulag, sem hann hefði komið á póstgöngurnar og yfir höfuð á öll póstmál, en allt fyrir það væri eigi rjett að bæta við laun þessara embættismanna af þeirri ástæðu, að póstgöngurnar borguðu sig eigi, nema brýna nauðsyn beri til. Þetta væri köld búmannsregla, og henni væri fylgt bæði í Danmörku og annarstaðar. Nú hefði nefndinni eigi virzt nein brýn nauðsyn á þessum launabótum, enda hefðu ástæður þær, sem fyrir þeim væru færðar í stjórnarfrumvarpinu, við ekkert að styðjast, því að gestanauð væri engin í kaupstöðum, eins og nefndin hefði tekið fram á 25. bls. í nefndarálitinu. Í kaupstöðum mundi það sem optast, að ókunnugir yrðu sjálfir að sjá fyrir sjer. Þegar því væri stungið upp á launabót fyrir póstafgreiðanda á Akureyri, Seyðisfirði, Ísafirði, Stykkishólmi, Djúpavogi, í Vestmannaeyjum, Hraungerði og Bjarnanesi, þá hefði nefndinni eigi fundizt full ástæða til þess, en þó væri ef til vill helzt ástæða til að hækka laun póstafgreiðslumanna í Hraungerði og Bjarnanesi, með því að það væri í sveit, en annars væri þetta svo lítil launabót, að engan einstakan gæti munað um það, þótt landssjóðinn gæti munað það, þegar það legðist allt saman; ástæðan fyrir því, að nefndin hefði eigi veitt þessa launabót, væri því engin önnur en sú, að nefndin hefði hjer sem í öðru viljað fylgja þeirri reglu, að auka eigi gjöld til neins fyrirtækis, þegar tekjurnar eigi hrykkju til útgjaldanna. Viðvíkjandi 12. gr. 2. þá mundi nefndin taka það breytingaratkvæði sitt aptur til 3. umræðu, þar eð þessi upphæð væri alveg «calculatorisk», eins og landshöfðingi hefði sagt. Um breytingaratkvæði landshöfðingja við 12. gr. 3. tölul., þar sem hann hefði stungið upp á að hækka endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa póstmeistaranum, þá væri það að segja, að það mundi eigi hollt einmitt fyrir þennan embættismann sjálfan, því að á næsta þingi mundi að öllum líkindum verða stungið upp á að hækka laun hans, en vel mætti svo fara, að þingið veitti honum því síður launabót, er hann hefði fengið viðbót árið áður. Hann vildi því af þessum ástæðum ráða þingdeildinni frá að aðhyllast þetta breytingaratkvæði.

Páll Pálsson prestur kvaðst og álíta það óþarfa að bæta við laun póstafgreiðanda vegna gestnauðar, því að póstar væru skyldir að greiða fyrir sig, ef þess væri krafizt. En að því er sjer væri frekast kunnugt mundi ómögulegt að fá menn til að takast þennan starfa á hendur fyrir það smásmuglega endurgjald, sem nú væri, enda mætti það eigi minna vera en 10 kr. fyrir 2 póstafgreiðslur í hvert skipti. Sjer væri kunnugt um, að að minnsta kosti einn póstafgreiðslustaður gæti breytzt í brjefhirðingarstað, án þess bagi yrði að, og minnkuðu þá nokkuð útgjöld landssjóðsins í því tilliti, en sjer fyndist öll sanngirni mæla með því, að hækkuð væru lítið eitt laun póstafgreiðanda.

Landshöfðinginn kvaðst út af orðum hins háttvirta framsögumanns vilja geta þess, að aðalástæðan fyrir þessari launabót póstafgreiðanda væri eigi gestanauð, heldur aukinn starfi þeirra. Hann væri samdóma framsögumanni í því, að eigi ætti að auka útgjöldin til póststjórnarinnar, fyr en hún gæti borgað sig, nema þegar brýna nauðsyn bæri til, en nú væri einmitt svo ástatt, að brýna nauðsyn bæri til að auka þessi laun póstafgreiðanda, því að það lægi í augum uppi, að póststjórninni væri áríðandi að hafa duglega og áreiðanlega embættismenn, en nú mundu, ef til vill, sumir af hinum núverandi póstafgreiðendum segja af sjer einmitt af því, að þeir þættust eigi fá fulla þóknun fyrir starfa sinn, er hann væri nú orðinn töluvert aukinn, og mundi því örðugt að fá aðra í þeirra stað. Frumvarpið vildi og veita launabót eigi að eins þeim póstafgreiðslumönnum, er í kaupstöðum byggju, heldur öllum; skyldi hann við 3. umræðu gjöra grein fyrir því, hvernig þessum launum væri skipt niður milli þeirra, því að nú sem stæði hefði hann eigi skjölin við höndina.

Framsögumaður sagði, að ef nefndin væri sannfærð um, að þessi launabót yrði hvöt fyrir menn til þess að verða póstaf-

greiðendur, þá mundi hún fús á að veita þessa launaviðbót, en með því að bæði hann og nefndin hefði efazt um, að þessi upphæð væri nógu stór til þess að hvetja menn til að takast þennan starfa á hendur, þá hefði hún eigi fundið ástæðu til að taka til greina þessa uppástungu um launabót. Það væri fjærri sjer að rengja landshöfðingjann um, að póstafgreiðslumenn hefðu sagt af sjer, en hann gæti eigi neitað því, að ætíð væri viðkunnanlegra að hafa skýrslur fyrir sjer um þetta sem annað. En ef landshöfðingi gæfi nákvæmari upplýsingar við 3. umræðu, þá mundi nefndin halda fund með sjer um þetta efni.

Guðmundur Einarsson sagði, að póstafgreiðslumenn væru óánægðir með laun sín, því að auk þess að þeir hefðu töluverðan starfa á hendi og ábyrgð og svo ónæði, þá væri það opt að þeir þyrftu að fresta ferðum sínum, þó þeim væri það mjög óþægilegt, til þess að vera heima þegar póstar kæmu. Framsögumaður hefði kallað það kalda búmannsreglu að greiða eigi full laun vinnumönnum við eitthvert fyrirtæki af þeirri ástæðu, að það borgaði sig eigi, en hann vildi kalla það óbúmannlegan hnykk, því að aldrei væri við því að búast, að þeir fengju til langframa dygg og dugleg hjú, sem drægju við þau kaupið, ef að atvinnan yrði óarðsöm, nema það væri með berum orðum upphaflega umsamið. Hjúin yrðu að hafa sitt kaup, sem þeim hefði verið heitið, þó að húsbóndinn hefði skaða, enda væri verkamaðurinn verður launanna. Hann áliti því, að póststjórnin yrði að bera kostnað sinn, hvort sem það svo borgaði sig eða eigi, því ella mundi hún aldrei fá nýta verkamenn, en hann vildi vona, að þess yrði eigi lengi að bíða, að það borgaði sig að launa sómasamlega þjónum póststjórnarinnar. Hvað snerti hækkun á endurgjaldi fyrir skrifstofukostnað handa póstmeistaranum, þá hefði hann heyrt, að þessi embættismaður hefði sjálfur lagt sjer póststofu, og þess utan orðið að auka töluvert húsrúm sitt, og fyndist sjer því sanngjarnt og sjálfsagt, að bætt yrði nú þegar við hann til skrifstofukostnaðar eptir uppástungu landshöfðingja.

Framsögumaður sagði, að hann hefði eigi verið að tala um póstmeistara, heldur um póstafgreiðslumennina. Hann hefði haldið, að þingmaður Dalamanna væri góður búmaður, en eigi gæti hann skilið í, hvernig hann færi að gjalda vinnumönnum sínum gott kaup, ef búskapurinn gæfi ekkert af sjer. Það mætti vel vera, að Danir, Norðmenn og Englendingar kynnu eigi að búa, og væri því kannske heppilegt, að þessari reglu hins mikla búmanns, þingmanns Dalamanna, væri snúið á þeirra mál, svo að þeir gætu hagnýtt sjer hana. Hvað póstmeistarann snerti, þá þyrftu menn að öllum líkindum eigi að óttast, að hann mundi segja af sjer, þótt hann fengi eigi þessa 300 kr. viðbót í skrifstofukostnað. Hann hefði líka aðrar tekjur, þar sem hann fengi þóknun fyrir afgreiðslu gufuskipsins, og væri brunabótastjóri og bókasölumaður; það sýndist því sem hin eiginlegu embættisstörf hans væru eigi fjarska-mikil, þar sem hann gæti haft þessi aukastörf; en ef nú póststörf hans jykust svo, að hann eigi gæti sinnt þessum aukastörfum sínum, þá væri eigi ómögulegt, að komið gæti til greina hækkun á launum hans.

Halldór Kr. Friðriksson kvaðst vilja spyrja framsögumann, hvort það væri sanngjarnt, að láta embættismanninn hafa eigi viðunanleg og sanngjarnleg laun fyrir starfa sinn, hver sem hann væri, af þeirri ástæðu, að hann yrði að sitja við starfa þann, hversu lág laun sem hann fengi, af því að hann gæti eigi komið sjer öðruvísi fyrir? Svo gæti opt verið, að maður sem hefði einhvern starfa á hendi, gæti eigi komið sjer fyrir öðruvísi; væri það þá sanngjarnt að láta hann lifa við sult og seyru með því að láta hann hafa svo lág laun, sem auðið væri, og nota sjer þannig atvinnuleysi hans eða fátækt? Sjer fyndist það að minnsta kosti mjög ósanngjarnt. Hann gæti því eigi sjeð neina sanngirni í því, að vilja eigi bæta við laun þessa embættismanns, sem hjer væri um að ræða, af þeirri ástæðu, að hann mundi

eigi segja af sjer, þótt hann fengi eigi launabótina. Framsögumaður hefði og gjört svo mikið úr aukastörfum hans, og hefði hann fyrst nefnt afgreiðslu hans á gufuskipunum, og sagt að sá starfi væri nátengdur embættisverkum hans, en það væri alls eigi, heldur væri sá starfi alveg laus við embættisverk hans, og gæti þá og þegar orðið af honum tekinn, ef einhver annar byðist til að taka hann að sjer fyrir minna verð; svo þyrfti og eigi annað en að honum yrði einhver skyssa á, til þess að hann missti þegar þann starfa. Sama væri að segja um umsjón hans yfir brunabótamálunum; enginn gæti sagt, hve lengi hann hefði hana. Skrifstofukostnaður hans hefði samkvæmt skýrslu hans til landshöfðingja síðast liðið ár verið 900 kr., en hann mundi vaxa, því að póstgöngurnar mundu fjölga og yfir höfuð öll störf hans aukast; og þá minnkuðu tómstundir hans, svo að hann hefði eigi eins mikið tóm til að leggja stund á annað. Þetta væri eigi í lausu lopti byggt, því að hin heiðraða fjárlaganefnd hefði sjálf stungið upp á að fjölga póstskipsferðum kringum landið. Það væri sanngjarnt að launa hverjum verkamanni samkvæmt þeim starfa, sem hann leysti af hendi; það dygði eigi að spara svo laun við neinn embættismann, að eigi væri hægt að fá neinn í embættið. Ritstörf póstmeistarans yrðu nú meiri, og þess vegna ætti hann að fá meira skrifstofufje, og þar sem framsögumaður hefði verið að lofa landshöfðingjann fyrir framgöngu sína í póstmálefnum vorum, þá mundi víst mega trúa honum fyrir nokkrum krónum, og að hann mundi eigi hafa stungið upp á þessari viðbót, ef eigi hefði verið full ástæða til þess.

Framsögumaður kvaðst játa það, að hann tryði landshöfðingja fullkomlega fyrir nokkrum krónum, og meira að segja nokkrum þúshundruðum króna, en til að halda líkingunni, þá vildi hann setja, að landshöfðingi væri ráðsmaður, landsjóðurinn húsbóndi og embættismennirnir vinnumenn. Nú ætti að sínu áliti húsbóndinn að fara varlega í að veita vinnumönnunum launabót, jafnvel þótt ráðsmaðurinn mælti fram með þeim, því að það lægi í augum uppi, að ráðsmaðurinn þyrfti að koma sjer vel við vinnumennina, og mælti því fram með þeim til launabóta, enda hefði hann sjaldan frið fyrir kvabbi um hærri laun. Þótt þessi skýrsla lægi fyrir um skrifstofukostnað þessa embættismanns, þá mundi hann samt hika við að gefa atkvæði sitt með þessu breytingaratkvæði, með því að þessi embættismaður hefði aðrar aukatekjur, þannig hefði alþingi 1875 veitt honum, jafnvel óbeðið, 200 kr., fyrir ábyrgð þá, sem á honum hvíldi, ef honum misteldust peningar. Eins mundi hún nú hafa veitt honum launabót, ef henni hefði virzt það sanngjarnt, en hann vildi taka það fram aptur, er hann hefði áður sagt, að það yrði póstmeistaranum sjálfum skaði, ef hann fengi nú þessa viðbót, því að þá mundi hann þess síður fá launabót síðar. Að svo búnu vildi hann eigi orðlengja meir um þetta mál, því að allir játuðu, að mjög leiðinlegt væri að tala lengi um einstakan mann.

Landshöfðinginn kvaðst þegar hafa sýnt skýrslu póstmeistarans um skrifstofugjöld hans 1876 og borið hana upp í nefndinni.

Guðmundur Einarsson kvaðst eigi samdóma framsögumanni, því að sín skoðun væri, að þingið ætti að taka það til greina, þegar landshöfðingi mælti fram með einhverjum til launabóta, og sá yrði aldrei hjúasæll, það gæti hann sagt hinum heiðraða framsögumanni, sem knappaði sem mest hann gæti kaup hjúa sinna.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og var því gengið til atkvæða og fjellu þau þannig:

18. 11. gr. 2.: Nefndin: að fyrir «2348», 2348, 4696» komi: «2300, 2300, 4600» fellt með 9 atkvæðum gegn 7.
19. Samlagningarupphæðin og upphaf greinarinnar breytist eptir atkvæðagreiðslunni, þar við fallið.
20. 11. gr. óbreytt samþykkt í einu hljóði.

21. 12. gr. 1. a: Nefndin: að fyrir «4110, 4110, 8220» komi: «3500, 3500, 7000» fellt með 11 atkvæðum gegn 4.
22. 12. gr. 1. b: Páll prestur Pálsson: að í staðinn fyrir «4110, 4110, 8220» komi: «4090, 4090, 8180», tekið aptur.
23. 12. gr. 3. Þegar til atkvæða skyldi ganga um þennan tölulið, þótti rjettara, að bera stafliðinn b fyrst upp undir atkvæði:
b, Landshöfðinginn: að fyrir «1600, 1600, 3200» komi: «1900, 1700, 3600». Vegna óglöggrar atkvæðagreiðslu var við haft nafnakall og sögðu:

Já:
Halldór Kr. Friðriksson,
Einar Gíslason,
Guðmundur Ólafsson,
Guðmundur Einarsson,
Páll prestur Pálsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson;

Nei:
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Grímur Thomsen,
Einar Guðmundsson,
Hjálmur Pjetursson,
Jón A. Blöndal,
Páll bóndi Pálsson,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorsteinn Jónsson;

var breytingaruppástungan þannig felld með 10 atkvæðum gegn 7, en breytingaruppástunga nefndarinnar undir staflið
a, nefndin: að fyrir «1600, 1600, 3200» komi: «1600, 1400, 3000», samþykkt án atkvæðagreiðslu sem leiðrjetting í frumvarpinu.
24. Samlagningarupphæðirnar og upphaf greinarinnar breytist eptir atkvæðagreiðslunni, samþykkt án atkvæðagreiðslu.
25. 12. gr. með áorðinni breytingu samþykkt í einu hljóði.

Þegar hjer var komið, sleit varaforseti fundi, og ákvað fund næsta mánudag, 13. dag ágústm. kl. 12.

Á 40. fundi neðri deildarinnar, 13. dag ágústmánaðar, var haldið áfram 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1878—1879, 13.—17. grein.

Landshöfðinginn tók fyrstur til máls, og mælti á þessa leið:

«Jeg hef ekki neitt á móti breytingaruppástungu hinnar heiðruðu nefndar við 13. gr. A, en jeg skal geta þess með tilliti til athugasemdar þeirrar, sem hefur inni að halda ítrekun tillaga nefndarinnar 1875, um að af nema laun og húsaleigustyrk handa dómkirkjuprestinum, þegar embættið losnar, að mjer virðist ekki ástæða til að ítreka þessar tillögur nú sem stendur, þegar ráð má gjöra fyrir, að málið um laun presta í heild sinni verði tekið til meðferðar af þinginu. Hvað snertir 13. gr. B. I. b. 1., þá skal jeg geta þess, að sú upphæð, sem hin heiðraða nefnd hefur stungið upp á að færð verði niður, ekki verður notuð, ef hennar ekki þarf við. Um breytingaruppástungu hinnar heiðruðu nefndar við 13. gr. B I. b 2. má hið sama segja; og skal þess vegna leyfa mjer að vona, að hin heiðraða deild samþykki ekki þessar 2 breytingaruppástungur, og jeg skal taka það fram, að eptir uppástungu nefndarinnar verða að eins 4 ölmusur handa prestaskólanum, en 3 handa læknaskólanum, en það er auðsjeð, að þetta er ekki rjett hlutfall við tölu þeirra, er sækja að þessum tveimur skólum. Með skírskotun til athugasemdanna við frumvarpið (bls. 22.) skal jeg mæla með því, að breytingaruppástunga nefndarinnar við 13. gr. B. I. b. 3. verði ekki samþykkt. Við 13. gr. B. I. b. 5. er stungið upp á, að hækka upphæðina allt að 300 kr. í stað 160 kr.; þar sem hin heiðraða nefnd hefur gjört þessa uppástungu eptir samkomulagi við mig, skal jeg geta þess, að í þessari útgjalda-grein er innifalinn kostnaður til viðhalds á prestaskólahúsinu.

Hvað snertir 13. gr. B. III. til hins lærða skóla, þá hef jeg samkvæmt brjefi ráð-

gjafans frá 7. apríl þ. á., sem prentað hefur verið í stjórnartíðindunum deildinni B., þorið upp við tölul. 1. það breytingaratkvæði, að bætt verði við launum handa einum föstum kennara, og er tilgangur þessa breytingaratkvæðis sá, að koma upp gagnfræðiskennslu við skólann, en til þess má álíta það alveg nauðsynlegt, að bæta einum föstum kennara við, sem getur tekið að sjer kennsluna í hinum nýju tungumálum. Jeg vona, að hin heiðraða nefnd og alþingið fallist á þessa uppástungu, þar sem þingið hefur látið sjer vera mjög annt um, að koma þessari kennslu á, og þar sem þetta í sjálfu sjer einnig má álíta bæði nauðsynlegt og æskilegt. En að öðru leyti hefur, án tillits til þess að stofna gagnfræðiskennslu við skólann, um langan tíma verið mesta þörf á að auka tölu hinna föstu kennara, þar sem tímakennsla hefur verið nauðsynleg í fleiri kennslustundum, en sem svari hinum árlegu kennslustundum eins fasts kennara. Í sambandi við þetta breytingaratkvæði stendur hitt, að færa upphæð þá, er ætluð er í B. III. c. 4. til tímakennslu niður um 560 kr. Af því að jeg gjöri ráð fyrir, að þingið muni samþykkja með fjáraukalögum, ef þess þarf við, hin nauðsynlegu útgjöld til þess að búa til herbergi handa gagnfræðiskennslunni, en mjer virðist sem stendur ekki þörf á því, hef jeg ekki að svo stöddu gjört neina uppástungu í þá átt.

Hin heiðraða nefnd hefur í þetta skipti — jeg skal fúslega kannast við það — sýnt hina mestu varkárni, með því ekki að stinga upp á breytingum á þeim útgjöldum, sem ákveðin eru «með konungsúrskurðum eða öðrum ákvörðunum», eins og segir í 25. gr. stjórnarskrárinnar, og hún hefur einnig í nefndarálitinu um frumvarpið til fjáraukalaga lagt mestu áherzlu á þetta atriði, þess vegna gjöri jeg ráð fyrir, að henni hafi yfirsjezt þetta með tilliti til tveggja breytingaratkvæða við 13. gr. B. III. b. 1. «til umsjónar — 1000 kr. gangi út«; og við sömu grein C. 6: «fyrir prestsverk 48 kr. gangi út». Hvað snertir þetta síðara atriði «fyrir prestsverk», þá er þessi upphæð ákveðin með konungsúrskurði 29. apríl 1785 (sbr. Dmstj br. 25. febr. 1859). Viðvíkjandi hinni fyrri uppástungu nefndarinnar, skal jeg geta þess, að umsjónarmanns-embættið að vísu ekki er stofnað með konungsúrskurði, en upphæðir þær, er lagðar eru til þessa embættis, eru byggðar á þess háttar gildum ákvörðunum, en þær eru 1) 300 rd. eða 600 kr. af aðstoðarfje skólans, sem ákveðið er í lögum 19. janúar 1863, 2. gr. til 1100 rdl., og 2) útgjaldagreinir þær, er í frumvarpinu til fjárlaga fyrir árin 1876—77 voru taldar undir 13. gr. B. II. í 6. tölul.: fyrir að semja reikninga skólans 200 kr., og 7. tölul. fyrir skrifstörf og útreikninga 200 kr. Alþingið sameinaði í hitt eð fyrra þessar upphæðir í eina útgjaldagrein «til umsjónar» 1000 kr., og jeg fann enga ástæðu til að mæla á móti þessu, af því þessar upphæðir voru ætlaðar umsjónarmanninum, og störfin, sem þær voru lagðar til, falin honum á hendur. En breytingaruppástungu þeirri, sem hjer liggur fyrir, er öðruvísi varið, þar sem hin heiðraða nefnd stingur upp á, að fella þessa upphæð alveg úr fjárlögunum, en þetta verð jeg að álíta að komi í bága við 25. grein stjórnarskrárinnar, þar sem upphæð sú, sem hjer ræðir um, að mínu áliti er byggð á konungsúrskurðum, og þannig hefur verið tekin upp í hinum undangangandi áætlunum um tekjur og útgjöld Íslands, er allar hafa verið staðfestar með konungsúrskurðum. Jeg leyfi mjer þess vegna að skora á hina heiðruðu nefnd, að taka þessi tvö breytingaratkvæði aptur, samkvæmt þeirri reglu, sem hún að öðru leyti svo nákvæmlega hefur fylgt í þetta skipti, og ef henni virðist nauðsyn bera til þess, þá að reyna að koma því fyrir með lögum samkvæmt 25. grein stjórnarskrárinnar. Jeg skal í þessu tilliti þegar geta þess, að jeg ekki get mælt með að taka af upphæðina fyrir prestsverk «48 kr.», fyr en búið er að ákveða laun prestanna í heild sinni; en hvað snertir umsjónarstörfin við hinn lærða skóla, skal jeg geta þess, að jeg að vísu er hinni heiðruðu nefnd sam-

dóma um það, að æskilegra væri, að fela þau einhverjum hinna föstu kennara skólans á hendur, ef einhver þeirra væri fús til að taka þau að sjer og hæfur til að leysa þau vel og vandlega af hendi, en á þessu skeri hafa allar tilraunir stiptsyfirvaldanna strandað, þangað til nauðsynlegt varð árið 1866 að setja sjerstakan umsjónarmann; hvort þetta skilyrði, sem jeg nú gat um, sje til nú sem stendur, get jeg ekki sagt upp á víst. En jeg geng út frá því, að nauðsynlegt sje, hvort sem verður, að veita þeim kennara, er tekur umsjónina að sjer, hæfilega þóknun, sem að mínu áliti ekki má minni vera en 600 kr. árlega, því að þessi störf munu leggja mesta hapt á hlutaðeiganda, og þess vegna má gjöra ráð fyrir, að þetta fyrirkomulag, ef það að öðru leyti kynni að komast á, hjer um bil verði eins kostnaðarsamt og hingað til hefur verið.

Hinar aðrar breytingar nefndarinnar við 13. gr. B. III., nefnilega, að færa upphæðina undir 3. tölul. «til skólahússins utan stokks og innan» 1600 kr. niður í 1500 kr., og tölulið 8 «ýmisleg útgjöld» 1700 kr. niður í 1200 kr., en taka brunabótagjald skólahússins 418 kr. 12 a. upp í 10. gr. C. 4., nema svo litlu, að jeg, þar sem þessar upphæðir eru kalkúlatóriskar, og jeg er hinni heiðruðu deild samdóma um það, að viðhafður verði hinn mesti sparnaður í því tilliti, ekki ætla að mæla á móti þeim.

Jeg get fallizt á viðaukauppástungu hinnar heiðruðu nefndar við 13. gr. C; sjer í lagi er jeg henni þakklátur fyrir veitinguna handa barnaskólunum, eins og jeg er henni alveg samdóma um skilyrði það, sem hún hefur bundið veitinguna við, sem sje, að þessir skólar bæði sjeu komnir í gang og þegar eigi sitt skólahús eða skólajörð.

Einnig get jeg fallizt á uppástungu hinnar heiðruðu nefndar við 14. gr. um eptirlaun handa fyrverandi fimleikakennara Stenberg 500 kr. En jeg skal leyfa mjer í þessu tilliti að biðja hinn háttvirta framsögumann að láta í ljósi meiningu nefndarinnar um það, hvort eptirlaun Stenbergs skuli reikna frá 1. október þ. á., þegar lausn hans frá embættinu byrjar, eða frá 1. jan. 1878.

Jeg skal samkvæmt því, er rætt hefur verið milli hinnar heiðruðu nefndar og mín, taka allt það tillit, sem jeg get, til meðmælinga hennar við 15. gr., en jeg skal geta þess, að mjer virðist eiga betur við, að veita upphæð þá, sem nefndin stingur upp á, sem þóknun handa landbúnaðarnefndinni, og sem að öðru leyti virðist mjer of lág og ekki í rjettu hlutfalli við þóknun þá, sem ákveðin var í fjárlögunum 1876 fyrir skattanefndina, undir 10. gr. C, en í þessari grein, sem einungis ræðir um fyrirtæki, er verða framkvæmd á fjárhagstímabili því, er getur um, og óviss útgjöld, er upp á kunna að koma á hinu sama tímabili. Þetta hef jeg tekið fram í umræðunum við hina heiðruðu nefnd og tek það upp aptur hjer í salnum, til þess að skýra frá, að samkomulag það, er ræðir um í athugasemdunum, ekki hafi náð til þessa atriðis; einnig hef jeg bent á, að eptir mínu áliti mundi eiga betur við, að veita tölul. 2. og 3. undir 13. gr. B. II. «til læknaskólans» og 13. gr. C.

Af því að jeg álít brúargjörðir þær, sem hin heiðraða nefnd hefur mælt með, yfir Þjórsá og Ölfusá í mesta lagi æskilegar, og nauðsynlegt að styrkja þessi fyrirtæki, ef þau skulu framkvæmast, með fje úr landssjóði, er jeg meðmælingu hinnar heiðruðu nefndar í þessu máli alveg samdóma.

Framsögumaður sagði, að þar sem landshöfðinginn hefði ekkert haft að athuga við 13. gr. A, þá ætlaði hann eigi að fara fleirum orðum um þá grein; þar á móti hefði landshöfðinginn eigi verið samdóma nefndinni um breytinguna undir 13. gr. B. I. um útgjöld til prestaskólans; ætlaði hann, að deildin myndi eptir því, að þetta væri hin sama breyting og sú, er gjörð hefði verið á síðasta þingi við lið þennan, því að þá hefði einnig verið stungið upp á húsaleigustyrk handa 15 lærisveinum og 2 ölmusum, en þingdeildin hefði þá fellt uppástungu þessa; hann kvaðst eigi heldur skilja, vegna hvers ár eptir ár verið væri að stinga upp á húsaleigu handa svona mörgum lærisveinum, þar

sem aldrei eða að minnsta kosti mjög sjaldan hefðu verið 12 lærisveinar auk heldur 15 á prestaskólanum. Það gæti vel verið, að æskilegt væri fyrir biskup landsins og prestastjettina, að svo margir lærisveinar væru á prestaskólanum, en það hefði nú eigi komið fyrir enn, og því hefði nefndinni eigi virzt nægileg ástæða til að gjöra ráð fyrir húsaleigustyrk handa fleirum en 12 prestaefnum. Það væri reyndar satt, að húsaleigustyrkurinn væri eigi veittur fleirum en á skólanum væru, og að svo miklu leyti væri eigi svo áríðandi, hvort styrkur þessi væri veittur handa 12 eða 15 lærisveinum. En sá væri þó munurinn, að ef vjer settum svo, að 15 lærisveinar væru á skólanum, þá gæti hann eigi sjeð, að landssjóðurinn væri skyldugur til að veita þeim húsaleigustyrk öllum saman, án þess að tekið væri tillit til þess, hvort þeir væru reglusamir eða ekki, hvernig efnum þeirra hagaði, og hvort þeir væru öðrum fremri, að því er framfarir snerti; ef tekið væri tillit til þessa, þá gæti það ef til vill gjört þann mun, að enginn fengi húsaleigustyrkinn, nema hann væri hans verðugur, og ætti skilið að fá hann. Hvað snerti 13. gr. B. I. 3, þá væri sú upphæð, er stjórnin hefði áætlað til tímakennslu á prestaskólanum, færð niður, því að kennarinn í kirkjurjettinum hefði gjört nefndinni kunnugt, að hann ætlaðist eigi til neinnar borgunar fyrir starfa þennan, en væri fús til að gegna honum án alls endurgjalds. Viðvíkjandi 13. gr. B. I. 5. tölulið um útgjöld til eldiviðar og ljósa vildi hann taka það fram, að töluliður þessi hefði verið færður upp, og kvaðst hann fallast á það, er landshöfðinginn hefði tekið fram, að rjettara væri að bæta inn í þann lið orðunum: «og fl.», svo sem stæði í stjórnarfrumvarpinu. Þá kvaðst hann koma að höfuðatriðinu, er væri 13. gr. B. III. Um þá athugasemd landshöfðingjans við tölul. c. 6., að sú útgjaldagrein, er þar um ræddi, væri byggð á konungsúrskurði; um þessa athugasemd væri það að segja, að hún væri rjett, og ef landshöfðinginn vildi heldur, að lagafrumvarp yrði samið um þetta efni, þá væri nefndin ekkert á móti því. En af því að úrskurður þessi væri orðinn svo gamall, þar sem hann væri frá þeim tímum, er Reykjavíkurskóli hinn fyrri hefði staðið, og þar sem á hinn bóginn prestsverk þau, er hjer um ræddi, aldrei væru borguð, þá hefði fjárlaganefndin kunnað illa við, að það, sem hvergi annarstaðar á landinu væri borgað, skyldi vera endurgoldið hjer í Reykjavík, er væri höfuðstaður landsins; hefði hún því viljað nema endurgjald þetta úr lögum, og það því fremur, sem upphæð þessi væri lítil, og drægi þann ekkert, er þægi hana, en landssjóðinn munaði aptur um öll þessi smáútgjöld, þegar þau kæmu saman. Hvað þar á móti snerti launin til umsjónarmanns lærða skólans, þá gæti hann eigi verið samdóma landshöfðingjanum um það, að sú launaupphæð væri grundvölluð á nokkrum konungsúrskurði, og kvaðst hann vilja leyfa sjer í stuttu máli að skýra frá sögu umsjónarinnar og umsjónarmannsins í lærða skólanum. Sá eini konungsúrskurður, er landshöfðinginn hefði getið um, væri frá 22. okt. 1844, og væri í úrskurði þessum ákveðið endurgjald fyrir reikninga skólans, en endurgjald þetta væri veitt fyrir að eins 2 ár, því að í konungsúrskurðinum stæði svo: »Vjer leyfum hjer með allramildilegast, að sem endurgjald fyrir reikningsfærslu hins íslenzka lærða skóla fyrir árin frá 1. ágúst 1841 til 31. júlí 1842 og frá 1. ágúst 1842 til 31. júlí 1843 greiðist bæjar- og landfógeta S. Gunnlögsen o. s. frv.» Það væri því auðsætt, að konungsúrskurður þessi hefði eigi átt að gilda lengur, en þangað til þessi 2 ár hefðu verið á enda; fyrir lengra tímabil gæti hann eigi gilt. Hvað aðstoðarfjeð snerti, þá væri það grundvallað á lögum um launaviðbót handa embættismönnum frá 19. jan. 1863, en hvað væri veitt með þeim lögum? 1100 rd. eða 2200 kr., en hjer í uppástungu nefndarinnar væri það ákveðið 2320 kr.; allt svo væri hjer eigi slegið stryk yfir neitt, heldur væri sú fjárveiting, er nefndin nú hefði stungið upp á, enn ríflegri, en sú, er ákveðin væri í lögunum frá 1863. En nú væri fróðlegt

að sjá, hvernig umsjónarmaðurinn hefði til orðið. Í reglugjörð fyrir latínuskólann í Reykjavík frá 31. marz 1848 stæði svo í 17. gr.: »þeir kennendur, sem elga heima á skólanum, skulu undir rektors yfirtilsjón skipta í millum sín hinni almennu umsjón,» o. s. frv. Reglugjörðina frá 1. okt. 1850 fyrir latínuskólann kvað hann eigi heldur geta þessa umsjónarmanns, heldur segði hún svo: »Skólastjóri hefur yfirumsjón í skólanum, og skulu hinir kennararnir, einkum þeir, sem í skólanum búa, skipta hinni almennu umsjón á millum sín». Næst þessu væri að telja brjef kirkju- og kennslustjórnarinnar frá 23.okt. 1863 til stiptsyfirvaldanna, og þar segði stjórnarráðið svo, að það áliti ekki nauðsynlegt, að stofna sjerstaklegt umsjónarmannsembætti, heldur skyldi fá einhvern af kennurunum við skólann til að taka þennan starfa að sjer fyrir hæfilega þóknun, er stjórnarráðið hefði til tekið 300 rd. Loksins hefði hinn núverandi landshöfðingi og biskup, er þá hefðu verið stipsyfirvöld, fengið því framgengt, að sjerstakur umsjónarmaður hefði verið skipaðir fyrir skólann með brjefi kirkju- og kennslustjórnarinnar 4. okt. 1866, og væri þar svo að orði komizt, að »með því að eigi liti út fyrir nú sem stæði, að sú sýslan, að vera umsjónarmaður við latínuskólann, verði sameinað við eitt af kennaraembættunum við skólann, þá hefði stjórnarráðið ekki neitt á móti því, að settur væri umsjónarmaður um skólaár það, er nú væri byrjað» o. s. frv. Það væri þannig skýlaust tekið fram í brjefi þessu, að umsjónarmaðurinn skyldi eigi settur nema fyrir þetta nýbyrjaða skólaár, en stjórnin hefði alls eigi leyft, að umsjónarmaðurinn skyldi settur fyrir lengri tíma. En þegar nú aptur væri litið til brjefs kirkju- og kennslustjórnarinnar frá 4. nóv. 1867 til stiptsyfirvaldanna, þá stæði svo í því brjefi: «En nú, er búið er samkvæmt úrskurði stjórnarráðsins 4. októberm. f. á. að setja fastan umsjónarmann við skólann»; stjórnin hefði þannig sjálf skilið brjef sitt frá 4. okt 1866 svo árið eptir, að hún með þessu brjefi væri búin að setja fastan umsjónarmann við latínuskólann; umsjónarmaðurinn hefði þá allt í einu verið orðinn fastur við skólann með einhverskonar óskiljanlegum töfrakrapti. Þannig væri nú saga umsjónarmannsins, að þess væri vel að gæta, að enginn konungsúrskurður væri til um þetta efni, heldur væru það að eins fjárlög, er eins mætti aptur breyta með fjárlögum. Hann kvað nefndina hafa aðhyllzt breytingu landshöfðingja við 13. gr. B. III. a, undir tölul. 32. á atkvæðaskránni, að fyrir 16,200 krónur skyldi koma 18,200 kr., eða að veitt skyldi fje handa nýjum kennara við skólann. Hann kvaðst vilja geta þess, að ef svo væri, að enginn af hinum yngri kennendum latínuskólans væru lagaðir eður fáanlegir til, að hafa umsjón á hendi í skólanum, þótt sjer fyrir sitt leyti virtust þeir skyldir til að taka að sjer þennan starfa eptir 2. grein launalaganna, þá væri þó landshöfðingjanum innan handar, ef þingið aðhylltist þessa breytingaruppástungu hans, að sjá svo um, að þetta fyrirhugaða nýja kennaraembætti eigi yrði veitt nema með því skilyrði, að sá, er embættið fengi, tæki að sjer umsjónina í skólanum. Það mundi og öllum þingmönnum kunnugt, að í öllum latínuskólum og lærðum skólum í Danmörku, Svíþjóðu og Noregi væri það einn af kennurunum, er umsjónina hefði í skólanum, og það vanalega einn af hinum yngri kennurunum, nema hvað í Sorö og Herlufsholm væri sjerstakur umsjónarmaður; og væri það nokkuð undarlegt, að þar sem í skólum Danmerkur, er 300—400 lærisveinar væru í, væri enginn sjerstakur umsjónarmaður, þá skyldi eigi hægt vera, að komast hjá því, að setja slíkan umsjónarmann hjer í Reykjavíkurskóla, er svo fáir lærisveinar væru í. Í Danmörku væri sú regla höfð, að piltum væri álitið misboðið, ef óviðkomandi maður væri skipaður umsjónarmaður yfir þá eða einhver annar en einn af kennurum þeirra. En hann kvaðst nú eigi að þessu sinni skyldu fjölyrða meir um þetta atriði, því að sjer hefði heyrzt það á hinum hæstvirta landshöfðingja, að hann væri samdóma nefndinni í þessu efni, og von-

aði hann því, að þetta atriði mundi fá góða úrgreiðslu. Eins og landshöfðinginn hefði getið um, hefði nefndin fært upphæðina undir 13. gr. B. III. c. 8 úr 1700 kr. niður í 1200 kr., og hefði það komið af því, að brunabótagjaldið, er í stjórnarfrumvarpinu hefði falizt í þessum lið, hefði verið fært á annan stað, sem sje undir 10. gr. C. 4. Eins hefði það glatt sig, að landshöfðinginn hefði verið samþykkur nefndinni um fjárveitingu þá til barnaskóla, er stæði undir 13. gr. C. 8. Viðvíkjandi fyrirspurn landshöfðingjans um það, frá hverjum tíma reikna skyldi eptirlaunastyrk leikfimiskennarans Steinbergs, vildi hann geta þess, að nefndinni virtist það hæfilegast og rjettast, að eptirlaun hans yrðu reiknuð frá 1. janúar 1878. Hann kvaðst einnig vilja geta þess með tilliti til athugasemdanna í nefndarálitinu á 26. bls., að svo hefði staðið á, að ýmsum bænarskrám hefði verið vísað til fjárlaganefndarinnar, til þess að nefndin segði álit sitt um þær, og gæfi þeim bænarskránum, er til greina skyldu koma, meðmæli sín; hefði því nefndin sett þennan lista í athugasemdunum við 15. grein, til þess að sýna, með hverjum bænarskránum hún hefði mælt fram. Hann sagði, að sjer hefði virzt landshöfðinginn eigi vel ánægður með það, að landbúnaðarnefndin væri sett undir 15. gr., en þetta hefði nefndin gjört í samhljóðun við það, er gjört hefði verið í fjárlögunum frá 1875, því að þá hefði þóknunin handa skattanefndinni og skólanefndinni verið sett undir samskonar útgjaldagrein, og hefði nefndinni eigi þótt illa eiga við, að gjöra landbúnaðarnefndinni jafn hátt undir höfði. Þar sem landshöfðingjanum hefði þótt upphæð þóknunar þessarar í lægra lagi, þá kvaðst hann verða að ætla hana hæfilega, því að þess væri að gæta, að tveir af þeim mönnum, er í landbúnaðarnefndinni hefðu setið, væru búsettir í Reykjavík, en hinn þriðji nefndarmaðurinn væri háttvirtur þingmaður, er einnig hefði verið hjer í bænum um það leyti, af því að hann hefði setið í skattanefndinni, og hefði það eiginlega verið höfuð-erindi hans hingað suður. Ef hinn hæstvirti landshöfðingi vildi bæta landbúnaðarnefndinni laun hennar af fje því, er hann hefði umráð yfir, þá kvað hann það fyrir sitt leyti skyldi gleðja sig.

Landshöfðinginn kvaðst vilja leyfa sjer að gjöra nokkrar fáar athugasemdir. Um konungsúrskurðinn frá 22. okt. 1844 væri það að segja, að hann snerti eigi nema sjerstakt tilfelli, en hann kvaðst vilja biðja hinn háttvirta framsögumann að lesa konungsúrskurðinn frá 21. apríl 1843 og marga aðra konungsúrskurði, er snertu flutning skólans frá Bessastöðum til Reykjavíkur, því að í þeim konungsúrskurðum öllum væri tekið fram, að fje það, er hjer um ræddi, væri ætlað til reikningsfærslu latínuskólans. Hann kvaðst hafa tekið það fram, að umsjónarmannsþóknunin væri eigi beinlínis byggð á konungsúrskurði; en af þeim 1100 rdl., er ákveðnir væru með lögum 19. janúar 1863, sem aðstoðarfje skólans, hefðu alla-jafna 300 rd. verið ávísað til umsjónar, og ætlaði hann því varúðarvert, að nema þóknun þessa handa umsjónarmanninum úr gildi með fjárlögum; kvaðst hann þess vegna vilja skjóta því til nefndarinnar, hvort eigi væri ástæða til, að breyta þessum ákvörðunum með beinlínis lögum. Hann kvað það rjett hermt af framsögumanni, að þóknun handa skattanefndinni og skólanefndinni hefði í hitt eð fyrra verið sett inn í 16. gr. fjárlaganna, er hefði inni að halda óviss útgjöld, en þessar nefndir hefðu þá eigi verið búnar að ljúka starfa sínum; aptur væri öðru máli að gegna með landbúnaðarnefndina, því að störfum hennar væri nú lokið, og þætti sjer því eiga betur við, að vísa þóknuninni til hennar inn í 10. gr.

Framsögumaður sagði, að hvað umsjónarmanninn snerti, þá mundi það vera í minni deildarinnar, að til deildarinnar hefði komið frumvarp eitt sjerstaklegs eðlis um að af nema þóknun yfirdómarans fyrir þýðing á dómum; kvaðst hann þá hafa spurt hinn hæstvirta landshöfðingja, hvort þörf væri að af nema þóknun þessa með

sjerstökum lögum, og hefði þá landshöfðinginn álitið næga ákvörðun þá, er stæði í 2. grein launalaganna, að breyta mætti verkahring eins embættismanns, þegar umboðsstjórninni þætti það betur fara eða ætlaði, það mundu verða til hægðarauka. Eins ætlaði hann í því tilfelli, er hjer um ræddi, að fara mætti að; því að vísu væri svo, að margir konungsúrskurðir væru til um flutning skólans frá Bessastöðum til Reykjavíkur, er snertu þetta efni, en enginn úrskurður væri, er neitt ákvæði um sjerstakan umsjónarmann, heldur væri að eins í þeim til tekin viss fjárupphæð sem aðstoðarfje, og þetta aðstoðarfje stæði einnig nú í fjárlögunum. Hinir konungsúrskurðirnir snertu ýmislegt annað, en við umsjónarmanninum snertu þeir ekkert. Hann kvaðst og vilja minna menn á það, að síðan þetta var, hefðu kennendurnir við latínuskólann fengið aukin laun sín, og ætlaði hann því, að leggja mætti þeim á herðar starfa þennan kauplaust, án þess að gjalda þeim fyrir það 600 kr., og það því fremur, sem starfi þessi upprunalega hefði hvílt á kennurunum; og þótt svo væri, að enginn af hinum núverandi kennurum væri álitinn hæfur til þessa starfa eða fengist til þess, að taka hann að sjer, þá mætti þó haga því þannig, að hinum fyrirhugaða gagnfræðiskennara eigi yrði veitt kennaraembættið nema með því skilyrði, að hann tækist umsjónina í skólanum á hendur. Hann kvaðst því eigi geta sjeð, að neina nýja laga-ákvörðun þyrfti um þetta efni. Hvað snerti þóknunina til landbúnaðarnefndinnar, þá færi svo, að ef sú upphæð yrði flutt inn í 10. gr., þá jykjust útgjöld landsins um það, er þóknuninni svaraði, sem sje 1000 kr.; því að það væri þó víst eigi meiningin, að þóknun þessi yrði dregin frá upphæðinni í 15. gr., en að öðrum kosti mundu útgjöldin aukast um 1000 kr., þar sem þessum 1000 kr. bæði yrði bætt inn í 10. gr. og upphæðin 20,000 kr. undir 15. gr. yrði látin halda sjer.

Með tilliti til þeirra 48 kr. fyrir prestsverk, er nefndin hefði stungið upp á að úr lögum yrðu numdar, þá hefði landshöfðinginn bent nefndinni á, að það mundi eigi fullkomlega formlegt, að nema þóknun þessa úr gildi án sjerstaks lagaboðs, þar sem þóknun þessi væri veitt með konungsúrskurði. Hann kvaðst játa það, að svo gæti verið, að þetta væri eigi fullkomlega formlegt; en hann myndi þó eptir því, að þegar Gufunesspítalagjaldið hefði verið af numið, þá hefði það eigi verið gjört með neinu sjerstöku lagaboði; enda ætlaði hann, að upphæð sú, er hjer um ræddi, næmi svo litlu, að varla tæki því, að sjerstakt lagafrumvarp yrði samið til að af nema hana. En hann kvaðst samdóma hinum hæstvirta landshöfðingja um, að þetta væri í sjálfu sjer rjettara og formlegra, og væri því sjálfsagt, að nefndin slakaði til við hinn hæstvirta landshöfðingja í þessu efni.

Þórarinn Böðvarsson kvaðst vilja gjöra nokkrar athugasemdir við mál þetta, og þá fyrst að minnast á breytingaruppástungu nefndarinnar við 13. gr. B. I. b. 2., er stæði undir 30. tölul. á atkvæðaskránni, að fyrir 2 ölmusur kæmi 1 ölmusa. Hann kvaðst eigi geta gefið breytingaratkvæði þessu atkvæði sitt, því að hann ætlaði það, að stjórnin hefði í frumvarpi sínu stungið upp á tveim ölmusum handa prestaskólanum, vera í fullri samkvæmni við það, er skólanefndin hefði stungið upp á, sem sje að aukið skyldi námið á prestaskólanum og tíminn lengdur um eitt ár. Hvað snerti breytingaratkvæðið undir 33. tölulið, að 1000 kr., er umsjónarmanninum í latínuskólanum væru ætlaðar til launa, skyldu ganga út, þá kvaðst hann verða að lýsa því yfir, að hann mundi gefa atkvæði sitt gegn breytingu þessari. Hann kvaðst vita svo mikið, að sá skólameistari, er flestum öðrum skólastjórum hjer við latínuskólann hefði verið fremri, hefði verið mjög áfram um, að umsjónarmaður þessi yrði skipaður, og ætlaði hann eigi að efast um, að hann hefði þekkt eins vel til skóla í öðrum löndum og framsögumaður, og vitað, að það væri siður við aðra skóla, að hinn yngsti

kennaranna hefði á hendi umsjón þá, er hjer ræddi um, en skólastjórinn hefði auðsjáanlega ætlað, að eptir því sem hjer stæði á, þá væri sjerstakur umsjónarmaður með öllu nauðsynlegur; og kvaðst hann þó hafa þekkt skólastjóra þennan svo mikið, að það hefði maður verið, er alls eigi hefði verið fyrir að gefa kennurum eptir; kvaðst hann ætla, að sú hefði verið skoðun skólastjóra þessa, að þeir hinir yngri kennendurnir ættu að taka sjer fram í bókvísi, og að fyrir því mætti eigi tefja þá frá lestri og bókiðnum með því að fela þeim umsjónarstarfa þennan á hendur, en að hinum eldri kennendunum mundi aptur verða starfi þessi all-óþægur og örðugur. Hvað 37. tölulið snerti, þá væri þar eigi um mikið að ræða; en þar sem styrkur sá, er þar um ræddi, væri byggður á konungsúrskurði, þá gæti hann eigi öðru vísi álitið, en að nema yrði þóknun þessa, þótt lítil væri, úr gildi með lögum, en þó þóknunin yrði nú numin úr gildi með lögum, þá vissi hann þó eigi, hvort þau lög gætu rjettvís kallast, þar sem dómkirkjupresturinn þá yrði sviptur styrk þeim, er fylgt hefði tekjunum af brauði hans, er honum hefði verið veitt það, og er presturinn hefði þókzt viss um að hann mundi halda, þegar hann hefði sótt um embættið. Hann kvaðst því verða að álíta svo, að rjettast væri, að þóknun þessari yrði haldið, því að í skólanum væru allmargir menn, og enginn þessara manna gyldu neitt til prestsins; heldur hefði hið opinbera tekið að sjer að greiða fyrir þá.

Um breytingaratkvæðið undir 42. tölul. kvaðst hann finna sjer skylt að fara nokkrum orðum, og kvaðst hann skyldu reyna að færa sönnur á það, að öll sanngirni talaði fyrir breytingaruppástungu þeirri. Eins og kunnugt væri, hefði verið aflalaust að kalla mætti nú í 3 ár í Álptaneshreppi og yfir höfuð í Gullbringusýslu; samt sem áður hefðu hreppsbúar lifað fram til þessa án mikillar neyðar, en með þeim úrræðum, að hinir efnabetri hreppsbúar hefðu lagt sitt fram til hjálpar hinum nauðþurfandi, eptir því er þeir hefðu getað; svo ættu og kaupmennirnir mikið lof skilið fyrir það, að þeir hefðu lánað hreppsbúum stórfje, sem og aðrir einstakir menn; hreppsbúar hinir efnaminni hefðu og gripið til þess, til þess að geta dregið lífið fram, að þeir hefðu fargað fjemætum hlutum flestum, er þeir hefðu átt. Svo hefðu og hreppsbúum gefizt stórkostlegar gjafir víðar frá af landinu, en þó einkum frá Ísafjarðarsýslu, og hefðu þær gjafir, er þaðan komu, numið hátt á annað þúsund króna, og hefði Álptaneshreppur hlotið ríflegan skerf af þeim. Hann kvaðst reyndar ganga að því vísu, að menn mundu segja, að það hefði legið beinast við fyrir Álptaneshrepp, að bera sig upp við sýslunefndina um þetta efni; en sýslunefndinni hefði eigi þótt ráðlegt, að leggja stórkostleg gjöld í þessu tilliti á sýsluna, þar sem sýslan í heild sinni hefði liðið mikið við hallærisár þessi; hefði hún því snúið sjer til amtsráðsins, en því hefði eigi þótt ástæða til að leggja á amtið fyrir þessa sök, því að þótt Gullbringusýsla hefði liðið mikið, þá hefði Borgarfjarðarsýsla einnig átt hörðum kjörum að sæta bæði af fjárkláðanum og aflaleysinu. Hann kvað því hreppsnefndina hafa skorað á sig um að fara því fram við þingið, að sá litli styrkur, er hjer væri nú um að ræða, yrði veittur Álptaneshrepp, til þess að afstýra hallæri því, er yfir honum vofði. Svo sem deildarmönnum mundi kunnugt, hefðu 2 deildarmenn eigi alls fyrir löngu borið upp frumvarp eitt, sem, ef það hefði verið samþykkt, mundi hafa getað komið þeim mönnum í burtu úr Álptaneshreppi, er atvinnulausir væru, og þannig væru hreppnum til þyngsla, en deildin hefði nú verið svo frjalslynd að fella frumvarp þetta; kvaðst hann því vona, að deildin mundi verða eins frjálslynd í því efni, er hjer ræddi um, og sýna Álptaneshreppi þá góðvild, að veita honum styrk þann, er hann nú bæðist að sjer yrði veittur. Hann vildi lýsa því yfir fyrir deildinni, að fyrir hreppsnefndinni væru engin sýnileg ráð til þess, að þeir mörgu fátæklingar í hreppi þessum gætu haldið lífi næsta vetur, ef styrkur fengist ekki, og vildi hann því alvarlega

mæla með því, að þingmenn tækju vel undir nauðsynjamál þetta.

Framsögumaður kvaðst vilja geta þess viðvíkjandi prestaskólanum, að það væri satt, sem 2. þingmaður Gullbringusýslu hefði sagt, að skólanefndinni hefði þótt nauðsynlegt að fjölga ölmusum við prestaskólann, en einungis með því móti, að kennslutíminn yrði lengdur um eitt ár. Fyr en það væri gjört, kvaðst hann enga ástæðu sjá til þess að fjölga ölmusunum. Hvað umsjónarmanninn við lærða skólann snerti, þá skyldi hann að eins bæta því við, að hvort sem nokkur fótur væri fyrir honum eða ekki í fyrri lögum, þá væri aðalatriðið, að með lögum 19. jan. 1863 væru veittir 1100 rd. = 2200 kr. sem aðstoðarfje til lærða skólans, og það fje væri enn veitt af nefndinni með 2320 kr. Þegar stiptsyfirvöldin, hinn núverandi landshöfðingi og hinn núverandi biskup, hefðu stofnað þetta umsjónarmannsembætti, hefðu þeir reytt saman handa honum launin úr ýmsu fje, er hefði verið veitt til aðstoðar handa skólanum, og úr þessum reytingi væri umsjónarmaðurinn til orðinn. Yfir höfuð gæti maður sagt, að reglugjörðin frá 1848 væri orðin svo útsaumuð eða perlusaumuð með brjefum milli stiptsyfirvaldanna og kirkju- og kennslustjórnarinnar, að ekki sæist hin upprunalega mynd fyrir þessu gliti. Viðvíkjandi styrknum handa Álptaneshreppi kvaðst hann vera samdóma 2. þingmanni Gullbringusýslu um, að nú væri ástæða til að sjá eptir, að frumvarpið um húsmenn og lausamenn hefði fallið; hann kvaðst hvorki geta mælt með nje mót uppástungu þessari, því hjer áliti hann sig eiga að greiða atkvæði, ekki sem búsettur maður í Álptanesbreppi, heldur sem einn af fjárlaganefndinni.

Halldór Kr. Friðriksson sagðist ætla að byrja á 33. tölulið B. III. b. 1. um umsjónarmanninn, og vonaði hann, að orð sín yrðu nokkuð tekin til greina í þessu máli. Hann skyldi ekki leitast við að hrekja sögu framsögumanns um konungsúrskurðina, því að hægt væri að af nema konungsúrskurð með lögum, ef hann væri nokkur fyrir þessu. Hjer væri aðalspurningin, hvort umsjónarmaður væri nauðsynlegur eða ekki, og ef hann væri nauðsynlegur, þá væri sjálfsagt að veita fje til hans, annars ekki. Framsögumaður hefði alveg rjett að mæla í því, að við enga skóla í Danmörku væru umsjónarmenn, nema í Sóreyjar og Herlufsholms skólum, en það væri vel aðgætandi, að í engum skólum í Danmörku væru heimasveinar, nema einmitt í Sóreyjar og Herlufsholms skólum. Einungis í þessum tveim skólum hefðu piltarnir bústað í skólanum, og einmitt þar væri álitið nauðsynlegt að hafa umsjónarmann. Í hinum öðrum skólum færu piltar undir eins heim til sín, þegar kennslustundunum væri lokið, og væru með öllu undan umsjón kennaranna. Þetta dæmi framsögumannsins væri því næsta óheppilegt. Eins og ástatt væri í skóla vorum, væru kennslustundirnar frá kl. 8—2, og þann tíma hefðu kennararnir umsjónina, en þegar þessi tími væri úti, væri mjög ósanngjarnt að heimta af kennurunum, að þeir tækju að sjer umsjónina síðari hluta dagsins. Þeir hefðu nóg að gjöra viðvíkjandi embætti sínu, og til undirbúnings undir næsta dag, þótt umsjónin í skólanum bættist eigi við. Ef einn kennari ætti að takast umsjónina á hendur, þá væri það hið sama sem að binda hann á klafa; hann yrði að kenna frá kl. 8—2 og síðan vera aptur til staðar kl. 4, án þess að mega hreifa sig og ljetta sjer upp, þangað til kl. 11 á kveldin; hann yrði að fara á fætur kl. 5, og mætti ekki fara að sofa fyr en kl. 11. Menn mættu ekki ætla, að kennslan væri alveg þreytulaus, kennarinn þyrfti allt eins vel hvíldar við eins og erfiðismaðurinn, og því væri alveg ógjörandi fyrir kennara að taka að sjer umsjónina. Þar að auki væri ekki húsrúm í skólanum fyrir kennara, því að það væri þó ekki tilætlun framsögumanns, að kennarinn skyldi vera allan daginn burt frá heimili sínu. Áður hefðu tveir kennarar búið í skólanum, af því rektor hefði beðizt undan að þurfa að búa þar, en undir eins og næsti rektor kom,

þá hefði hann krafizt bústaðar í skólahúsinu, þar eð honum hefði þótt nauðsynlegt, eins og líka væri, að vera til taks, hvenær sem eitthvað kæmi fyrir, er hann þyrfti í að skerast. Í skólanum gæti margt komið fyrir, er þyrfti undir eins úrskurðar við, og væri því alveg nauðsynlegt, að rektor væri búsettur í skólahúsinu, enda væri svo í öllum skólum í Danmörku bæði í heimasveinaskólum og öðrum skólum. En fyrst rektor yrði að búa í skólahúsinu, þá væri eigi auðið sökum rúmleysis að koma fleirum inn í skólann. Þótt nefndin nú vildi segja, að þessi umsjón væri óþörf, og hægt væri að komast af án umsjónarmanns, þá yrði hún þó að fá einhvern til að gæta hússins, og hún gæti ekki ætlazt til, að neinn tækist það á hendur, án þess að fá eitthvað fyrir. Það væri alveg nauðsynlegt, að einhver hefði umsjón yfir öllu húsinu, og hjeldi dyraverði til þess, að gjöra sína skyldu. Hitt væri annað mál, hvort nauðsynlegt hefði verið, að að greina umsjónina og dyravarðarstörfin, en nefndin mætti ekki ímynda sjer, að nokkur maður mundi fást fyrir 760 kr. til að gegna þessum tvöföldu störfum. Ef enginn umsjónarmaður væri, hver ætti þá að reikna út einkunnirnar? Ætti rektor að gjöra það? Það væri alstaðar álitið nauðsynlegt, að rektor væri ekki bundinn við hin reglulegu umsjónarstörf, svo hann þyrfti ekki að blanda sjer í öll smáatvik, sem fyrir kæmu, heldur hefði aðeins yfirumsjón, og hlyti þetta að vera eins hjá oss. Hann kvaðst því vona, að deildin samþykkti ekki þessa breytingu nefndarinnar, þar eð hún mundi verða skóla vorum til mikils tjóns.

Viðvíkjandi þóknun til prests, sem nefndin styngi upp á að af nema, þá væri þetta svo mikið lítilræði, að það gegndi furðu, að nefndin skyldi geta verið svo smásmugleg, að vilja taka það af honum. Það væri alveg eins og fjárlaganefndin gæti eigi þolað að vita, að neinn maður hjer í Reykjavík hefði neinn sjerstakan styrk eða þóknun, Hann kvaðst ekki geta betur skilið, en að það væri sómaskylda, ef ekki rjettarskylda hins opinbera, að greiða prestinum offur, þegar svo margir piltar bættust við söfnuð hans, sem hefðu sömu kröfur til hans, og aðrir sóknarmenn, án þess tekjur hans yxu við það um einn eyri.

Þá kæmi hann til kvennaskólanna. Hann kvaðst ekkert hafa á móti því, að styrkur væri veittur slíkum skólum, en hann yrði þá að sjá fyrir sjer þá skóla, sem verulegt gagn væri í; en að gefa hverjum kvennaskóla árlegan styrk, þótt kennt væri þar dálítið í söng, skript, bródering eða baldering, því gæti hann ekki verið samdóma. Þess vegna gæti hann ekki mælt með því, að kvennaskólanum á Munkaþverá væri veittur styrkur, áður en búið væri að gefa skýrslu um, hvað ætti að kenna þar, og hvernig skólanum ætti að haga. 42. töluliður þætti sjer sannarlega merkilegur; um daginn hefði verið stungið upp á því, að skilja Kjósarsýslu frá Gullbringusýslu, til þess Kjósarsýsla skyldi ekki þurfa að skjóta til suðurhlutans; nú væri stungið upp á, að landssjóðurinn væri gjörður að hreppssjóði, og 2000 kr. væru lagðar til Álptaneshrepps. Hann kvaðst játa, að Álptnesingar hefðu átt mjög bágt hið síðasta ár, og ættu víst enn, en þeir yrðu að þreyja, meðan enn væru svo margir efnaðir menn í hreppnum, sem gætu styrkt hina fátækari eptir þörfum. Meðan svo væri, gæti hann ekki sjeð neina þörf til þess, að styrkja hreppinn af landssjóð.

Viðvíkjandi 15. gr. gat hann þess, að hann skyldi ekki athugasemdirnar við hana. Hann gæti með engu móti sjeð, að landshöfðingi þyrfti meðmæli nefndarinnar, en ekki deildarinnar í heild sinni. Ef þessar meðmælingar ættu að hafa nokkra þýðingu, þá ætti að gefa allri deildinni tækifæri til að segja um þær álit sitt og gefa atkvæði um hvert einstakt atriði. Sjer virtist því alveg nauðsynlegt, að taka þessar breytingar upp á atkvæðaskrána, eins og hvað annað. Sumar af þessum bendingum þættu sjer nokkuð undarlegar, t. d. þar sem stungið væri upp á að veita Tómasi lækni Hallgrímssyni 400 kr. til að framast í augnalækningum. Hvar ætti

hann að framast? Því að út fyrir landsteinana gæti hann ekki farið með þessar 400 kr. Þar að auki væri það athugandi, hvort þessi maður hefði beðið um styrk eða ekki. Ef hann hefði ekki beðið um neinn styrk, þá væri það að sínu áliti að fara aptan að siðunum, að veita honum það, sem hann hefði ekki óskað. Þá væru til að rannsaka skjalasöfnin veittar 400 kr.; hann kvaðst ekki geta sjeð, að nein ný rannsókn væri nauðsynleg. Það væri búið svo vel að leita í þessum skjölum. Þá væri stungið upp á að veita Arnljóti presti Ólafssyni 400 kr., til þess að gefa út hagfræðisbók. Hann kvaðst hafa ætlað, að það væri nóg að veita einum manni fje til þess að semja hagfræðislegar skýrslur, eins og þegar væri gjört, og þess vegna þætti sjer óþarft að veita Arnljóti presti styrk til þess, að gefa út aðrar hagfræðislegar skýrslur, nema fjárlaganefndin áliti, að Arnljótur hefði betri föng til að semja skýrslurnar heldur en aðrir. Hann kvaðst ekki vilja taka fram hvert einstakt atriði, heldur einungis geta þess, að sjer virtist alveg nauðsynlegt, að deildinni gæfist kostur á, að láta í ljósi álit sitt um hverja einstaka þessara uppástungna nefndarinnar.

Með því klukkan var orðin 3, sleit varaforseti fundinum, og ákvað fund aptur sama dag kl. 6 eptir miðdegi.

Á 41. fundi neðri deildarinnar, 13. dag ágústmánaðar, kl. 6 e. m., var haldið áfram 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879, 13.—16. gr.

Arnljótur Ólafsson kvaðst því miður muna lítið úr ræðu þingmanns Reykvíkinga, en hann myndi þó, að þingmaðurinn hefði sagt, að nauðsyn væri á umsjón í skólanum, og kvaðst hann vera þingmanninum alveg samdóma í því. En sjer hefði fundizt á orðum hans, sem skoðun hans væri sú, að þó umsjónin væri nauðsynleg, þá skyldu kennarar skólans eigi hafa hana á hendi. Þessi skoðun og þess konar orð hefði sig sízt grunað að heyrast mundu af munni þingmanns Reykvíkinga, því að það væri eins og í þeim lægi sú viðurkenning, að kennarar væru eigi lagaðir til umsjónar eða tilsjónar eptir stöðu sinni. Sjer fyndist sjálfsagt, að kennarar væru nákomnastir og eptir stöðu sinni hæfastir til umsjónar; kennararnir tækju að sjer skyldu foreldranna, að vaka yfir sonum þeirra, að gefa þeim föðurlegar áminningar og reglur fyrir framferði sínu, og það ættu kennararnir að gjöra, bæði í orði og verki. Hann skoðaði kennarana eigi að eins sem uppfræðendur, heldur sem leiðtoga pilta og tilsjónarmenn; þeir ættu að kenna þeim, hvernig þeir ættu að læra, og hvernig þeir ættu að hafa gagn af því, sem þeir lærðu. Það væri skylda kennaranna, eigi að eins að kenna piltum, hvort sem þeir svo gjörðu það með hörðu eða mildu, heldur og að gjöra þeim námið inndælt. Ef þingmaðurinn vildi játa þessi orð sönn að vera, þá hlyti hann og að játa, að engir væru hæfari til að hafa tilsjón með piltum en kennararnir sjálfir. Þingmaðurinn væri sjer samdóma um, að tilsjón væri nauðsynleg, og þess vegna vonaði hann líka, að hann væri sjer samdóma um það, að kennarar ættu að vera umsjónarmenn. Svo væri og alstaðar erlendis, og hefði einnig verið svo hjer á landi, þar til er þetta umsjónarmannsembætti hefði verið búið til úr allt einum smátekjum. Þingmaður Reykvíkinga vissi þó líklega, að í Skálholtsskóla og Hólaskóla hefðu engir utanaðkomandi umsjónarmenn verið, og eigi heldur í Bessastaðaskóla nje Reykjavíkurskóla hinum eldri. Ef tilsjónarmaðurinn væri nauðsynlegur að eins til þess að auka kostnaðinn til skólans, þá skildi hann vel, hvað þingmaður Reykvíkinga ætlaði sjer, því að annar gæti eigi verið tilgangur hans, en sá að fá þessar 1000 kr. árlega til skólans; en hann hugsaði, að sú ástæða mundi ljettvæg þykja þeim, er atkvæði skyldu greiða um þetta atriði, enda væri skólinn æði-dýr orðinn, og ætti þó að verða enn dýrari, þar sem bæta ætti við rúmstæðum uppi á hanabjálkalopti,

auk þess sem landshöfðingi hefði stungið upp á að bæta við 2000 kr. handa föstum kennara, sem nefndin vildi aðhyllast. Þingmaður Reykvíkinga hefði verið að gjöra að gamni sínu eða bregða á leik við 2., 3. og 5. tölulið 15. gr. Hann vildi unna honum slíkrar skemmtunar, með því að þingmaðurinn mundi ekkert annað vinna með ræðu sinni en það gaman og þá sjálfsánægju, er hann hefði sjálfur af henni haft, og hefði hún þó verið full-löng. Hann hefði verið að finna að því, að nefndin hefði ráðið til að veita 400 kr. styrk til þess að gefa út «hagfræðisbók», og haldið að það væri sama sem «hagskýrslur». Hann kvaðst neyðast til að segja honum, að allir þeir menn, er menntaðir þættust vera, ættu að geta gjört greinarmun á orðunum: hagfræði, haglýsing, hagskýrslur, eða ef þingmaður skildi betur dönsku orðin: «Statistikens Theorie», «Statistik» og «Statistiske Tabeller». Hann kvaðst eigi geta synjað þess, að sjer hefði skilizt svo af orðum hans, sem honum veitti eigi af að fá hagfræðisbók, en þetta orð hefði nú verið ritvilla fyrir «auðfræðisbók», eins og og hann hefði áður getið. Nefndin hefði og heldur eigi ætlazt til, að þessi fjárstyrkur yrði veittur, fyr en bók þessi væri samin; en af því að hann vissi, að þingmaðurinn þekkti einn ónefndan mann, sem hefði gefið út bækur, og fengið til þess talsverðan styrk af landssjóði, og því hefði hann hugsað, að hann mundi eigi mótfallinn styrk til þessarar bókar, eingöngu af því, að höfundurinn væri eigi hinn ónefndi maður, bara ef bókin væri eigi ver úr garði gjör, en bækur hins ónefnda manns. En annars gæti hann fullvissað þingmanninn um, að hinum tilgreinda þingmanni í athugagrein fjárlaganna mundi standa alveg á sama, hvort þessar 400 kr. yrðu honum veittar eða eigi. Þingmaðurinn hefði og verið að kvarta um það, að eigi væri mögulegt að greiða atkvæði um hin einstöku atriði í 15. gr., en það væri auðsætt, að hverjum þingmanni væri heimilt að hafa á móti hverju einstöku atriði, og mætti þá færa niður upphæðina eptir því. Annað myndi hann eigi að hann þyrfti að tala að svo stöddu, enda hefði hann talað þessi fáu orð í einberu virðingarskyni við hina löngu menntaræðu þingmanns Reykvíkinga.

Halldór Kr. Friðriksson kvaðst játa það, að hann hefði sagt, að nauðsynleg væri tilsjón með piltum, en hann hefði eigi sagt, að kennarar ættu að hafa þennan starfa á hendi, eigi af því, að þeir væru eigi til þess fallnir, heldur af því að þeir hefðu eigi tíma til þessa og þeim væri of boðið með því. Það væri líka fleira að gjöra en að finna að við pilta, sem kennarar með engu móti gætu komizt yfir, því að þegar kennari væri búinn að hafa 4—6 kennslustundir fyrri hluta dags, þá væri eigi auðið fyrir hann að sitja kyrr allan síðari hluta dagsins, þannig að mega aldrei lypta sjer upp, og geta svo eigi farið að hátta fyr en eptir kl. 11, og verða þó að fara mjög snemma á fætur. Þetta þyldi enginn maður dag eptir dag, enda væri það og meira en nokkur slíkur embættismaður hefði í öðrum löndum, og væri þó líklegt, að Íslendingar gætu þreytzt eins og aðrir. Það væri líka einmitt álitið nauðsynlegt í þessum tveim skólum, í Sórey og Herlufsholm, að hafa mann fyrir umsjónarmann fyrir utan skólann. Allt öðru máli hefði verið að gegna í Hólaskóla, Skálholtsskóla og Reykjavíkurskóla hinum eldri. Þar hefði oeconomus einnig verið eins konar umsjónarmaður, og hver, sem hefði verið í Bessastaðaskóla, yrði að játa, að eptirlitið með piltum hefði þar alls eigi verið nóg; þeir, sem þar hefðu verið, hefðu ef til vildi eigi sjeð það þá, en þeir fyndu það nú eptir á, því að aldrei væri of mikið eptirlit, ef það væri liðlegt, eins og menntuðum mönnum hæfði; eigi dygði að beita hörku eingöngu. Hann gæti því eigi með neinu móti sjeð, að kennarar gætu tekið að sjer þennan starfa svo að í nokkru lagi færi. Hann hefði heyrt, að ætlazt væri til, að hinn nýi kennari, sem bæta ætti við skólann í því skyni, að gagnfræðiskennsla kæmist hjer á, tæki að sjer umsjónina, en það væri eigi auðið nema því að eins, að fje væri veitt til þess að auka húsrúm; hann kannaðist reyndar fúslega við, að slík kennsla væri nauð-

synleg, en hann sæi þó eigi þörf á föstum kennara, heldur virtist sjer æskilegt, að nokkrir tímakennarar væru við skólann, til þess að síðar yrðu valdir úr þeir, sem bezt væru til þess fallnir, enda væru og engir aðrir en tímakennarar í beztu skólum í Kaupmannahöfn. Fyrri þingmaður Norður-Múlasýslu hefði sjálfur játað, að eigi væri auðið að greiða atkvæði um 15. gr., og væri það satt, en deildinni ætti þó að gefast kostur á að greiða atkvæði. Hann hefði ekkert á móti að veita fjárstyrk til þess að gefa út hagfræðisbók, þótt hann ef til vildi reyndar þyrfti eigi hennar fremur við en sumir aðrir, en sá styrkur vildi hann eigi að væri veittur fyr en bókin væri samin, og einhverjum gæfist kostur á að segja álit sitt um hana, og hvort hún væri svo úr garði gjör, að vert væri að veita styrk til þess að gefa hana út, og væri, ef til vill, rjett að senda hana til landshöfðingja til yfirlits, en hann vildi segja, að nefndin hefði brugðið á leik við 15. gr. miklu fremur en hann; og þótt nú nefndin hefði farið rjett að, þá ætti þó þingdeildarmönnum að gefast kostur á að greiða atkvæði um hvert atriði. Hann væri sannarlega eigi að gjöra að gamni sínu, heldur segði hann skoðun sína hreint og beint um hvert atriði.

Þorlákur Guðmundsson beiddist skýringar viðvíkjandi breytingaruppástungu 9 þingmanna um viðbót við 13. gr. C. sjer í lagi um það, hvort leitað hefði verið samkomulags við hlutaðeiganda um sölu bókasafnsins, og hvernig fjeð ætti að greiða, hvort smátt og smátt eða allt í einu, og hvort safnið ætti að verða eign landsins undir eins, eða ekki fyr en eptir hans dag.

Framsögumaður sagði, að eigi stoðaði að bera latínuskólann í Reykjavík saman við skólana í Herlufsholm og Sorö, þótt þeir ættu sammerkt í því, að það væru líka heimasveinaskólar, því að þar væri jafnvel fleiri en einn umsjónarmaður eða fleiri sýslunarmenn, þar á meðal bryti, af því að haft væri borðhald í skólum þessum handa piltum, og af því að stofnanir þessar væru að öllu miklu umfangsmeiri en hjer gjörðist. Þetta væru auðugar stofnanir, grundvallaðar af ríkum prívatmönnum, og gætu því verið ríflar mjög og höfðinglegar í öllum tilkostnaði. Skólinn hjer þar á móti væri ómagi á landssjóðnum, sem yrði að kosta kapps um að láta honum verða sem ljettastan. Þar á móti legði Sóreyjarskóli stórmikið fje til ríkisþarfa, eins og þingmenn mundu margir vita. Það hefði aldrei verið sjerstakur umsjónarmaður við skólana í Skálholti, á Hólum eða Bessastöðum; þar hefðu að eins verið brytar eða skólaráðsmenn. Í Reykjavíkur-skóla hinum eldri hefði eigi einungis verið neinn bryti, hvað þá heldur umsjónarmaður; piltar hefðu sjálfir haft með sjer mötur sínar, eins og vermenn, og þó hefðu frá þeim skóla komið aðrir eins menn og Bjarni Þorsteinsson amtmaður, Árni biskup Helgason og Steingrímur biskup Jónsson. Það væri fróðlegt, að skoða reikninga latínuskólans hin síðari árin, þeir væru alltaf að hækka og það stórum. Árið 1871—72 hefðu útgjöld skólans verið 18000 kr., en 1876 hefðu þau verið komin upp í 34000 kr. eða aukin um nálega helming. Hvar mundi nú staðar numið með þennan kostnað? ætti hann allt af að fara vaxandi og það að sama hófi og þetta? Árið 1848, þegar reglugjörðin fyrir skólann hin eldri hefði verið samin, hefði verið ætlazt til, að einn eða fleiri kennarar byggju í skólanum og skiptu þeir umsjóninni í milli sín. Þá hefði ekkert verið talað um, að þeim væri ofætlun að fara snemma á fætur. Að kennararnir hefðu svo mikið að gjöra sem kennarar, að þeim væri ómögulegt að hafa umsjónina á hendi, ætti hann bágt með að skilja í. Hann vildi spyrja hinn háttvirta þingmann Reykvíkinga, hvort hann þekkti ekki kennara, sem hefðu töluverðan tíma og tóm afgangs frá kennslustörfunum til að gegna margvíslegum öðrum störfum. Hann þyrfti raunar hvorki að spyrja hann nje aðra þingmenn um þetta, því hann vissi, að þeir þekktu allir mikið vel slíkan kennara. Hjeldi hann því, að eigi mundi gott að bera

á móti því, að hann mundi þó eins hafa haft tíma og tóm til að gegna umsjónarmannsstörfum. Að stærri skólar en Reykjavíkurskóli gætu komizt af án sjerstaks umsjónarmanns, sagði hann að sýndi meðal annars skýrsla frá einum mjög merkum skóla í Kaupmannahöfn, sem hann hefði í höndum, sem sje Metropolitanskólanum. Þar hefðu í fyrra verið 140 lærisveinar og 16 kennarar, og hefði hinn yngsti þeirra, frakknesku-kennarinn, á hendi umsjónina. Eins virtist nú ekki fara illa á því, að hinn tilvonandi nýi kennari hjer við skólann, sem einmitt mundi verða látinn kenna hin nýjari málin, frakknesku og ensku, væri látinn takast á hendur umsjónina hjer. Það væri líka hægt að hafa það í skilyrði, þegar embættið væri veitt; það þyrfti eigi að óttast, að enginn mundi verða til að sækja um embættið, ef þetta væri haft í skilyrði, það væri einmitt einkennilegt, að þegar menn væru að sækja um embætti, væru þeir fúsir að ganga að hvaða kostum, sem þeim væru settir, en þegar embættið væri fengið, vildu þeir eigi gjöra nokkurt handarvik — ef svo mætti að orði kveða — nema fyrir kaup sjer á parti. En í launalögunum frá 15. okt. 1875 stæði, að embættismenn skyldu »skyldir að láta sjer lynda breytingar þær á yfirgripi og ásigkomulagi embættisstarfa þeirra, sem seinna kynni að verða mælt fyrir um, þótt eigi sje neitt á skilið um það í veitingabrjefum þeirra». Hann fengi því eigi betur sjeð, en að kennararnir væru skyldir að takast umsjónina á hendur; að minnsta kosti væri þó ómögulegt, að hafa neitt á móti því, að hinum nýja kennara yrði gjört það að skyldu, um leið og honum væri veitt embættið, að hafa jafnframt á hendi umsjónina. Það sæi eigi á reikningum skólans, að fje hans væri haganlegar varið fyrir það, þótt hafður væri sjerstakur maður til þess, að standa fyrir þeim, nefnilega umsjónarmaðurinn. Eptir skýrslu þeirri frá Metropolitanskólanum í Kaupmannahöfn, er hann hefði milli handa, væri kostnaðurinn til ljósa þar 57 kr. um árið og til eldiviðar 1300 kr., eða 300 kr. minni en hjer, og væri þó sá skóli langtum stærri en þessi, eins og allir vissu. Þetta sýndi, að ekki væri við höfð nein sjerleg sparsemi hjer. Í reikningi skólans fyrir árið 1876 stæði meðal annars meðal útgjalda á árinu 138 kr. fyrir rúður (brotnar rúður); hann efaðist um, að á öllu skólahúsinu væri meira en 138 rúður.

Þá væri að minnast á athugasemdir þingmanns Reykvíkinga út af athugasemdum eða bendingum nefndarinnar viðvíkjandi 15. grein fjárlaganna. Eins og kunnugt væri, hefði þinginu borizt mikill fjöldi bænarskráa, mikill fjöldi fjárbæna, sem öllum hefði verið vísað til fjárlaganefndarinnar. Nú hefði það víst eigi verið tilætlun þingsins, að nefndin færi að svara sjerstaklega hverri bænarskrá, enda hefði henni orðið það ókleyft, sakir tímaleysis. En hún hefði samt verið skyld til, að láta uppi álit sitt um þær með einhverju móti, og hefði hún því kosið þá aðferð, að mæla fram með þeim, sem henni hefði virzt eiga það skilið, á þann hátt, sem hún hefði gjört, en ganga alveg fram hjá hinum. Nefndin hefði sem sje leyft sjer, að benda umboðsstjórninni á, að þessar bænir mundi óhætt og rjett að taka til greina. Hann skildi eigi í því, að þingmanninum líkaði betur, að umboðsstjórninni væru gefnar alveg lausar hendurnar um, hvernig hún skyldi verja fje því, er hjer væri um að ræða og láta hana vera að snara gjöfum í þann og þann í laumi, ef svo mætti að orði kveða; láta menn vera að ganga upp til hennar í rökkrinu eins og Nikodemus forðum. Það væri og hálf-kátlegt, að þingmanninum þætti nú tómur óþarfi, að vera að rannsaka skjalasöfnin hjer í Reykjavík, en 1875 hefði hann sjálfur verið í fjárlaganefndinni, sem í einu hljóði hefði ráðið til þess, að þingið veitti fje til að rannsaka skjalasöfnin í höfuðstaðnum. Nú hefði nefndinni líka borizt bænarskrá frá sögukennaranum við latínuskólann — hann væri raunar að eins tímakennari — um styrk

til sagnafræðislegra iðkana, og með því að nefndinni og öðrum væri hann kunnur sem lipur kennari og lipur rithöfundur, sem væri mjög vel maklegur slíks styrks, hefði henni sýnzt snjallræði, að sameina þetta tvennt: styrkinn handa þessum sögumanni og rannsókn skjalasafnanna, sem álitin hefði verið nauðsynleg 1875 og væri það þá sjálfsagt nú líka.

Væri styrkurinn handa læknakennaranum til að taka sjer fram í augnalækningum of lítill, eins og nefndin hefði stungið upp á honum, væri umboðsstjórninni innan handar að bæta við hann.

Loks hefði þingmaðurinn (Reykvíkinga) ekki verið alls kostar ánægður með það, að nefndin skyldi vilja vera að styrkja kvennaskólana; en hann kvaðst ímynda sjer, að þingmenn væru flestir eða allir svo kvennhollir, að þeir mundu vilja hlynna að menntun kvenna. Það væri andi og stefna tímanna í öðrum löndum, að horfa eigi í talsverðan kostnað til að efla menntun kvennþjóðarinnar. Hann vildi benda á dæmi Svía og Ameríkumanna í því efni, og væri oss engin vanvirða, að taka þessar þjóðir oss til fyrirmyndar. Svo að hann minntist aptur á umsjónarmanninn, þá hefði þingmaður Reykvíkinga einkum lagt áherzlu á umsjónina á húsi eða húsum skólans. Það væri þá líka umsjón í lagi. Hún sýndi sig. Það þyrfti ekki annað en líta á suðurgafl skólans. Þar hefði verið tjargað fyrst undir og síðan málað utan yfir, svo að farfinn flagnaði allur frá. Það væri ráðdeild í lagi. Og eptir þessu færi fleira. Það væri ómögulegt að sjá, hvar hann kæmi niður, allur sá mikli kostnaður, sem ár eptir ár gengi «til skólahússins utan og innan», sem kallað væri.

Spurningu 2. þingmanns Árnesinga kvað hann annan þingmann mundu svara, sem væri því máli kunnugri.

Tryggvi Gunnarsson kvaðst líklega vera sá, er framsögumaður hefði ætlazt til að skyldi svara 2. þingmanni Árnesinga. Sjer væri kunnugt um það, að handrita- og bókakaup þau, sem um væri rætt í uppástungu hinna 9 þingmanna við 13. gr. C, hefðu verið borin undir hlutaðeiganda, enda segði það sig sjálft, að eigi gæti verið um kaup að ræða, nema með samkomulagi beggja hlutaðeiganda, seljanda og kaupanda, ella hefði þetta mál ekki verið borið upp. Hvað borgunarskilmála snerti, þá væri svo til ætlazt, að fjeð yrði eigi greitt seljanda, nema í móti afsalsbrjefi og skrá yfir allt handritasafnið og bækurnar, sem landssjóðurinn um leið yrði eigandi að, þó það, ef til vill, kynni að verða í umsjá núverandi eiganda, meðan hann vildi að svo væri.

Þórarinn Böðvarsson sagði, að það gleddi sig, að þingmaður Reykvíkinga væri sá eini, er talað hefði í móti breytingaratkvæði sínu um hallærisstyrkinn handa Álptaneshrepp, því það gjörði sig vongóðan um, að málið hefði framgang. Þingmaður þessi hefði komið með það, að landssjóðurinn yrði hreppssjóður, ef hann færi að leggja einstökum hreppi, en hjer væri ekki farið fram á ómagameðlag, heldur um fje til að afstýra hallæri og manndauða. Hann (þingmaðurinn) rjeði Álptnesingum til að reyna til að þreyja nokkuð enn, en þeim væri ómögulegt að þreyja til lengdar án viðurværis. Annað þjóðráð þingmannsins væri það, að efnamenn hreppsins ættu að hjálpa allt hvað þeir gætu, en hann kvaðst eigi betur vita, en þeir hefðu þegar gjört það. Loks hefði hann komið með þá ástæðu, að Álptnesingar væru þegar búnir að fá svo mikinn styrk í gjöfum og samskotum, og kvaðst hann nú kannast þakklátlega við, að svo væri; en sá styrkur forðaði þó eigi við hungursdauða á tímanum, sem í hönd færi, þar sem hann væri með öllu upp genginn nú þegar og fram yfir það. Þetta hjeldi hann væri því einna lakasta ástæðan, þótt hinar væru sannarlega ekki burðugar. Hann kvaðst vona, að þingdeildin mundi líta á hina miklu neyð, sem fyrir höndum væri, og veita Álptnesingum ásjá, hvað svo sem þingmaður Reykvíkinga segði. Hann kvaðst biðja forseta að við hafa nafnakall um þennan lið á atkvæðaskránni.

Framsögumaður kvaðst þurfa að laga

það, sem hann hefði sagt fyrir skemmstu um kostnaðinn við latínuskólann. Hann hefði af ógáti sagt hann lægri, en hann var 1871, en það væri samt sem áður satt og rjett, að hann hefði aukizt stórum síðan, einkum hið svo nefnda aðstoðarfje, því þá hefði kostnaðurinn verið hjer um 24000 kr., nú væri hann orðinn (1876) 34000 kr., eða 10000 kr. meiri, og enn mundi hann hækka.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og var þá gengið til atkvæða og fjellu þau þannig:

26. 13. gr. A, b, 1.
a, Páll prestur Pálsson: að fyrir «3000» komi: «6000», fellt í einu hljóði.

27. 13. gr. A, b, 1.
b, nefndin: að fyrir «3000« komi: «4000», samþykkt með 16 atkvæðum.

28. 13. gr. A, b, 3. Nefndin: að fyrir »2000» komi: «2500«, samþykkt með 17 atkvæðum.

29. 13. gr. B, I, b, 1. Nefndin:
a, að fyrir «15» innan stryks komi: «12», samþykkt með 19 atkvæðum;
b, fyrir «1200» innan stryks komi: «960», samþykkt án atkvæðagreiðslu.

30. 13. gr. B, I, b, 2. Nefndin: að fyrir «2 ölmusur 400» komi: «1 ölmusa 200», samþykkt með 13 atkvæðum gegn 5.

31. 13. gr. B, I, b, 3. Nefndin: að fyrir «200» komi: «100», samþykkt með 19 atkvæðum.

32a. 13. gr. B, I, b, 5. Nefndin: að fyrir «160» komi: «300», samþykkt með 15 atkvæðum.

32b. 13. gr. B. III, a. Landshöfðinginn: að fyrir «16200» komi: «18200» tvívegis, samþykkt með 14 atkvæðum gegn 3.

33. 13. gr. B, III, b, 1. Nefndin: að «til umsjónar 1000» gangi út; vegna óglöggrar atkvæðagreiðslu var við haft nafnakall og sögðu:

Já:
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Gíslason,
Einar Guðmundsson,
Grímur Thomsen,
Hjálmur Pjetursson,
Jón Blöndal,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson.

Nei:
Halldór Kr. Friðriksson,
Benidikt Sveinsson,
Einar Ásmundsson,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Páll bóndi Pálsson,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,

og var uppástunga nefndarinnar þannig felld með 11 atkvæðum á móti 10.

34. B, III, b, 2. Nefndin: að fyrir «660» komi: «760», felld með 14 atkvæðum á móti 4.

35. B, III, c, 3. Nefndin: að fyrir »1600» komi: «1500», samþykkt með 15 atkvæðum gegn 1.

36. B, III, c, 4. Landshöfðinginn: að fyrir «1060» komi: «500», samþykkt með 14 atkvæðum.

37. B, III, c, 6. Nefndin: að «fyrir prestsverk 48» falli burt, samþykkt með 11 atkvæðum gegn 5.

38. B, III, c, 8. Nefndin: fyrir »1700» komi: »1200», samþykkt með 18 atkvæðum.

39. C, 3. Nefndin: fyrir «200» komi: «400», samþykkt með 18 atkvæðum.

40. Nefndin: að nýr töluliður (4.) bætist inn í: «til kvennaskólans á Akureyri 200kr. og leigulaus afnot af Munkaþverá», samþykkt með 16 atkvæðum.

41. Nefndin: að nýr töluliður (5.) bætist við: «til barnaskóla, sem þegar eru komnir í gang og eiga fullri eign sitt eigið skólahús eða skólajörð 1300» (innan stryks), samþykkt með 17 atkvæðum.

42. Þórarinn Böðvarsson: að nýr töluliður bætist við greinina: «Styrkur handa

Álptaneshrepp í Gullbringusýslu til að af stýra hallæri 2000 kr.»; eptir beiðni uppástungumanns var við haft nafnakall og sögðu:

Já:
Guðmundur Einarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:
Halldór Kr. Friðriksson,
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Einar Gíslason,
Einar Guðmundsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Jón Blöndal,
Páll bóndi Pálsson,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Þórðarson;

var breytingaruppástungan þannig fallin með 16 atkvæðum á móti 4. Grímur Thomsen greiddi eigi atkvæði.

43. 13. gr. C. 9 þingmenn: að við greinina bætist nýr töluliður: «Til alþingismanns Jóns Sigurðsonar í Kaupmannahöfn fyrir bókasafn hans handa Íslandi 25000 kr.», samþykkt með 18 atkvæðum.

44. Allar samlagningarupphæðir og upphæðin í byrjun greinarinnar breytist eptir atkvæðagreiðslunni. Samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Því næst var leitað atkvæða um þá tölulíði í 13. grein frumvarps stjórnarinnar, sem ekkert breytingaratkvæði hafði verið við gjört, og fjellu þau þannig:

A, a, samþykkt í einu hljóði.
A, b, 2. samþykkt með 20 atkvæðum.
A, b, 4. samþykkt í einu hljóði.
B, I, a, samþykkt í einu hljóði.
B, I, b, 4. — — —
B, I, b, 6. samþykkt með 20 atkvæðum.
B, I, b, 7. — — — —
B, II, a, samþykkt í einu hljóði.
B. II, b, 1. — — —
B, II, b, 2. — — —
B, II, b, 3. — — —
B, II, b, 4. — — —
B, III, b, 2. — með 19. atkvæðum.
B, IIÍ, b, 2. — — 18 —
B, III, c, 1. — — — —
B, III, c, 2. — í einu hljóði.
B, III, c, 5. — — —
B. III, c, 7. — — —
C, I. — — —
C, 2. — — —
C, 3. — með 18 atkvæðum.
C, 4. — — 20 —

45. 13. gr. með áorðnum breytingum, samþykkt í einu hljóði.

46. 14. gr. Nefndin: að fyrir «34,000» komi: «48,000», fellt með 13 atkvæðum gegn 7.

47. 14. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt með 18 atkvæðum.

48. 15. gr. frumvarpsins óbreytt felld með 12 atkvæðum gegn 9.

49. 16. gr. Nefndin: að fyrir «72333 kr. 97 a.» komi: «77795 kr. 94 a.» og

50. 16. gr. óbreytt. Um þessa tölulíði varð eigi greitt atkvæði, sökum þess að tölurnar urðu eigi þegar leiðrjettar.

51. Nefndin: að ný grein, 17. gr., bætist við frumvarpið þannig hljóðandi:

«Ef frumvörp til laga:
1. um afnám styrks til útbýtingar gjafameðala,
2. um húsaleigustyrk handa lyfsalanum í Reykjavík,
3. um afnám konungsúrskurðar 15. apríl 1803,
4. um stofnun gagnfræðisskóla á Möðruvöllum,

ná lagagildi á árunum 1878 og 1879, breytast upphæðir þær, sem til eru

teknar til í 11. og 13. grein, samkvæmt fyrnefndum lagafrumvörpum». Samþykkt í einu hljóði.

Að málið gengi til 3. umræðu var samþykkt með 20 atkvæðum, og var nú frumvarpið þannig hljóðandi:

FRUMVARP

til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879.

---

1. kafli.

Tekjur.

1. grein.

Á árunum 1878 og 1879 telst svo til, að tekjur Íslands verði 638161 kr. 26 a., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er í 2.—6. gr.

2. grein.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar: 338526 kr. 6 a.

		1878 kr. a.	1879 kr. a.	Alls kr. a.
1. Tekjur af ljenssýslum		5,320	5,320	10,640
2. Lögþingisskrifara-laun		64 3	64 3	128 6
3. Tekjur af umboðssýslugjöldum		1,830	1,830	3,660
4. Konungstíundir		7,646	7,646	15,292
5. Lögmannstollur og fleira		954	954	1,908
6. Nafnbótaskattur		200	200	400
7. Erfðafjárskattur		2,121	2,121	4,242
8. Gjöld af fasteignarsölum		594	594	1,188
9. Gjöld fyrir leyfisbrjef		600	600	1,200
10. Spítalagjald		6,000	6,000	12,000
11. Gjöld af verzlun á Íslandi	30,000 kr.			
— af póstgufuskipunum	5,834 —	35,834	35,834	71,668
12. Aðflutningsgjald:				
a, af áfengum drykkjum	90,000 —			
b, af tóbaki	10,000 —			
	100,000 —			
að frádregnum 2% í innheimtulaun		98,000	98,000	196,000
13. Tekjur af póstferðunum		9,500	9,500	19,000
14. Óvissar tekjur		600	600	1,200
	Samtals	169,263 3	169,263 3	338,526 6

20

	1878 kr. a.	1879 kr. a.	Alls. kr. a.
3. grein.			
Tekjur af fasteignum landssjóðsins o. fl. eru taldar að nemi 64326 kr.			
1. Afgjöld af umboðs- og klausturjörðum, fyrir hvort árið . . . . . 38525 kr.			
að frá dregnum:			
umboðslaunum, prestsmötu o. fl. . . 10180 —	28,345	28,345	56,690
2. Afgjöld af þeim jörðum, sem læknasjóðurinn fyrrum átti, af jörðunum Belgsholti og Belgsholtskoti o. fl.	1,184	1,184	2,368
3. Leigugjöld:			
a, af Lundey . . . . . 134 kr.			
b, af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu 1800 —	1,934	1,934	3,868
4. Tekjur af kirkjum	700	700	1,400
Samtals	32,163	32,163	64,326
4. grein.			
Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru ætlaðar að nemi 45415 kr. 20 aur.			
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	22,000	23,000	45,000
Upp í lán verður borgað:			
á árinu 1878 . . . . . 8700 kr. 37 a.			
- — 1879 . . . . . 6581 — 23 -			
15281 — 60 -			
2. Leigur af andvirði seldra jarða	207 60	207 60	415 20
3. Tekjurnar af hinum íslenzka styrktarsjóði eru ætlaðar að nemi hjer um bil 1766 kr. árlega, og verður þeim varið til þess að auka innstæðufje sjóðsins.			
Samtals	22,207 60	23,207 60	45,415 20
5. grein.			
Endurgjald lána og skyndilána verður talið 1562 kr.			
1. Gjald upp í lán sökum fjárkláðans á Íslandi. .	250	»	250
2. Gjald upp í lán til þess að byggja upp aptur kirkju Möðruvallaklausturs	440	440	880
3. Gjald upp í lán til þess að byggja kirkju á Eyri	216	216	432
Samtals	906	656	1,562
6. grein.			
Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 188332 kr.			
Fast árlegt tillag . . . . . 60000 kr.			
Aukatillag á ári . . . . . 40000 —			
100000 —			
að frá dregnum . . . . . 5834 —	94,166	94,166	188,332
Samtals	94,166	94,166	188,332

2. kafli.

Útgjöld.

7. grein.

Á árunum 1878 og 1879 veitast til útgjalda 638,161 kr. 26 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—15. gr.

8. grein.

Útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin 26800 kr., sem sje fyrir 1878: 12400 kr. og fyrir 1879: 14400 kr.

9. grein.

Til kostnaðar við alþingi á árinu 1879 veitast 32,000 kr.

10. grein.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina og fl., veitast 191,859 kr. 32 a. fyrir árin 1878 og 1879.

	1878	1879	Alls
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:			
1. laun embættismanna	18,900	18,900	
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað og fleira . .	3,600	3,600	
3. þóknun fyrir endurskoðun íslenzkra reikninga	1,600	1,600	
	24,100	24,100	48,200
B. Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun embættismanna	16,544	16,544	
2. til hegningarhússins í Reykjavík	2,960	2,960	
3. önnur útgjöld	1,820	1,820	
	21,324	21,324	42,648
C. Ýmisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi	1,434	1,434	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir það, að þeir verða að borga undir embættisbrjef, hjer um bil	2,000	2,000	
3. til þess að gefa út «Lovsamling for Island» allt að	1,866 66	1,866 66	
4. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar	705	705	
5. styrkur til jarðarræktar	5,000	5,000	
6. til vegabóta	15,000	15,000	
7. til gufuskipsferða	15,000	15,000	
8. til vitabyggingar á Reykjanesi allt að . . .	»	»	14,000
9. til dómkirkjunnar í Reykjavík	»	»	5,000
	41,005 66	41,005 66	82,011 32
Samtals			191,859 32

11. grein.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 80,148 kr.

1. laun lækna	37,726	37,726	75,452
2. önnur útgjöld	2,348	2,348	4,696
	40,074	40,074	80,148

	1878	1879	Alls
12. grein.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Útgjöldin við póststjórnina er ætlazt á að verði . . . . . 28,820 kr.			
1. laun	4,110	4,110	8,220
2. flutningur pósta	8,600	8,600	17,200
3. önnur útgjöld	1,600	1,400	3,000
4. útgjöld sem upp á kunna að koma	200	200	400
	14,510	14,310	28,820
13. grein.			
Til kirkju- og kennslumálefna veitast 166,464 kr.			
A. Í þarfir andlegu stjettarinnr:			
a, laun	8,032	8,032	
b, önnur útgjöld:			
1. til fátækustu brauða 4000			
2. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti 600			
3. til prestaekkna og barna þeirra og styrkur handa fátækum uppgjafaprestum og prestaekkjum 2500			
4. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað 1000	8,100	8,100	
	16,132	16,132	32,264
B. Kennslumálefni;			
I. til prestaskólans:			
a, laun	10,700	107,00	
b, önnur útgjöld:			
1. húsaleiga handa 12 lærisveinum við prestaskólann, 80 kr. handa hverjum . 960			
2. ein ölmusa upp á 200 kr. 200			
3. til tímakennslu 100			
4. — bókakaupa 300			
5. — eldiviðar og ljósa 300			
6. — umsjónar 100			
7. ýmisleg útgjöld 120	2,080	2,080	
	12,780	12,780	25,560
II. til læknaskólans:			
a, laun	2,600	2,600	
b, önnur útgjöld:			
1. 3 ölmusur upp á 200 kr. 600			
2. til eldiviðar, áhalda, ljósa og fl. . . 200			
3. til bókakaupa og verkfæra 300			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum . . . 300	1,400	1,400	
	4,000	4,000	8,000
yfir um			65,824

		1878 kr.	1879 kr.	Alls. kr.
handan að				65,824
III. til hins lærða skóla:				
a, laun		18,200	18,200	
b, 1. til umsjónar	1000			
2. aðstoðarfje handa söngkennaranum .	860			
—— — fimleikakennara .	700			
handa dyraverði	660	3,220	3,220	
c, önnur útgjöld:				
1. til bókakaupa	600			
2. til eldiviðar og ljósa	1500			
3. til skólahússins utanstokks og innan	1500			
4. til tímakennslu	500			
5. ölmusur	8000			
6. þóknun handa lækni	100			
7. ýmisleg útgjöld	1200	13,400	13,400	
		34,820	34,820	69,640
C. 1. til stiptsbókasafnsins	400			
2. til amtsbókasafnsins á Akureyri . . .	200			
3. til kvennaskólans í Reykjavík	400			
4. til kvennaskólans á Munkaþverá . . .	200			
og leigulaus afnot af Munkaþverá.				
5. til forngripasafnsins:				
a, til þess að kaupa forngripi . 400 kr.				
b, til umsjónar . . . . . 100 —	500			
6. til barnaskóla, sem þegar eru komnir í gang og eiga fullri eign sitt eigið skólahús eða skólajörð	1300	3,000	3,000	6,000
7. til alþingismanns Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn fyrir bókasafn hans handa Íslandi				25,000
Samtals				166,464

14. grein.

Til eptirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 34000 kr.

15. grein.

Afganginn, sem fyrst um sinn er ætlaður að verði 78,069 kr. 94 a., skal leggja til viðlagasjóðsins.

16. grein.

Ef frumvörp til laga:

1. Um afnám styrks til útbýtingar gjafameðala,
2. — — húsaleigustyrks handa lyfsalanum í Reykjavík,
3. — — konungsúrskurðar 15. apríl 1803,
4. — stofnun gagnfræðaskóla á Möðruvöllum,

ná lagagildi á árunum 1878—1879, breytast upphæðir þær, sem til eru teknar í 10., 11. og 13. gr., samkvæmt fyrnefndum lagafrumvörpum.

BREYTINGARUPPÁSTUNGUR

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879, eins og það var samþykkt við aðra umræðu í neðri þingdeildinni.

I. Breytingaratkvæði nefndarinnar.

A.

	1878 kr. a.	1879 kr. a.
Við 10. gr. C. 3. töluliður: «til þess að gefa út «Lovsamling for Island»	1866 66	1866 66
gangi út.		
Aptan við greinina bætist nýr töluliður:		
10. þóknun handa landbúnaðarnefndindi, sem var,	1000	
Við 13. gr. B, III, b: fyrir «til umsjónar 1000 kr.» innan stryks,		
komi utan stryks:	1000,	
og samlagningin breytist að því skapi.		
Við 14. grein: Fyrir «34,000 kr.» komi: «48000 kr., og aptan við greinina bætist: «þar af til fimleikakennara Stenbergs fyrir hvort ár	500 kr.	
viðbót við eptirlaun ekkjufrúar Þórunnar Hannesdóttur fyrir hvort ár .	450 —	
viðbót við eptirlaun ekkjufrúar Elínar Stefánsdóttur fyrir hvort ár . . .	260 —	
Þá bætist við nýjar 15. og 16. gr. svo hljóðandi:		
15. grein.		
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja veitast	12000	
16. grein.		
Til óvissra útgjalda, sem upp á kunna að koma, veitast . .	8000	
Ný 17. gr. bætist við, svo látandi:		
Eptir á veitist:		
1. Til hlauttekningar í minningarhátíð háskólans í Uppsölum allt að	2000	
yfir um		2000

	kr. a.
handan að	2000
2. Viðbót við 12. gr. 3., sem endurgjald handa póstmeistaranum og póstafgreiðslumönnum fyrir halla þann, sem þeir hafa beðið af póstmerkjasölunni frá 1. jan. 1875 til 1. ágúst 1876 . .	169
3. Viðbót við 13. gr. B, III, c, 3. «til að stofna 10 ný heimasveinspláss í hinum lærða skóla» .	1000
Samtals	3169

«16. gr.» verður «18. gr.», og «17. gr.» verður «19. gr.».

Við 17. gr. (nú 19. gr.). Greinin breytist þannig:

Ef frumvörp til skattalaga
— frumvarp til laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta,
— — — — — vitagjald af skipum,
— — — — —fiskiveiðar þegna Danakonungs, sem eigi eru búsettir á Íslandi,
— — — — — endurskoðun jarðabókarinnar,
— — — — — gjafsóknir,
— — — — — stofnun lagaskóla,
— — — — — stofnun gagnfræða skóla á Möðruvöllum,
— — — viðaukalaga um aðra skipun á læknahjeruðunum,
— — — laga um afnám styrks til útbýtingar gjafameðala,
— — — — — afnám húsaleigustyrks handa lyfsalanum í Reykjavík,
— — — — — afnám konungsúrskurðar 15. apríl 1803,

ná lagagildi á árunum 1878—1879, breytast upphæðir þær, sem til eru teknar í 2., 10., 11. og 13. gr., samkvæmt fyrneíndum lagafrumvörpum.

B.

Við 10. gr. B, III, b, 2. fyrir «660» (innan stryks) komi: «760».

Við 10. gr. C, tölul. 7. fyrir: «Til alþingismanns Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn fyrir bókasafn hans handa Íslandi»

komi: «Fyrir bóka- og handritasafn Jóns alþingismanns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn».

II. Breytingaruppástungur
frá 8 þingmönnum.

1. Við 10. gr.: C. 3. falli burt.
2. Við 13. gr. B. III. a,: að «18200» breytist í: «16200».
   Við 13. gr. B. III. c, 4.: að «500» breytist í: «1060».
3. Við 14. gr. Fyrir «34000 kr.» komi: «47000 kr.», þar á meðal til fyrverandi fimleikakennara Stenbergs . 1000 kr. og til frúar Elínar Stefánsdóttur 400 —»
4. Að ný grein (15. grein) komi á eptir hinni 14. «Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og til óvissra útgjalda, sem upp á kunna að koma, 18000 kr., þar á meðal til landbúnaðarnefndarinnar 1000 kr.».

H. Kr. Friðriksson. Stefán Stephensen. Einar Ásmundsson. Guðmundur Einarsson. Páll Pálsson, þingm. Húnvetninga. Hjálmur Pjetursson. Guðmundur Ólafsson. Þorlákur Guðmundsson.

III. Breytingartillaga
frá 6 þingmönnum.

Við 12. gr. 3: «1600» «1400» «3000» breytist í: «1900» «1700» «3600».

H. Kr. Friðriksson. Guðmundur Einarsson. Páll Pálsson, þingmaður Skaptfellinga. Benidikt Sveinsson. Þórarinn Böðvarsson. Guðmundur Ólafsson.

IV. Breytingaruppástunga
frá landshöfðingjanum.

Við 13. grein B. III. c, bætist nýr töluliður (8): «fyrir prestsverk 48 kr.» (innan stryks).

V. Beytingaratkvæði
frá landshöfðingjanum
við breytingaratkvæði fjárlaganefnarinnar.

Við 16. gr. (18 gr.) bætist inn í á eptir orðunum: «gagnfræðaskóla á Möðruvöllum»: Frumvarp til laga um breytingu á gjöldum þeim er hvíla á jafnaðarsjóðunum. Frumvarp til laga um rjettindi Ábæjarkirkju í Skagafirði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 44. fundi neðri deildarinnar, 16. dag ágústmán., kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879, og skipti forseti frumvarpinu í 2 kafla til umræðu, og tók 1. til umræðu tekjukaflann, 1.—6. grein. Við þennan kafla var ekkert breytingaratkvæði fram komið.

Snorri Pálsson sagðist hafa búizt við því við 2. umræðu þessa máls, að einhver mundi þá minnast á 3. tölulið 4. greinar, nefnilega styrktarsjóðinn, sem svo væri kallaður. síðan hann 25. júlí 1844 hefði »öðlazt það nafn í skírninni». Þingi og þjóð hefði lengi verið þetta mikið áhugamál, og það hlyti því heldur að vera það nú, sem fram væru komin á sjónarsviðið reikningsskil þau fyrir tjeðum sjóði, sem landshöfðingi hefði heitið þinginu í hitt eð fyrra, og væri sá reikningur prentaður aptan við nefndarálit fjárlaganefndarinnar fyrri kaflann. Annars væri eigi mikið um reikning þennan að segja um fram það, sem nefndin hefði tekið fram á 6. bls. nefndarálitsins, nefnilega, að reikningsfærslan fyrir árin 1844—1871 sje svo óglögg, að ekki sje unnt að fella neinn áreiðanlegan dóm um hann, þar sem öll fylgiskjöl vanti; þó sjáist svo mikið, að nokkuð fje hafi á ári hverju staðið arðlaust o. s. frv. En öðru máli sje að gegna um það, hvernig sjóðnum hafi verið varið frá upphafi, nefnilega einkum og sjer í lagi frá 1797—1844; það hafi nefndin ekkert minnzt á. Með konungsúrskurði 18. okt. 1786 hafi verið ákveðið, að fjeð, kollektufjeð, sem safnað hafði verið, skyldi standa inni í kóngsins kassa gegn 4% rentum og að eigi mætti verja því öðruvísi en samkvæmt tilgangi þess. Í konungsúrskurði frá 5. febr. 1803 væri rentuberandi upphæð sjóðsins talin þá orðin 46,946 rd., og árlegir vextir af honum 1700 rd.

Hefði nú verið farið með hann eins og vera bar síðan, væri hann nú orðinn um 2 miljónir. En ef farið væri eptir konungsúrskurðinum frá 25. júlí 1844, sem nú væri talinn fæðingardagur sjóðs þessa, ætti hann að vera orðinn rúmlega 150,000. Það væri nú skoðun sín og að hann hjeldi flestra þingmanna, að hversu alvaldir og einvaldir sem konungar vorir hefðu verið, hefðu þeir samt tæplega haft vald til að taka fje, sem gefið var í sjerstökum tilgangi einstökum nauðlíðandi mönnum, og sem þeir hjetu sjálfir fastlega að verja eingöngu í þessu skyni eða samkvæmt tilgangi gjafaranna, að taka þetta fje og verja því til alls annars, þar á meðal til fyrirtækja, er þeir hefðu sjálfir skuldbundið ríkissjóðinn til að kosta, t. a. m. byggingu skólahússins úr ríkissjóði. En þótt aldrei nema svo væri, að konungsúrskurðir þeir, er þannig brytu um þvert hin upphaflegu lög einvalds konungs um sjóð þennan, þá væru samt 57000 rd., sem varið hefði verið án konungsúrskurðar, eða umfram það, sem til væri tekið í nokkrum úrskurði, til þess að mæla strendur Íslands. Stöðulögin gætu með engu móti náð til þessa sjóðs, því að hann kæmi ekkert við skuldaskiptunum milli Íslands og ríkissjóðs Dana, heldur væri hjer að ræða um viðskipti ríkissjóðsins og einstakra manna, sem ættu fjeð á vöxtum í honum. Hann fengi eigi betur sjeð, en að þegar talað væri um fullnaðarbætur eptir borgaralegum rjetti, að hin sömu lög verði að gilda fyrir ríkissjóðinn, þegar hann á að geyma og ávaxta peninga einstakra manna, eins og fyrir hvern einstakan skuldunaut.

Annað atriði, sem hann vildi minnast á, væri lestagjaldið af póstgufuskipunum. Það væri, svo sem kunnugt væri, dregið frá tillaginu eða árgjaldinu úr ríkissjóði, hvort sem það (lestagjaldið) væri mikið eða lítið. Síðan 1872, árið eptir að stöðulögin komu út, væri það nú orðið samtals 19,620 kr., sem vjer þannig hefðum misst. Stjórnin segði, að það væri dregið frá samkvæmt stöðulögunum, en hann yrði að segja, að það væri gjört þvert á móti þeim (stöðulögunum). Í stöðulögunum stæði: »Verði nokkurt gjald lagt á þessar póstferðir». Þar væri eptir beinlínis orðunum einungis talað um gjald, er einhvern tíma á ókomnum tíma kynni að verða lögtekið, en gæti með engu móti átt við um lestagjaldið, sem lögboðið hefði verið 17 árum áður, 15. apríl 1854, og sem nærri mætti geta að hefðu verið kunnug höfundi »stöðulaganna». Í annan stað væri talað um gjald, er lagt mundi verða á póstferðirnar; nú lægi lestagjaldið alls eigi á póstferðunum, heldur að eins á vöruflutningunum, sem póstskipið væri notað til jafnframt því og það flytti póstinn. Á póstflutningunum (póstferðunum) lægi alls ekkert gjald. Sjer sýndist því eiga betur við, að hið umrædda atriði í fjárlögunum væri þannig orðað: »Á móti stöðulögunum dregið frá» o. s. frv.

Landshöfðingi sagði, að það væri eigi rjett, sem hinn heiðraði 2. þingmaður Eyfirðinga hefði sagt, að eigi hefði verið minnzt neitt á þessi atriði við 2. umræðu; hann kvaðst sjálfur hafa svarað þeim báðum eða ummælum nefndarinnar um þau. En úr því að þingmaðurinn hefði eigi komið með neitt breytingaratkvæði til 3. umræðu í þá átt, sem ræða hans hefði stefnt, sýndist sjer þarflaust og tilgangslaust að vera nú að ræða þau. Um reikningsskilin fyrir styrktarsjóðnum segði nefndin sjálf í álitsskjali sínu, að síðan 1871 væru reikningarnir greinilegir og, að því nefndinni virtist, óaðfinnanlegir. Þetta mundi nægja, því að eptirlit alþingis með reikningum landsins hlyti að vera bundið við það tímabil, sem alþingi hefði haft fjárforræði.

Þá tóku eigi fleiri til máls um þennan kafla, og var

2. síðari kafflinn, útgjaldadálkurinn, 7.—16. grein, þá tekinn til umræðu.

Landshöfðingi: Frumvarpið til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879 hefur verið svo vel og vandlega undir búið af hinni heiðruðu nefnd, og svo ítarlega rætt við 2. umræðu, að jeg þarf ekki að vera margorður um frumvarpið, eins og það liggur fyrir, en jeg skal

einungis leyfa mjer að fara fáeinum orðum um hin einstöku breytingaratkvæði, er á atkvæðaskránni standa, eins og í þingsköpunum er ætlazt til við 3. umræðu.

Við tekjudálkinn, 1.—6. gr., eru engin breytingaratkvæði; um hann hefur náðst fullt samkomulag. Hið sama má að mestu leyti segja um útgjaldadálkinn, því að í sjálfu sjer eru breytingaruppástungurnar við hann fáar og ágreiningurinn milli uppástungnanna ekki þýðingarmikill. Jeg hef fyrir mitt leyti eigi fundið ástæðu til að bera upp nema 1 breytingaratkvæði, sem stendur á atkvæðaskránni, tölulið 8.

Með tilliti til breytingaratkvæðanna skal jeg láta mína meiningu í ljósi um þau, sem jeg annaðhvort ætla að mæla með eða mót.

Það er þá fyrst að minnast á breytingaratkvæðið undir 2. tölulið, við 10. gr. C. Jeg er hinni heiðruðu nefnd þakklátur fyrir það, að hún hefur tekið til greina bendingu mína um að taka upp í 10. gr. þóknun handa landbúnaðarnefndinni, en nú hefur hinn heiðraði framsögumaður tilkynnt mjer, að nefndin ætli að taka þennan tölulið aptur, og skal jeg að gefnu tilefni geta þess, að jeg, ef svo verður, ekki ætla að mæla á móti því, en verði það ekki, skal jeg leyfa mjer að mæla með þessum tölulið, þó að jeg enn þá sje þeirrar skoðunar, að þessi þóknun sje nokkuð lág.

Þó að jeg hafi ekki fundið ástæðu til að taka upp aptur uppástungu mína viðvíkjandi 12. gr. 3. tölulið, en hún var samhljóða 3. tölulið á atkvæðaskránni, skal jeg með skírskotun til þess, sem jeg í því tilliti tók fram við 2. umræðu, leyfa mjer að mæla sem bezt með þessum tölulið.

Hvað snertir breytingaratkvæði 8 þingmanna við 13. gr. B III. a, og B III. c 4, sbr. 4. og 7. tölulið á atkvæðaskánni, þá vona jeg fastlega, að hin heiðraða deild haldi ákvörðun þeirri, sem hún samþykkti við 2. umræðu eptir minni uppástungu. Það kom mjer sannarlega mjög óvart, að sjá hinn heiðraða þingmann Reykvíkinga meðal þeirra 8 þingmanna, er stungið hafa upp á að breyta þeirri ákvörðun deildarinnar við 2. umræðu, að veita laun handa einum föstum kennara við hinn lærða skóla, því honum hlýtur þó að minnsta kosti að vera fullkunnugt, að um mörg ár hefur verið nauðsynlegt að útvega tímakennslu við skólann í meira en 30 kennslustundum í hverri viku (auk kennslustundanna í söng-list og fimleikum), og að þannig um langan tíma hefur verið mesta þörf á að bæta einum föstum kennara við kennara skólans. Honum hlýtur einnig að vera það fullkunnugt, að skólann, sem stendur, vantar hina nauðsynlegu kennarakrapta í hinum nýrri tungumálum, sem nú samkvæmt þörfum tímans og samkvæmt óskum allra þeirra, er gagnkunnugir eru, verður að innleiða við skóla landsins, og hann tók það skýrt fram sjálfur um daginn, að æskilegt væri að taka sem fyrst upp gagnfræðakennslu við skólann. Jeg vil ekki gjöra ráð fyrir því, að hann með þessari uppástungu hafi viljað leiða rök að athugasemdum þeim, sem hann gjörði um daginn viðvíkjandi hinni nýju skólareglugjörð, og sem hann þá ekki gat byggt á nægilegum rökum. En þar sem mjer er kunnugt um, hve mjög hann lætur sjer annt um allt, sem miðar til framfara skólans, kom það mjer mjög á óvart, að hann skyldi eiga þátt í þessari breytingaruppástungu; en jeg treysti hinni heiðruðu deild til að hverfa nú eigi frá atkvæðum sínum um þetta atriði við 2. umræðu.

Jeg verð og að vænta þess, að hin heiðraða deild breyti eigi heldur atkvæðagreiðslu sinni við 2. umræðu um 13. gr. B, III. b, og leyfi jeg mjer að mæla með því, að 1000 kr. til umsjónar verði haldið innan stryks. Hin heiðraða nefnd hefur að vísu stungið upp á, að setja þessa upphæð utan stryks, og mun það vera svo að skilja, að fje þetta skuli eigi veitt nema um 1 ár í stað tveggja. Jeg skal fyrst skírskota til athugasemda minna við 2. umræðu viðvíkjandi ásigkomulagi þessarar útgjaldagreinar, sem að mínu áliti er byggð á konungsúrskurðum, þótt hún

sje eigi beinlínis ákveðin með konungsúrskurði. En þessi hlið málsins var svo ítarlega rædd við 2. umræðu, að jeg ætla eigi að taka það upp aptur; þar á móti skal jeg kannast við það, að hin heiðraða nefnd hefur viljað koma á móti mjer á miðri leið með 5. tölulið, og skal jeg bæta því við, að ef deildin mót von minni skyldi samþykkja þessa breytingu, mun jeg á fyrra ári fjárhagstímabilsins reyna til að koma umsjóninni við hinn lærða skóla — en hana má álíta alveg nauðsynlega — fyrir á sem haganlegastan hátt og með sem mestum sparnaði, og ef stjórnin þá getur sannað, að hún í þessu tilliti hafi gjört það, sem henni frekast var unnt, efast jeg ekki um, að þingið muni veita hið nauðsynlega fje til þess með fjáraukalögum.

Við 8. tölulið, um 13. gr. B, III, c, er þess að geta, að jeg benti áður á þessa uppástungu mína, um að bæta inn í þessa grein þeim tölulið, sem deildin felldi úr við aðra umræðu. Jeg tók það fram við 2. umræðu, að þessi útgjaldagrein, fyrir prestsverk 48 kr., er ákveðin með konungsúrskurði 29. apríl 1785, sem enn stendur óbreyttur; skal jeg að því leyti vísa til brjefs dómsmálastjórnarinnar 25. febr. 1859. En samkvæmt 25. grein stjórnarskrárinnar má eigi breyta þess konar konungsúrskurðum með fjárlögum, heldur verður að reyna til að koma breytingu á þá með sjerstökum lögum. Og jeg skal fyrir mitt leyti eigi hafa neitt á móti því, að slík breyting verði gjörð við embættismanna-skipti, eða þegar nýtt fyrirkomulag kemst á laun presta, en mjer virðist eigi ástæða til að gjöra þessa breytingu að svo stöddu. Jeg vona því, að hin heiðraða deild samþykki þetta breytingaratkvæði mitt, samkvæmt 25. grein stjórnarskrárinnar.

Loks skal jeg leyfa mjer að mæla með breytingaruppástungum hinnar heiðruðu nefndar undir 10., 12., 14. og 15. tölulið, og einnig með breytingaratkvæði því, sem jeg hef leyft mjer að bera upp við breytingaruppástungu nefndarinnar undir 15. tölulið.

Við 2. umræðu óskaði hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga upplýsingar um það, hvort þóknun sú, «fyrir að semja skýrslur um landshagi á Íslandi, allt að 300 kr. árlega», sem veitt hefur verið með fjárlögunum 1876—77 10. gr. C, 1., yrði greidd úr landssjóðnum, «hvort sem landhagsskýrslurnar kæmu út eða eigi.» Jeg skal í þessu tilliti svara honum, að upp í þessa útgjaldagrein hefur í fyrra verið ávísað 150 kr., sem þóknun fyrir það starf, er þá var leyst af hendi.

Enn fremur lofaði jeg hinum heiðraða framsögumanni við 2. umræðu, að skýra honum við þessa umræðu frá upphæðum þeim, sem nú eru veittar póstafgreiðslumönnum í laun; að vísu hefur hin heiðraða deild samþykkt uppástungu frumvarpsins í þessu tilliti (12. tölul.), en samt sem áður skal jeg, til þess að efna þetta loforð, skýra frá, að laun póstafgreiðanda nú sem stendur eru þessi:

Póstafgreiðslumaðurinn á Akureyri	120 kr.
—— - Ísafirði	100 —
—— á Stykkishólmi	100 —
Póstafgreiðslumaðurinn í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum hvor um sig	75 —
— á Djúpavogi, Múla í Þingeyjarsýslu, Seyðisfirði og Bæ . . .	60 —
— á Prestsbakka, Hjarðarholti á Mýrum og Hjarðarholti í Dölum hver um sig	50 —
— á Breiðabólsstað, Egilsstöðum (Eyðum í Múlasýslu) og Melum	40 —
— á Hraungerði, Vestmannaeyjum og Bjarnanesi	30 —

Ef hinir heiðruðu deildarmenn vildu bera þessar upphæðir saman við þær, er stungið er upp á í athugagrein við frumvarpið 19. bls., er það auðsjeð, að hækkunin lendir að mestu leyti hjá þeim póstafgreiðslumönnum, er eigi búa í kaupstöðum, og þessi þóknun samsvarar langtum betur störfum þeim, er hvíla á hinum einstöku póstafgreiðslumönnum, heldur en mögulegt var, þegar launin voru upphaflega ákveðin með auglýsingu 3. maí 1872, þar sem engin

reynsla var fyrir því, hvernig þessum störfum yrði skipt niður milli hinna einstöku póstafgreiðslustaða.

Framsögumaður sagði, að áður en gengið væri til atkvæða, vildi hann geta þess, að nefndin tæki aptur breytingaruppástungu sína, undir 2. tölulið, um þóknun handa landbúnaðarnefndinni, en hún ætlaðist til, að sú upphæð yrði tekin annaðhvort undir 15. eða 16. grein. Sjer hefði heyrzt, að landshöfðinginn gjörði sig ánægðan með það, jafnvel þótt í formlegu tilliti væri rjettara, að veita þessa upphæð undir 10. grein, en bæði nefndin og fleiri þingmenn væru á því, að upphæðirnar undir 15. og 16. grein væru nógu háar, þótt þessar 1000 kr. væru dregnar frá. Því næst skyldi hann geta þess, að nefndinni væri ekkert kappsmál um þessar 48 kr. fyrir prestsverk, 13. gr. B, III, c, en hún vildi að því yrði slegið föstu, að þó þessi útgjöld stæðu nú óröskuð, af því varla mundi tími til að breyta þeim með lögum á þessu þingi, þá væri það þó almenn skoðun allrar fjárlaganefndarinnar, að það ætti illa við, að höfuðstaður landsins væri sá eini staður á landinu, þar sem borgað væri sjerstaklega fyrir að taka menn til altaris, en samt sem áður væri það skoðun sín, að þingið ætti að gjöra sjer að reglu, að breyta ekki konungsúrskurðum nema með sjerstökum lögum. Enn fremur tæki nefndin aptur breytingaratkvæði sitt um 10. tölul., að fyrir 34,000 kr. kæmu 48,000 kr., og ætlaði nefndin að greiða atkvæði með uppástungu hinn 8 þingmanna, en hún hefði beðið forseta þess, að skipta atkvæðagreiðslunni um þann tölulið. Nefndin mundi ekki greiða atkvæði sitt fyrir 13. tölulið, því að hún óskaði, að þessari grein yrði, eins og í hitt eð fyrra, skipt í tvær greinir: «til vísindalegra og verklegra fyrirtækja» og «til óvissra útgjalda». Hvað snerti 14. tölulið, um að bæta við nýrri grein, þá sýndist honum það vera siðferðisleg skylda deildarinnar, að samþykkja þennan tölulið, þar sem hann hefði að inni halda útgjaldaliði, sem deildin væri áður búin að samþykkja. Sömuleiðis kvaðst hann fallast á breytingu landshöfðingja við 16. grein.

Hvað snerti 4. tölul. á atkvæðaskránni um að færa upphæðina 18,200 kr. í 13. gr. B III a. niður í 16,200 kr., þá væri nefndin samdóma landshöfðingja um það, að þessi breyting væri óhafandi. Öllum væri kunnugt um, hve mikil þörf væri á betri og fullkomnari kennslu í nýju málunum, sem ættu að vera undirstaða allrar gagnfræðakennslu, því að þessi mál hefðu hingað til verið mjög út undan við skóla vorn. Það væri sannarlega óskiljanlegt, að nokkur maður, sem óskaði að kennslan í skólanum yrði umfangsmeiri, og sjer í lagi, að gagnfræðakennslu yrði bætt við, sem væri svo hægt hjer við skólann, þar sem bókasöfn og ýms önnur söfn væru til, að nokkur maður, sem óskaði þessa, skyldi hafa látið sjer detta í hug, að skrifa undir þetta breytingaratkvæði. Það væri vissulega mikil þörf til að bæta úr þessu, því að það væri sín sannfæring, að sú kennsla, sem hingað til hefði verið í nýju málunum, væri fremur að nafni en að gagni; ef ekki sjálfir piltarnir legðu sig utan skóla eptir þessum málum, þá væri kennslan fremur til tímataf ar heldur en til nokkurra verulegra nota. Hann kvaðst vona, að umboðsstjórnin sæi eptirleiðis um, að þessi kennsla batnaði, því að eins og hún væri nú, væri hún engan veginn í góðu lagi. Hann áliti sig að nokkru leyti færan til að dæma um þetta, því að hin síðustu árin hefði sjer verið sýndur sá sómi að vera prófdómandi við burtfararprófið; hann hefði þá fengið tækifæri til að kynna sjer kennsluna í þýzku, en ekki í hinum málunum, og gæti hann borið um það, að kennarinn í þýzku kenndi piltum vel það, sem hann sjálfur kynni, en enginn gæti kennt meira en hann kynni sjálfur; samt sem áður væri kennslan mjög ónóg, eins og auðsætt væri af því, að piltarnir gætu ekki komizt út úr útleggingunni, undir eins og tekin væri önnur bók en sú, sem lesin væri í skólanum, hve ljett, sem hún væri. Það furðaði sig þess vegna að sjá, að yfirkennari skólans hefði sjálfur ritað undir þessa breytingar-

uppástungu, og væri sjer mikil forvitni að heyra þær ástæður, sem hefðu knúð hann til þess.

Hvað umsjónina við skólann snerti, þá væri hann enn á því máli, að hún ætti að vera í höndum kennaranna, og að þeir skiptu henni milli sín; sjer sýndist það ekki eiga við, að óviðkomandi maður liti eptir siðferði pilta, enda hefði ekki verið svo til ætlazt í fyrstu, heldur hefði þetta embætti verið stofnað eptir margar árangurslausar tilraunir, og með því að reyta saman handa því fje úr ýmsum gjaldgreinum. Eins og hann hefði tekið fram um daginn, hefði fyrst verið veitt fje til umsjónar með lögunum 19. jan. 1863 um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi; í 2. gr. þessara laga væru veittir 1100 rdl. sem „aðstoðarfje", og væri það hin sama upphæð, sem nú stæði í fjárlögunum nokkuð aukin nfl. 2320 kr. En svo stæði í 5. gr. sömu laga: «lög þessi skulu endurskoðuð í seinasta lagi fyrir lok fjárhagsársins 1865—66». Nú skyldi maður ætla, að þau hefðu verið endurskoðuð. Nei! Ný lög hefðu komið út 16. febr. 1866, og væri þar endurskoðuninni skotið á frest þannig, að þau skyldu endurskoðuð fyrir lok fjárhagsársins 1867—68. Enn hefðu komið ný lög út 20. marz 1868, og þar væri endurskoðun launalaganna enn skotið á frest 2 ár, sökum þess að hún ætti að bíða þangað til fjárhagsaðskilnaðurinn milli Íslands og Danmerkur kæmist á. Hin rjettu endurskoðunarlög væru launalögin 15. oktbr. 1875, og skylda sú, sem áður hefði hvílt á kennurunum með tilliti til umsjónarinnar, hvíldi þannig enn á þeim. Þingmaður Reykvíkinga hefði um daginn sagt, að það væru öfgar að ætla kennurunum, að hafa umsjónina á höndum, og skylda þá til að fara á fætur kl. 5 um morguninn; en þeir þyrftu ekki að fara svo snemma á fætur, þeir þyrftu ekki að fara á fætur fyr en um miðjan morgun, og það væri hinn vanalegi hjúa-fótaferðartími; þar að auki gæti hann sagt þingmanninum það, að sá kennari, sem hefði tíma til að vera kaupstjóri, málaflutningsmaður, blaða-höfundur og bæjarstjóri Reykjavíkur, hann hlyti líka að hafa tíma til eptirlits með siðferði pilta, sem væri hrein embættisskylda hans að gjöra. Það væri sín skoðun, að meira riði á því, að góður andi og gott samkomulag væri drottnandi milli kennaranna innbyrðis og kennara og pilta, heldur en að ausa út fje til skólans. Ef hinn sami vísindalegi og siðferðislegi andi, sem verið hefði drottnandi meðal kennaranna á Bessastöðum, væri ríkjandi hjer við skólann, þá væri það meira vert en háar upphæðir á fjárlögunum.

Þá skyldi hann snúa sjer að 3. tölulið, uppástungu 6 þingmanna um að hækka skrifstofufje póstmeistarans. Sjer hefði verið sagt, að hann kostaði meiru til skrifstofu sinnar heldur en 600 kr., og efaðist hann ekki um, að það væri satt; en skrifstofukostnaður hans væri ekki eingöngu til póstmálefna; hann hefði einnig önnur störf á hendi, sem útheimtu skriptir, t. d. afgreiðslu póstgufuskipsins, brunamál, reikninga spítalans í Reykjavík, bókasölu o. fl. Ef skrifstofufjeð væri ekki nægilegt, þá lægi sú skylda á hinum húsbændum þessa manns, að leggja lítið eitt til skrifstofu hans, því að skrifstofustörf hans væru ekki eingöngu póstmál, enda væri hann enginn þurfamaður. Laun hans væru svo há, að 1. þingmaður Norður-Múlasýslu mundi kalla hann einn af hinum hálaunuðu embættismönnum; laun hans sem póstmeistara væru 1700 kr., skrifstofufje 600 kr., fyrir að telja peninga 200 kr., alls 2500 kr., fyrir afgreiðslu póstskipsins «Valdemar» að minnsta kosti 1600 kr., fyrir stjórn brunabótamála 300 kr., fyrir reikninga spítalans 200 kr., þar að auki fyrir afgreiðslu «Diönu», fyrir frímerkjasölu og fyrir bókasölu, fje, sem hann vissi eigi upphæðina á, þetta væri allt samtals að minnsta kosti 4600 kr., og væri það forsvaranlegt endurgjald fyrir hvern mann, hversu góður sem hann svo væri.

Breyting nefndarinnar undir 9. tölulið væri að eins orðabreyting; nefndinni hefði þótt rjettara að taka það skýrt fram, að

handritasafn Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn ætti líka að innibindast í sölunni.

Halldór Kr. Friðriksson kvaðst skyldu reyna, að verða eigi eins persónulegur í ræðu sinni og framsögumaður hefði verið, því að það hefði verið ósamboðið hverjum menntuðum þingmanni. Hann kvaðst vilja geta þess viðvíkjandi 2. tölulið á atkvæðaskránni, að í þeirri von, að nefndin mundi taka aptur sína breytingaruppástungu, þá kvað hann einnig hina 8 þingmenn mundu taka aptur sína. Að því er breytingaratkvæðið undir 2. tölulið snerti, þá hefði nefndin tekið það aptur, og kvað hann sjer fyrir sitt leyti standa á sama, hvar þóknun sú, er hjer um ræddi, kæmi inn í, og gjörði hann ekkert úr slíku formi; sjer væri nóg, ef landbúnaðarnefndin að eins fengi það fje, er hún hefði unnið til. Hann sagði, að þegar framsögumaður hefði rætt um breytingaratkvæðið undir 3. tölulið og reiknað saman upphæð þá, er póstmeistarinn hefði í laun, þá hefði þetta eigi verið rjett hjá honum, því að fyrst og fremst væri þess að gæta, að skylda stjórnarinnar væri að sjá svo um, að embættismaður, er hún hefði skipað með föstum launum, þyrfti eigi að taka af hinum föstu launum sínum til þess, að borga þau útgjöld, er að skrifstofukostnaði lytu, eða önnur þau útgjöld, sem honum væri ætluð sjerstök borgun fyrir. Framsögumanni hefðu reiknazt tekjur póstmeistarans svo fjarska-miklar; hann kvaðst nú eigi skyldu þrátta um það, hve miklar þær væru, en hann yrði þó að segja, að sjer þætti nokkuð hart, ef deildin ætlaði það sanngjarnt, að taka af honum laun hans, af því að hann legði meira á sig, en lögin byðu honum, og gæti með því móti aflað sjer nokkurs, og að menn þannig ættu að missa við það, að þeir legðu hart á sig; það væri og beinlínis auðsjeð, að aukakostnaður póstmeistarans væri svo mikill, að hann þyrfti að taka af fje því, er honum hefði verið ætlað í föst laun. Sjer fyndist því, að þegar um þetta efni væri að ræða, þá væri talað til tilfinningar fjárlaganefndarinnar, hvort sæmilegt væri, að þau laun, er embættismanninum væru gefin til þess að hann gæti staðið straum af embættiskostnaði sínum, skyldu eigi nærri því hrökkva til hans. Að því er breytinguna undir 4. tölulið snerti, þá hefði framsögumanni og landshöfðingja komið það óvart, að hann skyldi vera ritaður undir breytingaruppástungu þessa ásamt hinum öðrum þingdeildarmönnum. Hann sagði, að þegar hann talaði sem kennari latínuskólans, þá væri það fjærri sjer, að hafa á móti breytingaratkvæði þessu, því að það ljetti á sjer og hinum öðrum kennurum; en hverju væri skólinn bættari með þessu?; það væri auðvitað, að það yrði nokkru hægra fyrir kennarana, en óþarft væri það. Hann kvaðst geta eins vel talað um þetta mál og framsögumaður, og ætla, að hann jafnvel gæti betur dæmt það, þar sem framsögumaður hefði aldrei við nokkurn skóla verið, og þekkti ekkert til skóla og kennslu í þeim. Eins og kunnugt væri, væru svo og svo margar stundir af kennslustundunum í latínuskólanum, er tímakennarar kenndu í, og það mætti eins vel hafa tímakennara í sumum greinum og fasta kennara, og til hvers væru svo þessar 2000 krónur, er hjer um ræddi, ætlaðar? til þess, að fá fastan kennara í þessum kennslutímum, og borga honum með þessum 2000 krónum fyrir þá kennslu, sem yrði helmingi ódýrri með tímakennurum; en til gagnvísindakennslu væri eigi ætluð svo mikið sem ein stund, og eigi einn eyrir, ekkert hús, enginn klefi væri til fyrir þá kennslu. Ef því deildin vildi bæta við skólann gagnfræðakennara og veita fje úr landssjóði handa honum, þá kvaðst hann skyldu vera manna fúsastur til þess að samþykkja það, en hjer væri eigi til þessa ætlazt, heldur að eins til þess að fastur kennari yrði skipaður við skólann, er tæki að sjer kennsluna í þeim stundum, er tímakennarar áður hefðu kennt í. Ef framsögumanni þætti kennsla sín í þjóðverskri tungu ónóg, þá væri það ljóst

dæmi fyrir því, að óþarfi væri, að bæta enn fleiri vísindagreinum við; og ef svo væri, að þekking skólapilta í þýzku væri ónóg, þá kæmi það til af því, að tíminn væri of naumur; því að það kvaðst hann geta sagt með sönnu, að skólapiltar hefðu fyllilega lært í þýzku það, er reglugjörðin frá 1850 heimtaði, lengra hefði hann aldrei þótzt þurfa að fara; enda vissi hann heldur eigi til þess, að kennsla þessi væri svo ónóg eða þekking skólapilta í þýzkri tungu svo ófullkomin, að aðfinningarvert væri, enda hefði hingað til enginn yfirboðara sinna að lakri kennslu hjá sjer fundið; ef framsögumaður ætlaðist til þess, að skólapiltum væri kennt að skrifa og tala þýzka tungu, þá kvaðst hann sannarlega skyldu gjöra það, því að hann treysti sjer vel til þess, þótt framsögumaður aldrei nema áliti sig eigi færan til þess; en þá yrði að vera nægur tími til þessa og þýzku-kennslunni að ætla fleiri stundir. En ef þingdeildarmenn fylgdu því svo fast fram, að þessum 16200 kr. yrði breytt í 18200 kr., þá kvaðst hann eigi skyldu berjast á móti því, en hann kvaðst eigi geta sjeð, að nokkuð væri unnið með þessu nema að fleygja út fje til einskis gagns. Að öðru leyti væri það um nýju málin að segja, að peninga hefði eigi vantað til þess að kenna þau, heldur hefði tímann vantað, en hann fengist eigi með peningum, eða þótt töluupphæðum væri breytt; kvaðst hann og ætla, að eigi þyrfti að tortryggja skólastjóra um, að hann væri fær um að kenna frakknesku, og ímyndaði hann sjer, að skólastjóri mundi eins geta kennt hana hjer eptir, eins og hann hefði áður kennt hana; sama væri að segja um enskuna, að sumir af kennurunum gætu bæði skrifað hana og talað, og mundi þeim, eins og að undanförnu, trúandi fyrir að kenna hana. Sjer fyndist því ekkert á unnið með þessum kennara, svo lengi sem gagnfræðakennslan kæmist eigi á; en ef deildin ljeti sjer svo mjög annt um þetta, þá kvaðst hann eigi skyldu gefa atkvæði sitt á móti því; en það yrði hann að segja, að sem kennari gæti hann verið með þessari ákvörðun, en sem þingmaður yrði hann að vera á móti henni. Að því er snerti breytingaruppástungur nefndarinnar undir 5. tölul., að «til umsjónar 1000 kr.» innan stryks komi utan stryks «1000 kr.», þá væri ekki gott að skilja, hvað meint væri með þessu orði «utan stryks»; sumir skildu það svo, að umsjónarmanninum ættu að veitast 1000 kr. fyrir árið 1878, en ekkert fyrir árið 1879, en sumir skildu það svo, að umsjónarmaðurinn ætti að fá 500 kr. fyrir hvort af árunum eða 1000 kr. fyrir bæði árin til samans; en hann fyrir sitt leyti kvaðst skilja það svo, sem umsjónarmaðurinn ætti að fá 1000 kr. að eins fyrir árið 1878, og að hann ætti þannig að fara frá við nýár 1879. Sjer hefði nú þótt gaman að sjá, hvernig farið mundi hafa verið að, ef umsjónarmaðurinn hefði átt að fara frá skólanum nú við nýár 1878; en nú væri bætt úr því, og sagt, að hann skyldi eigi fara frá, fyr en að ársfresti liðnum. En þá vildi hann spyrja, hvort framsögumaður væri svo skyni skroppinn, að hann ætlaði, að einskis annars umsjónarmanns þyrfti með en kennaranna; hann yrði þó að gæta þess, að nú væru fleiri lærisveinar í skóla en vant væri, enda kvaðst hann og hyggja, að skólahúsið sjálft ætti eigi að vera eptirlitslaust; líklega ætlaðist framsögumaður eigi til þess; en hver ætti þá að hafa umsjón yfir húsinu? ef til vill landshöfðinginn eða stiptsyfirvöldin? Þetta væri því beinlínis sama sem að segja landshöfðingjanum, að hann skyldi hafa hina daglegu umsjón sjálfur; og sjer þætti gaman að sjá, til hvers þetta leiddi; það mundi án efa leiða til þess, að landshöfðinginn árið 1879 stæði uppi ráðalaus og peningalaus; því að þótt landshöfðinginn reyndar hefði sagt, að hann treysti því, að þingið 1879 veitti með fjáraukalögum launastyrk þann, er hjer um ræddi, og að hann því eigi mundi mæla móti ákvörðun þessari, þá kvaðst hann ætla, að fjáraukalögin 1877 hefðu eigi gengið svo greiðlega, að rjett væri eptirleiðis að treysta mjög fjáraukalögum, og þótt svo hefði verið, að þingið 1877 hefði eigi gefið ástæðu til neinnar tortryggingar í þessu efni, þá ætlaði

hann þó eigi vert að eiga undir fjáraukalögum svona löngu á undan. Hann kvaðst vilja hafa þetta hreint og ljóst; því að hver gæti fullyrt það, að þingið 1879 yrði samdóma landshöfðingja um, að hann hefði gjört þetta á hinn haganlegasta hátt, eða eigi brúkað meira fje, en hann hefði þurft til umsjónarinnar. Það væri því auðsjeð, að landshöfðinginn og stiptsyfirvöldin mundu standa uppi með hendurnar tómar við nýár 1879. Hann kvaðst eigi heldur sjá, hvaðan framsögumaður ætlaði að taka þá skyldu, er hvíla ætti á kennurunum, til þess að hafa umsjón á hendi í skólanum. Það væri auðvitað, að það væri hjer við skólann sem hvar annarstaðar, að kennararnir ættu að hafa umsjón með piltum, meðan þeir væru í kennslustundunum, en það væri hvergi siður, að kennararnir ættu að hafa umsjón yfir þeim að kennslustundunum liðnum; það sýndi fáfræði framsögumanns að ætla slíkt, og væri því eigi vert fyrir hann að leggja orð í mál þetta. Ef framsögumaður eða þingdeildin væri óánægð með þann umsjónarmann, er nú væri við skólann, hver væri þá að biðja um að hafa hann: það væri þá eigi annað, en láta hann fara frá. Hann kvaðst vilja spyrja landshöfðingjann, hvort hann þættist eigi nú þegar hjer á þingi hafa fengið nægar bendingar til þess að breyta um umsjónina frá því, sem nú væri; hann kvaðst vona, að nú væri búið að ræða mál þetta svo mikið hjer í deildinni, að landshöfðinginn hefði fyllstu ástæðu til að laga sig eptir þeim; og þótt nú þingið veitti honum þessar 1000 kr. einnig fyrir árið 1879, til þess að taka af þeim það, er nauðsynlegt væri, til þess að koma umsjóninni haganlega á, þá sæi hann eigi, að neinn skaði væri gjörður með því; því að landshöfðinginn hefði enga skyldu að brúka allt það fje til umsjónarinnar. Hann vildi spyrja, hvort þingið hefði sjeð, hvað það væri, að neita um fje þetta; það væri hin mesta tortryggni til landshöfðingja. Hann kvaðst sannarlega hafa það traust til landshöfðingja í peningalegum efnum, að hann mundi eigi brúka fje vort að óþörfu; og þótt landshöfðingjanum væri veitt fje þetta til umsjónar, þá væri hann saunfærður um, að hann mundi gjöra sjer allt far um, að umsjónin yrði sem kostnaðarminnst, og jafnvel kostnaðarlaus, ef auðið væri. Þar sem framsögumaður hefði sagt, að kostnaðurinn við skólann næði engu lagi, þá gæti það vel verið, að kostnaðurinn við hann væri mikill, en það kæmi eigi til af því, að umsjónarmaðurinn væri við skólann; það væri eigi umsjónarmanninum að kenna eða sökum hans, þótt t. a. m. gjöra þyrfti við skólahúsið, eða mikið gengi upp af ljósum og eldivið, og þar sem framsögumaður hefði sagt, að í Metropolitanskólanum í Kaupmannahöfn gengju að eins 57 kr. til ljósa, en hjer svo og svo mikið, þá kvað hann sig ekkert mundu hafa undrað, þó framsögumaður hefði sagt, að enginn einn eyrir gengi þar til ljósa, því að þess væri að gæta, að lærisveinar í Metropolitanskólanum færu eigi í skólann fyr en kl. 9 á morgnana, en væru eigi í skólanum síðari hluta dagsins, svo að þeir þyrftu þannig eigi á ljósi að halda, nema ef til vill að eins fyrstu stundina, er þeir væru í skólanum á morgnana, og það þó eigi nema mjög lítinn tíma ársins, þar sem aptur hjer í skólanum ljós væru stundum höfð frá kl. 7—10 og frá kl. 4—11. Hann kvað það eigi duga að bera slíkt fram sem þetta, því að það væri þingmönnum ósæmilegt, og væri eigi til annars en að villa sjónir fyrir rjettum skilningi á málinu. Ef umsjónarmaður sá, er nú væri við skólann, gjörði eigi sína skyldu, þá væri betra að ganga hreint framan að honum og finna beinlínis að því við hann, en að vera með dylgjur að baki honum. Viðvíkjandi þeirri skyldu, er kennararnir við latínuskólann hefðu, til þess að hafa umsjón með lærisveinunum, kvaðst hann ímynda sjer, að enginn mundi bera sjer á brýn, að hann liti eigi neitt eptir piltum, enda vissi hann eigi heldur til þess, að nein óeining væri meðal kennaranna í þessu efni. Hann kvað framsögumann hafa brugðið sjer um, að það væri ýmislegt annað, er hann hefði fyrir stafni; kvað hann framsögumann eigi þurfa

að bregða sjer um slíkt, því að hann vissi eigi, hverjum tíma hann verði til þeirra starfa; enda vissi hann eigi til, að hann vanrækti störf sín í skólanum, og þar sem framsögumaður hefði brugðið sjer um það, að hann væri í bæjarstjórninni, þá mætti þó þingmaðurinn líklega vita, að það væri bein lagaskylda, er eigi yrði undan skorazt. En þótt hann nú aldrei neina hefði önnur störf á hendi auk kennslustarfa sinna, þó hefði hvorki framsögumaður nje aðrir neitt um það að segja, meðan þeir eigi gætu sýnt og sannað, að hann vanrækti kennslustörf sín eða skyldu sína, en það kvað hann yfirboðendur sína aldrei hafa hingað til borið sjer; og hann kvaðst vilja spyrja, hvernig hann hefði opt og einatt haft tíma til þess að gjöra það, er hann hefði gjört og lægi fyrir utan embætti sitt? eigi með öðru móti en því, að leggja á sig næturvökur; stjórnin hefði eigi verið ríflegri en svo við sig, að til þess að geta haft ofan af fyrir sjer og sínum, þá hefði hann orðið að vaka á næturnar, og gæti hann eigi sjeð, að slíkt gæti verið sjer til niðrunar. Hann kvað sjer og skiljast svo, að framsögumaður ætlaðist til þess, að þeir kennararnir skyldu erfiða bæði dag og nótt, til þess að halda í sjer lífinu.

Að því er snerti 11. og 13. tölulið, þá kvaðst hann eigi ætla að gjöra neitt kappsmál úr því. Ef deildin vildi heldur aðhyllast uppástungu nefndarinnar en hinna 8 þingdeildarmanna, þá væri sjer það alveg sama, og ætlaði hann því eigi að fást meira um það.

Landshöfðinginn: Jeg skal svara hinum heiðraða þingmanni Reykvíkinga því, að umræður þær, er fram hafa farið í þessu máli, gefa mjer fyllstu hvöt til þess að reyna að koma umsjóninni við hinn lærða skóla fyrir á annan hátt en verið hefur hingað til. Það er eigi um þetta atriði, að okkur þingmanni Reykvíkinga kemur eigi saman, heldur hitt, að jeg hefi lýst fullu trausti til þingsins um fjárveitingu til umsjónar við skólann, ef á þarf að halda, þrátt fyrir meðferð þess á fjáraukalögunum núna. Mig furðar á því, að þingmaður Reykvíkinga, svo skarpur maður, skuli hafa misskilið uppástungu mína um að veita fje handa 1 föstum kennara við skólann, en jeg byggði hana einmitt á því, að gagnfræðakennslu skyldi innleiða sem fyrst að verða mætti, og held jeg, að deildin hafi einmitt í þessu skyni samþykkt uppástungu mína. Deildin hefur verið því samdóma, að nauðsynlegt væri að útvega handa skólanum nýjan kennara í hinum nýrri málum. Eða heldur þingmaður Reykvíkinga, að rektor geti tekið að sjer allar kennslustundir í frakknesku, þegar hana á að kenna gegnum alla bekki skólans?

Framsögumaður kvaðst að eins vilja minna á 2. grein launalaganna; þingmaður Reykvíkinga hefði beint þeirri spurningu að sjer, hvort það mundi löglegt, að bjóða kennurunum að taka að sjer umsjónina í skólanum, en hann gæti eigi svarað honum með öðru en því, sem stæði í 2. gr. launalaganna 15. okt. 1875; þar segði svo: «Embættismenn þeir eða sýslunarmenn, sem skipaðir eru með launum, sem ákveðin eru í launalögum, skulu skyldir til að láta sjer lynda breytingar þær á yfirgripi og ásigkomulagi embættisstarfa þeirra, sem seinna kynni að verða mælt fyrir um, þótt eigi sje neitt áskilið um það í veitingabrjefum þeirra». Af þessu væri bert, að kennararnir væru að lögum skyldugir til þess að takast umsjónina á hendur, og vonaði hann, að með þessu væri fullsvarað spurningu hins háttvirta þingmanns Reykvíkinga. En sannleikurinn væri sá, að þeir vildu hafa hærri laun, en þeim væri eigi eins mikið um að fylla skilyrði þau, sem launin væru veitt með. Það gæti vel verið, að töluverð störf og örðugleikar fylgdu kennaraembættinu, en nú hefðu þeir og fengið hærri laun, en það með því skilyrði, að þeir auki nokkuð verkahring sinn, svo framarlega sem umboðsstjórnin skipaði þeim það. Hann vildi eigi vera persónulegur, en þó yrði hann að segja það, að hann hjeldi, að kennarar hefðu eigi of mikið að gjöra. Umsjónarmaður sjerstakur hefði þótt óþarfur í Hólaskóla, Skálholts-

skóla, Bessastaðaskóla og Reykjavíkurskóla hinum eldri, og væri hann því jafnóþarfur nú í Reykjavíkurskóla hinum yngri. Þingmanninum mundi og örðugt veita að sanna, að útgjöldin til skólans hefðu minnkað, síðan þar var settur sjerstakur umsjónarmaður, því að hann gæti einmitt sýnt honum það gagnstæða, að þau hefðu aukizt, og það töluvert, og væru allt af að aukast. Þingmaðurinn hefði og spurt sig, hvort hann virkilega ætlaðist til, að sjálfur landshötðinginn liti eptir skólanum; já, hann skyldi játa, að hann ætlaði það engan veginn of vaxið landshöfðingjanum, og meira að segja, hann áliti það skyldu hans, að líta eptir, hvernig fje því væri varið, er veitt væri til skólans, og yfir höfuð að hafa aðal- eða yfirumsjón með skólanum, og sömuleiðis ephoratið. En kennararnir ættu að hafa nákvæmt eptirlit með piltum, og fyndist sjer það eðlilegt, og eiga bezt við, og hann tryði þingmanni Reykvíkinga manna bezt (þó þetta væri nú persónulegt) til að líta eptir skólahúsinu, bæði utan stokks og innan.

Þorsteinn Jónsson kvaðst ekki ætla að tala um skólamálið, en við 2. umræðu hefði verið mikið talað um gufuskipsferðirnar, en með engu orði minnzt á Vestmannaeyjar, enda hefði nefndarálitið ekki gefið tilefni til þess, en hann hefði þá eigi verið vel frískur, og því hefði hann þá ekki talað neitt um þetta mál, og hefði hann þó haft áskorun frá sýslufundi á Vestmannaeyjum að fram fylgja bænarskrá, sem hann hefði haft í hitt eð fyrra. En úr því svona væri komið, þá sæi hann engin önnur ráð en að snúa sjer til landshöfðingja, og biðja hann að sjá um, að ófrávíkjanleg ákvörðun verði sett í ferðaáætlun póstskipsins um, að skipið skuli koma við í Vestmannaeyjum í hverri ferð, sem það á að fara sunnan um land. Áður hefði reyndar verið ákvörðun um þetta í athugasemdum við ferðaáætlunina, en sú ákvörðun hefði orðið að mjög litlum notum, þar sem skipið hefði opt ekki komið við, þó blíðuveður hefði verið. Hann sagðist annars eigi geta skilið, hvers vegna nefndin hefði eigi með einu orði minnzt á Vestmannaeyjar í þessu tilliti, heldur en þær væru ekki til, nema svo væri, að það sæti fast í nefndarmönnum síðan um daginn, þá rætt hefði verið um sýslumannamálið, að Vestmannaeyjar væru grónar við Rangárvallasýslu, en hann gæti fullvissað þá heiðruðu nefndarmenn um, að svo væri eigi enn, og mundi að líkindum aldrei verða, heldur væri sund á milli nógu djúpt fyrir póstskipið og það svo illt yfirferðar, að eigi gæfi til lands á stundum í heila mánuði, og það jafnvel um hásumar; kaupamenn hefðu til dæmis ætlað í kaupavinnu í Rangárvallasýslu í fyrra-sumar, en með engu móti komizt í land, þar til þeir loksins hefðu tekið það ráð, að fara með gufuskipi, sem hefði legið af sjer veður við Vestmannaeyjar, suður til Reykjavíkur og farið svo á fæti austur. Þannig væru Vestmannaeyingar afskiptir öllum samgöngum við meginlandið, og vonaði hann, að menn sæju, hve sanngjarnt og nauðsynlegt það væri, að ráðin væri bót á þessu, enda treysti hann landshöfðingja manna bezt til þess.

Halldór Kr. Friðriksson kvaðst eigi mundu langorður í þetta sinn; hann vildi að eins svara fáum orðum landshöfðingja. Skólastjóri hefði eigi síður tíma til að kenna frakknesku eptir nýju reglugjörðinni, heldur en hinni gömlu; því að kennslustundafjöldinn væri eptir hinni nýju reglugjörð hinn sami og áður, en ef auka ætti tímafjöldann, þá yrði og að auka húsrúm, því að gagnfræðakennslan gæti eigi að öllu leyti verið saman við hina kennsluna, og heldur eigi á öðrum tímum, því að síðari hluta dags sætu piltar í bekkjunum til þess að lesa undir næsta dag, en hann sæi eigi, að nokkurt fje hefði verið veitt til þess að auka húsrúm í skólanum, en ef landshöfðingi treysti sjer til að bæta herbergi við skólann, þá sæi hann, að auðið væri að koma á þessari gagnfræðakennslu, en annars væri það með öllu frágangssök. Þótt skólastjóri hefði eigi tíma til að kenna frakknesku allar stundirnar, með því að tilhlýði-

legt þætti, að hann hefði kennslu í hinum eldri málum, þá væru 2 aðrir kennarar, er gætu tekið að sjer kennslu í þessari tungu. Hann hefði aldrei lofað að greiða atkvæði með því, að settur væri nýr fastur kennari, en hann hefði að eins lofað, að greiða eigi atkvæði á móti því. Hann hefði ekkert á móti, að tímakennarar væru fleiri en 1, heldur þætti sjer það þvert á móti mjög æskilegt, til þess að síðar yrði valið úr þeim. Framsögumaður hefði eigi talið eptir landshöfðingja, að hafa umsjón í skólanum, en hann ætlaðist þó líklega eigi til, að dyravörður hlypi til hans í hvert skipti, sem eitthvað bilaði, til þess að spyrja hann, hvort gjöra mætti að þessu o. s. frv. Að sínu áliti þyrfti duglegan mann til eptirlits með piltum og umsjónar með skólahúsinu, en hann fengi eigi skilið lögin svo, að skylda mætti kennarana til þess að takast þessa daglegu umsjón á hendur, enda væri þeim það alls eigi unnt, þar sem þeir byggju úti í bæ, eins og hann víst vissi, og þótt honum mundi veita full örðugt að sanna það með rökum, að kostnaðurinn til skólans hefði orðið meiri, síðan fastur umsjónarmaður hefði verið settur þar, þá mundi honum þó veita enn örðugra að sanna, að hann yrði minni 1879, er enginn fastur umsjónarmaður væri við skólann, því að hann yrði meiri.

Framsögumaður kvaðst nú vilja svara þingmanni Reykvíkinga á þjóðversku: »mit vielem hält man Haus, mit wenigem kommt man aus»; hann hefði verið að kvarta um, að umsjón vantaði, ef þetta sjerstaka umsjónarmannsembætti væri tekið af, því að kennararnir byggju niðri í bæ, en nú væri svo vel, að einn af kennurunum, nefnilega rektor, byggi í skólanum, og þess utan gæti einn einhleypur kennari búið þar, og ætti hann að minnsta kosti að hafa umsjónina. Sömuleiðis hefði hann álitið ótækt að bæta við gagnfræðakennslu, af því að húsrúm vantaði til þess, en hann vildi spyrja, hvort þingmaðurinn þekkti eigi þennan sal, sem þeir nú sætu í, og hvort hann eigi mundi verða hafður til þessa. Hann vissi fyrir sitt leyti eigi til, að þessi salur væri brúkaður til annars en að halda kennarafundi í, og svo til hátíðahalds, og hjeldi hann því, að ef mönnum væri þetta nokkuð áhugamál, þá mætti vissulega komast af með þennan sal til gagnfræðakennslu, en það væri vitaskuld, að ef menn vildu spyrna á móti öllum framförum og öllu því, er betur færi, með höndum og fótum, þá þætti mönnum allt ómögulegt og ógjörningur, en ef umboðsstjórnin gæti komið þessu fyrir, svo að vel færi, án mikils tilkostnaðar, þá gæti hann eigi skilið, að neinn maður, sem annars vildi nokkuð styðja framfarir, gæti verið þessu máli mótfallinn af þessum ástæðum, sem auðsjáanlega væru eigi á neinum rökum byggðar.

Landshöfðinginn kvaðst alveg samdóma 1. þingmanni Gullbringu— og Kjósarsýslu um það, að mögulegt væri, að stofna gagnfræðakennslu hjer án sjerstaks kostnaðar til þess að auka húsrúm, en það væri sjálfsagt að bæta 1 herbergi við til þessa.

Framsögumaður kvaðst vilja vekja athygli þingmanna á því, áður gengið væri til atkvæða, að nefndin tæki aptur 1. tölulið, því þetta væri samningur við einstakan mann, sem raskaðist, ef fjeð væri eigi veitt.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og var þá gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. Við 10. gr. C, 3.: Nefndin og 8 þingmenn: að þessi töluliður falli burtu, tekið aptur.
2. Við 10. gr. C: Nefndin: að aptan við 10. gr. C bætist nýr töluliður (10.): «þóknun handa landbúnaðarnefndinni, sem var, 1000 kr.«, sömuleiðis tekið aptur.
3. Við 12. gr. 3.: 6 þingmenn: að »1600, 1400, 3000» breytist í: «1900, 1700, 3600», fellt með 14 atkvæðum gegn 7.
4. Við 13. gr B, III, a: 8 þingmenn: að «18200« breytist í: «16200» tvívegis, fellt með 17 atkvæðum.
5. Við 13. gr. B, III, b, 1.: Nefndin: að fyrir «Til umsjónar 1000 kr.» innan

stryks komi utan stryks «1000», samþykkt með 14 atkvæðum gegn 5.

6. Við 13. gr. B, III, b, 2. Nefndin: að fyrir »660» innan stryks komi: «760», samþykkt með 17 atkvæðum.
7. Við 13. gr. B, III, c, 4: 8 þingmenn: að «500» breytist í: «1060», tekið aptur.
8. Við 13. gr. B, III, b, c: Landshöfðinginn: að við þennan staflið bætist nýr töluliður (8): »Fyrir prestsverk 48 kr.» innan stryks, samþykkt með 15 atkvæðum.
9. Við 13. gr. C, 7: Nefndin: að fyrir «til alþingismanns . . . . handa Íslandi» komi: «Fyrir bóka- og handritasafn Jóns alþingismanns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn», samþykkt með 20 atkvæðum.
10. Við 14. gr.: Nefndin: að fyrir «34000 kr.» komi: «48000 kr.», og að aptan við greinina bætist:
«þar af til fimleikakennara Stenbergs hvort ár 500 kr.;
viðbót við eptirlaun ekkjufrúar Þórunnar Hannesdóttur fyrir hvort ár 450 kr.;
viðbót við eptirlaun ekkjufrúar Elínar Stefánsdóttur fyrir hvort ár 260 kr.»;
tekið aptur af nefndinni.
11. Við 14. gr.: 8 þingmenn: að fyrir «34,000 kr.» komi: «47,000 kr.»; meginhluti 14. gr. samþykktur með 20 atkvæðum, a) Þar á meðal: Til fyrverandi fimleikakennara Stenbergs 1000 kr. Vegna óglöggrar atkvæðagreiðslu var við haft nafnakall og sögðu:

«já:»
Halldór Kr. Friðriksson,
Eggert Gunnarsson,
Guðmundur Einarsson,
Páll prestur Pálsson,
Páll bóndi Pálsson,
Snorri Pálsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:
Ísleifur Gíslason,

«nei:»
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Einar Ásmundsson,
Einar Guðmundsson,
Einar Gíslason,
Grímur Thomsen,
Hjálmur Pjetursson,
Jón Blöndal,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarson,
Þorlákur Guðmundsson;

var staflíðurinn þannig felldur með 12 atkvæðum á móti 9.

b, til frú Elínar Stefánsdóttur 400 kr., fellt með 12 atkvæðum gegn 7.

12. Nefndin: að á eptir 14. gr. komi nýjar greinar (15. og 16.) þannig hljóðandi:
«15. grein.
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja veitast 12000 kr.», samþykkt með 18 atkvæðum.
«16. grein.
Til óvissra útgjalda, sem upp á kunna að koma, veitast 8000 kr.», samþykkt með 19 atkvæðum.
13. 8. þingmenn: að ný grein (15. grein) komi á eptir 14. grein:
«Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og til óvissra útgjalda, sem upp á kunna að koma, veitast 18000 kr., þar á meðal til landbúnaðarnefndinnar 1000 kr.», var fallið við atkvæðagreiðsluna á undan.
14. Nefndin: að ný 17. gr. bætist við, svo látandi: «Eptir á veitist:
1. Til hlutteknings í minningarhátíð háskólans í Uppsölum allt að 2000 kr. samþykkt með 20 atkvæðum.
2. Viðbót við 12. gr. 3., sem endurgjald handa póstmeistaranum og póstafgreiðslumönnum fyrir halla þann, sem þeir hafa beðið af póstmerkjasölunni frá 1. jan. 1875 til 1. ágúst 1876 . . 169
samþykkt með 20 atkvæðum.

yfir um 2169

handan að 2169 kr.

3. Viðbót við 13. gr. B, III, c, 3:
«til að stofna 10 ný heimasveinspláss í hinum lærða skóla 1000 —
Samtals 3169 kr.
samþykkt með 20 atkvæðum.

15. Breytingaratkvæði landshöfðingja við breytingaratkvæði nefndarinnar við 16. grein, samþykkt í einu hljóði.

16. Nefndin: við 16. grein: Greinin breytist þannig:
»Ef frumvörp til skattalaga,
— frumvarp til laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta,
— — — — — vitagjald af skipum,
— — — — — fiskiveiðar þegna Danakonungs, sem eigi eru búsettir á Íslandi,
— — — — — endurskoðun jarðabókarinnar,
— — — — — gjafsóknir,
— — — — — stofnun lagaskóla,
— — — — — stofnun gagnfræða, skóla á Möðruvöllum,
— — viðaukalaga um aðra skipun á læknahjeruðunum,
frumvarp til laga um afnám styrks til útþýtingar gjafameðala,
— — — — — afnám húsaleigustyrks handa lyfsalanum í Reykjavík,
— — — — — afnám konungsúrskurðar 15. apríl 1803,
ná lagagildi á árunum 1878—1879, breytast upphæðir þær, sem til eru teknar í 2., 10., 11. og 13. gr., samkvæmt fyrneíndum lagafrumvörpum.»
16. (18. gr.) með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.

17. Frumvarpið í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt með 20 atkvæðum.

Að því búnu skaut forseti fundinum á frest til kl. 4½.

Kl. 4½ sama dag setti forseti fund aptur, og eptir að hann hafði lesið upp frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879, með þeim breytingum, sem á því voru orðnar, ljet hann greiða atkvæði um það í heild sinni, eins og það nú var lagað, og var frumvarpið þá samþykkt með 18 atkvæðum. Kvað forseti það mundu afgreitt til forseta efri deildarinnar, og var það nú þannig hljóðandi.

FRUMVARP
til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879.

---

1. kafli.

Tekjur.

1. grein.

Á árunum 1878 og 1879 telst svo til, að tekjur Íslands verði 638161.26 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er í 2.—6. gr.

2. grein.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar: 338526.06 kr.

	1878 kr. a.	1879 kr. a.	Alls kr. a.
1. Tekjur af ljenssýslum	5,320	5,320	10,640
2. Lögþingisskrifara-laun	64 3	64 3	128 6
3. Tekjur af umboðssýslugjöldum	1,830	1,830	3,660
4. Konungstíundir	7,646	7,646	15,292
5. Lögmannstollur og fleira	954	954	1,908
6. Nafnbótaskattur	200	200	400
7. Erfðafjárskattur	2,121	2,121	4,242
8. Gjöld af fasteignarsölum	594	594	1,188
9. Gjöld fyrir leyfisbrjef	600	600	1,200
10. Spítalagjald	6,000	6,000	12,000
11. Gjöld af verzlun á Íslandi . . . . 30,000 kr.			
— af póstgufuskipunum . . . . 5,834 —	35,834	35,834	71,668
12. Aðflutningsgjald;			
a, af áfengum drykkjum . . . . . 90,000 —			
b, af tóbaki . . . . . 10,000 —			
100,000 —			
að frádregnum 2% í innheimtulaun . . .	98,000	98,000	196,000
13. Tekjur af póstferðunum	9,500	9,500	19,000
14. Óvissar tekjur	600	600	1,200
Samtals	169,263 3	169,263 3	338,526 6
3. grein.			
Tekjur af fasteignum landssjóðsins o. fl. eru taldar að nemi 64326 kr.			
1. Afgjöld af umboðs- og klausturjörðum, fyrir hvort árið . . . . . 38525 kr.			
að frá dregnum:			
umboðslaunum, prestsmötu o. fl. . . 10180 —	28,345	28,345	56,690
2. Afgjöld af þeim jörðum, sem læknasjóðurinn fyrrum átti, af jörðunum Belgsholti og Belgsholtskoti o. fl.	1,184	1,184	2,368
3. Leigugjöld:			
a, af Lundey . . . . . 134 kr.			
b, af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu 1800 —	1,934	1,934	3,868
4. Tekjur af kirkjum	700	700	1,400
Samtals	32,163	32,163	64,326
4. grein.			
Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru ætlaðar að nemi 45415 kr. 20 aur.			
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	22,000	23,000	45,000
Upp í lán verður borgað:			
á árinu 1878 . . . . . 8700 kr. 37 a.			
- — 1879 . . . . . 6581 — 23 -			
15281 — 60 -			
2. Leigur af andvirði seldra jarða	207 60	207 60	415 20
3. Tekjurnar af hinum íslenzka styrktarsjóði eru ætlaðar að nemi hjer um bil 1766 kr. árlega, og verður þeim varið til þess að auka innstæðufje sjóðsins. Samtals	22,207 60	23,207 60	45,415 20

	1878	1879	Alls.
5. grein.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Endurgjald lána og skyndiláns verður talið 1562 kr.			
1. Gjald upp í lán sökum fjárkláðans á Íslandi. .	250	»	250
2. Gjald upp í lán til þess að byggja upp aptur kirkju Möðruvallaklausturs	440	440	880
3. Gjald upp í lán til þess að byggja kirkju á Eyri	216	216	432
Samtals	906	656	1,562
6. grein.			
Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 188,332 kr.			
Fast árlegt tillag . . . . . 60000 kr.			
Aukatillag á ári . . . . . 40000 —			
100000 —			
að frá dregnum . . . . . 5834 —	94,166	94,166	188,332
Samtals	94,166	94,166	188,332

2. kafli.
Útgjöld.

7. grein.

Á árunum 1878 og 1879 veitast til útgjalda 638,161 kr. 26 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—18. gr.

8. grein.

Útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin 26800 kr., sem sje fyrir 1878: 12400 kr. og fyrir 1879: 14400 kr.

9. grein.

Til kostnaðar við alþingi á árinu 1879 veitast 32,000 kr.

10. grein.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina og fl., veitast 191,859 kr. 32 a. fyrir árin 1878 og 1879.

	1878	1879	Alls
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. laun embættismanna	18,900	18,900	
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað og fleira . .	3,600	3,600	
3. þóknun fyrir endurskoðun íslenzkra reikninga	1,600	1,600	
	24,100	24,100	48,200
B. Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun embættismanna	16,544	16,544	
2. til hegningarhússins í Reykjavík	2,960	2,960	
3. önnur útgjöld	1,820	1,820	
	21,324	21,324	42,648
Yfir um	. . . . .	. . . . .	90,848

	1878	1879	Alls
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
C. Ýmisleg útgjöld: handan að			90,848
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi	1,434	1,434	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir það, að þeir verða að borga undir embættisbrjef, hjer um bil	2,000	2,000	
3. til þess að gefa út «Lovsamling for Island» allt að	1.866 66	1,866 66	
4. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar	705	705	
5. styrkur til jarðarræktar	5,000	5,000	
6. til vegabóta	15,000	15,000	
7. til gufuskipsferða	15,000	15,000	
8. til vitabyggingar á Reykjanesi allt að . . .	»	»	14,000
9. til dómkirkjunnar í Reykjavík	»	»	5,000
Samtals	41,005 66	41,005 66	82,011 32
			191,859 32
11. grein.			
Til útgjalda við læknaskipunina veitast 80,148 kr.			
1. laun lækna	37,726	37,726	75,452
2. önnur útgjöld	2,348	2,348	4,696
	40,074	40,074	80,148
12. grein.			
Útgjöldin við póststjórnina er ætlazt á að verði 28,820 kr.			
1. laun	4,110	4,110	8,220
2. flutningur pósta	8,600	8,600	17,200
3. önnur útgjöld	1,600	1,400	3,000
4. útgjöld sem upp á kunna að koma	200	200	400
	14,510	14,310	28,820
13. grein.			
Til kirkju- og kennslumálefna veitast 165,760 kr.			
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a, laun	8,032	8,032	
b, önnur útgjöld:			
1. til fátækustu brauða 4000			
2. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti 600			
3. til prestaekkna og barna þeirra og styrkur handa fátækum uppgjafaprestum og prestaekkjum 2500			
4. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað 1000	8,100	8,100	
	16,132	16,132	32,264
yfir um			32,264

		1878 kr.	1879 kr.	Alls. kr.
handan að				32,264
B. Kennslumálefni:				
I. til prestaskólans:				
a, laun		10,700	10,700	
b, önnur útgjöld:				
1. húsaleiga handa 12 lærisveinum við prestaskólann, 80 kr. handa hverjum	960			
2. ein ölmusa upp á 200 kr.	200			
3. til tímakennslu	100			
4. — bókakaupa	300			
5. — eldiviðar og ljósa og fl.	300			
6. — umsjónar	100			
7. ýmisleg útgjöld	120	2,080	2,080	
		12,780	12,780	25,560
II. til læknaskólans:				
a, laun		2,600	2,600	
b, önnur útgjöld:				
1. 3 ölmusur upp á 200 kr.	600			
2. til eldiviðar, áhalda, ljósa og fl.	200			
3. til bókakaupa og verkfæra	300			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum	300	1,400	1,400	
		4,000	4,000	8,000
III. til hins lærða skóla:				
a, laun		18,200	18,200	
b, 1. til umsjónar		1000		
2. aðstoðarfje handa söngkennaranum	860			
—— — fimleikakennara	700			
handa dyraverði	760	2,320	2,320	
c, önnur útgjöld:				
1. til bókakaupa	600			
2. til eldiviðar og ljósa	1500			
3. til skólahússins utanstokks og innan	1500			
4. til tímakennslu	500			
5. ölmusur	8000			
6. þóknun handa lækni	100			
7. ýmisleg útgjöld	1200			
8. Fyrir prestsverk	48	13,448	13,448	
		34,968	33,968	68,936
yfir um				134,760

		1878 kr.	1879 kr.	alls kr.
handan að				134,760
C. 1. til stiptsbókasafnsins	400			
2. til amtsbókasafnsins á Akureyri . . .	200			
3. til kvennaskólans í Reykjavík	400			
4. til kvennaskólans á Munkaþverá . . . og leigulaus afnot af Munkaþverá og Bleiksmýrardal.	200			
5. til forngripasafnsins: a, til þess að kaupa forngripi . 400 kr. b, til umsjónar . . . . . 100 —	500			
6. til barnaskóla, sem þegar eru komnir í gang og eiga fullri eign sitt eigið skólahús eða skólajörð	1300	3,000	3,000	6,000
7. Fyrir bóka- og handritasafn Jóns alþingismanns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn . . .				25,000
Samtals				165,760

14. grein.

Til eptirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 47000 kr.

15. grein.

Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja veitast 12000 kr.

16. grein.

Til óvissra útgjalda, sem upp á kunna að koma, veitast 8000 kr.

17. grein.

Eptir á veitist:

1. Til hluttekningar í minningarhátíð háskólans í Uppsölum allt að . . . . 2000 kr.
2. Viðbót við 12. gr. 3., sem endurgjald handa póstmeistaranum og póstafgreiðslumönnum fyrir halla þann, sem þeir hafa beðið af póstmerkjasölunni frá 1. jan. 1875 til 1. ágúst 1876 . . . . . 169 —
3. Viðbót við 13. gr. B, III, c, 3, til að stofna 10 ný heimasveinspláss í hinum lærða skóla . . . . . 1000 —

samtals 3169 —

18. grein.

Afganginn, sem fyrst um sinn er ætlaður að verði 42,604 kr. 94 a., skal leggja til viðlagasjóðsins.

19. grein.

Ef frumvörp til skattalaga,
— — — laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta,
— — — — — vitagjald af skipum,
— — — — — fiskiveiðar þegna Danakonungs, sem eigi eru búsettir á Íslandi,
— — — — — endurskoðun jarðabókarinnar,

ef frumvarp til laga um gjafsóknir,
— — — — — stofnun lagaskóla,
— — — — — gagnfræðaskóla á Möðruvöllum,
— — — — — breytingu á gjöldum þeim, er hvíla á jafnaðarsjóðunum,
— — — — — rjettindi Ábæjarkirkju í Skagafirði,
— — — viðaukalaga við lög um aðra skipum á læknahjeruðunum,
— — — laga um afnám styrks til útbýtingar gjafameðala,
— — — — — afnám húsaleigustyrks handa lyfsalanum í Reykjavík,
— — — — — afnám konungsúrskurðar 15. apríl 1803,
ná lagagildi á árunum 1878—1879, breytast upphæðir þær, sem til eru teknar í 2., 10., 11. og 13. gr., samkvæmt fyrnefndum lagafrumvörpum.

FYRSTA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 39. fundi efri þingdeildarinnar, 18. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879, og hafði því verið útbýtt meðal þingmanna á fundi daginn áður.

Bergur Thorberg sagði, að af því þetta mál þyrfti nákvæmrar yfirvegunar við, vildi hann stinga upp á 5 manna nefnd í þetta mál, eptir að því væri vísað til 2. umræðu.

Síðan var málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði, og 5 manna nefnd samþykkt í einu hljóði, og kosnir:

Árni Thorsteinson 10 atkv.
Bergur Thorberg 10 —
Magnús Stephensen 8 —
Eiríkur Kúld 7 —
Sighvatur Árnason 6 —

og málið afhent hinum 2. konungkjörna þingmanni. Í nefndinni var Bergur Thorberg kosinn formaður og framsögumaður og Magnús Stephensen skrifari.

NEFNDARÁLIT
um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879.

Hin háttvirta efri deild alþingis hefur kosið oss, sem ritum nöfn vor hjer undir, í nefnd til að íhuga og segja álit vort um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879, eins og það er samþykkt af neðri deild þingsins við 3. umræðu.

Þar sem svo mjög var liðið á þingtímann, er fjárlagafrumvarpið kom til efri deildarinnar, hefur nefndin álitið sjer skylt að flýta störfum sínum sem mest, enda hefur hún fengið áskorun frá landshöfðingja í sömu stefnu; sökum þessa hefur nefndin eigi getað gefið sjer tóm til að rannsaka nefnt frumvarp eins grandgæfilega, eins og hún að öðrum kosti hefði viljað, nje að leita þeirra skýrslna um einstakar gjaldagreinir, sem henni hefði þótt æskilegt að hafa fyrir sjer. Um leið og nefndin lætur þessa getið, skal hún leyfa sjer að láta uppi álit sitt um hinar einstöku greinir frumvarpsins, er henni virðist nokkuð athugavert við, á þessa leið:

Um 1. kapítula
frumvarpsins eða tekjubálkinn og breytingar þær, sem orðið hafa á honum í neðri deildinni, hefur nefndin ekkert sjerstaklegt fundið að athuga.

Um 2. kapítula.
10. grein A. 2.

Þessa gjaldagrein, sem í frumvarpi stjórnarinnar er 4000 kr. fyrir hvort árið, hefur neðri deildin eptir uppástungu nefnd-

arinnar þar sett niður í 3600 kr., eða með öðrum orðum, sett niður skrifstofufje amtmannanna um 200 kr. hjá hvorum. Að vísu eru engar ástæður færðar fyrir þessari lækkun í álitsskjali tjeðrar nefndar, en vjer gjörum ráð fyrir, að þær sjeu hinar sömu, sem rjeðu álitum, þegar neðri deildin felldi stjórnarfrumvarpið til fjáraukalaga fyrir árin 1876 og 1877. Með því að efri deildin þegar hefur látið í ljósi þá skoðun sína undir umræðunum og með atkvæðagreiðslunni um fjáraukalagafrumvarpið, að amtmönnunum beri rjettur til þess skrifstofufjár, sem þeim er ætlað í stjórnarfrumvarpinu, virðist nefndinni óþarft, að fara frekara út í það atriði; en þó að nefndin haldi fast við þessa skoðun efri deildarinnar, þykir henni ekki nauðsynlegt að stinga uppá að hækka gjaldlið þann, sem hjer ræðir um, með því að hún gjörir ráð fyrir, að málefnið verði lagt undir úrslit dómstólanna, enda hefði henni þótt eðlilegast, að appástunga um þessa hækkun hefði komið fram af hálfu stjórnarinnar.

10. grein. B. 1.

Þennan gjaldlið hefur neðri deildin sett niður um 664 kr. á ári, þar sem hún hefur numið burt launaviðbót jústitíaríi 232 kr., og launaviðbót fyrsta assessors 432 kr. Með því að jústitíaríus hefur fengið lausn frá embætti sínu, er það rjett, að launaviðbót sú, sem honum var ætluð í stjórnarfrumvarpinu, sje burtu numin, en öðru máli er að gegna um launaviðbót fyrsta assessors, sem enn þá situr í embætti sínu, þó hann nú þjóni jústitíaríus-embættinu sem settur. Nefndin verður að álíta formlegra og samkvæmara 25. grein stjórnarskrárinnar, að launaviðbót fyrsta assessors sje haldið óbreyttri, þó að það sje vitaskuld, að ekki verði tekið til hennar, ef hann verður skipaður í annað embætti á undan fjárhagstímabilinu.

10. grein. B. 3.

Neðri deildin hefur fært þessa gjaldagrein upp um 100 kr. á ári, og stendur svo á því, að hún hefur numið burt þær 500 kr., sem fyrsti assessor í yfirdóminum hefur haft fyrir að leggja út á dönsku dómsgjörðir í opinberum málum og gjafsóknarmálum, sem áfrýjað er til hæstarjettar, en aptur aukið 600 kr. á ári við þóknun þá, sem hinum settu málaflutningsmönnum við yfirdóminn hingað til hefur verið veitt. Þó að nefndin verði að vera þeirrar skoðunar, að þingið ætti að fara varlega í að hækka slíkar gjaldagreinir fram úr því, sem stjórnin álítur nægja, vill hún ekki leggja á móti því, að efri deildin fallist á þessa hækkun, en á hinn bóginn verður nefndin að ráða frá því, að þóknunin fyrir danska þýðingu á dómsgjörðunum í þeim málum, sem áfrýjað er til hæstarjettar, sje alveg felld úr, með því það að áliti nefndarinnar mundi koma í bága við 25. gr. stjórnarskrárinnar. Þessi þóknun er sem sje heimiluð með konungsúrskurði 22. apríl 1834, þar sem segir, að fyrsti assessor í yfirdóminum skuli hafa það starf á hendi að leggja dómsgjörðir út á dönsku fyrir 300 kr. þóknun á ári, og meðan þessi konungsúrskurður ekki er úr gildi felldur, verður nefnd þóknun ekki af numin með fjárlögunum. Nefndin stingur því upp á, að þessi gjaldliður verði hækkaður um 300 kr. á ári; að vísu hefur þóknunin undanfarin ár verið 500 kr. á ári, með því að launabót sú, 200 kr. á ári, sem fyrsta assessor var veitt með konungsúrskurði 1. júní 1848, hefur verið skoðuð sem viðbót við þóknunina fyrir útleggingarnar, en þar sem það ekki með berum orðum er sagt í konungsúrskurðinum, álítur nefndin, að ekkert sje því til fyrirstöðu, að þessar 200 kr. nemist burtu.

10. grein C. 3.

Hjer eru ætlaðar 1866 kr. 66 a. á ári til þess að gefa út lagasafn fyrir Ísland, en í fjárlögunum fyrir árin 1876 og 1877 voru í þessu skyni að eins veittar 1866 kr. 66 a. fyrir bæði árin. Með því nú að ekki virðist ástæða til að gjöra ráð fyrir, að meira en 1 bindi af tjeðu lagasafni komi út á fjárhagstímabilinu, og skal í því efni takið fram, að á undanförnum 6 árum (1872—1877) hefur að eins komið út eitt bindi, virðist nefnd-

inni nægilegt, að veittar sjeu fyrir bæði árin einar 1866 kr. 66 a.

10. grein C. 5.

Með því að nefndin álítur eigi síður æskilegt, að lagt sje fram fje úr landssjóði til eflingar sjávarútvegarins en jarðræktarinnar, stingur hún upp á, að þær 5000 kr. á ári, sem til færðar eru í þessum gjaldlið, sjeu veittar sem »styrkur til jarðræktar og til eflingar sjávarútvegi».

10. grein C. 9.

Eins og sjá má á álitsskjali fjárlaganefndarinnar í neðri deildinni, hefir hún ætlazt til, að auk þeirra 5000 kr., sem hjer eru ætlaðar handa dómkirkjunni í Reykjavík, væri stjórninni veitt heimild til að lána kirkjunni allt að 20,000 kr. úr viðlagasjóði, sem ásamt því, sem kirkjan á í sjóði, mundi nægja til höfuð-aðgjörðar þeirrar, sem álitin er nauðsynleg. En með því að stjórninni ekki verður veitt slík heimild í nefndaráliti, stingur fjárlaganefnd efri deildarinnar upp á, að við þennan gjaldið sje bætt innan stryks: »Þar að auki veitist stjórninni heimild til að lána dómkirkjunni allt að 20,000 kr., sem borgist af tekjum kirkjunnar».

13. grein B. I. 5.

Í frumvarpi stjórnarinnar eru ætlaðar 160 kr. á ári til eldiviðar og ljósa o. fl. handa prestaskólanum, en neðri deildin hefur fært þessa upphæð upp í 300 kr. árlega eptir uppástungu fjárlaganefndarinnar þar, sem þó ekki hefur í álitsskjali sínu komið með neina ástæðu fyrir hækkun þessari. Þar sem nú stjórnin hefur álitið, að hún kæmist af með 160 kr. á ári til þessa, og fjárlaganefnd efri deildarinnar ekki er kunnugt um, að nein umkvörtun hafi komið fram um, að sú upphæð væri ónóg, verður nefndin að leggja það til, að þessi gjaldliður verði aptur færður niður í 160 kr. á ári.

13. grein B. III. a.

Launin til kennara hins lærða skóla eru hjer færð upp um 2000 kr. á ári frá því, sem áætlað er í stjórnarfrumvarpinu, og mun hækkun sú vera ætluð til að launa nýjum föstum kennara við skólann. Nefndinni er nú ekki kunnugt um, að kennarar þeir, sem hingað til hafa verið við skólann, hafi reynzt of fáir til að kenna með aðstoð tímakennara vísindagreinir þær, sem skólapiltum er ætlað að læra í skólanum, þvert á móti hefur einum tímakennara nýlega verið fækkað við skólann. Nefndin fær ekki heldur sjeð, að breyting sú á kennslunni, sem hin nýja skólareglugjörð hefur í för með sjer, gjöri fjölgun hinna föstu kennara nauðsynlega, þar sem hún hvorki gjörir ráð fyrir fleiri bekkjum nje fleiri kennslutímum, en að undanförnu; að vísu á eptir nýju reglugjörðinni að kenna ensku og frakknesku rækilegar en áður, en til þess virðist alls eigi þurfa fastan kennara, þar sem kennslutímunum í öðrum vísindagreinum er fækkað að sömu tiltölu, og ef þeir föstu kennarar, sem nú eru við skólann, ekki geta tekið að sjer kennsluna í þessum nýju málum, virðist ekkert geta verið á móti því, að þau sjeu kennd af tímakennara eða tímakennurum. Loks verður nefndin að taka það fram, að þar sem sú skoðun hefur rutt sjer til rúms á þessu þingi — án þess nefndin kveði upp neitt álit um, hvort hún sje rjett eða röng — að ekki eigi nú þegar að gjöra neina breyting á þeirri launatilhögun, sem var fast á kveðin með lögunum 15. október 1875, þá væri það ósamkvæmni, ef veitt væru með fjárlögunum laun handa 5. aðjúnkt við skólann, þó að 13. grein launalaganna að eins gjöri ráð fyrir 4 aðjunktum.

Samkvæmt þessu leggur nefndin það til, að laun til kennara hins lærða skóla sjeu færð aptur niður í 16,200 kr. á ári; en að jafnframt verði fjárveitingin til tímakennslu færð upp í 2000 kr. á ári, svo að nóg fje verði fyrir hendi til tímakennslu, ef það kynni að reynast nauðsynlegt, að auka hana að miklum mun vegna hinnar nýju skólareglugjörðar eða jafnvel vegna þess, að byrjað væri á einhverri gagnfræðakennslu; en á hinn bóginn þykist nefndin geta gengið að því vísu, að ekki verði brúkað meira af þessari upphæð, en reynist að vera nauðsynlegt.

13. grein B. III. b. 1.

Til umsjónar í hinum lærða skóla eru að eins ætlaðar 1000 kr. fyrir árið 1878, en ekkert fyrir árið 1879. Þar eð nefndin verður að álíta alveg nauðsynlegt, að fastur umsjónarmaður sje við skólann, ekki að eins til að hafa eptirlit með siðferði skólalærisveina í undirbúningstímunum, heldur og til að sjá um skólahúsið og áhöld þess, leggur nefndin það til, að bætt sje við öðrum 1000 kr. til umsjónar fyrir árið 1879, enda virðist nefndinni tíminn til að af nema hinn fasta umsjónarmann mjög illa valinn nú, þegar tala skólalærisveina fer svo mjög vaxandi, og það þar á ofan er í ráði, að fjölga talsvert heimasveinsplássum.

13. grein C. 3. og 4.

Styrkur sá, sem veittur er í fjárlögunum fyrir árin 1876 og 1877 til kvennaskólans í Reykjavík, er hjer tvöfaldaður og þar að auki veittar 200 kr. árlega auk leigulausra afnota af Munkaþverá og Bleiksmýrardal til kvennaskóla á Munkaþverá. Með því að nefndinni virðist að fara eigi varlega í að veita fje til stofnana, sem ekki eru undir neinni opinberri umsjón, og ekki einu sinni er stjórnað eptir reglugjörð, sem almenningi sje kunn, verður hún að leggja það til, að styrkurinn til kvennaskólans í Reykjavík sje færður niður í þá upphæð, sem veitt var í fjárlögunum fyrir 1876 og 1877, eða 200 kr. árlega, og að styrkurinn til kvennaskólans á Munkaþverá sje einskorðaður við sömu upphæð, og þykir nefndinni því síður ástæða til að hinum síðar nefnda skóla sje veittur meiri styrkur, sem hann, eins og sjá má á 11. fylgiskjali með áliti fjárlaganefndarinnar í neðri deildinni, ekki er enn kominn á fót; allra sízt virðist það rjett að leggja einhverja beztu jarðeign landsins, sem gefur af sjer 400 álnir á ári, til slíkrar stofnunar.

Um 13. grein C. 6. og 7.

Um þessar gjaldagreinir hefur nefndin leitað ítarlegri skýringa frá neðri deildinni, en með því að þessar skýringar eru enn ókomnar, áskilur nefndin sjer að koma fram með tillögur sínar um þessi atriði í viðaukanefndaráliti til þriðju umræðu um fjárlagafrumvarpið.

Um 14. grein.

Í frumvarpi stjórnarinnar eru áætlaðar 34,000 kr. til eptirlauna og styrktarfjár og fl.; þar við bætast nú eptirlaun jústitíaríí Th. Jónassens 6032 kr. á ári, og þar að auki leyfir nefndin sjer að stinga upp á, að Stenberg fimleikakennara, sem hefur fengið lausn frá embætti sínu, sje veittur 500 kr. styrkur á ári, og frú Elínu Thorstensen 200 kr. styrkur árlega. Hikar nefndin sjer því síður við að fara þessu fram, sem uppástungur í sömu átt hafa komið frá 15 þingmönnum í neðri deildinni, og þetta styrktarfje að miklu leyti virðist vera fólgið í fjárveitingu neðri deildarinnar í þessari grein. Að því er frú Elínu Thorstensen snertir, skal nefndin þar að auki vísa til alþingistíðindanna 1863 I, 447—449 og tíðinda um stjórnarmálefni Íslands II, 27—29. Samkvæmt þessu leggur nefndin það til, að þessi gjaldgrein, sem í frumvarpi neðri deildarinnar er 47,000 kr., sje færð upp um 500 kr.

Um 15. gr.

Fjárveitinguna til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, sem í fjárlögunum 1876 og 1877 var 10,000 kr., en í frumvarpi stjórnarinnar er slengt saman við óviss útgjöld, hefur neðri deildin fært upp í 12000 kr.; en það er hvorttveggja, að nefndinni er ókunnugt um, á hverjum rökum þessi hækkun er byggð, eða að sjerstök ákveðin verkefni sjeu fyrir hendi, enda getur nefndin ekki álitið hana nauðsynlega, og leggur hún því til, að fjárveitingin í þessari grein sje færð niður í 10,000 kr., sem virðist ríflega úti látið eptir efnahag landsins, sjer í lagi þegar þar á ofan eru veittar 5000 kr. á ári til jarðræktar og eflingar á sjávarútveg. Þar sem fjárlaganefnd neðri deildarinnar hafði stungið upp á, að landbúnaðarnefndinni, sem lauk starfa sínum sumarið 1876, væri veitt 1000 kr. þóknun af upphæð þeirri, sem ætluð var í 15. gr. stjórnarfrumvarpsins, virðist fjárlaganefnd efri deildarinnar fara betur á, að þessi þóknun sje til tekin meðal ýmislegra útgjalda við umboðs-

stjórnina, og leyfir hún sjer því að leggja það til, að í 10. gr. C. sje sem 10. tölulið bætt við: þóknun handa landbúnaðarnefndinni, sem skipuð var með konungsúrskurði 4. nóvembermán. 1870, 1200 kr., og skal þess getið, að landbúnaðarnefndin sjálf hafði stungið upp á, að sjer væru veittar 1400 kr. fyrir starfa sinn. Um hinar aðrar uppástungur fjárlaganefndarinnar í neðri deildinni um, hvernig verja skyldi fje því, sem veitt yrði til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, þykir undirskrifaðri nefnd því síður ástæða til að segja álit sitt, sem slíkar uppástungur hljóta að vera alveg þýðingarlausar, nema þær sjeu samþykktar af þinginu, enda bætist þar við, að neðri deildin með atkvæðagreiðslunni um 15. grein stjórnarfrumvarpsins við aðra umræðu hefur látið í ljósi, að hún ekki sje þessum uppástungum meðmælt.

Um 17. grein.

Það er nýmæli, sem nefndin verður að álíta miður ákjósanlegt, að í fjárlögum, sem að eins ná til útgjalda, er upp á koma á tilteknu tímabili, sje veitt fje til gjalda, sem eiga heima á öðru fjárhagstímabili, og sjer í lagi virðist nefndinni slík fjárveiting koma illa við, þegar hún áður hefur verið borin upp á þann eina hátt, sem við á, það er að segja sem aukafjárveiting, en henni þá hefur verið hafnað. Allt um það vill nefndin ekki leggja það til, að efri deild þingsins neiti að veita fje það, sem þessi grein ræðir um, með því að hún álítur, að það varði sóma þingsins, að það sje veitt, en hins vegar virðist nefndinni eiga næsta illa við, að halda greininni, eins og hún kemur fram í frumvarpi neðri deildarinnar, sem fjárveiting eptir á. Nefndin leyfir sjer því að stinga upp á, að 17. greinin sje felld úr sem sjerstök grein, en að hver gjaldliður um sig í greininni sje tekinn inn í frumvarpið, þar sem hann eptir efni sínu á heima, það er að segja, að 1. liðnum «til hluttekningar í minningarhátíð háskólans í Uppsölum, allt að 2000 kr.» sje bætt aptan við 10. gr. C, sem 11. tölulið; að 2. liðnum, endurgjald handa póstmeistaranum og póstafgreiðslumönnum» o. s. frv. sje bætt aptan við 12. grein, sem 5. tölulið, og að 3. tölulíðnum til að stofna 10 ný heimasveinspláss í hinum lærða skóla, sje bætt inn í 13. gr. B III c sem 9. tölulið.

Samkvæmt öllu því, sem að framan er á vikið, leyfir nefndin sjer að bera upp við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879, eins og það var samþykkt af neðri deildinni, breytingaruppástungur þær, er hjer segir:

Við 10. gr. B 1. laun embættismanna: að 16,544 kr. tvisvar sinnum breytist í: 16,976 kr. tvisvar sinnum.

Við 10. gr. B 3. önnur útgjöld: að 1820 kr. tvisvar sinnum breytist í: 2120 kr. tvisvar sinnum.

Við 10. gr. C 3. til þess að gefa út «Lovsamling for Island» allt að 1866 kr. 66 a. fyrir hvort árið 1878 og 1879 komi í dálkinum: «alls» 1866 kr. 66 a.

Við 10. gr. C 5. «styrkur til jarðræktar» breytist í: «styrkur til jarðræktar og til eflingar sjávarútvegi».

Við 10. gr. C 9. til dómkirkjunnar í Reykjavík; hjer við bætist innan stryks: «þar að auki veitist stjórninni heimild til að lána dómkirkjunni allt að 20,000 kr., sem borgist af tekjum kirkjunnar».

Aptan við 10. gr. C bætist:

	Alls
10. Þóknun til landbúnaðarnefndarinnar, sem skipuð var með konungsúrskurði 4. nóvembermán. 1870	1200 kr.
11. Til hluttekningar í minningarhátíð háskólans í Uppsölum allt að	2000 —

Við 12. gr. bætist:

5. Endurgjald handa póstmeistaranum og póstafgreiðslumönnum fyrir halla þann, sem þeir hafa beðið af póstfrímerkjasölunni frá 1. janúarm. 1875 til 1. ágústm. 1876 .	169 —

Við 13. gr. B 1 b 5. Til eldiviðar og ljósa og fl. 300 kr. innan stryks breytist í: 160 kr. innan stryks.

Við 13. gr. B III a, laun: 18,200 kr. tvisvar sinnum breytist í: 16,200 kr. tvisvar sinnum.

Við 13. gr. B III b 1: til umsjónar; komi innan stryks 1000 kr., en falli burt utan stryks.

Aptan við 13. gr. B III bætist: d. Til að stofna 10 ný heima- 1878 1879. Alls sveinspláss . . . » » 1000 kr.

Við 13. gr. B III c 4. til tímakennslu: í stað «500» komi: «2000».

Við 13. gr. C 3. Til kvennaskólans í Reykjavík: í stað «400» komi: «200».

Við 13. gr. C 4. Orðin: «og leigulaus afnot af Munkaþverá og Bleiksmýrardal», falli burt.

14. grein orðist þannig: Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 47,500 kr. Þar á meðal til Stenberg leikfimiskennara 500 kr. hvort árið, og viðbót við eptirlaun frú Elínar Thorstensen 200 kr. hvort árið».

Við 15. grein: Í staðinn fyrir «12,000 kr.» komi: «10,000 kr.».

17. grein falli burt.

Að aðalupphæðirnar og 18. grein og greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Alþingi, 19. dag ágústmán. 1877.

Árni Thorsteinson. Bergur Thorberg,
Eirkur Kúld. form. og framsögum.
Magnús Stephensen, Sighvatur Árnason.
skrifari.

BREYTINGARUPPÁSTUNGUR
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879, eins og það var samþykkt af neðri þingdeildinni.

I. Breytingaratkvæði
frá Sighvati Árnasyni.

Við 10. gr. C. Á eptir tölulið 7. komi undir 8. tölulið: «styrkur til brúargjörðar á Þjórsá og Ölfusá 30000», og að hinir síðari töluliðir greinarinnar breytist þessu samkvæmt.

II. Breytingaruppástunga
frá J. Hjaltalín, 4. konungkjörna þingmanni.

Við 13. grein B II. til læknaskólans:

að á eptir b, 4. komi nýr töluliður svo hljóðandi: 5. húsaleiga handa 3 lærisveinum við læknaskólann, 80 kr. handa hverjum, 240 kr., og að aðalupphæðirnar breytist eptir því.

ÖNNUR UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 43. fundi þingdeildarinnar, 21. dag ágústmánaðar kl 5 e. m. kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879.

Framsögumaður (Bergur Thorberg) kvaðst eigi mundu fjölyrða um mál þetta nú þegar. Nefndin hefði haft stuttan tíma til að yfirvega jafn mikilsvarðandi og vandasamt mál sem þetta væri. Þetta legði hann áherzlu á, af því efri deildin hefði orðið útundan, að því er fjárlögin snertir, með tíma þann, sem nauðsynlegur væri til slíks máls. Hinsvegar hefði nefndinni þótt sjer skylt að taka til greina alvarlegar bendingar landshöfðingja um það, nær þingi yrði slitið, og þessvegna hraðað sjer eptir því, sem hún hefði með nokkru móti haft föng á. Í álitsskjali nefndarinnar væri gjörð grein fyrir því, hvernig nefndin hefði litið á málið yfir höfuð, og eins fyrir ástæðum þeim, er breytingar nefndarinnar styddust við. Þau atriði, er nefndin hefði eigi gjört neinar athugasemdir við, fjellist hún á, eða fyndi eigi næga ástæðu til, að stinga upp á breytingum á þeim. Við breytingaruppástungur nefndarinnar væru tilfærðar stuttar ástæður í nefndarálitinu, sem þingmenn mundu hafa fyrir sjer, og vildi hann því eigi tefja timann með því að ítreka þær. En afleiðingin af hinum takmarkaða tíma nefndarinnar væri sú, að hún hefði orðið að fresta því, að koma fram með álit sitt um tvo gjaldliði, 13. gr. C. 6. og 7. Um þessa liði hefði nefndin leitað skýringa frá neðri deildinni, en eigi verið búin að fá þær, er nefndarálitið var prentað, en nú væri hún búin að fá svar, og geymdi sjer því rjett til að koma fram með viðauka-nefndarálit við 3. umræðu þessa máls, og láta þá álit sitt í ljósi um þessi atriði. Í þessu nefndaráliti og athugasemdum við einstök atriði væru, eins og hann hefði tekið fram, tilgreindar ástæður

nefndarinnar, þ. e. þær ástæður, sem hefðu orðið ofan á í nefndinni, en að mestu leyti hefði hún verið samþykk um breytingaruppástungur þær, er gjörðar væru við frumvarpið; þó hefði komið fram ágreiningur um eitt atriði, þar sem hann hefði greint á við meðnefndarmenn sína, og væri það um 13. gr. B. III. a, þar sem laun kennara hins lærða skóla hefðu verið hækkuð frá stjórnarfrumvarpinu um 2000 kr., en nefndin hefði aptur fært launin niður um 2000 kr. á ári. Þessari breytingu nefndarinnar hefði hann eigi verið samþykkur, og mundi því greiða atkvæði móti henni. En hinsvegar hefði hann verið nefndinni samdóma í því, að bætt væri að miklu leyti úr vandkvæðum þeim, er af breytingunni flytu, með því að annarstaðar í frumvarpinu væri stungið upp á að auka tímakennslufje um 1500 kr., og hefði meiri hluti nefndarinnar ætlað, að með þetta fje mætti komast af, svo eigi þyrfti að stofna nýtt kennaraembætti að svo komnu. Að öðru leyti mundu aðrir nefndarmenn skýra frá ástæðum sínum fyrir þessu. Meðan eigi kæmu fram mótmæli gegn breytingaruppástungum nefndarinnar, þætti sjer eigi ástæða til að fara frekar út í þetta mál.

Landshöfðingi kannaðist við, að nefndin hefði tekið til greina óskir þær, er hann hefði fundið sjer skylt að benda henni á, með því hann hefði eigi verið viðstaddur 1. umræðu þessa máls, og því eigi getað þá látið í ljósi þessar óskir, og kunni hann nefndinni þakkir fyrir það. Væri hann samdóma nefndinni um það, að óheppilegt væri, að frumvarp þetta hefði eigi getað komið til þessarar deildar, fyr en fáir dagar væru eptir þingtímans. En allt fyrir það hefði nefndin þó sýnt og sannað, að hún hefði haft tækifæri til að ganga í gegnum öll einstök atriði þessa máls og láta í ljósi álit sitt um þau. Því næst sneri hann sjer að breytingaruppástungum nefndarinnar við hinar einstöku greinir. Við 10. gr. B. 1. játaði hann, að það væri, ef til vildi, formlegra að halda launaviðbót 1. assessors óbreyttri, en þar sem nægileg heimild væri í launalögunum til að borga þessa upphæð út, ef fyrsti assessor, mót von, eigi yrði justitiarius, þá stæði sjer á sama, hvort þessi breyting yrði samþykkt eða eigi. Við 10. gr. B. 3. um þóknun fyrsta assessors fyrir þýðingar á dómsgjörðum, ætlaði hann, að slík aukaþóknun væri aftekin með hinum almennu launalögum, því þau ákvæðu í einni upphæð öll þau laun, sem fylgja ættu embættisstörfum hvers eins; þessvegna hefðu launalögin 15. okt. 1875 afnumið konungsúrskurð 22. apríl 1834. En ef vafi væri á þessu, væri það bein skylda stjórnarinnar, að sjá um, að úrskurður þessi yrði við embættismannaskipti úr lögum numinn, án þess að nauðsynlegt væri, að alþingi færi þess á leit. Væru því, að sínu áliti, báðar breytingar nefndarinnar við 10. grein ónauðsynlegar, og þætti sjer varhugavert, tímans vegna, að gjöra fleiri breytingar, en nauðsyn bæri til, og rjeði hann því deildinni frá því, að samþykkja þessar breytingaruppástungur. Breytingunni við 10. gr. C 3. mælti hann með og sömuleiðis með 10. gr. C 5. Við 10. gr. C 9. gat hann þess, að þar sem það væri tilgangur neðri deildarinnar, að lánað yrði úr viðlagasjóði allt að 20,000 kr. eptir þeim reglum, sem fylgt væri við lán úr viðlagasjóði, og þar sem breytingu nefndarinnar væri að skilja á sömu leið, þá sæi hann ekkert því til fyrirstöðu, að halda ákvörðun neðri deildarinnar óbreyttri, því til þess að veita lán úr viðlagasjóði með vanalegum kjörum, þyrfti stjórnin engrar sjerstakrar heimildar við. En þar sem nefndin styngi upp á, að lánið skyldi endurborgast af tekjum kirkjunnar, þá gjörði hann ráð fyrir, að nefndin gjörði það í fullri alvöru, og áliti sjer því skylt að sjá um, að kirkjan yrði fær um að borga þetta, og til þess gæfist deildinni tækifæri með því að aðhyllast frumvarp til laga um kirkjutíund í Reykjavík, sem bráðum mundi koma til deildarinnar. Ef nefndinni væri full alvara að styðja að því, að hin nauðsynlega höfuðaðgjörð á kirkjunni kæmist á á þessu fjárhagsbili, þá þætti sjer beinasti og greiðasti veg-

ur til þess vera sá, að samþykkja áður nefnt frumvarp, sem væri byggt á sanngirni. En ef það væri eigi alvara nefndarinnar að styðja að þessu, þá ætti hún að taka þessa breyting sína aptur. Skoraði hann á deildina að styðja að því, að þessi höfuðaðgjörð gæti farið fram á næstu tveim árum, með því að aðhyllast þetta frumvarp, en fella breytingu nefndarinnar, með því að neðri deildin mundi eigi samþykkja þessa viðbót við 10. gr. C. 9., nema með því móti að sjeð yrði um, að dómkirkjan gæti borgað aptur lán þetta. Við 10. gr. C. 10. væri hann nefndinni samdóma um, að betra væri að tiltaka þessa fjárveitingu í 10. gr. frumvarpsins, en að greiða hana af óvissum gjöldum, eins og neðri deildin hefði stungið upp á, og sömuleiðis væri hann eigi móti hækkun þeirri, er nefndin hefði stungið upp á. Við 10. gr. C. 11. væri hann samdóma nefndinni í athugasemdum hennar við 17. gr.; en einmitt vegna þess, að útgjaldagreinir þær, er hjer um ræddi, væru sjerstaklegs eðlis, og ættu heima á öðru fjárhagsbili, en hjer væri um að gjöra, þá áliti hann, að þær ættu að koma fram á sjerstökum stað í fjárlögunum, sem veitingar eptir á. Mælti hann því í móti, að breytingar nefndarinnar við 10. gr. C. 11. og við 12. gr. 5. og 13. gr. B. III. d. yrðu samþykktar. Við 13. B. I. b. 5. til eldiviðar og ljósa o. fl. á prestaskólanum, gat hann þess, að fjárlaganefnd neðri deildarinnar hefði eptir sinni áskorun fært upphæðina 160 kr. upp í 300 kr., og nedri deildin samþykkt það, en sjer hefði verið með brjefi ráðherrans 25. maí þ. á. upp á lagt að koma fram með þessa uppástungu við þingið, af því 160 kr. hefðu reynzt ónógar til viðhalds á prestaskólahúsinu. Nefndinni mundi og kunnugt af athugasemd við fjárlögin fyrir 1876—1877, 30. bls., að þessi grein hefði átt að koma í stað þeirrar upphæðar, er ákveðin var með 150 rd. eða 300 kr. á ári fyrir húsrúm handa prestaskólanum, og þar sem nú 160 kr. reyndust ónógar til viðhalds á prestaskólahúsinu, þá vonaði hann, að nefndin hjeldi eigi fast við þessa breytingu sína, eptir að hafa fengið þessa skýrslu frá sjer, er hann hefði gefið í neðri deildinni við 2. umræðu málsins.

Við 13. gr. B. III. a. gat hann þess, að hann hefði stungið upp á, og neðri deildin samþykkt, að veitt yrði fje til launa handa einum föstum kennara, auk þeirra kennara sem væru, í þeim tilgangi, að sem fyrst yrði byrjað á gagnfræðakennslu við skólann, og skírskotaði hann í því tilliti til ráðherrabrjefs 7. apríl þ. á., sem prentað væri í stjórnartíðindunum B, þar sem sjer væri upp á lagt að bera fram breytingaratkvæði við fjárlögin um það, að veitt yrði fje það, er nauðsynlegt væri til gagnfræðakennslu, sem í 18. gr. í reglugjörð skólans 11. f. m. væri gjört ráð fyrir að byrjuð yrði jafnskjótt sem því yrði við komið. Eins og þingmönnum væri kunnugt, væri nú og hefði í nokkur ár verið hin mesta þörf á að auka tölu fastra kennenda skólans, með því orðið hefði að við hafa tímakennslu í mörg ár fleiri en 30 stundir á viku, og ef gagnfræðakennsla bættist við, kæmu þar við að minnsta kosti 10—15 stundir, og vonaði hann, að þingdeildarmenn sæju, að óheppilegt væri að hafa tímakennslu svo margar stundir á viku, því tímakennsla ætti eigi að eiga sjer stað, nema sem undantekning, og hefði því glatt sig að heyra, að framsögumaður væri sjer samdóma í því atriði. Treysti hann því, að efri deildin mundi eigi fella þennan lið frumvarpsins, sem neðri deildin hefði við 3. umræðu samþykkt með 17 samhuga atkvæðum, og sem stjórnin hefði stungið upp á til þess að sem fyrst yrði byrjuð gagnfræðakennsla, en þingið hefði hins vegar ávallt sýnt, að það vildi styðja sem bezt og innleiða gagnlega og hentuga kennslu við menntastofnanir landsins. Við 13. gr. B. III. b. 1. til umsjónar lærða skólans, gat hann þess, að hann væri að vísu fyrir sitt leyti samþykkur breytingu nefndarinnar í þessu tilliti, því það væri samkvæmt stjórnarfrumvarpinu, en hins vegar vildi hann leiða athygli að því, að þessi gjaldupphæð, sem hjer ræddi um, mundi verða fyrir mótspyrnu í neðri deildinni, þar

sem flestallir væru á því, að breytingu þyrfti að gjöra á þeirri umsjón, sem nú væri, og fyrir því mundi breyting sú, er hjer ræddi um, eigi verða samþykkt þar. Við 13. gr. B. III. c. 4: til tímakennslu, tók hann fram, að sú breyting mundi standa og falla, eptir því hvort felld yrði eða samþykkt nefndarbreytingin við 13. gr. B III a. Einnig væri hann með því, að ákvörðun frumvarpsins um kvennaskólana yrði haldið óbreyttri, með því styrkur þessi væri í fjárlegu tilliti lítilræði, en hins vegar nauðsynlegt að styðja slíka skóla, sem að sínu áliti mundu koma miklu góðu til leiðar. Breytingunni um 14. gr. mundi hann mæla með sem bezt hann gæti, og eins fjellist hann á breytinguna við 15. gr. um að lækka þar greinda upphæð um 2000 kr., ef viðbótin um þóknun til landbúnaðarnefndarinnar yrði samþykkt á fyrri staðnum.

Framsögumaður kvaðst ætla að gjöra fáar athugasemdir í tilefni af orðum landshöfðingja. Gæti hann eigi annað sjeð, en nefndin hefði haft rjett fyrir sjer í því, að stinga upp á breytingu við 10. grein B I 3 um laun fyrsta assessors. Því hann áliti rjettara að ganga út frá því ástandi, sem væri, og laga lögin samkvæmt því, en gæti eigi byggt á spám um það, hvernig fara mundi. Þar sem landshöfðingi hefði ætlað, að ákvarðanirnar um borgun fyrir dómsgjörðaþýðingar þær, er hjer ræddi um, væru úr lögum numdar með hinum almennu launalögum, þá fengi hann eigi skilið, að svo gæti verið, fyr en við embættaskipti, og ef þær hefðu þegar verið felldar úr gildi með launalögunum, þá mundi sjeð eigi hafa verið útborgað á síðasta fjárhagsbili. Hann skyldi enn fremur athuga, að í brjefi dómsmálastjórnarinnar 9. júním. 1863 væri tekið fram, að þessi borgun, 250 rd., væri ekki partur af launum fyrsta assessors, heldur endurgjald fyrir sjerstakt verk, sem ekki fylgdi embætti hans. Virtist þessi upphæð eptir því eigi að vera fólgin í launalögunum, og væri því rjett, að því leyti sem hún væri byggð á konungsúrskurði, að hún væri látin halda sjer í fjárlögunum. Sig hefði furðað á því, að landshöfðingjanum skyldi eigi hafa getizt betur að tillögum nefndarinnar um dómkirkjuna, en raun hefði á orðið. Nefndin hefði rannsakað og íhugað þetta atriði, og það væri víst og satt, að það væri alvarleg meining nefndarinnar að styðja að því, að kirkjan fengi hina nauðsynlegu höfuðviðgjörð sem fyrst. En eins víst væri það, að deildin gæti, eins og nú stæði, eigi gefið neitt loforð um það, hvernig hún mundi taka undir frumvarp, sem eigi væri komið enn, og hún eigi þekkti. En hún mundi gæta allrar sanngirni og rjettsýni í því tilliti, eins að því er snerti hluttöku Reykjavíkur í kostnaðinum, sem og um tryggingu fyrir endurborgun þess láns, er veitt væri. Með tilliti til eptiráveitinga þeirra, er landshöfðinginn hefði viljað hafa á sjerstökum stað, þá gæti hann eigi gjört mikið úr ástæðu hans fyrir því, því hann ætlaði eigi, að það yrði eðlilegra fyrir það, þó gjaldgreinir þessar væru útaf fyrir sig, en þó þær væru á sínum stöðum, þar sem þær ættu heima. Það væri að vísu óreglulegt, að þær væru teknar inn í fjárlög fyrir annað fjárhagsbil, en þær ættu heima í; en nú væri eigi hægt að bjarga því á annan veg. Skýrslur landshöfðingjans um kostnað til eldiviðar og ljósa o. fl. við prestaskólann væru sjer fullnægjandi og nefndinni yfir höfuð, og mundi hún því ekki halda fram breytingaruppástungu sinni þar að lútandi. Fyrir nefndinni hefði eigi legið nein upplýsing um það, hvernig á þessari fjárhækkun stæði, og fjárlaganefndin í neðri deildinni hefði eigi gjört neina grein fyrir þessu í nefndaráliti sínu. Hefði því fjárlaganefnd efri deildarinnar fundið ástæðu til að færa hjer umrædda upphæð niður til þeirrar upphæðar, sem var í frumvarpi stjórnarinnar; en eptir því sem fram væri komið, hefði hann heimild til að taka aptur breytingaruppástungu þá, er hjer ræddi um. Að því er snerti breytingu þá, er færi fram á að veita fje til umsjónar í latínuskólanum fyrir bæði fjárhagsárin, en neðri deildin hefði að eins veitt það fyrir fyrra árið, þá skildi hann svo, eptir því sem fram hefði komið, að neðri deildin hefði gjört

þetta, til þess að umsjónin yrði betri og tryggari, en verið hefði. En að þessi tilgangur næðist með því, að taka burt fje, sem veitt hefði verið til þess, það væri móti skynsamlegum ályktunum. Hvað snerti breytingu nefndarinnar að því er kæmi til kvennaskólanna, skírskotaði hann til nefndarálitsins, þar sem tekið væri fram, að það þætti ísjárvert að veita fje til stofnana, sem ekki væru undir neinni opinberri umsjón. Reyndar væri fje þetta eigi mikið, en nefndinni hefði þótt nægja, að leggja það til kvennaskólans í Reykjavík, er honum hefði verið veitt síðastliðið ár, og sem stjórnin færi fram á að hann fengi, og eigi meira til norðlenzka kvennaskólans, og það því fremur sem þessi skóli væri enn eigi kominn á fót.

Eiríkur Kúld sagði, að sjer hefði legið við að öfunda neðri deildina núna; hann hefði búizt við, að nefndin hjer mundi heldur fá lof hjá landshöfðingja, en hinu, að hann mundi fara að halda varnarskildi uppi fyrir neðri deildinni. Vildi hann geta þess nú þegar, að þó hann hefði eigi gjört neinn ágreining í nefndarálitinu, væri hann þó eigi samþykkur öllu því, er engin breyting hefði verið við gjörð. En með því hann hefði eigi sjeð sjer fært, að koma fram breytingu í því tilliti, þá vildi hann geta þess nú og taka fram eitt atriði, er sjer væri eigi geðfellt. Það væri um tillagið til gufuskipaferðanna. Hefði hann heldur viljað hækka tillag þetta allt að 20,000 kr., og gjöra fyrri áætlunina að beinu skilyrði fyrir fjárveitingunni, því hin síðari væri sannkallað neyðarúrræði. Annað atriði, sem hann gæti eigi sætt sig við, og sem landshöfðingi hefði eigi fundið ástæðu til að taka fram, sem hann hefði þó búizt við, væri um skrifstofulaun póstmeistarans í 12. grein. Hann hefði eigi skilið betur, en sumir þingmenn í neðri deildinni hefðu játað, að skrifstofulaun hans væru of lág. Hann hefði erfiðari skrifstofustörf um vissa tima, en flestir aðrir. Honum væri og vandfenginn maður sjer til aðstoðar, með því það þyrfti að vera vanur maður þessu starfi. Ef mönnum þætti yfir höfuð þessi laun of lág, þá vissi hann eigi, hví fresta skyldi launahækkun hans. Póstmeistarinn hefði beðið um 300 kr. viðbót, en hann vildi stinga upp á breytingu við 12. grein, þannig að upphæðirnar 1600 og 1400 kr. yrðu færðar upp um 200 kr. á ári. Við 13. gr. B. I. b. 5. væri hann eigi móti því að taka aptur breytingu nefndarinnar, en þá þættu sjer laun fyrir umsjón skólahússins of há, það væri eigi svo mikill starfi, enda mundi mega fá mann til þess móti því, að hann fengi að búa kauplaust í skólanum, og væri því óþarft að veita til þess 100 kr. Landshöfðingi hefði verið nefndinni samdóma um það, að rjett væri að færa laun fyrir umsjónina í latínuskólanum upp um 1000 kr., og hjeldi hann fast við það, að þetta væri nauðsynlegt, ekki sízt nú, er fjölgaði tala lærisveina skólans. Eptir því, sem hann hefði heyrt, utanþings, um umsjón þess, áliti hann það hartnær ókleyft fyrir kennarana, að annast umsjón þessa, svo að hún væri eins föst og tryggjandi, eins og ef sjerstaklega yrði skipaður maður eingöngu til þessa starfa. Hann hefði heyrt brydda á óánægju sumra manna yfir því, að sumar af tölum þessara töluliða væru nokkuð háar, og hann yrði að játa það, að hann gæti eigi skilið, hvernig 1500 kr. gætu gengið «til skólahússins utan stokks og innan». Hann vildi þá að minnsta kosti heimta, að viðhaldið á skólanum væri almennilegt, og eigi gæti það í öllu falli kostað mikið að gjöra við þetta gráflekkótta ·lopt, sem þingmenn hefðu hjer yfir sjer. Viðvíkjandi III. a. um laun kennaranna gæti hann eigi skilið, hvers vegna landshöfðingi hjeldi svo fast við þessa 2000 kr. viðbót, nema af því að stjórnin hefði stungið upp á henni, eða með tilliti til gagnfræðakennslunnar. Þetta ætlaði hann þó að kennurunum væri eigi of vaxið enn þá, og þó nú kennslan kynni að aukast, væri fullkomlega bætt úr því, með því að hækka fje til tímakennslunnar úr 500kr. í 2000kr. Þar að auki ætlaði hann það heppilegt, að færi gæfist til að reyna dugnað þeirra, er síðar kynnu

að verða skipaðir fastir kennendur. Eigi væri hann heldur samdóma landshöfðingja um 13. gr. C. 3—4, því hann fengi eigi sjeð, hvaða nauðsyn bæri til nú að hækka að helmingi styrk til kvennaskólans í Reykjavík, því síður að leggja norðlenzka kvennaskólanum meir en 200 kr. Það gleddi hann, hvað landshöfðingi hefði tekið vel undir breytinguna við 14. gr., því sjer þætti óheppilegt, ef hún yrði felld. Um 15. gr. gat hann þess, að sjer þætti 10,000 kr. ef eigi of mikið, þá að minnsta kosti fullkomlega nóg.

Benidikt Kristjánsson vakti máls á því, að þegar frumvarp til laga um farareyri lærisveina skólans var til umræðu, hefðu sumir fært það móti frumvarpinu, að rjettara væri í fjárlögunum að ákveða vissan styrk í þessu skyni til fátækra pilta, sem ættu heima langt frá Reykjavík. Nú sæi hann þó, að enginn slíkur styrkur fyndist enn ákveðinn í fjárlögunum, en hann treysti því, að deildin mundi þó til 3. umræðu aðhyllast, að veittur yrði slíkur styrkur, ef um það kæmi fram breytingaruppástunga frá sinni hálfu. Annað atriði, er hann tók fram, var á þá leið, að prestum, er byggðu kirkjur sínar upp vel og vandlega, en fengju lítið, eða ef til vildi ekkert fyrir tilkostnað sinn, yrði veitt nokkurs konar þóknun fyrir það, sem þeir legðu í sölurnar í því tilliti. 3. atriðið var um breytingu nefndarinnar á fjárveitingunni til kvennaskólanna. Það væri kunnugt, að einstakir menn hefðu gengizt fyrir stofnun þessara skóla, en stjórnin hefði eigi átt neinn þátt í því. Slík einstakra manna fyrirtæki, sem til nytsemdar horfðu, eins og þessi, ætti að styrkja engu síður en opinberar stofnanir. Kostnaðurinn við þau væri venjulega minni, en gagnið af þeim, ef ekki meira, þá að minnsta kosti eins mikið. Þýðingarlítil væri og sú ástæða nefndarinnar, að þessir skólar stæðu eigi undir opinberri umsjón, og að annar þeirra væri eigi enn kominn á fót, með því það mætti telja víst, að hann kæmist á, þar sem safnað væri talsverðu fje til hans. Þar sem nú útlendir menn hefðu gengið á undan stjórninni í því að styrkja þessar stofnanir, væri það minnkun fyrir hana að láta sitt eptir liggja, enda mætti og fje það, er neðri deildin hefði farið fram á, alls eigi minna vera, ef nokkuð ætti að muna um það.

Jón Hjaltalín kvaðst eigi efast um, að deildin áliti fullkomna sanngirni mæla með því, að sá styrkur væri veittur læknaskóla lærisveinum, sem breytingaruppástunga sín færi fram á, þar eð þeir sýndust eiga að hafa sömu rjettindi og lærisveinar prestaskólans, og að minnsta kosti ekki að fá minni styrk, þar sem þeir þyrftu að kaupa ýmislegt, sem prestaskólamenn þyrftu ekki að kaupa, svo sem bækur með myndum, er til heyrðu læknisfræðinni, og væru mjög dýrar, og svo verkfæri ýmisleg, sem einnig væru mjög dýr t. a. m. líkskurðarhnífa o. fl. Hann ætlaði því að svo stöddu eigi að mæla með uppástungunni meira, þar eð hann vonaðist eptir, að deildin mundi samþykkja hana. Þá kvaðst hann vilja minnast á eina breytingu nefndarinnar, þar sem hún lækkaði tillögurnar til kvennaskólanna. Sjer sýndist það alveg óverðugt slíkum herrum (Cavalerer) sem í nefndinni hefðu setið, að fara að draga af kvennfólkinu þessar 400 kr., það hefði hann fyrir sitt leyti ekki getað fengið af sjer, sjer litist miklu fremur eiga að hækka tillagið um 400 kr. við hvorn um sig, og þar hefði hann glaður gefið atkvæði með, því að hjer væri ekki of mikið gjört til menningar kvennfólkinu, þó að menn skæru þetta litla tillag ekki alveg við nögl sjer, eða rjettara: ljetu kreista það fram undan nöglunum á sjer, Menn ættu því að minnast máltækis Englendinga, sem mundu þó vita, hvað þeir segðu, og svo væri: »knowledge is power» (þekkingin er vald, eða máttur), og svo einnig þess: «hvað ungur nemur gamall fremur». Vonaðist hann því eptir því, að deildin samþykkti ekki þessa breytingu nefndarinnar.

Sighvatur Árnason kvaðst vilja minnast lítið eitt á breytingaratkvæði sitt. Deildinni væri þetta full-kunnugt, að eitt hið bezta meðal til að efla framfarir væri það, að gjöra samgöngurnar sem greiðastar bæði

á sjó og landi og að þetta sýndu og sönnuðu allar menntaðar þjóðir bæði í orði og verki, enda hefði og þingið kannast við það, með því að veita fje til gufuskipsferða kringum landið, sem engum mótmælum hefði mætt frá þjóðarinnar hendi, og það væri deildinni einnig kunnugt, að Árness- Rangárvalla- og Skaptafellssýslur hefðu ekkert beinlínis gagn af gufuskipsferðum þessum, og þar eð allir viðurkenndu, að eins væri nauðsynlegt, að greiða samgöngurnar á landinu sjálfu, einkum með þeim hætti, að greiða mönnum veg yfir hinar helztu torfærur landsins og mætti þar með telja stórárnar, þá hefði hann fyllstu ástæðu til að vænta þess, jafnframt og hann bæri hið mesta traust til sanngirnis- tilfinningar deildarinnar, að ástæða þætti til að taka breytingaratkvæði sitt til greina, og greiða mönnum veg yfir 2 hinar verstu stórár landsins, einmitt í þeim hluta þess, er ekki gæti haft nein not af strandsiglingaskipinu en yrði þó að borga fje til þess eins og aðrir. Þar sem nú ástæða þætti til, að leggja fje úr landssjóði til vegabóta á fjöllum uppi, mundi engum sýnast minni ástæða til, að gjöra mönnum á sama hátt greiðfært yfir stórar sundár, sem allir yrðu að játa að væri einhver hin mesta torfæra á landinu. Hjer þyrfti heldur eigi að kvarta yfir því, að eigi væru nægar skýrslur fyrir hendi, svo að fje væri veitt út í óvissu, því að málið væri svo vandlega undirbúið, að kostnaðurinn væri alls eigi byggður í lausu lopti. Þar sem enn hefðu engin mótmæli komið gegn máli þessu, treysti hann landshöfðingjanum til að styðja það sem bezt, og vænti síðan, að deildin samþykkti það.

Torfi Einarsson kvaðst að eins vilja minnast á það atriði, þar sem veittur væri 5000 kr. styrkur til jarðræktar. Sjer fyndist breyting nefndarinnar þar við eigi sem heppilegust, því að ætla þann styrk líka til eflingar sjávarútvegi, gæti hann eigi sjeð, að kæmi að nokkru liði. Hjer væri nóg af smábátum, svo að eigi væri þar við aukandi, en ef styrkurinn ætti að vera til að koma upp þiljuskipum, þá mundi hann hrökkva lítið, þar sem eitt þiljuskip kostaði allt að 3000 kr. Sjer fyndist eigi rjett að tvístra þessum styrk frá jarðræktunum, því að þær væru eigi of mikið stundaðar samt, og mundi hann því gefa atkvæði móti þessari tillögu nefndarinnar. Hann kvaðst og vera því mótfallinn, að minnkaður væri styrkurinn til kvennaskólanna, því að sjer væri vel við hvorttveggja, kvennfólkið og jarðabæturnar, enda þætti sjer eigi of mikið gjört til menntunar kvennfólkinu, þótt veittar væru í þeim tilgangi alls 800 krónur, það væri annaðhvort, að það væri nokkuð eða ekkert.

Hvað breytingaruppástungu hins 4. konungkjörna snerti, væri það auðsætt nú sem optar, að honum gengi eigi nema gott til, að vilja hlynna að læknaefnunum eins og öðrum embættismannaefnum, og mundi hann því vera því meðmæltur, þar eð öll sanngirni væri með því.

Stefán Eiríksson kvað þingmann Þingeyinga mundu hafa beint því að sjer, sem hann hefði sagt um farareyri lærisveina, af því hann að hann hefði verið framsögumaður í því máli, og vildi hann því skýra þingmanninum frá því, að hann væri fús til að samþykkja slíka ákvörðun í fjárlögunum, sem þingmaðurinn hefði farið fram á, þar eð það hefði verið álit meiri hluta nefndarinnar í því máli, að slíkur styrkur skyldi veittur fátækum piltum, en alls ekki öllum piltum undantekningarlaust. Hann kvaðst nú eigi ætla að fara að setja neinar lofræður upp á kvennfólkið, eða kvennaskóla þá, sem hjer hefðu verið til umræðu, en atkvæði sitt mundi sýna, hvað hann vildi í því efni. Hvað 10. gr. C 9 um fjárlán til dómkirkjunnar snerti, þá hefði landshöfðinginn skýrt frá, að slíka ákvörðun, sem nefndin vildi láta gjöra, þyrfti eigi að taka upp í fjárlögin, og væri hún því óþörf á þessum stað, en það hefði líklega vakað fyrir nefndinni, að lánið mundi eigi fást án þessarar ákvörðunar; hann kvaðst ekki sjá neitt í móti því, þó 17. gr. sje skipt upp í 10., 12. og 13. gr., eins og nefndin hefði gjört, enda þó landshöfðingi hefði verið

á gagnstæðri skoðun, hann kvaðst svo ekki ætla að tala mejra um mál þetta, það sæist við atkvæðagreiðsluna, hvað hann samþykkti og hvað ekki.

Jón Hjaltalín bað þingmann Rangæinga að taka eigi orð sín svo, sem hann ætlaði að skemma mál hans, en hann vildi að eins vekja athygli hans á því, hvort áætlunin um brúargjörðirnar væri svo áreiðanleg sem hann ætlaði, og hvort brýrnar mundu verða eins endingargóðar eins og hann byggist við. Hann kvaðst hafa sjeð margar brýr erlendis bæði úr trje, steini og járni, og hefði engin þeirra haft eins miklu spenningu eins og brú sú þyrfti að hafa, sem setja skyldi á Ölfusá, og hefðu þó þessar brýr kostað mörg þúsund króna meir en til ætlað væri, að Ölfusárbrúin kostaði, enda væri það og vanalegt við slíkar byggingar, að kostnaðurinn færi langt fram yfir áætlunina, og eins mundi fara hjer. Hann kvaðst einnig hafa sjeð 2 brýr hjá Stettin á Þýzkalandi, sem hefðu kostað ½ million króna, og verið rammgjörvar, en þessar brýr hefðu farið viðstöðulítið, þegar áin hefði rutt sig einu sinni, og byggist hann nú við, að Ölfusá ætti ógnar hægt með að sópa brúnni burtu, þótt hún kæmist nú á; og fyndist sjer því, að menn ættu að fara varlega í slíkar fjárveitingar, þar sem ekki væri meira fje fyrir hendi, en hjer væri eigi um neitt smáræði að tala. Það væri öll líkindi til, að brú kynni að geta staðið á Þjórsá, ef hún annars kæmist á, en það gæti hann alls eigi skilið, að nokkur brú stæðist á Ölfusá. Það mundi nú einnig óvíst, að svo mikið lið yrði að brúnum, eins og menn ætluðust til, því að mönnum úr hreppum þeim, sem lægju langt niður með ánni, mundi þykja betra að fara á báti beint yfir um, en að krækja upp á brú, og mundu því tekjurnar af brúnni verða minni en menn hjeldu. Þess mætti og geta, að brú ein á Saxelfi hefði sprungið og ónýzt af eldingu, og það gæti vel komið fyrir hjer, þar sem eldingar væru alltíðar, og leituðu þar að auki mjög þangað sem málmur væri fyrir. Sjer fyndist, að menn ættu að vera mjög varkárir í þessu efni, og að minnsta kosti ekki takast meira í fang fyrst, en að brúa Þjórsá eina, og sjá, hversu vel hún borgaði sig, og hvernig hún entist.

Sighvatur Arnason kvaðst að vísu taka ræðu hins 4. konungkjörna svo, sem hún væri alls eigi töluð beinlínis í móti málinu, en hann gæti þó eigi að öllu leyti fallizt á hana. Það mundi fyrst og fremst vera óhætt, að trúa skýrslu Windfeld Hansens um áætlun kostnaðarins, því að hann hefði vandað hana sem bezt að öllu sem hún sýndi bezt sjálf. Hann hefði ætlazt til, að brýrnar skyldu svo hátt settar, að árnar gætu aldrei náð þeim í leysingum eða ísahlaupum, enda ætti og brúin á Þjórsá að leggjast þar sem áin rynni í djúpu gili, og næði hún eflaust aldrei upp undir brúna, svo að eigi þyrfti slíkt að óttast þar. Öðru máli væri að vísu að gegna um Ölfusá, en þar hefði Hansen ætlazt til að múraðir stöplar væru byggðir, sinn hvoru megin, svo að áin gæti aldrei náð brúnni, reyndar gæti hún náð stöplunum, ef hún flæddi upp á bakka sína, en það hefði hann álitið að aldrei gæti orðið að skaða, því að ekki yrði svo mikill kraptur í því, sem rynni uppi á bökkunum, úr því sjálf áin næði eigi til stöplanna. Það væri að vísu mikið fje, sem hjer þyrfti til, svo að allrar varúðar þyrfti að gæta, en hennar væri og nokkuð gætt, ef eigi væri byggð nema önnur fyrst, og væri hann því eigi mjög mótfallinn, þar eð reynslan gæti þá sýnt, hvað kostnaðinum liði, en aptur á móti vildi hann geta þess, að Windfeld Hansen hefði sagt, að kostnaðarmeira yrði að byggja þær sína í hvoru lagi, því að þeim mætti báðum ljúka á einu sumri undir forustu eins manns, eins og líka væri auðsætt, að umsjónin yrði ódýrari, ef svo væri að farið, þegar jafnframt er litið á það, að samningar allir og aðflutningar frá útlöndum gætu verið í einu lægi. Þess vildi hann enn geta, að reikningur Hansens mundi vera mjög nákvæmur, og að minnsta kosti eigi of lágur, því að hann hefði t. a. m. reiknað allan aðflutning á hestum frá Eyrarbakka til brúarstaðanna; en eptir því sem

kunnugir menn segðu, þá mætti fjarska mikið ljetta undir með akstri á vetrardag, svo að aðflutningskostnaðurinn yrði eflaust miklu minni en til væri ætlazt, einkum hvað Ölfusá snerti. Að bjóða fram lán, eins og þingið vill nú gjöra til þessa fyrirtækis, áliti hann vera til lítils, því að sýslurnar mundu varla þora að ráðast í það, því að þótt menn hugsuðu, að brúartollurinn ljetti mikið undir með rentur og afborgun, þá mundi það þó ekki geta orðið fyrstu 2 árin, því að það yrði að bæta mjög vegi í Rangárvallasýslu til þess að Þjórsárbrúin yrði svo fjölfarin sem skyldi, og til þeirra vegabóta mundu að minnsta kosti ganga 2 ár, og þegar sá kostnaður lenti eingöngu á Rangvellingum, væri auðsætt, að þeir gætu eigi tekið stórkostlegt lán þar að auki, sem þeir yrðu að greiða vexti og afborgun af, og þannig hlyti þetta fyrirtæki að dragast og jafnvel fyrirfarast, sem allir yrðu þó að játa að hin mesta nytsemi væri að, þar eð það væri eins brýn nauðsyn í sýslunum hjer austanfjalls, eins og gufuskipsferðirnar væru fyrir alla aðra hluta landsins, því að þessar ár væru opt orsök í miklu tjóni og kostnaði fyrir menn og legðu mikil höpt á verzlun manna, þar eð þeir fældust frá, að reka hana hingað til Reykjavíkur, sem margir mundu þó óska ýmissa hluta vegna, ef árnar væru eigi til fyrirstöðu, og settu menn opt fasta, svo að þeir yrðu að bíða dögum saman við þær, ef nokkuð væri að veðri. Það væri lagt fje af landssjóði til ýmissa hluta er til framfara þykir horfa, því skyldi þingið þá ekki vilja leggja styrk til slíkra framfara, sem mundu leiða eptir sjer hvort fyrirtækið af öðru til gagns og framfara, og vera einhver hin mesta framför fyrir allt Suðurland, sem maður getur hugsað sjer, og þar hjá sjerstaklega fyrir Reykjavík. Hann kvaðst því vona, að deildin samþykkti þessa uppástungu sína, þar eð fyrirtækið hlyti annars að hindrast, því að mönnum mundi auðveldlega geta skilizt það, að einar 2 sýslur mundu eigi áræða að taka það lán, sem mundi valda þeim 6 til 9 þúsund króna útgjöldum árlega ofan á önnur gjöld, en fengist þar á móti þessi styrkur, mundi verða að vísara að ganga, að byrjað yrði á verkinu von bráðara.

Ásgeir Einarsson kvaðst ekki mundu að þessu sinni tala margt um smá-atriði í máli þessu, svo sem tillagið til kvennaskólanna og fleira, því að sjer stæði alveg á sama, hvort það væri 200 eða 400 krónur, en hann vildi að eins minnast á tvö stóratriði nefnilega uppástungu þingmanns Rangæinga og fjárveitinguna til dómkirkjunnar.

Hvað hið fyrra málið snerti, þætti sjer neðri deildin hafa tekið góðmannlega og mannúðlega undir það. Hún hefði haft fyrir sjer skýrslur skoðunarmannsins um áætlun til brúagjörðarinnar og skýrslur sýslubúa um ferjutolla, og hefði af því getað sjeð, bæði hvað brýrnar kostuðu, og eins, hvað þær mundu gefa af sjer með brúartollunum, og eptir þeim skýrslum hefði hún álitið, að brýrnar mundu gefa svo mikið af sjer, sem þyrfti til að borga vexti og afborgun af því fje, er þyrfti til brúagjörðanna, og þetta fje hefði svo neðri deildin viljað lána gegn afgjaldinu af brúnum og ábyrgð fyrir láninu, og mundi flestum þykja gott, að fá lán með slíkum kjörum, Þingmaður Rangæinga hefði að vísu satt að mæla, að þetta væri til mikilla framfara í viðkomandi sýslum, en þó væri það sitt álit, að það fje, er þingmaðurinn vildi láta veita til þessa fyrirtækis gefins, ætti heldur að veitast til gufuskipsferðanna kringum landið, svo að þær gætu orðið sem mest að liði, enda þótt þær sýslur, er hjer um ræddi, hefðu ekki beinlínis gagn af þeim. Sjer fyndist og að menn ættu hjer að láta sjer nægja með lán, því að það þætti ekki eptir góðri sveitarstjórn, að fara að gefa fátæklingunum jafnskjótt sem þeir þyrftu einhvers með, heldur væri vanalegt að lána þeim fyrst til reynslu og þætti sjer ráð, að fara hjer eins að. Um það, hvort hætt væri við, að brýrnar kynnu að farast bráðlega, gæti hann ekkert

sagt, því að hann væri landslagi þar alveg ókunnugur, en hitt gæti hann aptur á móti sjeð, að nógir bátar mundu verða til að renna í kjölfarið á eptir svo stóru skipi sem þetta væri, ef menn færu beinlínis að veita fje til þess gefins; því að þess mundi þá eigi langt að bíða, að bænir kæmu úr öðrum hjeruðum landsins um styrk, helzt gjafir til brúa þar og þar. Hann vissi t. a. m., að opt hefði verið talað um að setja brú á Blöndu í Húnavatnssýslu, og þætti sjer mjög líklegt, að menn fyndu ástæðu til, að biðja um styrk til hennar úr landssjóði, ef þetta fje væri veitt. Fyrir því sýndist sjer eigi ráðlegt að veita fje til þessa fyrirtækis öðruvísi en að láni.

Hvað dómkirkjuna snerti, kvað hann sjer þykja neðri deildinni einnig hafa farizt mjög góðmannlega, þar sem hún beinlínis veitti 5000 krónur til kirkjunnar og þar að auki væri þó fús á, að lána henni nm 20000 krónur, náttúrlega gegn ábyrgð, og þætti sjer ólíklegt, að Reykvíkingar gengju eigi að því, ef þeir á annað borð vildu nokkra kirkju hafa. En þar sem nefndin hjer vildi láta endurborga það lán af tekjum kirkjunnar, þá vildi hann nú fyrst sjá, áður en hann gæfi þessari tillögu atkvæði sitt, að hreinar tekjur kirkjunnar næmu meiru en 300 krónum á ári, eins og hann hefði heyrt hjer í bænum. Sjer þætti það annars undarlegt, að Reykjavíkurbúar skyldu eigi borga annað til kirkju sinnar en ljóstoll, því að þeir mundu þó eigi vera fátækari en sveitabændur; sjer fyndist óhætt, að ríkismennirnir hjerna mættu þó borga til kirkju sinnar að minnsta kosti dálítið meira en fátæklingarnir í sveitunum, og fyrir því byggist hann við, að þeir mundu taka vel undir að borga húsagjaldið, sem í ráði væri að leggja á þá. Fyrir sitt leyti fyndist sjer, að Reykvíkingar ættu að mestu leyti sjálfir að kosta smíð og endurbyggingu á kirkju sinni, eins og aðrir kaupstaðir landsins og sóknir. Hann vissi eigi betur, en að Akureyrarbúar og eins kaupstaðarbúar á Ísafirði að miklu leyti hefðu látið byggja kirkjur sínar á eiginn kostnað, og sama mætti víst segja um íbúa Stykkishólms, að þeir ætluðu að koma upp kirkju hjá sjer á sinn kostnað, en mundu varla fara að betla til landssjóðsins. Hann hefði einnig vitað til, að fátæk kirkja hefði fallið og verið í skuldum. Sóknarbúum hefði alls eigi komið til hugar, að fara að biðja um opinberan styrk, heldur hefðu þeir skotið saman til að byggja kirkjuna. Menn hefðu nú talað um, að það væri skylda landssjóðsins, að sjá um byggingu dómkirkjunnar hjer í Reykjavík, af því að hún væri eign hans, en sjer fyndist líka, að hver mætti fara eins með eign sína og hann vildi, og enda selja hana. Sem sagt, væri hann á því, að neðri deildin hefði farið alveg rjett í mál þetta, enda styrkti og landshöfðinginn það álit sitt. Hann efaðist heldur eigi um, að Reykvíkingar þægju lán það, sem boðið væri, og væru fúsir að styðja byggingu sinnar eigin kirkju sem bezt; enda gæti hann eigi skilið, að nokkur maður væri svo gjörður, að hann vildi eigi hafa það hús sem veglegast, er hann notaði til að þjóna heilögum guði, og væri sönn ánægja að, að styrkja það með fje sínu eptir mætti.

Framsögumaður kvað sig furða, að þingmaður Húnvetninga skyldi tala svo, sem hann hefði nú gjört, að hann, sem hefði sýnt þeirri kirkju, sem hann væri eigandi að, svo mikinn sóma, skyldi vera því mótfallinn, að landssjóðurinn skyldi styrkja að endurbótum á þeirri kirkju, sem hann væri eigandi að; sjer fyndist hann, sem hefði gengið á undan öðrum með svo góðu eptirdæmi, ætti miklu fremur að hvetja aðra til þess að feta í sín fótspor heldur en að letja þá þess, einkum þar sem hann hefði í niðurlagi ræðu sinnar hvatt svo mjög til þess, að menn hefðu guðshús sem veglegast. Það væri því óheppilegt, að hann skyldi grípa í þann strenginn, sem miður sæmdi í þessu tilliti.

Það væri annars búið að ræða mál þetta svo mikið, að óþarfi væri að tala meira um það. Mönnum mundi vera það fullljóst, hver væri eigandi dómkirkjunnar, og jafnvel þeir, sem legðu móti því, að henni væri veitt fje, játuðu, að hún væri eign landssjóðsins; en enginn mundi geta neitað því með rjettu, að eðlilegast væri, að eigandi kirkjunnar kostaði endurbætur hennar. Um það, hvort sanngjarnt væri, að Reykvíkingar væru undir öðrum lögum í þessu efni, en aðrir landsmenn ætlaði hann eigi að tala að sinni, en slík lög væru að minnsta kosti óvanaleg, ef þau kæmu út; annað mál væri það, hvort söfnuðurinn hjer kynni að styrkja kirkju þá, er hann hefði til notkunar, með sjerstökum tillögum meira en almennt væri. Það kvað hann eigi vera rjett skilið af þingmanni Húnvetninga, að neðri deildin hefði veitt heimild til að veita lán til kirkjunnar; sú tillaga væri að eins í nefndarálitinu í neðri deildinni og þó með vissu skilyrði, en alls eigi tekin upp í fjárlagafrumvarpið. Þar sem sami þingmaður hefði álitið, að landssjóðurinn gæti selt kirkjuna, eða gjört við hana, hvað sem hann vildi, þá skyldi hann minna hann á það, sem honum líklega væri kunnugt, að eigandi kirkju mætti eigi leggja hana niður, nema hann fengi þar til æðra leyfi.

Þingmaður Strandasýslu hefði eigi viljað láta tvístra jarðræktarstyrknum með því, að ætla hann líka til eflingar sjávar-útveginum; en hann vildi geta þess, að nefndin hefði eigi ætlazt til, að það fje skyldi veita til að kaupa þilskip, eða þess konar, heldur miðaði uppástungan til þess, að þeir menn, sem sýndu sjerstakan dugnað við sjávarútveg, væru eigi útilokaður frá að geta fengið þóknun til viðurkenningar fyrir framtakssemi sína. Það væri að vísu æskilegt, að þessi upphæð væri hærri en 5000 kr., ef menn sæju sjer fært að hækka hana.

Breytingaruppástungu hins 4. konungkjörna kvaðst hann vera meðmæltur, því að lærisveinar læknaskólans hefðu sömu þörf á húsaleigustyrk, sem lærisveinar prestaskólans, og viðurkennt væri, að sú fjárveiting til prestaskólans væri nauðsynleg; hann vonaði því, að deildin tæki því máli vel. Hvað breytingaratkvæði þingmanns Rangæinga snerti, þá væri það sjálfsagt, að hver maður mundi því í raun og veru hlynntur, en það fjártillag, er þar væri um beðið, væri bæði of lítið og of mikið. Það væri of lítið til að geta fengið brýrnar byggðar, þar sem áætlun um kostnaðinn færi fram á, að til brúnna þyrfti 160000 kr.; þótt þess vegna hin umbeðna upphæð væri veitt í fjárlögunum, þá mundi hún reynast of lítil til þess, að byrjað yrði á fyrirtækinu. Á hina hliðina væri þessi fjárveiting of mikil fyrir landssjóðinn, þegar litið væri til tekjuleifanna og þess væri einnig gætt, að þær mundu enn minnka, ef þau lagafrumvörp fengju framgang, er til væru nefnd í 19. gr. fjárlagafrumvarpsins. Hann yrði því að vera móti þessari fjártillögu, þótt hann í raun og veru væri málinu hlynntur.

Að endingu kvaðst hann vilja geta þess, að sjer þætti að vísu litlu varða, hvort tillaga nefndarinnar væri tekin til greina viðvíkjandi kvennaskólunum; mönnum væri það mál fullkomlega ljóst, og það stæði á litlu bæði fyrir landssjóðinn og skólana; en nefndin hefði haft við góðar ástæður að styðjast, að leggja eigi meira til kvennaskólans hjer, en stjórnin hefði stungið upp á og láta svo Munkaþverárskólann fá hið sama.

Ásgeir Einarsson kvað framsögumann hafa misskilið sig, þar sem hann hefði talað um ósamkvæmni hjá sjer að því leyti, að hann hefði eigi viljað láta landssjóðinn endurbæta dómkirkjuna, sem væri hans eign, en hefði þó sjálfur gjört sína kirkju svo vel úr garði, sem hann hefði til tekið. En hann yrði að geta þess, að þetta væri engin ósamkvæmni, heldur einmitt samkvæmni, því að

sín meining væri, að þeir skyldu annast um byggingu kirkju hverrar, sem ættu sókn að henni og nytu hennar, en það mundi þó enginn geta sagt, að landssjóðurinn hefði mikil not af kirkjunni hjerna. Að lánveiting kirkjunnar hefði eigi verið tiltekin í fjárlagafrumvarpi neðri deildarinnar, hefði sjer verið vel kunnugt; en þar á móti væri sjer það ókunnugt, að menn mættu ekki fara með það, sem þeir ættu, eins og þeir vildu; það þætti sjer ný kenning.

Benidikt Kristjánsson kvaðst eigi skilja, að lánveitingu til dómkirkjunnar þyrfti að taka upp í fjárlagafrumvarpið, þar sem landshöfðinginn hefði sagt, að stjórnin hefði heimild til að veita slíkt lán, ef trygging fengist fyrir því, að það yrði endurgoldið, og í því tilliti hefði hann mælt með því, að frumvarp það, sem hann benti á að koma mundi, fengi framgang hjer í deildinni.

En það sem framsögumanni hefði þótt kynlegt, að hjer skyldi eiga að setja önnur lög um gjöld til kirkju en annarstaðar, þá væri hjer allt öðru máli að gegna. Hjer hagaði svo til, að jafnvel ríkir menn gyldu minna til kirkju en þurfandi menn í sveit, og hjer væri öðruvísi sveitarstjórn en annarstaðar á landinu; þess vegna væri nauðsyn á sjerstakri lagasetningu í þessu efni. Nú sýndist sjer engin ástæða til, að Reykjavíkurbúar hefðu einkaleyfi til að gjalda minna til kirkju en aðrir landsmenn, þar sem þeir hefðu þó hin sömu not af henni. Hann gæti því eigi betur sjeð, en að lög þyrfti til að taka þennan ójöfnuð af, en um það ætlaði hann sjer engan dóm að fella að þessu sinni, hvort húsagjaldið væri heppilegt eða ekki.

Forseti bar þá undir atkvæði hinar einstöku greinir frumvarpsins með þeim breytingum, er fram voru komnar við það. Engin breyting var fram komin við fyrri kafla frumvarpsins og var hver grein í honum samþykkt í einu hljóði. Þá var tekin fyrir annar kaflinn (útgjöldin), og var 7., 8. og 9. grein hver um sig samþykkt í einu hljóði.

Breytingaruppástunga nefndarinnar
— við 10. gr. B 1 var samþykkt með 6 atkvæðum gegn 3.
— — — — B 3 var samþykkt með 7 atkvæðum gegn 1.
— — — — C 3 var samþykkt með 8 atkvæðum gegn 1.
— — — — C 5 var samþykkt með 8 atkvæðum gegn 1.
— — — — C 9 var felld með 6 atkvæðum gegn 5.

Breyting þingmanns Rangæinga við 10. grein um, að nýr töluliður kæmi eptir C. 7., var felld með 8 atkvæðum gegn 3.

Viðauki nefndarinnar við 10. gr. C., 10. töluliður, var samþykktur með 8 atkvæðum og 11. töluliður með 9 atkvæðum. Síðan var 10. grein með þessum breytingum samþykkt með 6 atkvæðum gegn 1. 11. grein var samþykkt í einu hljóði. Viðauki nefndarinnar við 12. grein, aptan við 4. tölulið (5. töluliður), var samþykktur með 9 atkvæðum og greinin sjálf með honum samþykkt í einu hljóði. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 13. gr. B. I. b. 5. var tekin aptur. Breytingaratkvæði hins 4. konungkjörna þingmanns við 13. gr. var samþykkt með 7 atkvæðum.

Breyting nefndarinnar
við 13. gr. B III a var felld með 7 atkvæðum gegn 4.
— — — — B III b 1 var samþykkt með 8 atkvæðum.

Viðauki nefndarinnar við 13. gr. B III var samþykktur með 9 atkvæðum.

Breyting nefndarinnar við
13. gr. B III c 4 var felld með 6 atkv.
— — — C 3 var fyrst felld með 5 atkvæðum gegn 5, en síðan var við haft nafnakall og sögðu:

Já:

Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,

Já:
Ásgeir Einarsson,
Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Sighvatur Árnason.
Nei:
Benidikt Kristjánsson,
Jón Hjaltalín,
Jón Pjetursson,
Stefán Eiríksson,
Torfi Einarsson,
og var breytingaruppástungan þannig samþykkt með 6 atkvæðum gegn 5.

Breyting nefndarinnar við 13. gr. C 4 var samþykkt með 6 atkvæðum gegn 4. Síðan var 13. grein með þessum breytingum samþykkt með 8 atkvæðum. Breyting nefndarinnar á 14. grein var samþykkt með öllum atkvæðum, og við 15. grein samþykkt með 7 atkvæðum gegn 2, og voru þar með 14. og 15. grein frumvarpsins fallnar, 17. gr. frumvarpsins var felld án atkvæðagreiðslu. Tillaga nefndarinnar um 18. gr. var samþykkt í einu hljóði. 19. grein var samþykkt með 8 atkvæðum. Síðan var sjálft frumvarpið með áorðnum breytingum samþykkt með 10 atkvæðum, og því vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Var frumvarpið nú þannig orðað.

FRUMVARP

til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879.

---

1. kafli.

Tekjur.

1. grein.

Á árunum 1878 og 1879 telst svo til, að tekjur Íslands verði 638161.26 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er í 2.—6. gr.

2. grein.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar: 338526.06 kr.

	1878 kr. a.	1879 kr. a.	Alls kr. a.
1. Tekjur af ljenssýslum	5,320	5,320	10,640
2. Lögþingisskrifara-laun	64 3	64 3	128 6
3. Tekjur af umboðssýslugjöldum	1,830	1,830	3,660
4. Konungstíundir	7,646	7,646	15,292
5. Lögmannstollur og fleira	954	954	1,908
6. Nafnbótaskattur	200	200	400
7. Erfðafjárskattur	2,121	2,121	4,242
yfir um	18,135 3	18,135 3	36,270 6

		1878	1879	Alls
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
handan að		18,135 3	18,135 3	36,270 6
8. Gjöld af fasteignarsölum		594	594	1,188
9. Gjöld fyrir leyfisbrjef		600	600	1,200
10. Spítalagjald		6,000	6,000	12,000
11. Gjöld af verzlun á Íslandi	30,000 kr.			
— af póstgufuskipunum	5,834 —	35,834	35,834	71,668
12. Aðflutningsgjald:				
a, af áfengum drykkjum	90,000 —			
b, af tóbaki	10,000 —			
	100,000 —			
að frádregnum 2% í innheimtulaun		98,000	98,000	196,000
13. Tekjur af póstferðunum		9,500	9,500	19,000
14. Óvissar tekjur		600	600	1,200
Samtals		169,263 3	169,263 3	338,526 6
3. grein.				
Tekjur af fasteignum landssjóðsins o. fl. eru taldar að nemi 64326 kr.				
1. Afgjöld af umboðs- og klausturjörðum, fyrir hvort árið	38525 kr.			
að frá dregnum:				
umboðslaunum, prestsmötu o. fl.	10180 —	28,345	28,345	56,690
2. Afgjöld af þeim jörðum, sem læknasjóðurinn fyrrum átti, af jörðunum Belgsholti og Belgsholtskoti o. fl.		1,184	1,184	2,368
3. Leigugjöld:				
a, af Lundey	134 kr.			
b, af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu	1800 —	1,934	1,934	3,868
4. Tekjur af kirkjum		700	700	1,400
Samtals		32,163	32,163	64,326
4. grein.				
Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru ætlaðar að nemi 45415 kr. 20 aur.				
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins		22,000	23,000	45,000
Upp í lán verður borgað:				
á árinu 1878	8700 kr. 37 a.			
- — 1879	6581 — 23 -			
	15281 — 60 -			
2. Leigur af andvirði seldra jarða		207 60	207 60	415 20
3. Tekjurnar af hinum íslenzka styrktarsjóði eru ætlaðar að nemi hjer um bil 1766 kr. árlega, og verður þeim varið til þess að auka innstæðufje sjóðsins.				
Samtals		22,207 60	23,207 60	45,415 20

	1878	1879	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
5. grein.			
Endurgjald lána og skyndilána verður talið 1562 kr.			
1. Gjald upp í lán sökum fjárkláðans á Íslandi. .	250	»	250
2. Gjald upp í lán til þess að byggja upp aptur kirkju Möðruvallaklausturs	440	440	880
3. Gjald upp í lán til þess að byggja kirkju á Eyri	216	216	432
Samtals	906	656	1,562
6. grein.			
Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 188,332 kr.			
Fast árlegt tillag . . . . . 60000 kr.			
Aukatillag á ári . . . . . 40000 —			
100000 —			
að frá dregnum . . . . . 5834 —	94,166	94,166	188,332
Samtals	94,166	94,166	188,332

2. kafli.
Útgjöld.

7. grein.

Á árunum 1878 og 1879 veitast til útgjalda 638,161 kr. 26 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—17. gr.

8. grein.

Útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin 26800 kr., sem sje fyrir 1878: 12400 kr. og fyrir 1879: 14400 kr.

9. grein.

Til kostnaðar við alþingi á árinu 1879 veitast 32,000 kr.

10. grein.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina og fl., veitast 194,656 kr. 66 a. fyrir árin 1878 og 1879.

	1878	1879	Alls
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. laun embættismanna	18,900	18,900	
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað og fleira . .	3,600	3,600	
3. þóknun fyrir endurskoðun íslenzkra reikninga	1,600	1,600	
	24,100	24,100	48,200
B. Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun embættismanna	16,976	16,976	
2. til hegningarhússins í Reykjavík	2,960	2,960	
3. önnur útgjöld	2,120	2,120	
	22,056	22,056	44,112
Yfir um	. . . . .	. . . . .	92,312

	1878 kr. a.	1879 kr. a.	Alls kr. a.
C. Ýmisleg útgjöld: handan að			92,312
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi	1,434	1,434	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir það, að þeir verða að borga undir embættisbrjef, hjer um bil	2,000	2,000	
3. til þess að gefa út «Lovsamling for Island» allt að	»	»	1,866 66
4. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar	705	705	
5. styrkur til jarðarræktar og til eflingar á sjávarútvegi	5,000	5,000	
6. til vegabóta	15,000	15,000	
7. til gufuskipsferða	15,000	15,000	
8. til vitabyggingar á Reykjanesi allt að . . .	»	»	14,000
9. til dómkirkjunnar í Reykjavík	»	»	5,000
10. þóknun til landbúnaðarnefndarinnar, sem skipuð var með konungsúrskurði 4. nóv. 1870	»	«	1,200
11. til hluttekningar í minningarhátíð háskólans í Uppsölum	»	»	2,000
	39,139	39,139	78,278
Samtals			194,656 66
11. grein.			
Til útgjalda við læknaskipunina veitast 80,148 kr.			
1. laun lækna	37,726	37,726	75,452
2. önnur útgjöld	2,348	2,348	4,696
	40,074	40,074	80,148
12. grein.			
Útgjöldin við póststjórnina er ætlazt á að verði 28,989 kr.			
1. laun	4,110	4,110	8,220
2. flutningur pósta	8,600	8,600	17,200
3. önnur útgjöld	1,600	1,400	3,000
4. útgjöld sem upp á kunna að koma	200	200	400
5. endurgjald handa póstmeistaranum og póstafgreiðslumönnum fyrir halla þann, sem þeir hafa beðið af póstfrímerkjasölunni frá 1. jan. 1875 til 1. ágúst 1876	»	»	169
	14,510	14,310	28,989
13. grein.			
Til kirkju- og kennslumálefna veitast 167,840 kr.			
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a, laun	8,032	8,032	
b, önnur útgjöld:			
1. til fátækustu brauða 4000			
2. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti 600			
3. til prestaekkna og barna þeirra og styrkyfir um 4,600			
	8,032	8,032	

		1878 kr.	1879 kr.	Alls. kr.
handan að	4,600	8,032	8,032	
ur handa fátækum uppgjafaprestum og prestaekkjum	2500			
4. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1000	8,100	8,100	
		16,132	16,132	32,264
B. Kennslumálefni:				
I. til prestaskólans:				
a, laun		10,700	10,700	
b, önnur útgjöld:				
1. húsaleiga handa 12 lærisveinum við prestaskólann, 80 kr. handa hverjum	960			
2. ein ölmusa upp á 200 kr.	200			
3. til tímakennslu	100			
4. — bókakaupa	300			
5. — eldiviðar og ljósa og fl.	300			
6. — umsjónar	100			
7. ýmisleg útgjöld	120	2,080	2,080	
		12,780	12,780	25,560
II. til læknaskólans:				
a, laun		2,600	2,600	
b, önnur útgjöld:				
1. 3 ölmusur upp á 200 kr.	600			
2. til eldiviðar, áhalda, ljósa og fl.	200			
3. til bókakaupa og verkfæra	300			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum	300			
5. húsaleiga handa 3 lærisveinum við læknaskólann, 80 kr. handa hverjum	240	1,640	1,640	
		4,240	4,240	8,480
III. til hins lærða skóla:				
a, laun		18,200	18,200	
b, 1. til umsjónar	1000			
2. aðstoðarfje handa söngkennaranum	860			
—— — fimleikakennara	700			
handa dyraverði	760	3,320	3,320	
c, önnur útgjöld:				
1. til bókakaupa	600			
2. til eldiviðar og ljósa	1500			
3. til skólahússins utanstokks og innan	1500			
4. til tímakennslu	500			
5. ölmusur	8000			
6. þóknun handa lækni	100			
7. ýmisleg útgjöld	1200			
8. Fyrir prestsverk	48	13,448	13,448	
9. til að stofna 10 ný heimasveinspláss		»	»	1,000
		34,968	33,968	69,936
yfir um				137,240

		1878 kr.	1879 kr.	alls kr.
	handan að			137,240
C. 1. til stiptsbókasafnsins	400			
2. til amtsbókasafnsins á Akureyri . . .	200			
3. til kvennaskólans í Reykjavík	200			
4. til kvennaskólans á Munkaþverá . . .	200			
5. til forngripasafnsins:				
a, til þess að kaupa forngripi . 400 kr.				
b, til umsjónar . . . . . 100 —	500			
6. til barnaskóla, sem þegar eru komnir í gang og eiga fullri eign sitt eigið skólahús eða skólajörð	1300	2,800	2,800	5,600
7. Fyrir bóka- og handritasafn Jóns alþingismanns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn . . .				25,000
Samtals				167,840

14. grein.

Til eptirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 47500 kr.. Þar á meðal til Stenberg fimleikakennara 500 kr. hvort árið, og viðbót við eptirlaun frú Elínar Thorstensen 200 kr. hvort árið.

15. grein.

Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja veitast 10000 kr.

16. grein.

Til óvissra útgjalda, sem upp á kunna að koma, veitast 8000 kr.

17. grein.

Afganginn, sem fyrst um sinn er ætlaður að verði 42,227 kr. 60 a., skal leggja til viðlagasjóðsins.

18. grein.

Ef frumvörp til skattalaga,
— — — laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta,
— — — — — vitagjald af skipum,
— — — — — fiskiveiðar þegna Danakonungs, þeirra er eigi eru búsettir á Íslandi,
— — — — — endurskoðun jarðabókarinnar,
— — — — — gjafsóknir,
— — — — — stofnun lagaskóla,
— — — — — — gagnfræðaskóla á Möðruvöllum,
— — — — — breytingu á gjöldum þeim, er hvíla á jafnaðarsjóðunum,
— — — — — rjettindi Ábæjarkirkju í Skagafirði,
— — — viðaukalaga við lög um aðra skipum á læknahjeruðum,
— — — laga um afnám styrks til útbýtingar gjafameðala,

ef frumvarp til laga um afnám húsaleigustyrks handa lyfsalanum í Reykjavík,
— — — — — afnám konungsúrskurðar 15. apríl 1803,
ná lagagildi á árunum 1878—1879, breytast upphæðir þær, sem til eru teknar í 2., 10., 11. og 13. gr., samkvæmt fyrnefndum lagafrumvörpum.

VIÐAUKANEFNDARÁLIT

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879.

Eins og tekið er fram í aðalálitsskjali nefudarinnar, var leitað ítarlegri skýringa frá neðri deildinni um tvo gjaldliði í 13. grein frumvarpsins, C. 6. og C. 7.

Hvað hinn fyrri gjaldliðinn snertir:

«Til barnaskóla, sem þegar eru komnir í gang og eiga fullri eign sitt eigið skólahús eða skólajörð, 1300 kr.»,

þá hefur nefndin meðtekið skýrslu frá fjárlaganefnd neðri deildarinnar um, að styrkur þessi sje ætlaður 6 barnaskólum, þ. e. barnaskólunum á Eyrarbakka, Brunnastöðum og Eskifirði, 200 kr. hverjum, og barnaskólanum í Flensborg við Hafnarfjörð 300 kr., og, eptir því sem sjeð verður, skólunum á Gerðum í Rosmhvalaneshreppi og á Ísafirði 200 kr. hvorum. En með því að sjá má af ofannefndri skýrslu, að ekki hefur verið sótt um neinn styrk handa þessum tveim síðastnefndu skólum, getur nefndin þegar af þeirri ástæðu ekki ráðið hinni heiðruðu deild til að samþykkja styrk þann, sem þeim hefur verið ætlaður, en þar á móti vill nefndin fallast á, að 4 hinum fyrstnefndu skólum sje veittur styrkur sá, sem þeir hafa um beðið, jafnvel þó nefndin jafnframt finni ástæðu til að taka fram, að hún álíti kostnaðinn til barnaskóla yfir höfuð að vera sveitamálefni, sem eptir eðli sínu eigi að vera landssjóðnum óviðkomandi. Sú upphæð, sem nefndin þess vegna leggur til að verði veitt, er 900 kr.

Hvað hinn síðari gjaldliðinn snertir:

«Fyrir bóka- og handritasafn Jóns alþingismanns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn 25000 kr.»,

skal þess getið, að nefndin frá fjárlaganefnd neðri deildarinnar hefur meðtekið brjef til alþingismanns Tryggva Gunnarssonar frá eiganda safnsins, dags. 20. þ. m., en að öðru leyti hafa nefndinni engar skýrslur verið sendar, jafnvel þó hún beiddist að fá þær skýrslur, er neðri deildin hefði haft fyrir sjer um nefnt safn, svo og viðvíkjandi öðrum þeim skilmálum fyrir sölu safnsins og afhendingu þess, sem nefndin gjörði ráð fyrir að hefðu komið fram af hálfu seljanda, og sem yrðu að koma til álita jafnframt kaupverðinu.

Með því nú hið umgetna brjef frá eiganda safnsins, sem er ritað eptir að mál þetta var útkljáð í neðri deildinni, og sem er sú einasta skýrsla viðvíkjandi safni þessu, sem kunnugt er að þingið hafi í höndum, eins og eðlilegt er, ekki inniheldur neina svo nákvæma lýsingu á safninu, stærð þess m. m., að hægt sje að gjöra sjer neina ljósa hugmynd um, hvort gjörlegt sje að kaupa það fyrir landið fyrir þá upphæð, sem til tekin er í fjárlagafrumvarpi neðri deildarinnar; getur meiri hluti nefndarinnar, Árni Thorsteinson, Bergur Thorberg og Magnús Stephensen, ekki álitið, að nægileg ástæða sje til að fallast á þessa fjárveitingu, og verður þess vegna að ráða hinni heiðruðu efri deild frá að samþykkja hana.

Það eru þess vegna tillögur nefndarinnar, að gjörðar sjeu þessar breytingar við fjárlagafrumvarp neðri deildarinnar, auk þeirra, er hún hefur stungið upp á í aðalálitsskjali sínu:

1. Við 13. gr. C, 6., að í staðinn fyrir þennan tölulið komi: «6. til barnaskóla 900 kr. Af þessari upphæð fá barnaskólarnir á Eyrarbakka, Brunnastöðum og Eskifirði 200 kr. kver, og barnaskólinn í Flensborg við Hafnarfjörð 300 kr.

(Meiri hlutans). Við 13. gr. C, 7., að þessi töluliður burt falli, og að öðrum töluliðum, sem fara á eptir þessum tölulíðum, verði breytt þessu samkvæmt.

Alþingi, 21. ágúst 1877.

Árni Thorsteinson, Bergur Thorberg, Magnús Stephensen.

Eiríkur Kúld, Sighvatur Árnason, með skírskotun til ágreiningsatkvæðis okkar.

Minni hluti nefndarinnar, Eiríkur Kúld og Sighv. Árnason, er hvað hið fyrra atriðið (fjárveitingu til barnaskólanna) snertir, meiri hlutanum samdóma; en hvað viðvíkur hinu síðara atriði verður minni hlutinn að ætla, að bóka- og handritasafn Jóns alþingismanns Sigurðssonar sje sá kjörgripur í augum Íslendinga, að öll ástæða sje til þess, að tryggja það sem bezt, að það, þegar Jóns missir við, verði eign landsins en ekki annara. Minni hlutinn játar að vísu, að hann hafi ekki getað aflað sjer nægra skýringa um safnið sjálft, en verður að álíta, að neðri deild alþingis, sem því nær í einu hljóði hefur samþykkt tölulið C. 7, hafi fengið þær upplýsingar hjer að lútandi, sem hafi verið svo vel úr garði gjörðar, að þær hafi ráðið þessu atkvæði deildarinnar. En aptur álítur minni hlutinn, að nauðsynlegt sje, að binda kaup safnsins vissum og föstum skilyrðum, og vill því stinga upp á, að hið allra-fyrsta verði samin skrá yfir allt safnið, bæði hinar prentuðu bækur og handrit —þar með talin öll handrit, eptirrit og frumrit Jóns sjálfs, og eins það allt, er hann fær aukið safnið með til dauðadags— sem allt sje með í kaupinu; eins að bókasafnið, meðan það er í hans umsjá í Kaupmannahöfn, sje geymt á góðum stað, og að Jón eins lengi ábyrgist það án endurgjalds í brunabótarfjelagi fyrir 30,000 kr. Loksins gefi hann sem fyrst afsalsbrjef fyrir safninu, og að því fengnu og framanskrifuðum skilmálum uppfylltum veitist stjórninni heimild til að kaupa safnið fyrir allt að 25,000 krónum.

Alþingi, 21. ágúst, 1877.

Eiríkur Kúld. Sighvatur Árnason.

BREYTINGARUPPÁSTUNGUR

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild alþingis.

1. Breytingaruppástunga frá nefndinni.

Við 18. gr. á eptir orðunum 15. apr. 1803 komi: skattgjöld á Vestmannaeyjum.

2. Breytingaruppástunga frá Eiríki Kúld og Sighvati Árnasyni.

Við 13. gr. C 7. í staðinn fyrir: «Fyrir bóka- og handritasafn Jóns alþingismanns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn 25000 kr.» komi: «Til að kaupa bóka- og handritasafn Jóns alþingismanns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn veitist allt að 25000 kr.»

3. Breytingaratkvæði frá landshöfðingjanum.

Við 13. gr. B III b 1. til umsjónar: «1000 kr.» falli burt innan stryks, en utan stryks bætist við:

1878	1879
1000 kr.	600 kr.

4. Breytingaruppástunga frá Eiríki Kúld, Magnúsi Stephensen og J. Hjaltalín.

Við 12. grein 3. Tölurnar: «1600», «1400» og «3000» breytist í: «1800», «1600» og «3400».

5. Viðaukauppástungur og breytingaruppástungur frá Benidikt Kristjánssyni, Ásgeiri Einarssyni og Stefáni Eiríkssyni.

Aptan við 13. gr. A b. 4. bætist inn í tölul. 5., sem orðist þannig: Þóknun handa prestum, uppgjafaprestum og prestaekkjum, til endurgjalds lánum til fátækra kirkna 2000 kr. (fyrir fjárhagstímabilið).

Við 13. gr. B. III. c, eptir tölul. 5. bætist inn nýr tölul. 6., sem orðist þannig: «Ferðastyrkur handa fátækum skólasvein-

um, sem eiga heimili fjærri skólanum 2000 kr.» (fyrir fjárhagstímabilið).

Við 13. gr. C. 3. Í staðinn fyrir «200» komi: «400».

Við 13. gr. C. 4. Orðin: «og leigulaus afnot af Munkaþverá og Bleiksmýrardal», bætist við töluliðinn.

ÞRIÐJA UMRÆÐA

í efri deild alþingis.

Á 46. fundi efri þingdeildarinnar, 23. dag ágústmánaðar, kl. 5 e. m., kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879.

Framsögumaður (Bergur Thorberg) kvað nefndina hafa leitað upplýsinga um 2 atriði hjá fjárlaganefnd neðri deildarinnar, og er hún hefði fengið svar þar að lútandi, hefði hún samið viðaukanefndarálit, að því er snerti þessi atriði, sem væri 6. og 7. tölul. í 13. gr. C.

Hinn fyrri væri um styrk til barnaskóla, sem þegar væru komnir í gang og ættu fullri eign sitt eigið skólahús eða skólajörð, og hefði neðri deildin í því skyni veitt 1300 kr. Með því þetta eigi gæti álitizt að vera það, sem kallað er «rund Sum», hefði nefndin ætlað, að miðað væri hjer við vissa skóla, og leitað um það skýringa til neðri deildarinnar, og sæist af þeim skýringum, er það hefðu komið, að fjárlaganefndin þar hefði ætlað þessa upphæð 6 skólum, það er að segja 5 af þeim 200 kr., en einum 300 kr. Einnig sæist af skýrslum þessum, að 4 af skólum þessum hefðu beðið um styrk, en 2 eigi. Nefndinni hefði eigi þótt ástæða til að veita styrk þeim, sem eigi hefðu óskað þess, því auk þess sem kostnaður til barnaskóla væri fremur sveitamálefni, en almennt landsmálefni, gæti slíkur styrkur leitt langt, ef marga barnaskóla yrði um að ræða. Þó hefði nefndin eigi viljað synja þeim styrks, er beðið hefðu, því þó hjer væri eigi um landsmálefni að ræða, þá væri það þó samkvæmt tilgangi landssjóðsins, að styrkja nytsöm fyrirtæki og stofnanir. Nefndin hefði og álitið rjett að til greina vissa skóla, og þá hefði hún nefnt í viðaukanefndaráliti sínu, og ætlað þeim alls 900 kr., eins og þeir hefðu beðið um. Aðra tvo skóla, sem neðri deildin hefði tekið með, hefði nefndin eigi fundið nægа ástæðu að taka til greina, með því þeir hefðu eigi óskað styrks, og það því síður sem annar þeirra, skólinn á Ísafirði, hefði lögákveðnar tekjur, svo hann þyrfti, ef til vildi, eigi styrks við. Hinn tölul., er nefndin hefði leitað upplýsinga um, 25000 kr. til að kaupa bóka- og handritasafn Jóns Sigurðssonar, væri svo verulegur gjaldliður og munaði landssjóðinn svo miklu, að nefndinni hefði þótt nauðsynlegt að leita upplýsingar um hann hjá neðri deildinni, en engar þær skýrslur fengið, er neðri deildin hefði haft í höndum, þegar hún ákvað þessa fjárveitingu, og það væri jafnvel svo að sjá, að hún hefði engar slíkar skýrslur haft í höndum. Nefndin hefði að vísu fengið brjef frá eiganda safnsins til eins af nefndarmönnum neðri deildarinnar, og gæfi það reyndar nokkra skýrslu um málið, en eigi svo nákvæma eða sundurliðaða, að sjeð yrði stærð safnsins, eða hvað mikið væri í hverjum flokki þess.

Síðan las hann brjefið upp, og var það svo látandi:

«Eptir því sem þjer hafið skrifað mjer, óskar efri deildin að fá skýrslur, sem neðri deildin hefur haft fyrir sjer, viðvíkjandi bóka- og handritasafni mínu. Jeg er nú að vísu ekki hjer undirbúinn með þessar skýrslur, því jeg átti ekki von á þessari spurningu, en jeg skal geta þess, að yður og fleirum er án efa kunnugt, að jeg mundi helzt kjósa, að bækur mínar og handrit gætu komið Íslandi til nota, og í þess eign, og að jeg hef safnað um mörg ár öllu því, sem jeg hef getað, og Ísland snertir, bæði prentuðu og óprentuðu. Sömuleiðis hef jeg ritað með minni hendi margt hvað, sem bæði inniheldur merkileg rit um Ísland og á íslenzku, og annað, sem helzt er grundvöllur fyrir sögu Íslands og bókmennta þess í öllum greinum fyr og síðar. Svo

jeg taki nokkuð til dæmis, þá hef jeg mikið safn yfir allar íslenzkar bækur og þær sem Ísland snerta, titla slíkra bóka í tímaröð, og margar af bókunum sjálfar; einnig rithöfunda-tal, sem að miklu leyti er fullgjört; svo eru þar og prentaðar bækur, sem þar til heyra, og exemplör af mörgum prentuðum bókum frá öllum tímum. Þá tel jeg og safn af jarðabókunum og afskriptir þeirra, og mörgum öðrum íslenzkum skrám og skjölum. Enn fremur flestar íslenzkar bækur, og á öðrum málum, sem skýra um Ísland frá þeim fyrstu til seinustu tíma, bæði eptir innlenda og útlenda rithöfunda, mörg með uppdráttum, sem þar til heyra. Enn fremur ýmsar aðrar bækur, sem heyra til bókmenntum annara landa. Það er sjálfsagt, að jeg held fram safni þessu eptir uppteknum hætti, svo sem mögulegt er, meðan jeg endist til, og vil helzt láta það allt fylgjast að, þegar mín missir við. En eg óska að hafa safnið undir hendi eða undir minni umsjá, svo jeg geti látið gjöra skrá yfir það, en jeg mun taka ábyrgðarbrjef á minn kostnað í brunabótum fyrir verð safnsins, sem sje 30,000 krónur. Afhending safnsins gjöri jeg ráð fyrir að fari fram eptir samkomulagi, og á þann hátt, sem hentugastur þykir.

Reykjavík, 20. ágúst 1877.

Jón Sigurðsson».

Brjef þetta skýrði reyndar frá því, sem áður væri kunnugt, að í safni þessu væri mikið af bókum íslenzkum eða Ísland áhrærandi, og sem eflaust væru margar mjög merkilegar. En til þess að fallast á kaup þessi, þyrftu menn að hafa skýrslur, sem sýndu, í fyrsta lagi að safnið væri þess virði, og þar næst þyrftu menn að vera sannfærðir um, að það væri áríðandi fyrir landssjóðinn, að verja slíku fje til þess. Því þó safnið væri svo mikils virði, þá væri ef til vildi eigi ástæða til þess fyrir landið, að kaupa það. Þetta væri svo verulegur gjaldliður, að meiri hluti nefndarinnar hefði eigi fundið næga ástæðu til að fallast á hann. Minni hlutinn hefði þar á móti fallizt á kaup þessi, og komið því fram með sjerstaka uppástungu í því skyni, sem hann mundi færa ástæður fyrir. Hjer væri að eins spurning um kaup og sölur, og væri það því skylda manna að gæta þess, að kaupa eigi út í bláinn, heldur það sem væri nauðsynlegur hlutur fyrir landssjóðinn og þess virði, sem fyrir ætti að gefa. Því næst sneri hann sjer að breytingaruppástungunum. Landshöfðinginn hefði stungið upp á, að laun fyrir umsjón í latínuskólanum yrði færð niður úr 1000 kr. í 600 kr. fyrir árið 1879. Nefndin hefði farið fram á 1000 kr., eins og stjórnin, sem hún hefði verið samdóma um, að þetta væri nauðsynlegt. En fyrst nú landshöfðinginn hefði komið fram með breytingaratkvæði það, er hjer lægi fyrir, þá yrði að skilja það svo, sem landshöfðinginn hefði fyrir hönd stjórnarinnar tekið aptur nokkuð af upphæð þeirri, er hún öndverðlega fór fram á, og áliti nefndin því, að sjer bæri þá eigi að halda því fram, er stjórnin vildi það ekki. Uppástungunni um þóknun handa prestum, uppgjafaprestum o. s. frv. við 13. gr. A b., mælti sjálfsagt nokkuð með, að því er kæmi til efnisins, það er að segja, það væri sanngjarnt að bæta prestum og prestaekkjum halla þann, sem opt leiðir af því, að þeir hafa byggt kirkjur á sinn kostnað, og eigi borið það upp aptur. En bæði væri það, að uppástunga þessi kæmi nokkuð seint fram, og hins vegar væri von á uppástungu til þingsályktunar, sem neðri deildin hefði samþykkt, og eptir henni stæði til að rannsaka og gjöra uppástungur til breytinga um tekjur kirkna, og um sambandið milli prests og kirkju í fjárhagslegu tilliti. Breytingaruppástunga sú, sem hjer lægi fyrir, virtist því eigi borin upp á rjettum tíma, því að líklegt væri, að tillit yrði tekið til þess ójafnaðar, sem opt hefði komið fyrir, ef ályktun þessi næði fram að ganga. Fyrir þessa sök áliti nefndin, að hún gæti ráðið frá þessari breytingaruppástungu. Önnur breytingaruppástunga frá sömu 3 þingmönnum um ferðastyrk handa fátækum skólasvein-

um latínuskólans færi fram á, að veita til þess 2000 kr. á fjárhagstímabilinu, og hvað sjálfan sig snerti, væri hann þessari uppástungu hlynntur, því það væri sanngjarnt, að piltum, er fátækir væru og ættu heima fjarri skólanum, væri gjört sem ljettast að sækja í skólann. Um breytingaratkvæðin við 13. gr. C. 3.—4. ætlaði hann fátt að tala, þau lytu að því, að taka það inn aptur, er fellt var við 2. umræðu; væri deildinni þannig á ný gefið tækifæri til að yfirvega þessi atriði, og breyta skoðun sinni, ef niðurstaðan yrði sú, að menn hefðu eigi litið rjett á málefni þessi við 2. umræðu. Nefndin hefði eigi breytt skoðun sinni, enda hefði eigi komið fram um þessi atriði neinar nýjar upplýsingar, svo að ekki virtist næg ástæða til að breyta því, sem samþykkt hefði verið við 2. umræðu, Breytingaruppástungunni við 12. gr. 3. væri nefndin, að minnsta kosti meiri hluti hennar, hlynnandi, er hún væri komin fram, en hann hefði það móti uppástungunni, að hún væri komin frá þingmönnum, en eigi frá stjórninni, með því hún færi þó fram á, að auka tekjur embættismanns; en þar sem þessi uppástunga hefði komið fram frá hálfu stjórnarinnar í neðri deildinni, væri atkvæði nefndarinnar eða meira hluta hennar komið undir því, hvernig landshöfðinginn fyrir hönd stjórnarinnar tæki í þetta mál. Í sambandi hjer við væri fleira, er nefndin hefði álitið að sjer bæri eigi að stinga upp á, því uppástunga þar um ætti að koma frá stjórninni, ef stjórnin kynni sjálf að óska, að það yrði borið undir atkvæði deildarinnar, t. a. m. hækkun á endurgjaldi fyrir endurskoðun reikninga, sem nefndin hefði eigi tekið upp af þessari ástæðu.

Landshöfðingi gat þess, að þar sem framsögumaður hefði lýst yfir því, að nefndin mundi aðhyllast breytingaratkvæði hans við 13. gr. B III b, 1., þá vildi hann leyfa sjer með fám orðum að skýra tilgang sinn með því. Hefði hann gjört það til þess að miðla málum, og koma í veg fyrir, að fjárlagamálið þyrfti aptur að ganga til efri deildarinnar fyrir þessa sök. Og umboðsstjórninni væri innan handar, að koma fram hinni æskilegu breytingu á fyrirkomulaginu við umsjón lærða skólans, er 600 kr. yrðu veittar til þess, og kvaðst hann vona, að neðri deildin mundi samþykkja þessa miðlunarupphæð sína, er hún ætti það víst, að breyting yrði gjörð á því fyrirkomulagi, er hún áliti óhafandi. Með breytingu 3 þingmanna við 13. gr. C 3. og 4. kvaðst hann mæla sem bezt hann gæti, þannig að efri deildin tæki upp aptur upphæð styrks til kvennaskólanna, þá er neðri deildin samþykkti, en efri deildin færði niður við 2. umræðu máls þessa, og væri full ástæða til að styðja stofnanir þessar, einmitt af því þær væri stofnaðar án styrks af almanna-fje, og öll góð og nytsöm fyrirtæki þyrftu hjer í landi venjulega í byrjuninni styrks við, og hvað upphæðina snerti, þá skírskotaði hann til þess, er hefði komið fram í umræðunum, er málið var rætt við 2. umræðu í þessari deild, að hún mætti eigi minni vera, en neðri deildin hefði ákveðið hana. Eigi fjellist hann á þá breytingaruppástungu nefndarinnar við 18. gr. C. 6, að upphæð sú, sem þar væri í frumvarpinu, færðist niður í 900 kr., nje að tiltekið væri í fjárlögunum, hverjum þessa upphæð skyldi veita. Það væri í sjálfu sjer rjett og sanngjarnt, að láta aðra barnaskóla verða aðnjótandi álíks styrks, sem þessi, ef þeir að öðru leyti þyrftu þess, og ef hlutaðeigendur sjálfir legðu fje í sölurnar til þess að koma þeim á fót, og væri því engin ástæða til að útiloka skólann í Gerðum, þó hann hefði eigi enn sent neina bænarskrá um slíkan styrk. Nokkuð öðru máli væri að gegna um barnaskóla í kaupstöðum, eins og framsögumaður hefði bent á. Að sínu áliti ætti vel við að ákveða í fjárlögunum slíkan styrk til fyrirtækja, sem miðuðu til almennra heilla, og það hefði deildin gjört í mörgum öðrum atriðum, t. d. 10. gr. C. 5.; þar hefði alþingi ákveðið vissa upphæð til jarðræktar og sjávarútvegs, og falið landshöfðingjanum til úthlutunar, sömuleiðis 13. gr. A. 1. og 3., og 15. gr. alveg á sama hátt.

Alþingi væri því sjálfu sjer samkvæmt, þó það ákvæði vissa upphæð í áðurgreindu augnamiði, en fæli landshöfðingjanum til úthlutunar. Mælti hann því, sem bezt hann gæti, með því, að upphæðinni 1300 kr. yrði haldið óbreyttri. Breytingu nefndarinnar við 18. gr. fjellst hann á. En aptur yrði hann að leggja á móti breytingaruppástungu varaforseta við 12. gr. 3., þó sjer væri það persónulega ógeðfellt, af því hann hefði borið hana upp í neðri deildinni, því hann væri sannfærður um, að neðri deildin fjellist eigi á hana, þar sem hún hefði tvisvar verið borin undir atkvæði þar, og hann hefði mælt með henni, sem bezt hann gat. Og það væri óheppilegt, ef fjárlögin þyrftu að koma aptur til efri deildarinnar vegna þessa atriðis. Viðvíkjandi breytingaruppástungunum við 13. gr. A b. 4. og 13. gr. B III. c. skírskotaði hann til framsögumanns, því í fyrsta lagi væri ákvörðun sú, er færi fram á þóknun til presta o. s. frv., of óákveðin, og eigi nægilega undirbúin til að sýna, hvort ástæða væri til þess, en hins vegar væri í fjárlögunum ákveðin rífleg upphæð til fátækustu brauða, uppgjafapresta og prestaekkna. Hvað snerti ferðastyrk handa fátækum skólasveinum, þá mælti ef til vill sanngirni með þessari uppástungu, en bæði hefði frumvarp um þetta efni verið fellt í efri deildinni, og hins vegar mundu stiptsyfirvöldin við ölmusuveitingarnar taka hæfilegt tillit til pilta þeirra, er fátækir væru, og ættu heima fjarri skólanum.

Benidikt Kristjánsson tók það fram, að framsögumaður hefði hreift tveim mótbárum gegn uppástungum sínum, fyrst því, að þær kæmu of seint, en það væri eigi rjett álitið, því að þær kæmu nógu snemma eptir þingsköpunum til þess að geta fyrir þá sök komizt að; í öðru lagi hefði sami þingmaður fundið það móti þeim, að þingið hefði til meðferðar uppástungur til þingsályktunar, sem snerti kjör presta og ástand kirkna, og mundi þar verða tekið tillit til halla þess, sem hlutaðeigendur gætu orðið fyrir í þessu efni. En þess væri að gæta, að þessi þingsályktun gjörði eigi ráð fyrir neinni breytingu á þessu fjárhagsbili, og næði því eigi til þessarar uppástungu, sem hjer væri um að ræða. Að því er nú sjálfa uppástunguna snerti, væri það deildarmönnum kunnugt, að margar kirkjur væru svo tekjulitlar, að þær gætu eigi, þó þær væru vel uppbyggðar, staðið straum af viðhaldi þeirra, því síður að sjóður þeirra hrykki til að endurbyggja þær, er þar að kæmi. Nú væri þá presti þeim, er kirkjuna hefði, hvort sem hann væri auðugur eða snauður, einn kostur nauðugur, sá að lána henni af sínu fje, og gæti það orðið mjög tilfinnanlegt fyrir prestinn, ef hann væri fátækur, og hitt þó enn ósanngjarnara, að er hann færi frá brauðinu, missti hann rjettarkröfu sína gagnvart kirkjunni, sem reynslan sýndi að opt hefði átt sjer stað. Þó væri það þessa ósanngjarnast, þegar prestsekkjur fátækar ættu hlut að, og yrðu þannig sviptar því, sem þeim bæri eptir öllum sanngirnisreglum. Að gjald þetta væri óákveðið, eins og landshöfðingi hefði tekið fram, sæi hann eigi við hvað hefði að styðjast; það væri að minnsta kosti ekki óákveðnara, en ýms önnur gjöld, sem landshöfðingi út býtti. Fje það, sem hann hefði skírskotað til, og veitt væri uppgjafaprestum o. s. fr., væri alls annars eðlis, og ætti því eigi að vera þessu máli til neinnar fyrirstöðu eða geta tekizt til greina við það. Hvað snerti hina aðra uppástungu sína um farareyri eða ferðastyrk handa þeim skólapiltum, er bæði væru fátækir og ættu heima fjærri skólanum, þá stæði hún eigi í neinu sambandi við frumvarp það, er landshöfðingi hefði tekið fram að fellt hefði verið í þessari deild. Þar hefði verið farið fram á fastákveðinn farareyri handa öllum skólapiltum án tillits til þess, hvort þeir ættu ríka eða fátæka að, og því hefði verið hrundið af þeirri ástæðu, að eigi væri nauðsynlegt, að veita farareyri sonum efnaðra manna. Hjer væri því allt öðru máli að gegna, þetta ætti að eins að ná til þeirra, er fátækir væru og fjærri skólanum, og þó landshöfðingi hefði fært það til, að á slíkt væri litið við ölmusu-veitingarnar, þá ætlaði hann, að svo margt annað kæmi þar

til skoðunar, að þessa gætti eigi nægilega, auk þess sem þær væru hvorki svo miklar nje margar, að þær gætu bætt nógsamlega úr þessum misjöfnuði. Hvað snerti kvennaskólana, þá hefði hann og þyrfti eigi neinu að bæta við það, er hann hefði síðast látið í ljósi um það mál, en treysti því að hinu leytinu, að menn hefðu við nákvæmari yfirvegun komizt að annari og rjettari niðurstöðu í því efni, en orðið hefði ofan á, er síðast voru greidd atkvæði um það mál.

Eiríkur Kúld kvaðst að miklu leyti geta skírskotað til framsögumanns í máli þessu, að því er skoðun sína snerti. En hann ætti hjer eina breytingaruppástungu, sem hann væri að nokkru leyti í vandræðum með; hann hefði búizt við, að landshöfðinginn mundi koma fram með uppástungur bæði um þetta og fleiri atriði fyrir hönd stjórnarinnar, t. d. um skrifstofufjárviðbót amtmannanna og viðbót við þóknun endurskoðunarmanna reikninga landsins, og skildi hann eigi, hvað mundi hafa fælt landshöfðingjann frá því, nema ef það væri sú ástæða, eins og hann hefði að vísu drepið á, að hann treystist eigi til að koma þeim fram í neðri deildinni, eptir þeirri sanngirni, sem hún hefði sýnt bæði í þessu máli, og í viðaukalagafrumvarpinu við læknalögin. Nokkrir af þingmönnum þar hefðu að vísu látið sjer um munn fara, að þeim þættu laun póstmeistarans of lág, en þeir fyndu þó eigi ástæðu til að hækka þau fyr en á næsta þingi. Þetta væri næsta lítil sanngirnistilfinning, að viðurkenna, að ójöfnuður kæmi fram, en vilja þó fresta því að bæta úr honum svo og svo lengi. En fyrst landshöfðingi treystist eigi að halda þessu atriði fram, þá mundi það fyrir lítið koma, þó hann hjeldi fast við þetta, sem hann mundi gjöra að svo miklu leyti, sem hann sæi sjer fært. Hvað snerti breytingaruppástungunа við 13. gr. A b. 4. um þóknun handa uppgjafaprestum o. s. frv., þá vísaði hann að eins til þess, er framsögumaður hefði látið í ljósi um það atriði, en vildi að eins bæta því við, að það væri eigi rjett hermt, en þingmaður Þingeyinga hefði til fært það sem mótbáru framsögumanns, að þessi uppástunga hefði komið of seint; hún hefði komið bæði of seint og of snemma, of seint að því leyti, að hún hefði átt að koma til fjárlaganefndar neðri deildarinnar, of snemma, af því annað mál væri á ferðinni, sem hún stæði í nánu sambandi við. Að því er snerti uppástunguna um ferðastyrk handa fátækum skólapiltum, þá væri styrkur þessi næsta mikill, þegar litið væri á efni landssjóðsins, og sæi hann því eigi næga ástæðu til að fallast á uppástungu þessa þannig lagaða. Uppástungur þær, er snertu aukinn styrk til kvennaskólanna, hefði landshöfðingi stutt kröptuglega, og hann gæti verið honum samdóma í því tilliti, ef hann þekkti nokkurn reglulegan kvennaskóla, sem á fót væri kominn. En meðan norðlenzki skólinn væri eigi kominn á fót enn, og hinn sunnlenzki hefði enga reglugjörð enn sem komið væri, gæti hann eigi gefið þessum uppástungum atkvæði sitt. Að því er snerti 13. gr. C. 6., væri hann framsögumanni samdóma um það, að ekki væri ástæða til að bjóða slíkan styrk þeim, er eigi óskuðu hans. Menn væru annað veifið að fárast um það, að tekjur landssjóðsins væru of litlar, en hins vegar svo örir á fjenu, að menn veittu það þeim, er eigi óskuðu þess, og það enda án tillits til þess, hvort sá, sem í hlut ætti, væri þess maklegur eða eigi. Auk þess væri hjer öllu fremur að ræða um sveitamálefni, en landsmálefni, en með því þetta væri menntastofnanir, er til framfara horfðu, og þar sem einstakir menn hefðu lagt talsvert fje í sölurnar til þeirra, t. d. Flensborgarskólans, þá væri þó ástæða til að veita þessum skólum nokkurn styrk. En hins vegar væri þó að líta á þau eptirköst, sem það kynni að hafa, ef slíkar bænir kæmu úr öllum áttum, og það úr sveitunum, þar sem barnaskólar væru miður nauðsynlegir, ef ekki skaðlegir með tilliti til þess, að þá minnkaði kennslan í heimahúsum, sem væri sú affarabezta og hollasta. Þar sem framsögumaður hefði ætlað minni hlutanum að halda uppi svörum fyrir ágreiningsatriði hans, þá ætlaði

hann að lýsa því yfir, að hann fyndi enga ástæðu til þess frekar en gjört væri í ágreiningsáliti því, sem prentað væri og deildarmenn hefðu fyrir sjer, en að eins bæta því við, að þó hjer væri um mikla upphæð að ræða, þá vissi hann, að eiganda safnsins hefði verið boðið fyrir það langtum meira fje, en hjer væri farið fram á, og það gæti hann, ef til vildi, sannað, ef til kæmi. Lán til endurbyggingar dómkirkjunnar væri hjer eigi um að ræða, og yrði hann að sætta sig við það, þó að hjer virtist í óefni komið, því hann yrði hins vegar að treysta því, að landshöfðinginn mundi sjá svo fyrir á einhvern veg, að endurbyggingu hennar og hag yrði viðunanlega borgið fyrir því.

Stefán Eiríksson kvað það mega segja um þessar fjártillögur, sem hann og 2 aðrir heiðraðir þingmenn hefðu komið fram með, «að sínum augum lítur hver á silfrið», eptir því sem ræður hefðu fallið. Sjer fyndist mörg útgjaldagrein í þessum fjárlögum, sem eigi væri þarfari, en þótt fátækum piltum væri veittur styrkur til að komast til skólans, þegar það væri þá eigi meira en 1000 kr á ári; hann þekkti það vel, að ferðalög yfir lengri vegi væru mjög dýr og það hlytu fleiri þingmenn að þekkja, og skólavera fátækra pilta væri þeim full dýr, þó þeir fengju ofur lítinn ljetti í ferðakostnaði. Viðbót þriggja þingmanna við 13. gr. A. b. 4. sem 5. töluliður kynni að eiga betur heima annarstaðar, svo sem tekið hefði verið fram, enda væri hann ekki fastur á að halda í þá breytingu, þó hann hefði verið með að gjöra þetta breytingaratkvæði, en fjárveitingin til kvennaskólanna, sem breytingaratkvæðið undir C. 3. og 4. færi fram á, fyndist sjer svo lítil, að eigi mætti klípa af henni. Það væri líka eitthvað undarlegt, þegar bæði þingmenn og aðrir væru að prjedika það í ræðum og ritum, að menntunin væri undirstaða til framfara hverrar þjóðar, að menn skyldu þá eigi vilja leggja neitt fje til að efla menntunina, eða þá að skera það við nögl sjer. Þetta mætti einnig heimfæra til barnaskólanna, og það væri eitthvað skrítið, að vilja ekki styrkja þá, þegar þeir væru komnir á fót, meðan nóg fje væri í landssjóðnum; það mætti þá taka af þeim seinna þessa litlu fjárveitingu, ef landssjóðurinn gæti eigi staðizt útlátin. Það kynni nú að vera, að viðbótin við skrifstofufje póstmeistarans væri eigi sjerlega nauðsynleg, einkum þar sem landshöfðinginn mótmælti henni; hann hefði annars ætlað sjer, að gefa þeirri uppástungu atkvæði sitt, og hefði hann þó aldrei fengið orð fyrir að ofhlaða launum á embættismenn. Það væri ekki ólíklegt, að þessi maður hefði töluverð skrifstofustörf, enda væri hann í lægri röð með embættislaun, og þar sem sumir þættust þurfa að kosta til skrifstofu sinnar 2400 kr., eins og hjer hefði verið tekið fram í deildinni.

Sighvatur Árnason gat þess, að varaforseti hefði fært ástæður fyrir minni hlutanum í máli þessu, svo hann áliti ekki þörf á að fara fleiri orðum um hann.

En viðvíkjandi breytingaratkvæðum þeim, sem fram væru komin á ný í málinu, vildi hann fara nokkrum orðum. Hann kvað þau hljóða flest um fjárframlag úr landssjóði, sem drægi sig saman í rúmar 5000 kr., og þætti sjer það ærinn viðauki við það, sem áður væri fram komið landssjóðnum til útgjalda, með því líka að þau hefðu ekki við brýna nauðsyn að styðjast og miðuðu til óverulegra fjárframlaga, sem sæju lítinn eða engan stað í hverju einu út af fyrir sig, og sama mætti segja um hin mörgu og smáu fjárframlög úr landssjóði, sem komin væru inn í fjárlagafrumvarpið í þetta sinn, að þau mundu sjá lítinn stað, en baka þó landssjóðnum stórkostleg útgjöld í heild sinni, og kæmi þá fram, að svo mætti heimta margt, að ekkert yrði gjört, og að þingið líktist þeim manni, sem vildi vera öllum allt, en yrði engum neitt. Hann kvaðst vilja óska, að ekki rættust orð Orla Lehmanns, sem hann hefði sagt, þegar verið var að þrátta um fjárhag Íslands: «ef Íslendingar fengju fjárráðin í hendur, mundu þeir safna í viðlagasjóð, og

jeta hann upp á hörðu árunum eða eyða fje sínu í allt og ekkert, en láta ógjörð framfaraleg fyrirtæki».

Hann sagði, að það hlyti allareiðu að vera orðið ljóst, sem reynslan væri nú árlega búin að sýna og sanna í öðrum löndum, að hin stóru fyrirtækin fleygðu þjóðunum fram og leiddu af sjer hvert fyrirtækið á fætur öðru þeim til fjár og frama.

Hann kvað þessi mörgu og smáu fjárframlög, sem breytingaratkvæðin færu fram á, en hann fyndi ekki nauðsyn til, vera sjer ógeðfelld; mundi hann því greiða atkvæði sitt á móti þeim flestöllum.

Landshöfðinginn kvaðst vilja svara varaforseta upp á fyrirspurn hans um dómkirkjuna. Ef hann hefði gefið atkvæði með því í dag, að frumvarp það, er hana snerti, mætti koma til umræðu á þessum fundi, þá hefði gefizt færi á að ræða það mál; en fyrst hann hefði neitað því, og eigi fundið ástæðu til, að koma með breytingaratkvæði við 3. umræðu þessa máls viðvíkjandi kirkjunni, þá þætti sjer heldur eigi ástæða til að ræða þetta mál nú nákvæmar. Hann hefði tekið það álit sitt fram við 2. umræðu þessa máls, að eina ráðið til að fá nóg fje handa dómkirkjunni, væri að aðhyllast frumvarp það, er áður hefði verið á minnzt.

Jón Pjetursson kvaðst vera mjög meðmæltur breytingaruppástungu varaforseta og þingmanns Rangæinga við 13. gr. C. 7. um bókasafn Jóns Sigurðssonar. Það mundi öllum kunnugt, að þessi maður hefði varið allri æfi sinni til að safna íslenzkum fornfræðabókum og eptirritum af ýmsu, er Ísland snerti, og ritað sjálfur margar athugasemdir, sem við kæmu sögu Íslands og bókmenntum þess, og það fylgdi víst safninu. Hver sem væri safni þessu nokkuð kunnugur, mundi víst kannast við, að það væri hin dýrmætasta eign og margfalt betri fjársjóður fyrir Ísland en einar 25000 krónur. Væri það sannlega sorglegt, ef slíkt safn tvístraðist og lenti í höndum útlendinga, sem eflaust mundu vilja kaupa það miklu meira, en hjer væri til tekið, og væri þó mjög undarlegt, ef aðrar þjóðir vildu gefa meira fyrir það en Íslendingar sjálfir. Það væri annars rjettast að fela ráðgjafanum á hendur að semja við eiganda safnsins um verð þess, sem eigi mætti ganga hærra en að 25000 kr., og mundi víst bezt að láta virða það fyrst, og fá skrá yfir allar bækurnar. Það væri og vonandi, að landshöfðinginn hlutaðist til um, að þessu væri þannig fram fylgt, því hann eða ráðherrann hlytu að hafa fullkomna heimild til þess, þar það lægi nokkurn veginn á bak við fjárveitinguna; það hefði að vísu verið rjettara, að ráðherranum hefði verið gefin heimild til þess með lagaboði, að kaupa safnið fyrir landið. Hann vissi til þess, að annað bókasafn, sem að mörgu hefði verið ágætt fyrir Ísland (Finns Magnússonar) hefði tvístrast og orðið landinu að engum notum, og væri sannarlega ógæfa fyrir landið, ef eins færi með þetta safn. Hann yrði því að mæla sem sterkast með því, að þessi breytingaruppástunga yrði samþykkt.

Ásgeir Einarsson kvaðst ekki ætla að tala mikið um fjáraukann við 12. gr. 3., því að hann mundi ekki vera sá allra nauðsynlegasti. Sjer væri ókunnugt, hvort póstmeistarinn væri svo fátækur, að hann þyrfti þessarar uppbótar, en ætti hann rjettlætiskröfu til hennar, þá gæti hann leitað dómstólanna, eins og öðrum væri ætlað, er líkt stæði á fyrir, annað mál væri það að veita duglegum embættismanni heiðurslaun fyrir sjerstakan embættisdugnað. Hann mundi því ekki fara að gefa atkvæði sitt með þessu, meðan hann hefði eigi betri skýrslur í höndum, en enn væru fram komnar. Hvað 13. gr. A. b. 4. snerti, þá hefði hann að vísu undirskrifað þá viðaukauppástungu, til þess að það efni gæti komið til umræðu, og sjer hefði fundizt, að uppástungumaður hefði einhver dæmi, sem þyrftu þessa við, sem honum rynni mjög til ryfja. Ferðastyrkur lærisveina hefði sjer jafnan verið mjög kær, en þegar hjer hefði komið fram uppástunga um, að ákveðinn styrkur skyldi veitast lærisveinum úr hverri sýslu, og hans hefðu átt að

njóta jafnt ríkir sem fátækir, hvort lengri eða styttri vegur væri til skólans, þá hefði hann eigi getað aðhyllzt þá uppástungu, en nú kæmi hún fram þannig, að fátækir piltar að eins ættu að njóta styrksins, og mundi hann því gefa því atkvæði sitt. Hvað kvennaskólastyrkinn snerti, þá yrði hann að játa það, að hann mundi greiða öðruvísi atkvæði nú um þá grein en síðast. Hann hefði eigi haft tíma til, að leita sjer upplýsingar um þetta mál, áður en 2. umræða hefði verið um það, og því gefið atkvæði eins og þeir, sem hann hefði álitið kunnugasta kvennaskólanum hjer í Reykjavík, og þegar þeir hefðu verið móti þessari fjártillögu, þá hefði hann líka verið á móti henni, og hugsað sem svo: það er líklega ekki svo mikið varið í þennan skóla, að það sje vert, að eyða fje til hans, þegar sjálfir Reykvíkingar eru á móti styrknum. En nú hefði hann síðan hitt mjög merkan mann, sem hefði átt dóttur í þessum skóla, og hann hefði sagt, að þótt hann hefði átt að kosta tvöföldu við það, sem hann hefði kostað, til þess að hún gæti öðlast þá menntun, sem hún hefði fengið í skólanum, þá hefði hann verið fús til þess. Nú hefði hvorki hann nje aðrir ástæðu til að rengja þennan mann, og þetta væri nóg til að sýna, að skólinn væri ekki ónýtur. Þar sem nú allir játuðu, að nauðsynlegt væri að efla menntun eins konu sem karls, þá hikaði hann sjer nú eigi við, að gefa atkvæði sitt með þessari tillögu til Reykjavíkur skólans, þar eð hann væri sannfærður um, að hún kæmi á góðan stað niður. Eins mundi hann gefa tillögunni til Munkaþverárskólans atkvæði sitt, þótt hann væri eigi kominn á fót enn, því að það mætti eiga víst, að hann kæmist upp hið bráðasta, einkum ef Skagfirðingar slægju sjer saman við Eyfirðinga, eins og í orði væri, og svo væri mjög æskilegt, að skólinn hefði jörð til umráða, svo að stúlkurnar gætu lært það, sem heyrði til matartilbúnings, því að þar mætti eflaust hafa talsverðan fjenað, og svo væri þar húsnæði handa skólanum. Í sambandi við þetta mál stæði einnig barnaskólamálið. Vjer Íslendingar hefðum fengið lof fyrir menntun barna vorra hjá útlendingum, þar sem enginn barnaskóli væri, en mæðurnar kenndu þeim optast, en til þess að barnamenntunin gæti verið í góða lagi, þyrftu mæðurnar að vera menntaðar, sem önnuðust uppfræðingu barnanna. Hann yrði og að álíta, að þótt foreldrar gætu veitt börnum sínum nokkra uppfræðingu, þá mundi hún verða betri, ef skólar væru líka, enda væri og svo í sjóplássum, að foreldrar gætu alls eigi stundað börn sín í nokkru lagi, og væru því skólar þar nauðsynlegir. Það kynni nú að vera rjettara, að sýslusjóðirnir styrktu barnaskólana, hver í sinni sýslu, fremur en landssjóðurinn, en hann mundi þó gefa atkvæði sitt með hinni hærri upphæðinni, því að sjer þætti engin ástæða til, að veita ekki eins þeim skólunum, sem eigi hefðu beðið styrksins, en menn vissu að þyrftu hans við, því að fyrir sitt leyti vildi hann heldur veita þeim manni hjálp, sem hann sæi að reyndi að bjargast án þess að biðja um hjálp, en væri snauður og hjálparþurfi, heldur en þeim, sem gengi biðjandi, undir eins og í nauðir ræki. Það kvað hann sjer hafa komið á óvart, að þingmanni Rangæinga skyldi þykja einar 5000 kr. vottur um of mikið örlæti frá landssjóðsins hálfu, því að honum hefði þó fyrir skömmu eigi vaxið í augum dálítið meiri útgjöld. Hann ætti að íhuga það, að góð móðir kenndi mest í brjósti um það barn sitt, er veikast væri og reyndi að fá því lækningu til þess, að öllum börnunum gæti liðið jafnvel.

Hvað bókasafn Jóns Sigurðssonar snerti, þætti sjer sjálfsagt að kaupa það, svo framarlega sem Íslendingar virtu nokkurs fornfræði lands síns, því að hann vildi spyrja, hvað hefði dregið útlendinga til að sækja þjóðhátíðina á Þingvöll, ef það hefði eigi verið fornfræði og tunga þjóðarinnar, og hvað það væri, sem hefði komið Svíum til að bjóða Íslendingum til hátíðar sinnar í Uppsölum, og setja þá jafnt mestu þjóðum Norðurálfunnar, ef ekki það, að einmitt Ís-

lendingar hefðu fyrstir manna, á fjarlægu landi, skrásett, hvenær skóli sá hefði verið stofnaður. Því væri hann aptur hlynntur, að farið væri sem varlegast í slík peningaútgjöld, og mundi hann því fylgja tillögu minni hluta nefndarinnar, að veita allt að 25000 kr. til að kaupa safnið.

Framsögumaður kvaðst hafa fengið leyfi til að láta prenta þá einu skýrslu, sem nefndin hefði haft fyrir sjer viðvíkjandi bókasafni Jóns Sigurðssonar, og mundi eðlilegast, að láta hana fylgja viðaukanefndarálitinu; áliti hann rjett, að mönnum yrði skýrsla þessi kunnug, áður en gengið væri til atkvæða, því hún væri það eina, sem kunnugt væri að menn hjer á þinginu hefðu í höndum um safnið. Meiri hlutanum hefði eigi þótt brjef þetta nægileg skýrsla til þess, að hann hefði getað ráðið til að kaupa safnið, enda hefði ekki verið við því að búast, að það gæti innihaldið slíka skýrslu; og þótt enginn efaðist um, að safnið mundi bæði vera gott og stórt, þá gætu samt verið deildar meiningar um, hvort það væri svo áríðandi fyrir landið, að kaupa það nú þegar. Þar eð landshöfðinginn hefði mælt með því, að kvennaskólastyrkurinn væri aukinn frá því, sem hann hefði verið samþykktur við 2. umræðu, vildi hann geta þess, sem bæði stæði í nefndarálitinu og hefði komið fram við umræðurnar, að nefndin hefði eigi lækkað þennan styrk af þeirri ástæðu, að hún vildi eigi styðja og efla menntun í landinu, eins kvennfólks sem annara, heldur af því, að hún hefði álitið eigi tiltækilegt, að veita meira fje, en stjórnin hefði stungið upp á til þeirrar stofnunar, sem hvorki hefði fasta stjórn nje opinbert eptirlit, eða neina reglugjörð, sem kunnug væri. Ef landshöfðinginn vildi taka að sjer, að sjá um, að reglugjörð væri samin fyrir þessa skóla, svo að mönnum yrði kunnug stefna þeirra og aðgjörðir, þá mundi hann fyrir sitt leyti, og líklega fleiri í nefndinni, eigi vera mótfallinn, að þeir fengju hinn umbeðna styrk. Hvað viðbótina við skrifstofufje póstmeistarans snerti, þá hefði landshöfðinginn lagt á móti þeirri viðbót; sjer fyndist nú að vísu, að ástæða væri til að veita þessa viðbót, og að sanngirni mælti með henni; en hjer væri að ræða um að auka tekjur embættismanns, og þegar svo væri, og því jafnframt væri yfir lýst af hálfu stjórnarinnar, að hún nú ekki lengur óskaði, að þessi tekjuauki væri veittur, þá yrði hann að álíta, að sjer ekki bæri að greiða atkvæði fyrir þessari viðbót, því það mætti álítast eitthvað undarlegt og óeðlilegt, ef þingið færi að veita embættismönnum stjórnarinnar launaviðbót, þegar stjórnin ekki óskaði þess. Viðvíkjandi þeim 2000 kr., sem þingmaður Þingeyinga vildi láta bæta við 13. gr. A b. 4., skyldi hann geta þess, að þótt sú breyting, sem væri fyrirhuguð með tilliti til kirknanna og brauðanna ekki kæmist á á fjárhagstímabilinu 1878 og 79, þá þætti sjer eigi ástæða til, að bera nú fram nýmæli til að bæta úr því, sem á næsta þingi yrði að öllum líkindum á einhvern hátt bætt úr.

Eiríkur Kúld kvaðst eigi geta verið samdóma þingmanni Húnvetninga um það, að efni póstmeistarans ættu nokkuð að koma til greina, er talað væri um viðbót við skrifstofufje hans, það ætti að eins að líta á það, hvort skrifstofuhaldið væri svo örðugt, að sanngjarnt væri og rjett að veita meira fje til þess en áður, svo að embættismaðurinn væri skaðlaus. Viðvíkjandi því, að landshöfðinginn hefði talið sig hafa ráðið úrslitum um það, hvort kirkjutíund Reykvíkinga skyldi koma til umræðu á þessum fundi, vildi hann geta þess, að fleiri hefðu gefið atkvæði móti því en hann, og líklega af sömu ástæðu, að þeim hefði ekki verið ljóst, hvort það væri svo lagað, að þeir gætu gefið því atkvæði sitt, og hvað sig snerti, gæti hann eigi sagt, að hann gæfi því atkvæði sitt hvorki í dag eða á morgun, fyr en hann hefði íhugað málið. En yfir höfuð varpaði hann allri sinni áhyggju upp á landshöfðingjann, hvað kirkjuna snerti, og eins að því er snerti umsjónina í lærða skólanum síðara árið, af því að hann hefði sagt, að umboðsstjórnin mundi sjá sjer fært, að koma

öðru fyrirkomulagi á umsjónina, en hefði verið, svo að 600 kr. mundu nægja til hennar. Hann gæti eigi álitið rjett að leggja hana á kennarana orðalaust, enda mundi þeim óhægt að gegna henni svo að vel væri, þar sem piltarnir væru að fjölga og kennararnir byggju hingað og þangað niðri í bæ, nema skólastjóri einn. Það kvað hann sjer hafa komið á óvart, að landshöfðinginn treystist eigi til að koma fram viðbótinni við skrifstofufje póstmeistarans, og væri henni því mótfallinn. Sjer fyndist næst, að ábyrgðin fyrir það lægi á þeim, sem valdir væru að því, að hún fengi eigi framgang.

Jón Hjaltalín kvaðst ætla að gjöra grein fyrir því, hvernig hann mundi yfir höfuð greiða atkvæði í þessu máli. Það væri kunnugt, að hann hefði fylgt fram 2 bænarskrám eða frumvörpum hjer á þingi, sem hefðu lotið að því, að auka tekjur landssjóðsins með óbeinlínis sköttum eða tollum, en þessi mál hefðu umsvifalaust verið felld, og hefðu þau þó komið frá þjóðinni sjálfri. Hann hefði þá hugsað með sjer: Skyldi ekki verða farið að saxast á tekjurnar, um það leyti búið er að fullnægja öllum bænum, er fjárútlát snerta á þinginu núna? Sjer fyndist nú ekki betur, en þessi spá sín ætlaði að rætast, þegar menn væru að rífast um, hvort það ætti að vera 200 eða 400 kr., sem leggja ætti sumum menntunarstofnunum landsins. Hann segði fyrir sig, að hann hnitaði ekki svo niður það, sem ætti að ganga til einhvers gagns í landinu. Sjer sárnaði, þegar menn vildu ekki aðhyllast uppástungur þær, sem miðuðu til að auka landssjóðinn, en væru svo nízkir fram úr hófi, þegar til útgjaldanna kæmi. Hann kvaðst því lýsa því yfir, að hann gæfi öllum þeim breytingaruppástungum atkvæði sitt, er færu fram á hæst útgjöld, án þess að taka nokkurt tillit til, í hvaða nytsemisskyni þau væru veitt,en einungis líta á það, að það væri til nytsamlegra fyrirtækja.

Landshöfðinginn gat þess út af áskorun hins 2. konungkjörna, að hann væri fús á að heimta skýrslu um fyrirkomulag kvennaskólans gegnum stiptsyfirvöldin, og eins um barnaskólana, og leita álits þeirra um þau mál.

Ásgeir Einarsson kvaðst hafa verið á þingi, er beðið hefði verið um umsjónarmann hjer við skólann, og hefðu þá þeir þingmenn, er málinu hefðu verið kunnugir og verið í tölu hinna lærðu manna, ráðið til þess, að sjerstakur umsjónarmaður væri skipaður. Hann hefði og nú talað við ýmsa stúdenta um þetta mál, og þeir álitu umsjónarmanninn alveg nauðsynlegan, ef nokkur regla ætti að haldast í skólanum, en reyndar hefði hann ekki talað um það við neina óreglupilta, sem kynni að þykja umsjónarmaðurinn missanlegur. Hann yrði því að álíta óheppilegt, að af taka umsjónarmanninn. Þar sem menn ætluðust til, að hinn nýi kennari, er við yrði bætt, skyldi hafa umsjónina á hendi, þá væri óvíst, þótt hann gæti verið góður kennari, að hann væri hæfur til að vera umsjónarmaður, svo að gagn væri að. Hann vildi því geta fengið upplýsingu um, hvernig haga ætti umsjóninni það árið, sem að eins ætti að veita til hennar 600 kr., áður en hann gæfi atkvæði í málinu.

Fleiri tóku eigi til máls, og bar forseti þá undir atkvæði breytingaruppástungurnar, sem fram voru komnar. Var þá breytingaruppástunga þriggja þingmanna við 12. gr. 3. felld með 6 atkvæðum gegn 5. Viðaukauppástunga þriggja þingmanna, að nýr töluliður bættist aptan við 13. gr. A b 4. var felld með 6 atkv. gegn 4.

Breytingaruppástunga landshöfðingjans við 13. gr. B III b 1. var samþykkt með 10 atkvæðum.

Viðaukauppástunga þriggja þingmanna, að á eptir 13. gr. B III c 5. kæmi nýr töluliður um ferðastyrk skólasveina, var samþykkt með 6 atkv. gegn 3.

Breytingaruppástunga þriggja þingmanna við 13. gr. C 3. var samþykkt með 10 atkvæðum, og við 13. gr. C 4. samþykkt með 6 atkvæðum. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 13. gr. C 6. var felld með 6 atkv. gegn 5.

Breytingaruppástunga meiri hluta nefndarinnar við 13. gr. C 7. var felld með 8 atkv. gegn 3, en breyting minni hlutans samþykkt með 8 atkv. gegn 3.

Breytingaruppástunga nefndarinnar við 18. gr. var samþykkt með 9 atkvæðum.

Síðan var frumvarpið með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði, og kvað forseti það þá verða sent aptur til neðri deildarinnar.

Á 54. fundi neðri þingdeildarinnar, 24. dag ágústmán., var frumvarpi til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879, eins og það hafði verið samþykkt af efri þingdeildinni, út býtt meðal þingmanna í neðri þingdeildinni, og skoraði forseti á nefnd þá, sem áður hafði fjallað um málið að láta uppi álit sitt um frumvarpið, eins og það nú var orðið.

NEFNDARÁLIT
um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879.
(Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild alþingis).

Frumvarpið til fjárlaga fyrir árin 1878 og 1879 er komið aptur frá efri deild alþingis með þeim breytingum, sem nú skal greina:

Við 2. kafla, útgjöld:

10. gr. B. 1. (laun embættismanna) hefur efri deildin fært upp um 432 kr. hvort ár, það er að skilja launaviðbót fyrsta dómanda í yfirrjettinum, sem nú er settur dómsstjóri, og sjálfsagt ekki fær launaviðbót þessa, nema svo að eins, að hann hverfi aptur í sitt fyrra embætti. Nefndin er í þessu atriði samþykk efri deild alþingis.

10. gr. B. 3. hefur deildin af sömu ástæðu fært upp um 300 kr. hvort ár (þóknun fyrir þýðingu dóma). Þó nefndin sje landshöfðingja samdóma um, að konungsúrskurður 22. apríl 1833, sem ákveður þóknun þessa, sje í sjálfu sjer af numinn með launalögunum 14. okt. 1875, að minnsta kosti við embættaskipti, og af því nefndin treystir heityrði landshöfðingja um, að þessi þóknun skuli hverfa burt við embættismannaskipti, aðhyllist hún einnig þennan tölulið, eins og hann er kominn frá efri deildinni.

10. gr. C. 3. hefur efri deildin fært niður um 1866 kr. 66 a. annað árið, kostnaðinn við að gefa út «Lovsamling for Island». Ekki gjörir nefndin heldur neitt kappsmál úr þessu.

Við 10. gr. C. 5. hefur deildin gjört þá breytingu, að styrkurinn, sem eingöngu var ætlaður til jarðarræktar, einnig eigi að vera «til eflingar á sjávarútvegi». Hver sá, sem þekkir, hvert stórfje mundi þurfa til að styrkja sjávarútveg, svo að nokkru liði væri, getur sjálfur sagt sjer, hversu vel hugsuð þessi viðbót efri deildarinnar við gjaldliðinn er; en nefndin verður hjer að treysta greind umboðsstjórnarinnar til að bæta úr og tvístra ekki um of því fje, sem hjer ræðir um.

Í 10. gr. C. 10. hefur efri deildin tekið inn þóknun til landbúnaðarnefndarinnar, sem skipuð var með konungsúrskurði 4. nóvember 1870, og um leið fært þóknunina upp um 200 kr. Þetta virðist nefndinni svo eðlilegt eptir ástæðum, að hún ekki skal eyða orðum að því.

Í sömu grein C. 11. er eptirveitingin til hluttekningar í minningarhátíð háskólans í Uppsölum upp tekin, og gengur nefndin heldur að þessari niðurröðun, þó óformleg sje, en af þeirri orsök að ráða þingdeildinni til breytingar, sem valdið gæti lengri rekstri málsins deilda á milli.

Á líkan hátt, og eins óformlega, hefur efri deildin tekið endurgjald handa póstmeistaranum og póstafgreiðslumönnum fyrir halla þann, sem þeir hafa beðið af póstfrímerkjasölunni frá 1. jan. 1875 til 1. ágúst 1876, inn undir 12. gr. 5. En nefndin ræður þingdeildinni til einnig að láta sjer þetta nýmæli efri deildarinnar lynda.

Í 13. gr. B. II. b. 5. kemur fram ný fjárveiting (240 kr. innan stryks), sem sje húsaleigustyrkur handa 3 lærisveinum við læknaskólann. Nefndinni virðist þessi fjár-

veiting ekki ósanngjörn að þessu sinni, þegar á það er litið, að æskilegt er, að í þau læknisembætti, sem nú standa auð, verði sem fyrst skipaðir læknar, og leggur því til, að þetta fje sje veitt.

Í sömu grein B. III. b. 1. eru 600 kr. fyrir árið 1879, eptir uppástungu landshöfðingja, ætlaðar til umsjónar við hinn lærða skóla. En þar landshöfðingi við umræðurnar í efri deildinni tók það fram, að hann eptir ósk neðri deildarinnar ætlaði sjer að koma umsjóninni öðruvísi fyrir, en áður hefur átt sjer stað, og þar eð upphæðin í sjálfri sjer er lægri en sú, sem í fyrstu var til tekin, ræður nefndin til, að þingdeildin láti sjer þessa breytingu lynda.

Sama gr. B. III. c. 9. er nýr töluliður, (fje til að stofna 10 ný heimasveinspláss), sem sama má um segja, eins og um 10. gr. C. 11. og 12. gr. 5., en sem nefndin engu að síður lætur óbreyttan.

Einnig er 13. gr. B. III. c. 10. nýr töluliður, sem hefur nýja fjárveiting inni að halda, er nefndin vonar að aldrei muni framar sjást í fjárlögum landsins, en sem hún þó fyrir sitt leyti ekki vill sporna við að svo stöddu, meðan gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum ekki er kominn á legg. Að eins treystir nefndin því fastlega, að þessi ferðastyrkur verði aldrei veittur nema hinum mest þurfandi piltum, sem lengst að sækja skólann, og vonast til, að landshöfðingi sjái svo fyrir, að þessa sje vandlega gætt.

14. gr. hefur efri deildin fært upp um 500 kr., og af þessu fje ákveðið eptirlaun og eptirlauna-viðbót handa tveimur nafngreindum persónum. Þó það sje ísjárvert að veita þvílíkan styrk með fjárlögum, í stað þess að veita hann með sjerstökum lögum, og sjer í lagi þegar áherzlan er lögð á þörf þeirra, sem fyrir veitingunni verða, svo við því má búast, að allir, sem þurfandi þykjast, finni hvöt til þess, að ganga síðarmeir líkan bónarveg, — þá vill nefndin þó heldur ekki gjöra neinn ágreining í þessu efni, en tekur það fram, að hún byggir skoðun sína öllu fremur á verðleika beiðenda, en á þörf þeirra.

15. grein hefur efri deildin fært niður um 2000 kr., en með því 1200 kr. af þeim 12000 kr., sem neðri deildin hafði samþykkt, þegar eru til færðar undir 10. gr. 10. (landbúnaðarnefndin, sjá að ofan þennan tölulið), gjörir nefndin heldur ekkert kappsmál úr þessu.

Stefna nefndarinnar er sú, að gjöra ekki að nauðsynjalausu neinn þann ágreining, sem kynni að valda því, að fjárlagamálið þurfi að hverfa aptur til efri deildarinnar. Því eptir þeim framförum, sem frumvarpið tók við meðferðina í tjeðri deild, virðist vafasamt, hvort það muni geta tekið meiri umbótum, þó það fari þangað aptur.

Að endingu skal þess getið, að nefndin, eins og þingdeildinni þegar er kunnugt, hefur komið með uppástungu til þingsályktunar áhrærandi gufuskipsferðirnar umhverfis strendur landsins, til þess að það enn þá ítarlegar, en fram var tekið í athugasemdunum við fyrra nefndarálitið, verði brýnt fyrir umboðsstjórninni, hvert áhugamál lands og þings það sje, að tjeðum ferðum verði komið fyrir eptir ferðaáætluninni A (Fylgiskjal 5), sem fest er við fyrra álit nefndarinnar.

Með þessum ummælum og þeim fyrirvara, að breytingar þær, sem orðið hafa á frumvarpinu í efri deildinni, eru eingöngu á hennar ábyrgð, leggur nefndin það til, að frumvarpið sje samþykkt eins og það liggur fyrir, með því ísjárvert er tímans vegna, að gjöra neina breytingu á því.

Reykjavík, 24. ágúst 1877.

Arnljótur Ólafsson, skrifari. Eggert Gunnarsson.
Grímur Thomsen, form. og framsögum.
Ísleifur Gíslason. Jón Blöndal. Snorri Pálsson.
Tryggvi Gunnarsson.

EIN UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 56. fundi neðri þingdeildarinnar, 27. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dag-

skránni til einnar umræðu frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1878—79, eins og það var samþykkt af efri deild alþingis.

Páll prestur Pálsson kvaðst ætla að tala nokkur orð, eigi til þess að hafa áhrif á málið, því það væri nú orðið of seint, heldur til þess að láta það sjást í þingtíðindunum, að hann lýsti óánægju sinni yfir aðgjörðum þingsins, hvað snerti fjárveitinguna til brúargjörðarinnar á Þjórsá og Ölfusá. Hann væri alveg hissa á því, að þingið skyldi veita margar þúsundir króna til gufuskipsferða kringum landið, en vildi ekkert liðsinna eða styrkja þessar sýslur, til þess að efla samgöngur í þeim, þar sem þær færu á mis við öll not af strandferða-skipinu. Hann vildi láta þingtíðindin bera það með sjer, að honum, sem erindisreka Skaptafellssýslu, líkaði stórilla, og þætti mjög ósanngjarnt, að Skaptfellingar væru látnir greiða þegjandi til þess, sem þeir sjálfir hefðu engin not af, en svo væri þeim synjað um alla hjálp, er þeir beiddust hennar, til þess að efla tilsvarandi framfarir hjá sjer, við það sem aðrar sýslur hefðu af strandsiglinga-skipinu. Að endingu vildi hann láta þess getið, að neðri deild þingsins bæri sannarlega nafn með rentu, að hún væri og hjeti neðri deild.

Framsögumaður (Gr. Thomsen) kvað sjer hafa heyrzt þingmaðurinn lasta þingið eða þingdeildarmenn í heild sinni, en það væri of snemmt, því að það ætti hann eigi að gjöra, fyr en búið væri að greiða atkvæði. Hann hefði og verið að klaga það, að Skaptfellingum hefði eigi verið veittur fjárstyrkur til brúargjörðarinnar, en hann yrði að vera á því, að þeir skilmálar, sem þeir gætu fengið lán fyrir, væru í öllu svo góðir og vægir, ef þá sjálfa vantaði eigi áhuga, dugnað og atorku til þess að færa sjer þá í nyt, að þingmaðurinn hefði ástæðu til alls annars en að álasa þinginu, það yrði hvort eð er að líkindum að bera álasið með þögn og þolinmæði, eins og margur einstakur maður. Viðvíkjandi því, sem þingmaðurinn hefði sagt, að neðri deildin «bæri nafn með rentu», þá vissi hann eigi, að nokkru þingi þyrfti að þykja vansi að því, að slaka til, þegar það sæi, að svo færi betur, og hann væri viss um, að er þingmaðurinn yrði eldri, þá mundi hann sjá, að nauðsynlegt væri að slaka stundum til, ef hann vildi halda sínu valdi, því að það væri góð kenning, þótt því miður væru margir, sem eigi vildu fylgja henni. Hann vildi nú með fáeinum orðum benda á, hvað nefndinni hefði gengið til að slaka til. Að vísu hefði ágreiningurinn verið í smáefnum, því að ef efri deildin hefði gjört stórbreytingar, þá mundi neðri deildin eigi hafa hikað við, að senda efri deildinni frumvarpið aptur, þótt tíminn væri nú þegar orðinn naumur. En þótt nú efri deildin hefði eigi gjört nema smábreytingar, þá hefði hún samt eigi skilið stöðu sína rjett, því að neðri deildin ætti jafnan að hafa aðaláhrifin á fjárlögin; en nú hefði efri deildin eigi látið sjer nægja frumvarpið, eins og það hefði komið frá neðri deildinni, þótt landshöfðinginn hefði verið ánægður með það; en erlendis, og þar á meðal í Danmörku, væri það jafnan vani, að efri deildin samþykkti fjárlagafrumvarpið, eins og það kæmi frá neðri deildinni, þegar stjórnin væri ánægð með það; neðri deildin rjeði í öðrum löndum ein mestu um það mál, og vildi hann í því tilliti vísa til «Landsthingstidende» 1854, bls. 1004, þar sem Orla Lehmann sálugi meðal annars hefði tekið fram, «að «stjórninni væri ætlað, að skjóta máli sínu «í fjárhagsefnum til landsþingsins (hjá «oss efri deildar) í öllum þeim tilfellum, «þegar hún gæti ekki komið sínum vilja fram «í fólksþinginu (neðri deild), og þegar at«riðið væri svo áríðandi, að stjórnin þættist «verða að halda fast við kröfur sínar». Þá hefði það verið kynlegt hjer hjá oss, að sjá efri deild þingsins fara fram úr landshöfðingja með kröfur sínar. Eitt væri það, sem efri deildinni hefði sjerstaklega yfirsjezt í, en það væri, þar sem hún hefði tekið upp á því, að skipta niður eptir á fjárveitingunni í smáupphæðir, sem hún setti inn í þær gjalda-

greinir, sem þær heyra inn undir eptir eðli sínu, en ekki eptir tímabilinu, sem þær veitast fyrir, því ef enginn afgangur yrði við árslok 1877 af þessum gjaldagreinum (Conti), þó nógur afgangur væri yfir höfuð af tekjum fram yfir útgjöld, þá væri umboðsstjórninni meinað að brúka fjeð, því eptir fyrirkomulagi efri deildarinnar mætti ekki taka fjeð nema af þessum, og engum öðrum gjaldliðum. Umboðsstjórnin yrði því að fá lán, sem landssjóðurinn svo yrði að borga leigu af, og þessa vaxtaupphæð yrði seinna meir að veita með fjáraukalögum. Hefði því verið formlegra að halda frumvarpinu í þessu tilliti, eins og það hefði komið frá neðri deildinni.

Hann vildi og geta þess, að þar sem það hefði heyrzt úr fleiri hornum, að þinginu væri brugðið um óþarfa sparsemi og smásmygli í því, að af nema ýmsar smáupphæðir, sem í sjálfu sjer væru að vísu eigi stórar hver fyrir sig, þá væri aðgætandi, að þetta drægi sig saman og munaði landssjóðinn ekki svo litlu, þegar allt kæmi saman. Þannig svaraði húsaleigustyrkur handa lyfsalanum í Reykjavík, styrkur til útbýtingar á gjafameðulum, þóknun fyrir þýðingar landsyfirrjettardómsgjörða, allt samanlagt, ef það væri »capitaliseret«, 70,000 kr., og þar við mætti bæta 400 kr. af fjenu til umsjónar í skólanum, og svaraði þetta allt samanlagt til 80,000 kr., sem viðlagasjóðurinn, skoðaður sem höfuðstóll, mundi aukast um, og það væri þó engan veginn svo lítil upphæð. Hann vildi og leyfa sjer að benda á, hvernig hagur landssjóðsins og viðlagasjóðsins hefði staðið í nokkur ár:

$18^{71}/_{72}$ hefðu tekjurnar numið .	194000 kr.		
	afgangurinn	8900	—
$18^{72}/_{73}$ tekjur	208000 kr.	afgangur	53000 —
1873($^{3}/_{4}$ árs) —	198000 —	—	58000 —
1874 —	250000 —	—	85000 —
1875 —	271569 —	—	80000 —
1876 —	306000 —	—	90000 —

Viðlagasjóðurinn væri þegar kominn upp í rúma hálfa millión króna, og mætti því heita, að hagur landsins stæði með blóma. Þannig sæju menn, að upphæðin væri næstum orðin tvöfalt meiri, síðan 1871, reyndar liti svo út, sem lítill mundi afgangurinn í þetta sinn, þar sem í ráðum væru svo mörg kostnaðarsöm fyrirtæki; á hinn bóginn mætti gjöra ráð fyrir, að tekjurnar yrðu töluvert hærri fyrir næsta fjárhags-tímabil, en áætlað er, þar sem búast mætti við, að nýju skattarnir gæfu meira, en sem svaraði því, er þyrfti til að launa sýslumönnum, nokkuð fengist fyrir vitagjald af skipum og gjöld af útlendum fiskiskipum. Hann ætlaði svo eigi að orðlengja meira þetta mál, en fela hinni heiðruðu deild það, til að greiða atkvæði með frumvarpinu, eins og það nú lægi fyrir, eptir því sem nefndin hefði ráðið til.

Þá tóku eigi fleiri til máls og var þá gengið til atkvæða um frumvarpið í heild sinni, og var það samþykkt óbreytt, eins og það kom frá efri deildinni, með 21 atkvæði, og kvað forseti það nú mundu afgreitt og sent landshöfðingja sem lög, og var það nú þannig hljóðandi:

FJÁRLÖG

fyrir árin 1878 og 1879.

1. kafli.

Tekjur.

1. grein.

Á árunum 1878 og 1879 telst svo til, að tekjur Íslands verði 638161.$_{26}$ kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er í 2.—6. gr.

2. grein.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar: 338526.$_{06}$ kr.

	1878 kr. a.	1879 kr. a.	Alls kr. a.
1. Tekjur af ljenssýslum	5,320	5,320	10,640
2. Lögþingisskrifara-laun	64 3	64 3	128 6
3. Tekjur af umboðssýslugjöldum	1,830	1,830	3,660
4. Konungstíundir	7,646	7,646	15,292
5. Lögmannstollur og fleira	954	954	1,908
6. Nafnbótaskattur	200	200	400
7. Erfðafjárskattur	2,121	2,121	4,242
8. Gjöld af fasteignarsölum	594	594	1,188
9. Gjöld fyrir leyfisbrjef	600	600	1,200
10. Spítalagjald	6,000	6,000	12,000
11. Gjöld af verzlun á Íslandi . . . . 30,000 kr.			
— af póstgufuskipunum . . . . 5,834 —	35,834	35,834	71,668
12. Aðflutningsgjald:			
a, af áfengum drykkjum . . . . . 90,000 —			
b, af tóbaki . . . . . 10,000 —			
100,000 —			
að frádregnum 2% í innheimtulaun . . .	98,000	98,000	196,000
13. Tekjur af póstferðunum	9,500	9,500	19,000
14. Óvissar tekjur	600	600	1,200
Samtals	169,263 3	169,263 3	338,526 6
3. grein.			
Tekjur af fasteignum landssjóðsins o. fl. eru taldar að nemi 64326 kr.			
1. Afgjöld af umboðs- og klausturjörðum, fyrir hvort árið . . . . . 38525 kr.			
að frá dregnum:			
umboðslaunum, prestsmötu o. fl. . . 10180 —	28,345	28,345	56,690
2. Afgjöld af þeim jörðum, sem læknasjóðurinn fyrrum átti, af jörðunum Belgsholti og Belgsholtskoti o. fl.	1,184	1,184	2,368
3. Leigugjöld:			
a, af Lundey . . . . . 134 kr.			
b, af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu 1800 —	1,934	1,934	3,868
4. Tekjur af kirkjum	700	700	1,400
Samtals	32,163	32,163	64,326
4. grein.			
Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru ætlaðar að nemi 45415 kr. 20 aur.			
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	22,000	23,000	45,000
Upp í lán verður borgað:			
á árinu 1878 . . . . . 8700 kr. 37 a.			
- — 1879 . . . . . 6581 — 23 -			
15281 — 60 -			
2. Leigur af andvirði seldra jarða	207 60	207 60	415 20
3. Tekjurnar af hinum íslenzka styrktarsjóði eru ætlaðar að nemi hjer um bil 1766 kr. árlega, og verður þeim varið til þess að auka innstæðufje sjóðsins.			
Samtals	22,207 60	23,207 60	45,415 20

	1878	1879	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
5. grein.			
Endurgjald lána og skyndiláns verður talið 1562 kr.			
1. Gjald upp í lán sökum fjárkláðans á Íslandi. .	250	»	250
2. Gjald upp í lán til þess að byggja upp aptur kirkju Möðruvallaklausturs	440	440	880
3. Gjald upp í lán til þess að byggja kirkju á Eyri	216	216	432
Samtals	906	656	1,562
6. grein.			
Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 188,332 kr.			
Fast árlegt tillag . . . . . 60000 kr.			
Aukatillag á ári . . . . . 40000 —			
100000 —			
að frá dregnum . . . . . 5834 —	94,166	94,166	188,332
Samtals	94,166	94,166	188,332

2. kafli.
Útgjöld.

7. grein.

A árunum 1878 og 1879 veitast til útgjalda 638,161 kr. 26 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—17. gr.

8. grein.

Útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin 26800 kr., sem sje fyrir 1878: 12400 kr. og fyrir 1879: 14400 kr.

9. grein.

Til kostnaðar við alþingi á árinu 1879 veitast 32,000 kr.

10. grein.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina og fl., veitast 194,656 kr. 66 a. fyrir árin 1878 og 1879.

	1878	1879	Alls
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. laun embættismanna	18,900	18,900	
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað og fleira . .	3,600	3,600	
3. þóknun fyrir endurskoðun íslenzkra reikninga	1,600	1,600	
	24,100	24,100	48,200
B. Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun embættismanna	16,976	16,976	
2. til hegningarhússins í Reykjavík	2,960	2,960	
3. önnur útgjöld	2,120	2,120	
	22,056	22,056	44,112
Yfir um	. . . . .	. . . . .	92,312

	1878 kr. a.	1879 kr. a.	Alls kr. a.
C. Ýmisleg útgjöld: handan að			92,312
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi	1,434	1,434	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir það, að þeir verða að borga undir embættisbrjef, hjer um bil	2,000	2,000	
3. til þess að gefa út «Lovsamling for Island» allt að	»	»	1,866 66
4. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar	705	705	
5. styrkur til jarðarræktar og til eflingar á sjávarútvegi	5,000	5,000	
6. til vegabóta	15,000	15,000	
7. til gufuskipsferða	15,000	15,000	
8. til vitabyggingar á Reykjanesi allt að . . .	»	»	14,000
9. til dómkirkjunnar í Reykjavík	»	»	5,000
10. þóknun til landbúnaðarnefndarinnar, sem skipuð var með konungsúrskurði 4. nóv. 1870	»	«	1,200
11. til hluttekningar í minningarhátíð háskólans í Uppsölum	»	»	2,000
	39,139	39,139	78,278
Samtals			194,656 66
11. grein.			
Til útgjalda við læknaskipunina veitast 80,148 kr.			
1. laun lækna	37,726	37,726	75,452
2. önnur útgjöld	2,348	2,348	4,696
	40,074	40,074	80,148
12. grein.			
Útgjöldin við póststjórnina er ætlazt á að verði 28,989 kr.			
1. laun	4,110	4,110	8,220
2. flutningur pósta	8,600	8,600	17,200
3. önnur útgjöld	1,600	1,400	3,000
4. útgjöld sem upp á kunna að koma	200	200	400
5. endurgjald handa póstmeistaranum og póstafgreiðslumönnum fyrir halla þann, sem þeir hafa beðið af póstfrímerkjasölunni frá 1. jan. 1875 til 1. ágúst 1876	»	»	169
	14,510	14,310	28,989
13. grein.			
Til kirkju- og kennslumálefna veitast 169,840 kr.			
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a, laun	8,032	8,032	
b, önnur útgjöld:			
1. til fátækustu brauða 4000			
2. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti 600			
3. til prestaekkna og barna þeirra og styrkyfir um 4,600	8,032	8,032	

		1878 kr.	1879 kr.	Alls. kr.
handan að	4,600	8,032	8,032	
ur handa fátækum uppgjafaprestum og prestaekkjum	2500			
4. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1000	8,100	8,100	
		16,132	16,132	32,264
B. Kennslumálefni:				
I. til prestaskólans:				
a, laun		10,700	10,700	
b, önnur útgjöld:				
1. húsaleiga handa 12 lærisveinum við prestaskólann, 80 kr. handa hverjum .	960			
2. ein ölmusa upp á 200 kr.	200			
3. til tímakennslu	100			
4. — bókakaupa	300			
5. — eldiviðar og ljósa og fl.	300			
6. — umsjónar	100			
7. ýmisleg útgjöld	120	2,080	2,080	
		12,780	12,780	25,560
II. til læknaskólans:				
a, laun		2,600	2,600	
b, önnur útgjöld:				
1. 3 ölmusur upp á 200 kr.	600			
2. til eldiviðar, áhalda, ljósa og fl. . .	200			
3. til bókakaupa og verkfæra	300			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum . . .	300			
5. húsaleiga handa 3 lærisveinum við læknaskólann, 80 kr. handa hverjum . . .	240	1,640	1,640	
		4,240	4,240	8,480
III. til hins lærða skóla:				
a, laun		18,200	18,200	
b, 1. til umsjónar		1000	600	
2. aðstoðarfje handa söngkennaranum .	860			
—— — fimleikakennara .	700			
handa dyraverði	760	2,320	2,320	
c, önnur útgjöld:				
1. til bókakaupa	600			
2. til eldiviðar og ljósa	1500			
3. til skólahússins utanstokks og innan	1500			
4. til tímakennslu	500			
5. ölmusur	8000			
6. þóknun handa lækni	100			
7. ýmisleg útgjöld	1200			
8. Fyrir prestsverk	48	13,448	13,448	
9. til að stofna 10 ný heimasveinspláss . . .		»	»	1,000
yfir um		34,968	34,568	67,304

		1878 kr.	1879 kr.	alls kr.
handan að		34,968	34,568	67,304
10. ferðastyrkur handa fátækum skólasveinum, sem eiga heimili fjarri skólanum				2000
		34,968	34,568	69,536
C. 1. til stiptsbókasafnsins	400			
2. til amtsbókasafnsins á Akureyri . . .	200			
3. til kvennaskólans í Reykjavík	400			
4. til kvennaskólans á Munkaþverá . . . og leigulaus afnot af Munkaþverá og Bleiksmýrardal.	200			
5. til forngripasafnsins: a, til þess að kaupa forngripi . 400 kr. b, til umsjónar . . . . . 100 —	500			
6. til barnaskóla, sem þegar eru komnir í gang og eiga fullri eign sitt eigið skólahús eða skólajörð	1300	3,000	3,000	6,000
7. Til að kaupa bóka- og handritasafn Jóns alþingismanns Sigurðssonar í Kaupmannah. veitast allt að				25,000
Samtals				169,840

14. grein.

Til eptirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 47500 kr. Þar á meðal til Stenbergs leikfimiskennara 500 kr. hvort árið, og viðbót við eptirlaun frú Elínar Thorstensen 200 kr. hvort árið.

15. grein.

Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja veitast 10000 kr.

16. grein.

Til óvissra útgjalda, sem upp á kunna að koma, veitast 8000 kr.

17. grein.

Afganginn, sem fyrst um sinn er ætlaður að verði 40,227 kr. 60 a., skal leggja til viðlagasjóðsins.

18. grein.

Ef frumvörp til skattalaga,
— — — laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta,
— — — — — vitagjald af skipum,
— — — — — fiskiveiðar þegna Danakonungs, þeirra er eigi eru búsettir á Íslandi,
— — — — — endurskoðun jarðabókarinnar,
— — — — — gjafsóknir,
— — — — — stofnun lagaskóla,
— — — — — — gagnfræðaskóla á Möðruvöllum,
— — — — — breytingu á gjöldum þeim, er hvíla á jafnaðarsjóðunum,

ef frumvarp til laga um rjettindi Ábæjarkirkju í Skagafirði,
— — — viðaukalaga við lög um aðra skipum á læknahjeruðum,
— — — laga um afnám styrks til útbýtingar gjafameðala,
— — — — — — húsaleigustyrks handa lyfsalanum í Reykjavík,
— — — — — — konungsúrskurðar 15. apríl 1803,
— — — — — skattgjöld á Vestmannaeyjum
ná lagagildi á árunum 1878—1879, breytast upphæðir þær, sem til eru teknar í 2., 10., 11. og 13. gr. samkvæmt fyrnefndum lagafrumvörpum.

II.

Frumvarp

til

laga um skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafje.

1. grein.

Öll manntalsbókargjöld þau, sem nú eru, skulu af numin; en þau eru: skattur, gjaftollur, konungstíund, lögmannstollur og manntalsfiskur.

2. grein.

Af öllum jörðum, sem metnar eru til dýrleika, hvort heldur eru bændaeignir, eignir kirkna eða prestakalla, þjóðeignir, eignir fátækra eða stofnana, eða hverju nafni sem nefnast, skal sá, er á jörðinni býr eða hefur hana til afnota, greiða eina alin á landsvísu af hundraði hverju.

3. grein.

Af hverju lausafjárhundraði, sem telja ber fram til tíundar, skal sá, er fram á að telja, greiða eina alin af hverju hundraði.

4. grein.

Skattur þessi rennur í landssjóð, og skal goldinn sýslumönnum og bæjarfógetum á manntalsþingum ár hvert; frá honum veitast engar undanþágur, hvorki tilteknum stjettum nje eignum.

5. grein.

Gjaldið skal greitt í peningum eptir meðalverði allra meðalverða í hvers árs verðlagsskrá. Bresti gjaldanda peninga, getur hann greitt það í landaurum þeim, er nú skal greina: veturgömlum sauðum, hvítri ullu, smjöri, skinnavöru, saltfiski og dún eptir verði því, sem sett er á aura þessa í verðlagsskrá ár hvert.

Sje skatturinn að nokkru eða öllu leyti greiddur í landaurum, skal greiða sjöttungi meira, en þegar goldið er í peningum, og rennur sjöttungur sá til innheimtumanns.

6. grein.

Fyrir gjaldi þessu má gjöra fjárnám hjá gjaldanda samkvæmt opnu brjefi 2. apríl 1841, og hefur það í tvö ár frá gjalddaga forgöngurjett þann, sem um er rætt í laganna 5—14—37, og opnum brjefum 23. júlí 1819 og 11. desember 1869.

Ef þeim hluta skattsins, sem á fasteignina er lagður, verður eigi náð á þennan hátt, má þangað til 2 ár eru liðin frá gjalddaga, gjöra fjárnám í fasteign þeirri, sem skattinn skyldi af greiða.

7. grein.

Gjald þetta skal krafið í fyrsta sinn á manntalsþingum árið 1879.

ATHUGASEMDIR
við lagafrumvarp þetta.

Þar eð lagafrumvarp þetta með þeirri undantekning, sem getið er um hjer á eptir,

er samhljóða frumvarpi því til laga, sem nefnd sú, er skipuð var með allrahæstum úrskurði 29. október 1875 til þess að semja ný skattalög og fl., hefur samið um skatt á jarðir og lausafje, skal um ástæðurnar fyrir því yfir höfuð vísað til álitsskjals nefndarinnar, I.—V. kafla, og að eins þeim athugasemdum við bætt, sem hjer koma.

Þar sem svo er fyrir mælt í 1. gr. frumvarpsins, að öll þau manntalsbókargjöld, sem nú eru, skuli af numin, þá virðist nefndin hafa tilfært nægar ástæður fyrir því, og einkanlega á þetta sjer stað um konungstíundina, en eptir því, sem nefndin hefur frá skýrt, hefur gjald þetta verið heimtað saman eptir mjög ólíkum reglum á ýmsum stöðum í landinu, og hefur þetta valdið mikilli óánægju. En ef konungstíundin yrði af numin, þá mundi af því leiða, að þeir, sem svara minni tíund en af 5 lausafjárhundruðum, og sem þess vegna hingaðtil hafa goldið til fátækra þann fjórða hluta tíundarinnar, sem samsvarar konungstíundinni, yrðu ver staddir en aðrir skattgreiðendur, ef þeir ættu framvegis að svara sama og áður, þótt konungstíundin væri fallin burtu, og hefur stjórnarráðið því samkvæmt tillögum nefndarinnar haldið, að ástæða væri til, að koma í veg fyrir ósamkvæmni þessa; verður því lagt fyrir alþingi hjer að lútandi sjerstakt lagafrumvarp.

Þegar það kemur til umræðu, á hverja gjaldstofna leggja skuli nýja skattinn, sem stungið er upp á í stað manntalsbókargjaldanna, sem verða af numin, er eins og nefndin hefur drepið á, þrennt að velja um: annaðhvort að jafna öllum skattinum niður á jarðeignir, eða leggja hann eingöngu á lausafjeð, eða þá, eins og nefndin hefur stungið upp á, leggja skatt bæði á fasteign og lausafje. Jafnframt því og stjórnarráðið fyrir sitt leyti fellst á uppástungu þessa, skal þess getið, að gjaldmáti þessi hefur þann kost til að bera, auk þess, sem nefndin hefur til fært, að hann er samkvæmur þeim gjaldmáta, sem nú er, og að greiðendur muni una því betur, að hann haldist, en að skatturinn yrði lagður annaðhvort eingöngu á fasteign eða eingöngu á lausafje, og skal þess einnig getið, að meiri hlutinn (4 á móti 1) í skattanefndinni, sem sett var 1845, sömuleiðis komst að þeirri niðurstöðu, að sameinaður skattur væri betri, en skattur, sem lagður væri annaðhvort eingöngu á fasteign, eða eingöngu á lausafje.

Þegar þessari aðferð nú er fylgt, sbr. 2. og 3. gr. frumvarpsins, og skatturinn því að nokkru leyti verður látinn hvíla á fasteign, kemur sú spurning fram, hvort eigandi jarðarinnar eða ábúandinn, ef það er ekki sami maðurinn, skuli greiða skatt. Nefndin hefur álitið, að gjaldið skyldi lagt á ábúandann, en aptur skyldi annað gjald lagt á eigendurna, sem sje tekjuskatturinn. Þetta kynni reyndar að virðast síður rjettlátt, er það einkum er skepnuhaldið, sem leiðir fram arðinn af jörðinni, en á þær er lagt sjerstakt gjald, sem lausafje, og lítur þá svo út, sem tvöfalt gjald verði lagt á ábúandann, en stjórnarráðið hefur samt haldið, að einnig ætti að fylgja uppástungu nefndarinnar í þessu tilliti, einkanlega af þeirri ástæðu, að þessi gjaldmáti einnig er samkvæmur því, sem hingað til hefur átt sjer stað, svo ætla má, að eiganda og ábúanda hafi samið svo sín á milli, að það ranglæti, sem kynni að virðast liggja í þessum gjaldmáta, sje horfið, eða muni hverfa þegar nýir samningar verða gjörðir, þar sem það á hinn bóginn er miklu haganlegra, að geta haldið sjer til ábúandans, einkum að því leyti, er snertir gjaldheimturnar. Af þessu leiðir samt, að skattur þessi eigi er fasteignarskattur í eiginlegum skilningi, heldur skattur á ábúð eða afnot jarða (sbr. 2. gr.), enda þótt jörðin sje að veði fyrir gjaldinu, sbr. 6. gr. frumvarpsins, niðurlagið.

Um það, í hverju hlutfalli leggja skuli skattinn á fasteign og lausafje, skal þess getið, að skattanefndin fyrri áleit, að greiða skyldi helmingi meira af lausafjárhundraði en af jarðarhundraði, en nefndin, sem nú var sett, hefur haldið, að leggja ætti jafnt gjald á hvort hundrað um sig í jörðu og

lausafje, 1 alin á hvort; stjórnarráðið hefur þótzt geta fallizt á uppástungu þessa, og eins á það, að skatturinn eptir uppástungu nefndarinnar skuli greiddur bæði af öllum jörðum, sem metnar eru til dýrleika og öllu tíundarbæru lausafje. (Um undantekninguna í 6. gr. í nefndarfrumvarpinu skal nákvæmar rætt hjer á eptir).

Eins og sjá má af IV. kaflanum í álitsskjalinu, hafa nefndarmenn verið í vafa um, hvort veita eigi skaðabætur fyrir missi tíundarfrelsis þess, sem fylgir einstökum fasteignum, þegar nýi skatturinn er lagður jafnt á þessar jarðir, og þær jarðir, er tíund er greidd af, og ef svo yrði gjört, hvernig greiða skyldi þessar skaðabætur. Hafa nefndarmenn út af þessu skipzt í tvo hluta. Meiri hlutinn hefur álitið, að eigi sje nein ástæða til að veita þeim jörðum, er í hlut eiga, skaðabætur í þessu skyni, bæði af því, að hjer ræðir um nýtt gjald, og svo af því, að tíundarfrelsið hefur í raun og veru ekki verið neins virði fyrir eigandann eða þann, sem hefur fengið tekjurnar af jörðunni, þar sem tíundarfrjálsar jarðir almennt hvorki eru í hærra verði í kaupum og sölum, nje eru leigðar fyrir meira eptirgjald, en tíundarskyldar jarðir með sömu gæðum. Minni hlutinn hefur fært það til í móti, að þótt játa megi, að þeir, sem í hlut eiga, eigi hafi lagaheimtingu á endurgjaldi, þar sem gjaldfrelsið að eins nær til konungstíundarinnar, sem nú á að af nema, mæli sanngirni þó mjög fram með því, að veita slíkt endurgjald, þar sem nýi skatturinn muni rýra verð hinna tíundarfrjálsu jarða, úr því sem áður var, í samanburði við aðrar jarðir, og þó eigi verði beinlínis sýnt fram á, hve mikils virði megi telja tíundarfrelsið fyrir eigendur eða ábúendur, þá geti ekki leikið neinn efi á því, að þeir hafi haft hag af tíundarfrelsinu, að minnsta kosti á þann hátt, að hægra hafi verið að leigja þá jörðina, sem engin konungstíund gelzt af, en aðrar jarðir. Minni hlutinn hefur því álitið, að veita skyldi hinum tíundarfrjálsu jörðum skaðabætur fyrir missi gjaldfrelsisins, sem færu eptir því, hvort þær væru bændaeignir, fátækraeignir, kirkjueignir, eða þjóðjarðir; skyldi þá veita tíundarfrjálsum bændaeignum og fátækraeignum endurgjald, sem væri sextánfalt við hina árlegu konungstíund; að því leyti er snerti ljenskirknaeignirnar, skyldi að eins veita endurgjald, meðan hinir sömu leiguliðar sætu hinar sömu jarðir, er þeir nú hefðu, eða í lengsta lagi, á meðan sami presturinn sæti í brauðinu; en þegar um þjóðjarðir væri að ræða, gæti að eins verið spurning um endurgjald til leiguliða þeirra, sem sitja þá jarðirnar, er skattalögin koma út.

Landshöfðingi hefur að aðalefninu til fallizt á skoðun minni hlutans, en hann hefur samt álitið, að ástæða væri til, að veita kirkjujörðunum hið sama endurgjald og tíundarfrjálsum bænda- og fátækraeignum; aptur á hinn bóginn heldur hann, að eigi sje neinu ástæða til að veita nokkurt endurgjald fyrir missi þess tíundarfrelsis, sem jarðagóz það, er landssjóðurinn á, er aðnjótandi, með því landssjóðurinn fær fullt endurgjald í nýja skattinum, og eigi getur komið til tals hvorki í þessum nje í öðrum tilfellum, að veita leiguliðum nokkurt endurgjald, með því eigandinn og ábúandinn geta samið um það sín á milli.

Við úrslit þessa máls virðist stjórnarráðinu að taka verði fyrst og fremst tillit til þess grundvallar, er tíundarfrelsið byggist á, og þá einkanlega til þess, hvort lagaheimild sje fyrir því, eða það sje byggt á samningum, þar sem eigi virðist geta komið til tals í fyrra tilfellinu, að veita nokkurt endurgjald fyrir missi tíundarfrelsisins.

Eptir þessu getur það eigi orðið umtalsmál, að veita endurgjald fyrir það tíundarfrelsi, sem fátækrajarðir, ljenskirknajarðir eða þjóðjarðir hafa notið. En að því leyti, er snertir tíundarfrelsi bændaeigna, þá styðst það við samninga, með því það var veitt í skilmálunum, er jarðir Skálholts og Hólastóls voru seldar við opinbert uppboð um hin síðustu aldarlok. Ef það því nú lægi fyrir, að af nema tíundarfrelsi þetta, og láta

tíundarskylduna ná til eigna þeirra, sem um er rætt, yrði að vísu svo að álíta, samkvæmt almennum lagalegum grundvallarreglum, að þær yrðu ekki sviptar þessum rjettindum skaðabótalaust. En nú kemur ekki til tals að svipta jarðirnar því tíundarfrelsi, sem þær hingað til hafa haft, heldur er hjer verið að ræða um, að nema af alla konungstíundina, og ef menn nú hugsuðu sjer, að hún væri af numin, án þess annað gjald komi í hennar stað, gæti það ekki orðið umtalsmál, að veita eigendum þeirra jarða, er voru áður tíundarfrjálsar, nokkurt endurgjald fyrir það, þótt þær missi einkarjettindi, sem þær áður höfðu, og við það geti fallið í verði, ef til vill. En það virðist þá heldur ekki að vera næg ástæða til þess, að veita þessum jörðum endurgjald, þótt lagður verði á þær nýr almennur skattur, um leið og tíundarfrelsið er af numið, eins og á aðrar jarðir, því jörðum þessum hefur eigi verið neitt loforð veitt fyrir, að þær skyldu vera undanþegnar öllum gjöldum framvegis, enda sýnir það sig á því, að alþingistollinum, sem var, og gjaldinu til búnaðarskólanna hefur verið jafnað niður á þessar jarðir á sama hátt og á aðrar jarðir. Að því leyti hinn nýja skatt snertir, virðist hann eigi verða skoðaður sem áframhald af jarðartíundinni, sem nú er, því milli þeirra er ekki annað samband, en það, að tekið hefur verið tillit til þess, hvað miklar tekjurnar hafa verið alls, bæði af konungstíundinni og af öðrum sköttum, sem hafa runnið í landssjóð, þá reiknuð var út upphæð hins nýja skatts, sem stungið er upp á.

Þar sem þannig jarðir þær, sem hingað til hafa verið tíundarfrjálsar, eins og allir nefndarmenn hafa verið á einu máli um, eigi virðist að hafa nokkra lagaheimtingu á endurgjaldi í þessu skyni, skal þess getið um ástæðu þá, sem minni hluti nefndarinnar hefur til fært, að það sje sanngjarnt, að veita jörðum þessum endurgjald, að eigi verður álitið mikið í hana varið, ef það er svo sem meiri hlutinn fullyrðir, að málefni þessu sje með tímanum komið í það horf, að nú sje eigi í raun rjettri neinn verulegur munur á verði tíundarfrjálsra og tíundarskyldra jarða. Er það og mjög til sönnunar því, að þessu sje í raun og veru þannig varið, að skattanefnd sú, sem skipuð var 1845, og vel greindir menn, þeir er kunnugir voru á Íslandi, sátu í, skoðaði þetta mál frá sama sjónarmiði, og gjörði ráð fyrir því sem sjálfsögðu, að eigi yrðu veittar skaðabætur fyrir missi tíundarfrelsisins. Við þetta bætist, að ef þessu er þannig varið, og yfir höfuð þegar út frá því er gengið, að eigi sje nein lagaheimting á endurgjaldi, þá verður eigi farið eptir öðru, þegar til taka á upphæð skaðabóta, en ágizkan að handahófi. Samkvæmt þessu, sem sagt er, hefur því stjórnarráðið haldið, að eigi væri næg ástæða til að gjöra neina breytingu á þessu atriði í lagafrumvarpi því, sem nefndin hefur samið.

Aptur á móti verður stjórnarráðið að álíta það ósamkvæmni, þar sem nefndin hefur stungið upp á, að menn, sem áður hafa haft persónulegt skattfrelsi, skuli vera lausir undan nýja skattinum (sbr. 6. gr. frumvarpsins). Þótt tekjur embættismanna þeirra, er í hlut eiga, rýrni nokkuð við skattgjaldið, og veitingarbrjef þeirra heimili þeim fullar tekjur af embættunum, getur það eigi gefið þeim neina heimtingu á undanþágu undan nýjum almennum skattaálögum, sbr. einnig frumvarp nefndarinnar um tekjuskatt. Ef ástæða er til þess að óttast, að þeim yrði ofþyngt við slíkar skattaálögur, sökum þess hvað tekjur þeirra eru rýrar, þá yrði að ráða bót á þessu með öðru en með skattfrelsi. Við þessu er þó eigi að búast að því leyti, er snertir veraldlega embættismenn, eptir að búið er að bæta svo mjög laun þeirra yfir höfuð að tala með lögunum 15. oktbr. 1875, og að því leyti, er snertir prestana — en þeirra vegna er að líkindum helzt stungið upp á undanþágunni — þá mun skattfrelsið einnig optast vera óþarft, með því margir þeirra munu eiga hægra með að gjalda skattinn en margur annar skattgreiðandi, en þeim prestum, sem eru svo illa settir, að þeir þola ekki neinn útgjaldaauka, væri rjettara að veita tilsvarandi styrk úr landssjóðnum fyrst um sinn, þang-

að til öðru skipulagi verður komið á um laun presta. Samkvæmt þessu hefur stjórnarráðið í frumvarpi þessu sleppt þeim ákvörðunum í 6. gr. í frumvarpi nefndarinnar, sem hjer eiga við.

Við hinar ákvarðanirnar í frumvarpi því, sem nefndin hefur samið, hefur eigi þótt neitt athugavert, og skal sjer í lagi taka það fram, að fallast megi á þá uppástungu nefndarinnar, að gjaldið skuli venjulega greitt í peningum, en að jafnframt þessu sje leyft, að greiða það í landaurum, á þann hátt, að gjaldheimtmanni þá sje veitt endurgjald fyrir sölu þeirra, sbr. 5. gr.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 4. fundi neðri deildar alþingis, 6. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu *frumvarp til laga um skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafje.*

Grímur Thomsen stakk upp á því, að 1. umræðu væri frestað, og nefnd kosin í málið. Sagðist hann verða enn að vera á þeirri skoðun, að það væri samkvæmt þingsköpunum, að fresta 1. umræðu, þá er nefnd væri kosin í 1. umræðu. Að Danir fylgdu þessari aðferð væri sínu máli til sönnunar, því að þeir hefðu alveg tilsvarandi ákvörðun í sínum þingsköpum. Til færði hann þá staði í ríkisdagstíðindum Dana frá 1862, þar sem 1. umræðu um aukafjárlög 1862—64 hefði verið frestað þar til nefndarálitið var komið. 9. greinin í vorum þingsköpum væri nú tekin orðrjett eptir þingsköpum Dana, og fyrst að þeir fylgdu þessari aðferð, þá hlyti sama að vera meiningin í vorum þingsköpum, sem samin eru af ráðgjafanum fyrir Ísland.

Landshöfðinginn sagði, að ef nefnd væri kosin í 1. umræðu og henni síðan frestað, þá hlyti að leiða af því tímaspilli, því nefndin ætti að svo stöddu ekki að taka annað til yfirvegunar eða segja álit sitt um annað en framvarpið í heild sinni, og í áframhaldi 1. umræðunnar gæti deildin ekki rætt annað en frumvarpið í heild sinni, því með því að fresta 1. umræðu gæti deildin sjálfsagt ekki breytt eðli þessarar umræðu, en í henni væri aðalspursmálið, hvort frumvarpið skyldi ganga til 2. umræðu, og þá hvort nefnd skyldi kjósa í það til að segja álit sitt um hin sjerstöku atriði frumvarpsins, og gjöra breytingaruppástungur.

Grímur Thomsen áleit, að það yrði eigi til tímatafar, þó nefndin væri kosin í 1. umræðu, og henni síðan frestað.

Áframhald 1. umræðu væri einungis til þess, að þingmönnum gæfist kostur á, að kynna sjer málið í heild sinni, eptir að nefndin hefði athugað það, og yrði það miklu fremur til að flýta fyrir málinu, heldur en hitt, því þá mundi langtum færri breytingaratkvæði koma fram, þegar málið í heild sinni væri orðið ljóst þingmönnum.

Halldór Kr Friðriksson sagði, að það væri augljóst af 9. gr., að kjósa mætti nefnd í 1. umræðu, og síðan fresta henni. Í 9. gr. væri sagt, að kjósa mætti nefnd á hverju stigi málsins, en verði það gjört, skuli umræðunum frestað. Af þessu leiddi, að nefnd mætti kjósa í 3. umræðu, og síðan fresta 3. umræðunni, þar til nefndin hefði sagt álit sitt um málið, en hið sama hlyti líka að eiga sjer stað um 2. umræðu og 1. umræðu, enda væri eigi eitt orð í þingsköpunum, er benti á, að hið sama ætti eigi við um allar umræðurnar í þessu efni. Hann var samdóma 1. þingmanni Gullbringusýslu um það, að frestun 1. umræðu gæti ekki tafið fyrir málinu, heldur miklu fremur flýtt því, því að nefndarálitið hlyti að skýra málið betur fyrir þingmönnum, og koma í veg fyrir, að allt of mörg breytingaratkvæði kæmu fram.

Landshöfðingi gat þess, að dæmi það, sem 1. þingmaður Gullbringusýslu hefði til fært úr ríkisdagstíðindum Dana, væri einungis undantekning, en aðalreglan væri sú, að fresta ekki annari umræðu.

Grímur Thomsen kvaðst verða að halda fast við skilning sinn á þingskapanna 9. og 12. gr., því að hann væri sannfærður um, að hann væri rjettur. Áleit hann mjög áríðandi, að þing-

ið skildi þingsköpin rjettilega, því að það hefði sjálft átt þátt í að semja þau. Hann ítrekaði því uppástungu sína, að nefnd væri þegar kosin og 1. umræðu síðan frestað.

Var þá gengið til atkvæða um, hvort nefnd skyldi kjósa til þess að athuga málið í heild sinni og fresta síðan 1. umræðu, og var það samþykkt með 19. atkvæðum gegn 3. 1. þingmaður Norður-Múlasýslu krafðist nafnakalls, og fór atkvæðagreiðslan þannig fram, að

já sögðu:
Halldór Kr. Friðriksson,
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Einar Gíslason,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Jón Sigurðsson,
Páll Pálsson,
Páll Pálsson,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson;

nei sögðu:
Einar Guðmundsson,
Jón Blöndal,
Þórarinn Böðvarsson.

Var þá stungið upp á 7 manna nefnd, og var hún samþykkt.

Fyrir kosningu urðu:

Jón Sigurðsson frá Gautl.	með	20 atkv.
Halldór Kr. Friðriksson	—	19 —
Einar Ásmundsson	—	18 —
Guðmundur Einarsson	—	18 —
Hjálmur Pjetursson	—	15 —
Einar Guðmundsson	—	11 —
Þorlákur Guðmundsson	—	9 —

Í nefndinni var Halldór Kr. Friðriksson kosinn formaður, og Jón Sigurðsson skrifari og framsögumaður.

NEFNDARÁLIT

um frumvarp til laga um skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafje.

Nefnd sú, er kosin var í neðri deild alþingis, til að íhuga frumvarp þetta, hefur í öllum atriðum fallizt á grundvallarreglur þær, sem frumvarpið byggist á, og leyfir sjer því, að ráða hinni heiðruðu þingdeild til, að aðhyllast það með þeim breytingum, sem nú skal greina:

Við 2.—3. grein.

Nefnd sú, er skipuð var með konungsúrskurði 29. október 1875, til að undir búa skattamálið, hefur stungið upp á, að lagt verði 1 álnar skattgjald á hvert tíundbært lausafjárhundrað, og jafnmikið á hvert hundrað í jörðum, sem skyldi vera ábúðarskattur. Þessi uppástunga nefndarinnar er nú tekin alveg óbreytt upp í frumvarpið. Nefndinni eru að vísu ekki ókunnugar þær raddir, sem heyrzt hafa víðs vegar að um landið, að skattgjald þetta sje of hátt. Og þó nú nefndinni fyrir sitt leyti virðist ýms af álitum þeim, sem fram eru komin um þetta efni, ekki styðjast við óyggjandi rök, verður hún samt að játa, að það væri mjög æskilegt, að skatturinn yrði sem lægstur og ljettbærastur fyrir gjaldendur. Við nákvæma íhugun hefur því nefndin komizt til þeirrar niðurstöðu, að gjörlegt sje að lækka skattgjaldið allt að fjórðungi frá því, sem það er sett í frumvarpinu. Og þó sumir nefndarmenn væru á því, að lækkun þessi ætti einungis að koma fram í ábúðarskattinum, þá urðu þó fleiri atkvæði fyrir því í nefndinni, að halda grundvallarreglu frumvarpsins óbreyttri, og láta lækkunina koma jafnt niður á hvorntveggja þessara gjaldstofna, jarðir og lausafje.

Þá voru og fleiri nefndarmenn á því, að einfaldara og óbrotnara væri, að miða skattgjaldið við auratal, en ekki við álnagjald, eins og gjört er í frumvarpinu, og fyrir því leyfir nefndin sjer, að stinga upp

29*

á þeirri breytingu við frumvarpið, að í staðinn fyrir álnargjald komi auratal. Og eptir því, sem að framan er á vikið, virðist það hæfilega sett 40 aurar á hvert tíundbært lausafjárhundrað, og jafnmikið á hvert hundrað í jörð, sem á er búið.

Við 5. grein.

Það leiðir af breytingunum á 2. og 3. grein, að fella verður burtu orðin í fyrra lið 5. greinar «eptir meðalverði . . . verðlagsskrá». Nefndinni virðist og ástæða til, að fella skinnavöru úr tölu þeirra landaurategunda, sem gjaldgengar eiga að verða í skatt, sökum þess að skinnavara er alls eigi algengur eða almennur kaupeyrir. Svo hefur og þótt rjettara, að binda eigi skattgreiðendur að eins við eina fiskitegund (saltfisk), heldur ætti hver sú fiskitegund, sem er gjaldgeng vara, einnig að vera gjaldgeng í skattinn. Þá hefur og nefndinni virzt hagfellt, ef ekki allskostar nauðsynlegt, að heimila gjaldendum að greiða skattgjaldið í innskript til þeirra kaupmanna, sem skattkreíjendur taka gilda borgunarmenn, þegar peningar eða landaurar eru ekki fyrir hendi. Mælir það einkum með þessum gjaldmáta, að hann er mjög svo handhægur, þegar eigi eru peningar til að láta í skattgjaldið, enda er hann orðinn mjög svo almennur víðs vegar um landið. Þar sem nú nefndin hefur þannig komizt til þeirrar niðurstöðu, að svo margar og miklar breytingar þurfi að gjöra við fyrri lið 5. greinar, hefur hún samið nýja grein, sem ætlazt er til að komi í staðinn fyrir þennan greinarlið.

Nefndin ræður til, að síðari liður 5. greinar falli alveg í burtu, því það er hvorttveggja, að nefndin álítur, að gjöra eigi sýslumönnum að embættisskyldu, að innheimta skattgjaldið endurgjaldslaust, enda ætlar hún, að það mundi valda mikilli óánægju meðal gjaldanda, ef þeir skyldu þurfa að neyðast til, að greiða gjaldið í landaurum með sjöttungs-affalli frá almennu gangverði.

Við 6. grein.

Nefndinni þykir það ekki eiga við, að vitna til Dönsku laga um forrjettindi þau, er skattgjaldið á að hafa hjá gjaldendum, enda virðist henni vafasamt, hvort sú grein laganna, sem vitnað er til í frumvarpinu, er innleidd hjer á löglegan hátt. Sökum þessa leyfir nefndin sjer, að stinga upp á nokkrum orðabreytingum við 6. grein.

Síðari liður greinarinnar virðist nefndinni að megi missa sig, því bæði er það, að mjög sjaldan mundi til þess koma, að ganga yrði að jörðinni til að ná skattgjaldi því, er á henni hvílir, og í annan stað virðist næsta ósanngjarnt, að jarðeigendur skuli eiga að bæta það, sem leiðir af óskilum landseta þeirra eða fátækt.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, ræður nefndin til fylgjandi breytinga á frumvarpinu.

Við 2. grein.

Fyrir «eina alin á landsvísu» komi: «40 aura».

Við 3. grein.

Fyrir «eina alin» komi: «40 aura».

Við 5. grein.

Fyrir fyrra lið komi ný grein svo hljóðandi:

«Gjaldið skal greitt í peningum. Bresti gjaldanda peninga, getur hann greitt gjaldið í innskript hjá kaupmönnum þeim, er hlutaðeigandi sýslumaður tekur gilda eða í landaurum þeim, er nú skal greina: veturgömlum sauðfjenaði, hvítri ull, smjöri, fiski og dún eptir því verði, sem sett er á aura þessa í verðlagsskrá ár hvert».

Síðari liður greinarinnar falli burt.

Við 6. grein.

Fyrir orðin í niðurlagi fyrra liðs greinarinnar, «sem . . . desember 1869» komi: «sem hin eldri skattgjöld höfðu samkvæmt lögum».

Síðari liður greinarinnar falli burt.

Reykjavík, 12. dag júlímán. 1877.

Jón Sigurðsson, framsögumaður. Halldór Kr. Friðriksson, formaður.
Einar Ásmundsson. Guðmundur Einarsson.
HjálmurPjetursson. Einar B. Guðmundsson.
Þorlákur Guðmundsson.

Á 14. fundi neðri deildarinnar, 18. dag júlímánaðar, kom til framhalds 1. umræðu *frumvarp til laga um skatt. á ábúð og afnot jarða og á lausafje*, og hafði 4 dögum áður verið lagt fram nefndarálit um málið og því útbýtt meðal þingdeildarmanna.

Framsögumaður (Varaforseti *Jón Sigurðsson*) kvaðst eigi skyldu þreyta þingdeildina með því, að ræða langt um þetta mál í þetta skipti. Hjer lægi fyrir frumvarp frá stjórninni, og sæju menn af nefndarálitinu, að nefndin hefði að mestu leyti aðhyllzt þetta frumvarp stjórnarinnar. Frumvarp stjórnarinnar væri í öllu verulegu samkvæmt álitsskjali því, er nefnd sú, er skipuð var með konungsúrskurði 29. okt. 1875 til að undir búa skattamálið, hefði samið; væri því mál þetta nú búið að ganga í gegnum þrjá hreinsunareldana, svo líkindi væru til, að það mundi nú vera þolanlega úr garði gjört. Breytingar þær, er nefndin hefði gjört við frumvarp stjórnarinnar skyldi hann minnast á með fáum orðum. Það væri þá fyrst, að nefndin hefði komizt til þeirrar niðurstöðu, að lækka skyldi skattinn yfir höfuð, hvort sem væri skattur af jarðeign eða lausafje, og hefði nefndin orðið ásátt um, að skatturinn yrði lækkaður um $^1/_4$ hlut þess, er farið væri fram á að hann skyldi vera í stjórnarfrumvarpinu; hefði helzta hvötin til þess verið sú, að svo margar raddir hefðu heyrzt um það í blöðunum, og enda í ræðum og ritum, að skatturinn ætti að vera sem ljettbærastur og lægstur. Önnur breytingin væri sú, að álnargjaldi því, er um ræddi í frumvarpinu, væri breytt í aura, eða að skatturinn væri miðaður við peninga, en eigi landaura; en með þessari breytingu gæti hann fyrir sitt leyti eigi mælt, því að hann hefði eigi verið henni samþykkur, heldur væri hún komin frá meðnefndarmönnum sínum. Þriðja breytingin væri í því fólgin, að síðari liður 5. greinar fjelli burtu, eða sú ákvörðun, að ef skatturinn að öllu leyti væri greiddur í landaurum, þá skyldi greiða $^1/_6$ hluta meira, en þegar greitt væri í peningum. Fleiri breytingar hefði nefndin eigi farið fram á, nema nokkrar orðabreytingar, er eigi væru teljandi.

Landshöfðinginn sagði, að þar sem hin heiðraða nefnd hefði í öllum aðalatriðunum fallizt á frumvarp stjórnarinnar, svo og þar sem eigi leyfðist nú við 1. umræðu að ræða hinar einstöku greinir málsins, þá vildi hann mæla með því, að deildin ljeti mál þetta þegar ganga til 2. umræðu.

Arnljótur Ólafsson kvaðst taka undir þau orð framsögumannsins, er hann hefði sagt, að líklegt mundi, að mál þetta væri nú soralítið, þar sem það væri nú búið að ganga í gegnum þrjá hreinsunareldana; og víst væri svo, að eptir sniðinu að dæma, þá væri mál þetta eigi svo ólaglegt, en annað væri það, hvort það væri eins laglegt og hentugt að efninu til. Á þessu stigi málsins væri eigi nema um 2 grundvallarreglur frumvarpsins að ræða, er nefndin hefði sett, og væri það skatthæðin og skattstofninn. En um upphæð skattsins gæti hann að þessu sinni eigi talað, því að eigi yrði sagt, hvort þessi skattur á ábúð væri sanngjarn, fyr en hin skattafrumvörpin kæmu til umræðu, og skatthæðin í þessu frumvarpi yrði borin saman við skatthæðirnar í þeim. Hann vonaði því, að forseti tæki eigi mál þetta til 2. umræðu, fyr en búið væri með 1. umræðu um hin frumvörp skattamálsins. Þegar nú um tekjustofninn væri að ræða, þá hefði nefndin þar fylgt bæði stjórnarfrumvarpinu og áliti skattamálsnefndarinnar, að leggja skyldi bæði á lausafje og jarðarábúð leigulíða. En nefndin hefði eigi komið með neinar ástæður fyrir þessum skattstofnum sínum, stjórnin í raun-inni heldur eigi í frumvarpi sínu; hann yrði því að leita eptir öllum röksemdunum í frumvarpi hinnar háloflegu konunglegu skattanefndar. Skattanefndin hefði í áliti sínu V. kafla frá bls. 23.—33. rannsakað næsta innvirðulega grundvöllinn undir skattstofnunum eða hvort jarðarhundruðin ein væri rjettur skattstofn, eða þá lausafjeð eingöngu, eða þá hvorttveggja saman væri rjettur skattstofn. Af því að hann væri hræddur um,

að menn eigi hefðu álitsskjal skattanefndarinnar hjá sjer, þá skyldi hann leyfa sjer að lesa sem stytzt upp ástæður þær, er skattnefndin hefði komið með. Fyrst teldi nefndin kosti þá, er ábúðarskatturinn hefði, og væru þeir þessir: 1, að hann væri «vís og óbreytilegur»; 2, að menn hefðu fulla vissu um, «hversu miklu þessi skattur mundi nema»; 3, að «innheimta þessa skatts yrði miklu umsvifaminni, einfaldari og óbrotnari»; 4, að «greiðandinn gæti ávallt gengið að því vísu, hve mikið hann ætti að greiða»; 5, að ábúandinn vissi, þegar er hann leitaði sjer ábýlisjarðar, «hverju skattar hans og skyldur til landssjóðsins næmu»; 6, að skattur á jarðardýrleikanum «útilokaði að öllum jafnaði ónytjunginn frá því að taka stóra jörð til ábúðar» (sbr. 23. bls. í áliti nefndarinnar). Nú kæmi nefndin á 26. bls. til lausafjárskattsins, og væru þá taldir ókostir hans, en þeir væru þessir: 1, að menn geti eigi vitað, hvern arð búandinn hafi af lausafje sínu; 2, að «allmörg dæmi sjeu þess, að bændur eigi lausafje sitt allt eða mestallt í skuld»; 3, að ísjárvert sje, «að leggja þunga skatta á aflafje»; 4, að þessi skattur «yrði miklu þyngri á sveitabændum en sjávarbændum»; 5, (28. bls.) að það væri «mjög torvelt, ef eigi með öllu yfirvöldunum um megn, að ná áreiðanlegu framtali á tíundbærum kvikfjenaði gjaldanda»; 6, að óvíst væri, «hverju skatturinn mundi nema ár hvert»; 7, að »nú liggja þegar svo mikil gjöld á því, að eigi sje gjörandi að íþyngja því», lausafjenu; 8, og að lyktum (á 32. bls.), að «íþyngt sje öllum þeim greiðendum, er eigi eru í skiptitíund». Þannig væru þá eptir þessu 6, og í raun rjettri 8 kostir, er jarða- eða ábúðarskatturinn hefði, en 8 ókostir hjá lausafjárskattinum, en enginn kostur utan einn, er jafnframt væri talinn ókostur, og þó væri báðum skattstofnum þessum gjört jafnhátt undir höfði að lyktum, og lausafjárskatturinn með ókostum 8 látinn vera jafnrjettlátur ábúðarskattinum, með sína 6 eða 8 kosti. Síðan mælti hann: «Nú vil jeg spyrja: hvernig gat hin konunglega nefnd og síðan þingnefndin — en stjórnarfrumvarpið er eigi að marka, því stjórnin hefur auðsjáanlega farið í mesta flýti yfir málið — hvernig gat skattanefndin, segi jeg, komizt að þeirri ályktun, að lausafjeð með öllum ókostunum væri jafnhentugur, jafnrjettlátur skattstofn sem jarðirnar með öllum kostum sínum? Jeg hlýt að segja, að jeg skil það engu betur, en ef nefndin vildi kenna mjer þann reikning, að $+ 6 = \div 7 + (\pm 1)$, eða skiljanlegar talað, að 6 kostir sje sama sem 7 ókostir. Jeg vona nú, að enginn færi nefndinni til varnar »talnabandsfræði» hennar á 24.—25., 27.—28. og 31. bls. nefndarálitsins, af ótta fyrir því að lenda í nefskattagryfju hennar. En jarðabókin? er hún ástæða, fullgild ástæða? Nefndin álítur svo, það er satt. Látum oss skoða betur ofan í kjölinn á þessari ástæðu hjá nefndinni. Hún segir á 24. bls. »væri gallalaust jarðamat til eða gæti fengizt, þá mundi nefndin eigi hika við að ráða til að leggja skattinn á jarðirnar eingöngu». Jeg skal nú eigi fara út í þá fjarskalegu mótsögn hjá nefndinni milli þess, er hún segir á þessum stað, að »naumast verði álagðir nokkrir skattar eptir jarðabókinni 1861» og hinu, er hún segir á 46 bls., »að munurinn á mismunandi dýrleika jarðanna sje eigi svo mikill, að hann geti haft nokkur veruleg áhrif á upphæðir jarðagjaldanna», eða með öðrum færri orðum, nefndin álítur jarðabókina 1861 ótæka til að leggja á menn eptir henni 1 álnar skatt, en dágóða til þess, að landsetarnir á umboðsjörðunum greiði eptir henni jafnháa landskuld af jarðarhundraði hverju, það er að skilja frá 6 til 10 álna í landskuld eptir jarðarhundraðið. Aptur hin sama hávitra ályktun og reikningsvísdómur hjá hinni konunglegu nefnd, að alinnar-skjattgjald sje óbærilegt á hverju jarðarhundraði, þar sem 6—10 álna landskuldargjald einnig af hverju jarðarhundraði sje rjettlát og hin jafnaðarfyllsta álaga. En jeg skal eigi þreyta hina háttvirtu deild með þessari speki nefndarinnar, heldur víkja aptur að jarðabókinni og jarðamati nefndarinnar. Nefndin stakk nú

upp á nýju jarðamati með þriggja postula smiðshöggi, og skyldi þessu postulamati lokið, áður en skattar væru greiddir eptir hinum nýju skattalögum. En má jeg nú spyrja, hvað er þá orðið af jarðabókinni 1861? Hún er þá af tekin og úr lögum numin, en postulamatið, þetta sjálfsagt «gallalausa jarðamat», er nefndin heimtað hefur, tekið í lög. En hvað er þá orðið af þeirri mótbáru nefndarinnar gegn jarðarhundraðaskattinum, er hún hefur byggt eingöngu á jarðabókinni 1861, þegar jarðabókin, þessi mikli ásteytingarsteinn og hneykslunarhella fyrir nefndina, er tekin úr vegi og er eigi framar til? Mótbáran er þá eflaust líka farin, fyrst ástæða hennar er farin. Hvar er nú jafnvel hin minnsta mótbára til eptir hjá skattanefndinni gegn jarðaskattinum? og eins, hvar er hin minnsta ástæða fyrir lausafjárskattinum? Þó menn leiti svo vandlega, sem eptir saumnál væri leitað, gegnum allt nefndarálitið, þá skulu þær hvergi finnast. Nefndin sjálf er því hinn rjetti höfundur að jarðaskattinum en eigi jeg; því að hún hugsaði og ritaði fyr en jeg. Nefndin getur því eigi þykkzt mjer, þó jeg hafi leitt fram rjettar ályktanir af hennar eigin ástæðum, og jeg vona, að hún fyrirgefi mjer, þótt jeg hafi álitið mjer skylt að hafa ályktanir mínar samkvæmar ástæðum hennar, en eigi gagnstæðar þeim og öndverðar, eins og nefndin hefur sjálf gjört. Fyrir því lýk jeg ræðu minni með þeim ummælum, að eitt af tvennu hlýtur að vera, annaðhvort eru ástæður nefndarinnar sannar, og þá er sú ályktun mín af þeim sönn, að skattstofninn skuli vera jarðirnar eingöngu, eða ástæður nefndarinnar eru allar saman ósannar, og þá eru ályktanir hennar og tillögur allar saman ástæðulausar, með því að hún telur engar aðrar ástæður en þær, er jeg hef getið. Hin háttvirta deild og sjer í lagi þingnefndin ræður, hvort af þessu tvennu hún vill heldur álíta og aðhyllast».

Framsögumaður kvað óþarfa að svara 1. þingmanni Norður-Múlasýslu. Þessi upplestur hans hefði verið alveg óþarfur og enda mjög leiðinlegur, því að hann hlyti að vita, að allir þingmenn hefðu nefndarálit skattanefndarinnar fyrir sjer; sjer fyndist það annars lýsa nokkru stórlæti hjá þingmanninum, að fara að setja þingmenn á knje sjer, og kenna þeim að skilja það, sem þeir hefðu svart á hvítu fyrir sjer; hann vonaði það, að þjóðin hefði eigi sent þá fábjána hingað á þingið, er þyrftu við leiðbeiningar þingmannsins; kvað hann þingmanninum hafa verið nokkru nær, að gefa þingmönnum nokkur blöð af Norðlingi, því það mundu fæstir þeirra hafa, en það, er hann hefði mælt, væri hvort sem er allt saman tóm upptugga úr því blaði, hvort sem hún nú kynni að vera smekkbetri en áður, skyldi hann ósagt láta. Hann kvaðst að eins vilja benda á eitt atriði í ræðu þingmannsins, að þar sem hann hefði sagt, að í áliti skattanefndarinnar væru teknir fram 8 kostir, er fasteignarskatturinn hefði, en aptur 8 ókostir, er skattur á lausafje hefði, en eigi nema einn kostur; en hann vildi spyrja þingmanninn, hvort honum ekki gæti skilizt það, að þessi eini kostur lausafjárskattsins hefði mátt sjer svo mikils í metaskálum skattanefndarinnar, að hann hefði vegið upp á móti öllum hinum ókostunum. Hann hefði eigi heldur getað skilið þá röksemdaleiðslu þingmannsins, að sá, sem hefði flestan málnytupening eða flest lausafjárhundruð til tíundar, væri verst farinn hjá skattanefndinni. Það væri sannarlega ný hagfræðisleg kenning, að sá, er auðugur væri að fjenaði, stæði sig ver en hinir, er eigi væru það, í skattalegu tilliti.

Benidikt Sveinsson kvað þingdeildinni kunnugt, að hann hefði ekki í hitt eð fyrra lagt mikið til í þessu máli, og yrði hann því fremur á þessu stigi þess að fara um það nokkrum orðum. Hann sagði, að svo sem kunnugt væri af þingtíðindunum 1875, þá hefðu þegar á fyrsta stigi þessa máls margar ólíkar meiningar látið sig í ljósi viðvíkjandi hinu fyrirhugaða nýja fyrirkomulagi á skattamálum landsins. Ágreiningurinn hefði bæði snert gjaldstofnana, og svo tölu skattaálaganna; en þingdeildin hefði þá gjört sjer það

að eins konar skyldu að ræða eigi mikið um mál þetta, bæði sökum þess, að tíminn hefði verið orðið svo naumur, og eins af því, að deildin hefði eigi viljað taka fram fyrir hendurnar á hinni fyrirhuguðu skattanefnd, sem þess vegna hefði fengið málið alveg óundirbúið frá þingdeildinni og þinginu yfir höfuð. Það eina hefði verið víst, að þingið vildi af nema hin eldri manntalsbókargjöld, og setja almennt gjald í staðinn. Svo sem kunnugt væri, hefði nú nefnd þessi verið skipuð með konungsúrskurði 29. okt. 1875 til þess að rannsaka mál þetta, og semja um það álitsskjal og frumvarp. Þetta hefði nefndin nú og gjört; enda væri nú þetta álitsskjal með tilheyrandi frumvörpum einnig prentað að tilhlutun stjórnarinnar, og sent þingmönnum víðs vegar um landið, svo þeir hafa haft færi á að kynna sjer málið í heild sinni. Hann fyrir sitt leyti kvaðst geta viðurkennt, að álitsskjal þetta væri í mörgu fróðlegt, og lýsti vandvirkni frá nefndarinnar hálfu. Meira hól vildi hann ekki bera á nefndina. En nú vildi hann spyrja, hver áhrif nefndarálit þetta hefði haft á þjóðina? Þegar því væri að svara, vildi hann ekki leggja svo mikla áherzlu á einvígið mikla milli Norðlings og Norðanfara, eða margvígi það, er blöðin yfir höfuð og einstakir menn út um landið hefðu átt innbyrðis. En hitt þætti sjer meiru skipta, að álitsskjal þetta hefði komið því til leiðar, að hver höndin svo að segja meðal þjóðarinnar hefði orðið upp á móti annari um skattamálið; það mætti svo að orði kveða; að það hefði verkað á meðvitund þjóðarinnar, eins og lögmálið á hrellda samvizku, að það hefði snortið hjarta þjóðarinnar eins og tvíeggjað sverð. Það liti því eigi út fyrir, að þetta álitsskjal ætlaði að reynast neitt skattaevangelíum. Hann kvaðst nú álíta það skyldu sína að geta þess, hvað það einkum hefði verið í álitsskjali þessu og frumvörpunum, er hefði gjört þjóðinni þetta fjarskalega rúmrusk, ef hann mætti svo að orði komast. Aðalástæðan væri þá fyrst sú, að þjóðinni þætti það undrum sæta, að stungið væri upp á, að svo miklu fje skyldi hrúgað í landssjóðinn ofan á það, sem fyrir væri ónotað, án þess að tilsvarandi framkvæmdir væru í vændum með neinni vissu Annað aðalatriðið væri það, að menn alls eigi gætu sannfærzt um, að þessar álögur, er stungið væri upp á, væru í sjálfu sjer rjettlátar, það er að segja, að þær stæðu í rjettu hlutfalli innbyrðis. Þessa tvo aðalgalla starði þjóðin á, enda mætti finna minna grand í mat sínum.

Það þyrfti nú að rannsaka, hvort þetta væri á rökum byggt. Sú væri óbifanleg skoðun sín, að það eigi væri rjett, heldur beinlínis rangt, að landssjóðurinn væri álitinn sem betlimaður eða förumaðnr gagnvart gjaldþegnum, svo þeir af eins konar náð legðu fje í hann, sem þeir ættu, en hann eigi; því síður kvaðst hann geta skoðað landssjóðinn sem ræningja, er tæki með valdi annara eign. Viðvíkjandi fyrra atriðinu yrði hann að taka fram almenna athugasemd um það, á hverri stjórnarlagalegri heimild eptir hlutarins eðli skattaálögurnar til landssjóðsins væru byggðar. Hann sagði, að það væri slæmt, að þetta virtist þó að liggja til grundvallar fyrir hinum háfleygu hagfræðissetningum sumra manna. En hann kvaðst hafa allt aðra skoðun. Hann sagðist álíta, að hin innri eðlilega heimild landssjóðsins til skattanna væri byggð á því, að svo væri að álíta, að nokkur hluti þjóðmegunarinnar yrði til og skapaðist af landsstjórninni, eða hennar meðverkun; þennan hluta, sem væri hennar eigið verk (hinn svo nefndi «Nationalformuens socielle Deel») ætti landsstjórnin heimtingu á í landssjóð sjer til viðurhalds, og þjóðinni undir eins til gagns og nýrrar auðsældar. Þennan hluta væri ómögulegt að reikna út nákvæmlega með tölum. En svo mikið mætti þó segja, að hlutfallið milli skatta-álaganna og starfsemi landsstjórnarinnar fyrir þjóðmeguninni í víðasta skilningi ætti og hlyti að vera jafnvægishlutfall, ella yrðu skattarnir ranglátir, skaðlegir og óhafandi. Af þessu sagði þingmaðurinn að það sæist glöggt, að það væri varúðarvert, að hrúga ærnu fje í lands-

sjóð, án þess fje því jöfnum höndum væri varið til að efla þau fyrirtæki og framkvæmd, er í sama mæli efldu almennings heill og hagsældir andlegar og líkamlegar, því að slíkt væri eigi til annars en þess, að það meðal annars villti rjettan dóm manna, innlendra og útlendra, um ástand þjóðarinnar og velmegun hennar, auk þess sem það vanalega drægi fje úr höndum gjaldþegnanna. Þjóð vor væri ung, hún skoðaði frelsið sem börnin, án þess að þekkja byrðir þess; vjer ættum því að glæða elsku þjóðarinnar á frelsinu, og efla krapt hennar til að framfylgja því, en fæla hana ekki með röngum og vanhugsuðum álögum. Hann tæki það enn aptur upp, að það væri varúðarvert, að ofþyngja þjóðinni með afarháum álögum, og veikja þannig hennar lítt þroskuðu krapta.

Þá kæmi nú seinna atriðið um jöfnuðinn á sköttunum, um rjettlæti þeirra. Maður sæi hjer þá skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafje; þingmaðurinn kvaðst nú ætla að taka þátt í þessu nýja einvígi milli tveggja háttvirtra þingdeildarmanna; hann óskaði að eins, að einvígi þetta yrði ekki upp á líf og dauða hjer í þingdeildinni. Að öðru leyti kvað hann það auðsætt mál, að 1. þingmaður Norður-Múlasýslu hefði haft rjett að mæla, að þetta atriði yrði eigi rætt að neinu liði af því, að öll frumvörp nefndarinnar lægju eigi fyrir. Hjer væri einn bútur úr heildinni, og hún því í molum. Hann yrði því á þessu stigi málsins að lýsa sinni grundvallarhugsun án þess, að fara langt út í málið eða beita samanburði. Sú væri þá meining sín, að gjaldið ætti að leggja bæði á fasteign og lausafje, og það í því hlutfalli, er nefndin ljeti ofan á í veðri vaka, nefnilega jafnt á hvorttveggja; það tæki ekki tali, og næði engri átt, að leggja fasteignarskatt á ábúandann, þann er ekki á jörðina, en væri að eins leiguliði; leiguliðinn stæði í gjaldskyldu við landsdrottinn, en eigi við landssjóðinn; það væri hið sama að bjóða leiguliða að greiða skatt af jörð þeirri, er hann byggi á, sem að bjóða honum að greiða skatt af engu; þar að auki væri það, sem hjer lægi þó eigi fyrir til umræðu, að landsdrottinn eptir uppástungu nefndarinnar ætti að borga tekjuskatt, svo að með þessu móti yrði auðsjáanlega tvöfaldur skattur greiddur, leiguliðinn greiddi skatt af engu, en jarðeigandinn af öllu; þessar og þvílíkar setningar gæti hann þó eigi fallizt á. Það væri þannig þegar af þessu auðsætt, að frumvarpið væri í grundvelli sínum óhafandi.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og bar forseti því undir atkvæði deildarinnar, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði.

BREYTINGARUPPÁSTUNGUR
við frumvarp til laga um skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafje.

I. Breytingartillögur
við skattalögin
frá Arnljóti Ólafssyni, 1. þingmanni Norður-Múlasýslu.

A. Við «Frumvarp til laga um skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafje».

1. Fyrir «Frumvarp til laga um skatt á ábúð og lausafje»
   komi: «Frumvarp til almennra skattalaga
   1. kapítuli.
   Um ábúðarskatt».
2. 3. grein falli úr.
3. Úr 4. grein falli þessi orð: «og skal goldinn sýslumönnum og bæjarfógetum á manntalsþingum ár hvert».
4. Við 6. grein.
   Fyrir orðin í upphafi síðari málsgreinar: «Ef þeim hluta skattsins, sem á fasteignina er lagður» komi: «Ef ábúðarskattinum».
5. Við 7. grein.
   7. greinin falli niður.

II. Breytingaruppástungur
frá Benidikt Sveinssyni, 1. þingmanni Árnesinga.

1. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Frumvarp
til laga um landstíund af fasteign og lausafje.

2. Aptan við 2. grein bætist: «nú er jörð bændaeign og leigujörð, og skal þá landstíundin dregin frá afgjaldi jarðarinnar».
3. Aptan við 3. grein bætist: «nú er lausafje leigufje annars manns, og skal þá landstíundin dregin frá leigunni».

III. Breytingaruppástunga
við breytingaruppástungur Benidikts Sveinssonar, 1. þingmanns Árnesinga,
frá Páli Pálssyni, 1. þingmanni Skaptfellinga.
Við 2. tölulið.

Að orðin: «bændaeign og» falli burtu.
Að aptan við greinina bætist: «og greiðir landsdrottinn gjaldið».

IV. Breytingaruppástungur
frá Páli Pálssyni, 1. þingmanni Skaptfellinga.
Við 2. grein.

Í staðinn fyrir «eina alin» komi: «25 aura».

Við 5. grein.

Í staðinn fyrir: «Bresti gjaldanda . . ár hvert» komi: «Nú brestur gjaldanda peninga, og getur hann þá greitt gjaldið í innskript kaupmönnum þeim, er næstir eru, og álitnir eru áreiðanlegir, eða hverjum þeim kaupmanni öðrum, er hlutaðeigandi sýslumaður tekur gildan. Heimilt er gjaldanda einnig, að greiða gjaldið í þeim landaurum, er nú skal greina: sauðfjenaði, góðum vaðmálum, vorull, smjöri, skinnavöru, fiski og dún, eptir því verði, sem sett er á aura þessa í verðlagsskrá ár hvert».

V. Breytingaratkvæði
frá Páli Pálssyni, þingmanni Húnvetninga og Guðmundi Ólafssyni, þingmanni Borgfirðinga.

2. grein breytist þannig, að í staðinu fyrir «1 alin» komi: «25 aura».
3. grein breytist þannig, að í staðinn fyrir «1 alin» komi: «45 aura».

ÖNNUR UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 25. fundi neðri þingdeildarinnar, 31. dag júlímán., kom samkvæmt dagskránni til annarar umræðu *frumvarp til laga um skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafje*. Sökum þess að varaforseti, sem kosinn hafði verið framsögumaður í málinu, varð að gegna forsetastörfum, tók þingmaður Reykvíkinga að sjer framsöguna, og var atkvæðaskrá prentuð í málinu.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson) sagði, að eins og þingdeildinni væri kunnugt, væru mörg breytingaratkvæði komin fram við frumvarp þetta, og vildi hann ráðleggja þingmönnum að fara varlega í breytingar þessar, ef þeir vildu ekki ónýta málið. Aðalbreytingin væri frá 1. þingmanni Norður-Múlasýslu, sem vildi steypa saman öllum þrem frumvörpunum (um skatt af ábúð og afnot jarða, um húsaskatt og um tekjuskatt); kvaðst hann verða að játa, að ekki væri hægt að tala um eitt af frumvörpum þessum, án þess að taka hin með. Uppástunga 1. þingmanns Norður-Múlasýslu snerti einungis formið, og gjörði því ekki mikið til, en þó þætti sjer rjettast að halda málinu í þrem hlutum, eins og stjórnin hefði gjört. Önnur breyting, sem sami þingmaður hefði stungið upp á, væri sú, að hann vildi sleppa skattinum á lausafje, en einungis halda ábúðarskattinum, og bæri hann það fyrir sig, að lausafje þyldi ekki skatt. Hann kvaðst hafa lofað þingmanninum reikningi um daginn til þess að sýna honum, að þessu væri ekki svo háttað. Þá er litið væri á arðinn af lausafjenu, og tekinn kvikfjenaður að hestum undanskildum, þá hefði Tryggvi Gunnarsson í Nýjum Fjelagsritum 24. ári reiknað arðinn, og talið, að óhætt væri að telja hann af hverju kúgildi 25 kr., og að sömu niðurstöðu hefðu aðrir komizt. Þegar væru lagðir 40 aurar á hvert lausafjárhundrað, þá væri það sama sem $1^3/_5$ af hverju hundraði arðsins. En nú vildi þingmaðurinn láta landeigendur greiða 40 aura í skatt af hverju hundraði

í eignarjörðum þeirra, eða 10 af hundraði af arðinum, því að það væri fullnóg að reikna, að hver jörð gæfi af sjer 4 af hundraði verðsins. Hann vonaði nú, að þingmaðurinn kannaðist við, að það væri ekki alveg rjett, að leggja $1^3/_5$ á hundraðið af öðru, en 10 á hundraðið af hinu. Þetta gæti ekki staðizt, því það væri sjálfsagt, að gjaldendur borguðu hjer um bil jafnt af hundraði hverju, hvort sem eignin væri jörð, eða hvað svo sem hún væri. Þessi reikningur yrði ekki hrakinn, að hvert lausafjárhundrað gæfi af sjer 25 kr. í arð, enda kæmi það heim við leiguna á hverju kúgildi, sem væri vanalega 20 álnir; það væri ætlazt til, að leiguliði hefði helming arðsins í hreinan ágóða, enda væri auðvitað, að ef leiguliði hefði ekki töluverðan hagnað af leigunni, þá væri tilgangslaust og einungis til armæðu og fyrirhafnar fyrir hann að taka kúgildi til leigu. Sjer virtist því vanta mikið á, að þessi uppástunga 1. þingmanns Norður-Múlasýslu væri sanngjörn, og vonaði hann, að þingmaðurinn og allir játuðu það, að í þessu máli dygði ekki að draga neins einstaks taum, heldur að láta alla njóta hins sama jafnaðar. Að því er snerti breytingaruppástungu þingmanns Húnvetninga og þingmanns Borgfirðinga um að hækka skattinn á lausafje upp í 45 aura, en aptur lækka ábúðarskattinn niður í 25 aura, og væri þingmaður Skaptfellinga þeim samdóma um hið síðara, þá áliti hann ekki vera nægar ástæður til þess. Hann játaði, að það hefði frá upphafi verið sín skoðun, að jarðarskatturinn væri sá einfaldasti og jafnasti skattur, svo framarlega sem jarðamatið væri áreiðanlegt; en eins og nú væri ástatt með jarðamatið, þá væri mjög örðugt að ná fullum jöfnuði með því að leggja á jarðaskatt einan, og því hallaðist hann fremur að hinum blandaða skatti, og áliti hann hinn eina rjetta. Hjer lægju nú fyrir ótal uppástungur, sem færu í sína áttina hver; sumir vildu leggja meiri skatt á lausafje heldur en á ábúð og afnot jarða; aptur aðrir vildu engan skatt leggja á lausafje. Hann ætlaði, að skynsamast væri, að þræða meðalveginn, því að margt mælti með jarðaskattinum og líka margt með lausafjárskattinum, en sömuleiðis margt á móti hvorumtveggja. Að lækka skattinn, gæti hann heldur ekki fallizt á, því að þegar 40 aurar væru lagðir á hvert jarðarhundrað, og á hvert lausafjárhundrað, þá yrði skatturinn hjer um bil jafn því, sem manntalsbókargjöldin hefðu áður numið. Lengra vildi hann ekki fara, enda væri það töluverður ljettir, því að þessi skattur kæmi bæði jafnar niður, og yrði einnig töluvert lægri, þegar tekið væri tillit til þess, að allar undanþágur fjellu burt.

Atkvæði 1. þingmanns Árnesinga við 2. gr. staflið d, vissi hann ekki, hvernig ætti að skilja; eptir orðunum lægi beinast við að skilja það svo, að bændur, sem byggju á eigin jörð, og þeir, sem byggju á þjóðeign, ættu að vera lausir við skatt, en þetta gæti naumast verið hugsunin, og þyrfti því sjálfsagt að orða hana betur. Sama grundvallarhugsun væri í breytingaruppástungu sama þingmanns við 3. gr. stafl. c.; hann vildi láta draga skattinn frá afgjaldi jarðarinnar, og væri það því hið sama, sem 1. þingmaður Norður-Múlasýslu vildi, að leggja skattinn á jarðeigendur sjálfa. 1. þingmaður Norður-Múlasýslu vildi beinlínis leggja á jarðeigendur sjálfa, 1. þingmaður Árnesinga vildi láta leiguliða leggja gjaldið fram fyrir jarðeigendur. Nú væri allt af sagt, að jarðeigendur væru að ýta af sjer gjöldum sínum, og ljetu þau lenda á leiguliðum, og væri víst óheppilegt, að svo skyldi vera; þess vegna væri líklega óþarfi að gjöra þeim slíkt ljettara, eins og eðlilega mundi leiða af því, ef þessi uppástunga 1. þingmanns Árnesinga yrði að lögum.

Að því er snerti breytingaruppástungu 1. þingmanns Skaptfellinga við 5. gr., þar sem hann vildi bæta við nokkrum fleiri landaurum, en nefndin hefði tekið til, þá hefði hann ekkert móti því, að greitt væri í sauðfjenaði yfir höfuð, í stað þess sem nefndin hefði til tekið í veturgömlum sauðum, en þar sem uppástungumaður bætti við vaðmál-

um, þá væri það miður heppilegt, því að erfitt mundi einatt verða fyrir skattkreſjanda, að verja því í peninga.

Tryggvi Gunnarsson kvaðst álíta sjer skylt, að tala nokkur orð til að gjöra grein fyrir atkvæði sínu. Hann játaði, að þeir, sem ekki vildu leggja á lausafjeð, heldur eingöngu á fasteign, hefðu nokkuð til síns máls, og þeir, sem vildu leggja á lausafje en ekki fasteign, hefðu líka mikið sínu máli til stuðnings. En gegn því, að leggja á lausafjeð eingöngu, væri einkum það, að framtalið væri óáreiðanlegt; afrakstur af búpeningi væri mjög misjafn eptir landgæðum hverrar sveitar, og sjávargagn og hlunnindi jarðanna væru þá leyst undan gjaldi. Aptur á móti væri ekki ákjósanlegt, að leggja skatt á fasteignir eingöngu, af því jarðamatið væri óáreiðanlegt, og mikið gjald kæmi þá til að hvíla á þeim mönnum, er hefðu lítinn lífsbjargarstofn eða lausafje, en byggju á hundraða-margri jörðu, en aptur sá, sem væri auðugur að gangandi fje, en væri á jörð, sem lágt væri metin, hann kæmist máske af með að greiða jafnmikið gjald til landssjóðsins, sem fátæklingur, er byggi á stórum jarðarskrokk, og mundi það með tímanum orsaka almenna óánægju. En einmitt þess vegna, að svona væri ástatt, að báðir gjaldstofnarnir væru svo mjög óáreiðanlegir, þá virtist sjer heppilegast, að miða skattinn við hvorttveggja, bæði lausafje og fasteign. Hann játaði, að 1. þingmaður Norður-Múlasýslu hefði mikið til síns máls, að í grundvallarreglunni væri það rjett, að leggja skattinn annaðhvort á fasteignina eingöngu eða á lausafje það, sem jörðin fram fleytti, en af því hvorttveggja væri vandkvæðum bundið, þá væri affarabezt, að hafa hinn svo kallaða blandaða skatt og taka hvorttveggja til greina, og gæti þá sá ójöfnuður, sem kæmi fram á öðru, bætzt aptur upp á hinu. Þó þetta gjald væri nefnt blandaður skattur, þá skoðaði hann það reyndar allt sem lausafjárskatt, en sem væri þannig á lagður, að litið væri til hvorstveggja, bæði hve stóra jörð maður hefði til ábúðar, og hve mikla áhöfn hann hefði. Þó þeir menn, sem hjeldu með fasteignarskattinum einum, segðu, að ágóðinn af lausafjenu væri mjög misjafn, þá ætti hið sama sjer stað með jarðirnar; hann kvaðst þekkja til þess á Norðurlandi, einkum í Þingeyjarsýslu, að sama jörðin, sem 1852 hefði fram fleytt 20 hndr. lausafjár, hún hefði 1872 fram fleytt ekki meira en 10 hndr., sem leiddi af fleiri ára grasbresti og skepnufelli, og einnig mundu allir játa, að jörðin í hörðu ári gæfi minna af sjer, en þegar vel áraði, en þó væru öll gjöld hin sömu af jörðunni, og mætti fullyrða, að ekki sje minni munur á afrakstri jarðanna eptir árferðinu, en afrakstri búpeningsins eptir gæðum sveitanna. Hann kvaðst ekki geta fundið samkvæmni hjá þeim mönnum, er teldu ófært annað en að leggja á fasteignina eina það gjald, er rynni í landssjóð, en ljetu hin önnur gjöld hvíla óbreytt á lausafjenu, svo sem til prests, kirkju, fátækra og jafnaðarsjóðanna m. fl.; væri svo, að fasteignin væri sá eini rjetti gjaldstofn fyrir eina gjaldagrein, þá hlyti hún að vera það fyrir þær allar. Eigi gæti hann heldur fundið samkvæmni í því, að verja lausafjeð fyrir álögum vegna undanbragða á framtalinu; en þó jafnframt aðhyllast tekjuskatt af eign og atvinnu, því undanbrögð þar mundu ekki verða minni en í lausafjártíundinni, heldur nokkru meiri.

Af þessum ástæðum væri það einbeittur vilji sinn, að aðhyllast hinn svo nefnda blandaða skatt, eins og skattanefndin hefði ráðið til; en að því leyti væri hann henni ekki samdóma, að jafnt gjald skyldi leggja á lausafje og á jarðirnar, því að það væri sín sannfæring, að lausafje hefði meira gjaldþol og gæfi miklu meiri arð en fasteignin; sjer virtist því sanngjarnt, að $^1/_3$ hluti skattsins væri lagður á fasteignina, en $^2/_3$ hlutar á lausafjeð; ef hann sæi, að hann fengi nógu marga með sjer, sem hefðu sömu skoðun, þá mundi hann koma með breytingaratkvæði í þá átt til 3. umræðu.

Hann kvaðst heldur ekki vera samdóma

innanþingsnefndinni í því, að ákveða skattinn í auratali, en ekki eptir meðalalin, því að þegar á allt væri litið, þá yrði álnatalið rjettara, hvort heldur litið væri til landssjóðsins, eða gjaldgreiðanda; þegar landaurar væru í háu verði, þá stæðu menn betur við, að greiða hærra gjald, heldur en þegar þeir standa lágt, og landssjóðurinn gæti misst talsvert við það; hefði t. d. gjaldinu verið slegið föstu í peningaverð fyrir 30 árum, þegar alinin var 33 aurar, þá væru tekjur landssjóðsins nú 1/3 minni, fyrst alinin væri orðin 50 aurar eða meira, en eigi að síður væri þó gjaldið ekki meira fyrir greiðendur á þessum tíma en áður, því að pundið af smjörinu og skepnan væru jafnmikils virði í búi manns nú og þá.

Hann væri sannfærður um, að ef skatturinn væri ákveðinn í auratali, þá yrði hætt við, að hann eptir stuttan tíma væri orðinn annaðhvort of hár eða þá of lágur, því að allir vissu, hve mikilli breytingu landaurar væru undirorpnir. Þess vegna væri að sínu áliti ráðlegra, að ákveða skattinn í álnatali, því að annars væri hætt við, að breyta yrði skattinum á hverjum 10 eða 20 ára fresti; hann vildi því einnig í þessu efni koma með breytingaratkvæði til 3. umræðu, ef hann fengi nógu marga með sjer.

Að endingu vildi hann geta þess, að svo framarlega sem málið yrði útkljáð á þessu þingi, og skattgjaldið lagt á fasteignina eina, þá mundu þeir einir gleðjast, er ættu margt gangandi fje, en flestir hinir efna-minni ekki una gjaldinu betur, en 20 álna skattinum gamla.

Guðmundur Einarsson sagði, að síðan hann hefði farið að hugsa um skattamál, þá hefði hann ávallt styrkzt meir og meir í þeirri sannfæringu, að beinlínis skattar ættu að vera sem lægstir að auðið væri. Mönnum þætti meira fyrir, að verða að taka skattana beinlínis úr eigin vasa, heldur en að greiða þá óbeinlínis í tollum af munaðarvöru. Þar að auki væri það skoðun sín, að þegar breytt væri um skatta, þá ætti að hafa hinn nýja skatt sem allra líkastan þeim, er hann kæmi í staðinn fyrir, því að ætíð væri eitthvað óþægilegt við breytinguna; sín skoðun væri í stuttu máli sú, að þegar breytt væri til um skatta, ætti breytingin að vera til batnaðar. Hann hefði verið einn af nefndarmönnum í þessu máli, og hefði hann ekkert ágreiningsatkvæði gjört, ekki af því að sjer líkaði nefndarálitið í alla staði, en hann hefði ekki viljað gefa orsök til þess, að nefndin klofnaði. Hann væri nefndinni samdóma í því, hvað sem hagfræðingar segðu um það atriði, að blandaður skattur kæmi jafnast niður, það vissi hann af eigin reynslu. Sjer hefði því líkað það vel, að nefndin hefði farið í líka stefnu og utanþingsnefndin, að leggja skattinn bæði á fasteign og lausafje, og um leið lækkað skattinn niður í 40 aura, en það, sem sjer ekki líkaði, væri það, að nefndin skyldi leggja jafnan skatt á fasteign og lausafje. Hann skyldi ekki þræta um það, hvort það væri satt, sem þingmaður Reykvíkinga hefði sagt, að arðurinn af lausafjenu væri 25 kr. af hverju hundraði; það væri bezt utanþings að reyna sig á því. Hann áliti skynsamast, að leggja, eins og 1. þingmaður Suður-Múlasýslu hefði stungið upp á, 2/3 hluta skattsins á lausafje, en 1/3 á fasteign, eða þá að fara í líka stefnu eins og breytingaratkvæði þingmanns Húnvetninga og þingmanns Borgfirðinga. Hann sagði, að á því væri enginn vafi, að lausafjár-hundraðið hefði miklu meira gjaldþol en fasteignar-hundraðið. Fyrir fátæklinga, sem byggju t. a. m. á 15 c jörð og tíunduðu einungis 4 hundruð, yrði það alveg óbærilegt, ef mikið væri lagt á fasteignina; eins væri um þá, er byggju í eyjum og gyldu þunga landskuld. Fátæklingarnir mundu kúgast við fasteignarskattinn. Hann sagði, að því lægri sem skatturinn væri á fasteignarhundraðinu, þess síður gjörðist þörf á því, að nýtt jarðamat færi fram, og þá væri mikið unnið, því aldrei mundi jarðamatið verða nema kák. Eins og hann hefði þegar tekið fram, væri sín sannfæring sú, að blandaði skatturinn væri sá bezti, og að hann væri því jafnaðarmeiri, sem hann væri lægri á fasteigninni en á lausafjenu.

Nú skyldi hann snúa sjer að breytingingaruppástungum 1. þingmanns Norður-Múlasýslu, hans skoðun færi í öfuga átt við sína skoðun. Þessi þingmaður vildi láta leggja allan skattinn á fasteignina, en ekkert á lausafje; þetta væri hreinasta kúgun fyrir fátæklinginn, sem byggi á hundraðamargri jörð, en ætti lítið lausafje, og hvernig sem hann liti á þessa uppástungu, þá væri það sín lifandi sannfæring, að það væri mesti ójöfnuður, og með því næði breytingin á sköttunum ekki tilgangi sínum, að gjöra jöfnuðinn sem mestan á öllum greiðendum, og láta ekki skattinn verða þyngri á nokkrum, eptir því sem unnt er, en hefur verið

Arnljótur Ólafsson kvaðst álíta sjer skylt að leiðrjetta þingmann Dalamanna, því að öll líkindi væru til, að fyrst hann villtist, mundu fleiri leiðast í villu. Þingmaðurinn hefði sagt, að hann gæti ekki fallizt á breytingaruppástungur sínar, af því að með þeim væri þyngt á fátæklingnum. Hann kvaðst ekki hafa stungið upp á neinni breytingu við 2. grein, af því að hann hefði verið samdóma nefndinni um, að leggja 40 aura á hvert jarðarhundrað. En þá er til 3. greinar kæmi, þá greindi sig á við nefndina, því að hann styngi upp á að leggja engan skatt á lausafjeð. Það væri því óskiljanlegt, hvernig nokkur gæti sagt, að hann vildi þyngja á ábúandanum, hvort sem nú ábúandinn væri ríkur eða fátækur, fyrst hann (þingmaðurinn) legði 40 aura á hvert jarðarhundrað, en eigi svo mikið sem 1 eyri á lausafjeð, þar sem nefndin vill þar að auki leggja 40 aura á hvert lausafjárhundrað, og sumir þingmenn jafnvel 45 aura. Það væri svo langt frá sjer, að vilja þyngja á ábúandanum, að hann færi því miklu fremur einmitt fram, að fella burt alveg lausafjárskattinn, og væri auðvitað, að það væri ljettir fyrir ábúandann, eins og hann vonaði, að hinn skarpvitri þingmaður Dalamanna skildi.

Fyrst hann á annað borð væri staðinn upp, skyldi hann fara fáeinum orðum um nefndarálitið, jafnvel þó hann vissi, að tillögur sínar mundu ekki þykja geðfelldar, enda mundi sjer verða til lítils að tala gegn þessu þríhreinsaða nefndaráliti, sem fyrst hefði gengið gegnum greipar á hinni konunglegu skattanefnd, síðan gegnum hendur stjórnarinnar, og nú loksins gegnum hreinsunareld þingnefndarinnar. Samt sem áður skyldi hann leyfa sjer, að skýra fyrir þingmönnum nokkra galla, er sjer fyndist á því vera. Hann kvaðst vona, að allir þingmenn skildu það, að þegar um skattalög væri að ræða, þá yrði að minnsta kosti að hugsa sjer einhverja reglu, sem skatturinn væri lagður á eptir, þótt reglu þessari ekki yrði fylgt nákvæmlega. Nú vissu menn, að hjá öllum siðuðum þjóðum væri skattur lagður, annaðhvort beinlínis á eign, og væri hann þá eignarskattur, eða hann væri lagður á tekjur, vöxtu, leigu eignarinnar, og væri hann þá eignartekjuskattur, eða skatturinn væri lagður á atvinnu, og þá enn annaðhvort beinlínis sem atvinnuskattur, eða þá á ágóðann af atvinnunni sem atvinnutekjuskattur. Með öðrum orðum sagt: menn hefðu enga aðra skattstofna, en eign og vinnu. Hefur nú skattanefndin fylgt þessari reglu í skattálögunum? Nei, á 31. bls. í álitsskjali sínu, þar sem talað er um afnotaskatt, segðist nefndin leggja á hvert lausafjárhundrað eptir ágóðanum, 5 af hverju hundraði. Þetta kvaðst hann mjög vel skilja, og væri það alveg rjett skattfræðisleg stefna, með því að lausafjárskatturinn væri áætlaður eignartekjuskattur. En til allrar ógæfu fyrir nefndina og málið allt, hefði hún við hliðina á þessum eignartekjuskatti lagt annan skatt á ábúðina. Hversvegna gjörði nefndin það? Nefndin hefði hvergi, því miður, getið um, af hverjum ástæðum hún gjörði það. Á 35. bls. segði hún, að 5 af 100 tekjuupphæðarinnar, samsvaraði skattinum á tíundbæru lausafje. En hvað svo? Hví kemur nefndin þá líka fram með ábúðarskattinn, sem fjandann úr sauðarleggnum? Það væri frábærlega undarlegt, að nefndin skyldi leggja á þennan ábúðarskatt við hliðina á lausafjárskattinum; það væri augljóslega tvöfaldur skattur, og skyldi hann í því tilliti vitna til orða stjórnarinnar

í ástæðunum fyrir frumvarpi hennar. Stjórnin segði í ástæðunum fyrir frumvarpinu: «Nefndin hefur álitið, að gjaldið (ábúðarskatturinn) skyldi lagt á ábúandann, en aptur skyldi annað gjald lagt á eigendurna, sem sje tekjuskatturinn. Þetta kynni reyndar að virðast síður rjettlátt, er það er einkum skepnuhaldið, sem leiðir fram arðinn af jörðinni, en á þær er lagt sjerstakt gjald, sem lausafje, og lítur því svo út sem tvöfalt gjald verði lagt á ábúandann, en stjórnarráðið hefur þó haldið, að einnig ætti að fylgja uppástungu nefndarinnar í þessu tilliti, einkanlega af þeirri ástæðu, að þessi gjaldmáti einnig er samkvæmur því, er hingað til hefur átt sjer stað». Það væri dáfalleg röksemdaleiðsla af stjórninni, þótt hún sjái, að ábúðar- og lausafjárskatturinn sje tvöfaldur skattur á ábúandanum, og finni, að það sje ekki rjettlátt, þá ljeti hún það samt eiga sjer stað, af þeirri einu ástæðu, að þetta hefði áður við gengizt, reyndar alls ekki að lögum heldur móti lögum. Stjórnin hefði verið svo leiðitöm, að hún hefði fylgt nefndinni yfir þykkt og þunnt, rjett og órjett. Þetta hefði hann sýnt fram á í Norðlingi, og vonaði hann, að nokkrir hefðu þó lesið það. Ef nú skattanefndin vildi allt um það dreifa lausafjárskattinum yfir á jarðarhundruðin, en færa hann ekki upp yfir það, sem hann ætti að vera í rjettu hlutfalli við skattinn á öðrum gjaldstofnum, þá gæti hann máske gjört henni það til geðs, að vera með henni í því; en það væri ekki eptir rjettum skattgjaldsreglum. Skattgjaldsreglan segði: annaðhvort eignarskatt, það er lausafjárskatt, eða atvinnuskatt, það er ábúðarskatt; en tvöfaldan skatt bæði að upphæð og álöguhætti, það væri bersýnilegt ranglæti, er lægi langt fyrir utan allar skattfræðisreglur. En samt, ef menn yndu betur við það, að leggja bæði á ábúð og lausafje, og þætti ljettara að greiða skattinn óreglulega en reglulega, þá vildi hann eigi gjöra kapp úr því, einungis áskildi hann, að þessi tvöfaldi skattur á ábúð og lausafje væri til samans eigi þyngri en samsvaraði 5 af 100, eða nú, eptir tilögu nefndarinnar, 4 af 100 hinnar ímynduðu fjárleigu, það er að segja, að skatturinn samsvaraði 40 aurum af hundraði. Hann kvaðst hafa gjört sjer fulla grein fyrir því, hvort ekki yrði með þeim skatti, er hann styngi upp á að lagður væri á landeign og lausafje, náð þeirri upphæð, sem hjer um bil samsvaraði manntalsbókargjöldunum, og gæti hann því fullvissað deildina um, að upphæð sú næðist fyllilega með sínum skatti. Nú vildi hann ómögulega fara hærra, því hvorki væri þess þörf, og svo þyldu bændur heldur eigi, að sínu áliti, þyngri skatt. Menn yrðu og að gæta þess en eigi gleyma, að við þessa skatta á landeigendur og ábúendur bættist húsaskattur og annar eignarskattur, svo og atvinnuskatturinn eða ágóðaskatturinn. Í einu orði sagt, þá vildi hann ekki að bændur, það er að skilja landeigendur og leiguliðar, gyldu meira af fasteign og lausafje til samans, heldur en það sem svaraði manntalsbókargjöldunum gömlu, en hvernig deildin þá skipti þessu gjaldi milli þessara tveggja gjaldstofna, skyldi hann fela á hennar vald.

Framsögumaður sagði, að mótbárum 1. þingmanns Norður-Múlasýslu væri svo háttað, að ekki væri til neins að þrátta lengi um þær. Hann skyldi einungis svara þeirri athugasemd hans, þar sem hann hefði sagt, að skattur á ábúð og lausafje væri tvöfaldur skattur. Þessu kvaðst hann verða að neita, því að jarðirnar gæfu af sjer ýmsan annan hagnað, heldur en þann, er beinlínis þyrfti til að fram flytja lausafjenu. Þannig gæfi t. d. Æðey á Ísafirði af sjer 400 pnd. af dún, en fram fleytti einungis 17 lausafjárhundruðum; hvernig ætti nú að fara að hitta allan þann ágóða, er ábúandinn hefði af eyjunni, með því einungis að leggja skatt á lausafje? Þannig væri og ástatt með margar jarðir bæði í Gullbringusýslu og Ísafjarðarsýslu, að þar væri lítið um lausafje, en þar á móti ýms önnur hlunnindi, t. d. sjávarútvegur og fl. Þess vegna væri jarðaskattur alveg nauðsynlegur og jafnaði upp það, sem lausafjárskatturinn kæmi ó-

jafnt niður. En þótt skattinum væri þannig skipt, þá væri ekki rjett að kalla hann þess vegna tvöfaldan skatt, því að annar helmingur skattsins kæmi niður á lausafjenu en hinn helmingurinn á ábúðinni. Ef eitt jarðar-hundrað þyrfti til þess að framfleyta einu lausafjárhundraði, og þótt sagt væri að þessi skattur væri sama sem að leggja 80 aura á hvert lausafjárhundrað eða $3^1/_3$% af ágóðanum, þá hlyti 1. þingmaður Norður-Múlasýslu að sjá, að sá skattur væri ekki þyngri en eignartekjuskatturinn.

Þar sem þingmaðurinn hefði sagt, að nýi skatturinn ætti ekki að vera hærri en manntalsbókargjöldin gömlu, þá væri einmitt skattur sá, er nefndin hefði stungið upp á, svo hár, að hann samsvaraði því, er manntalsbókargjöldin hefðu numið. Að því er snerti húsaskattinn, jarðeignarskattinn og atvinnuskattinn, þá væri ekki víst, hve miklu þeir mundu nema, en þó mundu þeir naumast verða hærri en svo, að landssjóðurinn ynni upp þann halla, sem hann hefði orðið fyrir við afnumningu alþingistollsins.

Páll bóndi *Pálsson* kvaðst geta verið því fáorðari um breytingaruppástungu sína, sem þingmaður Dalamanna hefði tekið fram mikið af því, er hann vildi sagt hafa. Hann vonaði, að allir þingmenn sæju, að það yrðu veruleg þyngsli á fátæklingunum, ef ábúðarskatturinn væri hár, því þeir byggju vanalega á helmingi fleiri jarðarhundruðum, heldur en þeir hefðu lausafjárhundruð. Þar að auki yrði að gæta að því, að þó skatturinn væri færður niður um 10 aura á jörð og lausafje til samans, eins og sín breytingaruppástunga færi fram á, þá gæfi skatturinn af sjer um 50,000 kr. og væri það nóg; því þar við bættist tekjuskattur, atvinnuskattur og húsaskattur, og mundi þá hinn nýi skattur gefa töluvert meira af sjer heldur en manntalsbókargjöldin, sem nú ætti að af nema. Hann kvaðst ekki geta skilið í því, að nokkur skyldi vilja leggja á þyngri beinlínis skatta, en áður hefðu verið, þar sem svo margir aðrir beinir skattar lægju á bændum, þar á meðal til sýslusjóða, sem væri þó orðið nokkuð tilfinnanlegt gjald, þar eð þinginu 1875 hefði tekizt að setja laun allra yfirsetukvenna yfir á sjóði þessa; enn fremur til jafnaðarsjóða og svo búnaðarskólagjaldið. Nú væri það vilji þjóðarinnar, að beinlínis skattarnir væru sem lægstir, en hún kysi heldur, að tekjur landssjóðsins yrðu auknar með óbeinlínis sköttum; þetta sýndu ljóslega hinar mörgu bænarskrár og áskoranir, er til þingsins hefðu komið víðs vegar að úr landinu; enda áliti hann, að óbeinlínis skattar væru miklu rjettlátari og kæmu jafnar niður. Með því að leggja bæði á ábúð og lausafje yrði skatturinn tvöfaldur, eins og 1. þingmaður Norður-Múlasýslu hefði sagt. Þingmaður Reykvíkinga hefði nefnt Æðey á Ísafirði, að eigandi hennar mundi sleppa undan skatti, ef ábúðarskatturinn ekki hjeldist; en þingmaðurinn hefði þá víst gleymt tekjuskattinum, ef sá skattur yrði á lagður í rjettu hlutfalli við lausafjárskattinn, þá mundi skatturinn hitta eigendur hlunnindajarða eins og aðra. Hann vonaði að endingu, að þingdeildin hugsaði sig vel um, áður en hún felldi þetta breytingaratkvæði sitt, er einungis miðaði til þess, að ljetta skattgjaldið á hinum fátæku. Þar sem framsögumaður hefði sagt, að þetta munaði svo litlu, þá væri það ekki rjett, því það munaði þó 14000 kr. árlega, og þessi ljettir eða þyngsli kæmi einmitt niður á fátækum leiguliðum, og vonaði hann, að allir sæju, að sá mismunurinn gjörði ekki svo lítið til, sem framsögumaður segði.

Benidikt Sveinsson kvaðst mundu mega taka undir með 1. þingmanni Norður-Múlasýslu, þó hann væri honum máske ekki alveg sammála, að hann væri sannfærður um, að sínar tillögur yrðu eigi teknar til greina í máli þessu; en hann kvaðst jafnframt taka það fram, að hann þættist glöggt sjá það í gegnum heygarðs-hornið, að mál þetta mundi fara svo úr garði gjört frá deildinni í þetta sinn, að enginn þingmanna mundi geta sagt: »þetta var mín skoðun, þetta voru mínar tillögur». Uppástungur þær, sem nú lægju fyrir, væru að vísu ekki svo margar að vöxtun-

um eða yfirborðinu til; en vildi maður skoða dýpra, og líta á grundvöll þeirra, þá sæi maður fljótt, að þær væru allar sannast sagt á ruglingi; þær rækju sig hver á aðra, og bljesu hver á móti annari eins og hvirfilbyljir úr ýmsum áttum, sem enginn vissi hvaðan kæmu eða hvert stefndu. Hann mundi því eigi hafa hitt óskastundina um daginn, er hann óskaði, að þessar uppástungur reyndust ekki sá turninn Babel, sem öll endurbót á skattamálinu strandaði á.. Þingmaðurinn kvaðst eigi að síður finna sjer skylt: í fyrsta máta að drepa enn á aðalgallana á uppástungu nefndarinnar, og því næst á þann grundvöll fyrir skatta-álögunni, er hann sjálfur ætlaði rjettastan, þó hann sæi, að þetta mundi ekki hafa áhrif á gang málsins á þessu stigi, eða að þessu sinni, í hinni heiðruðu neðri deild alþingis. Hvað nú hið fyrra atriðið snerti, þá hefði 1. þingmaður Norður-Múlasýslu tekið það svo rækilega fram, og sýnt það svo ómótmælanlega á talnafræðislegan hátt, að skatta-álögurnar væru svo ójafnar og því svo ranglátar innbyrðis, að eigi væri viðunandi. Sjálfur kvaðst hann við 1. umræðu málsins hafa bent á, að ábúðarskatturinn, sem menn ýmist kölluðu lausafjárskatt, ýmist fasteignarskatt, ýmist blandaðan skatt, sem enginn vissi hvað ætti að nefna, væri skattur, sem hvíldi á, eða væri tekinn af engu. Kvaðst hann hafa tekið það dæmi við 1. umræðu málsins þessu til skýringar, að maður byggi sem ábúandi á 20 hundraða jörð, en ætti sjálfur engan fjenað, heldur lifði að eins á leigufje annars manns og kúgildum þeim, máske 4, sem jörðinni fylgdu. Af hverju á nú þessi maður að borga skatt? Af jörðinni, nei! því hann á hana ekki; það er ómögulegt, að hugsa sjer skatt á jörðinni sem eign, nema gagnvart eigandanum. En getur hann þá hugsazt að borga skatt af lausafjenu? Nei! því hann á það heldur ekki. Hjer kemur allt hið sama fram, það er eigandinn einn, sem getur goldið af því. Nú hefur þessi maður ekki annað en lánsjörð og leigufje, og af hverju borgar hann þá? af engu. Landssjóðurinn heimtar sinn hluta af engu. 20 sinnum 40 aura = kr. 8,00 á þessi maður að borga af engum eyri.

En gæti maður nú að, hver meiningin muni vera hjá uppástungumönnum, þá mun þessi skattur eiga að vera óbeinlínis skattur á lausafjeð, með öðrum orðum skattur af ímynduðu lausafje, við hliðina á hinum beina lausafjárskatti, allt svo ræðir hjer um tvöfaldan skatt á lausafje. Þetta játar stjórnin sjálf í ástæðunum til frumvarps síns; en hún játar líka, að þetta sje ranglátur skattur, en gleður sig við, að hann muni lagast við samning milli landsdrottins og leiguliða. Eiga menn þá að gefa út ranglát skattalög í þeirri von, að prívatmenn, landsdrottinn og leiguliði, kippi ranglætinu burtu? En frumvarpið fer of stutt, og hermir rangt. Sá skattur, sem að nafninu miðast við fasteignina, er lausafjárskattur, nefnilega dulinn óbeinlínis lausafjárskattur, og sá skattur, sem að eins er kallaður tvöfaldur, getur hæglega orðið margfaldur. Setjum svo, að á 20 hundraða leigujörðinni eigi leiguliðinn sjálfur 2 lausafjárhundruð. Af þeim borgar hann í beinan lausafjárskatt $2 \times 40 = 80$, og í óbeinan eins mikið, samtals 1,60. En hvað borgar hann svo enn í óbeinan skatt af engu lausafje? 18×40 aura $= 7{,}20$. Hann kvaðst nú vona, að allir sæju, hvílíkt ranglæti og ójöfnuður þetta og annað eins væri.

Þingmaðurinn kvað það nú ómaksins vert, að bera tekjuskattinn saman við þetta. Það væri gjald það, sem hvíla ætti á eigendum jarðanna, þeim ríku. Hjer væri eigi tekin ímynduð eign. Nei, ekki einu sinni virkileg eign, heldur að eins sáralítill hluti af þeim hreina arði.

Af þessu væri það deginum ljósara, að stefnan væri sú, að halla á fátæklinginn, og láta hann bera sem þyngsta byrði, svo að sá ríki hefði sem minnst að bera. Hjer kæmi þá fram hið gamla súrdeigið, sem áður hefði verið í manntalsbókargjöldunum, að halla á fátæklinginn. Stefnan og niðururstaðan væri hin sama, en aðferðin önnur. Á hinn bóginn legði þá tekjuskatturinn

dugnaðarmanninn í einelti. Hann væri Prándur í Götu fyrir jarðabótum og framförum landbúnaðarins. Sá, sem bætti jörð sína, kæmi til að borga hærri og hærri tekjuskatt, en jarðníðingurinn slyppi.

Þingmaðurinn kvað þetta nóg til að sýna, að frumvarp þetta og nefndaruppástungur væri allsendis óhæfur grundvöllur fyrir hinum nýju sköttum. Það væri hyrningarsteinn nýrra ranginda.

Hann kvað það annars gegna furðu, að skattanefndin í Reykjavík, sem hefði þó verið svo ötul að safna skjölum og skýrslum úr öllum áttum um land allt, hefði gleymt einu kveri, sem hún þó vafalaust hefði þurft að líta í og kynna sjer til hlítar. Svo vildi hann nefna rjettarsögu Íslands, og rjettarmeðvitund Íslendinga. Þar hefði mátt finna einfaldan og þjóðlegan grundvöll. Þessi grundvöllur væri tíundin gamla, sem miðaði sig við hundraðið í fasteign og í lausafje. Á móti þessu gjaldi hefði enginn haft. Eptir hugsun fornmanna væri hundraðið viss eignar- eða gjaldþolsstærð. Þeir hefðu hugsað sjer hundraðið, eins og þeir ákváðu það, jafnmikils virði í föstu og lausu. Þennan mælikvarða hefði mátt laga, t. a. m. leggja lausafjeð öðruvísi í hundruð, færa jarðarhundraða töluna í landinu niður o. s. frv., svo jöfnuðurinn hefði orðið sem mestur, og eins og unnt var, því absolut jöfnuður væri sjálfsagt ómögulegur, og úr því hefði mátt bæta með því, að miða gjaldið við hið rýrasta fasteignarhundrað og hið rýrasta lausafjárhundrað, því þá hefði enginn getað sagt, að gjaldið væri tilfinnanlegt. Með þessu hefði fengizt jafn og óbifanlegur skattagrundvöllur og hin gamla tíund hefði umskapazt í eitt almennt gjald, sem miðaði sig við eign eptir samkvæmu hugsunarlögmáli. Með þessu móti hefðu öll rangindi og allur ójöfnuður horfið, hversu hátt eða lágt gjaldið hefði verið sett, því sá ríki hefði einlægt goldið í hlutfalli við hinn fátæka og eptir sama mælikvarða, eins og það loks hefði orðið notagjald dugnaðarmannsins, að hann gjörði eignarhundruð sín, gjaldstofninn, arðsaman.

Framsögumaður kvaðst vilja spyrja 2. þingmann Húnvetninga að því, hvort nokkur mundi leigja hlunnindajörð þannig, að leiguliðinn skyldi borga öll hlunnindin; slíkt gæti hann eigi ætlað að nokkur landsdrottinn færi fram á, eða að nokkur leiguliði mundi ganga að slíkum kjörum, heldur ætlaði hann, að leiguliðinn hlyti að hafa töluverðan afgang af hlunnindunum fram yfir það, er hann greiddi í eptirgjald. Það gæti og látið vel í eyrum, þegar sagt væri, að beinlínis skattar væru næsta óhagkvæmir og allt of misjafnir; en hann gæti þó sagt það með sanni, að margir litu svo á, sem hinir beinu skattar væru miklu sanngjarnari en hinir óbeinu skattar eða tollar; því að víst væri um það, að þessir óbeinlínis skattar lentu opt og einatt á þeim mönnum, er fátækastir væru; hann tæki sem dæmi, að tollur yrði lagður á kaffi; á hverjum lenti sá tollur fremur en á hinum fátæku sjávarbændum, er alls eigi gætu án þess verið? Það væru ýmsir hlutir, er menn kölluðu munaðarvöru, en fólk gæti þó alls eigi án verið hjer við sjávarsíðuna. Hann kvaðst fyrir skömmu hafa tekið Æðey til dæmis til þess að sýna, að þær jarðir væru til, er hefðu ýmsan annan hagnað en þann, er þyrfti til að framfleyta lausafjenu. Nú vildi hann einnig taka jörðina Hafnir til dæmis, er væri byggð með 1 hnd. og 60 álna landskuld; af hverju borgaði nú jarðeigandinn, ef ábúðarskattinum væri sleppt? þannig mætti telja fleiri hlunnindajarðir, er aldrei væru leigðar gegn fullu eptirgjaldi. 1. þingmanni Árnesinga kvaðst hann eigi ætla að svara, því að hann hefði farið svo víða, enda kvaðst hann eigi hafa betur sjeð, en að það, er hann hefði sagt, hefði verið hvað á móti öðru. Á hinn bóginn gæti hann eigi skilið, að sá maður, er byggi í sveit, og hefði til ábúðar 20 hndr. jörð, ætti ekkert lausafje; hann kvað hægt fyrir sig að sýna, að það væri ómögulegt. Þar sem

þingmaðurinn hefði álasað skattanefndinni fyrir það, að hún hefði eigi keypt kverið, sem hann nefndi, þá hefði það komið til af því, að hún hefði eigi vitað, hver hefði þetta kver til sölu; en hitt væri víst, að nefndin hefði reynt að skoða mál þetta frá öllum hliðum, og láta skattinn vera svo rjettlátan, sem unnt væri.

Grímur Thomsen kvað sjer virðast bæði utanþingsnefndin og innanþingsnefndin í skattamálinu eiga mikið lof skilið fyrir það, hve vandlega hún hefði íhugað mál þetta, og hve mikið far hún hefði gjört sjer um, að leysa starfa sinn sem bezt af hendi. En eitt væri þó, er sig furðaði á hjá nefndinni; sjer virtist nefndinni hafa verið svo um það hugað, að hafa skattinn hærri, en þörf væri á, eptir því sem fjárhagur vor stæði nú. Hann væri samdóma nefndinni í því, að skatt skyldi leggja á ábúð og lausafje, og væri það einnig samkvæmt tillögum nefndar þeirrar, er skipuð hefði verið til að rannsaka skattamál landsins á árunum 1845—1846; en hann gæti eigi skilið, að skatturinn ætti að vera hærri en það, er samsvaraði því, er manntalsbókargjöldin væru; en þau hefðu verið nú um síðast liðin ár að meðaltali 55,000 krónur á hverju ári, og væri það rjettur reikningur, og gæti hver sannfærzt um það, ef hann aðgætti skýrslu þá, er stæði í álitsskjali skattanefndarinnar á bls. 78—83, og legði saman þessa 4 skatta: skatt, gjaftoll, konungstíund og lögmannstoll; þá fengist út, að eptir meðaltali hefðu manntalsbókargjöldin um hvert ár verið 55 þúsundir króna. Þegar nú 40 aurar væru lagðir á hvert hundrað, og jarðarhundruðin á öllu landinu væru reiknuð 86,000 hndr., og lausafjárhundruðin 62,000 hndr., eða til samans 148,000 hndr., þá yrði skattgjaldið 59,200 krónur, eða með öðrum orðum 4000 kr. hærra, en manntalsbókargjöldin væru nú. Þegar nú hjer við bættist tekjuskattur af eign og atvinnuskattur, er eptir reikningi framsögumanns væri hjer um bil 13,000 krónur, þá yrðu skattgjöld þessi öll til samans lögð 72,000 króna eða 17,000 krónum árlega meiri en manntalsbókargjöldin. Ef nefndin vildi benda sjer á orsökina til þess, að hún væri að auka tekjur landssjóðsins, eða ef hún vildi benda sjer á, fyrir hverja sök það væri nauðsynlegt, þá mundi hann eigi dragast frá nefndinni. En af því að hann enn eigi hefði sannfærzt um, að þetta væri nauðsynlegt, þá yrði hann að hallast að breytingaruppástungu 2. þingmanns Húnvetninga og þingmanns Borgfirðinga; því að ef 25 aura gjald væri lagt á hvert jarðarhundrað, og 45 a. gjald á hvert lausafjárhundrað, þá kæmu, að tekju- og húsaskattinum með töldum, út 62,500 krónur, eða með öðrum orðum: þá yrði skattgjaldið að eins 7—8 þúsundum meira en manntalsbókargjöldin nú væru. Hann kvaðst gjarnan vilja, að gjaldið væri enn lægra, en með því að engin breytingaruppástunga hefði farið fram á lægra gjald en breytingaruppástunga þeirra tveggja þingmanna, er hann nýlega hefði getið, þá ætlaði hann breytingaruppástungu þeirra næsta sanni. Hann kvað ýmsar spurningar hafa komið fram í máli þessu, er misskilningi hefðu verið undirorpnar, og þar á meðal hefði ein verið sú, er 1. þingmaður Árnesinga hefði komið með, að allur skattur á ábúð væri lausafjárskattur, og væri þetta að vissu leyti satt, en stundum reyndist þetta eigi satt; því að það gæti komið fyrir, að maður hefði jörð til ábúðar, en seldi af henni heyið og hefði enga skepnu. Það gæti og verið, að einn maður byggi á varpey, þar sem dúntekja væri, og gyldi helming dúnsins í eptirgjald, en hefði hinn helminginn sjálfur; væru þetta tekjur af lausafje? nei, það væru tekjur af ábúð, og því væri það álit sitt, að ef menn vildu leggja skatt á lausafje, þá skyldi einnig leggja skatt á ábúð, en hann væri samdóma öðrum deildarmönnum um það, að skattur á ábúð ætti að vera lægri en skattur á lausafje, með því að arðurinn af hverju lausafjárhundraði væri meiri en af hverju jarðarhundraði. Sjer virtist og allra-sízt tilhlýðilegt nú, þegar þessi skattmáti væri eigi kominn inn í rjett-

armeðvitund þjóðarinnar, að láta þetta skattgjald vera hærra en manntalsbókargjöldin hefðu verið, enda sýndist sjer eigi fjárhagur landsins krefja það. Hann kvaðst þá ætla að benda á hlutfallið milli manntalsbókargjaldsins og annara skatta. Hvernig væri skattgjaldið í hinu auðuga landi Danmörk, þar sem tífaldur arður væri af landeign á við það, sem hjer væri, sem gæfi af sjer hveiti, olíu (Raps), rúg, bygg og hafra; þar næmu hinir beinlínis skattar 5 millíónum, en allar tekjurnar 45—50 millíónum eða með öðrum orðum: hinir beinlínis skattar væru $^1/_9$—$^1/_{10}$ hluti af öllum tekjum ríkissjóðsins; kvaðst hann hafa fyrir sjer fjárlög Dana fyrir árin 1875 og 1876. Hvort væri eðlilegt, að leggja nærri eins háan skatt á hjer eins og í hinu auðuga landi? Hann kvaðst vilja taka annað land til dæmis, er væri nokkru líkara voru landi, nefnilega Noreg, en þar væri munurinn enn meiri; árið 1847 hefðu allar tekjur Noregs numið 2,674,000 spesíum; en hvað hefði fasteignarskatturinn verið hár? hann hefði verið 34,000 spesíur, en öll hin upphæðin hefði verið leigur af landseignum og óbeinlínis skattar. Hann kvaðst eigi ætla nú að þessu sinni að koma með neina uppástungu um tollalögur, en hann ætlaði, að ef þyrfti að auka tekjurnar, ætti að leggja fyrir næsta þing uppástungu um, að óbeinlínis skattar væru lagðir á; en nú í þetta skipti hygði hann, að alls eigi væri ráðlegt að leggja á hærri skatta en þá, er samsvöruðu manntalsbókargjöldunum; vjer ættum heldur að hugsa okkur vel um til næsta þings, og reyna þá að bæta upp með tollum, það er nú vantaði á; það mætti, ef til vildi, leggja toll á aðrar vörur en kaffi. Með tilliti til þess, er 1. þingmaður Suður-Múlasýslu hefði sagt, að hann kynni eigi við, að skattgjaldið væri reiknað í auratali, heldur að það væri reiknað í álnatali eptir landaurum, af því að þeir gætu fallið og stigið, þá gæti hann vel skilið hugsun þingmannsins; en frá sínu sjónarmiði kvaðst hann alls ekki geta verið á móti því, að skattgjaldið væri reiknað eptir auratali, heldur ætlaði hann það einmitt gott, af því þá fylgdi skatturinn eigi hinu stígandi eða fallandi verði álnarinnar, en hann vonaði, að alinin færi heldur hækkandi en lækkandi, og þá lækkaði einnig skatturinn að því skapi.

Guðmundur Ólafsson kvaðst stuttlega skyldu leyfa sjer að gjöra grein fyrir breytingaratkvæði þessu, sem hann ætti þátt í. Hann kvaðst þá skyldi játa, að hann vildi helzt engan ábúðarskatt hafa lagðan á ábúendur jarðanna eptir hundraðatali, því að slíkur skattur væri órjettvís, og hann væri og mundi jafnan verða þyrnir og fleigur í skattalögum vorum; en ef hann þó endilega skyldi vera, þá kvaðst hann þó vilja hafa hann sem minnstan að verða mætti. Sjer virtist órjettlátt að taka skatt af ábúðinni, því að þann skatt tækju landsdrottnar svo fullan í eptirgjaldinu, sem þeir framast gætu við komið; löggjöfin þyrfti eigi að hjálpa þeim til þess. Nú ætti að leggja ábúðarskatt á dýrleika jarðarhundraðanna, og kostaði þá skattur þessi nýtt jarðamat, því að það jarðamat, er nú væri, þætti óhafandi skattagrundvöllur. En þótt nú hið fyrirhugaða jarðamat tækist betur, en það, er nú væri, þá mundi það varla takast svo vel, að því yrði treystandi sem áreiðanlegum mælikvarða fyrir skattinn. Hvað skattalögur yfir höfuð snerti, þá yrði að hafa fyrir augum þörf landssjóðsins og gjaldþol skattgreiðanda. En hvort væri gjaldþol jarðanna eins og stæði? þær væru vegna óræktar eins og lekahró, sem flyti í logni, en sykki, ef nokkuð bjátaði á. Menn yrðu því að fara varlega í skatta-álögur, meðan landið væri eigi betur ræktað, en það enn væri. Það væri talinn kostur við jarðarskattinn, að hann væri alltaf jafn, en þetta væri að eins kostur, þegar eigi væri litið á annað, en landssjóðinn, en þessi kostur væri beinn ókostur fyrir gjaldendur hans. Ætti landssjóðurinn eigi að líða ljúft og leitt með þjóðinni? ætti hann að yfirlifa hana? nei, landssjóðurinn ætti þá að hafa mikið, þegar þjóðin hefði mikið, og aptur lítið, þegar hún hefði lítið. Þess vegna kvaðst hann

álita lausafjárskattinn rjettlátastan, því menn gyldu eptir því meira eða minna, sem lausafjeð væri fleira eður færra.

Framsögumaður kvaðst ætla að svara 1. þingmanni Gullbringusýslu upp á það, er hann hefði sagt, að skatturinn væri of hár. Hann kvaðst reyndar vera samdóma þingmanninum í því, að hið bezta væri, að skatturinn gæti verið sem lægstur, en þingmaðurinn yrði að gæta þess, að hinn nýi skattur ætti ekki einungis að vega upp á móti manntalsbókargjöldunum heldur einnig á móti alþingistollinum, sem þingmaðurinn hefði sjálfur gengið bezt fram í að af nema. Ef eitthvað yrði svo um fram, þá mundi landsjóðnum ekki veita af, því að svo margar uppástungur væru nú komnar um að auka útgjöldin á landssjóðnum, og skyldi hann minna þingmanninn t. a. m. á Möðruvallaskólann, brýr yfir Þjórsá og Ölfusá o. fl. Reglum þeim, er aðrar þjóðir fylgdu í skatta-álögum værum vjer ekki skyldir að fylgja, en vjer ættum að sjálfsögðu að líta til þeirra; hann skyldi að vísu játa, að sjer væri ekki fullkunnugt um skatta í öðrum löndum, en þó gæti hann frætt þingmanninn á því, að í Danmörku væri greiddur 72 króna skattur af hverri tunnu hartkorns. Allir þingmenn ættu að vera samhuga í því, að láta skattinn vera sem lægstan, en þó ekki of lágan, því að betra væri að geta lækkað hann eptir nokkur ár, heldur en þá að verða að hækka hann.

Grímur Thomsen kvaðst að eins ætla að leyfa sjer að gjöra þá athugasemd við þá upplýsingu, sem framsögumaður hefði gefið þingdeildinni um, að í Danmörku væru greiddar 72 kr. af hverri tunnu hartkorns, að ein tunna hartkorns í Danmörku samsvaraði mjög stórri jörð hjá oss. Framsögumaður hefði heldur átt að gefa upplýsingu um, hvernig hlutfallið væri á milli skattsins og matsins á öllum jörðum í Danmörku. Allar jarðir í Danmörku væru metnar í hundruðum milljóna króna, en skatturinn af þeim væri einungis 4 miljónir; af því gæti maður betur sjeð, hvað hár skatturinn væri, heldur en af upplýsingu framsögumannsins. Að sínu áliti væri betra að syndga í því, að hafa skattinn of lágan, en of háan; ef það væri satt, að örðugt væri að hækka skatt, þá væri deildinni ráðlegast að vara sig á því, að ákveða skattinn of háan í fyrstu.

Arnljótur Ólafsson kvað 1. þingmann Gullbringusýslu hafa verið sjer samdóma um, að ljetta skyldi á skattinum, og hefði hann því hneigzt að breytingaruppástungu þeirri, er stæði undir 2. gr. tölul. a., og 3. gr. tölul. b., af því að það væru þeir lægstu skattar, er farið hefði verið fram á í breytingaruppástungunum. En hann kvaðst þó verða að segja, að þeir væru töluvert hærri en sinn skattur væri, og kvaðst hann skyldu sýna þingmanninum fram á það, því að hann hefði reiknað það nákvæmlega út. Eptir breytingaruppástungunni undir 2. grein tölul. a. væru 25 aurar lagðir á hvert jarðarhundraað; nú væru jarðarhundruðin í landinu talin öll 86,755 *cr*, og þegar þessi hundraðafjöldi væri margfaldaður með 25 aurum, þá kæmu út 21,688 kr. 75 a.; eptir breytingaruppástungunni undir 3. grein staflið b. væru lagðir 45 aurar á hvert lausafjárhundrað, en tala lausafjárhundraðanna væri í álitsskjali skattanefndarinnar talin að vera 60,350 *cr*, og ef þessi tala væri margfölduð með 45 a., þá kæmu út 27,157 kr. 50 a. Skattur sá, er lagður væri á jarðarhundruðin og lausafjárhundruðin, yrði þá til samans 48,846 kr. 25 a. En hann kvaðst sjálfur að eins hafa haldið sjer við 2. grein stafl. b., en fellt burtu 3. grein, og sagt svo, að hann skyldi eigi keppa um það, hvernig þessum 40 aurum yrði skipt á millum ábúðarhundraðanna og lausafjárhundraðanna. Þegar nú tala jarðarhundraðanna, er væri 86,755 *cr*, væri margfölduð með 40 a., kæmu út 34,702 kr., og væri þannig mismunurinn á milli sinnar uppástungu og þeirrar uppástungu, er þingmaður Borgfirðinga og 2. þingmaður Húnvetninga hefðu komið fram með, sá, að það næmi 14,144 kr. 25 a., er þeirra uppástunga væri hærri en sín. Hann vonaði því, að 1. þingmaður Gullbringusýslu yrði á sínu bandi

með þeim skildaga, að þingmaðurinn fengi að skipta þessum 40 aurum niður á milli á-búðarhundraða og lausafjárhundraða eptir sinni vild. Hann kvaðst nú eigi ætla að fara fleiri orðum um þetta atriði, heldur að eins víkja nokkrum orðum að breytingum sínum. Breyting sín undir 8. grein staflið a. væri byggð á því, að hann vildi taka öll þessi skattafrumvörp undir eitt, af því að þau hvort sem væri viðvikju almennum skatti, er hver maður, er einhverja eign ætti, skyldi greiða, og hefði hann því stungið upp á, að lögin væru kölluð almenn skattalög, og að þeim skyldi skipt í kapítula eptir innihaldi þeirra; kæmi þetta að sinni ætlun betur við, og yrði víst hægra að sjá, hvort samræmi væri á millum kapítulanna í einum lögum, heldur en sjá, hvort samræmi væri millum margra laga; að öðru leyti væri þetta engin efnisbreyting. Þegar næsta skattamálið kæmi fyrir, kvaðst hann skyldu gjöra betri grein fyrir því, hvers vegna hann vildi, að ábúandinn eigi greiddi hærra gjald en eigandinn, og hvers vegna hann hefði kallað ábúðarskattinn tvöfaldan skatt. Annaðhvort væri ábúðarskatturinn eignarskattur, eða þá atvinnuskattur lagður á þann ágóða, er ábúandinn hefði af ábúðarjörð sinni, og hallaðist hann fyrir sitt leyti heldur að atvinnuskattinum; en hann ljeti það þó á deildarinnar valdi, hvernig hún skipti niður þessum 40 aurum á millum lausafjárhundraðanna og ábúðarhundraðanna, ef skiptingin að eins væri eigi ósanngjörn; en það væri ósanngjarnt, að leggja þyngri skatt á þann, sem tæki jörðina á leigu, en þann, er jörðina ætti. Hann kvaðst enn sem fyr verða að segja, að það væri tvöfaldur skattur, að leggja bæði á ábúð og lausafje; og þegar nú 1 al. væri lögð á hvert lausafjárhundrað, þá gæti hann eigi annað sagt, en að það yrði 5 af hundraði; væri þetta eigi fullhár tekjuskattur? Þess vegna hefði einnig þingnefndin fært gjald þetta niður um $^1/_4$ hluta. Auk þess væri ekkert tillit tekið til fyrninga eða ábyrgðargjaldsins af lausafjenu. Hann vildi taka það til dæmis, að kýrin eptir 10 ár gæfi eigi af sjer helminginn af þeim arði, er hún hefði gefið af sjer áður, og þá vildi hann spyrja þingmenn, hverja leigu þeir vildu taka af 100 krónum, sem eptir 10 ár yrðu að eins 50 króna innstæða, hvort þeir mundu gjöra sig ánægða með minna en $16^2/_3$ af 100, er væri kýrleiga, það er 20 álnir af 120 álnum? Hann vildi enn taka það fram, að eptir Jónsbókar Kaupab. 16. kap. gæti hver leiguliði skilað kúnni aptur, ef hún dræpist af þeim orsökum, er þar væru taldar, því að þar segði svo: «Nú selr maðr kýr á leigu eðr annat búfé, þá skal sá ábyrgjast við öllu, er leigir, nema við bráðasótt ok lungnasótt, kelfing eðr lambburði, aldri eðr lystrreið, ok þó at alla ábyrgð skili þeim á hendr, er leigir, þá skal þat eigi haldast». Við hliðina á þessari alin, nú 40 aurum, hefði nefndin lagt aðra alin á ábúðina. Ábúðarskatturinn væri þannig atvinnuskattur, og lausafjárskatturinn eignarskattur, og vissi hann eigi til, að slíkt ætti sjer stað í nokkrum skattalögum. Hann vildi taka til dæmis ríkasta kaupmann. Nefndin skyldi nú leggja á hann atvinnuskatt, svo og eignartekjuskatt. Ef hún ætlaði sjer það, þá yrði hún að leggja á hvert skip, er hann ætti, og á peninga þá, er hann ætti sjálfur, til að reka atvinnu sína með, allt eptir áætluðum ágóða, og svo þar á ofan leggja á hann þungan atvinnuskatt, það er að segja, skatt af öllu því lánsfje, er hún áliti að hann hefði ágóða af. Hún yrði að segja við kaupmanninn: «mjer er eigi nóg, að þú greiðir mjer af ágóða þínum; þú verður að segja mjer, hve mörg skip og hve marga peninga þú átt, og lúka mjer af því eignarskatti líka, reiknaðan eptir $16^2/_3$ af 100 hverju í ágóða». Þetta gjörði þó nefndin eigi; en hví færi hún þá einmitt svona með örfátæka leiguliða? Engum skattfróðum manni kæmi til hugar, að skylda nokkurn mann til að greiða eignartekjuskatt fyrst af allri eign sinni, þeirri er hann hefur til að reka atvinnu sína, og það eptir áætlaðri og uppskrúfaðri leiguupphæð, og leggja svo jafnþungan atvinnuskatt á hann þar á ofan. Vjer vissum þó,

að leiguliðinn ætti eigi jörðina, heldur hefði hann hana að láni frá landsdrottni sínum, til þess að reka atvinnu sína með henni. Hann kvaðst ætla, að á lausafjenu væru nú svo þung gjöld, að eigi mundi viðunandi, ef á þau væri bætt; því að af lausafjenu væri goldið til jafnaðarsjóðanna og sýslusjóðanna, auk þess sem goldið væri af því til prests og kirkju, og næmi gjaldið meiru en krónu á hvert lausafjárhundrað. Hann kvað þá tíma mundu koma seinna, að alþingi skildi, hvort skattgjald þetta væri sanngjarnt eða eigi, þó að deildin skildi eigi orð sín nú. Það væri einna mest komið undir því um skattalög, hvort menn væru fúsir á að bera byrði þá, er þau ákvæðu, eða eigi; en slíkt væri komið undir skattalögunum sjálfum, og þó eigi síður undir hinum andlegu framförum þjóðarinnar. Að endingu gat hann þess, að hann væri alveg á sama máli sem 1. þingmaður Gullbringusýslu um það, að það væri almenn regla í öðrum löndum, að menn legðu mest gjald á með óbeinlínis sköttum eða tollum, en eigi með beinlínis sköttum, því að sá væri hinn mikli munur milli tolla og skatta, að tollarnir væru frjálsræðisgjald, en skattarnir skyldugjald, því að enginn væri skyldur að kaupa tóbak og brennivín, eða annað það, er tollur væri álagður í tolllögum vorum. Þvingaða byrði væri æfinlega þungt að bera, en frjálsa byrði ljúft. Svo væri og það, að hinir beinu skattar legðust á framtaksmanninn og dugnaðarmanninn, en tollarnir legðust það eigi, því að enginn væri duglegri fyrir það, þótt hann drykki brennivín eða tæki í nefið. Skattarnir valda því, að dugnaðarmaðurinn kynokaði sjer við að koma upp aflafje, til þess að hann kæmist hjá að greiða skatt af því. Hann ætlaði því, að mest væri undir því komið, að skattarnir væru sem rjettlátastir og jafnaðarfyllstir, til þess að menn gætu þakkað nefndinni fyrir, að nú væri loksins hinni miklu ánauð ljett af bændastjettinni, sem hefði hingað til orðið að bera allar byrðar fyrir landssjóðinn.

Framsögumaður kvaðst vilja geta þess út af ábyrgðargjaldinu og fyrningunum, að það hefði sannarlega verið tekið með, þegar reiknaður hefði verið arðurinn af hverju lausafjárhundraði. 1. þingmaður Norður-Múlasýslu hefði og sagt, að svo þungt gjald lægi á lausafjenu, af því að af því væri einnig goldið til jafnaðarsjóðanna; en þá kvaðst hann verða að taka það fram, að þegar verið væri að leggja á almennan skatt, þá væri eigi vert að gjöra það að reglu, að leggja lítið á einn gjaldstofn, af því að aðrir skattar lægju á honum, heldur ætti að reyna að ljetta þeim sköttum af gjaldstofninum, og jafna þeim haganlegar niður. Ef sá skattur, er hjer væri um að ræða, væri sanngjarn, en jafnaðarsjóðsgjaldið gjörði hann ósanngjarnan, þá ætti að reyna að minnka gjöld jafnaðarsjóðsins. Þingmaður Norður-Múlasýslu hefði tekið fram, að varúðarvert væri, að leggja skatt á aflafje, heldur skyldi leggja skatt að eins á fasteignina; þetta kvaðst hann eigi geta skilið að þjóðin yrði ánægð með, og ímyndaði hann sjer, að almenningur gyldi þann skatt mjög óánægður. Kvaðst hann treysta því, að þingdeildin mundi sjer samdóma um, að varlega ætti að fara í það, að skjóta þeim ákvörðunum inn í skattalögin, sem gætu komið ójöfnuði til leiðar. Hann kvaðst óska þess, að eigi liði langt, áður en þessar skatta-álögur yrðu ljettari, en hann ætlaði eigi rjett, að þær væru nú lækkaðar vegna annara óvinsælla gjalda. Hann kvaðst ætla, að allir þingdeildarmenn hefðu gjört sjer ljóst, hvað rjettast væri og sannleikanum samkvæmast í máli þessu, og treysti hann því, að þeir fylgdu skynsamlegum ástæðum.

Páll prestur *Pálsson* sagði, að af því að hann ætti þátt í nokkrum breytingum við frumvarp þetta, þá fyndi hann sjer skylt að gjöra nokkra grein fyrir þeim. Sín meining hefði verið, að gefa atkvæði fyrir 40 aura skatti á hvert lausafjárhundrað, en sjer hefði þótt of hár skatturinn á fasteignina, og fyrir því hefði hann komizt að sömu niðurstöðu og hinir aðrir þingdeildarmenn, er gjört hefðu breytingu við fasteignarskattinn. Um

breytingaruppástunguna undir 5. grein stafl. b væri það að segja, að eptir því sem sjer væri kunnugt í sinni sýslu, þá væri það ýmsum erfiðleikum bundið fyrir gjaldendur, að greiða skattinn eingöngu í peningum eða þeim landaurum, er nefndin hefði ákveðið, og hefði hann því stungið upp á, að í staðinn fyrir veturgamla sauði skyldi koma sauðfjenaður yfir höfuð, og að í staðinn fyrir hvíta ull, skyldi koma vorull, því þó vorullin, sem gyldist, kynni að vera mislit, þá mundi hún þó allajafna ná meðalverði eptir verðlagsskrá, og ímyndaði hann sjer, að þessar breytingar væru nokkuð nærri vegi. Viðvíkjandi þeirra ákvörðun í breytingaruppástungu sinni, að leyfilegt skyldi að greiða skattinn í vaðmálum og skinnavöru, skyldi hann taka það fram, að sjer væri eigi svo um það hugað að halda henni fast fram, enda hefði hann beðið forseta að bera ákvarðanir þessar sjerstaklega upp til atkvæða, til þess að þær eigi þyrftu að vera því til fyrirstöðu, að hinar ákvarðanir greinarinnar fengju framgang.

Landshöfðinginn kvaðst eigi ætla að orðlengja um mál þetta, en það vildi hann taka fram, að hann væri samdóma þeim heiðruðu þingmönnum, er sagt hefðu, að eigi skyldi hærri skatt leggja á, en landssjóðurinn þyrfti með; en það þætti sjer aptur vafasamt, hvort það mundi nægja, er farið væri fram á í breytingaruppástungu hinna 3 þingmanna, að 25 aura skuli leggja á hvert fasteignarhundrað, en 45 aura á hvert lausafjárhundrað, enda virtist sjer sú skipting gjaldsins á milli jarðarhundraðanna og lausafjárhundraðanna, er skattanefndin hefði stungið upp á, að jafnt skyldi leggja á hvert jarðarhundrað og lausafjárhundrað, eiga bezt við. Hvað 5. gr. staflið a snerti, þá kvaðst hann fallast á það, að gjaldið mætti greiða í innskriptum til kaupmanna, en hann ætlaði þó heppilegra, að þeirri ákvörðun yrði bætt við, að innskriptin yrði að vera fallin til útborgunar á þeim tíma, er skattinn skyldi greiða, því að það mundi þingmönnum kunnugt, að «Restancer» til landssjóðsins væru vanalega komnir af því, að innskriptargjaldið kæmi opt of seint til hlutaðeigandi gjaldheimtanda.

Ísleifur Gíslason kvaðst að flestu leyti vera samkykkur 1. þingmannni Norður-Múlasýslu í máli þessu, og mundi því greiða atkvæði með uppástungum hans, en með því að þingmaður þessi væri svo ljóslega búinn að taka fram allar ástæður fyrir því, að jarðarhundruðin sjeu vissari og rjettari grundvöllur fyrir skattinum, þá kvaðst hann ekki vilja þreyta þingdeildina á því að taka þær upp aptur, með því líka hún mundi vera orðin ánægð af umræðunum í dag. En hann fyndi sjer því fremur skylt að skýra frá, hvernig hann greiddi atkvæði, þar sem allar líkur bentu að því, að hann mundi verða einn á bandi með þessum einstæðing.

Páll bóndi *Pálsson* sagði, að út af orðum framsögumannsins hefði sjer dottið í hug, hvort það væri meining framsögumannsins, að gjöra lög þessi svo úr garði, að þau eltu hvern dugandismann, og það er snerti jörðina Hafnir, þá ætlaði hann að bóndi sá, er þar byggi, væri vel kominn að þeim arði, er jörð þessi gæfi af sjer, því að hann hefði svo mikið bætt hana. Hann væri því vel að því kominn, þó að ábúðarskatturinn yrði ekki hár á jörð þessari, eins og allir þeir, er jarðabætur gjörðu, en hann kvaðst vilja spyrja framsögumann að því, hvað eptirgjaldið á Höfnum mundi verða, þegar ábúanda-skipti verða á jörð þessari, en ef hann væri sjer samdóma um það, að við ábúandaskipti verði landskuld þar svo færð upp, að hún svari til gæða jarðarinnar, þá væri fullum jöfnuði náð.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og ljet því forseti ganga til atkvæða um frumvarpið, og fjellu atkvæði þannig:

1. 1. gr. frumvarpsins (óbreytt) samþykkt í einu hljóði.
2. 2. gr.
   a, uppástunga 3 þingmanna: að fyrir «1 alin» komi: «25 aurar», felld með 12 atkvæðum gegn 9.

b, nefndin: að fyrir «1 alin á landsvísu» komi «40 aurar», samþykkt með 14 atkvæðum gegn 5.

c, uppástunga fyrri þingmanns Skaptfellinga: að orðin «bændaeign og» í eptirfarandi breytingaratkvæði falli burt, felld með 18 atkvæðum gegn 1.

d, uppástunga fyrri þingmanns Árnesinga: að aptan við greinina bætist: «nú er jörð bændaeign og leigujörð, og skal þá landstíundin dregin frá afgjaldi jarðarinnar», felld með 16 atkvæðum gegn 2.

e, uppástunga fyrri þingmanns Skaptfellinga, að aptan við staflið d bætist: «og greiðir landsdrottinn gjaldið», var fallinn við atkvæðagreiðsluna við næsta staflið á undan.

f, 2. gr. frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 16 atkv.

3. 3. gr.

a, nefndin: að fyrir «1 alin» komi: «40 aura», samþykkt með 14 atkvæðum gegn 3.

b, uppástunga 2 þingmanna: að fyrir «1 alin» komi: «45 aura» var þar við fallin.

c, uppástunga fyrri þingmanns Árnesinga: að aptan við greinina bætist: «nú er lausafje leigufje annars manns, og skal þá landstíundin dregin frá leigunni», felld með 13 atkvæðum gegn 4.

d, 3. gr. frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 16 atkvæðum gegn 2.

e, uppástunga fyrri þingmanns Norður-Múlasýslu: að greinin falli burt, fallið með atkvæðagreiðslunni um næsta staflið á undan.

4. 4. gr.

a, uppástunga fyrri þingmanns Norður-Múlasýslu: að úr greininni falli orðin: «og skal goldnn sýslumönnum og bæjarfógetum ár hvert», felld með 16 atkvæðum gegn 3.

b, 4. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt með 17 atkvæðum.

5. 5. gr.

a, nefndin: að í staðinn fyrir fyrri lið greinarinnar komi: «Gjaldið skal greitt í peningum. Bresti gjaldanda peninga, getur hann greitt gjaldið í innskript hjá kaupmönnum, þeim er hlutaðeigandi sýslumaður tekur gilda, eða í laudaurum þeim, er nú skal greina: veturgömlum sauðfjenaði, hvítri ull, smjöri, fiski og dún, eptir því verði, sem sett er á aura þessa í verðlagsskrá ár hvert», samþykkt með 21 atkvæði.

b, uppástunga fyrri þingmanns Skaptfellinga, að í staðinn fyrir «Bresti gjaldanda . . ár hvert» komi: «Nú brestur gjaldanda peninga, og getur hann þá greitt gjaldið í innskript kaupmönnum þeim, er næstir eru, og álitnir eru áreiðanlegir, eða hverjum þeim kaupmanni öðrum, er hlutaðeigandi sýslumaður tekur gildan. Heimilt er gjaldanda einnig að greiða gjaldið í þeim landaurum, er nú skal greina: sauðfjenaði, góðum vaðmálum, vorull, smjöri, skinnavöru, fiski og dún, eptir því verði, sem sett er á aura þessa í verðlagsskrá ár hvert», var þar við fallin.

c, fyrri liður 5. greinar frumvarpsins óbreyttur sömuleiðis fallinn.

d, síðari liður 5. greinar frumvarpsins (nefndin hafði stungið upp á, að hann fjelli burt) felldur með 21 atkvæði.

6. 6. gr.

a, nefndin: að fyrir orðin í niðurlagi fyrri liðs greinarinnar: «sem . . . . . desember 1869» komi: «sem hin eldri skattgjöld höfðu samkvæmt lögum», samþykkt með 21 atkvæði.

b, uppástunga fyrri þingmanns Norður-Múlasýslu: að fyrir orðin í upphafi síðari málsgreinar: «Ef þeim hluta skattsins, sem á fasteignina er lagður», komi: «Ef ábúðarskattinum», var fallin við atkvæðagreiðsluna um 3. grein.

Var því næst fyrri liður greinarinnar með breytingu samþykktur í einu hljóði.

c, síðari liður greinarinnar (nefndin hafði stungið upp á, að hann fjelli burt) felldur með 13 atkvæðum.

d, 6. gr. frumvarpsins með áorðinni breytingu var þannig samþykkt.

7. 7. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt með 18 atkvæðum; uppástunga 1. þingmanns Norður-Múlasýslu, að greinin falli burt, var þar með fallin.

8. Fyrirsögnin:

a, uppástunga 1. þingmanns Norður-Múlasýslu: að fyrir: «Frumvarp til laga um skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafje» komi: «Frumvarp til almennra skattalaga.

I. kapituli
um ábúðarskatt»,

var fellt með 9 atkvæðum gegn 9, en af því að sú atkvæðagreiðsla var ónóg, var við haft nafnakall, og sögðu:

já:
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Guðmundsson,
Grímur Thomsen,
Páll prestur Pálsson,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson;

nei:
Halldór Kr. Friðriksson,
Einar Ásmundsson,
Einar Gíslason,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Jón Blöndal,
Páll bóndi Pálsson,
Snorri Pálsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson;

var þannig uppástungan felld með 12 atkvæðum gegn 10.

b, uppástunga 1. þingmanns Árnesinga: að fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig: «Frumvarp til laga um landstíund af fasteign og lausafje» var einnig felld.

c, fyrirsögn frumvarpsins óbreytt samþykkt án atkvæðagreiðslu.

9. Að málið gengi til 3. umræðu, var samþykkt með 21 atkvæði, og var frumvarpið nú þannig hljóðandi:

FRUMVARP
til laga um skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafje.

1. grein.

Öll manntalsbókargjöld þau, sem nú eru, skulu af numin; en þau eru: skattur, gjaftollur, konungstíund, lögmannstollur og manntalsfiskur.

2. grein.

Af öllum jörðum, sem metnar eru til dýrleika, hvort heldur eru bændaeignir, eignir kirkna eða prestakalla, þjóðeignir, eignir fátækra eða stofnana, eða hverju nafni sem nefnast, skal sá, er á jörðinni býr eða hefur hana til afnota, greiða 40 aura af hundraði hverju.

3. grein.

Af hverju lausafjárhundraði, sem telja ber fram til tíundar, skal sá, er fram á að telja, greiða 40 aura af hverju hundraði.

4. grein.

Skattur þessi rennur í landssjóð, og skal

goldinn sýslumönnum og bæjarfógetum á manntalsþingum ár hvert; frá honum veitast engar undanþágur, hvorki tilteknum stjettum nje eignum.

5. grein.

Gjaldið skal greitt í peningum. Bresti gjaldanda peninga, getur hann greitt gjaldið í innskript hjá kaupmönnum, þeim er hlutaðeigandi sýslumaður tekur gilda, eða í landaurum þeim, er nú skal greina: veturgömlum sauðfjenaði, hvítri ull, smjöri, fiski og dún, eptir því verði, sem sett er á aura þessa í verðlagsskrá ár hvert.

6. grein.

Fyrir gjaldi þessu má gjöra fjárnám hjá gjaldanda samkvæmt opnu brjefi 2. apríl 1841, og hefur það í tvö ár frá gjalddaga forgöngurjett þann, sem hin eldri skattgjöld höfðu samkvæmt lögum.

7. grein.

Gjald þetta skal krafið í fyrsta sinn á manntalsþingum árið 1879.

BREYTINGARUPPÁTSUNGUR

við frumvarp til laga um skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafje.

I. Breytingaratkvæði

við 2. grein frá 10 þingmönnum,

Páli Pálssyni, þingmanni Húnvetninga, Guðmundi Ólafssyni, Þórði Þórðarsyni, Páli Pálssyni, þingmanni Skaptfellinga, Grími Thomsen, Guðmundi Einarssyni, Þorsteini Jónssyni, Þórarni Böðvarssyni, Stefáni Stephensen og Einari Gíslasyni.

2. grein breytist þannig, að í staðiun fyrir «40 aura» komi: «25 aura».

II. Breytingaratkvæði

við 3. grein frá 7 þingmönnum,

Páli Pálssyni, Guðmundi Ólafssyni, Þorsteini Jónssyni, Guðmundi Einarssyni, Þórði Þórðarsyni, Grími Thomsen og Tryggva Gunnarssyni.

3. grein breytist þannig, að í staðinn fyrir «40 aura» komi: «45 aura».

III. Breytingaratkvæði

við 3. grein frá 6 þingmönnum,

Hjálmi Pjeturssyni, Páli Pálssyni, þingmanni Húnvetninga, Guðmundi Ólafssyni, Páli Pálssyni, þingmanni Skaptfellinga, Arnljóti Ólafssyni og Þórði Þórðarsyni.

Aptan við greinina bætist: «Nú hvílir þinglýst veðskuld á lausafje, og skal þá dregin frá skattgjaldi framteljanda jafnmikil upphæð, og veðhafandi skyldi greiða í tekjuskatt af láninu.

IV. Breytingartillögur

við skattalögin

frá 6 þingmönnum,

Arnljóti Ólafssyni, Guðmundi Einarssyni, Ísleifi Gíslasyni, Þórarni Böðvarssyni, Eggert Gunnarssyni og Tryggva Gunnarssyni.

I. Fyrir 4: grein í «frumv. til laga um skatt á ábúð o. s. frv.», komi ný grein: «Frá skatti þessum veitast engar undanþágur, hvorki tilteknum stjettum nje eignum. Þó eru prestar og aðstoðarprestar undanþegnir, meðan þeir þjóna sama brauði, svo og uppgjafaprestar, prestaekkjur og hreppstjórar fyrir sína tíð. Ábúðarskattur skal og eigi greiddur af tíundarfrjálsum jörðum fyr en við næstu ábúandaskipti».

II. Fyrir fyrirsagnir skattafrumvarpanna komi á rjettum stöðum:

«Frumvarp
til almennra skattalaga

1. kap.
Um ábúðarskatt og lausafjár.

2. kap.
Um húsaskatt.

3. kap.
Um tekjuskatt af eign.

4. kap.
Um tekjuskatt af atvinnu.»

Í staðinn fyrir samhljóða greinir og greinarkafla í frumvörpunum komi í niðurlagi laganna þessar greinir með sínum tölum.

32*

a) «Skattar þessir renna í landssjóð, og skulu þeir greiddir sýslumönnum og bæjarfógetum á manntalsþingum ár hvert».

b) «Fyrir sköttum þessum má gjöra fjárnám . . . sem hin eldri manntalsbókargjöld höfðu að lögum.»

c) «Skattar þessir skulu greiddir hið fyrsta sinn á manntalsþingum 1879».

V. Beytingaratkvæði

við 5. grein frá 6 þingmönnum, Þorláki Guðmundssyni, Hjálmi Pjeturssyni, Guðmundi Ólafssyni, Páli Pálssyni, 1. þingmanni Skaptfellinga, Einari Guðmundssyni og Einari Ásmundssyni.

að orðið: «veturgömlum» falli burt.

ÞRIÐJA UMRÆÐA

í neðri deild alþingis.

Á 31. fundi neðri þingdeildarinnar, 6. dag ágústmán., kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu *frumvarp til laga um skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafje.*

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson) kvaðst ímynda sjer, að mál þetta væri nú nóg rætt, og væri því orðið fullljóst fyrir þingmönnum; þeir mundu eða ættu að minnsta kosti að sjá, hverjar afleiðingar breytingaruppástungur þeirra gætu haft, og þótt þeir gætu eigi sannfærzt, þá vildi hann þó biðja þá að íhuga alvarlega þessar afleiðingar af breytingaruppástungum sínum, og hver áhrif þær hefðu á málið. Við frumvarp þetta, eins og það hefði verið samþykkt við 2. umræðu, væru komnar ýmsar breytingaruppástungur: 1° við 2. gr., að í stað 40 aur. komi 25 aur.; við þá breyting hjengi saman 2° við 3. gr., að í stað 40 aur. komi 45 aur., og sömuleiðis 3° viðbót við 3. gr.; 4° að fyrir 4. gr. komi ný grein; 5° við 5. gr. að orðið «veturgömlum» falli burt, og gjörði sú breyting hvorki til nje frá. Viðvíkjandi breytingaruppástungunn við 2. gr. væri það athugandi, að þótt hún yrði samþykkt, þá væri alls eigi víst, að þingdeildin samþykkti breytinguna við 3. gr., og yrði það æði-mikill tekjumissir fyrir landssjóðinn. Hann vildi nú sýna, hverjar tekjur landssjóðsins yrðu, ef þessar skattaupphæðir ættu að standa. Hin eldri manntalsbókargjöld hefðu árin 1871—75 verið að meðaltali 61,000 krónur; þar við mætti bæta 10,000 kr. fyrir þá hækkun, sem nú væri orðin á verðlagsskránum, og enn væri víst, að verlagsskráin hækkaði, en það væri auðsætt, að skattarnir lækkuðu að því skapi, sem verðlagsskráin hækkaði, ef menn skoðuðu það frá landssjóðsins stjórnarmiði; ef því sama peninga-upphæð ætti að nást, ætti skattaupphæðin að öllu samanlögðu að vera núna um 70,000 krónur. En hver yrði nú tekju-upphæð landssjóðsins eptir nýja skattinum. Ef reiknað væri eptir 40 aur. skatti af hverju hundraði, yrði hún 59,000 kr., þ. e. nálægt 10,000 kr. minna en manntalsbókargjöldin. En ef skatturinn yrði lækkaður niður í 25 aur. yrði upphæðin að eins 45,000 kr., þ. e. 25,000 kr. lægri en manntalsbókargjöldin, en aldrei hefði verið kvartað um, að þau væru of þung, heldur að eins, að þau kæmu ójafnt niður. Þótt lausafjárskatturinn yrði hækkaður upp í 45. aur. af hundraði, þá munaði það eigi nema 3000 kr., og yrði þá upphæðin enn eigi meiri en 48,000 kr., og vantaði þannig enn yfir 20,000 kr. Þingmenn sögðu, að þessar 20,000 kr. kæmu af tekjuskattinum, en hann yrði alls eigi nógur til að bæta það upp, einkum ef samþykkt yrði breytingaratkvæði hinna 6 þingmanna, að 1. gr. frumvarpsins fjelli burt. Tekjuskatturinn gæti þannig eigi, þótt hann kæmist á, fyllt upp það, sem á vantaði. Þingmenn renndu þannig blint í sjóinn um það, hvernig skattalög þessi yrðu á endanum; hann óskaði, að þau yrðu eigi svo, að þeir sjálfir óskuðu síðar, að þeir hefðu

aldrei komið með breytingar-atkvæði sín. Nú gæti sannarlega farið svo, að málið fjelli, og þá væri ekki til ónýtis unnið, og þótt tekjuskatturinn kæmist á, þá fyllti hann eigi upp í skarðið. Það væri að vísu lítt auðið nú þegar, að reikna út, hversu hár tekjuskatturinn yrði, en hann gæti sannfært þingmenn um það, að hann og atvinnuskatturinn yrði eigi hærri en 10—12,000 kr., og auk þess þyrfti eitthvað að koma í staðinn fyrir alþingistollinn. Hann gengi að því vísu, að enginn mundi sá af þingdeildarmönnum, er neitaði því, að framfarir væru æskilegar, en þeir yrðu líka að gá að því, að ekkert af því, er til framfrara heyrði, yrði gjört fyrir ekkert; gufuskipsferðum kringum landið, vegabótum, o. s. frv., yrði eigi komið á, nema því að eins að fje væri til lagt til framkvæmda því. Hann gæti því eigi annað skilið, en að menn mundu fúsir til að leggja á sig að minnsta kosti sömu gjöld og áður til þess að efla framfarir og styðja að því að bæta það, er ábótavant væri, og koma í betra horf því, er aflaga þætti fara hjá oss Íslendingum, því að af því gætu þeir haft margfaldan hagnað síðar. Hann fengi heldur eigi með neinu móti skilið, að ábúðarskatturinn ætti að vera lægri en lausafjárskatturinn, enda yrði afleiðingin af því sú, að af stærstu jörðum greiddu ábúendur 25 a. af hverju hundraði í fasteign, en ekki einn eyri af lausafje, því að þar væri ekkert lausafje til. Hann vildi taka til dæmis Viðey; hún væri 261 *cr* að dýrleika, en þar væri ekkert lausafje nema kúgildin; sama væri að segja um Engey. Þingmenn yrðu að varast að draga taum einstakra manna eða einstakra flokka, og gæta þess, að verða eigi of meinlausir auðmönnum, er vel gætu greitt skattinn, þótt þeir einmitt þættust vera að tala máli fátæklinga, því að þótt þingmenn sætu við alla æfi sína að semja skattalög, þá mundu þeir þó aldrei geta samið þau svo, að þeir gætu sagt, er þau lög fengju gildi, að nú væri rjettur skattur á hverjum einstökum manni eptir ástæðum hans. Þá væru enn sjávarsveitir; þar væri og lítið sem ekkert lausafje, og eigi nema fáein hundruð fram yfir kúgildin, og þó væru sjávarbændur víða efnameiri en þeir, sem lifðu af landbúnaði og hefðu meira lausafje. Hann vildi nefna til Ísafjarðarsýslu, og kæmi það eigi af því, að hann vildi eigi unna henni að verða vægar úti en aðrar sýslur á landinu; hún væri 3783 fasteignar-hundruð, en mjög lítið annað; það yrðu því litlar tekjur af heilli sýslu, er þar fengist lítið annað en 25 a. skattur af þessum fasteignarhundruðum. Hann ætlaði svo eigi að tala meira að sinni, en hann vonaði svo góðs til þingmanna, að þeir annaðhvort hjeldu fast við aðalatriðin eða felldu málið að öðrum kosti.

Guðmundur Einarsson kvaðst eigi hafa skilið almennilega þingmann Reykvíkinga í fyrra hluta ræðu hans; hefði sjer virzt hann vera að villast í tvær áttir og blanda saman því, sem væri, og því, sem verða mundi. Það væri viðurkennt í öðrum löndum, að beinir skattar væru hinar óhentugustu og óheppilegustu álögur, og vildu menn forðast þá, sem mest að hægt væri þar. Það væri aðgætandi, að eptir þessum lögum yrði fjöldi manna fyrir skattgjöldum til landssjóðs, sem áður hefðu verið lausir við alla skatta; en nýir skattar væru jafnan óvinsælir, og því riði á, að þeir væru sem lægstir og kæmu sem jafnast niður. Því mætti geta nærri, að mönnum, sem áður hefðu verið gjaldfrjálsir, brygði við, að eiga nú allt í einu að fara að greiða 200—300 kr. í skatt. Þingmaður Reykvíkinga hefði viljað sýna fram á, að það, sem hefðist upp úr ábúðar- og lausafjárskattinum færi niður úr öllu valdi, ef breytingaratkvæði sín og nokkurra annara heiðraðra þingmanna yrðu samþykkt. En hann kvaðst nú skyldu sýna og sanna, að landssjóðurinn hefði eigi einungis nóg upp úr skattinum, eins og þeir styngju

upp á, heldur beinlínis ábata. Með 25 aura gjaldi af hverju fasteignarhundraði yrði fasteignarskatturinn einn saman rúmar 21000 kr.; eptir því sem utanþingsnefndinni í skattamálinu hefði talizt, væri lausafjárhundruðin, sem gjalda ætti af, 61811, og með 45 aura gjaldi af þeim fengjust hátt á 28. þúsund krónur. Yrði þá ábúðar- og lausafjárskatturinn samtals rúmar 49000 kr. En nú bættist tekjuskatturinn við. Það væri að vísu ómögulegt að segja, hvað mikill hann yrði, en þó maður tæki ekki nema fasteignartekjuskattinn, þá væru fasteignarhundruðin á öllu landinu 86755, og drægi maður frá þeim rúm 20,000 hundruð, sem hundraðatölu á þjóðeignum og beneficeruðum jörðum, sem nokkuð ljeti nærri, væri samt eptir 66000 hundruð. Nú mundi láta nærri, að arðurinn af fasteignarhundraðinu væru 5 kr.; af 66000 hundruðum yrði það 330000 kr.; og þótt skatturinn væri nú ekki hafður hærri en 3%, yrði hann samt 9,900 kr. Tekjuskattur af skuldabrjefum m. m. mundi varla verða minni en 1100 kr. Þarna væru komnar 11000 kr. Atvinnuskattinn væri raunar ómögulegt að ætlast á um svona fyrir fram, en þó maður tæki ekki nema embættismannalaunin, þá mundi tekjuskatturin af þeim varla nema minna en liðugum 3000 kr. Húsaskatt væri heldur eigi gott að ætlast á um, en gjörði maður til að mynda ráð fyrir, að ekki væru nema svo sem þriðjungur skattskyldra húsa á öllu landinu utan Reykjavíkur, það er Reykjavíkur-húsin yrðu tæpir $^2/_3$ af öllum skattskyldum húsum á landinu, og færu svo eptir brunabótavirðingarverði þeirra hinu nýjasta, og þótt maður setti eigi skattinn hærra enn $1^1/_2$ af þúsundi, yrði hann samtals eitthvað um 2200 kr. Eptir þessum sínum reikningi, næmu þá allir skattarnir nálægt 66000 kr. Þingmaður Reykvíkinga hefði verið að tala um verðlagsskrárnar eitthvað það, sem hann skildi ekki í verðlagsskránum, en hann kvaðst ekki skilja, hvað verðlagskrárnar kæmu þessu máli við. Skattarnir væru ákveðnir í auratali, en eigi í álnum. Landssjóðurinn fengi jafnmikið fje í tekjur upp úr þessum sköttum, hvort svo sem verðlagsskrárnar væru háar eða lágar. En auk þessa þyrfti líka að skoða málið frá annari hlið. Menn skyldu athuga, hvað tekjum landssjóðsins eða efnahag mundi líða, þegar hin nýju skattalög og launalög sýslumanna m. m. væru komin í kring. Þegar búið væri að setja sýslumenn og bæjarfógeta á föst laun, rynnu aukatekjur þeirra í landssjóð, og eptir skýrslu utanþingsnefndarinnar, hefðu þær numið 15500 kr. að meðaltali 5 árin síðustu. Eptir því sem hann hefði sneflað hjá sýslumannalaunalaganefndinni, mundu hin föstu laun sýslumanna og bæjarfógeta líklega ekki fara upp úr 50000 kr. Svo væri nú alþingisgjaldið 16000 kr. á ári, það fje lagt við sýslumannalaunakostnaðinn, kæmi út 66,000 kr. Yrði þá samt enn afgangs útgjöldunum 15000 kr. rúmar. Þannig yrði talsverður afgangur, hvort sem talið væri eptir hinu gamla fyrirkomulagi á manntalsbókargjöldunum, og kostnaðinum, sem þau áttu að standa straum af, eða eptir hinu fyrirhugaða nýja fyrirkomulagi. Sjer sýndist engin þörf á fyrir landssjóðinn að vera að safna stórum meira fje, en þyrfti til útgjaldanna. Auk þess væri miklu rjettara að reyna að auka tekjur landssjóðsins með öðru móti, en beinum sköttum, ef þess þætti þurfa. Hvað sjálfan fasteignar- og lausafjárskattinn snerti, þá styrktist hann því meir í þeirri sannfæringu, sem hann hugsaði meira um málið, að fasteignarskatturinn ætti að vera lægri á hverju hundraði en lausafjárskattur. Því hærri sem fasteignarskatturinn yrði, því hættara væri við, að eigendurnir reyndu til að bylta honum yfir á leiguliðana, og mundi af því leiða þrætur og ósamlyndi milli þeirra. Þetta væri nú fyrsta ástæðan. Í öðru lagi væri ranglátara að leggja háan fasteignar- eða ábúðarskatt á jarðir þær, er áður hefðu

verið tíundarfrjálsar, heldur ef hann væri lágur. Hið þriðja, sem sjer sýndist mæla með lágum fasteignarskatti, væri, að þá mætti þó heldur komast hjá nýju jarðamati, sem aldrei yrði nema klúður. Í fjórða lagi yrðu fátæklingar einmitt fyrir mestum halla af fasteignarskattinum, því fjöldi þeirra hefðu lítið eða ekkert annað af að gjalda en ábúðarhundruð sín. Einstök dæmi sönnuðu ekkert, svo sem t. a. m. dæmið, sem framsögumaður hefði komið með (Viðey). Dæmin, sem færu í gagnstæða átt, væru miklu fleiri; þau væru einmitt hið almenna, en hitt undantekning. Það yrðu vandræði, ójöfnuður, og máske málaþras úr því, ef samþykktur væri hár ábúðarskattur. Auk þess væri nú þessi ábúðarskattur í raun rjettri ekki annað en lausafjárskattur, svo sem margir þingmenn hefðu tekið fram, sem að sinni sannfæringu kæmi rjettara niður skiptur en óskiptur, væri honum skipt, eins og hann og nokkrir aðrir þingmenn hefðu stungið upp á.

Þórarinn Böðvarsson kvaðst hafa sjerstaklega ætlað að gjöra nokkrar athugasemdir við reikningsfærslu framsögumanns í máli þessu, en þingmaður Dalamanna hefði nú tekið af sjer það ómak, og sýnt með ljósum rökum, að reikningur framsögumanns væri alls eigi rjettur. Hann yrði að mæla fast fram með því, að hinir föstu skattar væru sem lægstir; þeir væru hvervetna óvinsælir, þar sem lausir skattar eða tollar væru vinsælli, af því að það væri undir frjálsum vilja manna komið, hvort menn keyptu þær vörur, sem tollur væri lagður á, eða eigi. Það yrði sjálfsagt að hafa tillit til þarfa landssjóðsins, en hann yrði að álíta, að sú upphæð, er farið væri fram á í breytingaratkvæðunum, yrði nægileg til að bæta landssjóðnum hin eldri manntalsbókargjöld; lengra vildi hann með engu móti fara; en eptir frumvarpi nefndarinnar mundi hinn nýi skattur verða hærri, þegar þar við bættust hinir aðrir skattar af eign og atvinnu og húsum. Það væri reyndar enn nokkur óvissa um það, hve mikið fje kæmi í landssjóð með hinum nýju sköttum, með því að lausafjárhundruðin væru breytileg; en hann vildi fara lengra en þingmaður Dalamanna og segja, að þó landssjóðurinn græddi minna fje á ári um eitt eða tvö ár, en hann hefði grætt síðast liðin ár, þá þætti sjer eigi stórskaði skeður. Hann yrði að álíta það fremur óheppilegt en heppilegt, að of þyngja landsbúum með sköttum til að leggja fje fyrir í landssjóði, sem að miklu leyti væri ávaxtað erlendis, án þess að nokkuð verulegt væri gjört landinu til framfara. Það væri sjálfsagt, að margt þyrfti að gjöra landinu og almenningi til framfara, en bæði væri allmikið fje fyri hendi, enda mundi verða innan handa að leggja á nýja tolla, og það jafnvel jafnóðum, Það sem framsögumaður hefði talað um, að skattarnir lækkuðu, af því að veðlagsskráin hækkaði, þá væri engum það skiljanlegt öðrum en framsögumanni, því að gjöld þau, sem landssjóðurinn þyrfti að greiða, væru ávallt greidd í peningum. Þar sem framsögumaður hefði talið það til hækkunar á sköttunum, að alþingistollurinn væri nú afnuminn, þá hefði landssjóðurinn þrátt fyrir missi hans grætt stórfje. Breytingaratkvæði þau, er hann væri með öðrum skrifaður undir, að hækka skatt á lausafje, en lækka skatt af fasteign, hefðu eigi fundið náð fyrir augum framsögumanns. Hann yrði að álíta, að skattur þessi væri einn skattur, sem skipt væri á fasteign og lausafje, og yrði hann að álíta, að rjettast væri að láta sem minnstan hlutann lenda á fasteigninni, fyrst og fremst vegna þess, að jarðamatið væri með svo miklum stórgöllum, og þá galla mundi líttvinnandi eða óvinnandi að laga, svo til hlítar væri. Það væri takandi til greina, þótt enginn hefði enn tekið það fram, að fasteignarskatturinn legðist á svo margar jarðir, sem til þessa enginn skattur hefði verið greiddur af, og væri það fyrir sínum augum mjög tvísýnt, að það væri rjett. En væri það eigi rjettvíst, þá væru rangindin því meiri, því hærri sem skatturinn yrði. Hann ætlaði að láta það ósagt, hvort hann þyrfti að greiða skatt af þeirri jörð, sem konungur hefði sjálfur

lagt sjer í tekjur. En það væri þó eigi þetta, sem rjeði skoðun hans, heldur hitt, að þegar talað væri um skatt á ábúð og lausafje, þá væri það alls engin sönnun, að ábúandinn gæti greitt neitt, þótt hann hefði nokkur og jafnvel mörg jarðarhundruð til afnota, þar sem sá, sem lausafje hefði, ætti ætíð nokkuð til að gjalda af. Þess væru mörg dæmi, að menn hefðu stórar jarðir, en lítil not þeirra, og eins, að menn hefðu litlar jarðir, en mikil not. Þar sem framsögumaður hefði nefnt nokkrar jarðir hjer í grennd, sem hefðu hátt hundraðatal, en lítið lausafje, þá yrðu þessar jarðir alls eigi fríar við skatt, þó hann væri lækkaður; en það mætti líka benda honum á jarðir hjer í grennd, sem væru nokkur hundruð að dýrleika, en þar sem ekki yrði haft eitt einasta lausafjárhundrað, og engan annan arð hefðu, og af hverju ætti þar að gjalda 40 aura af hverju hundraði? hann yrði þess vegna að vænta þess, að þingmenn gæfu þessum breytingaratkvæðum atkvæði sitt.

Framsögumaður kvaðst eigi þurfa að svara ræðu 2. þingmanns Gullbringusýslu, því að hversu hjartnæm sem ræða hans kynni að hafa verið, þá hefði hún þó eigi getað fengið á sig, því að þingmaðurinn hefði með alls engar ástæður komið. En þar sem þingmaður Dalamanna hefði verið að sýna, hve óþarft væri, að leggja svona háan skatt á, þá kvaðst hann eigi geta álitið nægar ástæður þær, er þingmaðurinn hefði komið fram með; því að þingmaðurinn hefði með öllu gleymt að telja til veðskuldir þær og ómaga, er á jarðarhundruðunum lægju. Hann kvaðst eigi vita, hvort veðskuldirnar jykust, en það mundi sannarlega enginn skaði, þótt þær jykust, ef því fje væri varið til að bæta jarðirnar. Hann sagði, að eigi dygði að telja nokkuð, ef öðrum helmingnum væri sleppt, heldur yrði að telja allt. Þótt þingmaðurinn hefði talið, að tekjuaukinn af sýslunum væri 16,000 króna, þá væru þær tekjur í hugmynd manna, en eigi á pappírnum, og því síður í landssjóðnum, og væri slíkt ágizkun, er brugðizt gæti og ekkert mætti byggja á. En allt um það væri þetta að lækka tekjur landssjóðsins, svo að ekkert yrði gjört af því, er gjöra þyrfti; því að eptir því, sem 2. þingmanni Gullbringusýslu hefðu farizt orð, þá ætti þá fyrst að auka tekjurnar, þegar búið væri að gjöra eitthvað. Þar sem þingmenn hefðu sagt, að þeir vissu eigi, til hvers verið væri að hrúga þannig saman peningum í landssjóðinn, þá kvaðst hann þó verða að ætla, að það væri vel farið, ef vjer gætum safnað nokkru fje saman þessi árin; en þessir óbeinlínis skattar eða tollar gætu hæglega breytzt; og ef nú brennivínstollurinn lækkaði um þriðjung, sem líkindi væru til, með hverju ætti þá að fylla það op? og þrátt fyrir það, að sú hugsun, að óbeinlínis skattar væru farsælli en beinlínis skattar, væri svo hjartgróin þingmanni Dalamanna, þá væri engin vissa fyrir því, að svo væri; því að það gæti hann sagt þingmanninum, að margir ágætismenn hefðu þráttað um þetta, og þeir eins margir verið, er talið hefðu tolla-álögurnar miklu óráðlegri, en hina beinlínis skatta; og væri eigi langt að fara, því að þegar mestu vandræðin hefðu dunið yfir Frakkland í síðustu styrjöldinni árið 1871, þá hefðu skoðanir manna um þetta efni verið mjög svo deildar, og margir talið, að beinlínis skattar væru hentugri. Þó nú svo væri, að vjer gætum lagt á tolla og aukið þannig tekjur landssjóðsins, þá ættum vjer víst hægt með, að verja því fje til einhvers, sem umbóta þyrfti; en aðalspurningin væri hjer: þolum við þessa skatta, sem á oss eru lagðir, eða ekki? Hann gæti eigi skilið, að vjer værum eigi færir um það, og það einkum, þegar litið væri til þess, að auk þess að skattarnir yrðu 10,000 kr. minni, þá væru þessir skattar lagðir á margfalt fleiri en áður, því að nú væru undanþágurnar engar, og væru þannig 22 þúsundir álna, er legðust yfir á aðra, svo að það yrði hreinn ljettir í skattgjaldinu, að undanþágur þessar yrðu af numdar. Þar sem þingmaður Dalamanna hefði sagt, að hann hefði villzt í tvær átt-

ir, og að þessir 40 aurar væru hinir sömu 1877 og þeir yrðu 1887, þá vildi hann biðja þingmanninn að gá að því, að því meira sem verðlagsskráin hækkaði, því meira hækkaði allt í verði, og því dýrara yrði landssjóðnum að gjöra það, er hann þyrfti að gjöra; menn ættu eigi að ríghynda sig við auratalið, heldur hvað fengist fyrir auratalið. Þótt þingmaður Dalamanna hjeldi, að hægt væri að leggja óbeinlínis skatta á, þá vildi hann spyrja, á hverjum þeir skattar lentu; einmitt á bændum, og það ef til vill helzt á þeim, er erfiðast veitti að bera þá og fátækastir væru, er væru sjávarbændurnir. Um hitt atriðið í ræðu þingmanns Dalamanna væri það að segja, að þar sem þingmaðurinn hefði haldið því fram, að á fasteignir skyldi eigi skatt leggja, en aptur talið það sanngjarnt, að leggja á lausafje, þá væri það sín sannfæring, að því minna gjald sem lagt væri á aflafje búandans, því meiri hvöt væri fyrir hann, að auka lausafje sitt; en þegar búandinn sæi, að skattar sínir jykust með lausafjenu, þá færi hann að hugsa sig um, og væri þá hætt við, að hann mundi eigi framar leitast við, að auka lausafje sitt. Eitt hefði það atriði verið í ræðu þingmannsins, að hann hefði talið svo fjarskalegan afgang af sýslumannalaununum, og hefði þingmaðurinn, að því er sjer hefði virzt, verið hálfhræddur við þessa miklu upphæð; en aðgætandi væri, að þótt nefndaruppástunga hefði komið fram í þessa átt, þá væri sú uppástunga enn eigi að lögum orðin, og þótt hún nú aldrei nema væri orðin að lögum, þá biðu þó þessar tekjur, þangað til þeir sýslumenn, er nú væru, væru úr embættum farnir eða dánir, en þeir sýslumenn, er nú væru, væru flestir ungir menn; því að nefndinni í sýslumannamálinu dytti þó víst eigi í hug, að svipta hina núverandi sýslumenn launum sínum. Þetta væri því að byggja á framtíðinni, og ætlaði hann, að þingmaður Dalamanna væri í engu minni óvissu, en sjálfur hann, í þessu efni. Hann kvað mál þetta verða að ganga sína leið, hvort sem þingdeildarmönnum væri það ljúft eða leitt, og vonaði hann, að enginn óskaði eptir því, að mál þetta biði enn um 30 ár; enda gæti hann eigi annað ætlað, en að uppástungur þessar væru töluverð bót frá því, sem áður hefði verið.

Guðmundur Einarsson kvaðst gjarnan vilja, að uppástungur þessar kæmust á, en þó svo, að eigi yrðu nýjar ójöfnur á skattgjaldinu, því að þá væri betra, að þær gömlu ójöfnurnar væru kyrrar. Þar sem þingmaður Reykvíkinga hefði sagt, að hann hefði eigi gáð að veðskuldunum, þó gæti hann sagt þingmanninum það, að hann hefði tekið tillit til þeirra, og gjört ráð fyrir því, að bæði þeir, þar sem þinglýstar veðskuldir hvíldu á eignum, mundu draga veðskuldir þessar frá, svo og að hinir mundu segja til þeirra, og greiða af vöxtunum. Hann sagði, að vjer Íslendingar værum frumbýlingar enn sem komið væri, og riði oss lífið á að fara, sem hver annar skynsamur fátæklingur, hægt og gætilega, og draga heldur framkvæmdirnar, en byrja á þeim framkvæmdum, er vjer ef til vill eigi gætum haldið áfram með eða væru oss ofvaxnar, og komast svo í vandræði eða þrot; slíkt væri ráðleysingja æði; það vari sannarlega harðla óhyggilega gjört, að leggja ofþunga skatta á alþýðu manna; þá færist oss sem bónda þeim, er svelti hjú sín bæði til fata og matar, en ljeti þau vinna baki brotnu til að arga einhverju fyrirtæki áfram, sem hann vildi drífa af. Yfirstjórn alþingis væri bóndinn, en hjúin væru gjaldendurnir. Oss lægi á því, að jöfnuðurinn væri sem mestur og sem ljettbærastir skattarnir, og yrðum vjer því að takmarka allt sem mest og fara hægt og bítandi. Þingmaður Reykvíkinga hefði sagt, að skatturinn hefði nú jafnazt, því að 22 þúsundir álna hefðu nú lagzt á aðra, er áður hefðu verið undanþegnir skatti; en á hverjum mundu þá þessar 22 þúsundir álna lenda? að mestu leyti á fátækum bændum og prestum, og kæmi sú álaga að sínu áliti mjög illa niður.

Landshöfðinginn kvaðst vilja fara nokkrum orðum um hina fjárhagslegu hlið þessa

máls, því að um það væru víst allir þingmenn samdóma, að þegar rætt væri um skattalög eða breytingar við þau, þá væri það aðalætlunarverk þingsins að taka tillit til landssjóðsins, og að gæta hags hans. Ef hann þyrfti eigi tekja við, þá ætti að vísu enga skatta á að leggja, en það væri nauðsynlegt fyrst að íhuga, hvort landssjóðurinn gæti staðið straum af gjöldum þeim, sem á honum hvíldu. Hagur landssjóðsins stæði nú svo, að með engu móti mætti lækka tekjur hans að mun, en eigi þyrfti heldur sem stendur að hækka þær. Eigi mætti heldur lækka skattinn með því að vísa til óbeinlínis skatta, þeirra sem enn væru eigi komnir á; þegar þeir væru komnir á, gæti fyrst orðið talað um að lækka hina beinu skatta. Það hefði eigi verið tilgangur utanþings-skattanefndarinnar, og ætti heldur eigi að vera tilgangur alþingis að lækka skattana að mun í þetta sinn, heldur að eins að jafna þeim niður, svo að nú verði skattgreiðendur fleiri, en skattarnir komi þó jafnar niður en áður. Ábúðar- og lausafjárskatturinn ætti að koma í stað hinna eldri manntalsbókargjalda, eins og framsögumaður hefði tekið fram. Manntalsbókargjöldin lægju nú eingöngu á fasteign og lausafje, þ. e. á sömu gjaldstofnum, sem ætlazt er til að ábúðar- og lausafjárskatturinn hvíli á. Jarðarhundruðin væru samtals á öllu landinu 86,755; þar af væru undanþegnar konungstíund 36,280; 3,500 jarðarhundruð og 7000 lausafjárhundruð undanþegin þegnskyldu. Nú væri hverjum manni auðsætt, að þegar skattinum væri jafnað niður á allt þetta, þá yrði það miklu meiri jöfnuður en áður, og til ljettis öllum þeim, sem ættu að greiða manntalsbókargjöld, jafnvel þótt skatturinn væri eigi lækkaður um einn eyri. Við 2. umræðu þessa máls hefði þingdeildin lækkað skatt af ábúð og lausafje niður í 40 aura; skatturinn af ábúð yrði því 34700 kr., skatturinn af lausafje 24700 kr., samtals: 59,400 kr., en manntalsbókargjöldin rúm 65000 kr. Frá sjónarmiði landssjóðsins mætti því eigi lækka skattinn, og frá sjónarmiði greiðanda væri það eigi nauðsynlegt. Þó gæti hann fallizt á breytingaratkvæði við 3. gr., því að það gjörði eigi meira en 6000 kr. mun, en á breytingaratkvæði hinna 10 þingmanna við 2. gr. gæti hann með engu móti fallizt, því að sú breyting mundi valda 13—14,000 kr. rýrnun á tekjum landssjóðsins, og þann tekjumissi gæti hann alls eigi borið nú sem stæði, og vildi hann biðja uppástungumenn að íhuga það nákvæmlega, áður gengið væri til atkvæða. Þingmaður Dalamanna hefði sagt, að tekjuskatturinn fyllti upp í skarðið, þó lækkað væri, en þá væri aðgætandi, að nú væri alþingistollurinn úr lögum numinn, án þess að nokkur nýr skattur væri á lagður í hans stað, og væri því nauðsynlegt að taka tillit til þess, því að tekjuskattur og húsaskattur mundu samtals eigi nema meira en 10—12,000 kr. Aðalkostur frumvarpsins væri sá, að jafna öllum beinum sköttum niður á alla, þar sem þeir áður að eins hefðu legið á bændastjettinni einni. Þetta fyrirkomulag á skattgreiðslunni væri miklu betra og þessi jöfnuður svo mikils virði og bændum svo mikill ljettir, að ískyggilegt væri, að aðhyllast annað, sem landssjóðurinn gæti eigi borið, og gæti af því leitt, að öllu málinu yrði frestað.

Viðvíkjandi breytingaratkvæði því, að í stað 4. gr. kæmi ný grein, þá væri það mjög sanngjarnt, að því er snerti presta, og vonaði hann, að landssjóðurinn gæti borið þann missi; að öðru leyti vildi hann vísa til athugasemdanna við hið konunglega frumvarp til laga um ábúðarskatt, 5. bls., þar sem svo stæði: «. . . . . en þeim prestum, sem eru svo illa settir, að þeir þola ekki neinn útgjaldaauka, væri rjettara að veita tilsvarandi styrk úr landssjóðnum fyrst um sinn, þangað til öðru skipulagi verður komið á um laun presta», og væri þetta auðsjáanlega bending í sömu átt; vildi hann því bera það undir uppástungumenn, hvort þeim virtist eigi heppilegra að bera það upp sem breytingaratkvæði við fjárlögin, en á síðustu málsgrein sömu greinar: «ábúðarskattur skal og

eigi greiddur af tíundarfrjálsum jörðum fyr en við næstu ábúandaskipti», gæti hann með engu móti fallizt, því að það næmi hjer um bil 14000 kr., en þann tekjumissi gæti landssjóðurinn með engu móti borið.

Framsögumaður sagði, að landshöfðingi hefði svarað svo vel mótbárum þingmanns Dalamanna gegn frumvarpinu, að óþarfi væri fyrir sig að bæta neinu þar við. En hann vildi samt koma með eina athugasemd út af ræðu þingmannsins, einkum þar sem hann hefði látið á sjer skilja, að hann vildi heldur, að hin eldri skattalög stæðu enn nokkur ár, en að frumvarpið yrði nú að lögum, án þeirra breytinga, sem hann og hans fjelagar færu fram á. Manntalsbókargjöldin væru nú um 70,000 kr., en eptir uppástungum þingnefndarinnar yrðu hinir nýju skattar ekki nema 59,000 kr. allir saman. Sjer þætti nú heldur en eigi skrítið, að þingmaður skyldi síður kjósa þessi miklu lægri gjöld, frá hans sjónarmiði. Hann gæti skilið í orðum þingmannsins, ef hjer væri farið fram á hækkun á sköttum, en þar sem nú einmitt væri gjört ráð fyrir mikilli lækkun, væri sjer alveg óskiljanleg stefna þingmannsins. Hann hefði sagt, að eptir þessum skattalögum, lenti þyngri skattur á fátæklingum en áður, en það væri ekki rjett; það gæti verið, að svo yrði um einstöku menn, en þá mundu líka aptur á hinn bóginn margir fátæklingar bera lægra skattgjald eptir þessum lögum, en áður hefði átt sjer stað. Það væri aðalkosturinn á þessum lögum, að eptir þeim kæmu gjöldin svo jafnt niður, og það á alla meðlimi þjóðfjelagsins, enda ætti og svo að vera, að allir gyldu nokkuð til þess, sem nauðsynlegt væri, til þess að halda þjóðfjelaginu í skorðum og rjettu horfi og til þess að styðja að framförum þess. Hann ætlaði ekki að þrátta meira um þettu mál, það væri víst, að ef breytingaratkvæðin kæmust að, væri úti um það í þetta sinn. Samt það, sem þingmaðurinn hefði sagt, virtist talað fremur í kappi og ákafa, en samkvæmt skynsamlegri íhugun og aðgæzlu; svo sem til dæmis það, að af sumum jörðum væru engin afnot. Þessa vissi hann engin dæmi, og skildi eigi í, að slíkt gæti átt sjer stað.

Ísleifur Gíslason sagðist ekki geta bundizt þess, að svara sumum athugasemdum þingmanns Dalamanna; sjer hefðu virzt þær svo undarlegar. Fyrst hefði hann sagt, að hár ábúðarskattur mundi auka þrætur milli landsdrottins og leiguliða, en hann skildi eigi í, að þær gætu eigi allt eins komið fyrir, þótt skatturinn væri lágur, svo lengi sem nokkurt gjald væri lagt á fasteignarhundruðin. Í annan stað hefði hann talað um, að jarðamatið mundi aldrei verða nema klúður, svo sem hann hefði að orði komizt. En sjer þætti kynlegt, að hann, sem annars væri svo öruggur og fullur trúnaðartrausts, skyldi örvænta um, að einhvern tíma gæti tekizt að laga jarðamatið svo, að viðunanlegt yrði; eptir skoðun þingmanns Dalamanna væri, eins og að jarðamat væri sú eina undantekning frá öllum öðrum mannaverkum, að það ætti aldrei að geta batnað úr því sem er, og enga viðreisnarvon eiga. Þá hefði sig furðað á því, að þingmaðurinn eða aðrir þingmenn, sem hjeldu fram hinum hærri lausafjárskatti, skyldu eigi með einu orði hafa minnzt á tíundarframtalið, hvernig það væri víðast orðið, eptir því sem allir viðurkenndu, yfirvöld og undirgefnir, þing og þjóð; hann kvaðst vilja spyrja hann, hvort honum eigi sem presti blöskraði sú siðaspilling, sú þjóðarsmán, sem tíundarsvikin væru orðin; hvort hann vildi verða til að stuðla til þess, að freistingin til þeirra haldist eða jafnvel aukist; hvort þingmenn skyldu vilja ala þá spillingu mann fram af manni og öld eptir öld. Hann kvaðst enn fremur vilja spyrja þingmanninn, hvort honum ekki sem búhöldi blöskraði hinn mikli mismunur, sem væri á lausafjárskattstofninum; búfjenaðurinn væri svo fjarskalega misjafnlega arðsamur í ýmsum hjeruðum landsins, og væri lausafjeð því mjög órjettlátur gjaldstofn; þessum mismun gæti þingmaður Dalamanna aldrei breytt, nema hann gæti ráðið yfir náttúrunni og skapað þar

gróður og kjarna, sem hann væri enginn til; en þetta kvaðst hann efast um, að þingmaðurinn sæi sjer fært, fyrst hann sæi engan veg til að bæta jarðamatið. Hann sagði, að úr því að eptir atkvæðagreiðslunni við 2. umræðu engin uppástunga lægi fyrir um eintóman fasteignarskatt eða hærri faseignarskatt en lausafjárskatt, mundi hann eigi greiða atkvæði hvorki með nefndinni nje mótstöðumönnum hennar.

Þorlákur Guðmundsson sagði, að það væri ekki gleðilegt að sjá allar þessar mörgu breytingaruppástungur, sem fram væru komnar, því að líkindum yrðu þær orsök í, að málið yrði fellt. Þetta mál hlyti þó að vera mikið áhugamál fyrir alla, því að hinir gömlu skattar væru alveg óþolandi, enda væri búið að verja miklu fje til þess að fá máli þessu framgengt. Hann ætlaði, að þjóðin væri búin að bíða nógu lengi eptir nýjum skattalögum, og ef maður mætti tala um þjóðarviljann, þá væru víst flestir af þjóðinni, sem óskuðu, að það mætti heppnast þessu þingi, að leiða mál þetta til lykta. Sjer þætti því undarlegt að heyra það af þingmanni Dalamanna, sem hann virti bæði sem góðan mann, ágætan búmann, og prest og þingmann, að hann skyldi láta sjer þau orð um munn fara, að hann vildi heldur, að málið yrði fellt þegar, úr því horfi sem það nú væri í, heldur en að skatturinn yrði 40 aurar af hverju jarðarhundraði, því að þingmaðurinn yrði að gá að því, að ef þetta frumvarp fjelli, þá fjelli að líkindum bæði frumvarpið um tekjuskatt og húsaskatt; en bændur væru nógu lengi búnir að draga þetta 600 ára gamla ánauðarok, svo að tími væri kominn til þess, að aðrir tækju þátt í sköttunum með þeim, og með því að fella málið nú, jafnmiklum tíma og peningum og búið væri að eyða frá öðrum áríðandi málum, en verða svo að fara að fitja málið upp á næsta þingi, þess vegna væri bezt að nota þetta góða tækifæri, sem nú byðist, en sem máske mundi verða búið að snúa við oss bakinu á næsta þingi, og væri ekki allra að hafa hendina í hári þess, eða það þá máske orðið sköllótt. Líka gæti svo farið, að menn yrðu seinna að samþykkja jafnvel hærri tölur en þær, sem nú liggja fyrir, og hann fyrir sitt leyti vildi heldur samþykkja dálítið hærri tölur, en fella málið vegna fáeinna aura. Þar sem þingmaður Dalamanna hefði sagt, að þessi skattalög kæmu eins og reiðarþruma ofan í kollinn á þeim, sem áður hefðu haft gjaldfrelsi, og því væri ástæða til að láta þá halda gjaldfrelsi sínu til dauðadags, þá gæti hann ekki verið því samdóma; sjer virtist vera miklu meiri ástæða til að veita hinum uppbót, sem um langan aldur hefðu orðið að greiða skattinn og tíund fyrir þá, sem hefðu verið undanþegnir gjaldinu; þó dytti engum í hug að fara fram á slíkt. Að endingu kvaðst hann vona, að þingmenn hugsuðu sig vel um, áður þeir gæfu tilefni til þess, að málið yrði fellt; að minnsta kosti vildi hann frá segja sjer þá ábyrgð.

Þá var gengið til atkvæða og fjellu þau þannig:

1. Breytingaruppástunga hinna 10 þingmanna við 2. grein; vegna óglöggrar atkvæðagreiðslu var við haft nafnakall og sögðu:

já:
Einar Gíslason,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, prestur,
Páll Pálsson, bóndi,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorsteinn Jónsson;

nei:
Halldór Kr. Friðriksson,
Ísleifur Gíslason,
Benidikt Sveinsson,
Einar Ásmundsson,
Einar Guðmundsson,
Jón Blöndal,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorlákur Guðmundsson,

og var breytingaruppástungan þannig samþykkt með 10 atkvæðum gegn 9.

2. Breytingaruppástunga hinna 7 þingmanna við 3. gr. samþykkt með 10 atkvæðum gegn 7.
3. Viðbót 6 þingmanna við 3. grein felld með 12 atkvæðum gegn 7.
4. Breytingaruppástuuga 6 þingmanna við 4. gr. felld með 14 atkvæðum gegn 4.
5. Breytingaruppástunga 6 þingmanna við 5. gr. samþykkt með 12 atkvæðum.
6. Uppástunga til breytingar á fyrirsögn þessa frumvarps og hinna tveggja skattafrumvarpa var álitin svo óformleg, að hún gæti ekki komizt til atkvæða.
7. Frumvarpið í heild siuni með áorðnum breytingum var samþykkt með 15 atkvæðum, og skýrði forseti frá, að frumvarpið yrði nú sent til forseta efri deildarinnar.

Var það nú þannig orðað:

FRUMVARP

til laga um skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafje.

1. grein.

Öll manntalsbókargjöld þau, sem nú eru, skulu af numin; en þau eru: skattur, gjaftollur, konungstíund, lögmannstollur og manntalsfiskur.

2. grein.

Af öllum jörðum, sem metnar eru til dýrleika, hvort heldur eru bændaeignir, eignir kirkna eða prestakalla, þjóðeignir, eignir fátækra eða stofnana, eða hverju nafni sem nefnast, skal sá, er á jörðinni býr eða hefur hana til afnota, greiða 25 aura af hundraði hverju.

3. grein.

Af hverju lausafjárhundraði, sem telja ber fram til tíundar, skal sá, er fram á að telja, greiða 45 aura af hverju hundraði.

4. grein.

Skattur þessi rennur í landssjóð, og skal goldinn sýslumönnum og bæjarfógetum á manntalsþingum ár hvert; frá honum veitast engar undanþágur, hvorki tilteknum stjettum nje eignum.

5. grein.

Gjaldið skal greitt í peningum. Bresti gjaldanda peninga, getur hann greitt gjaldið í innskript hjá kaupmönnum, þeim er hlutaðeigandi sýslumaður tekur gilda, eða í landaurum þeim, er nú skal greina: sauðfjenaði, hvítri ull, smjöri, fiski og dún, eptir því verði, sem sett er á aura þessa í verðlagsskrá ár hvert.

6. grein.

Fyrir gjaldi þessu má gjöra fjárnám hjá gjaldanda samkvæmt opnu brjefi 2. apríl 1841, og hefur það í tvö ár frá gjalddaga forgöngurjett þann, sem hin eldri skattgjöld höfðu samkvæmt lögum.

7. grein.

Gjald þetta skal krafið í fyrsta sinn á manntalsþingum árið 1879.

FYRSTA UMRÆÐA

í efri deild alþingis.

Á 31. fundi efri þingdeildarinnar, 8. dag ágústmán., kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu *frumvarp til laga um skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafje.*

Torfi Einarsson kvaðst vilja tala nokkur orð um frumvarp þetta, þótt hann byggist eigi við, að hann gæfi meiri skýringar í málinu, en komið hefðu fram í neðri deildinni, þar sem margt og mikið hefði verið um það rætt. Flest og mest hefði verið rætt um skattinn, sem ákveðinn væri í 2. gr., nefnilega að hver, sem á jörðu byggi, skyldi greiða 25 a. af hverju hundraði jarðarinnar, eða með öðrum orðum: ábúðarskattinn, sem öllum er kunnugt hvað þyddi, og mestum deilum hefði valdið, bæði í blöðum og á þingi, og það væri einnig einmitt í þessa stefnu, að hann vildi auka þingræðurnar. Menn hefðu lengi átt óhægt með, að finna skatti þessum stað, því að þeir hefðu sagt, að ef hann væri lagður á leiguliðann, þá væri hann að eins viðbót við lausafjárskattinn, en væri hann lagður á tekjurnar af jörðunum, þá

væri hann viðbót við tekjukattinn, en hvernig sem þessu væri varið, þá yrði aldrei annað sjeð, en að hann væri uppbót á annanhvorn þennan skatt. Aðalástæða manna fyrir þessum ábúðarskatti hefði verið sú, að með honum næðist rjettari skattur af þeim jörðum, sem einhver hlunnindi hefðu við að styðjast, t. a. m. varpjörðum, sjávarjörðum, o. s. frv.; því að þessar jarðir hefðu opt lítið kvikfje til framfærslu. Sumstaðar væri og laxveiði og ýmislegt annað, sem eigi heyrði beinlínis undir kvikfjárræktina. Nú kvaðst hann eigi skilja, að þeir menn, er þessar jarðir ættu, hefðu eigi fulla ráðdeild á, að byggja þær svo, að leiguliðar þeir væru eigi betur farnir en leiguliðar á fjárríkari jörðum. Ef einhver t. a. m. leigði varpjörð, en áskildi sjer helming varpsins, þá væri efasamt, að leiguliðinn væri betur farinn en aðrir leiguliðar, því að varpjarðir væru opt hundraðamargar, en eigandinn yrði þá að gjalda því hærri tekjuskatt, en þá kvaðst hann vilja setja svo, að það væri einn af þeim mönnum, sem hjer í deildinni hefðu verið kallaðir spesíukóngar, sem ætti varpjörð og leigði hana öðrum, en tæki varpið frá henni og níddist á leiguliða, og ljeti hann gjalda jafnt eptir sem áður. Nú ætti leiguliðinn eptir þessu frumvarpi að gjalda skatt eptir 2. gr. af jörðinni, og hlyti það að leiða til þess, að leiguliðinu níddi jörðina, þó að hann væri dugmaður, því að, ef hann væri ráðvandur, mundi hann forðast að hliðra sjer hjá lagalegum sköttum. Þessir spesíukonungar, sem í þessu tilfelli mættu kallast níðingar, ættu sjálfsagt skilið að fá að gjalda háan tekjuskatt, en leiguliðinn ætti þar á móti eigi skilið, að gjalda háan ábúðarskatt. Þá kvaðst hann vilja snúa sjer að þeim jörðum, sem ættu að styðjast við sjávarútveg. Það væri nú vanalega sagt, að enginn skattur yrði lagður á jörðina eptir aflanum, en hann kvaðst eigi sjá, að meira fje næðist með því að leggja þennan ábúðarskatt á sjávarjarðirnar, en með því að hafa spítalagjaldið á aflanum, þótt mönnum þætti það meira og minna óáreiðanlegt; því að eins mundi mega gjöra aðhald með það, að sjávaraflinn væri rjett fram talinn, eins og menn ætluðu að koma í veg fyrir rangt tíundarframtal á öðrum hlutum með hinum nýju tíundarlögum, og þætti sjer því ábúðarskatturinn yfir höfuð næsta óheppilegur, auk þess sem hann mundi verða að sífelldu veltandi prætuepli milli jarðeiganda og leiguliða, því að þegar landsdrottinn byggði einhverjum jörð, þá mundi leiguliðinn vilja fá ívilnun í afgjaldinu, sem nokkurn veginn svaraði ábúðarskattinum, en landsdrottinn segði aptur, að lögin skipuðu honum að gjalda þann skatt, og ætti hann að taka hann af sínu lausafje, en leiguliði mundi aptur vilja, að landsdrottinn liti með sanngirni á málið og lækkaði afgjaldið samt, því að annars treystist hann eigi að sitja jörðina almennilega, og þessar prætur gætu gengið í það óendanlega. Bezt mundi að hafa 1 alin á hverju hundraði í lausafje, og 5% á afgjaldi jarða, það mundi láta næst rjettu hlutfalli, því að leiga af lausafjárhundraði væri vanalega 20 áln. Hann kvaðst skyldu sýna þetta með dæmi: Lausafjáreigandi leigði 20 lausafjárhundruð leigufær, og fengi eptir þau 20 vættir óframfærðar, og geldur 1 vætt í skatt, og jarðeigandi fær 20 vætta tekjur í eptirgjald, og borgar eina vættina í tekjuskatt, þá borga báðir 5%. Hann kvaðst eigi fá sjeð, hví 25 aura skatturinn ætti fremur að leggjast á þá, sem byggju á jörðunum, og ef til vill hefðu mikla fjölskyldu fram að færa, heldur en þá, sem væru lausamenn, húsmenn eða hjú, og hefðu, ef til vildi, enga fjölskyldu, en hafa ekki leigða jörð. Annars kvaðst hann vera mjög svo mótfallinn þessum ábúðarskatti, þó hann kannske ynni það til sætta, að gefa atkvæði sitt með frumvarpinu í heild sinn.

Sighvatur Árnason kvaðst eigi geta verið á sama máli og þingmaður Strandasýslu, og mundi hann nú reyna að svara helztu atriðum úr ræðu hans. Fyrst hefði honum þótt óeðlilegt að leggja skatt á ábúð manna, og talað um hlutfall milli ábúðarskatts og lausafjárskatts, en hann

mundi nú sjá það, að ábúandinn ætti að greiða 70 aura eptir frumvarpinu til samans af ábúðarhundruðum sínum og lausafje, og væri þá spurningin um, hve mikið hann skyldi greiða af hvoru fyrir sig, eða í annan stað miða gjaldið einungis við eitt af þessu, en ekki annað, því þetta væri einn og hinn sami skattur af búi manns, en ekki jörðinni sem eign, heldur af ábúðarnotkun hennar. Sjer þætti sanngjarnt og eðlilegt, að ábúandi greiddi skatt, sem miðaður væri við jörðina, sem hann byggi á, því jörðin væri botninn undir búi hans, með því að hún fæddi allt lausafje hans, og hann gæti ekki haft lausafjárhundruð, nema hann hefði jörðina, og ólíklegt væri, að maður hefði jörð til ábúðar, ef hann hefði ekkert lausafje. Hin mótbára hans móti frumvarpinu, að undarlegt væri, að láta ábúanda gjalda skatt af jörð sinni, en lausamenn mættu komast hjá því, þætti sjer eigi heldur vega mikið, eptir því sem hjer lægi fyrir, því að það væri mjög ólíkt að kosta fjenað þann, sem þyrfti að kaupa allt gras og fóður fyrir, eða þann, sem maður hefði á ábýlisjörð sinni; sjer þætti því líklegt, að 45 aura gjaldið af lausafjárhundraðinu án jarðarábúðar mundi ekki verða of sanngjarnt eða of lítið, á móti 75 af ábúðarhundruðum og lausafje til samans. Hann kvaðst fyrir sitt leyti helzt hneigjast að áliti utanþingsnefndarinnar, því að sjer hefði eigi þótt mál þetta taka miklum bótum á þinginu enn; það hefði að vísu sína anmarka, en líka sína kosti. Neðri deildin hefði breytt ákvörðuninni um ábúðar- og lausafjárskattinn, en sjer þætti það eigi til batnaðar breytt, því að hann hefði helzt viljað láta hækka ábúðarskattinn, og lækka hinn, ef nokkur breyting væri annars gjörð. Því að ef skatturinn væri lagður að mestu eða eingöngu á lausafjeð, þá væri dugnaður og framtakssemi beinlínis elt með álögum fet fyrir fet. Maður bætti t. a. m. jörð sína og hleypti sjer í skuld þess vegna, en bætti svo við sig einni kú eða 6 ám fyrir jarðabótina, og væri þá sjálfsagt eptir því, að leggja strax nýjan skatt á kúna og ærnar, sem þó standa í jarðabótaskuld, sem gjalda skal rentu af. Yfir höfuð væri miklu einfaldara, og að sínu áliti rjettara, að leggja að minnsta kosti meiri skatt á jarðarhundruðin en lausafjeð, en það þyrfti sjálfsagt að meta jarðirnar upp, eins og nú væri gjört ráð fyrir, og vildi hann helzt, að það mat stæði sem lengst óhaggað, svo að eigi þyrfti að vera að grauta í því ár frá ári, og með því að elta á hinn bóginn nýjar jarðabætur. Mönnum mundi og kunnugt, að tíundin hefði jafnan verið mjög á reiki, og þó að tíundarlögunum væri nú breytt, þá óttaðist hann, að öll kurl kæmu eigi til grafar, og undandráttur og óhreinskilni mundi loða við framvegis eins og áður, enda þótt sagt væri, að nýir sóflar sópi bezt, þá mundi bráðum sækja í gamla horfið aptur. Það mundi fara svo framvegis, eins og verið hefði, að þeir, sem ráðvandastir væru, yrðu harðast úti, og dugnaðurinn eltur með sköttum og skyldum þar á ofan, í einu orði drepin niður ráðvendni og dugnaður, en alið óráðvendni og dugleysi. Hann kvaðst samþykkur þingmanni Strandasýslu í því, að halda eigi sinni skoðun svo fast fram, að það gæti orðið málinu til fyrirstöðu í þetta sinn, því að nauðsynlegt væri, að það fengi framgang á þessu þingi, svo að reynslan gæti sem fyrst farið að sýna gallana á frumvarpinu, og að því fyr mætti taka málið aptur fyrir til nýrra umbóta, en þótt það væri nú látið bíða næsta þings, mundu sömu gallarnir hjer um bil verða á því, að öllu samanlögðu, og ef til vildi aðrir nýir í viðbót.

Benidikt Kristjánsson kvaðst verða að vera samþykkur þingmanni Strandasýslu í öllu öðru en því, að hann ætlaði sjer að reyna að varast víti hans og taka til greina aðvörun þingmanns Rangæinga. Hann kvað engan efa á því, að allir játuðu, að skattur ætti að leggjast á eptir arði þeim, sem skattstofninn gæfi af sjer, því að ef öðruvísi væri að farið og skattur lagður á eignina án tillits til arðsins, mundi höfðstóllinn verða jetinn upp. Nú væri svo, að eigandi jarðar

gyldi tekjuskatt af afgjaldi jarðar, en ábúandi af áhöfninni, en að þar á milli væri nokkur arðberandi stofn, sem þennan ábúðarskatt skyldi gjalda af, gæti hann eigi sjeð, nema því að eins að afgjaldið væri of lágt, en ef maður hefði hag af að taka jörð á leigu, sakir þess að afgjaldið væri of lítið, þá væri og rjett að leggja skatt á allt arðberandi leigufje, eins og t. a. m. ef einhver færi til peningamanns og fengi hjá honum, og græddi á fje því, er hann tæki til láns, þá væri rjett að leggja skatt á það lánsfje. En nú væri það gefið eða að minnsta kosti mætti svo til ætla, að eigandi mundi sjálfur hafa bezt vit á að leigja jarðir sínar nógu hátt, og þá ætti heldur enginn ábúðarskattur að lenda á leiguliða, en aptur gæti hann og, ef til vildi, í raun rjettri legið á landsdrottni sjálfum auk tekjuskattsins, því að þegar leiguliðinn vildi fá jörð til leigu, þá mundi hann líta á, hvort ábúðarskatturinn með afgjaldinu samsvaraði arðinum, er hann gæti vænt sjer af ábúðinni, og varla taka hana á leigu nema svo væri, og reyna að fá afgjaldið sett niður, sem svaraði ábúðarskattinum. Það kvaðst hann nú álíta að því leyti rjett álitið, sem eigandi gyldi þeim mun hærri skatt af jörð sinni, sem ábúðarskattinum svaraði, og það væri sín tillaga, að hækka heldur tekjuskattinn af jörðunum en að leggja á ábúðarskattinn, því að hann áliti hann alveg á engu byggðan, og þess utan óhafandi, sakir þess, að hann orsakaði þann ójöfnuð, að fátækir ábúendur mættu gjalda jafnmikið og ríkir, að því er þessi skattur tæki, ef að þeir byggju á jafndýrum jörðum. Þannig yrði t. a. m. fátækur maður, sem byggi á hundraðamargri jörð, en hefði lítið annað en kúgildin af lausafje, að gjalda háan skatt eiginlega af engu, og hlyti því að lenda í meiri og meiri vesöld og örbyrgð; en þótt nú annar byggi á jafndýrri jörð og hefði margt af gangandi fje, ætti hann að gjalda jafnan ábúðarskatt fátæklingnum, og væri þetta auðsær ójöfnuður. Menn hefðu talað um, að ábúendur hlunnindajarða, sem opt hefðu lítið af lausafje en gagnsemi mikla, greiddu svo lágan skatt, ef ábúðarskatturinn væri enginn, en landsdrottnar mundu vanalega sjá svo um, að þeir, sem á þeim sætu, kæmust eigi ljettara út af afgjaldinu en aðrir leiguliðar; þar að auki væri svo, að ef leiguliði kæmist með góðum kjörum að slíkri jörð til ábúðar, þá auðgaðist hann, og hækkaði þá á honum skattgjaldið til landssjóðsins, og hvort sem hann setti peninga á vöxtu, eða keypti jarðir, þá eltu skattalögin hann með álögum, og væri þetta enn móti ábúðarskattinum. Annars kvaðst hann eigi hafa á móti því, að það skarð, sem kæmi í tekjur landssjóðsins við það, að sleppa ábúðarskattinum, væri fyllt, ef þurfa þætti, með því að hækka lausafjárskattinn eða tekjuskattinn eða hvorntveggja.

Eiríkur Kúld kvaðst óska, að umræðurnar í þessari deild yrðu eigi jafnlangar og í neðri deildinni, svo að málið, ef til vildi, kæmist eigi fram á þessu þingi, því að hann vildi sem mest stuðla til þess, að það gengi nú fram, sakir þess að það mundi litlum bótum taka, þótt það biði næsta þings eða lengur, því að það gæti meira að segja verið, að það kæmi þá ver undirbúið, og væri því eigi annað unnið með að draga málið, en að spilla tíma og peningum. Menn hefðu einkum talið ábúðarskattinn galla á frumvarpinu, og hann væri einn af þeim, sem þætti hann eigi notalegur, þótt hann gæti eigi verið eins harðorður og þingmaður Þingeyinga, því að varhugavert væri að sleppa honum, með því að skattarnir lækkuðu þá svo mikið, en varla væri tiltök að hækka tekjuskattinn á jarðeigendum, því að hann hefði heyrt nóg rök leidd að því í neðri deildinni, að hann væri fullhár, og ógjörandi væri að hækka lausafjárskattinn nokkuð að mun, því að þar sem hann þekkti til, væri meiri óánægja með lausafjártíundina en jarðartíundina eða konungstíundina, sem ábúðarskatturinn ætti að koma í staðinn fyrir. Hann vildi helzt engan ábúðarskatt, en ef hann ætti nokkur að vera, þá sætti hann sig við 25 a., eins og frumvarpið færi fram á. Lausafjárskattinn kynni að mega hækka

upp í 50 a., en yfir höfuð sætti hann sig betur við þetta frumvarp en álit utanþingsnefndarinnar. Við aðra umræðu málsins kvaðst hann mundu koma með breytingaratkvæði í þá átt, að hækka 45 aura gjaldið upp í 50 a., ef nokkrir yrðu sjer sammála um það.

Ásgeir Einarsson kvað gott, að 2 málspartar hefðu komið fram og fært ástæður fyrir skoðunum sínum, en verið þó jafnframt fúsir til sátta; en hann vildi óska skýringar hjá þingmanni Rangæinga, því að setningar hans hefðu eigi allar verið sem skiljanlegastar. Hann hefði skoðað jörðina sem botn undir búi manns, og væri því rjett að leggja skatt á hana, en það væri aðgætandi, að botninn gæti verið misstór, grunnur bali væri botnstærri en strokkur, og þó mundi strokkurinn taka meira; eins væri um jarðirnar, að sumar þeirra, sem væru hundraða-fáar, fleyttu miklu meira, en sumar aðrar, sem væru miklu hundraða-fleiri, og væri því auðsætt, að nýtt jarðamat þyrfti, ef ábúðarskatturiun yrði hár, þótt þingmaður Rangæinga hefði ekkert mat viljað hafa. Ef nú t. a. m. tveir menn byggju a 20 hnd. jörð hvor um sig, og annar væri fátækur barnamaður, sem eigi gæti hleypt upp fje og tíundaði t. a. m. 18 *cr* í lausafje, en hinn væri þar á móti fjölskyldulaus og tíundaði ein 30 *cr*, þá sæi hver maður, að ósanngjarnt væri að þeir gyldu jafnan ábúðarskatt. Þingmaður Rangæinga hefði enn talað um, að lausafjárskatturinn elti alla dugnaðarmenn, en þá kvaðst hann vilja spyrja, hvað lægi meira í hælum á mönnum til að fæla menn frá jarðabótum en ábúðarskatturinn, því að jarðirnar mundu smáhækka að hundraðatali, eptir því sem þær væru bættar, ef jarðamat færi fram öðruhverju. Ef lausafjárskatturinn elti til skaða alla dugnaðarmenn, þá mundi og fleira elta menn; þá ættu menn að fælast frá að kaupa jarðir vegna þess, að tekjuskattur lenti þá á þeim, og embættismannaefni ættu að fælast frá embættum af sömu ástæðu o. s. frv., en þetta mundi þó sjaldan koma fyrir, eins og það mundi einnig sjaldgæft, að menn forðuðust að auka lausafje sitt af þeirri ástæðu, að þeir yrðu að gjalda meira á eptir; flestir mundu heldur vilja eiga hundraðinu meira og gjalda aptur meira, en hundraðinu minna, þótt gjaldið væri þá einnig minna, því að annars væri bezt að vera sem fátækastur. Það kvaðst hann eigi geta skilið, að lausamenn yrðu harðara úti með fjenað sinn, en ábúendurnir, því að þeir hefðu eins arð af fje sínu, og þyrftu litlu meiru til að kosta. Þar sem sumir hefðu talað um að hækka tekjuskattinn af jörðunum í staðinn fyrir ábúðarskattinn, þá væri hann því mótfallinn, því að landsdrottnar mundu sjá um, að hann kæmist óbeinlínis á leiguliða, og væri þá engu bættara. Hann kvaðst annars vona, að menn hjeldu eigi mjög fast fram skoðunum sínum, ef það gæti orðið málinu til fyrirstöðu, ef menn vildu óska, að það fengi framgang á þessu þingi.

Sighvatur Árnason kvaðst eigi hafa ætlað að tala meira í máli þessu að sinni, en þingmaður Húnvetninga hefði neytt sig til að standa upp, þar sem hann hefði misskilið sig svo hraparlega, og honum orðið það á, að snúa útúr, sem þó ætti eigi að vera, og hann hefði eigi ætlað honum að halda langar tölur í þá átt. Hann hefði sagt, að hann vildi ekkert jarðamat hafa, en þar á móti væri það einmitt vilji sinn, eins og hann hefði ljóslega tekið fram áður; en aptur vildi hann eigi, að, þegar einu sinni væri búið að endurskoða jarðamatið, þá væri verið að grauta í því ár frá ári. Hann hefði eigi heldur skilið, að fjenaður án jarðar kostaði meira, en sá fjenaður, sem maður hefði jörð fyrir, en honum ætti þó að skiljast það, að þeir, sem eigi hefðu jörð, yrðu að kaupa haga og fóður fyrir skepnur sínar, og að kaupa slægjur og haga hlyti þó að verða dýrara, ef það er borgað fullu verði á annað borð, en nokkur leigumáli á jörð. Þar sem þingmaður Þingeyinga hefði sagt, að sumir hefðu ekkert nema kúgildin að búa við, þá játaði hann að vísu, að þeir yrðu hart úti á móti hinum, sem hefðu minni jörð, en meira lausafje, en slík dæmi ætlaði hann að væru mjög

fá, að sá hefði stóra jörð til ábúðar, sem hefði ekkert annað lausafje en kúgildin, og að af slíkri ábúð mundi naumast leiða annað en illt eitt. En þó svo væri, að þessir menn yrðu harðara úti með skattinn, þá kæmust þeir menn hjá öllum útsvörum til sveitar, sem aptur lentu öll á hinum efnaðri og ríkari mönnum, og jöfnuðust þeir gúlar til fulls og betur til.

Ásgeir Einarsson kvað þingmanninn hafa sannfært sig minna um hinn mikla misskilning, en hann hefði búizt við. Hann vildi hafa eitthvert jarðamat núna, og svo aldrei eiga við það framar, þó að jarðirnar breyttust árlega. En þar sem hann talaði um, að lausamenn yrðu að kosta fjenað sinn meira en ábúandinn, þá vildi hann spyrja, hvað kæmi þá til þess, að húsbændur brygðu opt búi sínu, þótt þeir hefðu margt lausafje, en ættu þó margt af því búlausir; það væri þó líklega eigi af ráðdeildarleysi, heldur af hinu, að þeir þættust komast ljettara af þannig.

Benidikt Kristjánsson óskaði þess, að nefnd væri sett í málið, þar eð meiningar manna væru svo deildar, og gat þess jafnframt, að þótt hinir efnaðri menn yrðu að gjalda meira til sveitar en þeir fátæku, þá sæi hann eigi, að það rjettlætti nokkuð, að fátæklingurinn skyldi gjalda meira í landssjóð í samanburði við hinn ríka fyrir það.

Stefán Eiríksson kvaðst vera móti því, að fara nú að setja nefnd í málið, því að það mundi verða til þess, að það gæti eigi fengið framgang á þessu þingi, sem hann yrði þó að álíta mjög óheppilegt. Mönnum væri kunnugt, að ár frá ári hefðu komið bænir frá landsmönnum um að laga skattalögin, og væri það kátlegt, ef nokkur vildi stuðla til þess, að þau fengju nú eigi framgang. Fyrir sitt leyti kvaðst hann helzt óska, að allur skattur hefði verið lagður á lausafjeð, en þó vildi hann eigi halda því svo fram, að gefa atkvæði móti frumvarpinu í heild sinni, því að hann gæti fellt sig við ákvarðanir frumvarpsins, þar eð ábúðarskatturinn væri svo lágur, með því að sjójarðir gætu sloppið, ef eigi væri hafður samlagningarskattur. Hann kvaðst hafa sjeð af utanþingsnefndarfrumvarpinu, að ekkert gjaldskylt lausafje væri í Viðey. En þó þessi ábúðarskattur, sem frumvarpið til tæki, væri að eins 25 aur. á hvert hundrað, þá yrði ábúandi Viðeyjar að borga í ábúðarskatt 65 kr., og svo mundi hinn sami maður fá í jarðarskatt aðrar 65 kr. eða meira, og þetta væri þó ekki svo lítill skattur. Hann kvaðst ekki skilja í þeim mönnum, sem vildu vera að hækka skattinn fram yfir það, sem frumvarpið færi fram á, eins og varaforseta hefðu farizt orð um, og þjóðin mundi ekki þakka mönnum þeim frammistöðu sína. Yfir höfuð væri það sorglegt teikn tímanna, ef menn, með því að af taka hin fyrri ranglátu skattalög, vildu nú dengja yfir á þjóðina miklu hærri skatta-álögum og þar til jafnvel ranglátari í tilliti til ábúðarskattsins. Það mundi því bezt að halda frumvarpinu, eins og það væri nú.

Jón Pjetursson kvaðst verða að játa það, að frumvarp utanþingsnefndarinnar væri consequent; helzti mismunurinn á því og frumvarpinu, sem hjer lægi fyrir, væri sá, að hið síðarnefnda hefði fært niður ábúðarskattinn og lausafjárskattinn og gjört þá eigi jafna. Hann væri nú þeirrar skoðunar, að fastir skattar ætti að vera sem lægstir, en auka heldur tekjur landsins, ef þyrfti, með tollum, skynsamlega á lögðum. Það gæti að vísu sýnzt svo, sem landsjóðurinn jykist með nýjum sköttum, en hinsvegar væri það vafasamt, hvort þeir yrðu eigi til eins mikils skaða óbeinlínis, sem ábata. 1. væri það almennt orðið viðkennt, að eigi væri hollt að leggja skatt á dugnað manna eða velmegunarstofn nema sem allra-minnstan. Þá krapta mætti eigi veikja, er velmegun þjóðarinnar væri komin undir. Ef menn legðu 50 kr. skatt á dugnaðarmanninn, spilltu menn, ef til vildi, með því 50 kr. fyrir landinu, með því að skerða þannig (driftskapital) atvinnustofn hans. 2. þessir tímar, sem nú væru, væru hinir óhentugustu til að auka föstu skattana á, eptir því, sem hjer nú

stæði á, því menn kvörtuðu til sveita almennt undan kúgun, þó það væri nú öllu fremur út af sveitarþyngslunum, er menn hefðu víða ástæðu til að kvarta yfir, en hinum beinu sköttum, en almenningur ruglaði opt þessu saman. Nú væru, sem allir vissu, farnar að færast í vöxt brottferðir til Ameríku, sem mundu aukast enn meir, ef sköttum væri þyngt á mönnum; «agentar» hjer mundu eigi sitja sig úr færi að nota sjer þá átyllu til að æsa menn enn meir til brottflutnings. Við þessar vesturheimsferðir færi fje út úr landinu, vinnukrapturinn minnkaði, jarðirnar niður níddust, og landið liði mikið tjón við allt þetta. Afleiðingar af þessum ferðum væru þegar farnar að sýna sig; menn væru farnir á Norðurlandi að fá sjer vinnufólk hjeðan að sunnan, og sumstaðar þar gætu menn varla byggt jarðir sínar. 3. væri það og óþarft að auka tekjur landsjóðsins nú, er hann jafnvel legði talsvert fje upp. Af þessum ástæðum virtist sjer eigi ástæða til að leggja nú á nýja skatta hærri, en sem manntalsbókargjöldunum næmi. Bezt felldi hann sig við, að lagt væri jafnt á hvert lausafjár- og jarðarhundrað, og skatturinn væri miðaður við álnir. Ábúðarskatturinn væri eigi ranglátur; hann legðist á ábúanda, en ábúandi þyrfti eigi fremur að vera leiguliði, en eigandi. Með þessu mætti og af nema á öldungis rjettlátan hátt tíundarfrelsi jarða, hvað kongstíundina snerti, því tíundin hvíldi eiginlega á eigendunum, en þessi ábúðarskattur legðist á ábúendur, og væri þannig byggður á allt öðrum grundvelli. Eigendur Skálholts-stóls og Hólastóls jarða, er seldar voru með tíundarfrelsi, gætu eigi kvartað yfir því, þótt aðrar jarðir og verði losaðar við konungstíundina. Svo væri og ekkert móti því, að meira væri lagt á stórar jarðir en litlar; fátækir menn ættu að velja sjer jarðir við sitt hæfi, og eigi taka hinar meiri jarðir frá dugnaðarmönnunum, sem betur gætu notað þær. Eigi kynni hann heldur við þá ákvörðun, að ef gjaldið væri greitt í landaurum, þá mættu menn greiða það eptir verði því, er sett væri á þá í verðlagsskránni. Því sýslumenn yrðu að hafa nokkuð fyrir því, að koma landaurum í peninga, og ákvörðun þessi yrði ósanngjörn, ef þeir yrðu settir á föst laun, því það yrði óvíst, hvort þeir gætu selt þessa landaura með því verði, er þeir tækju þá, en þar við biðu þeir skaða á launum sínum, nema ef alinin í þessum landaurum mætti mætast við meðalalin verðlagsskrárarinnar, því alinin í þeim mundi optast verða hærri. Þegar menn nú færu að skoða tekjurnar eptir skýrslum skattamálsnefndarinnar, þá væru jarðarhundruðin alls 86,755, og með 25 aur. af hundraði væri það 21,688kr. 75 aur.; lausafjárhundruðin væru 61,811, og með 45 aur. af hundraði yrði það 27,814 kr. 95 aur., og þá samtals af jarðarhundruðum og lausafjár 49,503 kr. 70 a., en nú væru manntalsbókargjöldin . . . . . kr. 65,013
og er þar frá væru dregnar — 49,503,70
yrði mismunur . . . . . — 15,509,30
og svaraði það til alþingistollsins, er áður hefði legið á jarðagóssi og sem verið hefði 16000 kr. Það væri engin ósamkvæmni í því, þótt alþingið í hitt eð fyrra hefði af tekið alþingistollinn, og nú legði lítilfjörlegan skatt á jarðeigendur, því sá skattur yrði fyrir kongstíundina, er nú yrði burt numin, en áður hefði hvílt á jarðeigendunum. Af öllum þessum ástæðum væri hann að mestu samþykkur þessu frumvarpi og tekjuskattsfrumvarpinu, að því leyti skattinn af jarðagóssi snerti, en frekari fasta skatta vildi hann alls ekki hafa.

Jón Hjaltalín kvaðst verða að álíta þetta frumvarp óheppilegt og enda óbærilegt, þar sem það færi fram á að leggja á svo háa þessa skatta, sem í öðrum löndum væru nú að mestu leyti af teknir. Það þætti sjer því kynlegra, sem deildin hefði nýlega amazt við hinum óbeinu sköttum, tollunum, og verið ófáanleg til að hækka toll á spritti, sem væri þó átumein í mannlegu fjelagi. Skatthækkun frumvarpsins væri hjer um bil óhafandi, og vildi hann leggja til, að skatturinn yrði færður niður um helming að minnsta kosti.

Málið var fellt frá nefnd með 6 atkv.

gegn 5, en að það gengi til 2. umræðu, samþykkt í einu hljóði.

BREYTINGARUPPÁSTUNGUR
við frumvarp til laga um skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafje.

I. Breytingaruppástungur
frá 4 þingmönnum, Árna Thorsteinson, Bergi Thorberg, Eiríki Kúld og Magnúsi Stephensen.

Við 2. gr. Í stað orðanna: »greiða 25 aura» komi: »greiða 1/2 alin á landsvísu.

Við 3. gr. Í stað orðanna: »greiða 45 aura af hverju hundraði» komi: »greiða 1 alin á landsvísu».

Aptan við 4. gr. bætist: »þó skulu þeir, sem nú eru undan þegnir manntalsbókargjöldum vegna stjettar sinnar, vera lausir undan þessum skatti æfilangt, nema þeir sjeu skipaðir í annað embætti en þeir þá hafa, er lög þessi öðlast gildi».

Við 5. gr a. Á eptir orðunum: »Gjaldið skal greitt í peningum» komi: «eptir meðalverði allra meðalverða í hvers árs verðlagsskrá».

b. Aptan við greinina bætist: »enda sje það verð eigi hærra en gangverð á gjalddaga».

Við 6. gr. Í stað orðanna: »sem hin eldri skattgjöld höfðu samkvæmt lögum» komi: »sem skattgjöld til landssjóðs hafa að lögum.

II. Breytingaratkvæði við breytingaruppástungur
4 þingmanna frá Stefáni Eirikssyni, 2. þingmanni Skaptfellinga.

Við 2. gr. Í staðinn fyrir: »1/2 alin á landsvísu», komi: «1/4 álnar á landsvísu».

Við 5. gr. stafliður b. falli burtu.

III. Breytingaratkvæði
frá Sighvati Árnasyni, þingmanni Rangæinga.

Aptan við 3. gr. bætist: »Frá gjaldi þessu skulu dregnar leigur af þinglesnum veðskuldum í tíundarbæru lausafje».

IV. Breytingaratkvæði
frá Jóni Pjeturssyni, 3. konungkjörnum þingmanni.

5. grein orðist þannig:

«Gjaldið skal greitt í peningum, sauðfjenaði, hvítri ull, smjöri, fiski eða dún. Sje það greitt í landaurum, skal alin í þeim mæta alin í gjaldinu, reiknaðri eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá þeirri, er þar þá gildir».

ÖNNUR UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 34. fundi efri þingdeildarinnar, 13. dag ágústmán., kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til laga um skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafje.*

Sighvatur Árnason kvaðst taka aptur breytingaratkvæði sitt, er stæði undir 6. tölul. á atkvæðaskránni, þar eð hann vildi orða það öðruvísi; mundi hann geyma það þangað til við 3. umræðu málsins. Tók hann þá fyrir hina einstöku töluliði atkvæðaskrárinnar, og kvaðst mundu geta fellt sig við þá breytingu, að miða skattinn við álnir en ekki aura, svo sem til væri ætlað í breytingaratkvæðunum undir 2., 3. og 5. tölulið, því að sá gjaldmáti væri bæði gamall og vinsæll og á góðum rökum byggður, enda kæmi og auragjaldið mjög misjafnt á hina ýmsu parta landsins, þar sem alinin gylti hjer um bil 1/3 minna í peningum sumstaðar en sumstaðar, og þeim mönnum, sem hefðu lága verðlagsskrá, yrði því gjaldið tilfinnanlegra en hinum, þar sem alinin væri hærri, þegar fylla ætti með landaurum sama aura- eða krónutal. Að ábúðarskatturinn væri hækkaður upp í 1/2 alin gæti hann því að eins samþykkt, að lækkaður væri lausafjárskatturinn, sem hann vildi annars að væri lægri en hinn; því að sjer þætti skatturinn samlagður (1 al. og 1/2 al.) of hár, af því að sinn vilji væri,

að hafa hina föstu skatta alls ekki hærri en áður. Þetta mundi og vera óparflega hátt, því að eptir því sem sjer hefði reiknazt, yrði ábúðarskatturinn 1/4 ál., og lausafjárskatturinn, reiknaður 1 al., til samans af öllu landinu og hinn ráðgjörði tekjuskattur af jarðeign að eins um 2000 ál. minni en manntalsbókargjöldin væru nú, og hefði hann þó dregið undan allar opinberar eignir í tilliti til tekjuskattsins, en skattar þessir mættu og vera lægri, því að húsaskatturinn og atvinnuskatturinn hlytu þó að verða nokkuð til samans, þótt hver um sig væri hafður á lágu stigi. Sín skoðun á skattamálinu væri sú, að sköttunum ætti að breyta og dreifa þeim á landsmenn, eins og sanngjarnt væri, leggja nokkuð á lausafjárbú, jarðeign, hús og atvinnu sem gjaldstofna, en láta þó skattana af öllu þessu til samans eigi fara til muna fram úr manntalsbókargjöldunum, sem nú væru. Ef lögð væri 1/2 alin á hvert jarðarhundrað, og 1 alin á hvert lausafjárhundrað, og á jarðeign 4 af hundr., þá yrðu þeir skattar um það eins og manntalsbókargjöldin, og atvinna og hús fengju þá sama sem nýjan skatt, sem hann yrði að álíta rangt. Hinn 8. staflið á atkvæðaskránni kvaðst hann mundu geyma þangað til síðast. Við breytinguna undir 11. staflið þætti sjer það athugavert, að gjaldendur mættu eptir henni eigi greiða skattinn í innskript, er hann áliti þó nauðsynlegt; en að öðru leyti hefði hann ekki á móti að miða við meðalverð allra meðalverða; en vegna hins fyrnefnda gæti hann eigi verið þessari breytingu meðmæltur. Breytingin undir 13. tölulið mundi valda ágreiningi milli tollheimtumanns og gjaldanda, sem þingið ætti sízt að gefa tilefni til með lögunum. Hvert gangverð væri á þeim og þeim tíma, mundi mönnum all-opt ekki koma saman um á manntalsþingi; einn segði þetta gangverð, en annar hitt, og sýslumaðurinn, gjaldheimtandinn sjálfur, ætti þá að skera úr því að líkindum eptir sínum eiginn geðþótta, og yrði slíkt bæði honum sjálfum ógeðfellt og gjaldendum líka. Þar af leiddi og, að ein regla yrði í þessu hjeraði og önnur í hinu. Ástæðurnar fyrir þessu breytingaratkvæði mundu sjálfsagt vera þær, að gæta þess, að landssjóðurinn yrði eigi fyrir halla af því, að gangverðið væri lægra en verðlagsskráin; en hann bæði menn að gæta að því, að verðlagsskráin fyrir næsta ár á eptir væri byggð á því gangverði, sem um væri að ræða, og það ár kynni að vera undir gangverði, og þá mundi landssjóðurinn vinna upp það, sem hann hefði misst fyrra árið. Á hinn bóginn kvað hann sjer þykja óheppilegt, að menn skyldu opt verða þess varir, að sumir hugsuðu svo vandlega um landssjóðinn, án þess að taka nóg tillit til þess, hvort gjaldendurnir ættu hægt eða óhægt með að fullnægja kröfunum, sem sjóðurinn væri látinn gjöra til þeirra, eða hvað fátækir menn kynnu að líða við það. Breytinguna undir 15. tölul. kvað hann vera nauðsynlega orðabreytingu. Breytingin undir 8. tölulið um undanþágurnar þætti sjer hafa töluvert við að styðjast, því að það væri jafnan ósanngjarnt, að svipta menn þeim rjetti, sem þeir hefðu áður haft, en hann kvað sjer ekki ljóst, hverjir þeir menn væru, sem breytingaruppástungan ætti við, og sem sjá mætti að væru einhverjir vissir menn, og vildi hann óska skýringar uppástungumanna um þetta efni, helzt varaforseta, sem jafnan væri svo vandur að því, að gæta rjettar einstakra manna gagnvart uppástungum eða breytingum þingsins.

Magnús Stephensen kvað sjer þykja undarlegan reikning þingmanns Rangæinga, að ábúðar- og lausafjárskatturinn til samans yrði hærri en manntalsbókargjöldin, ef lögð væri 1/2 al. á jarðarhundrað hvert, en 1 al. á lausafjárhundraðið, en að eins 2000 ál. minni en manntalsbókargjöldin, ef ábúðarskatturinn væri 1/4 al., og lausafjárskatturinn 1 al. Sjer hefði reiknazt svo, að ef ábúðarskatturinn væri 1/2 al., og lausafjárskatturinn 1 al., þá yrðu þeir skattar til samans alls 103,727 ál., og þá tæpum 5000 ál. minni en manntalsbókargjöldin, sem væru alls 108,355 ál. En væri ábúðarskatturinn að eins 1/4 al. og hinn 1 al., þá yrðu þeir

skattar alls 82,038 ál. eða 26,000 ál. minni en manntalsbókargjöldin, og hefði hann þó eigi tekið tillit til undanþáganna, sem mundu vera 22,563 ál. Hann vonaði, að þingmaður Rangæinga mundi viðurkenna, að hann hefði reiknað citthvað skakkt. Varaforseta kvaðst hann mundu geyma að skýra 8. tölul., úr því þess hefði verið beiðzt. En athugasemdir þingmanns Rangæinga við 13. tölul. gæti hann eigi fallizt á, því að svo liti út, sem þingmaðurinn gengi út frá, að sömu gjaldendur gyldu í sömu landaurategund hvert árið eptir annað, en það mundi ekki verða svo í reyndinni. Þótt gangverð á einhverri landaurategund t. a. m. væri undir verðlagsskrá 1876, en yfir henni aptur 1877, þá væri alls eigi víst, að landssjóðurinn næði aptur árið 1877 því, sem hann tapaði árið 1876, því að gjaldendur mundu eflaust velja þá landaura í gjöldin, sem hæstir væru í verðlagsskrám, en lægstir í gangverði, og gæti það orðið tilfinnanlegur skaði fyrir landssjóðinn. Saltfiskur gengi nú t. a. m. í kaupstað hjer að eins 50 kr. skippundið, en væri 59 kr. 40 a. í verðlagsskránni, og ef Gullbringusýsla greiddi allan þann skatt, er hjer um ræddi, í saltfiski, væri það eigi svo lítill skaði fyrir landssjóðinn. Eins hefði hann heyrt um dún á Vestfjörðum, að hann gengi nú töluvert lægra í kaupstöðum, en hann væri settur í verðlagsskránni. Ef nú t. a. m. gangverðið á þessum landaurum yrði hærra næsta ár, en verðlagsskrárnar til tækju, þá mundu viðkomendur varla borga skattinn í þessum aurum, heldur í einhverju öðru, sem væri lægra í gangverði en í verðlagsskránum, o. s. frv.

Stefán Eiríksson kvað sjer þykja eðlilegra og betra að hafa skattgjaldið í álnum, eins og uppástunga hinna 4 háttvirtu herra færi fram á, og hefði því breytingaratkvæði sitt gengið í þá átt, jafnframt og hann vildi eigi hafa ábúðarskattinn hærri en $^1/_4$ al., því að enginn þingmaður mundi vilja hafa hina nýju skatta hærri en manntalsbókargjöldin væru nú, en ef ábúðarskatturinn væri $^1/_2$ al. og lausafjárskatturinn 1. al. þá yrðu þó þessir 2 skattar hærri, en frumvarpið færi fram á. Þeir þingmenn, sem væru utan af landinu, sagði hann að mundu þekkja fullvel, að almenningur væri eigi fær um, að bera þá skatta, sem nú lægju á þeim, auk heldur þyngri skatta. Með sveitarstjórnarlögunum nýju og ljósmæðralögunum hefðu verið hækkaðar álögur á bændum nálega um helming, og síðan þau lög hefðu komið út, hefðu menn tekið til að flýja af landi burt fyrir ópolandi skattabyrði. Landssjóðurinn þyrfti að vísu peninga við, en gjöld til hans væru svo bezt álögð, að almenningur ekki verði gjaldþrota fyrir það sama, og hvað hefur landssjóðurinn þá upp úr þessum háu álögum. Eptir lögunum um tekjuskattinn væri og aukið svo sköttum á efnabændurna, að þeir væru litlu betur komnir en fátæklingarnir. Uppástungumennirnir að þessari skatthækkun mundu sjálfir þekkja til hjer í kring um Reykjavík, hve vel menn þyldu þunga skatta, en sjer sýndust eigi kotin hjerna í kring benda á neitt þolgæði í þeim sökum, að minnsta kosti litu ekki bæjabyggingar þeirra svo út, að slíkir menn þyldu þungan skatt. Sjer fyndist því miklu fremur ástæða til að lækka skattana, en hækka þá. Breytinguna undir 8. tölulið kvað hann vera rúsínu, sem sjer líkaði eigi, að allir embættismenn skuli vera undanþegnir þessum sköttum æfilangt; það kynni að vera ástæða til að undanskilja prestana, því að margir þeirra væru á rýrum brauðum, en öðrum embættismönnum hefðu verið veitt svo sómasamleg laun með lögum 15. okt. 1875, að þeir ættu að geta borið eins þunga skatta og bændur; reyndar væru sýslumennirnir eigi þar í, en laun þeirra mundu verða gjörð fullgóð á þessu þingi. Hreppstjórar mundu hjer víst eigi vera til skildir, þótt þeir hefðu áður verið gjaldfrjálsir, því að þeir munda varla vera taldir með embættismönnum, og mundu því skattarnir víst eiga að koma strax á þá alla. Það kvað hann sjer þykja óljóst orðað í breytingu þessari, að þeir, sem nú eru undanþegnir, skyldu vera það æfilangt, nema þeir sjeu

skipaðir í annað embætti, en þeir þá hafa, því að það mundi þó eigi vera meiningin, að prestar væru skipaðir í sýslumannsembætti, eða sýslumenn í prestsembætti, en eptir sem uppástungan væri orðuð, liti svo út, sem þetta væri meiningin. Breytingaruppástungan undir 13. tölulið, að miða verðið við gangverð, þætti sjer eigi hafandi, því að slíkt hlyti að valda deilu milli sýslumanns og gjaldanda, hver mundi halda sínu fram, og sýslumanni sem úrskurðarmanni væri gefið í vald að segja, hvað sú og sú grein af landaurum gylti þar og þar, og með þessu væri lagt mesta gjörræði í hendur sýslumannsins. Þá kvað hann svo að orði: «þegar slík eigingirni lýsti sjer í löggjöf landsins frá hlið embættismannanna, og hjer kemur fram í viðbæti við 4. grein, þá sagðist hann ekki vilja gefa túskilding fyrir löggjafarvald Íslendinga». Hann kvaðst vilja biðja hina háttvirtu uppástungumenn, að lesa ástæður stjórnarherrans á 5. bls.; þar segði svo: «getur það eigi gefið þeim neina heimtingu á undanþágu undan nýjum almennum skatta-álögum»; og einnig tæki ráðherrann það fram, að laun embættismanna væru nú orðin svo góð, að prestunum undanskildum, að þeir mundu geta greitt skatt þennan eins vel og bændur, og því væri hann alveg samþykkur, og gæti skrifað undir hvert orð ráðgjafans í því efni. Annars væri það á valdi deildarinnar, hvort hún samþykkti ½ eða ¼ al. á hvert jarðarhundrað, en hann væri mótfallinn því hærra, og gæti heldur ekki skilið, að prestar eða bændur deildarinnar samþykktu það.

Eiríkur Kúld kvað þingmann Skaptfellinga undarlega kunnugan áliti ráðgjafans í þessu máli; hann mundi þó eigi hafa fundið hann nýlega, en það kæmi nú málinu minna við. Þingmaðurinn hefði alveg misskilið breytingaratkvæðið um undanþágurnar, því að hreppstjórarnir væru þar nattúrlega með taldir, því að þeir væru undan þegnir manntalsbókargjöldunum. Hann sneri þá að þingmanni Rangæinga og kvaðst efa, að reikningur hans væri rjettur, en ef svo væri, þá vildi hann hafa ábúðarskattinn eigi hærri en ¼ al., en í þessu efni vildi hann fyrst fá vissu. Eptir sínum reikningi væri ábúðarskatturinn reiknaður ½ al. að eins 4 aurum meiri, en skatturinn yrði eptir frumvarpi neðri deildarinnar. Alinin væri nú 59 a., og helmingurinn þar af 25 a., eins og neðri deildin ætlaðist til, að viðbættum helmingnum af 9 eða 4½. Það kvað hann sjer þykja skaða, að hinn 5. konungkjörni þingmaður skyldi eigi hafa tekið að sjer að skýra breytinguna undir 8. tölulið, því að sjer væri það ómögulegt, þar eð hann vissi ekkert, hvað þingmaðurinn skildi eigi, hvort það væri viðvíkjandi hreppstjórunum, en hefði það verið, þá væri hann búinn að heyra, að þeir ættu að vera undanþegnir, eða það væri viðvíkjandi prestunum; ef svo væri, ætti og þessi breyting að ná til þeirra, sem nú væru komnir í embætti. Það mundi hann skilja, að þeir einir hefðu eignazt þennan rjett, en hinir eigi, sem væru eigi komnir í embætti, er lögin nýðu gildi, og mundi hann því sjá, að hjer væri eigi að ræða um neitt misrjetti. Annað mál væri, ef prestur sækti um annað embætti, þá hefði hann fyrirgjört þessum rjetti sínum og vissi, að hverju hann ætti að ganga. Slíka þýðingu eins og þingmaður Skaptfellinga hefði lagt í embættaskiptin, áliti hann eigi svara verða.

Benidikt Krtstjánsson kvað sjer eigi nægja skýringu varaforseta á viðaukanum við 4. gr., því að sjer sýndust þeir, sem hann segði að misskildu viðaukann, skilja engu ver en sjálfur hann þá rjettarhugsun, sem lægi í orðunum. Það virtist eigi rjett hugsað, að prestar misstu gjaldfrelsi þótt þeir sæktu um annað prestakall, því að þeir væru þó í sömu stjett eptir sem áður; annars væri gjaldfrelsið bundið við prestakallið, sem þeir þjónuðu, en eigi stjettina. Þessi breyting segði því, eins og hún lægi fyrir, að prestarnir hefðu gjaldfrelsi, meðan þeir væru prestar, en misstu það, ef þeir t. a. m. yrðu sýslumenn, tækju annað embætti, sem væri annarar stjettar. Rjettara væri, ef gjaldfrelsið væri eigi æfilangt, að tak-

marka það við breytingu á launalögum þeirra manna, er hefðu það og kveða á, að þegar embættismaðurinn fengi hærri laun, en hann áður hafði, skyldu falla á hann allir skattar.

Það kvað hann sjer þykja á rökum byggt, að miða verð landauranna við gangverðið, en aptur væri óþægilegt að taka slíkt upp í lög, því að það hefði ýms vandkvæði í för með sjer, og landaura ætti eigi að ætla í gjöld, ef það mætti greiðast annaðhvort í peningum eða innskript. Að til taka þá landaura, sem hinn 3. konungkjörni gjörði í sínu breytingaratkvæði, og gefa mönnum eigi kost á innskript, sem breytingaratkvæðið færi fram á, þætti sjer ógjörningur, því að þessir landaurar væru flestir því nær tvöfalt hærri að gangverði, en meðalalin ákvæði.

Hann kvaðst nú áður hafa sýnt fram á, að hann væri mótfallinn öllum ábúðarskatti, og væri því sjálfsagt, að hann vildi hafa hann sem lægstan, ef hann skyldi nokkur vera, og væri hann því heldur með $^1/_4$ al. en $^1/_2$ al. Annars þætti sjer það heppileg breyting að miða við álnir en eigi peningaupphæð, því að mismunurinn á álnargildinu í peningum væri mjög mismunandi. Í Skaptafellssýslu yrði t. a. m. að gjalda sömu upphæð í peningum með töluvert meiri landaurum, metnum eptir gildi verðlagsskrár, en í öðrum sýslum, og yrðu því skattarnir þar þyngri en annarstaðar, ef upphæð hans væri ákveðin í peningum, en annars jafnir, ef hann yrði ákveðinn eptir álnum. Eðlilegt væri að gjaldið lækkaði eptir því sem landaurarnir lækkuðu, og að ríghinda skattana við það, að landssjóðurinn skyldi allt af fá jafnt, væri alveg rangt. Hann kvaðst enn vilja taka það fram gegn ábúðarskattinum, að það væri næsta ósanngjarnt, ef hallæri kæmi og peningsfellir mikill, að menn skyldu vera jafnskyldir til að borga ábúðarskattinn, eins ríkir sem fátækir, þótt fátæklingarnir t. a. m. hefðu sumir misst nálega hverja skepnu.

Torfi Einarsson kvað komið hafa fram mikla reikninga um það, að skattarnir nýju stæðust á við manntalsbókargjöldin, en það þætti sjer eigi aðalatriðið, heldur það, hver gjaldstofn væri rjettastur, og ef þeir einu stofnar, sem hjer ræddi um, væru þeir rjettu, og engir aðrir til, þá væri hann með að hafa fastákveðið gjald á þá, sem landssjóðnum væri nóg; en sjer þætti nú ekkert efamál, að beinlínis skattarnir ættu ekki að skrúfast upp, heldur lækka sem mest, en tollarnir aptur að aukast, en menn hefðu nú sýnt hjer í deildinni, hver meining þeirra væri um tollhækkunina, en óhætt mundi þó, að hækka dálítið brennivínstollinn, því að brennivínsbaulan væri eigi stórum farin að geldast enn; þess hefði hann sjeð dálítinn vott fyrir skömmu.

Það kvað hann sjer þykja undarlegt, að menn skyldu allt af binda sig svo við gamlar venjur, að þeim mætti eigi raska, og þess vegna yrðu menn enn að bíta sig fasta í það, að hafa lausafjárskattinn sem hæstan; öllu skyldi enn sem optar demba á lausafjeð; þessi skattur ætti nú að koma á það ofan á allt annað, sem áður hvíldi á því, prestsgjöld, jafnaðarsjóðsgjald, útsvar, sem hann vissi til að á sumum hefði stundum orðið einsamalt 12 álnir á lausafjárhundraðið, og $^1/_4$ af afgjaldi jarða, og fleira mætti til telja. Það væri því að sínu áliti blindni og harðýðgi, að hækka skattana úr því sem þeir væru, en hann byggist eigi við, að þeir yrðu af teknir með öllu, og vildi hann því helzt gefa atkvæði með hinni lægstu upphæðinni, $^1/_4$ al. í ábúðarskatt og 1 al. í lausafjárskatt, og ef það fengi eigi framgang, mundi hann gjöra allt sitt til að málið fjelli á þessu þingi.

Jón Pjetursson kvaðst aldrei geta annað sjeð, en að rjett væri að leggja skatt á ábúðarhundruðin, og hjer um bil jafnháan á hvert þeirra, sem á hvert lausafjárhundrað; menn mættu eigi gleyma því, að ýmsum jörðum fylgdu ýms hlunnindi, bæði varp, dúntekja, selveiði, laxveiði, fiskiafli, grasatekja og margt annað, því að ýmislegt fleira kæmi til greina við gæði jarða en það eitt, að þær fleyttu fram svo og svo miklu af kvikfje. Þessi hlunnindi hefðu verið tekin með, þeg-

ar hundraðatal var sett á jarðirnar. Þá vjek hann að breytingaratkvæði sínu og 5. gr. frumvarpsins. Hann kvað sjer þykja 5. greinin varhugaverð, því að eptir henni mættu gjaldendur í rauninni eigi greiða skattinn í öðru en peningum. Að vísu væri sagt, að þeir mættu greiða hann í öðru, ef þá bresti peninga; en hann vildi spyrja, hvernig sannað yrði um þann og þann, að hann ætti enga peninga; og meðan hann þó eigi kæmi fram með slíka sönnun, gæti sýslumaðurinn neitað honum um, að taka af honum gjaldið í landaurum. Ákvörðunin um, að gjaldendur mættu greiða gjaldið í innskript hjá kaupmanni þeim, er sýslumaður tæki gildan, áliti hann að eigi ætti að standa í lögunum; hún legði sýslumönnum enga skyldu á herðar að taka gjaldið í innskript, og gæfi því gjaldþegninum engan rjett til að borga það þannig, fremur en sýslumaður vildi. Það væri sjálfsagt, að sýslumaður gæti og mætti taka á móti ávísun frá gjaldþegninum upp á hvern mann, svo vel kaupmenn sem aðra, er hann álítur gildan; en þetta þyrfti ekki að ákveða með lögum. Það væri þó ekki meiningin, að það skyldi hlaupa upp á landssjóðinn, ef kaupmaður sá yrði gjaldþrota, er sýslumaðurinn áleit gildan borgunarmann.

Þar sem þingmanni Þingeyinga hefði eigi líkað sín uppástunga, af því að þar væru til teknir landaurar, sem væru nærri því tvöfalt hærri en meðalalin, þá yrði hann að biðja þingmanninn að athuga það, að enginn bæði gjaldendur að greiða skattinn í þessum aurum, og þeir þyrftu þess eigi fremur en þeir vildu. En með því að presti væri goldið svo, að alin mætti alin í landaurum, sem eigi væru undir meðalalin, þætti sjer sanngjarnt, að sýslumanni væri goldið með sama hætti, þegar honum væru goldnir landaurar, og það þeim mun fremur, sem hann ætti að svara gjaldinu út frá sjer í peningum.

Sighvatur Árnason kvaðst vilja geta þess, að hann hefði tekið tekjuskattinn, sem nú væri ráðgjörður, með í reikningi sínum yfir ábúðar- og lausafjárskattinn, og þá kæmi alveg saman reikningur hans við reikning hins 5. konungkjörna þingmanns, og þessir skattar allir til samans stæðust hjer um bil á við manntalsbókargjöldin, en húsaskatturinn og atvinnuskatturinn yrði þá umfram, og þá yrðu nýju skattarnir allir til samans talsvert hærri en manntalsbókargjöldin, sem hann áliti alveg óþarft og of hart að gengið með þessa föstu skatta í heild sinni. Skýring varaforseta á því, hverjir undanþegnir ættu að vera, þætti sjer næsta ófullkomin, því að hann hefði eigi getað sannfært sig um, að eptir orðunum í breytingaratkvæðinu væru tilskildir aðrir menn en prestar og aðrir embættismenn; en ef þeir einir ættu framvegis að vera gjaldfrjálsir, þætti sjer öllum eigi gjört rjett, sem nú væru undanþegnir. Gjaldfrelsi hefði að vísu talsvert við að styðjast, en þó áliti hann prestum og sýslumönnum eigi vorkennandi að greiða skatta eins og bændur, ef laun þeirra yrðu bætt, eins og í ráði væri, en aðrir embættismenn hefðu þegar fengið fullgóð laun til þess. Hann yrði því að álíta, að undanþága þessi gripi ekki yfir þá, sem helzt ættu að fá hana, nefnil. hreppstjóra eða bændur, heldur eingöngu yfir hina, sem væru að fá þing af þingi launabætur.

Það kvað hann sig mjög furða, að þingmaður Þingeyinga skyldi eigi vilja líða ábúðarskattinn á svona lágu stigi, en vilja leggja allan skatt á lasafjárhundruðin, sem honum og öðrum væri fullkunnugt að nóg lægi á áður; og hann yrði að gæta þess, að lausafjárhundruð væru ekki allt lausafje, sem til væri. Þingmaður Strandasýslu hefði tekið það skýrt fram, hvað lægi á lausafjárhundruðunum, og væri hann honum samdóma um, að þær byrðar væru nærri óbærilegar, og mætti því eigi auka þær; en aptur á móti kæmust allar ínytjar jarða hjá skatti, ef ábúðarskattinum væri sleppt, því ínytjar væru ekki tíundaðar, en verkuðu aptur í móti á hundraðatal jarðanna, og þætti sjer það mjög ósanngjarnt, því að slíkar ínytjar væru bæði mjög víða og talsverðar, og hver maður mundi játa, að betra

væri að búa á ínytjajörð en öðrum jörðum í-nytjalausum. Eins og hann hefði fyr tekið fram í máli þessu, væri mjög varhugavert, að leggja mikið á lausafjeð, því að slíkt hepti dugnað og framför í landinu, og ætti því að dreifa sköttunum sem mest á aðra gjaldstofna líka.

Torfi Einarsson kvað það furðu gegna, að mönnum skyldi aldrei geta skilizt það, að gjald á ábúð jarða ætti sjer engan stað; það ætti þó að vera fullskiljanlegt, að ef jörðum fylgdu hlunnindi einhver, þá væri jörðin hærra leigð en ella, og eigandi jarðarinnar yrði að gjalda því meiri tekjuskatt. Ósanngirnin við ábúðarskattinn sæist og á því, ef eigandi tæki varp undan jörðu, sem væri t. a. m. 40 hndr. og varpið næmi 40 pd. dúns, þá kæmi nú tekjuskattur á þessi 40 pd., sem eigandi yrði að gjalda, en ábúandinn ætti samt að greiða jafnt af jörðunni eptir sem áður, þótt þetta væri af henni tekið, og kvaðst hann vilja spyrja, hvort slíkt væri í nokkru hófi? Ábúðarskatturinn hvíldi nátturlega á lausafje ábúanda, svo að álögurnar á það væru þyngdar með honum, sem allir yrðu að játa að ranglátt væri; en af gæðum jarðarinnar væri tekjuskattur goldinn, svo að því betri sem jörðin væri, því hærra yrði afgjaldið og jafnframt tekjuskatturinn. Hann væri því bæði mótfallinn því að hafa nokkurn abúðarskatt, sízt háan, og eins því að hækka lausafjárskattinn, úr því sem frumvarpið færi fram á.

Árni Thorsteinson kvað mundu mega koma í veg fyrir misskilning þingmanna á viðaukanum við 4. gr. um undanþágurnar, með því að orða hann ljósar, og mundi nægja að setja orðið «staða» fyrir «stjett», þó að þeir að vísu ættu að geta skilið viðaukann, eins og hann nú væri orðaður, á sama hátt og uppástungumennirnir sjálfir, því að í viðaukanum stæði: «þeir, sem nú eru» skyldu vera undanþegnir; en ef mönnum þætti þörf á því, mætti, ef til vildi, orða greinina ljósara, og koma með breytingaratkvæði í þá átt við 3. umræðu málsins; vildi hann því mælast til þess, að þeir, sem þætti viðaukinn óljóst orðaður, gæfu atkvæði sitt með honum við 2. umræðu, er þeir ekki hefðu móti innihaldi hans, en óskuðu, að hann væri öðruvísi orðaður.

Ásgeir Einarsson kvað nú búið vera að ræða talsvert um breytingar þær, er fram væru komnar, og ætlaði hann því eigi að fara í gegnum þær í þetta sinn. Þess vildi hann þó geta, að tölul. 8 á atkvæðaskránni þætti sjer engan veginn nægilega skýrt og greinilega orðaður, til þess að öllum gæti verið ljóst, hvað eiginlega feldist í honum. Mundi því þurfa að orða hann betur, ef menn ættu að fallast á hann. Það mundi þó verða að vera meiningin með þessum tölulið, að gjaldfrelsi það, er hjer um ræddi, skyldi ná til allra þeirra, sem slíkt gjaldfrelsi hefðu haft, og líka til hreppstjóranna, meðan þeir væru við hreppstjórnina. En ekki kæmi sjer það óvart, þó gat kæmi í reikningana, þegar frá yrði talin skatti þessum öll lausafjárhundruð embættismanna og ábúðarhundruð. (*Magnús Stephensen*: Gjaldfrelsi hverfur). Það hafi verið sagt, að undanþágur væru óbeinlínis embættistekjur, en það sýnist þá eigi vera, að því er snertir presta og líka aðra embættismenn, því það sje hvergi tilfært í tekjunum af embættum, er þau sjeu metin, og þó prestur tíundi t. d. 30 hndr. í lausafje, væri það eigi tekjur, og mætti því eins leggja þennan nýja skatt á hann sem á bændur, því prestur missti einskis í af tekjum sínum fyrir það. Prestur sá, sem er í brauði, ætti að hafa eins konar persónulegt tillag með þessu, og ef það væri persónulegt, ætti það að vera æfilangt, enda þó hann skipti um brauð, því hann skipti eigi um embætti, prestsembættið. Nú yrði svo eptir þessu, að sá, sem fengi embætti degi áður en lögin öðluðust gildi, nyti þessa gjaldfrelsis, en hinn, sem embætti fengi degi síðar, fengi ekkert slíkt. Annar væri gjaldfrjáls, þó hann tíundaði 50 hndr., en hinn væri bundinn æfilangt. Þetta mætti nú heldur en ekki kalla jafnrjetti, og það frá löggjafarþingi!!! Því hefði stundum verið hreift hjer í deildinni, þegar um tekjumissi einhvers hefði verið rætt, að óttast

þyrfti lögsóknir og þras út úr því, en hjer vildi svo til, að ráðherrann hefði þó verið þeirrar meiningar, að af nema skyldi allt þetta gjaldfrelsi, er hjer væri umtalsefni, enda væri maður þá laus við alla rekistefnu og krókastigu, og þyrfti þá eigi að vera að elta hvern einstakan embættismann; enda hefði hann fleira að athuga við þetta mál, sem hann mundi þá geyma til 3. umræðu.

Stefán Eiríksson kvaðst geta játað það, að varaforseti hefði máske skilið betur breytingu sína við 4. gr. en hann, en væri nú meiningin sú, að undan skilja hreppstjóra, þá vildi hann frábiðja þeim þessa undanþágu; það ætti við að launa þeim starfa sinn á allt annan veg. Hann kvaðst einnig vilja segja varaforseta það, að fleiri en ráðherrann hefðu komið fram með þá skoðun, að fella allar undanþágur embættismanna burtu; það hefði einnig utanþings-skattanefndin gjört með tekjuskatts-frumvarpi sínu; hann kvaðst enn vilja vísa varaforseta til ástæða stjórnarfrumvarpsins, þar gæti hann fundið álit ráðgjafans á máli þessu ásamt sjer.

Þá var gengið til atkvæðaskrár og einstakir töluliðir bornir upp, og fjellu atkvæði þannig:

1. Frumvarpsins 1. grein óbreytt samþykkt í einu hljóði.
2. Breytingaratkvæði Stefáns Eiríkssonar við breytingaruppástungur 4 þingmanna við 2. grein, að í staðinn fyrir: »½ alin á landsvísu» komi: »¼ álnar á landsvísu», fellt með 5 atkv. gegn 5.
3. Breytingaruppástunga 4 þingmanna við 2. grein, að í stað orðanna: »greiða 25 aura» komi: »greiða ½ alin á landsvísu», samþykkt með 7 atkvæðum gegn 3.
4. Frumvarpsins 2. grein með áorðinni breytingu samþykkt með 6 atkv. gegn 3.
5. Breytingaruppástunga 4 þingmanna við 3. gr., að í stað orðanna: »greiða 45 aura af hverju hundraði» komi: »greiða 1 alin á landsvísu», samþykkt með 7 atkv. gegn 4.
6. Breytingaruppástunga Sighvats Árnasonar, að aptan við 3. gr. bætist: »Frá gjaldi þessu skulu dregnar leigur af þinglesnum veðskuldum í tíundarbæru lausafje», tekin aptur.
7. Frumvarpsins 3. grein með áorðinni breytingu samþykkt með 7 atkv. gegn 4.
8. Breytingaruppástunga 4 þingmanna við 4. gr.: að aptan við greinina bætist: »Þó skulu þeir, sem nú eru undanþegnir manntalsbókargjöldum vegna stjettar sinnar, vera lausir undan þessum skatti æfilangt, nema þeir sjeu skipaðir í annað embætti, en þeir þá hafa, er lög þessi öðlast gildi», samþykkt með 7 atkv. gegn 3.
9. Frumvarpsins 4. grein með áorðinni breytingu samþykkt með 7 atkv. gegn 3.
10. Breytingaruppástunga 4 þingmanna við 5. gr.: a, að á eptir orðunum: »Gjaldið skal greitt í peningum» komi: »eptir meðalverði allra meðalverða í hvers árs verðlagsskrá, samþykkt með 7 atkv. gegn 4.
11. Breytingaruppástunga Jóns Pjeturssonar við 5. gr., að greinin orðist þannig: »Gjaldið skal greitt í peningum, sauðfjenaði, hvítri ull, smjöri, fiski eða dún. Sje það greitt í landaurum, skal alin í þeim mæta alin í gjaldinu, reiknaðri eptir meðalverði allra meðalverða í verðskrá þeirri, er þar þá gildir», fellt með 9 atkv. gegn 1.
12. Breytingaratkvæði Stefáns Eiríkssonar við breytingaruppástungu 4 þingmanna við 5. gr. b, að stafliður b falli burt, tekið aptur.
13. Breytingaruppástunga 4 þingmanna við 5. gr.: b, að aptan við greinina bætist: «enda sje það verð eigi hærra en gangverð á gjalddaga», samþykkt með 7 atkv. gegn 4.
14. Frumvarpsins 5. grein með áorðnum breytingum samþykkt með 7 atkvæðum gegn 3.
15. Breytingaruppástunga 4 þingmanna við 6. grein: að í stað orðanna: «sem hin eldri skattgjöld höfðu samkvæmt lög-

um» komi: «sem skattgjöld til landssjóðs hafa að lögum», samþykkt með 10 atkvæðum.

16. Frumvarpsius 6. grein með áorðinni breytingu samþykkt með 9 atkvæðum.
17. Frumvarpsins 7. grein óbreytt samþykkt með 8 atkvæðum gegn 3.
18. Fyrirsögn frumvarpsins samþykkt með 8 atkvæðum.
19. Frumvarpið í heild þess samþykkt með 7 atkvæðum gegn 3.
20. Að frumvarpið með áorðnum breytingum gengi til 3. umræðu, samþykkt með 9 atkvæðum.

Var það nú þannig orðað:

FRUMVARP
til laga um skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafje.

1. grein.

Öll manntalsbókargjöld þau, sem nú eru, skulu af numin; en þau eru: skattur, gjaftollur, konungstíund, lögmannstollur og manntalsfiskur.

2. grein.

Af öllum jörðum, sem metnar eru til dýrleika, hvort heldur eru bændaeignir, eignir kirkna eða prestakalla, þjóðeignir, eignir fátækra eða stofnana, eða hverju nafni sem nefnast, skal sá, er á jörðinni býr eða hefur hana til afnota, greiða $^1/_2$ alin á landsvísu af hundraði hverju.

3. grein.

Af hverju lausafjárhundraði, sem telja ber fram til tíundar, skal sá, er fram á að telja, greiða 1 alin á landsvísu.

4. grein.

Skattur þessi rennur í landssjóð, og skal goldinn sýslumönnum og bæjarfógetum á manntalsþingum ár hvert; frá honum veitast engar undanþágur, hvorki tilteknum stjettum nje eignum, þó skulu þeir, sem nú eru undanþegnir manntalsbókargjöldum vegna stjettar sinnar, vera lausir undan þessum skatti æfilangt, nema þeir sjeu skipaðir í annað embætti, en þeir þá hafa, er lög þessi öðlast gildi.

5. grein.

Gjaldið skal greitt í peningum eptir meðalverði allra meðalverða í hvers árs verðlagsskrá. Bresti gjaldanda peninga, getur hann greitt gjaldið í innskript hjá kaupmönnum, þeim er hlutaðeigandi sýslumaður tekur gilda, eða í landaurum þeim, er nú skal greina: sauðfjenaði, hvítri ull, smjöri, fiski og dún, eptir því verði, sem sett er á aura þessa í verðlagsskrá ár hvert, enda sje það verð eigi hærra en gangverð á gjalddaga.

6. grein.

Fyrir gjaldi þessu má gjöra fjárnám hjá gjaldanda samkvæmt opnu brjefi 2. apríl 1841, og hefur það í tvö ár frá gjalddaga forgöngurjett þann, sem skattgjöld til landssjóðs hafa samkvæmt lögum.

7. grein.

Gjald þetta skal krafið í fyrsta sinn á manntalsþingum árið 1879.

BREYTINGARUPPÁSTUNGUR
við frumvarp til laga um skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafje, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri þingdeildinni.

I. Breytingaratkvæði
frá 4 þingmönnum: Benidikt Kristjánssyni, Stefáni Eiríkssyni, Sighvati Árnasyni og Torfa Einarssyni.

Við 2. grein.

Í staðinn fyrir: «$^1/_2$ alin» komi «$^1/_4$ álnar».

Við 4. grein.

Síðari hluti greinarinnar eptir orðin: «frá honum» falli burt, og í hans stað komi: «eru undanþegnir sýslumenn og prestar, þangað til annað skipulag er komið á tekjur þeirra».

Við fyrirsögnina:

Í staðinn fyrir: «afnot» komi: «afnotum».

II. Breytingaratkvæði
frá sömu 4 þingmönnum.

Við 3. grein, aptan við hana bætist: «Nú

hvilir þinglýst veðskuld á lausafjárhundruðum, skal þá dregið frá gjaldinu svo mikið, sem svari tekjuskatti af leigu skuldarinnar».

Við 5. grein, að orðin í niðurlagi greinarinnar: «enda sje það — í gjalddaga» falli burt.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 36. fundi efri þingdeildarinnar, 15. dag ágústmán., kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu *frumvarp til laga um skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafje.*

Torfi Einarsson kvað áður hafa verið rætt um þá breytingu, að færa ábúðarskattinn niður úr ½ al. í ¼ al., og mundi því óþarft að útlista það frekar, enda mundu allir þeir, sem álitu, að nógu hátt gjald væri lagt á lausafje, játa, að eigi væri gjörlegt, að bæta þar við með ½ al. ábúðarskatti, sem kæmi í raun og veru niður á lausafjenu, og mundu þeir því fallast á þessa breytingu.

Sighvatur Árnason kvað breytinguna við 3. gr. vera færða í annan búning frá því, sem áður var. Ástæðurnar fyrir þessu breytingaratkvæði væru þær, að fyrirbyggja, að tvisvar yrði lagt gjald á hið sama, ef tekjuskatturinn kæmist á, og hins vegar til þess, að koma þessari grein í samhljóðun við 1. gr. tekjuskattsfrumvarpsins og 1. gr. húsaskattsfrumvarpsins, þar eð um þinglýstar veðskuldir væri að ræða. Því það væri jafnrjett að hafa tillit til veðskulda í lausafje, eins og í húseign og jarðeign, enda væri hjer eigi farið fram á meira, en svaraði tekjuskatti af leigu skuldarinnar. Viðvíkjandi 5. gr. gæti hann eigi fellt sig við gangverðið, því hann vildi, að opinber gjöld miðuðust við fastan mælikvarða, en eigi hinn reikula grundvöll gangverðsins. Að sýslumenn þurfi að líða halla fyrir þetta, fengi hann eigi sjeð, því þeim væri ætíð innanhandar að halda uppboð á þessum landaurum, og skila svo söluverðinu. Hjer væri því engin hætta á ferðum, þó sleppt yrði þessari ákvörðun 5. greinar. Þar sem hann hefði fallizt á að lækka skattálöguna í 2. gr., þá kæmi það til af því, að hann vildi hafa föstu skattana sem lægsta, og af því hann þættist sjá, að lausafjárskattinum yrði eigi þokað niður úr 1. al. af hndr., sem hann þó hefði óskað, þá vildi hann heldur halla sjer að því, að lækka ábúðarskattinn, svo að skattgjaldið yrði eigi óþarflega þungt yfir höfuð og sem minnst tilfinnanlegt gjaldendum. Önnur ástæða fyrir því, að hann gæti fellt sig við lækkun ábúðarskattsins, væri sú, að tvísýnt væri, hvort lagfæring fengist á jarðamati því, sem nú væri í gildi, sem sjer þætti hafa svo mikla galla, að ófært væri að byggja á því ábúðarskatt.

Stefán Eiríksson kvaðst hafa tekið það skýrt fram við 2. umræðu, að almenningur gæti ekki einu sinni risið undir hinum gömlu sköttum, hvað þá hærri, og það hefði komið sjer til að lækka ábúðarskattinn niður í ¼ al. Menn ættu eigi eingöngu að einblína á ábúðar- og lausafjárskattinn, því landssjóðurinn hefði fleiri tekjugreinir og þær miklar, ef öll kurl kæmu til grafar, og það væru tollarnir, eptir lögum 11. febr. 1876, það mætti eigi miða við það, hvað þeir hefðu verið í fyrra, þar sem eigi hefði innheimzt tollur af nærri því öllum skipum, sem komu til landsins, því kaupmenn hefðu, eins og kunnugt væri, keppzt við að koma til landsins, áður lögin væru þinglesin. Svo væri og eitt atriði, sem mælti móti því, að hafa skattinn háan, það væri það, að eptir hinum nýju tíundarlögum, sem væru í smíðum, mætti gjöra ráð fyrir, að lausafjárhundruðum tíundarbærum fjölgaði að minnsta kosti allt að þriðjungi, og þó ¼ al. af ábúð og 1 al. á lausafje yrði samþykkt, mundi nóg gjald fást á móts við hin gömlu gjöld í landssjóð, og þó það yrði ekki, þá mundu tollgjöldin fylla í skarðið, eptir því sem komið hefur inn af þeim fáu skipum, sem náðist í í fyrra-vor með hækkandi tollgjöld.

Árni Thorsteinson kvaðst vilja láta í ljósi skoðun sína á þessu máli, áður en 3. umræðu væri lokið, eigi til þess að hafa

áhrif á aðra eða annara atkvæði, heldur til þess að rjettlæta og gjöra grein fyrir atkvæði sínu. Væri sjer eigi geðfelld sú stefna, er tekin hefði verið með mál þetta frá upphafi. Strax frá fyrstu byrjun hefði verið stefnt að því, bæði af þinginu og skattanefndinni, að hið nýja gjald skyldi vera eitt. Þessu hefði hann verið mótfallinn, er hann hefði viljað halda hinu forna gjaldi að svo miklu leyti, sem við það hefði mátt una. Hið forna gjald væri margra alda gamalt, komið inn í meðvitund þjóðarinnar, hún orðin því vön, og margur ójöfnuður, sem hinn forni skattur hefði haft, væri horfinn með tímalengdinni og ýmsum atvikum, svo sem í kaupum og sölum og afgjaldi af jörðunum, sem allt færi eptir skuldaþyngslunum. Að hans áliti hefði hinn mesti ójöfnuður legið í 20 al. skattinum af lausafje og fasteign samanlögðu. Þetta gjald hefði orðið að af nema, því það hefði verið bæði órjettlátt og ósanngjarnt. En þá er eitthvað hefði átt að setja í staðinn fyrir það gjald, hefði sjer einlægt virzt, sem það mundi vera hæpið að láta ígildi skattsins lenda á öllum skattgreiðendunum, bæði þeim, sem engan skatt hefðu áður goldið, og þeim, sem áður hefðu haft gjaldfrelsi. Öðru máli væri að gegna um tíund af lausafje og fasteign. Gjald þetta væri svo samkvæmt í sjálfu sjer, væri svo gilt að lögum og elli og svo samtvinnað við gjald til annara stjetta, að rjettast hefði að hans áliti verið, að halda tíund allri óbreyttri. Hið sama yrði hann að segja um gjaftollinn að nokkru leyti; þó hann hvíldi eigi á eins föstum rótum og tíundin, hefði hann að sínu áliti helzt átt að vera grundvöllur fyrir nýjum lausafjárskatti, og einungis að breyta stigum hans, af því þau hefðu verið ójöfn, og þurft lagfæringar við. Hann hefði helzt viljað koma skattinum yfir á óbeinlínis gjöld, en byggja upp aptur hin önnur gjöld eða lagfæra þau.

Þetta væri nú hans skoðun enn þá, eins og áður; en þar sem málið hefði fengið aðra stefnu frá fyrstu byrjun, hefði hann hvorki opinberlega eða á annan hátt gengið á hólm við aðra með þessa skoðun, eða gengið í fylkingu með öðrum. Einmitt þetta væri ástæðan til þess, að hann nú gengi að frumvarpinu, eins og það er, og gæti í aðalefninu aðhyllzt það. Hið fyrsta skilyrði væri, að hið gamla, sem verið hefði, breyttist sem minnst, svo að sú sanngæring gæti komizt inn hjá greiðendunum, að gjaldið hefði hinn gamla og fasta grundvöll við að styðjast, og væri eigi gripið eins og úr lausu lopti. Í þessu tilliti virtist sjer frumvarp þetta, þótt það hefði, ef til vill, nokkra agnúa, sem ekki kynnu að lagast eða verða þokkasælir, þó hafa talsverða kosti. Frumvarpið væri að hans áliti svo gott sem kostur væri á, eptir því sem um væri að gjöra með þeirri stefnu, er tekin hefði verið, og væri því eigi ástæða til þess að fella málið, þó að ágreiningur væri um nokkur atriði. Hann yrði að leggja áherzluna á, að eigi væri vikið mjög mikið frá hinu gamla, og að nýmælin ekki kæmu fram sem breytingar, heldur sem lagfæringar. Nú væri þá að skoða hlutfallið milli hins nýja skatts og hinna gömlu manntalsbókargjalda. Hin fornu gjöld hefðu á lausafjenu verið tíund um $^1/_3$ af 1 hndr. eða rjettara sagt $^{30}/_{100}$. Svo hefði verið goldinn gjaftollur. Hver upphæð hans væri að meðaltali á hvert lausafjárhundrað, væri eigi hægt að segja; eptir skýrslu skattanefndarinnar væri gjaftollurinn 31,129 al. af 60,350 hndr., það er rúm $^1/_2$ al. af hverju hundraði. Þó væri gjaldið í raun og veru nokkuð og ekki lítið hærra, þar sem rúmur $^1/_6$ partur af lausafjárhundruðum væri undir skiptitíund, og gjaftollurinn á lægri tíundarupphæðum hefði hærri stig. Svo lenti og $^1/_3$ partur af lögmannstollinum á lausafjeð. Þannig kæmi fram það mat af hans hálfu, að hann telur, að 1. al. gjald af lausafje sje nærri lagi við það gjald, sem áður hafi að jöfnuði verið á lausafje. En vitaskuld væri það, að í einstökum tilfellum kynni gjaldið að leggjast þyngra á einstöku greiðendur en áður, og í einstöku tilfellum verða vægara; en hjá þessu

verði ekki komizt. Menn yrðu að láta sjer nægja, ef aðalstefnan væri viðunanleg í eins margbrotnu máli og þessu.

Að því er snerti gjald á fasteign, væri hin gamla fasteignartíund $^{30}/_{100}$ af 1 hndr. Þar við bættist lögmannstollur 1 eða 2 fiskar á hvern búanda, og að því leyti 20 ál. skatturinn allur eða nokkuð af honum ætti nú að felast í þessu gjaldi; hann vildi helzt, að það ekkert væri, en kæmi í óbein gjöld. Þá væri það ljóst, að upphæð fasteignargjaldsins öllu fremur ætti að vera $^1/_2$ al. heldur en $^1/_4$ ál. Að minnsta kosti lægi þessi upphæð nær heldur en $^{25}/_{100}$, þar sem tíundin einsömul væri $^{30}/_{100}$. Aðalágreiningurinn, nú sem stæði, væri um það, hvort gjöldin samanlögð skyldu vera $1^1/_4$ al. eða $1^1/_2$ al.; $1^1/_4$ al. væri of lítið, $1^1/_2$ al. heldur mikið, en hið sanna lægi þó nær $1^1/_2$ al. eptir hans skoðun. Hið gamla gjald að frá töldum öllum undanþágum hefði verið rúm 108,000 ál.; hið nýja gjald væri með $1^1/_2$ al. af lausafje og fasteign rúmar 103,000 ál., og sæist þá, að gjaldið væri góðum mun lægra, þegar athugað væri, að í þeim nefndu rúmum 108,000 ál. ekki væri talið gjaldfrelsi á jörðum og lausafje, það er nú ætti að af nema. Að öllu samantöldu álítur hann þess vegna rjettara nú sem stendur að aðhyllast álnargjald af lausafje, $^1/_2$ al. gjald af fasteign. Mismunurinn á fasteignargjaldinu, hvort það væri $^1/_4$ eða $^1/_2$ al., væri þó nokkur, þar sem það gjörði 21,688 ál. mun. Allt fyrir þetta væri þó engin frágangssök að ganga að því, að gjaldið væri ákveðið $^1/_4$ al., og það mundi hann gjöra, ef frumvarpið væri í því lagi, sem hann óskaði, og þá væri aðalatriðið, að hinu persónulega gjaldfrelsi væri haldið, þangað til að það hyrfi jafnóðum, og það mætti eins vel ljetta því af smátt og smátt, án þess að neinn yrði fyrir órjetti, og það mundi heldur ekki líða á mjög löngu, áður en þetta jafnaði sig.

Um leið og hann þannig kvaðst mundu greiða atkvæði í þessa átt, tók hann fram eitt atriði, sem fyrir sig væri mjög verulegt, sem fyrir honum stæði eins og skilyrði fyrir allri velferð þessara laga. Að ganga í vasa manna til að heimta gjöld, væri varasamt; vasinn væri reyndar ekki eins viðkvæmur og hjartað, en þó nokkur munur væri á því, áliti hann ófært að löggilda skattalög með litlum atkvæðafjölda. Sá vilji löggjafans, sem þingið úttalaði, yrði að vera kröptugur, svo ekki kæmu seinna raddir fram, jafnvel úr þinginu sjálfu, sem bæru á bak aptur það, sem gjört hefði verið. Allir hefðu að vísu starfað af góðum hug og eptir beztu sannfæringu, en hann yrði að leggja mikla þýðingu í, hve áríðandi þessi lög væru. Stjórnarskrá mætti ei breyta nema með miklum atkvæðafjölda; um skattalög væri slíkt eigi lögtekið, en grundvallarreglan, í það minnsta fyrir sjálfan hann, hlyti að vera sú sama.

Þar eptir kvaðst hann ætla að tala nokkur orð um breytingaratkvæðin. Hann gæti eigi aðhyllzt uppástunguna við 3. gr., að af þinglesnum veðskuldum á lausafje skyldi leigur draga frá gjaldinu. Hann sæi ekki í hverju þessar skuldir eða leiga af þeim ætti að vera rjetthærri en aðrar skuldir. Úr því um einungis þinglesnar skuldir væri að ræða, væru þær fáar, og breytingin þýðingarlítil, og nærri bezt að sleppa slíkri undanþágu. 4. gr. í frumvarpinu væri svo ljóslega orðuð, að hún ekki gæti orðið misskilin. Hann gæti eigi skilið, að sýslumenn og prestar skyldu njóta persónulegs gjaldfrelsis, en ekki hreppstjórar. Þeir ættu sízt af öllum að missa ívilnun þessa, sem væri næsta lítil, og ekki gæti dregið landssjóðinn. Breytingin við 5. gr. væri alveg nauðsynleg til þess, að landssjóðurinn yrði ekki fyrir halla. Nú sem stæði hefðu allir greiðendur í Kjósar- og Gullbringusýslu og þeim hjeruðum getað goldið gjöld sín í vor með 59 kr. 40 a. fyrir skippundið, en í kaupum og sölum fengjust einungis 50 kr. út á skippundið í vörum, ekki í peningum. Nokkuð líkt væri um dúnverðið, og gæti slíkt opt komið fyrir.

Eiríkur Kúld kvað 6. konungkjörna hafa tekið fram það, sem þurft hefði út af breyting-

unni við 5. grein, og líka 4. gr., að þar vanti að tilgreina hreppstjórana, sem missa af undanþágunni, ef þeir flytjast burt úr sveit og verða hreppstjórar annarstaðar. Undanþágurnar í 4. gr. yrðu engan veginn svo miklar, að því er presta snerti, því hinir ungu prestar, sem hefðu lakari brauðin, sæktu um önnur brauð með tímanum, og þá hyrfi undanþágan, en þeir, sem ekki sæktu, væru flestir eldri prestar, sem hefðu góð brauð, og þeim mundi smátt og smátt fækka. Breytingin við 2. gr. væri síður geðfelld sjer, en þó vildi hann eigi, að hún yrði til að fella málið, ef hún kæmist að; það kostaði of mikinn tíma og fje að eyða til þess tveimur þingum, að leiða þetta mál til lykta, með því líka mjög óvíst væri, hvort málið ynni nokkuð, þó því væri frestað til næsta þings og hringlað með það fram og aptur í blöðunum, enda fyndist sjer flest eða allt það, sem ritað hefði verið um það síðan, að álitsskjal utanþingsnefndarinnar kom út, ekki hafa neitt bætt, ef ekki spillt fyrir málinu, og svo mundi verða, þó það biði nú til næsta þings. Það væri kannske rjettara að lofa neðri deildinni að breyta eða færa niður ábúðarskattinn í 1/4 ál., en bíða heldur með það hjer. Fjelli burtu skilyrði það, sem sett væri í 4. gr., þá mundi hann hvorki greiða atkvæði með 1/4 al., nje frumvarpinu yfir höfuð.

Sighvatur Árnason sagði, að 6. konungkjörni hefði ætlað, að það ætti sjer óvíða stað, að veðskuldir á lausafje væru þinglýstar, en þó vissi hann dæmi til þess. Ef breytingin við 3. gr. kæmist að, yrði það til að hvetja menn til að tryggja skuldir sínar. Það væri opt, að menn veðsettu bú sitt og lausafje fyrir skuldum. Ef allar skuldir væru teknar, gæti það aptur orðið til þess, að koma mönnum til að hafa brögð í frammi, og líka valda ágreiningi um sannanir þær, sem með þyrfti um skuldir. En ef það væru að eins þinglýstar skuldir, ynnist með því tvennt, bæði að menn ljetu sjer annt um skuldatryggingu, og svo líka jafnrjettið í samanburði við hin skattalagafrumvörpin.

Benidikt Kristjánsson kvað breytingum þeim, sem fram væru komnar, hafa verið mótmælt að nokkru leyti, að nokkru ekki. Fyrirsagnarbreytingin væri að eins orðbreyting; skatturinn væri lagður á afnot, en er hann væri á lagður, hvíldi hann á afnotum, og kvaðst hann því treysta því, að þessi breyting yrði samþykkt. Hann fjellist á að lækka ábúðarskattinn úr 1/2 í 1/4 al., af þeirri ástæðu, eins og hann hefði tekið fram við 1. umræðu, að hann af tvennu illu vildi velja hið minna. Eigandinn gildi skatt af fasteigninni o: tekjuskattinn, og ábúandinn af búseign sinni o: lausafjenu, og ábúðarskatturinn væri því lagður á ekki neitt. En úr því hann væri óumflýjanlegur, ætti hann að vera sem minnstur. Breytingin við 3. gr. hefði verið varin og það með rökum. Fyrst greiða ætti skatt af 60 ál. í tíundbæru lausafje, væri það eins dæmi í skattalögum, er fátæklingur, sem ætti 2—3 lausafjárhundruð, er veðsett væri, ætti að greiða skatt af þeim fyrir utan leigu af skuldinni. En ef veðið væri í öðru en lausafje, væri það undanþegið.

Breytingin við 4. gr. væri, ef til vildi, eigi sem heppilegast orðuð. Það hefði vakað fyrir uppástungumönnum að undanþága 4. gr. næði eigi til prestekkna og uppgjafapresta, því greinin gengi út frá því við undanþáguna, að skipti eigi yrðu á embætti, en gætu þó orðið, og þá fjelli undanþágan, en nú gæti eigi prestekkjur skipt um embætti. Væri því næst að halda, að greinin næði eigi til prestekkna, að því er snerti undanþáguna. En hins vegar hefðu þeir geugið út frá því, að löggjöfin mundi bráðum gjöra breytingu á kjörum prestaekkna, og veita þeim eptirlaun eptir sömu reglum og öðrum embættismannaekkjum, og því hefðu þeir eigi tekið þær með í breytinguna. Hann væri því ekki mótfallinn, að hreppstjórar fengju þóknun út af fyrir sig, en með því starfi þeirra væri nú orðinn annar en verið hefði,

er þeir væru nú lögregluþjónar, mundi þeim verða sjeð fyrir einhverjum launum, um leið og samið yrði erindisbrjef þeirra. En hins vegar sættu þeir eigi þyngri kjörum en sumir aðrir, t. d. hreppsnefndarmenn og einkum oddvitar hreppsnefnda, sem engin slík laun fengju.

Þegar nú litið væri á 4. gr. sjálfa, þá væri í henni hugsunarruglingur. Því undanþágan væri bundin við stjett, og væri því eigi upphafin, þó embættaskipti yrðu í sömu stjett. Þegar sleppt væri meginreglunni í 4. gr., sem væri óþörf upptekning ákvæða 2. gr., væri ekki annað eptir af henni en það, sem undantekningin æti upp. Eðlilegra væri að takmarka undanþáguna við það, að annað skipulag kæmist á tekjur sýslumanna og presta, eins og nú væri á prjónunum. Breytinguna við 5. gr. hefði hann fallizt á, af því að þeir aurar, sem leyft er að gjalda í, eru góðir aurar, og hann ætlaði, að það mundi jafna sig, þó gangverðið kynni að vera litlu lægra á stundum en meðalverðið, því það kynni þá aptur að verða hærra í annað skipti; þetta mundi því jafna sig, þar sem landssjóðurinn væri stöðugur gjaldtakandi. Auk þess væri það athugandi, að ef frumvarp það til laga um verðlagsskrár, sem nú væri í tilbúningi, kæmist á, þá mundi minnka hinn árlegi mismunur á meðalverði og gangverði í hverri sýslu eða sýslunefndarumdæmi.

Torfi Einarsson kvað sjer svo hafa skilizt orð hins 6. konungkjörna þingmanns, að honum þætti rjettast að lagfæra hina gömlu skatta, en leggja áherzluna á það, að þeir nýju skattar skyldu eigi verða hærri en hinir gömlu. Hann hefði og getið þess, að lausafjárskatturinn og ábúðarskatturinn gætu eigi fullkomlega náð hinni gömlu skattaupphæð, ef ábúðarskatturinn væri að eins $^1/_4$ al., en mundi aptur fyllilega gjöra það, ef höfð væri $^1/_2$ al. Enn fremur hefði honum þótt rjett, að leggja skatt bæði á ábúð og lausafje. Nú kvað hann sinn skilning á skattamálinu vera þann, að húsaskattinum og tekjuskattinum ætti að bæta við hina skattana, og ef þeir svo allir til samans yrðu jafnir manntalsbókargjöldunum, mundi vera óhætt að hafa ábúðar- og lausafjárskattinn dálítið minni en manntalsbókargjöldin, því að húsa- og tekjuskatturinn mundu þó fylla eitthvert skarð. En viðvíkjandi ábúðarskattinum, sem menn hjeldu svo með, mundi hann nú verða að segja það, sem hann allt af hefði sjeð, en eigi komið beinlínis fram með enn þá, að það mundi vera tilgangur sumra þingmanna, sem hann hirti eigi að nefna, með ábúðarskattinum, að auka dálítið við lausafjárskattinn; þeim þætti hann eigi nógu hár enn, og vildu svo smeygja inn viðauka við hann undir nafninu «ábúðarskattur», sem lagður væri á leiguliða óbeinlínis í viðbót við lausafjárskattinn; og sæist þessi hugsun bezt á því, að þeir gætu nú eigi varið ábúðarskattinn með öðru en því, að hann væri lagður á jarðeigendur óbeinlínis í viðbót við tekjuskattinn.

Árni Thorsteinson kvaðst eigi taka sjer það nærri, þótt þingmanni Þingeyinga hefði fundizt hugsunarruglingur í 4. gr., því í þá grein yrði af öðrum eigi lagður nema einn skilningur, og það einmitt sá rjetti. Það hefði, ef til vill, verið fullkomnara að setja á eptir orðin: »þó skulu þeir» »eða þær», því að þá hefðu prestaekkjurnar greinilega náðst með, en uppástungumönnum hefði nú orðið þetta á. En sá eini og rjetti skilningur, sem allir þeir, er vildu, yrðu að leggja í greinina, væri, að allir þeir, sem sökum stöðu sinnar nú væru lausir við gjald, skyldu vera það framvegis, nema þeir tækju annað embætti. Með þessum mönnum mætti telja hreppstjóra; þeir væru stjett, og þyrfti ekki annað til þess að sannfærast um það, en að hyggja að hreppstjórnar-instrúxinu og minnast orðanna: «hin heiðarlega hreppstjórnarstjett». Hann kvaðst halda fast fram þeirri skoðun, að hreppstjórarnir skyldu og ættu að vera undanþegnir framvegis, eins og þeir væru nú; það væri sannlega ekki of mikil þóknun eða ívilnun fyrir þá, fyrir hið mikla ómak og umstang, er þeir hefðu. Þótt hann

væri samþykkur þingmanni Þingeyinga í því, að þeir ættu helzt að fá laun, þá vildi hann ekki eins og hann launa þeim með voninni, og ímyndaði hann sjer, að það mundi dragast að ákveða þeim laun með lögum. Að sanngjarnt væri og rjett, að láta menn missa undanþágurjettinn, ef þeir sæktu um annað embætti, sæist á því, að menn væru látnir ganga að því vísu, að svo færi, og væru því látnir sjálfráðir, hvort þeir sviptu sig rjetti þessum, með því að sækja um nýtt embætti. Það kvaðst hann eigi geta sjeð, að landssjóðnum væri eigi hætta búin, ef breytingaratkvæðið við 5. gr. væri tekið til greina, því að sjer sýndist það verða þvert á móti. Gjaldendunum væri gefinn allur rjetturinn til að gjalda í því, sem þeim væri mestur hagur í það og það skipti, og það mundu þeir eflaust nota, en landssjóðurinn yrði að taka það allt með þökkum, þótt það væri honum í skaða.

Ásgeir Einarsson kvaðst nú lengi hafa setið og góðs beðið, og hlýtt á ræður manna, og heyrt þá færa fram ýmsa reikninga, sem að vísu bæri eigi sem bezt saman um það, að landssjóðurinn fengi of lítið fje, ef ábúðarskatturinn væri eigi nema ¼ al.; ýmislegt hefði að sönnu verið tilfært, sem ríkaði tekjur landssjóðsins, svo sem tekjuskattarnir, sem ekki væri hægt að sjá fyrir hvað miklir yrðu, en enginn hefði minnzt á tíund þá, er nú væri verið að leggja á tryppin, en ef sú uppástunga kæmist fram, þá gæti það aukið landssjóðstekjurnar talsvert, eptir því sem ráða mætti af landshagsskýrslunum. Yfirvöldin ættu og að gæta þess betur en áður, að hrópleg tíundarsvik væru eigi tíðkuð, sem eigi mundi minnst skaða landssjóðinn, því þau mundu víðar eiga sjer stað en á Suðurlandi, en skýrsla sjálfs landshöfðingjans um fjárframtalið hjer sunnanlands, væri þingmönnum kunnug síðan 1875. 4. greinin hefði nú verið eitthvert mesta þrætuepli. Varaforseti hefði verið svo angurvær yfir því, ef halinn, sem hann setti á hana, kynni að falla, að hann hefði heitazt við að fella þá allt skattamálið, en hjer væri bót í máli, að hann mætti eigi einu við öllu þingi. Hann yrði nú að vera einn, sem reyndi til að skaprauna honum út af þessari grein, því að hann sæi eigi betur, en að fyrri partur greinarinnar bannaði svo stranglega, sem hægt væri, allar undanþágur, en rjett á eptir kæmu þó undantekningar, sem gjörðu það að verkum, að sjer litist fremur samanhengislítill hugsunarþráður í greininni, og væri sjer grunur á, að ráðgjafanum mundi eigi finnast greinin bera þess vott, að hún væri samin af vitringum miklum. Þar sem höfundar greinar þessarar vildu láta hana ná til hreppstjóra, eptir því, sem hún væri orðuð, þá mætti segja um þá, «að undarlega verður á vitrum mönnum», því að greinin sýndist eigi bera það með sjer, að svo væri til ætlazt. Það mundi og vera höfundunum kunnugt, að hreppstjórarnir misstu eigi þau rjettindi, sem hreppstjórninni fylgja, eptir nú gildandi ákvörðunum, fyr en hið nýja «Instrúx» fyrir þá, sem í ráði væri, breytti þeim (Varaforseti og 5. og 6. konungkjörni sögðu «nei»), að minnsta kosti hefðu hreppstjórar í Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu skilið þetta svo. Það væri og sama, sem að berjast við skugga einn, að reyna að halda hreppstjórunum í gjaldfrelsi, eða að veita þeim ívilnun, en sleppa sveitarstjórnunum og oddvitunum, sem eigi hefðu minni starfa á hendi en þeir, og fengju enga þóknun fyrir, en bæru nú þær byrðar mestar, er á hreppstjórum hefðu legið áður. Fyrir sitt leyti vildi hann helzt engar undanþágur, en ef nokkrar væru, þá helzt tilteknar á þann hátt, eins og í breytingaratkvæðinu við 4. gr. væri gjört. Þess væri og að gæta, að þeir hreppstjórar einir, er væru talsvert ríkir, gætu haft gagn af þessari undanþágu, en hinir fátækari þar á móti lítið sem ekkert. Það mætti og búast við því, að þeir, sem undanþegnir væru manntalsbókargjöldum, að því leyti, sem þeir byggju á tíundarfrjálsri jörðu, heimtuðu að svo yrði framvegis, ef á annað borð væru gefnar undanþágur

nokkrar þeim, sem áður hefðu verið undanþegnir, og væru því þessar undanþágur varhugaverðar. Staða hreppstjóra væri öðruvísi nú en áður, nú væru þeir lögregluþjónar, og ættu að fá laun sín á sama hátt og lögreglustjórnin, en ekki af búi sínu, sem líka yrði mesti ójöfnuður milli hreppstjóranna.

Eiríkur Kúld kvað þingmann Húnvetninga eigi hafa gáð að því orði, er mest áherzla lægi á í 4. grein, nfl. «þeir, sem nú eru», og ef hann tæki eptir því, mundu hverfa hugsunarvillur þær, sem honum hefðu fundizt í greininni; eins mundi hann sjá, ef hann læsi 4. grein nákvæmlega til enda, að eigi væri hætt við, að þeir menn heimtuðu undanþágur, sem byggju á tíundarfrjálsum jörðum, og eigi hefðu annað til síns máls. Hann yrði enn að taka það fram, að hin mesta sanngirni mælti með því, að þær undanþágur, sem 4. grein færi fram á, væru veittar, enda væri slíkt alveg samhljóða við 7. grein launalaganna, og hjer væri eigi um annað að ræða, en að svipta menn eigi þeim rjetti, sem þeir hefðu, nema að þeir vildu gjöra það sjálfir.

Jón Pjetursson kvaðst eigi skilja, hví breytingaratkvæðið við 4. gr. gjörði sýslumenn og presta rjetthærri en aðra embættismenn, sem hefðu einhverja jarðarparta til afnota, og væru af sömu ástæðu og hinir nú undanþegnir manntalsbókargjöldunum; þannig t. a. m. skildi hann eigi, því landshöfðinginn og landfógetinn, er báðir hefðu jörð, ættu að vera rjettminni en presturinn í Reykjavík og bæjarfógetinn; eins væru ýmsir embættismenn aðrir hjer í Reykjavík, er hefðu landsparta, er metnir væru til hundraða, til afnota, og jarðarparta annarstaðar. Sjer fyndist engin ástæða þannig, sem sagt, til að taka að eins til sýslumenn og presta, en útiloka alla aðra embættismenn frá undanþágunum.

Ásgeir Einarsson kvaðst varla þurfa að svara varaforseta, þar eð hann hefði eigi hrakið, að eignir og bú væri annað en embættislaun, og þess vegna stæði það enn, að fátækir hreppstjórar hefðu lítið gagn af þessari ívilnun, en ríkir nokkurt, og væri slíkt engin sanngirni, þar sem báðir hefðu jöfn störf, og sá fátæki stundum, ef til vildi, meiri. En það væri sanngjarnt, að láta þá fá viss laun sem lögregluþjóna, eins og lögreglustjórarnir fengju. Þess kvaðst hann verða að minnast, sem varaforseti hefði einu sinni sagt, að hann kynni að samþykkja breytingaratkvæðin, ef neðri deildin tæki þau upp; sjer þætti það undarlegt, að hann gæti eigi eins samþykkt þau, þótt þau kæmu frá mönnum hjer í deildinni, en vildi taka neðri deildina fyrir meistara, sem hann hefði þó stundum verið að hnýta í. Það væri þó auðsjáanlega til tímatafar, að fara svo að.

Forseti bar þá undir atkvæði breytingaratkvæðin við frumvarpið og var:

breytingin á 2. gr. felld með 6 atkv. gegn 5
— á 3. — samþykkt — 6 — — 5
— - 4. — felld með 7 — — 4
— - 5. — — — 6 — — 3

— á fyrirsögninni var samþykkt með 8 atkvæðum, og frumvarpið sjálft með 7 atkv. gegn 4. Kvað forseti það þá verða afgreitt og sent aptur til forseta neðri deildarinnar.

Var það nú þannig orðað:

FRUMVARP
til laga um skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje.

1. grein.

Öll manntalsbókargjöld þau, sem nú eru, skulu af numin; en þau eru: skattur, gjaftollur, konungstíund, lögmannstollur og manntalsfiskur.

2. grein.

Af öllum jörðum, sem metnar eru til dýrleika, hvort heldur eru bændaeignir, eignir kirkna eða prestakalla, þjóðeignir, eignir fátækra eða stofnana, eða hverju nafni sem nefnast, skal sá, er á jörðinni býr eða hefur hana til afnota, greiða ½ alin á landsvísu af hundraði hverju.

3. grein.

Af hverju lausafjárhundraði, sem telja ber fram til tíundar, skal sá, er fram á að

36*

telja, greiða 1 alin á landsvísu. Nú hvílir þinglýst veðskuld á lausafjárhundruðum, skal þá dregið frá gjaldinu svo mikið, sem svari tekjuskatti af leigu skuldarinnar.

4. grein.

Skattur þessi rennur í landssjóð, og skal goldinn sýslumönnum og bæjarfógetum á manntalsþingum ár hvert; frá honum veitast engar undanþágur, hvorki tilteknum stjettum nje eignum; þó skulu þeir, sem nú eru undanþegnir manntalsbókargjöldum vegna stjettar sinnar, vera lausir undan þessum skatti æfilangt, nema þeir sjeu skipaðir í annað embætti, en þeir þá hafa, er lög þessi öðlast gildi.

5. grein.

Gjaldið skal greitt í peningum eptir meðalverði allra meðalverða í hvers árs verðlagsskrá. Bresti gjaldanda peninga, getur hann greitt gjaldið í innskript hjá kaupmönnum, þeim er hlutaðeigandi sýslumaður tekur gilda, eða í landaurum þeim, er nú skal greina: sauðfjenaði, hvítri ull, smjöri, fiski og dún, eptir því verði, sem sett er á aura þessa í verðlagsskrá ár hvert, enda sje það verð eigi hærra en gangverð á gjalddaga.

6. grein.

Fyrir gjaldi þessu má gjöra fjárnám hjá gjaldanda samkvæmt opnu brjefi 2. apríl 1841, og hefur það í tvö ár frá gjalddaga forgöngurjett þann, sem skattgjöld til landssjóðs hafa samkvæmt lögum.

7. grein.

Gjald þetta skal krafið í fyrsta sinn á manntalsþingum árið 1879.

Á 44. fundi neðri þingdeildarinnar, 16. dag ágústmán., var *frumvarp til laga um skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje*, eins og það hafði verið samþykkt í efri þingdeildinni útbýtt meðal þingdeildarmanna, og skoraði forseti á nefnd þá, er áður hafði fjallað um málið að láta uppi álit sitt um það, eins og það nú væri orðið.

NEFNDARÁLIT

um skatt á búð og afnotum jarða og á lausafje.

Efri deild alþingis hefur gjört nokkrar breytingar við ofannefnt frumvarp og getur nefndin fyrir sitt leyti aðhyllzt sumar þeirra, en sumar ekki. Skal að eins getið þeirra breytinga, sem nefndin getur eigi fallizt á.

Við 2. grein.

Ábúðarskattur sá, sem hjer er rætt um, virðist nefndinni nægur $^2/_5$ álnar á hvert jarðarhundrað, úr því skattur á lausafje er settur 1 alin.

Við 3. grein.

Efri deildin hefur bætt við þessa grein þeirri ákvörðun, að þegar þinglýst veðskuld hvílir á lausafje manna, þá megi draga frá skattgjaldinu svo mikið, sem svari tekjuskatti af leigu skuldarinnar. Þessi ákvörðun virðist nefndinni mjög ísjárverð, sökum þess að í skjóli hennar gætu óhlutvandir menn dregið meira eða minna af lausafje sínu undan skattgjaldinu, eða jafnvel skotið sjer undan því með öllu. Og þar sem nú á hinn bóginn, eins og kunnugt má vera, fje ómyndugra og opinberra stiptana er eigi lánað á móti veði í lausafje, þá má gjöra ráð fyrir, að veðskuldir þær, er hjer ræðir um, sjeu ekki miklar, og að ívilnun sú, er þessi ákvörðun frumvarpsins veitir, er svo lítils virði í sjálfu sjer, að eigi sje vert að hafa undanþágur í lögunum hennar vegna. Nefndin ræður því þingdeildinni til að fella þessa ákvörðun greinarinnar.

Við 4. grein.

Efri deildin hefur og tekið upp í þessa grein ákvörðun um persónulegt gjaldfrelsi embættismanna, og annara þeirra, sem eru þess aðnjótandi eptir nú gildandi lögum. Nefndin ræður þingdeildinni til að fella einnig þessa ákvörðun út úr greininni, því að hún vill engar undanþágur hafa í lögum þessum. Og að því er sjer í lagi snertir þetta atriði, leyfir nefndin sjer að skírskota til ástæðna stjórnarfrumvarpsins í þessu máli bls. 4.—5.

Samkvæmt þessu ræður nefndin hinni

háttvirtu þingdeild að gjöra þær breytingar við frumvarpið sem hjer segir:

Við 2. grein.

1. Fyrir »1/2 alin» komi: «2/5 álnar».

Við 3. grein.

2. Seinni hluti greinarinnar: «Nú hvílir þinglýst veðskuld» o. s. frv. til enda greinarinnar falli burt.

Við 4. grein.

3. Seinni hlutinn: «þó skulu þeir» o. s. frv. til enda greinarinnar falli burt.

Reykjavík 17. ágúst 1877.

Jón Sigurðsson, framsögumaður. Halldór Kr. Friðriksson, formaður.

Einar Ásmundsson, Einar Guðmundsson, Guðmundur Einarsson, Þorlákur Guðmundss.

Samþykkur nokkrum af breytingum þessum og ástæðunum fyrir þeim.

Hjálmur Pjetursson.

BREYTINGARUPPÁSTUNGUR

við frumvarp til laga um skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje, eins og það var samþykkt af efri þingdeildinni við 3. umræðu.

I. Breytingaratkvæði

frá 6 þingmönnum við 2. grein.

Í stað «1/2 alin» komi »3/10 álnar».

Þórarinn Böðvarsson. Þorsteinn Jónsson. Guðmundur Ólafsson. Páll Pálsson, 2. þingmaður Húnvetninga. Páll Pálsson, þingmaður Skaptfellinga. Þórður Þórðarson.

II. Breytingartillaga

við breytingaruppástungu nefndarinnar, frá 3 þingmönnum: Þórarni Böðvarssyni, Arnljóti Ólafssyni og Ísleifi Gíslasyni.

Við 4. gr. Fyrir «þó skulu þeir» — til enda greinarinnar, komi:

«Þó eru prestar og aðstoðarprestar undþegnir, meðan þeir þjóna sama brauði, svo og uppgjafaprestar, prestaekkjur og hreppstjórar fyrir sína tíð. Ábúðarskattur skal og eigi greiddur af tíundarfrjálsum jörðum, fyr en við næstu ábúandaskipti».

EIN UMRÆÐA

í neðri deild alþingis.

Á 52. fundi neðri deildar alþingis, 23. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til einnar umræðu *frumvarp til laga um skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje.*

Varaforseti sagði, að efri deildin hefði gjört eigi allfáar breytingar á þessu frumvarpi. Mundu sumar þeirra sjálfsagt vera til bóta, — það skyldi hann kannast við, — sumar væru hvorki til gagns nje ógagns, en sumar breytingarnar væru að því er sjer virtist fremur til að spilla málinu en bæta það. Það væri auðsjeð, að hún hefði gjört sjer mikið far um að breyta því, sem neðri deildin hefði gjört; og væri auðsætt, að hún hefði gjört það fremur til gamans en gagns. En svo að hann nefndi helztu breytingarnar, þá væri fyrsta aðalbreytingin sú, að efri deildin vildi taka upp álnarreikning við skattgjaldið í stað aurareikningsins, og fylgja þar uppástungu utanþingsnefndarinnar; þetta kvaðst hann fallast á; það hefði verið sín skoðun frá upphafi, að álnareikningurinn væri hagfelldari og rjettari. Í annan stað hefði efri deildin stungið upp á, að fasteignarskatturinn skuli vera 1/2 alin, og væri það breyting bæði frá tillögum utanþingsnefndarinnar og stjórnarinnar — og gæti hinn raunar vel fallizt á það líka, því að við nánari umhugsun væri hann kominn á þá skoðun, að landssjóðurinn kæmist vel af, þótt ábúðarskatturinn væri eigi hafður hærri en þetta; það mundi líka vera almennings vilji, að hinir föstu eða beinu skattar væru sem lægstir, og vildi hann heldur leggja á sig óbeina skatta eða tolla, ef á þyrfti að halda. En nú hefði sjer og nefndinni hjer í deildinni virzt mega lækka skatt þennan enn meira, sem sje ofan í 4/10, og enn fremur hefðu 6 þingmenn komið með breytingaruppástungu við þessa breytingaruppástungu nefndarinnar um að færa hann ofan í 3/10, það væri með öðrum orðum að hafa hann alveg jafnan konungstíundinni gömlu. Hann ætlaði nú að svo stöddu eigi að halda sjerstaklega fram neinni af þessum breytingum annari fremur; það

væri á þingdeildarinnar valdi, hverja hún tæki helzt. Ef ½ álnar skatturinn væri tekinn, yrðu tekjurnar upp úr hinum nýju sköttum sem næst því jafnar manntalsbókargjöldum, eða, að því er sjer teldist, 104,000 ál.; utanþingsnefndinni hefði talizt manntalsbókargjöldin um síðustu 5 ár að meðaltali 108000 ál. Yrði tekin einhver lægri upphæð fyrir ábúðarskattinn, vantaði meira til, að manntalsbókargjöldin fengjust út; en þótt þær væru teknar, mætti hæglega bæta þann mismun upp með öðrum gjöldum. Eptir sinni sannfæringu væri rjettast að aðhyllast 1 og ½ álnar skattinn.

Þá hefði efri deildin bætt við 3. grein: «Nú hvílir þinglýst veðskuld á lausafjárhundruðum; skal þá dregið frá gjaldinu svo mikið, sem svari tekjuskatti af leigu skuldarinnar». Þessa viðbót vildi nefndin hjer fella, enda væri hann fastur á því, að hún væri mjög viðsjál; hún mundi freista manna mjög til undanbragða. Hann rjeði því deildinni fastlega frá að samþykkja þessa viðbót efri deildarinnar við 3. grein. Loks hefði efri deildin stungið upp á persónulegu gjaldfrelsi fyrir nokkra menn, og væri hann að vísu á því, að mikil sanngirni mælti með því, en hins vegar virtist sjer ástæður stjórnarinnar móti því (í ástæðunum fyrir frumvarpi hennar á bls. 4.—5.) á góðum rökum byggðar, og þær væru óhraktar enn; það hefði ekkert komið fram á þessu þingi enn, sem hrekti þessar ástæður.

Landshöfðingi: Þar sem skattalögin nú liggja fyrir þessari heiðruðu deild til einnar umræðu, skal jeg leyfa mjer að fara fáeinum orðum um þau, áður en gengið er til atkvæða.

Þessi frumvörp hafa verið rædd svo ítarlega í báðum deildum þingsins, að öllum þingmönnum mun vera ljóst hið innbyrðis samband milli þeirra, og jeg ætla þess vegna ekki að orðlengja um það; heldur ætla jeg að benda á þær afleiðingar, sem þau munu hafa fyrir landssjóðinn, og fyrir skattgreiðendur þá, sem nú eru. Það er nefnilega tilgangur þessara frumvarpa, að koma meiri jöfnuði á milli greiðandanna, og sjer í lagi að jafna öllum beinum sköttum, er hjer ræðir um, á alla landsbúa að rjettri tiltölu, þar sem þeir hingað til hafa legið á bændastjettinni einni. Þar á móti er það eigi tilgangur þessara frumvarpa, að minnka að mun tekjur landssjóðsins af hinum beinu sköttum, því landssjóðurinn þolir eigi, sem stendur, slíkan tekjumissi. Þarf jeg því til sönnunar eigi nema að skírskota til lagafrumvarpa þeirra, sem búið er að samþykkja á þessu þingi, og á hinn bóginn hefur verið ljett af jafnaðarsjóðunum og slengt upp á landssjóðinn miklu af gjöldum þeim, er á þeim hafa hvílt að undanförnu, svo að eigi er heldur þörf á að ljetta meiru af greiðendunum en því, sem beinlínis leiðir af því, að skattgjaldinu verður jafnað niður á alla íbúa landsins. Jeg veit eigi, hvort hinir heiðruðu þingmenn hafa gjört sjer þetta atriði ljóst, en jeg skal taka það fram, að manntalsbókargjöldin eru nú sem stendur 108000 al. eða 64800 kr. Þau hvíla á hjer um bil 50,000 jarðarhundruðum og hjer um bil 50,000 lausafjárhundruðum; hin hundruðin eru undanþegin annaðhvort konungstíundinni eða þegnskildugjaldinu; ábúðarskattur og lausafjárskattur sá, er eptir frumvarpinu kemur niður á þeim, er hingað til hafa greitt manntalsbókargjöldin, verður, ef hann er reiknaður í sömu tiltölu milli jarðarhundraða og lausafjárhundraða, og frumvarpið ákveður, hjer um bil 75000 álnir eða 45000 kr., og eptir uppástungu nefndarinnar 67200 álnir eða 43200 kr. Upphæð sú, sem þannig verður ljett af greiðendunum, og sem nemur hjer um bil 20000 kr., virðist mjer í sjálfu sjer nægileg, þó að ef til vill verði bætt við með eignar- og tekjuskattinum hjer um bil 3—5000 kr., sem þó, að mínu áliti, er meira en gjöra má ráð fyrir, að þessi skattur af þeim, er hjer ræðir um, og sem hingað til hafa greitt manntalsbókargjöld, nemi. Mjer virðist — jeg tek það upp aptur — ekki vera nein ástæða til að lækka skattgjaldið enn meira fyrir þá, sem einir hafa borgað manntals-

bókargjöldin hingað til, og jeg skal þess vegna mæla fastlega á móti breytingaruppástungu hinna heiðruðu 6 þingmanna, er vilja lækka ábúðarskattinn frá $^1/_2$ alin í $^3/_{10}$ álnar. Lækkun sú, sem nefndin stingur upp á, virðist mjer fara sem lengst má verða, og alveg óhafandi að fara lengra. Svo skal jeg leiða athygli þingmanna að því, að frumvörpin hafa svo marga kosti inni að halda, að eigi er vert að eiga á hættu, að þau verði eigi lögleidd, heldur ef til vill málið að nýju lagt fyrir þingið, því jeg er viss um það, að þá mundu skoðanir manna verða eins misjafnar og þær eru nú, og þá mundi sá tími, sem þingið nú hefur varið til þess að ræða þetta mál, vera alveg spilltur.

Arnljótur Ólafsson sagðist raunar ekki hafa ætlað að taka til máls við þessa umræðu, einkum eptir þær umræður, sem orðið hefðu hjer í deildinni áður, og eptir þau úrslit, sem þetta mál hefði fengið hjer þá. En af því hann sæi, að nú væru gjörðar tilraunir, bæði af nefndinni og einstökum þingmönnum, til að af nema að nokkru leyti hinn mikla misjöfnuð, sem hann hefði sýnt að væri milli ábúðar- og lausafjárskattsins annars vegar, og tekjuskattsins og húsaskattsins hins vegar, og það raunar góðar tilraunir, þá ætlaði hann nú að reyna að styðja þær. Að því er snerti breytingu efri deildarinnar á frumvarpi þessu, þá væri nú mönnum kunnugt, að hann hefði aldrei verið mikið með að hafa þennan álnareikning á skattinum í stað aurareikningsins. Það, sem sjer gengi til að taka aurareikninginn fram yfir, væri fyrst það, að þá væri skatturinn viss, bæði fyrir greiðanda og viðtakanda: landssjóðinn; hann væri samur ár eptir ár, og tekjur landssjóðsins alltaf eins. Í annan stað vissi t. d. hver, sem tæki jörð, eða hleypti upp fjenaði, fyrir fram, hvað mikið hann þyrfti að gjalda af því í landsþarfir árum saman. Þessi vissa væri mjög mikils virði, bæði fyrir landssjóðinn og greiðanda. Samt sem áður ætlaði hann ekki að gjöra þetta að kappsmáli. Hann vonaði, að þingdeildarmenn könnuðust við, að hann hefði eigi gjört smákreddur að kappsmáli hjer á þinginu í sumar. Hann hefði eigi haldi neinni tillögu sinni fram, af þeirri einu ástæðu, að hún væri sín skoðun, sín sannfæring eða sín kenning eða kredda, heldur hefði hann reynt að eins til að upplýsa sem bezt hvert mál, eptir sínum mætti. Hann ætlaði því eigi að tefja gott samkomulag í þessu máli, með því að gjöra þessa skoðun sína að kappsmáli.

Hjer væru nú komnar fram 2 breytingartillögur við frumvarp þetta, eins og það hefði komið frá efri deildinni, önnur frá nefndinni, en hin frá 6 heiðruðum þingmönnum. Nefndin vildi færa ábúðarskattinn ofan úr $^1/_2$ al., sem efri deildin hefði komið sjer saman um, ofan í $^2/_5$ ál., og þessir 6 þingmenn ofan í $^3/_{10}$. Hann hlyti nú eptir sinni skoðun að hneigjast að hinni lægstu upphæð, nefnilega tillögu þeirra 6 þingmanna. Sín skoðun hefði verið og væri enn, að ábúðar- og lausafjárskatturinn væri langt of hár í samanburði við hina skattana, og hefði hann reynt til að gjöra grein fyrir því, við hinar fyrri umræður þessa máls. Hann vissi, að sjer mundi svarað, að á fleira væri að líta en jöfnuðinn einn saman, nefnilega einkum á tekjur landssjóðsins, en hann vonaði þó, að þingmenn álitu eigi landssjóðinn svo aumann, að hann þyrfti að taka tekjur, sem byggðar væru á miklum misjöfnuði. Það væri skylda þingsins, að forðast bersýnilegan misjöfnuð í álögum á þjóðina. Það stoðaði lítt að koma með það hjer í móti, að landssjóðurinn þyldi eigi það skarð í tekjur sínar, sem þessi lækkun á ábúðarskattinum mundi höggva. Landssjóðurinn væri skyldur að þola þann tekjumissi, sem rjettvísi og jafnaðargirni krefðist. Nú í ár hefði verið unnið upp allt það, sem í landssjóðinn hefði runnið sem tekjur, en svo mundi ekki jafnan verða. Hann kvaðst vona, að allir yrðu sjer samdóma um það, að það væri ekki rjettur grundvöllur í fjárlagamálum, að taka fyrst tekjurnar, og haga síðan útgjöldunum samkvæmt þeim, heldur þvert á móti að hafa

útgjöldin svo lítil sem minnst mætti komast af með, og haga sköttunum samkvæmt því. Útgjöldin væru mælikvarði (regulator) fyrir því, hve háir skattarnir ættu að vera.

Hann kvaðst vilja reyna til þess á annan hátt en landshöfðingi, að komast að því, hverjar tekjur yrðu af ábúðar- og lausafjársköttunum, eins og þeir væru ákveðnir í frumvarpinu frá efri deildinni, eins og nefndin styngi upp á, að þeir skyldu vera, og eins og þeir yrðu eptir uppástungu hinna 6 þingmanna. Jarðarhundruðin á öllu landinu væru 86,755; ef ábúðarskatturinn væri $^1/_2$ al. af hverju hundraði, eins og efri deildin vildi, þá yrði hann alls af öllu landinu 43,377$^1/_2$ al., ef ábúðarskatturinn væri $^2/_5$ al. af hundraði, þá yrði hann alls 34,702 al., ef hann væri $^3/_{10}$ al. af hverju hundraði, yrði hann alls 26,026$^1/_2$ ál. Nú ætti að leggja lausafjárskattinn við þessar 3 upphæðir ábúðarskattsins; lausafjárhundruðin væru eptir meðaltali fyrir 3 árin 1873—75 60,350, og 1 al. á hvert hundrað gæfi 60,350 álnir. Ef þetta væri lagt við ábúðarskatt frumvarpsins, yrðu það 60350 + 43,377$^1/_2$ = 103,727$^1/_2$ al.; lagt saman við ábúðarskatt nefndarinnar yrðu það 60350 + 34,702 = 95,052 ál.; að endingu lagt við ábúðarskatt hinna 6 þingmanna yrðu það 60,350 + 26,026$^1/_2$ = 86,376$^1/_2$ ál. Til þess að bera þessar upphæðir saman við manntalsbókargjöldin, þá hefðu þau samkvæmt skýrslum skattanefndarinnar verið að meðaltali um 5 ár (1871—75) 105,057 álnir, en að meðaltali um 3 ár (1873—75) 107,437 álnir. Nú væri það sjálfsagt, að þessari upphæð væri ekki náð nema með því að fara eptir frumvarpi efri deildarinnar, en ef uppástunga hinna 6 þingmanna væri samþykkt, þá munaði um 19,000 álnir. Hann skyldi nú hverfa frá þessum tölum og skýrslum, sem optast nær væru leiðar þingmönnum, jafnvel þótt tölur opt væru hinar beztu tölur, sem þingmenn gætu haldið; en nú væri að reyna, hvort landssjóðurinn ekki þyldi þennan 20,000 álna tekjumissi. Menn mættu ekki gleyma því, að enn væru tvö frumvörp um húsaskatt og tekjuskatt bæði af eign og atvinnu. Hvað margar álnir þessir skattar yrðu, gæti hann ekki sagt að svo stöddu, en svo mikið væri víst, að þeir mundu nema 20,000 álnum. Að minnsta kosti væri það undarlegt, ef menn vildu leggja 86,000 álnir á ábúanda-greyin, en ekki $^1/_4$ eða $^1/_5$ hluta þessarar upphæðar á alla embættismenn, kaupmenn, alla húseign, og yfir höfuð alla eign á landinu aðra en lausafjáreign. Ef menn væru ekki sannfærðir um, að þessi eign gæti ekki borið $^1/_4$ eða $^1/_5$ hluta af því, sem menn vildu leggja á lausafjáreignina, þá væri bezt að hætta við þessi skattalög, því að þá yrði úr því það ranglæti, sem ómögulegt væri að forsvara.

Við 3. gr. hefði nefndin stungið upp á því, að orðin: »Nú hvílir þinglýst veðskuld» o. s. frv. til enda greinarinnar fjelli burt, og hefði framsögumaður fært það helzt til sem ástæðu, að þessi undanþága gæti orðið vanbrúkuð. Þetta kvaðst hann ekki geta skilið, því að sá, sem segðist telja frá lausafje, af því þinglýst veðskuld hvíldi á því, hann yrði sjálfsagt að sýna skuldabrjefið; ef nefndin væri hrædd við þessa ákvörðun hjer, því væri hún þá ekki eins hrædd við samsvarandi ákvörðun í 1. gr. um húsaskatt, því að þinglýstar veðskuldir á lausafje væru í engu óttalegri en þinglýstar veðskuldir á húsum. Sjer virtist það nógu hart, að lausafjáreigandinn mætti ekki telja einn eyri frá af því, sem hann væri skuldugur fyrir, þótt hann ekki líka missti þennan rjett. Menn mættu þó ekki leggja lausafjáreigendurna svo í einelti, að þeim væri neitað um öll rjettindi gagnvart öðrum.

Þá kæmi breyting nefndarinnar við 4. gr., að þessi orð fjellu burt: «þó skulu þeir, sem nú eru undanþegnir manntalsbókargjöldum vegna stjettar sinnar, vera lausir undan þessum skatti æfilangt, nema þeir sjeu skipaðir í annað embætti, en þeir þá hafa, er lög þessi öðlast gildi». Hann kvaðst vorkenna nefndinni, þótt hún vildi fella þessi orð burt, ekki af því, að þau væru ekki rjett, heldur af því þau væru ekki fullkomlega

rjett. Undanþága þessi næði ekki til allra þeirra, sem taka ætti til greina, og þar að auki væri hún svo undarlega orðuð, að hann væri viss um, að hún yrði misskilin. Þessir embættismenn ættu að vera lausir við skattinn æfilangt, «nema þeir sjeu skipaðir í annað embætti», það væri með öðrum orðum: nema þeir væru ekki lausir við þennan skatt æfilangt; greinin hljóðaði þá eiginlega þannig: «þessir embættismenn eiga að vera lausir við þennan skatt æfilangt, nema þeir sjeu ekki lausir við hann æfilangt»; en það væri ekki nóg með þetta, heldur bættist annað við, þegar athugað væri, hverjir þeir væru, sem undanþágurnar ættu við, nefnilega prestar, prestsekkjur, hreppstjórar og ýmsir aðrir veraldlegir embættismenn. Hvað hreppstjórana snerti, þá gæti ekki orðið spursmál um annað embætti fyrir þá, nema ef það skyldi vera sýslumannsembætti, því að prestar gætu þeir þó ekki orðið; prestsekkjur ættu að vera undanþegnar skattinum, nema þær fengju annað embætti. Hvaða embætti ætti það að vera? Að þær giptust aptur? Það gæti naumast verið, því að það væri aldrei kallað embætti, þótt einhver gipti sig. Þessi grein væri því mjög óheppilega orðuð, og þar að auki væri sleppt þeim bændum, sem ættu stólsjarðirnar og hefðu keypt þær með því skilyrði, að vera lausir við að greiða konungstíund. Þessir bændur hefðu skýlausan rjett til þess að vera undanþegnir skattinum, eins og líka allir þeir embættismenn, sem hefðu fengið veitingu fyrir embætti sínu með þessu skilyrði, því að það væri beinlínis samningsrof að svipta þá gjaldfrelsi því, sem ekki að eins veitingarbrjef þeirra og venjan veitti þeim, heldur skýlausir samningar milli þeirra og konungs. Þessu játaði stjórnin líka í öðru orðinu, þótt hún afbakaði það í hinu orðinu á 4. bls. í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu. Til þess að kippa þessu í lag, hefði hann og 2 aðrir þingmenn komið með breytingartillögur við breytingaruppástungu nefndarinnar, sem færi í þá átt, að þessir menn, sem áður hefðu haft gjaldfrelsi, skyldu halda því, en þó ekki um aldur og æfi, heldur «fyrir sína tíð». Uppástungumenn hefðu fylgt þeirri frumreglu laganna, sem allir lögfræðingar vildu fylgja, að ný lög ættu ekki að svipta neinn velfengnum rjettindum. Þannig hefði verið um læknalögin, að læknar hefðu ekki verið sviptir þeim launum, er þeir hefðu haft, þegar lögin komu út; um hin almennu launalög skyldi hann ekki tala, því að þau hefðu gengið langt út yfir þessi takmörk. Hann kvaðst ekki geta ímyndað sjer, að menn hneyksluðust á því, að undanþágurnar væru ekki taldar með tekjum presta í brauðamatinu, því að hvort sem þetta væri kallað tekjur eða undanþágur, þá væru rjettindi rjettindi, hvaða nafni sem þau nefndust. Jafnvel stjórnin sjálf kallaði undanþágurnar tekjur, þar sem hún í ástæðunum talaði um rýrnun tekna, en það gæti hún ekki gjört, nema undanþágurnar væru taldar tekjur. Að öðru leyti kvaðst hann ekki vilja mjög verja þetta mál, þar eð hann væri sjálfur prestur, en að eins taka það fram, að allir, sem hefðu þessi rjettindi, ættu að njóta jafnrjettis, ekki síður eigendur stólsjarðanna, en hinn feitasti og magrasti prestur. Til þess að sýna, að missir undanþáganna væri tilfinnanlegur fyrir fátæka presta, þá skyldi hann taka til 2 brauð, Einholt og Bjarnanes, sem bæði væru metin um 1000 kr.; bæði þessi prestssetur væru 40 hundruð að dýrleika, og væri því tilfinnanlegt að greiða ábúðarskatt af þeim; enn tilfinnanlegra væri það fyrir prestsekkjur, meðan þær fengju ekki eptirlaun af landssjóði; það væri tilfinnanlegt fyrir bændur, sem hefðu skýlausan rjett til tíundarfrelsis, og sem væru búnir að gjöra byggingarsamninga við leiguliða, og því væri ógjörningur að svipta þá gjaldfrelsinu svona allt í einu, áður þeir gætu gjört nýja samninga. Hann kvaðst jafnvel álíta það ábyrgðarhluta fyrir þingið að fella þessa breytingartillögu, því að þetta kæmi niður á þeim fátækustu bændum, og það væri því fremur ábyrgðarhluti,

sem það væri ekki samkvæmt því, sem þingið hefði gjört 1875 í hinum almennu launalögum og læknalögunum.

Guðmundur Einarsson kvað 1. þingmann Norður-Múlasýslu eigi að eins hafa tekið af sjer ómakið, heldur hefði hann talað betur um mál þetta, en hann sjálfur hefði nokkurn tíma verið fær um, og kvaðst hann sannfærður um, að hvert orð þingmannsins hefði verið á góðum og gildum rökum byggt; því að þingmaðurinn hefði skoðað mál þetta bæði frá sanngirnishlið þess og hinni fjárhagslegu hlið þess. Hann kvað landshöfðingjann hafa sagt, að skattamálið hefði því að eins lagt verið fyrir þingið, að sá hefði verið tilgangurinn, að skattarnir hefðu átt betur að jafnast niður, og hefði landshöfðinginn tekið það fram, að skattarnir hefðu lækkað um 20,000 álnir, og hefði þannig skattgjaldið ljetzt á mönnum, og kæmi nú jafnara niður. Þetta kvað hann að vísu satt, að þessum 20,000 álnum hefði ljett á, en af hverjum hefði þeim ljett? einmitt af þeim ríku eða efnuðu, og sem væru í skatti eptir nú gildandi lögum; en gjald þetta hefði aptur jafnazt niður á marga hina efnaminni og hina fátæku, er væru fyrir neðan skiptitíund, en hefðu hundraðamörg ábýli. Þetta kvað hann áreiðanlegan sannleika, og væri þetta það atriði, er menn ættu að berjast fyrir að leiðrjett yrði. Hann kvað það ábyrgðarhluta mikinn fyrir þingið, að halda ábúðarskattinum háum, því að sá skattur kæmi þyngst niður á fátækum bændum og fátækum prestum, og gjörði því meiri ójöfnuð, sem hann væri hærri á hinum tíundarfrjálsu jörðum; þess vegna sagði hann, að það hefði verið sitt mark og mið, að fá ábúðarskattinn sem lægstan, og þar fyrir fjellist hann á það í alla staði, að skattur þessi yrði lækkaður niður í $^3/_{10}$ áln., og mundi hann fylgja því fast fram, ef hann hefði eigi skrifað undir nefndarálitið og gengið inn á sætt við nefndina, sem hann skyldi ekki rjúfa, úr því hún slakaði til niður í $^2/_5$ álnar. Það er snerti breytingaratkvæðið frá hinum þremur þingdeildarmönnum, þá fyndist sjer öll sanngirni mæla með því, og kvaðst hann því eigi mundu hika sjer við að gefa því atkvæði sitt, því að þar væri hann ekkert bundinn við nefndarálitið. Það er snerti landssjóðinn, þá væri hann sem nokkurs konar gryla þingdeildarmanna í máli þessu, en sjer fyrir sitt leyti fyndist sjóðurinn eigi þurfa svo mikið fje sem látið væri, og ætlaði hann, að hann hefði yfirgnæfanlegt, enda væri og þess að gæta, að þótt landssjóðurinn missti nokkurs í við ábúðarskattinn, af því að hann væri færður niður, þá bættust tveir nýir skattar við, er væru húsaskattur og tekjuskattur. Kvaðst hann eigi heldur sjá neina ástæðu til þess, að hafa þessa föstu skatta svo háa, því að oss riði á, að hafa allt sem líkast því gamla, að unnt væri, og allar tilbreytingar sem aðgengilegastar; með því eina móti yrðu hinar nýju skatta-álögur geðfelldar.

Tryggvi Gunnarsson sagði, að sjer þætti það undarlegt, að nú væri komið breytingaratkvæði um það, að setja álnirnar aptur í stað auragjaldsins, sem þó hefði verið búið að samþykkja í þessari deild, og það því fremur, sem þetta breytingaratkvæði hefði komið frá nefndinni; það væri reyndar eigi svo að skilja, að hann væri því mótfallinn, því að hann hefði frá fyrstu álitið það rjettara, og reynt að koma álnagjaldinu á aptur, eptir að auragjaldið hefði verið samþykkt, en hann hefði engan fengið með sjer að gjöra breytingaratkvæði í þá átt, þegar málið var til 3. umræðu í deildinni. Þetta sýndist sjer að benda á það, að skoðanir nefndarinnar væru mjög á reiki; hinn þáverandi framsögumaður, þingmaður Reykvíkinga, hefði sagt, þegar málið hefði verið hjer fyrir til 3. umræðu, að það væri eyðilagt, ef þingdeildarmenn samþykktu, að leggja eigi meira en 25 a. á fasteignarhundraðið, eða ef því væri nokkuð breytt frá því, sem þá lá fyrir, nefnilega 40 a. af jörðum og 40 a. af lausafje, en nú hefði nefndin eigi að eins samþykkt breytingu efri deildarinnar, að lækka fasteignarskattinn ofan í

1/2 al., heldur einmitt stungið sjálf upp á, að lækka hann ofan í 2/5 álnar eða nálægt 20 a. Þetta sýndi eitt með öðru ljóslega, hve hvikular væru skoðanir manna um þetta mál, og vildi hann því halda sjer til þeirrar niðurstöðu, er hann sjálfur hefði komizt að, með því að skoða þetta mál án tillits til annara álits, og aðgæta, hvaða áhrif breytingar þessar, sem hjer lægju fyrir, hefðu á tekjur landssjóðsins, og hve miklu þær munuðu fyrir gjaldgreiðendur. Efri deildin hefði samþykkt 1/2 alin í fasteignarskatt, en nefndin í þessari deild styngi upp á 2/5 álnar; munurinn á þessu fyrir alla gjaldendur í landinu yrði eigi nema hjer um bil 4500 krónur, eða 50 a. fyrir hvern þann, er byggi á 20 hndr. jörð, eða 25 a. fyrir þá, er búa á 10 hndr. koti, og væri það sama sem ekki neitt, sízt svo mikið, að vert væri að gjöra brot úr alin fyrir þessa smámuni. Hann gæti þess vegna ekki skilið, að nefndin skyldi vera að gjöra ágreining um það, þar sem það næmi eigi meiru fyrir allt landið, en ef bætt væri við einum embættismanni. Áður hefði nefndin og aðrir fleiri verið á þeirri skoðun, að nauðsynlegt væri að hafa auragjaldið, af því að hægra væri þá fyrir bændur að reikna sjálfir gjöld sín, en nú vildu menn ekki að eins hafa hreint álnagjald, heldur hafa það í brotum, sem mundi mjög óþægilegt fyrir marga að reikna. Hann vildi spyrja, hvort menn væru að leitast við að hafa skattgjaldið sem lægst, eða sem hægast og eðlilegast; hann vildi fyrir sitt leyti leggja mesta áherzlu á, að það yrði sem eðlilegast. Hann væri samdóma þingmanni Norður-Múlasýslu í því, að eigi ætti að leggja tvöfaldan skatt á menn, hlyti hann því, að skoða hinn svo nefnda blandaða skatt sem gjald af lausafjenu eingöngu, er væri þannig á lagt, að tillit væri haft til þess, hvort gjaldgreiðandinn hefði til ábúðar stóra jörð eða hlunnindajörð, og hve mikið lausafje hann hefði. Það væri almennt viðurkennt, að ekki mætti eingöngu leggja gjaldið á fasteignina, af því jarðamatið væri víða rangt, og tveir menn kæmu þá til að svara jafnháu gjaldi, ef þeir búa báðir á jafnhundraðamargri jörðu, þó annar hafi helmingi minni áhöfn. Á lausafjeð mætti eigi heldur leggja eingöngu, vegna undanbragða í framtalinu, og hlunnindajarðir slyppu þá alveg undan gjaldinu. Þetta ásamt mörgu fleiru væri orsök til þess, að menn hefðu neyðzt til að aðhyllast blandaða skattinn; þegar litið væri á, hvert gjaldþol þessir gjaldstofnar hefðu, sýndist sjer næst sanni að miða 1/3 gjaldsins við jörðina, en 2/3 við lausafjeð. Hann vildi því aðhyllast 1/2 álnar skatt á fasteign og 1 álnar skatt á lausafje, það væri óbrotinn reikningur og auðveldastur fyrir menn að reikna. Ef breytingaratkvæði hinna 6 þingmanna næði samþykki deildarinnar, að leggja að eins 3/10 úr alin á fasteignarhundraðið, þá yrðu tekjur landssjóðsins 9000 kr. minni, heldur en ef 5/10 eða 1/2 alin væri tekin af fasteignarhundraði hverju. Þegar fasteignarhundruðin í landinu væru 86755, og 1 alin reiknuð þar af (hver á 50 a.), eins og skattanefndin hefði gjört, þá yrði fasteignarskatturinn 43,377 kr., en ef samþykkt yrði breytingaratkvæði nefndarinnar um 4/10 úr alin, þá yrði fasteignarskatturinn 17351 kr., og í þriðja lagi, að ef samþykkt yrði breytingaratkvæði hinna 6 þingmanna um 3/10 úr alin, þá yrði skatturinn að eins 13,013 kr. Fasteign, sem nú væri undanþegin gjaldi til landssjóðsins, væri nær því 4/9 af allri fasteign landsins eða 36280 hndr., svo hjer dræg ist enn þá frá 5442 kr., ef breytingaratkvæði hinna 3 þingmanna yrði samþykkt um undanþágurnar, og væri þá eptir að eins tæplega 8000 kr., sem landssjóðurinn fengi í fasteignarskatt af öllu landinu í stað 43000 kr., og munaði hann þetta svo miklu, að hann sæi ekki, að landssjóðurinn gæti misst svo mikið fje, nema ef þingið hugsaði sjer að bæta upp þennan tekjumissi með óbeinlínis sköttum, en allir þekktu, hvað það væri annmörkum bundið í hverju landi, að bæta miklum tollum á verzlunina, auk þess sem það hefði mikinn kostnað í för með sjer að setja marga tollgæzlumenn; hann gæti og heldur eigi sjeð, að hægt væri að svo stöddu

37*

að bæta við tolli á annað en kaffi og sykur; væri því varasamt að lækka of mjög hina beinu skatta, og reiða sig eingöngu á tolla.

Hvað breyting efri deildarinnar snerti við 3. gr., þar sem hún vildi bæta við, að lausafje, sem veðskuld hvíldi á, sje undanþegið gjaldi, þá blandaðist sjer eigi hugur um að aðhyllast tillögu nefndarinnar í þessari deild um það, að fella þennan lið í burtu, því að hann kæmi einmitt þeim til hags, sem óskilamenn væru og ekki sem ráðvandastir; veðskuld hvíldi sjaldan á lausafje nema hjá mönnum, sem eigi hafa lánstraust; þeir neyddust til að láta þinglýsa veðskuldina af því, að þeim væri ella eigi trúað fyrir henni, og svo gætu þeir, sem vildu skjóta sjer undan skatti, látið þinglýsa veðskuld á lausafje sínu; þessi ákvörðun yrði þannig að lítilli rjettarbót fyrir skilvísa menn og hrekkjalausa. Hvað snerti breytingaratkvæði hinna 3 þingmanna um undanþágur fyrir presta, meðan þeir væru í sama brauði, hreppstjóra og tíundarfrjálsar jarðir, þá sýndist sjer mikil sanngirni mæla með því, því að þegar stjórn landsins væri búin að byggja landseta þjóðjörð með því loforði, að landssjóðurinn eigi skuli taka tíund af jörð sinni, meðan hann situr hana, þá væri hart að breyta því, á meðan hann hefði jörðina; og sama væri að segja um prestana, á meðan þeir sætu í sama brauði; að minnsta kosti þætti sjer líklegt, að menn öfunduðu ekki hreppstjórana af gjaldfrelsinu, þar sem þetta væri það eina, sem þeir hefðu fyrir allt strit sitt. Hann vildi kannast við það, að tíundarfrelsið gjörði meiri óvissu í tekjunum, meðan á því stæði, og innheimtan á gjöldunum yrði flóknari, en hann vildi samt meta rjettinn meira en hægðina, en um leið og þetta verður samþykkt, þá yrði ekki hjá því komizt, að samþykkja $^1/_2$ alin í fasteignarskatt, því ef hann yrði eigi meira en $^3/_{10}$ álnar, þá sæi hann, að landssjóðurinn gæti varla misst svo mikið fje.

Þessi fáu orð hefði hann að eins talað til þess að sýna, með hverju hann mundi greiða atkvæði í þessu máli, og ástæðurnar fyrir atkvæðagreiðslu sinni, en af því að hann ætlaði eigi að tala framar í þessu máli, þá vildi hann geta þess, hvað húsaskattinn snerti, að hann vildi greiða atkvæði með $1^1/_2$ krónu af 1000 kr. Að endingu vildi hann taka það upp aptur, að hann vonaði þess, að deildarmenn greiddu atkvæði með $^1/_2$ al. og 1 al., en ljetu sig eigi muna þetta lítilræði, sem væri í milli $^4/_{10}$ og $^5/_{10}$ ál. af fasteign, og sem hann áður hefði sagt að væri af öllu landinu einar 4500 krónur.

Varaforseti sagði, að hjer færi, eins og vant væri stundum, þegar um tölur væri að ræða, að þær væru teygðar í ýmsar áttir. Landshöfðingi hefði gjört of mikið úr tekjumissi þeim, er landssjóðurinn yrði fyrir, ef ábúðarskatturinn væri færður niður meira en efri deildin hefði gjört, en 1. þingmaður Norður-Múlasýslu gjörði of lítið úr honum. Menn mættu eigi láta slíkt villa fyrir sjer sjónir, er þeir ættu að greiða atkvæði um málið. 1. þingmaður Norður-Múlasýslu segði, að þótt skattur þessi væri lækkaður niður í $^3/_{10}$ álnar, yrði munurinn eigi nema 8—10,000 kr., en það væri ekki rjett, því hann byggði þennan útreikning sinn á skökkum grundvelli. Hann til að mynda byggði á jarðarhundraðatali því, sem nú væri, en það væri varúðarvert. Það væri hjer um bil útsjeð um það, að jarðamats-endurskoðunin yrði eigi viðtekin á þessu þingi, og mætti því gjöra ráð fyrir, að hið núverandi jarðamat stæði óhreift til hins lögákveðna endurskoðunartíma, 1881, en þá mundu undir eins koma nógar umkvartanir um mat á einstökum jörðum, og þegar ætti þá að fara að laga jarðamatið, mætti ganga að því vísu, að jarðahundraðatalan lækkaði en hækkaði eigi; það væri því ekki rjett, að byggja á þessum 87000 *cr.*, sem jarðir væru nú metnar á öllu landinu; því matið hlyti að lækka fyr eða síðar. Sama máli væri að gegna um lausafjárskattinn, að ef breytingaruppástungur þær, sem hjer lægju fyrir, yrðu samþykktar, þá hlyti hann að lækka til muna. Hann vildi spyrja, hvort þingmaður Norður-Múlasýslu hefði gjört sjer ljóst, hver áhrif það mundi hafa á skatttekjurnar,

ef síðari liður 3. greinar kæmist að; hann fyrir sitt leyti væri sannfærður um, að það mundi draga mjög úr lausafjárskattinum. Hann þekkti til þess fyrir norðan, að þar væru algeng hin svo nefndu standandi lausafjárveðskuldabrjef til kaupmanna, sem stæðu óhögguð ár eptir ár, þótt t. d. það kæmi fyrir, að skuldunautur væri skuldlaus um tíma úr árinu. Hann kvaðst reyndar vita til, að enn sem komið væri mundu varla aðrir fást til, að skrifa undir slík brjef en óveðurheftugir menn; en kæmist það á, að veðsett lausafje skyldi skattfrjálst, mætti ganga að því vísu, að menn mundu almennt alls eigi ófúsir að skrifa undir slík veðskuldabrjef; margir væru talsvert skuldugir við kaupmanninn, þó þeir að öðru leyti stæðu sig allvel, og kæmi sjer eigi óvart, þótt svo færi, að eigi allfáir drægju meira eða minna af lausafje sínu undan skatti með þessu móti. Öðrum lausafjárveðskuldum en þessum kaupstaðarskuldum væri varla til að dreifa; það væri mjög sjaldgæft, að hann vissi til, að peningamenn lánuðu fje gegn lausafjárveði, og opinbert fje eða ómyndugra fje mætti eigi lána gegn lausafjárveði, sem kunnugt væri. Þess vegna væri mjög varúðarvert að aðhyllast þennan síðara lið 3. greinar. Hann væri sannfærður um, að hann mundi verða notaður til ofmikilla undanbragða og undandráttar undan skattinum.

Það hefði verið rætt margt og mikið um þennan ábúðarskatt, og ætlaði hann því eigi að vera margorður um hann, Hann ætti satt að segja óhægt með að mæla með honum; hann hefði raunar aldrei verið með honum. En þó yrði hann að leiðrjetta misskilning þingmanns Dalamanna á honum. Hann væri eigi persónulegur skattur, heldur í raun rjettri hreinn og beinn eignarskattur; hann hvíldi á jörðunni, en eigi á ábúandanum sjálfum persónulega; þetta sæist bezt á því, að skatthæðin færi eigi eptir jarðarábúninni eða því, hver atvinna er rekin á jörðunni. Löggjafinn hefði sjálfur ákveðið matið á jörðunni, hvort sem það svaraði til gæða hennar eða eigi, og eptir því færi skatthæðin, hvort sem þar væri rekin nokkur atvinna eða engin; því enda þótt jörðin stæði í eyði, yrði að greiða skattinn samt sem áður. Þess vegna væri ábúðarskatturinn æfinlega viðsjárverður, eins og hann hefði opt tekið fram áður, en ranglátan mætti eigi kalla hann, þegar hann væri skoðaður frá rjettu sjónarmiði, því þó það gæti auðveldlega komið fyrir, að ábúðarskatturinn kæmi allhart niður á fátækum leiguliðum, þá væri eigi hægt að gjöra við því. Það væri sjálfsköpuð víti, ef menn tækju að sjer til ábúðar hundraða-hærri jarðir, en þeir gætu við ráðið, eða hefðu efni og kringumstæður til að nota. Hið opinbera gæti eigi sjeð fyrir því. Hann segði þetta eigi af því, að hann hjeldi fram ábúðarskattinum. Hann ætlaði annars eigi að mæla fremur með einni en annari af þessum uppástungum um upphæð ábúðarskattsins, sem hjer lægju fyrir; en það skyldi hann segja, að sjer fyrir sitt leyti sýndist rjettast, eptir því sem á stæði, að aðhyllast $^1/_2$ álnar skattinn, eins og efri deildin hefði gjört. Þessar undanþágur væri sjer mjög leitt að þurfa að minnast á; hann játaði, að annars vegar mælti sanngirni með þeim, en hins vegar væri engin rjettvísi að hafa þær. Hvað snerti tíundar-frjálsar jarðir, þá væri það enginn rjettindamissir, þótt lagður væri skattur á þær; stjórnin hefði rjett fyrir sjer um það atriði í ástæðunum fyrir frumvarpi sínu, og stæði það óhrakið enn. Menn yrðu líka vel að gá að því, að hingað til hefðu skattar verið lagðir eins á þessar tíundarfrjálsu jarðir og aðrar jarðir, þannig til a. m. jarðamatskostnaðurinn frá 1861 og síðan búnaðarsjóðsgjaldið. Færi þingið nú að veita sjerstaklegar undanþágur í þessa átt, kæmist það í mótsögn við sjálft sig áður; raunar hefði það þá verið ráðgefandi, en það væri nú sama, að því er þetta atriði snerti. Eins væri það einnig ósamkvæmni, að vera að hafa persónulegt gjaldfrelsi, eins og stjórnin tæki líka fram í ástæðum sínum. Það væri að vísu sjálfsagt, að sanngirni mælti með því um presta, að þeir nytu þessara hlunninda af gjaldfrelsinu, en

fyrir veraldlegu embættismönnunum hefði alþingi sannarlega sjeð svo vel á síðasta þingi, og mundi eins gjöra nú, að þeir yrðu eins færir um að bera gjöld í landsþarfir og við bændurnir.

Þórarinn Böðvarsson sagðist hafa ætlað að greiða atkvæði með frumvarpi efri deildarinnar óbreyttu, ef hann hefði verið viss um, að það yrði til að bjarga málinu, þótt hvergi nærri væri hann ánægður með það. En úr því að breytingar hefðu komið fram, og hann væri farinn að örvænta um, að málið kæmist áfram á þessu þingi, mundi hann halla sjer að sumum þessum breytingaratkvæðum. Því að rjettast væri þó jafnan að fylgja sannfæringu sinni. Hann væri mótfallinn álnareikningnum á skattgjaldinu, og hefði 1. þingmaður Norður-Múlasýslu tekið svo vel og greinilega fram kosti aurareikningsins, að hann þyrfti eigi að fjölyrða um þá. Það sæju allir, að mjög mikið væri varið í, að hver greiðandi vissi og hefði fast í huga sjer, hvað mikið hann ætti að gjalda, og væri hann fyrir sitt leyti viss um, að skattgjöld mundu greiðast miklu betur fyrir það.

Hann fyrir sitt leyti væri eigi hræddur um, að viðbótin við 3. gr. yrði tilefni til undandráttar.

Hann væri einn meðal þeirra 6 þingmanna, sem vildu færa ábúðarskattinn ofan í $^3/_{10}$. Hann ætlaði eigi að fara að tína til allar þær góðu ástæður, sem mæltu með þessu breytingaratkvæði, enda hefðu þeir þingmaður Dalamanna og 1. þingmaður Norður-Múlasýslu gjört það báðir mikið vel. Hann vildi einungis bæta því við, að hann væri viss um, að það yrði hvað mest til að sætta almenning við hin nýju skattalög, er menn sæju, að hinn nýi jarðarskattur yrði jafn hinum gamla, konungstíundinni, sem væri nú búin að standa í 800 ár; hjer væri svo lítið um að gjöra, að það munaði svo litlu, hvort heldur væri teknir $^4/_{10}$ eða $^3/_{10}$, að sjer sýndist full ástæða til, að láta nú þetta ríða baggamuninn.

Varaforseti hefði sagt, að enginn hefði enn hrakið ástæður ráðgjafans gegn gjaldfrelsi einstakra stjetta, t. d. presta. En hann kvaðst þó verða að segja, að sjer virtist eigi betur, en að ráðgjafinn hefði sjálfur gjört það; hann hefði hrakið sjálfan sig, þar sem hann segði, að tekjur embættismanna þeirra, sem hlut ættu að máli, rýrnuðu nokkuð við missi gjaldfrelsisins, en að veitingarbrjef þeirra heimiluðu þeim fullar tekjur af embættunum (bls. 5. í ástæðum fyrir stjórnarfrumvarpinu). Hinn hæstvirti ráðgjafi færi lengra; hann talaði um, að ráða bót á skattfrelsismissinum með styrk úr landssjóði. Ráðgjafinn teldi það enn fremur sem þriðju ástæðuna, að skattfrelsið mundi óþarft fyrir prestana. Hann kvaðst ekki vita, hvort þetta væri eiginlega nokkur ástæða; að minnsta kosti efaðist hann fyrir sitt leyti um, hvort rjett væri að taka af mönnum allt, sem þeir beinlínis þyrftu ekki með. Enn kvaðst hann hafa heyrt eina ástæðu, sem ráðgjafinn að líkindum hefði ekki þorað að koma með, að prestar og hreppstjórar hafi verið lausir við hinn fyrri skattinn, af því hann hjeti þessu nafni, og hefði varaforseti talið upp ýmsa skatta, sem á seinni tímum hefðu verið lagðir á þá, til sönnunar því, að gjaldfrelsi þeirra næði einungis til hinna eldri skatta; það væri ekki mikil sönnun, þó einvaldur konungur hefði getað fengið ráðgefandi þing til að samþykkja einhverja slíka álögu. Ráðgjafinn segði enn fremur, að rjettara væri að veita þeim prestum, er illa væru settir, tilsvarandi styrk úr landssjóði, en hvaða spor hefði þá hinn hæstvirti ráðgjafi stigið, til þess að bæta kjör presta. En hverjir væru það, sem væru sviptir þessum rjettfengnu rjettindum? Það væru prestaekkjurnar, sem tóra við þau kjör, er ekki væru samboðin ekkjum embættismanna, og sem prestastjettin væri í vandræðum með að halda lífinu í; væri það þá rjettvíst og sanngjarnt, að þær greiddu skatt til landssjóðsins af búi sínu, sem saman væri sett af smástyrkjum og smágjöfum. Hvað hreppstjórana snerti, þessa mannsmenn sýslumanna, sem sýslumenn notuðu til margs af því, er væri örðugast og verst

af störfum þeirra, og það án alls endurgjalds, þá ætti nú að taka af þeim þessa einu þóknun, sem þeir hefðu notið. Laun sýslumanna væru hækkuð, þannig, að þeir hefðu að minnsta kosti 3000 kr. í laun, en hreppstjórarnir, sem ynnu margt af því, er sýslumenn væru eiginlega skyldir að gjöra, þeir væru sviptir þessum einu rjettindum, sem þeir hefðu hingað til haft, og það án alls rjettar. Og væri það nú athugað, hverjar tekjur prestanna væru, þá lifðu þeir mestmegnis af því fje, sem guðhræddir menn hefðu lagt þeim til uppeldis; yfir þessu fje hefði landsstjórnin engin ráð til þess að taka af því, eða að rýra það með skattálögum; sköttunum væri meðal annars varið til að launa sýslumönnum og öðrum veraldlegum embættismönnum, og það yrði því að liggja öllum í augum uppi, hve órjettvíst það væri, að prestar, sem margir hefðu eigi meiri tekjur en 250—700 kr., yrðu að leggja af þessum tekjum sínum til þess, að aðrir embættismenn gætu haft 3000—4000 kr. í laun. Að endingu lýsti hann því yfir, að hann væri svo sannfærður um, að það væri rangt, að svipta þessa menn rjettindum sínum, að ef þingið felldi þessa breytingartillögu sína, mundi hann standa upp á móti öllum skattalögunum, því hjer væri farið fram á, að svipta menn rjettfengnum rjettindum.

Hjálmur Pjetursson kvaðst að eins vilja láta í ljósi ástæðuna fyrir því, fyrir hverja sök hann hefði skrifað nafn sitt undir nefndarálitið með þessari litlu athugasemd. Það er snerti viðauka þann, er efri deildin hefði gjört við 3. grein frumvarpsins, þá kvaðst hann skyldu geta þess, að við fyrri umræður máls þessa hjer í deildinni hefði hann komið fram með breytingu við 3. grein í sömu stefnu, sem sú breyting færi, er hjer ræddi um; en af því að nokkrir þingdeildarmenn hefðu látið í ljósi, að breytingaruppástunga þessi gæti orðið misbrúkuð, ef hún yrði að lögum, þá kvaðst hann eigi hafa árætt að mæla með henni, og af því að hann þættist eigi fljótur að sjá hvað eina í hverju efni sem væri, þá kvaðst hann hafa trúað þingmönnum þessum betur en sjálfum sjer; en því vandlegar sem hann síðan hefði íhugað þetta atriði málsins, því minna hefði sjer virzt það vera, sem ástæður þessara þingmanna hefðu haft við að styðjast. Hann kvaðst eigi vilja bera á móti því, er varaforseti hefði sagt, að þessi skuldabrjef fyrir norðan væru svo hættuleg; en sjer fyndist samt sem áður sjálfsagt, að ganga mætti eptir skatti hjá lausafjáreigandanum, ef lausafjáreigandinn engar rentur gyldi af því, þá ætti að ganga eptir skattgjaldinu hjá honum, en ef hann greiddi rentu af skuldinni, þá ætti sá, sem rentuna tæki, vafalaust að greiða tekjuskatt. En sjer fyndist það allmikil ósamkvæmni í skattafrumvörpum þessum, að engin undanþága skyldi eiga sjer stað frá því að greiða lausafjárskattinn, þar sem hver einasti fátæklingur væri skyldaður til að greiða skatt, eins af hinum fyrstu 60 ál. eða $^1/_2$ hundraði, sem hann tíundaði, eins og þótt meira væri, og eins fyrir því, þótt allt hans lausafje væri veðsett fyrir skuldum, og full renta goldin af, og þó hann þægi sveitarstyrk; þetta fyndist sjer næsta ósanngjarnt og harðýðgislegt, einkum þegar þetta gjald af lausafjenu væri miðað við húsaskattinn, og hefði 1. þingmaður Norður-Múlasýslu ljóslega sýnt fram á, hversu fráleitt þetta skattgjald væri í samanburði við húsaskattinn, en öllu fráleitara fyndist sjer það þó, þegar það væri borið saman við tekjuskattinn, þar sem bæði væru dregnar frá allar skuldir, og þar að auki dregin frá öllu gjaldi talsverð upphæð af tekjunum. Kvaðst hann því gjarnan hafa viljað koma með undanþágur frá lausafjárskattinum, en af því að sjer væri illa við allar undanþágur, þá kvað hann ekki hafa orðið af þessu fyrir sjer. Það er snerti 4. grein, þá kvaðst hann vera samþykkur meðnefndarmönnum sínum í því, að engar undanþágur skyldi veita þeim mönnum, sem þar um ræddi; þættu sjer og ástæður þær, er teknar væru fram í stjórnarfrumvarpinu gegn þessu, mjög svo fagrar, og einar hinar fegurstu ástæður, er hann hefði sjeð í nokkru stjórnarfrumvarpi. Þá kvaðst hann

ætla að minnast lítið eitt á ábúðarskattinn. Hann kvaðst játa, að hann hefði um tíma villzt á þessa ábúðarskatts trú; kvaðst hann nú sjá, að allar þessar löngu ræður ættu meira eða minna rót sína í ábúðarskattinum; því að ef hann hefði aldrei komið á pappírinn, þá mundi meira samkomulag verið hafa í skattamálinu, en hefði verið, og eptir því sem hann skoðaði skatt þennan betur, eptir því virtist sjer hann fráleitari, enda væru ástæður þær, er teknar voru fram í álitsskjali skattanefndarinnar fyrir skatti þessum, og sömuleiðis þær, sem hefðu komið við umræður málsins, harðla veikar. Aðalástæðan, sem fram væri komin fyrir ábúðarskattinum, væri sú, að ábúendur á hlunnindajörðum og sjávarjörðum, sem lítið eða ekkert lausafje hefðu að telja fram til tíundar, slyppu undan skattgjaldi, ef ábúðarskattur eigi væri á lagður, og í þessu tilliti hefðu menn tekið til dæmis nokkrar jarðir, svo sem Engey og Viðey, en hann kvaðst vilja benda á það, ef ábúandinn græddi, þá hlyti hann að gjöra eitthvað við gróðann af hlunnindunum, því að það mundi eigi títt nú á tímum, að leggja fjeð á kistubotninn, og mundi hann því leggja gróðann í einhverja þá eign eða atvinnu, sem skattskyld yrði; en ef hann ekki græddi, þá væri eigi rjett, að hann greiddi skatt af engu; en þegar ræða væri um sjávarjörð, þá mundi ábúandinn bæði greiða spítalahlut og skipatíund, ef hann ætti skip, og þannig komast undir skattgjald eins og hver annar ábúandi. Eins væri og þess að gæta, að hlunnindajarðirnar mundu vanalega hátt leigðar, og mundi því eigandi þeirra jafnaðarlega komast í tekjuskatt. Hann kvaðst og þekkja jarðir í sveit, þar sem ábúandi þeirra ljeði öðrum slægjur eða beit, og hver hefði ágóðann af þessu? að vísu báðir, ábúandinn og sá, sem fengi að láni beitina eða slægjurnar, ef hann borgaði það; en þessa beit og slægjur brúkaði hann til að fjölga fjenaði sínum, og gyldi hann þá af honum eins og þeim, er fram fleyttist á hans eigin ábýlisjörð, og væri þá ranglátt, að báðir gyldu skatt af sömu landsnytjum, því þá yrði tvígoldið af því sama. Hann kvað framsögumann hafa borið þingmanni Dalamanna og sjer á brýn, að hann skildi eigi þennan ábúðarskatt; en hann sagði, að sjer virtist það vorkunnarmál, þótt sjer gengi illa að skilja þetta, því eptir því sem sjá mætti af ástæðunum í stjórnarfrumvarpinu, þá hefði stjórnin eigi heldur skilið skatt þennan; hún hefði byggt skilning sinn á síðari hluta 7. gr. í frumvarpi því, er utanþingsnefndin hefði samið, þar sem ákveðið væri, að taka mætti gjald þetta lögtaki úr jörðinni, hver sem eigandinn væri. En nú hefði þingnefndin og báðar deildir þingsins fellt þessa grein úr, sem rjett hefði verið, því að sjer virtist ákvörðun þessi næsta ósanngjörn; enda væri eigi annað að sjá, en að stjórnin hefði verið í vandræðum með skatt þennan, og væri það ljóst af orðum hennar, er stæðu á 2. bls. í ástæðunum fyrir frumvarpi hennar, og væri því mjög vafasamt, hvort stjórnin hefði nokkurn tíma fallizt á ábúðarskattinn, ef þessi nefndi liður 7. gr. hefði eigi verið til, til að villa hana.

Hann kvaðst nú loksins hafa komizt að þeim skilningi á ábúðarskattinum, að hann ætti að gjaldast af engu, þegar svo vildi verkast, því eptir því sem sjer hefði skilizt ræða framsögumannsins, þá hefði hann sagt, að hver ábúandi skyldi ábúðarskatt greiða, hvort sem hann ætti nokkuð eða ekki neitt. Hann sagði, að það mundi sannast, að ábúðarskattur þessi væri hið versta atriði í skattamálinu, og kvaðst hann helzt vilja, að hann væri enginn; auk þess sem áður væri talið, væri og af þessum ábúðarskatti kominn sá kur og sú óánægja, er heyrzt hefði yfir því, að prestar væru eigi undanþegnir skattgjaldinu; einmitt sú ósanngirni, er prestarnir yrðu fyrir, ætti rót sína í ábúðarskattinum, því að það yrði engin ósanngirni talin, þótt presturinn gyldi skatt af lausafje sínu, en aptur á móti mætti heita ósanngjarnt, að presturinn skyldi gjalda af ábúðarjörð sinni, er lögð væri honum upp í tekjur hans. Að vísu væri það satt, að þegar yfir höfuð væri reiknað, þá mundi þessi skattur, sem ákveð-

inn væri í frumvörpunum, vera mun lægri en manntalsbókargjöldin hefðu verið; en hvar kæmi lækkun þessi niður? þar sem sízt skyldi, eins og búið væri að sýna og sanna, og nú væri þó einmitt verið að berjast fyrir því, að skattarnir kæmu sem jafnast niður og haganlegast, eptir gjaldþoli, en nú hækkaði gjaldið einmitt á þeim, er ekkert gætu goldið, sem sje á öllum þeim, er áður hefðu eigi verið í skatti, ef álit utanþingsnefndarinnar yrði ofan á. Hann kvað framsögumann hafa getið þess, að jarðarhundraðatalan mundi lækka, ef nýtt jarðamat færi fram, eða ef það yrði endurskoðað, en hann hefði ekki fært neinar ástæður fyrir því, enda sæi hann enga ástæðu, og hlyti þetta að vera ágizkun ein, sem eigi hefði neitt að styðjast við; hann gæti öllu fremur vænzt þess, að hundraðatal jarðanna gæti hækkað með tímanum, ef jarðræktinni færi fram, og ef farið væri að elta hana með nýju jarðamati. Hann sagðist gjarnan vilja, að vjer legðum meira til landssjóðsins, ef efnin leyfðu, og þætti sjer ekkert of hátt, þótt vjer gyldum 1 alin af lausafjárhundraðinu; það þyldum vjer, og væri því ekkert á móti því; aðalatriðið væri, að gjald þetta kæmi rjettilega niður.

Halldór Kr. Friðriksson kvað sjer eigi koma til hugar að skýra mál þetta betur, en það væri þegar skýrt; því að hann ætlaði, að þingdeildarmönnum mundi það fullljóst orðið. Þar sem 1. þingmaður Norður-Múlasýslu hefði sagt, að svo miklar misjöfnur væru í máli þessu, þá gæti vel verið að svo væri, en einkum þó þegar málið væri skoðað frá því sjónarmiði, sem þingmaðurinn skoðaði það, en það gæti þingmaðurinn líklega ekki sagt, að hann væri hinn eini, er rjetta skoðun hefði á málinu. En á hinn bóginn væru misfellurnar eigi eins miklar, þegar málið væri skoðað frá öðru sjónarmiði. Aðalatriðið í máli þessu væri sú spurning, hvort það væri svo vaxið, að það væri ljettir fyrir bændur, ef það kæmist í gegn, og hvort vert væri að breyta þeim hinum fornu manntalsbókargjöldum; kvaðst hann ímynda sjer, að allir játuðu, að öll þörf væri á þessu, og það mundu jafnvel þeir játa, er einna mest væru á móti skattafrumvarpi því, er nú lægi fyrir þinginu, að allmikill ljettir væri með því fenginn; og hví væri þá ástæða til og hví leituðust menn þá við að ónýta mál þetta? hví vildu menn eigi, að því yrði haldið áfram? Landshöfðinginn sjálfur hefði sýnt fram á, að hin nýju skattalög væru eigi að eins ljettir fyrir gjaldendur, af því að skattgjaldið kæmi jafnara niður, heldur lækkaði og skattgjaldið, þegar til heildarinnar væri litið. Þar sem 1. þingmaður Norður-Múlasýslu hefði sagt, að vjer hefðum nóg fje handa landssjóðnum, þá kvaðst hann að vísu játa, að svo væri nú; en hann kvaðst á hinn bóginn ætla, að það mundi vinnast upp; og ef tekjurnar væru nú eigi meiri en svo, að enginn eða lítill afgangur væri, þá væri auðsjeð, að vjer mættum einskis af þeim missa. Og þegar það nú væri sýnt og sannað, að með frumvarpi þessu væri töluvert ljett á gjaldendum, þá væri svo sem auðsjeð, að það væri rjettarbót, og ætti þingið því eigi að eiga það á hættu að ónýta frumvarp þetta. Hann kvaðst hafa lempað sig svo mikið eptir nefndinni og þingdeildarmönnum, til þess að mál þetta næði fram að ganga, án þess að hann áliti, að þessi ábúðarskattur eða jarðaskattur væri hið eina rjetta, eins og hann nú væri. Sjer þætti undarlegt, að þegar nefndarmennirnir í máli þessu í efri og neðri deildinni hefðu gjört það samkomulag milli sín, að ábúðarskatturinn skyldi eigi vera fyrir neðan $^2/_5$ álnar, þá skyldu nefndarmenn ganga ofan í sjálfa sig, og segja, að þeir vildu eigi fylgja þessu. Kvaðst hann fyrir sitt leyti álíta það langrjettast, að fylgja efri deildinni í skatti þessum, og kvaðst hann hafa gengið að þessum $^2/_5$, til þess að miðla málum, en nú kæmu nefndarmenn, og tækju þvert fyrir þetta. Ef slíkt ætti opt að gilda hjá deildinni, þá væri hægt fyrir hana að ónýta hvert mál, enda gæti hann eigi annað sjeð, en að tilgangurinn fyrir deildinni nú í þessu máli væri sá, að ónýta málið, og láta allt sitja í sama

horfinu og áður, og þætti sjer slíkt undarleg fyrirtekt af deildinni; því að sjer virtist, að ef þetta væri rjettarbót, — sem hann ímyndaði sjer að allir játuðu — þá ætti að koma þeirri rjettarbót á. Hann sagði, að vegna þess að þingmaður Mýramanna fengi eigi áburðarskattinn lækkaðan niður í $^3/_{10}$, þá vildi þingmaðurinn engan skatt hafa; kvað hann þingdeildina ráða, hvort hún vildi eiga það á hættu, að mál þetta fjelli; en það gæti hann sagt deildarmönnum, að ef þetta mál kæmist eigi í gegn, þá væri einnig úti með tekjuskattinn, því að stjórnin gæti með engu móti samþykkt hann, ef mál þetta ónýttist. Því að skattamálið í heild sinni mætti skoða sem eina samanhangandi keðju, og ef því einn liðurinn í keðju þessari ónýttist, þá ónýttust og allir hinir liðirnir. Það væri og eitthvað bogið í því, að leggja skatt að eins á eina tiltekna stjett, en leggja engan skatt á hinar stjettirnar; og þótt nú tekjuskatturinn og húsaskatturinn kæmust á, hverju væru þá bændur bættari fyrir það? manntalsbókargjöldin stæðu eptir sem áður. Og þótt þingmanni Dalamanna þætti það að, að þessi socialistiska hugmynd hefði eigi komizt inn í skattalögin, að leggja skyldi skattinn á eptir efnum og ástæðum, þá kvaðst hann ímynda sjer, að erfitt yrði að búa þau skattalög til, að þessari kröfu þingmannsins yrði fullnægt, eða að þessir beinu skattar yrðu að öllu eptir efnum og ástæðum, auk þess sem það og væri rammskakkt hjá þingmanninum, að allir þeir, er undir skiptitíund væru, væru fátækari en hinir, er í skiptitíund væru; kvaðst hann ætla, að þeir opt og tíðum væru ef til vill efnaðri. Að því er veðskuldirnar snerti á lausafjenu, þá kvaðst hann vera beint á móti þeim, því að hann ætlaði, að illt eitt mundi af þeim leiða, og hefði varaforseti svo skýrt og glöggt tekið það fram, að hann ætlaði eigi að fjölyrða meir um það, enda væri hann alveg samþykkur hverju einu orði, er varaforseti hefði tekið fram um þetta, alveg eins og þingmaður Dalamanna hefði verið samþykkur 1. þingmanni Norður-Múlasýslu fyrir skemmstu síðan. Það er undanþágurnar snerti, þá virtist sjer þar um annað mál að ræða, og ef hjer væri um nokkuð samkomulag að ræða, og þessir 6 uppástungumenn vildu fallast á aðrar uppástungur nefndarinnar eða jafnvel hvað heldur á uppástungur efri deildarinnar, með því móti að þessari uppástungu yrði haldið, þá væri það annað mál; og þótt sjer virtist nokkuð á móti þessari uppástungu, þá kvaðst hann þó eigi mundu verða henni svo mjög mótfallinn, af því að sjer þætti svo mikils vert um, að mál þetta fjelli eigi. Reyndar kvaðst hann eigi geta sjeð, að prestarnir hefðu neina rjettarkröfu til að verða lausir við þetta gjald, en verið gæti, að þeir hefðu sanngirniskröfu til þess, af því að þeir hefðu verið lausir við það í svo langan tíma; en sjer fyndist þó, þegar á allt væri litið, að prestarnir hefðu eigi meiri sanngirniskröfu til þessa, en aðrir þeir, er hefðu verið undan tíund þegnir, og það hefði stjórnin sjeð. Reyndar kvaðst hann eigi vilja gjöra þetta atriði að kappsmáli, ef málið annars gengi fram. Rjettara ætlaði hann þó, að af nema þessar undanþágur, og bæta prestunum þær aptur upp á einhvern annan hátt; kvaðst hann eigi geta sjeð hundrað í hættunni, þótt samþykkt væri nú, að undanþágur þessar fjellu í burt, því að frumvarp þetta ætti að ná fyrst lagagildi árið 1879, og yrði þannig að eins eitt ár þangað til að lög mundu samin um það, hvernig bæta skyldi prestunum upp þennan tekjumissi; kvaðst hann þá mundu styðja það mál, og þættist hann svo orðheldinn, að hann ætlaði, að menn gætu talið það víst, að hann mundi enda það. Hann kvað alla sjá, að undanþágur þessar væru næsta óvinsælar, og ætlaði hann því eigi vert að halda þeim lengur. Hann kvaðst og vilja minna þingdeildarmenn á, að nú lægi prestakallamálið fyrir, og væri í ráði, að koma betra skipulagi á prestaköllin og laun presta, og mundi þá eigi rjett, að taka einnig þetta atriði með til íhugunar? Hann kvaðst nú eigi ætla að tala meira í máli þessu, því að um það hefði nú verið rætt svo margt og mikið, að það mætti vera

orðið hverjum manni fullljóst, og væri það eigi til annars en að eyða þingtímanum, er nú væri all-naumur orðinn.

Grímur Thomsen kvaðst verða að vera samdóma þingmanni Reykvíkinga um aðalatriðin í ræðu hans. Þetta mál væri nú orðið nokkuð rætt, og ætti að vera orðið þingmönnum ljóst. Það hefði fyrst komið fyrir á Hróarskelduþingi fyrir hjer um bil 40 árum; síðan hefðu verið skipaðar í það 2 nefndir; þær hefðu samið álit um það og sent stjórninni, en hún hefði stungið því undir stól og ekkert síðan við það gjört. Loksins hefði nú 1875 enn verið skipuð nefnd í málið utanþings, sem hefði og samið álitsskjal og leyst það verk í alla staði vel af hendi; nú hefði málið komið til þings, fyrst fyrir neðri deildina, en þar sætu, eins og kunnugt væri, 2 úr utanþingsnefndinni, auk annara fleiri skattfróðra manna, t. d. 1. þingmanns Norður-Múlasýslu, svo hefði málið farið til efri deildarinnar, og þar sæti og einn af utanþings-skattanefndarmönnum; allt fyrir þetta væri málið nú eigi betur komið en fyrst, þar sem enn væru gagnstæðar skoðanir um það, og það jafnvel frumefni mótstæðra skoðana, þar sem báðir forvígismenn meiri eg minni hlutans í prestakallamálinu hefðu nú slegið sjer saman til þess að gjöra breytingaratkvæði, og væri það gagn-merkilegt, að 1. þingmaður Norður-Múlasýslu, sem í prestamálinu hefði talað svo háfleygt og sem ofan af himnum, skyldi nú hafa látið síga til jarðar og látið sig svo miklu skipta hið jarðneska. Hann væri eigi auðfræðingur, eigi hagfræðingur og eigi skattfræðingur; en þó hefði hann reiknað út, hverja upphæð landssjóðurinn fengi, eptir því hvort samþykkt yrði frumvarpið frá efri deildinni, eða breytingaruppástungur nefndarinnar í þessari deild, og að síðustu, ef breytingaratkvæði hinna 6 þingmanna og 3 þingmanna næði samþykkt þingsins.

Eptir frumvarpi efri deildarinnar fengist, ef reiknað væri eptir meðal-alin, (58 a.), í húsaskatt og tekjuskatt hjer um bil 10000 kr., og samtals fyrir alla skatta hjer um bil 80000 kr., þar frá mætti draga undanþágur, hjer um bil 18000 kr. eptir því sem landshöfðingi hefði reiknað og 1. þingmaður Suður-Múlasýslu; það, sem landssjóðurinn þannig fengi, yrði 62,000 kr. Eptir uppástungu nefndarinnar yrði þar að draga frá 12,000kr., svo að þá fengi landssjóðurinn að eins 50,000kr.; eptir uppástungu hinna 6 þingmanna, og ef þar við væri bætt uppástungu hinna 3 háæruverðugu og velæruverðugu þingmanna, þá yrði tekjuupphæðin af skattinum einar 47,000 kr., og ef þar frá væru dregnar 18,000 kr. fyrir undanþágum, þá yrðu eptir 29,000 kr. Þessi reikningur væri nokkurnveginn rjettur, og væri þingmönnum innan handar að skoða hann hjá sjer, ef þeir vildu. Landssjóðurinn missti þannig 27,000 kr. fyrir uppástungu hinna 6 þingmanna og hinna 3 þingmanna, og væri það merkilegt, að fyrri þingmaður Norður-Múlasýslu skyldi nú vera í þeirra manna flokki, er ýra vildu tekjur landssjóðsins, þar sem hann vildi þó styrkja öll fyrirtæki verkleg og vísindaleg, og vissi þó, að búið þyrfti mikils með, og mætti hann líka vita, að með þessu móti fengi landssjóðurinn engan afgang, þar sem nú væri í ráði að stofna ýms stórkostleg og kostnaðarsöm fyrirtæki, t. d. Möðruvallaskólinn, sem að líkindum yrði undirbúinn á þessu fjárhagstímabili. Það væri því engan veginn samkvæmt hagfræðislegum og því síður auðfræðislegum reglum, að minnka tekjur landssjóðsins um 27,000 kr., því að hann gæti að minnsta kosti ekki sjeð, hvaðan landssjóðnum ætti að koma bót á þessum tekjumissi. Þingmaður Dalamanna hefði verið að fást um það, að þeir, sem væru fyrir neðan skiptitíund, hefðu óhagnað af þessu, en hann vildi gefa honum þá upplýsingu, að það færi eptir því, hve ýmislega stæði á; þannig væru t. d. í sinni sveit sumir ríkari, sem ekki væru í skiptitíund, en hinir sem í henni væru. Eins og hann væri samdóma þingmanni Reykvíkinga, eins væri hann og þakklátur varaforseta fyrir upplýsingar hans um þinglýstar veðskuldir, enda hefði það verið það eina atriði, sem hann hefði eigi

getað verið samþykkur efri deildinni í. Hann hefði eigi vitað, að svona væri ástatt um skuldseðla þessa fyrir norðan, eins og vara-forseti hefði skýrt frá, en það gæti líka vel verið, að sami síður kæmist á hjer, og vildi hann því með engu móti samþykkja viðbót efri deildarinnar við 3. grein.

Að endingu vildi hann spyrja, hvort þingmönnum þætti nú æskilegt, að vjer sætum nú enn við sama, eiga nú enn að greiða þessi gömlu manntalsbókargjöld, sem áður, sem örðugt væri að innheimta, eptir allt það sem búið væri að hafa fyrir málinu, allan þann tíma, sem varið hefði verið til þess, og að endingu eptir öll þau fjárútlát, sem meðferð málsins hefði haft í för með sjer, — hvort þeim nú, er þeir skoðuðu huga sinn, þætti það æskilegt, og hann vildi segja viðunanlegt, að sitja nú enn í sama farinu, og láta málið bíða til næsta þings, eða lengur, þangað til einhver af þingmönnum kæmi með það aptur inn á þing, því frá stjórninni mundi það varla koma aptur. Hann gæti sannfært menn um, að málinu yrði engu betra að bíða þannig eptir sífelldu breytingaratkvæða jórtri og breytingum við breytingar, er á endanum, ef til vill, yrðu eins margir eins og þingmenn, eða fleiri, hver annari gagnstæð, þannig að ómögulegt yrði, að ná neinni endilegri niðurstöðu — heldur en að það yrði nú þegar samþykkt eins og það nú væri, því að það virtist sjer í öllu tilliti heppilegra, að því einu undanteknu, að hann gæti eigi, eins og hann áður hefði tekið fram, samþykkt viðauka efri deildarinnar við 3. grein.

Arnljótur Ólafsson kvaðst vita, að 1. þingmaður Gullbringusýslu mundi vonast eptir svari, einkum af því að hann hefði talað frá jörðu neðan. Hvað undanþágurnar snerti, þá væru þær eigi að eins prestum í vil, heldur einnig fyrir hreppstjóra; hjer væri og eigi verið að berjast fyrir hálaunum heldur fyrir velfengnum rjettindum. Þegar menn vildu gá að, hve mörg jarðarhundruð væru tíundfrjáls, þá væru þau alls 36,280.3 hundraða að tölu; en kirkjujarðir þar af eigi nema 12,855.3 hundruð; bændajarðir, eða seldar stólsjarðir og klaustra, væru 15,440.7 hundruð að dýrleika, og þessar jarðir hefðu bændur keypt með því fulla skilyrði, að þeir skyldu aldrei greiða af þeim konungstíund. Þjóðeignir væru 7480.6 hundruð og kristfjárjarðir 503.7 hundruð. Af þessu væri ljóst, að svo margfalt fleiri bændur væru þeir, sem órjettinn liðu, en prestar. Það væri satt, að presta munaði þetta eigi svo miklu, því að af öllum kirkjujörðunum væru eigi nema 170 jarðir, sem prestar hefðu til ábúðar. Þetta væri því eigi nein auragirnd af prestunum, heldur vildu þeir að eins halda rjetti sínum, og bændur sínum, og væri sjer eigi annara um sinn hag en bændanna í þessu efni.

1. þingmaður Gullbringusýslu hefði reiknað undanþágurnar nokkuð háar, og kæmi það að öllum líkindum af því, að hann áliti tölur þessar svo mikilvægar og óhagganlegar, af því að þær hefðu komið út úr munni landshöfðingja, en hann vildi halda sjer til þess, sem í raun og veru væri, en eigi byggja á ágizkunum eða skáhöllum reikningum annara. Hann vildi því til hægri verka sýna, að af öllum þeim tíundarfrjálsu jörðum, 36,280.3 hundruð að dýrleika, væri kóngstíundin samtals 10,884 al. En þar sem skattanefndin teldi gjaldfrelsið eða undanþágurnar 11,680 al. (sjá nefndarálit 11. bls.), þá væri fyrst þess að geta, að í skýrslu hennar á 109. bls. vantaði Barðastrandarsýslu, enda væri álnatalan þar eigi nema 11170, svo þessar 510 ál., er fyrri talan hefði fram yfir hina í skýrslunni, væri líklegast fyrir Barðastrandarsýslu. En það væri lakara við skýrslur þessar, að staðhæfa mætti, að prestssetrin hlytu að vera sumstaðar talin tvisvar. Prestssetrin eru talin í skýrslu nefndarinnar meðal kirkjueignanna, en síðan hljóta þær að vera taldar, að minnsta kosti sumar, í skýrslunni á 109. bls., því sjer væri óskiljanlegt, að hreppstjórar og sýslumenn byggju á svo mörgum tíundfrjálsum jörðum í sjálfu sjer, að hundraðatala þeirra næmi 3426.7 hndr., að undanskilinni Barðastrand-

arsýslu. En þó þetta væri nú eigi svo, þá væri hitt víst, að tíundfrelsið og gjaldfrelsið til samans hlypi þó eigi meira en 22562 ál., og það yrði þó eigi meira í peningum en um 12000 kr. Hann vildi ekki segja, að presta og bændur munaði um nokkra aura, en þá munaði um, hvort þeir væru sviptir rjetti sínum. Aðalvillan hjá stjórninni væri sú, að hún gjörði engan mun á, hvort lagður sje á skattur í staðinn fyrir gömlu skattana, það er að segja, að sköttunum á sömu gjaldstofnunum sje breytt, og á nýjum skatti, sem aldrei hefði áður legið á almenningi, og væri því nýr skattur í orðsins eiginlegu merkingu. Af manntalsbókargjöldunum lægi lausafjártíundin, gjaftollur og skattur á lausafje, en jarðartíundin á jörðum, og skatturinn að nokkrum hluta, þar sem samlagningarskattur væri, Nú þótt nöfnunum sje kastað burt, þá væri þó álögunni, þ. e. skattinum sjálfum, ekki kastað burt, álagan kynni að breytast, verða meiri eða minni, en svo framarlega sem a er a, eða álaga er álaga, þá sæti hún kyr og hvíldi enn á sömu gjaldstofnunum. Hjer væri því um engan nýjan skatt að ræða, heldur um breyttan skatt, eða skatt í staðinn fyrir skatt. Hvað sem skattur þessi væri kallaður, þá væri hann hinn sami; eðli hlutarins færi eptir því, hvað hluturinn væri í sjálfum sjer, en eigi eptir því, hvað hann hjeti. Hann vonaði, að þingmönnum væri þetta ljóst; hann talaði, eigi um presta eingöngu, heldur um fátækrajarðir, og í einu orði um allar þær tíundfrjálsu jarðir, er bændur á búa, og þá vildi hann sjer í lagi nefna hinar seldu stólsjarðir, því eigendur þeirra gætu farið í mál við landssjóðinn fyrir samningsrof, ef breytingartillagan verður felld. Að endingu vonaði hann, að menn öfunduðu eigi hreppstjórana af launum þeirra, þótt þeir fengju að halda undanþágunum fyrir sína tíð.

Grímur Thomsen sagði, að eptir því, sem stæði í álitskjali utanþingsnefndarinnar í skattamálinu, sem hann hlyti að leggja meiri trúnað á en útreikning 1. þingmanns Norður-Múlasýslu, mundu undanþágurnar nema miklu meira en hann hefði sagt, eða 12271 kr. Kæmist nú breytingaruppástunga hinna 6 þingmanna að, yrði það, sem fengist upp úr öllum sköttunum, 47000 kr. alls, en að frá dregnum undanþágunum tæplega 35000 kr., í stað þess, að manntalsbókargjöldin væru 56000 kr.; það yrðu með öðrum orðum 22000 kr., sem landssjóðurinn missti þá í við hin nýju skattalög. Hann væri sannfærður um, að þingmenn vildu eigi, að landssjóðurinn yrði fyrir slíkum halla. Hann kvaðst mundu hiklaust greiða atkvæði með því, sem efri deildin hefði fallizt á, að fráskildum síðara lið 3. greinar: Nú hvílir þinglýst o. s. frv.

Varaforseti kvaðst ímynda sjer, að ræða hins háttvirta 1. þingmanns Norður-Múlasýslu hefði eigi breytt skoðun þingdeildarmanna í þessu máli. Hann væri alveg gagnstæður því, að embættismenn gætu átt nokkra rjettarkröfu til að vera undanþegnir skattgjaldinu. Hjer gæti alls eigi verið nein spurning um nokkra rjettarkröfu. Þeir hefðu að eins verið lausir við hin fornu manntalsbókargjöld, meðan þau stæðu, eins og þingmaður Reykvíkinga hefði ljóslega tekið fram, en alls eigi við þau gjöld, eða þá skatta, sem hjer væri um að ræða. Hjer væri því að eins að ræða um sanngirniskröfu. Uppástunga hinna 3 þingmanna sýndi bezt, að þeir viðurkenndu enga rjettarkröfu, heldur að eins sanngirniskröfu, því að þeir nefndu eigi nema nokkra embættismenn, er undanþáganna ættu að njóta. Hann hefði játað og játaði enn, að sanngirni mælti með, að sumir embættismenn, svo sem prestar, væru undanþegnir skattgjaldi þessu. En hins vegar kæmi það eigi hart niður á þá presta, sem helzt þyrftu undanþágunnar með, nefnilega presta á fátækum brauðum, sem hefðu lítið um sig. Aptur væru prestar á betri brauðum allt eins færir að greiða þennan skatt og bændur. Hann sæi og enga ástæðu til að vera að undanþiggja hreppstjóra þessu gjaldi. Þá munaði sannarlega ekki um það. Það væri yfir höfuð mjög óheppilegt, að vera að hafa nokkrar undanþágur í almennum lögum; þingið ætti að

sneiða hjá þeim sem mest, eigi síður í þessu máli en öðrum málum.

Með því eigi fleiri tóku til máls, var gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. Breyting 6 þingmanna við 2. gr.; hjer var atkvæðagreiðsla óglögg, og var því við haft nafnakall og fór það þannig:

Já sögðu:
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll prestur Pálsson,
Páll bóndi Pálsson,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorsteinn Jónsson,

Nei sögðu:
Halldór Kr. Friðriksson,
Ísleifur Gíslason,
Einar Ásmundsson,
Einar Gíslason,
Einar Guðmundsson,
Grímur Thomsen,
Jón Blöndal,
Jón Sigurðsson,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorlákur Guðmundsson.

Var breytingaratkvæðið þannig fellt með 11 atkvæðum gegn 11.

Guðmundur Einarsson greiddi eigi atkvæði, og kvað það koma til af þeirri ástæðu, að breytingaratkvæðið væri samkvæmt sannfæringu sinni hið sanngjarnasta, og gæti hann því eigi gefið atkvæði móti því; en með því gæti hann eigi gefið atkvæði sökum þess, að hann hefði lofað þingnefndinni að halda fast við $^2/_3$ álnar, því að hún hefði slakað til við hann niður úr $^1/_2$ alin.

2. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 2. gr. samþykkt með 15 atkvæðum.
3. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 3. gr. samþykkt með 15 atkvæðum.
4. Breytingaruppástunga hinna 3 þingmanna við 4. grein felld með 12 atkvæðum gegn 10.
5. Breyting nefndarinnar við 4. grein samþykkt með 14 atkvæðum.
6. Frumvarpið í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt með 18 atkvæðum.

Kvað forseti frumvarpið nú mundu verða sent efri deildinni aptur.

BREYTINGARUPPÁSTUNGUR

við frumvarp til laga um skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje, eins og það var samþykkt við eina umræðu í neðri deild alþingis.

I. Breytingaratkvæði
frá 3 þingmönnum:

Stefáni Eiríkssyni, Sighvati Árnasyni og Torfa Einarssyni.

Við 2. gr. í staðinn fyrir: «$^2/_6$» komi: «$^1/_4$».

II. Breytingaratkvæði
frá Eiríki Kúld.

Við 4. grein: í staðinn fyrir «frá honum — nje eignum», komi:

«Þó eru prestar og aðstoðarprestar undanþegnir, meðan þeir þjóna sama brauði, svo og uppgjafaprestar og prestaekkjur, og enn fremur hreppstjórar, meðan þeir hafa þau störf á hendi».

EIN UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 49. fundi efri deildarinnar, 27. dag ágústm., var samkvæmt dagskránni til einar umræðu *frumvarp til laga um skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje.*

Sighvatur Árnason kvað breytingaratkvæðið, er hann ætti hluti að, og nú lægi fyrir, vera tilbúið með hliðsjón af hinum skattlagafrumvörpunum. Þegar litið væri á hlutfallið milli frumvarpanna, þá kæmi það fram, að lausafjárskatturinn og $^1/_4$ al. af ábúðarhundraði yrði fullt eins hátt að sínu leyti og húsaskatturinn 1 af 1000. Þessi breyting væri sjer eigi föst í hendi, ef uppá-

stungumenn breytinganna við húsaskattinn hjeldu sínum eigi fram, en að öðrum kosti vildi hann eigi sleppa þeirri, sem nú lægi fyrir.

Eiríkur Kúld sagði, að öðru máli væri að gegna með ábúðarskattinn en húsaskattinn, sem væri einhver hin ránglátasta og óeðlilegasta álaga, því húsin væru optast nær fremur til byrðar eigandanum, en ábata. Hvað snerti undanþágur þær, sem hann hefði stungið upp á, þá hefðu þær verið samþykktar í þessari deild áður, en hrundið síðan í neðri deild, eptir þeirri sanngirni, sem þeirri deild virtist vera lagin í ár, er um fjárhagsleg efni væri að gjöra. Breytingaruppástungur þessar hefðu þann tilgang, að fyrirbyggja það, að hallað væri rjetti nokkurs manns, sem yrði, ef rjettindi yrðu afnumin, en hins vegar bætt við nýrri skyldu, eða ef undanþágan gamla yrði aftekin, en nýr skattur lagður á hina undanþegnu menn sem aðra. Einkum færi illa á þessu um uppgjafapresta og prestaekkjur, sem þyrfti að styrkja af almennu fje. Í annan stað væru þessar undanþágur eigi svo miklar að upphæðinni til, og hyrfu smámsaman. Því annað tveggja nytu þeirra eldri prestar, sem smátt og smátt eptir náttúrunnar lögmáli rýmdu sæti fyrir öðrum, eða þá yngri prestar, sem væru þá optast á fátækum brauðum, og sjaldan langt að bíða, að þeir skiptu um embætti, og þá hyrfi undanþágan af sjálfri sjer. Það væri og undarlegt, ef deildin fjelli nú á freistinganna tíma frá því, sem hún hefði áður samþykkt.

Benidikt Kristjánsson var samþykkur uppástungum varaforseta að miklu leyti, þó hann ætlaði, að þær væru eigi byggðar á allskostar rjettum grundvelli. Undanþágurnar ætlaði hann að væru persónuleg rjettindi, sem eigi skyldu glatast við brauðaskipti, þar eð staðan væri hin sama fyrir því, þó prestur hefði brauðaskipti, og í annan stað hefði verið rjettast að láta þetta atriði bíða nýrra launalaga, sem líklegt væri að á mundu komast innan skamms og sljetta þessar ójöfnur. Uppástungunni við 2. gr. um lækkun ábúðarskattsins væri hann meðmæltur, því að af tvennu illu kysi hann hið minna, því það yrði raunar eigi fundin hin minnsta átylla fyrir ábúðarskattinum. Það væri líkast því, að sá sem tæki fje til láns, ætti að borga skatt af láninu auk rentu. Ólíku væri húsaskatturinn eðlilegri, því húseignin færði arð eigandanum, t. d. ef hann leigði húsið öðrum, og þá eins þó hann byggi í því sjálfur, og yrði þetta því eigi, eins og varaforseti hefði haldið fram, beinlínis borið saman við húsaskattinn.

Stefán Eiríksson sagði, að uppástungumönnum hefði gengið það helzt til breytinga sinna, að ábúðarskatturinn hlyti að verða óvinsæll út um landið, og ætti í raun og veru ekki að eiga sjer stað, en vegna sjávarplássanna, hefði hann og hinir uppástungumennirnir ekki sjeð sjer fært að af nema hann með öllu. Að því er undanþágurnar snerti, væri hann reyndar með því, að prestar og prestaekkjur ættu einskis í að missa, en slíkar undanþágur ættu eigi að standa lengur en til þess, er breyting og bót yrði á kjörum presta yfir höfuð, eins og hann og fleiri þingmenn hefðu farið fram á við fyrri umræður málsins; en þar sem þetta breytingaratkvæði færi fram á að hafa undanþágurnar æfilangt, eða þangað til prestaskipti yrðu á því og því brauði, þá gæti hann ekki verið með þeirri breytingu.

Torfi Einarsson sagði, að sjávarbændur greiddu spítalagjald og tekjuskatt, sem aðrir, og væri með því hrundið ástæðu þingmanns Skaptfellinga fyrir ábúðarskatturinn. Þingmaður Þingeyinga hefði tekið flest það fram um ábúðarskattinn, sem hann hefði viljað sagt hafa. Hann bætti að eins einu dæmi við: Nú skyldi maður búa vel á 20 hndr. jörð, en svo kæmi það fyrir, að fje hans af einhverjum ástæðum fækkaði mjög, en hann gæti eigi hætt búi, þar eð hann væri fjölskyldumaður. Nú þyrfti maðurinn að borga eins ábúðarskattinn fyrir því, þó hann gæti lítið sem ekkert notað jörðina, eða eptir þeirri skoðun, að ábúðarskatturinn

hvíli eiginlega á lausafjenu, þá ætti hann að borga skatt af þeim búpeningi, sem væri dauður og ekki lengur til, og mundi flestum ljóst, hvað mikil sanngirni væri í þessu. Nú væri þó svo komið þessum málum, einkum af því, að hann sæi að málið um gjald til jafnaðarsjóðanna fengi framgang, að hann mundi kannske sætta sig við ábúðarskattinn, þó ranglátur væri, til þess að fá enda á málið, en þó því að eins, að báðar breytingaruppástungurnar yrðu felldar, annars væri málið ónýtt. Sjer segði svo hugur, að það sem fyrst yrði breytt í lögum þessum, það væri að nema í burtu ábúðarskattinn.

Sighvatur Árnason ætlaði, að spár einar mundu lítið þýða í þessu efni, og sjer væri nær að halda, að ábúðarskatturinn yrði eigi ver þokkaður en aðrar skattaálögur. Að minnsta kosti hefði það orðið ofan á á einum þremur sýslufundum í ár fyrir austan, að leggja ábúðarhundruðin til grundvallar fyrir lausafjárgjaldinu. Ef nú deildin vildi aðhyllast breytingu þessa á 2. gr., að $^1/_4$ kæmi fyrir $^2/_5$, þá væri hann búinn að ákvarða sig til að greiða atkvæði með hinum breytingaruppástungunum, bæði við þetta frumvarp og eins við húsaskattinn, til þess að hlutfallið raskaðist eigi.

Ásgeir Einarsson kvaðst vera orðinn leiður á þessum sífellda rekstri og rekistefnu út af smámunum þessum. Nefndirnar hefðu komið sjer saman um $^2/_5$, og hjer væri því eiginlega spurningin um það, hvort menn vildu koma máli þessu áfram eða fella það. Ef menn vildu fella það, þá væri það ágætt ráð, að vera sífellt að koma með breytingar og hrekja það milli deildanna. En ef menn vildu koma málinu fram og ljúka því á þessu þingi, þá væri það ekki vinnandi fyrir aðra eins smábreytingu, sem þá að breyta «$^2/_5$» í «$^1/_4$» að láta málið mæta þeim hrakningum hjer á ofan, að láta það ganga til sameinaðs alþingis. Það hefði mátt ráða af orðum varaforseta, að hann væri eigi fastur á uppástungum sínum sjálfs sín vegna, heldur vegna stjettarbræðra sinna, en honum hefði yfirsjezt að gæta þess, að eigi væri gengið of nærri tíundarfrjálsum jörðum. Þetta gæti verið þess vert, að taka það til yfirvegunar, þegar farið yrði að fjalla um jarðamatið.

Síðan var gengið til atkvæða, og breytingaratkvæði við 2. gr. fellt með 6 atkv. móti 5, og breytingaratkvæði við 4. gr. fellt með 7 móti 3, og frumvarpið óbreytt samþykkt með 9 atkvæðum og afgreitt til landshöfðingja, þannig orðað:

LÖG
um skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje.

1. grein.

Öll manntalsbókargjöld þau, sem nú eru, skulu af numin; en þau eru: skattur, gjaftollur, konungstíund, lögmannstollur og manntalsfiskur.

2. grein.

Af öllum jörðum, sem metnar eru til dýrleika, hvort heldur eru bændaeignir, eignir kirkna eða prestakalla, þjóðeignir, eignir fátækra eða stofnana, eða hverju nafni sem nefnast, skal sá, er á jörðinni býr eða hefur hana til afnota, greiða $^2/_5$ álnar á landsvísu af hundraði hverju.

3. grein.

Af hverju lausafjárhundraði, sem telja ber fram til tíundar, skal sá, er fram á að telja, greiða 1 alin á landsvísu.

4. grein.

Skattur þessi rennur í landssjóð, og skal goldinn sýslumönnum og bæjarfógetum á manntalsþingum ár hvert; frá honum veitast engar undanþágur, hvorki tilteknum stjettum nje eignum.

5. grein.

Gjaldið skal greitt í peningum eptir meðalverði allra meðalverða í hvers árs verðlagsskrá. Bresti gjaldanda peninga, getur hann greitt gjaldið í innskript hjá kaupmönnum, þeim er hlutaðeigandi sýslumaður tekur gilda, eða í landaurum þeim, er nú skal greina: sauðfjenaði, hvítri ull, smjöri, fiski og dún, eptir því verði, sem sett er á aura þessa í verðlagsskrá ár hvert, enda sje það verð eigi hærra en gangverð á gjalddaga.

6. grein.

Fyrir gjaldi þessu má gjöra fjárnám hjá gjaldanda samkvæmt opnu brjefi 2. apríl 1841, og hefur það í tvö ár frá gjalddaga forgöngurjett þann, sem skattgjöld til landssjóðs hafa samkvæmt lögum.

7. grein.

Gjald þetta skal krafið í fyrsta sinn á manntalsþingum árið 1879.

III.

Frumvarp

til

laga um tekjuskatt.

I.

Um tekjuskatt af eign.

1. grein.

Af öllum árstekjum af jarðeign, hvort heldur eru landskuld, leigur af innstæðukúgildum, arður af hlunnindum eða annað, skal eigandinn, eða sá, sem hefur tekjurnar af jörðinni, greiða tekjuskatt, 5 krónur af hverjum 100 krónum, sem tekjurnar nema í peningum eða landaurum eptir verðlagsskrárverði á hverri landaurategund um sig. Frá árstekjunum skal dreginn umboðskostnaður og leigur af þinglesnum veðskuldum í jörðu, sem eigandi það ár hefur borgað.

Nú býr eigandi sjálfur á jörðinni eða hefur afnot hennar, og skal þá jörðin metin til afgjalds af nefnd þeirri, sem skipuð verður samkvæmt 11. grein laga þessara.

2. grein.

Fimm af hundraði af árstekjum sínum skulu þeir og greiða, sem hafa tekjur af fje sínu, hvort heldur það er arður af skuldabrjefum eða hlutabrjefum, eða því um líku, eða það er lífeyrir, próventa eða leigur af útistandandi skuldum, og það jafnt, hvort brjef er fyrir skuldinni eða eigi. Hið sama er um arð af öðru lausafje, sem á leigu er sett.

3. grein.

Undanþegnir þessum tekjuskatti eru þeir, er árstekjur þeirra eptir 1. og 2. grein samanlagðar eigi nema 100 krónum. Tekjuupphæðin í krónum skal ávallt deilanleg með 20; það, sem þar er fram yfir, skal eigi koma til greina skattinum til hækkunar.

II.

Um tekjuskatt af atvinnu.

4. grein.

Af allri atvinnu skal greiða tekjuskatt þannig:

af hinum fyrstu 1000 krónum, sem tekjurnar nema, skal engan skatt greiða;

af því, sem tekjurnar nema yfir 1000 krónur og að 2000 kr. fullum, skal greiða 1 af hundraði í tekjuskatt;

af því, sem tekjurnar nema yfir 2000 krónur og að 3000 kr., skal greiða $1^1/_2$ af hundraði;

af því, sem tekjurnar nema yfir 3000 krónur og að 4000 kr., 2 af hundraði,

og svo framvegis þannig, að skatturinn eykst um hálfan af hundraði á hverju þúsundi, sem tekjurnar hækka, allt að 5 af

hundraði, sem greiðist af því, sem tekjurnar nema yfir 9000 krónur.

Tekjuupphæðin skal ávallt deilanleg með 50; það, sem þar er fram yfir, skal eigi koma til greina, skattinum til hækkunar.

5. grein.

Sem tekjur af atvinnu, er skatt skal af greiða, teljast: tekjur af verzlun, sjóferðum, iðnaði, veitingasölu, handiðn og hverjum öðrum bjargræðisvegi; enn fremur tekjur af embættum og sýslunum, t. a. m. föst laun, aukatekjur, landaurar, eða hlunnindi, og af biðlaunum, eptirlaunum og þess konar styrktarfje, svo og tekjur af alls konar vinnu andlegri eða líkamlegri.

Sá, sem fæst við landbúnað eða hefur sjávarútveg, skal eigi greiða skatt þennan af tekjum þeim, sem renna beinlínis til hans af bjargræðisvegum þessum.

III.

Almennar ákvarðanir.

6. grein.

Skatturinn skal á lagður eptir tekjum gjaldanda næsta ár á undan niðurjöfnuninni.

7. grein.

Af tekjunum skal greiða skatt, til hvers sem þeim svo er varið, hvort heldur maður hefur þær sjer og vandamönnum sínum til viðurværis og nauðsynja, nytsemdar eða munaðar, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, eða til þess að afla sjer fjár — þar með talinn lífeyrir eða lífsfje handa einhverjum eptir sinn dag, eða því um líkt — til gjafa, eða hvers annars, sem vera skal.

Þegar tekjurnar eru lagðar í skatt, skal draga frá það, sem greiðandi á því ári hefur greitt beinlínis í gjöld til landssjóðsins, í sveitargjöld eða til kirkna, í tíund, eða sem leigur af skuld.

Frá öllum tekjum af atvinnu skal þar að auki dreginn sá kostnaður, er varið hefur verið til að reka hana; með kostnaði þessum skal samt eigi telja það, sem maður hefur varið sjer og vandamönnum sínum til viðurværis og nauðsynja, enda þótt vandamenn þessir með vinnu sinni hafi hjálpað til að afla fjárins, nema því að eins að nokkur af þeim að staðaldri starfi að þeim verkum, sem laun eru goldin fyrir.

Frá tekjum af embættislaunum má telja skrifstofukostnað o. fl., sem er samfara embættinu, svo má og færa til útgjalda eptirlaun og aðrar kvaðir, sem á embættinu liggja. Endurgjald það, er sá, sem fjærverandi er frá heimili sínu í opinberar þarfir, fær í fæðispeninga og fyrir ferðakostnað, verður eigi talið með tekjum, er skatt skal greiða af.

Af þeim tekjum, sem fást á þann hátt, að maður eyðir höfuðstóli sínum eða tekur lán, skal eigi greiða skatt, en það verður eigi talið frá tekjum, sem haft er til þess að borga skuld.

8. grein.

Hver búsettur maður á Íslandi, sem tekjur hefur, þær er skattskyldar eru eptir undanfarandi greinum, skal greiða tekjuskatt, hvort heldur er karl eða kona, ungur eða gamall, og hverrar stjettar sem hann er. Þeir, sem eru í foreldrahúsum eða á framfæri hjá öðrum, greiða að eins skatt af þeim tekjum, sem þeir hafa auk uppeldis hjá foreldrunum eða þeim, sem þeir hafa framfæri hjá. Hlutafjelög, verzlunarfjelög og önnur slík fjelög og stofnanir skulu talin sem sjerstæðir gjaldendur, en samt skal frá skattskyldum tekjum draga það, sem rennur til einstakra manna, sem búsettir eru á Íslandi.

9. grein.

Undanþegnir öllum tekjuskatti eru: landssjóðurinn og aðrir þeir sjóðir, sem fjárlögin ná til; kirkjur, að því er snertir portíónstekjur þeirra, öll sveitarfjelög, fjelög og sjóðir, sem stofnaðir eru til almennra þarfa, sparisjóðir, sem eigi eru eign einstakra manna.

10. grein.

Nú dvelur maður um stundarsakir í öðru landi, en bregður eigi heimili sínu á Íslandi, og skal hann þá gjalda skatt, eins og hann væri í landinu. Nú er maður eigi

búsettur á Íslandi, en hefur tekjur af jarðeign eða atvinnu eða sýslu, sem þar er rekin, og skal hann þá greiða skatt af tekjum þessum, og til nefna fyrir hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta mann þar í sýslunni eða kaupstaðnum, sem greiði skattgjald hans.

Sömuleiðis skal sá, sem eigi hefur aðsetur á Íslandi, en hefur laun, eptirlaun, biðlaun eða styrk úr landssjóði Íslands, greiða skatt af þessum tekjum, og skal ráðgjafinn fyrir Ísland sjá um, að tekjuskattinum af þessu sje haldið aptur.

Landshöfðinginn sker úr því, hvort útlendir menn, er dvelja um stundarsakir á Íslandi, og ekki reka þar neina atvinnu, sjeu skattskyldir.

11. grein.

Skrár um tekjur þeirra, sem skatt eiga að greiða, skulu samdar af skattanefndum, sem til þess verða skipaðar, ein í hverjum hreppi og kaupstað.

Í skattanefnd hverri sitja 3 menn, í kaupstöðum formaður bæjarstjórnarinnar eða bæjarfulltrúanna og 2 bæjarfulltrúar, er bæjarstjórnin til þess kýs, en í sveitum hreppstjórinn, eða, þar sem fleiri eru hreppstjórar en einn, sá þeirra, er sýslumaður til þess nefnir, og 2 menn, sem hreppsnefndin kýs úr sínum flokki. Auk þess skal á sama hátt kjósa einn vara-nefndarmann, sem tekur sæti í nefndinni í forföllum einhvers af nefndarmönnum, og má hann vera utan hreppsnefndar, ef hreppsnefndarmenn eru eigi fleiri en þrír.

Formaður bæjarstjórnarinnar eða bæjarfulltrúanna í kaupstöðum og hreppstjórinn í sveitunum er formaður skattanefndarinnar. Í forföllum formannsins kýs skattanefndin sjálf formann til að stjórna fundunum um stundarsakir.

12. grein.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í þarfir hins opinbera, svo og stjórnendur stofnana og fjelaga, eru skyldir að láta skattanefndinni í tje allar þær skýrslur, er þær beiðast og með þurfa, svo sem skýrslur um embættislaun, um skuldabrjef og hlutabrjef, er eigandi er tilgreindur að, um þinglesnar veðskuldir og annað því um líkt. Tregðist einhver við að gefa slíka skýrslu, sker landshöfðingi úr, hvort hann er til þess skyldur eða eigi, og getur landshöfðingi lagt daglegar sektir við, ef eigi er hlýtt.

13. grein.

Á hreppastefnum á haustum og í kaupstöðum á fundi, sem haldinn skal í októbermánuði ár hvert, skulu skattanefndirnar safna skýrslum um tekjur hreppsbúa eða kaupstaðarbúa þeirra, er setja skal á tekjuskrána. Þyki skattanefndinni tortryggileg skýrsla einhvers, getur hún krafizt sannana og skírteina, er henni þykir þurfa, og ákveður síðan tekjupphæðina. Nú er einhver sá, er enga skýrslu gefur, og skal þá nefndin kveða á um tekjur hans eptir því, sem hún veit rjettast og sannast.

14. grein.

Þá er skattanefndin hefur kveðið á um tekjupphæð hvers eins, skal hún semja skrá yfir alla þá, sem tekjuskatt eiga að greiða, og skal þar tilgreint fullt nafn og heimili gjaldanda, upphæð hverrar tekjugreinar um sig, hver kostnaður á liggi, er til áfdráttar kemur eptir lögum þessum, og hvort gjaldandi hafi sjálfur skýrt frá tekjum sínum eða ekki.

15. grein.

Þá er skrár þessar eru fullgjörðar, skulu þær lagðar fram í hreppunum á stað, sem er hentugur hreppsbúum, og sem birtur hefur verið á kirkjufundi, og í kaupstöðum í bæjarþingstofunni, eigi síðar en 15. dag nóvembermán., og liggja þar til sýnis mánuðinn út.

16. grein.

Nú er einhver óánægður með ákvörðun skattanefndarinnar um tekjur hans, og skal hann bera upp kæru sína brjeflega fyrir formanni skattanefndarinnar fyrir 1. dag desemberm., en hann skal kalla nefndarmenn til fundar ásamt kæranda, og skal

úrskurður felldur um kæruna innan 15. dags desembermánaðar.

17. grein.

Úrskurði skattanefndarinnar má skjóta til hlutaðeigandi yfirskattanefndar, og skal það gjört brjeflega til formanns hennar og ástæður færðar fyrir kærunni. Sje kæran eigi komin til formanns yfirskattanefndarinnar fyrir nýjár, verður henni eigi sinnt.

18. grein.

Í hverri sýslu og kaupstað skal skipuð yfirskattanefnd. Í kaupstöðum skipar landshöfðingi menn í yfirskattanefndina eptir uppástungu hlutaðeigandi bæjarstjórnar, en í sveitum skulu í henni sitja sýslumaður, og er hann formaður, og 2 menn, er sýslunefndin kýs úr sínum flokki. Á sama hátt skal og kjósa varanefndarmann, er tekur sæti í nefndinni í forföllum eins af nefndarmönnum.

Eigi má sami maður sitja í skattanefnd og yfirskattanefnd.

19. grein.

Yfirskattanefndin sker úr öllum kærum yfir úrskurðum skattanefndanna í því umdæmi, sem hún er skipuð yfir, og skal hún hafa lagt úrskurð á þær innan janúarmán. loka. Yfirskattanefndin skýrir tafarlaust bæði hlutaðeigandi skattanefnd og kæranda frá úrskurði sínum, og er því máli þar með ráðið til lykta.

20. grein.

Nú er sá, er kærir yfir ákvörðun skattanefndar um tekjur hans, sjálfur í þeirri skattanefnd eða í yfirskattanefndinni, og skal varanefndarmaður þá taka sæti í nefndinni, er úrskurður er felldur um kæruna.

21. grein.

Skattanefndirnar skulu hafa sent sýslumanni eða bæjarfógeta skrárnar yfir gjaldskyldar tekjur í hrepp sínum eða kaupstaðnum, leiðrjettar eptir úrskurðum þeim, er felldir kunna að hafa verið samkvæmt 16. og 19. grein, fyrir byrjun marzmánaðar ár hvert; og semur sýslumaður eða bæjarfógeti eptir þeim skrá yfir tekjuskatt þann, er greiða ber í sýslunni eða kaupstaðnum eptir lögum þessum.

22. grein.

Skattinn skal greiða í peningum, og heimta sýslumenn og bæjarfógetar hann á manntalsþingum.

23. grein.

Fyrir tekjuskattinum má gjöra fjárnám hjá gjaldanda samkvæmt opnu brjefi 2. dag aprílmán. 1841, og hefur hann í tvö ár frá gjalddaga forgöngurjett þann, sem um er rætt í laganna 5.—14.—37., og opnum brjefum 23. dag júlímán. 1819 og 11. dag desembermán. 1869.

Tekjuskattur af jarðeign skal um tveggja ára bil frá gjalddaga ganga fyrir öllum veðkröfum í hlutaðeigandi jörð.

24. grein.

Sá, sem móti betri vitund skýrir rangt frá tekjum sínum til skattanefndar eða yfirskattanefndar, skal greiða í landssjóð sekt, er sje fimmföld við gjald það, sem undan er dregið. Komist undandrátturinn eigi fyr upp en eptir lát skattgreiðanda, við skipti á búi hans, skal af búinu greiða tvöfalt gjald við það, sem undan var dregið.

25. grein.

Landshöfðinginn semur reglugjörðir fyrir skattanefndir og yfirskattanefndir, og fyrirmyndir fyrir skrám skattanefndanna.

Verði ágreiningur um skattskyldu sjóðs eða fjelags samkvæmt 9. grein, leggur landshöfðingi úrskurð á málið.

26. grein.

Skatt þann, sem ræðir um í lögum þessum, skal greiða í fyrsta sinn á manntalsþingum árið 1879.

ATHUGASEMDIR
við lagafrumvarp þetta.

Þar sem stungið er upp á því, að leggja skuli skatt á tekjur af landbúnaði samkvæmt reglum þeim, sem sagt er fyrir um í frumvarpi því, sem lagt er fyrir alþingi til laga um skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafje, og tekjur af sjávarútveg eru gjaldskyldar,

samkvæmt tilskipun um spítalagjald af sjávarafla 12. febr. 1872, fer lagafrumvarp þetta samkvæmt tillögum nefndar þeirrar, sem skipuð var samkvæmt allrahæstum úrskurði 29. oktbr. 1875 til þess að semja ný skattalög og fl., fram á að leggja gjald á tekjur, sem fást með öðru móti, sem sje tekjuskatt. Nefndin hefur stungið upp á, að skatturinn skuli vera tvenns konar, skattur á arðberandi eign, og skattur á atvinnu, er hún hefur álitið nauðsynlegt, að greina tekjustofna þessa í sundur og leggja skatt á hverja af þessum greinum með sínu móti, og eptir því, sem nefndin hefur til fært, má einnig álíta þetta hagkvæmt, eins og til hagar í Íslandi, enda þótt útreikningur skattsins fyrir hvern einstakan greiðanda verði við það nokkuð flóknari.

Eptir uppástungu nefndarinnar er eignarskattinum jafnað niður sumpart á tekjur af jarðareign, sumpart á leigur eða annan arð af fje, og atvinnuskattinum á alls konar atvinnu, hvernig sem hún svo er. Með því skatturinn þannig er bundinn við þessa gjaldstofna, verður eigi tekinn skattur af öllum tekjum, heldur einungis af þeim, sem taldar verða með þeim tekjugreinum, sem nefndar voru; fyrir því eru eigi þær tekjur skattskyldar, sem maður hefur af gjöfum, arfi eða af því, er hann hefur tekið upp í arf sinn fyrir fram.

Eignarskatturinn mun eflaust að mestu leyti koma niður á jarðeigendurna, því peningamenn á Íslandi munu vera mjög fáir. En þar eð jarðeigendur eru lausir við að greiða fyrrnefndan skatt af landbúnaði, virðist það vera rjett, að þeir sjeu látnir greiða samsvarandi gjald af jarðarafgjöldum, sem renna til þeirra; er því fremur ástæða til þessa, sem jarðeigendur jafnaðarlega munu vera færari um að greiða skattinn en leiguliðar, enda kemur það þeim mjög í hag, að alþingistollurinn er af numinn. Skattanefnd sú, sem sett var 1845, stakk einnig upp á því, að greiða skyldi 5 af hundraði í tekjuskatt af jarðarafgjöldunum, en að eigi skyldi greiða tekjuskatt af annari eign eða af atvinnu.

Eins og upphæð sú, sem stungið er upp á að greiða skuli í skatt af hverju hundraði, virðist samsvara þeim skatti, sem gjört er ráð fyrir að leggja á jarðarábúð og lausafje, þannig verður eigi álitið, að atvinnuvegunum verði í þyngt um of með skatti þessum, einkum þegar gætt er að því, að frumvarpið hefur ljett mjög af þeim atvinnuvegum, sem minni arður er af, en það mun sjaldan koma fyrir, að tekjur af atvinnu nemi svo miklu, að hæsta gjaldstigi verði náð.

Frumvarp þetta er þannig að aðalefninu samhljóða lagafrumvarpi nefndarinnar, og skal því vísað til álitsskjals hennar, VI. kafla og athugasemdanna við nefndarfrumvarpið, II. fylgiskjals, en þó hefur fundizt ástæða til, sumpart að bæta nokkrum ákvörðunum við frumvarp nefndarinnar, sumpart að gjöra nokkrar breytingar á því, eins og nákvæmar skal skýrt frá hjer á eptir.

Um I. kafla.

Með því það eigi að eins er jarðareigandinn, sem á að gjalda tekjuskatt þann, sem hjer ræðir um, heldur einnig sá, sem hefur jörðina að ljeni, hefur stjórnarráðið bætt inn í 1. grein á eptir orðinu «eigandinn» «eða sá, sem hefur tekjurnar af jörðinni».

Þar eð arður af fje getur verið annar en leigur, er 2. gr. í upphafinu nokkuð öðruvísi orðuð; auk þess er í þessari grein bætt við tekjum af lífeyri, með því skoða má lífeyri sem tekjur af eign eins og arð af öðru fje, sem sparað er saman, en nefndin hafði talið hann í 5. gr. sem tekjur af atvinnu.

Um II. kafla.

Í 5. gr. hefur annars vegar «sjóferðum» og «handiðn» verið bætt við dæmi upp á atvinnuvegi, sem nefndin telur, og hins vegar sleppt «lyfjasölu», með því hún heyrir til verzlunar, er þegar er tilfærð; þar að auki

hefur það þótt vel til fallið, að taka beinlínis fram hinar ýmsu embættistekjur.

Um III. kafla.

Í 7. gr. í frumvarpi nefndarinnar er svo ákveðið, að skatturinn skuli lagður á eptir tekjum gjaldanda næsta ár á undan gjalddaga. Þegar grein þessi er borin saman við 13. gr., þar sem svo er fyrir skipað, að gjaldþegnar skuli telja fram tekjur sínar til skatts á haustin, og við 22. gr., er ákveður, að skatturinn skuli greiddur á manntalsþingum, leiðir af því, eins og tekið er fram í athugasemdum nefndarinnar um 7. grein, að tekjuframtalið eða skattgjörðin fyrir árið fer fram á sjálfu því yfirstandandi ári, í októberm. Þótt nefndin hafi haldið, að engin vandkvæði mundu af þessu hljótast, eptir þeirri reynslu, sem hefur orðið við niðurjöfnun bæjargjalda í Reykjavík, þar sem líkt er ástatt, getur stjórnarráðið samt eigi betur sjeð, en að skattaframtalið margsinnis eigi verði byggt á því, sem á sjer stað í raun og veru, þegar fjórði partur af gjaldárinu eigi kemur til greina, heldur verði að eins farið eptir álitum, en við það getur skattaniðurjöfnunin opt orðið röng sökum kringumstæða, sem hafa komið fyrir seinast á árinu, og sú hugmynd hæglega komizt inn hjá greiðandanum, að það sje óþarfi að hafa framtöluna mjög nákvæma. Stjórnarráðið hefur þess vegna haldið, að leggja ætti á skattinn eptir tekjum greiðanda næsta ár á undan niðurjöfnuninni, sbr. 6. gr. frumvarps þessa.

Nefndin hefur í kafla þann í frumvarpi sínu, sem ræðir um tekjuskatt af atvinnu, 6. gr., tekið upp ákvörðun um, að þegar reikna skuli arð atvinnunnar, þá megi telja frá það, sem kostað hefur verið til að reka hana, og eins skrifstofukostnað frá embættistekjum. En stjórnarráðið fær eigi betur sjeð, en að auk þess, sem þannig er dregið frá, skuli enn fremur telja frá öllum tekjum, og þá einnig frá tekjum af eign það, sem hlutaðeigandi hefur á því ári greitt í beinlínis skatt til landssjóðsins, í sveitargjöld, í tíund, og leigur af skuld, en auðvitað er þó, að sá, sem telur fram tekjur af hvorutveggja, eign og atvinnu, að eins megi telja slík gjöld frá í eitt skipti. Þar að auki hefur stjórnarráðið haldið, að gefa ætti um leið nákvæmari reglur til leiðbeiningar greiðendum við framtal á skattskyldum tekjum sínum, og með því slíkar reglur gilda bæði um tekjur af eign og tekjur af atvinnu, þykir það rjettast að taka þær í þennan kafla, og eru þær allar settar í 7. gr.

Á 8. og 10. gr. nefndarfrumvarpsins eru gjörðar fleiri breytingar. Það er sumsje sjálfsagt, að það venjulega eigi geti komið til tals að leggja skatt til landssjóðs Íslands á aðra, en þá, sem annaðhvort eru búsettir á Íslandi, eða sem, án þess að vera búsettir þar, samt draga arð þaðan annaðhvort af eign, sem verður álitin að eiga heima á Íslandi, eða af atvinnu, sem er rekin á Íslandi, og þess vegna hefur í 8. gr. frumvarpsins verið sett: «Hver búsettur maður á Íslandi, sem tekjur hefur» í stað þess, sem stóð: «Hver sá, sem tekjur hefur», og er 10. gr. samkvæmt þessu orðuð á þá leið, að skattur að eins verði lagður á þá, sem eigi búa á Íslandi, að svo miklu leyti sem tekjur af jarðareign eða af atvinnu, sem rekin er á Íslandi, renna til þeirra, eða þeir hafa laun, eptirlaun eða því um líkt af landssjóði Íslands.

Enn fremur hefur stjórnarráðið eigi getað fallizt á þá uppástungu nefndarinnar, að heimta megi skatt til landssjóðs af mönnum, sem ekki eiga heimili á Íslandi, en hafa veitt lán gegn veði í íslenzkum eignum. Því annaðhvort hefur þess fjár, er þannig er komið á leigu, verið aflað erlendis, eða þess hefur verið aflað á Íslandi, og er þá búið að gjalda af því einu sinni til landssjóðsins, enda mundi það miður vel tilfallið, að leggja skatt á slíkt fje, þar sem óttast mætti fyrir því, að það þá yrði dregið út úr landinu, nema skuldunautar á Íslandi tækju að sjer gagnvart skuldeigendum, að greiða skattinn, en það gæti þá ekki komið heim við reglurnar í 1. gr. frumvarpsins, 1. staflið í niðurlaginu.

Þar sem nefndin enn fremur hefur stungið upp á því í nefndri grein, að ráðgjafinn fyrir Ísland skuli sjá um, að tekjuskatti af lífeyri, er rennur til manna, sem eigi eru búsettir á Íslandi, sje haldið aptur og hann borgaður í landssjóð, þá mun sjálfsagt vera gjört ráð fyrir því, að hjer sje að eins átt við lífeyri, sem fenginn er með fyrirskipaðri lífsábyrgð, og sem því rennur til ekkna og barna íslenzkra embættismanna; en jafnvel með þessari takmörkun virðist eigi vera nein ástæða til að leggja gjald á lífeyri þennan, þar sem gæta verður að því, annars vegar að tekjur þær, sem hjer ræðir um, að minnsta kosti eins og nú er ástatt, eigi koma úr íslenzkum sjóði, heldur frá ábyrgðarstofnun, sem eigi á heima á Íslandi, og á hinn bóginn, að samkvæmt lagafrumvarpinu væri þegar búið að greiða gjald af því fje, sem sparað hefur verið saman, og sem lífeyririnn er arður af, þar sem það er partur af launum embættismannsins, sem dáinn er.

Um 8. gr. skal þess enn getið, að þeim, sem eru í foreldra húsum eða eru til húsa hjá öðrum, sem þeir hafa framfæri hjá, ber eigi að greiða skatt af þeim tekjum, sem þeir hafa af framfærinu, þar sem tekjur þessar felast í tekjum þeim, er foreldrar eða þeir, sem þeir hafa uppeldi hjá, hafa svarað skatti af, og er því hjer að lútandi ákvörðun tekin upp í greinina.

Í stað þess, sem nefndin hefur stungið upp á í niðurlagi 1. stafliðs í 10. grein, hefur stjórnarráðinu þótt betur eiga við að setja ákvörðun, sem sje samsvarandi því, sem ákveðið er í tilsk. um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík 20. apríl 1872, 25. gr., 2. staflið.

Í 15. gr. nefndarfrumvarpsins er stungið upp á því, að tekjuskrárnar skuli í hreppum lagðar fram við hverja kirkju. Það þykir samt eiga betur við, að leggja þær fram á öðrum hentugum stað, eins og stungið er upp á um kjörskrárnar í frumvarpi því, sem lagt er fyrir alþingi til laga um kosningar til alþingis 11. gr., og að þetta sje birt á kirkjufundi.

Eptir 18. gr. síðasta lið má eigi sami maður sitja í skattanefnd og yfirskattanefnd. Með því formaður bæjarstjórnarinnar og 2 bæjarfulltrúar skulu samkvæmt 11. gr. sitja í skattanefndunum í kaupstöðunum, en nefndin hefur stungið upp á því, að bæjarstjórnin öll skuli vera yfirskattanefnd, virðist hjer koma fram mótsögn, og til þess að komast hjá henni, er ákveðið í 18. gr. frumvarps þessa, að landshöfðingi skuli skipa menn í yfirskattanefndirnar í kaupstöðunum eptir uppástungu hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 4. fundi neðri þingdeildarinnar, 6. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu konunglegt *frumvarp til laga um tekjuskatt*, og var því máli umræðulaust vísað til nefndar þeirrar, er þegar var kosin um skattamálið, og 1. umræðu með því frestað.

Á 18. fundi neðri þingdeildarinnar, 23. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til umræðu *frumvarp til laga um tekjuskatt*, og var það framhald 1. umræðu; hafði nefndarálit um málið verið fram lagt 4 dögum áður, og því út býtt meðal þingdeildarmanna.

NEFNDARÁLIT
í málinu um konunglegt frumvarp til laga um tekjuskatt.

Eptir að vjer nefndarmenn höfðum yfir farið og vandlega íhugað frumvarp þetta, komumst vjer til þeirrar niðurstöðu, að ýmsar ákvarðanir væru í frumvarpi þessu, er breyta þyrfti, eða sem betur mættu fara öðruvísi, og svo vantaði nokkrar ákvarðanir í það, sem virtust nauðsynlegar, og skulum

vjer nú leyfa oss að gjöra grein fyrir breytingum þeim, er vjer viljum giöra láta.

Við 1.—3. grein.

Í 3. grein frumvarpsins er svo kveðið á, að þeir skuli allir undanþegnir tekjuskatti, er tekjur þeirra saman lagðar eigi nemi 100 kr., og á sú uppástunga sjálfsagt við þá hugsun að styðjast, að það muni talsverðum erfiðleikum bundið, að fá að vita rjettar tekjur hvers eins af eignum manna, og því sje eigi vert að vera smásmugulli í eptirgrennslun þessara tekja, en nauðsyn krefji, enda mundu tekjur landssjóðsins af þeim tekjum, er næmu minna en 100 kr., naumast svara til fyrirhafnarinnar að ná þeim. Nefndin kannast fyllilega við erfiðleika þessa, en á hinn bóginn var það henni ljóst, að ef tekjurnar, er skatt skyldi af greiða, væru settar lægstar 100 kr., mundi mikill hluti sjálfseignarbænda og annara jarðeiganda þeginn undan skattinum, þar sem fjöldi jarða væri, er afgjaldið eigi næmi 100 kr., en henni virtist það eigi rjett, að nokkur jarðeigandi slyppi undan eignarskattinum, nema tekjurnar væru því minni, og með því að tekjur af eignum, að umboðskostnaði og leigum af skuldum frádregnum, væru með öllu kostnaðarlausar og umstangslausar fyrir skattgreiðanda, þá væri rjettast og sjálfsagt, að undan þiggja sem allra-fæsta skatti þessum, og virtist þá nefndinni 25 kr. tekjur hæfilegar sem hinar minnstu, er skatt skyldi af greiða.

En með því að nefndin hefur áður stungið upp á, að lækka ábúðarskattinn um fjórðung frá því, sem stóð í hinu konunglega frumvarpi, þá virtist meiri hluta hennar og, að lækka ætti tekjuskattinn að sama skapi; en til þess að forðast brotareikning sem mest í skattgjaldinu, virtist henni rjettast að lækka tekjuskattinn að eins um fimmtung, svo að skatturinn yrði 4 af hverju hundraði tekjanna, og vill því nefndin ráða hinni heiðruðu deild til, að breyta tölunni á þremur fyrstu greinum frumvarpsins samkvæmt þessu. Enn fremur vill hún, til að komast hjá misskilningi, flytja síðustu orð hinnar fyrri málsgreinar 1. greinar: «sem eigandi það ár hefur borgað», fram fyrir orðin: «og leigur . . . í jörðu».

Við 4. grein.

Nefndinni virðist óþarflega hátt sett lægsta takmark fyrir ágóða þeim af atvinnu, er skatt skal af greiða, þar sem það er talið að vera skuli «1000 kr.», og ætlar óþarft að setja það hærra en 500 kr., enda mundi hinn eiginlegi atvinnuskattur með því móti nær því hverfa, og þótt nefndin játi, að 500 kr. sje næsta lítil og ónóg atvinna fyrir fjölskyldu-heimili, þá virðist henni rjettara, heldur að hafa skattinn lágan af fyrstu 500 kr., en að sleppa honum með öllu, og ef skatturinn væri ákveðinn að eins $^1/_2$ af hundraði hverju af 500—1000 kr., gæti engan dregið það. Sökum þess vill nefndin stinga upp á þeirri breytingu við 4. gr., að atvinna sú, sem gefur af sjer einar 500 kr. og þaðan af minna, skuli undan þegin öllum skatti, en því, sem tekjurnar nemi meiru en 500 kr. og allt að 1000 kr. fullum, skuli greiða $^1/_2$ af hundraði hverju. Þar sem nefndin ætlast til, að eignarskatturinn samkvæmt 1. gr. verði að eins 4 af hundraði, þá leiðir af því, til þess að samkvæmni fáist, að atvinnuskatturinn má eigi hærri verða en 4 af hundraði, er hann verður hæstur, og verður samkvæmt því að breyta greininni.

Við 7. grein.

Þegar tekjur eru taldar til skatts, þótti nefndinni eigi meiri ástæða til að telja frá gjöld greiðanda til opinberra þarfa, hvort heldur væri til landssjóðs eða sveitar, til kirkna eða leigur af skuldum, heldur en þegar ræða væri um ábúðarskattinn eða húsaskattinn, enda hefði nefnd sú, sem skipuð var samkvæmt konungúrskurði 29. d. októbermán. 1875, eigi sjeð næga ástæðu til þessarar undanþágu. Það væri líka svo, að slíkar undanþágur drægju lítið í sjálfu sjer, en á hinn bóginn gætu gefið tilefni til ýmislegra undanbragða. Af þessum sökum vill nefndin sleppa 2. lið greinarinnar, og þá

líka að sjálfsögðu orðunum »þar að auki» í byrjun þriðja liðsins.

Með því að nefndin fær eigi sjeð, hver sá kostnaður sje, er samfara sje embættir auk skrifstofukostnaðar og þess annars, sem talið er upp í greininni, sem telja eigi frá, er tekjur eru taldar til skatts, þá vill hún, að orðunum: «o. fl., sem er samfara embættinu» sje sleppt, enda gætu þau orð gefið tilefni til, að margt það yrði talið til kostnaðar, sem alls eigi ætti frá að telja, og skatturinn þannig rýrðist um of eða gagnstætt tilgangi löggjafans.

Við 8. grein.

Viðvíkjandi undanþágu þeirri frá skattinum, sem talin er í greininni, virðist nefndinni hún næsta óákveðin, og, eins og hún er orðuð, geta gefið tilefni til undandráttar; því að margur mundi sá, er hefði framfæri hjá öðrum, freistast til að segja framfæri sitt dýrra, en það í rauninni væri, enda örðugt opt og einatt að komast að hinu sanna í því efni. Sökum þess þótti nefndinni rjettara að til taka einhverja upphæð, er þeir menn, er hefðu framfæri hjá öðrum, skyldu lausir við að gjalda skatt af, og fannst henni þá 100 kr. hæfilegar.

Við 15.—21. grein.

Þar sem svo er ákveðið í 16. gr., að skattanefndir í hreppunum skuli hafa felldan úrskurð um kærur innan 15. dags desembermánaðar, en í 17. gr. er svo fyrir lagt, að allar kærur yfir úrskurðum skattanefndanna skuli komnar til yfirskattanefndarinnar fyrir nýár, og verði þeim eigi sinnt ella, þá þóttist nefndin sjá fram á, að eptir því, sem hjer á landi væri ástatt, þá væri þessi hálfsmánaðarfrestur allt of stuttur, því að einatt gæti það fyrir komið sökum illviðra og samgönguleysis á svo víðlendu svæði, sem sumar sýslur eru hjer, að eigi væri auðið fyrir menn að koma kærum til sýslumannsins úr þeim hreppum, sem fjærstir væru bústað hans, svo sem t. a. m. í Skaptafellssýslu, Ísafjarðarsýslu, Barðastrandarsýslu og Þingeyjarsýslu, og þótti nefndinni sem fresturinn eigi mætti minni vera en mánuður; á hinn bóginn sá hún það, að nauðsyn bæri til, að kærurnar væru komnar til sýslumannsins fyrir nýár, og varð þannig að stytta frestinn á undan, enda getur nefndin eigi betur sjeð, en að hreppsnefndunum veiti hægt að hafa skrárnar um tekjur hreppsbúa tilbúnar innan 1. dags nóvembermán., og stingur nefndin því upp á, að þessum ákvörðunum verði breytt í þessa átt.

Þar sem svo er til ætlazt, eptir ákvörðunum í 19. gr., að sýslunefndirnar skuli hafa lagt úrskurð á kærur þær, sem til þeirra koma, innan loka janúarmánaðar, þá virðist nefndinni sá frestur of stuttur af sömu ástæðum, og tekið er fram fyrir breytingunum á 16. gr., enda væri óþarft að flýta þeim úrskurðum meir en svo; því að það væri hvorttveggja, að enga nauðsyn bæri til, að láta hreppsnefndirnar lagfæra tekjuskrárnar hverja í sínum hrepp eptir úrskurðum yfirskattanefndanna, og svo væri það tvíverknaður einn og tímaspillir, að láta hreppsnefndirnar bíða eptir úrskurði yfirskattanefndanna, heldur gæti og ætti sýslumaður að gjöra það eptir úrskurðum yfirskattanefndarinnar, og ættu því skattanefndir hreppanna að senda sýslumanni skrárnar, þegar er þær hefðu fellt úrskurð um kærur hreppsbúa, eða þegar í byrjun desembermánaðar. Vill því nefndin ráða til, að bætt sje við nýrri grein aptan við 16. gr. um skyldu hreppsnefndanna, að senda skrárnar sýslumanni eða bæjarfógeta, þegar er þær hafa leiðrjett þær eptir úrskurðum sínum, og sömuleiðis bæta aptan við 19. gr. ákvörðun um það, að sýslumaður skuli leiðrjetta skrárnar eptir úrskurðum yfirskattanefndarinnar. En við þessar breytingar fellur burt 21. gr. frumvarpsins.

Þar sem í 18. gr. er svo ákveðið, að hver sýslunefnd skuli kjósa 2 menn úr sínum flokki í yfirskattanefndina, þá játar nefndin reyndar, að það væri í mestri samhljóðun við kosningu skattanefndarmanna, en á hinn bóginn þótti henni það eigi standa á svo miklu, og virtist, að örðugleikar á öllum ferðalögum hjer á landi á vetrum ættu þar heldur að ráða úrslitum, og setja ætti

40

því sýslunefndunum í sjálfsvald að kjósa hverja þá, er henni þætti hentast, enda væri kosning skattanefndarmanna í kaupstöðunum alls eigi bundin við bæjarstjórn, heldur mætti landshöfðingi þar skipa menn í nefnd, sem eigi væru í bæjarstjórninni.

Við 23. grein.

Síðari hluta fyrra liðar í grein þessari ræður nefndin til að breyta samkvæmt því, sem hún áður hefur stungið upp á við 6. gr. frumvarps til laga um skatt á ábúð og afnot jarða, þannig að eigi sje verið að telja upp hin einstöku lagaboð, sem forgöngurjettur skattsins skuli fara eptir.

Auk þessara breytinga, sem nefndin þegar hefur tekið fram að æskilegar væru á frumvarpinu, fannst henni vanta ákvarðanir um:

1. hversu lengi skattanefndarmenn og yfirskattanefndarmenn skyldu skyldir að hafa þessi störf á hendi;
2. hverjir skyldir sjeu að ganga í yfirskattanefndina, og
3. hverja þóknun þeir skyldu hafa fyrir starfa sinn.

Viðvíkjandi 1. atriðinu þótti nefndinni ósanngjarnt, að leggja mönnum þá skyldu á herðar, að hafa þessi störf a hendi lengur en 3 ár í senn, þar sem hreppsnefndarmenn ættu að hafa þessi störf á hendi borgunarlaust eins og önnur störf, sem á hreppsnefndum hvíla, og yfirskattanefnd að eins fyrir litla þóknun. Þegar um það atriði er að ræða, hverjir skyldir skyldu að ganga í yfirskattanefnd, þá virtist nefndinni eðlilegast og rjettast, að það væru allir þeir, er skyldir væru til að taka öll sýslunefndarstörf á hendur, samkvæmt tilskipun um sveitastjórn á Íslandi, 4. dag maímán. 1872, 30. gr., og skyldu þeir hafa sömu þóknun fyrir störf sín og sýslunefndarmenn fá, samkvæmt tilskipun um sveitastjórn á Íslandi, 4. dag maimán. 1872, 33. gr., en með því að störf þessi eru beinlínis í þarfir landssjóðsins, en eigi sýslufjelagsins, telur nefndin sjálfsagt, að borgun þessi greiðist úr landssjóði, eins og líka annar kostnaður, sem af þeim kann að leiða.

Samkvæmt því, sem þegar er sagt, leyfir nefndin sjer að stinga upp á breytingum þeim á frumvarpi til laga um tekjuskatt, sem nú skal greina:

Við 1. grein.

Orðin: «5 krónur af hverjum 100 krónum» breytist í: «1 krónu af hverjum 25 krónum».

«Frá árstekjunum . . . hefur borgað» breytist í: «Frá árstekjunum skal dreginn umboðskostnaður, sem eigandi það ár hefur borgað, og leigur af þinglesnum veðskuldum í jörðu».

Við 2. grein.

Byrjun greinarinnar: «Fimm af hundraði» breytist í: «Einn af hverjum tuttugu og fimm».

Við 3. grein.

Fyrir «100» komi: «25» og fyrir «20» komi: «25».

Við 4. grein.

«Af hinum fyrstu 1000 krónum» breytist í: «Af hinum fyrstu 500 krónum», og eptir þann lið bætist við nýr liður þannig hljóðandi:

«Af því, sem tekjurnar nema yfir 500 krónur og að 1000 krónum fullum, skal greiða hálfan af hundraði í tekjuskatt».

Í 4. lið greinarinnar: «5 af hundraði, sem greiðist af því, sem tekjurnar nema yfir 9000 krónur» breytist í: «4 af hundraði, sem greiðist af því, sem tekjurnar nema yfir 7000 krónur».

Við 7. grein.

Annar liður falli burt. Orðin í byrjun 3. liðs: «þar að auki» falli burt. Í 4. lið falli burtu orðin: «o. fl., sem er samfara embættinu».

Við 8. grein.

Miðsetningin í greininni: «þeir, sem eru í foreldrahúsum . . . framfæri hjá» orðist þannig: «Undanþegnir þessum skatti eru börn, og þeir menn aðrir, sem eru á framfæri hjá öðrum, og enga atvinnu hafa, ef árstekjur þeirra allar samanlagðar eru eigi 100 krónur».

Við 11. grein.

Aptan við miðlið 11. gr. bætist: «Sá,

sem kosinn er í skattanefnd, hefur þann starfa á hendi 3 ár í senn, en eigi er hann skyldur til að taka aptur móti kosningu, fyr en að jafnlöngum tíma liðnum».

Við 15. grein.

Niðurlag greinarinnar: «15. dag nóvembermánaðar, og liggja þar til sýnis mánuðinn út» breytist þannig: «1. dag nóvembermánaðar, og liggja þar til sýnis til 15. dags þess mánaðar».

Við 16. grein.

Fyrir: «1. dag desembermánaðar» komi: «15. dag nóvembermánaðar», og fyrir: «15. dags desembermánaðar» komi: «1. dags desembermánaðar.

Aptan við 16. gr. komi ný grein (17. gr.), þannig hljóðandi: «Skattanefndirnar skulu senda sýslumanni eða bæjarfógeta skrárnar yfir gjaldskyldar tekjur í hrepp sínum eða kaupstaðnum leiðrjettar eptir úrskurðum þeim, er felldir kunna að hafa verið samkvæmt 16. gr., og skulu þær það gjört hafa fyrir nýjár».

Við 18. grein.

Orðin: «úr sínum flokk» falli burt. Aptan við fyrri lið greinarinnar bætist: «Hver sá, sem kjörgengur er í sýslunefnd, er skyldur að taka á móti kosning í yfirskattanefnd, og hafa þau störf á hendi í 3 ár í senn. Eigi er hann skyldur að taka við endurkosningu, fyr en jafnlangur tími er liðinn frá því, að starfstími hans var á enda».

Við 19. grein.

Í grein þessari breytist: «janúarmánaðarloka» í «febrúarmánaðarloka».

Aptan við 19. grein bætist: «En sýslumaður eða bæjarfógeti leiðrjettir tekjuskrárnar eptir úrskurðum yfirskattanefndarinnar, og semur síðan eptir þeim skrá yfir tekjuskatt þann, er greiða ber í sýslunni eða kaupstaðnum eptir lögum þessum».

Aptan við 19. gr. komi ný grein (21. gr.) þannig hljóðandi:

«Þeir, sem sitja í yfirskattanefnd, skulu fá sömu þóknun fyrir störf sín, sem sýslunefndarmenn hafa samkvæmt tilskipun 4. dag maímánaðar 1872, 33. gr., og greiðist sá kostnaður úr landssjóði».

Við 21. grein.

21. grein falli burt.

Við 23. grein.

Síðari hluti fyrri liðsins: «sem um er rætt ... 1869» orðist þannig: «sem hin eldri manntalsbókargjöld höfðu að lögum».

Alþingi, 18. dag júlímánaðar, 1877.

Jón Sigurðsson, skrifari. H. Kr. Friðriksson, form. og framsögumaður.
Einar Ásmundsson. Guðmundur Einarsson. Hjálmur Pjetursson. Einar B. Guðmundsson. Þorlákur Guðmundsson.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson) kvað eigi vera þörf á, að ræða margt nje mikið um þetta mál; það væri auðsjeð, að frumvarp það, er hjer lægi fyrir, væri samið í líking við frumvarp til laga um skatt á lausafje, þannig að þessir tveir skattar, tekjuskattur og lausafjárskattur, ættu að standa í rjettu hlutfalli innbyrðis. Hann kvaðst vona, að þingdeildarmenn mundu samdóma um, að tekjur manna ættu eigi fremur að vera undanþegnar skatti en aðrar eigur þeirra, og svo hefði nefndinni einnig virzt. En annað mál væri það, hvort skattur þessi væri rjett settur. Hann vildi þá geta þess, að úr því nefndin hefði stungið upp á því, að lækkaður væri skattur á ábúð jarða, þá hefði hún einnig átitið tilhlýðilugt, að tekjuskatturinn væri lækkaður, en eigi um $^1/_4$ hluta, heldur $^1/_5$ hlut, til þess að komast hjá brotum. Um hina aðra breytinguna, er nefndin hefði gjört, hversu tekjuskatturinn ætti hár að vera lægstur, mætti ef til vildi margt segja; sú breyting hefði snert þá spurningu, hve langt skyldi fara í álögu tekjuskattsins, eða hve há skyldi vera hin minnsta tekjuupphæð, er skatt mætti á leggja. Í því hinu konunglega frumvarpi væri stungið upp á því, að þeir menn, er tekjur þeirra næmu eigi meira en 100 kr., skyldu undanþegnir tekjuskatti; en með því móti hefði nefndinni þótt allt of mikið

verða útundan, þar sem margar væru þær jarðir, er afgjald af þeim eigi næmi 100 kr. Fyrir því hefði nefndinni virzt rjett, að hafa eignartakmarkið sem lægst, til þess að sem flestir kæmust inn undir þá skyldu, að greiða skatt þennan, enda mundi hvern einstakan draga það lítið, þar sem eigi skyldi greiða nema 1 kr. af hverjum 25 kr., er nefndin hefði sett sem hið lægsta takmark fyrir skattgreiðslu þessari. Viðvíkjandi öðrum þeim breytingum, er nefndin hefði gjört, þá vildi hann taka fram þá breytingu við 7. grein, að nefndinni hefði eigi þótt ástæða til, að gjöra þá undanþágu, að telja frá tekjunum öll sveitargjöld og önnur gjöld til opinberra þarfa, fremur við þennan skatt en aðra skatta, og hefði því nefndinni litizt að sleppa þessari grein. Eins væri ákvörðun 8. greinar nokkuð óákveðin og gæti valdið undandrætti, þar sem um framfærslukaup væri að ræða; því að það lægi í hlutarins eðli, að þeir menn, er enga atvinnu hefðu, þeir ættu engan tekjuskatt að greiða, þegar tekjur þeirra væru eigi meiri en svo, að þær að eins nægðu þeim til lífsuppeldis, og ætti því þeirri grundvallarreglu að fylgja. En með því að eptir 8. gr. væri sú upphæð ótiltekin, er þeir menn, er framfæri hefðu hjá öðrum, skyldu lausir við að gjalda af, þá hefði nefndinni þótt nauðsynlegt, að til taka einhverja upphæð, og hefði hún þá til tekið 100 krónur. Hann kvaðst nú eigi ætla að tala fleira um mál þetta að sinni, fyr en hann heyrði umræður þingmanna, en kvaðst taka það fram, að hjer væri eigi um einstakar breytingar að ræða, heldur um grundvallarreglur málsins.

Arnljótur Ólafsson sagði, að þegar hann liti yfir frumvarp það, er hjer lægi nú fyrir, og bæri það saman við frumvarpið um ábúðarskattinn, þá kæmi sjer til hugar að vekja eptirtekt manna og athuga á misjöfnuði þeim, er væri á milli tekjuskattsins og ábúðarskattsins. Hann kvaðst eigi vera viss um, hvort nefndinni væri ljóst, hver munur væri á því, að eiga einn hlut eða taka hlutinn til láns. Nefndin hefði fylgt álitsskjali skattanefndarinnar og frumvarpi stjórnarinnnar í því, að hún hefði lagt skatt á ábúandann eptir hundraðatölu þeirri, er hann ætti í lausafje, og þar að auki skatt á hvert jarðarhundrað í ábúðarjörð hans. En þegar um tekjuskatt af eign væri að ræða, þá legði nefndin tiltekinn skatt á hvert 100 kr. í tekjum eigandans. Nefndin hefði fært niður ábúðarskattinn, en svo hefði hún og fært eignarskattinn niður að sama skapi. Eptir þessu áliti skattanefndin það samband vera milli eignarskattsins og ábúðarskattsins, sem hann alls ekki gæti skilið hvernig átt gæti sjer stað. Sjer virtist undarlegt, að nefndin eigi skyldi finna, að mesti munur væri á eignartekjuskattinum á eina hönd og á lausafjár- og ábúðarskattinum á hina. Til þess að reyna að gjöra nefndinni ljóst, hverjar misjöfnur væru hjer á, þá vildi hann fyrst spyrja nefndina, hve mörg jarðarhundruð þyrftu til að framfleyta einu lausafjárhundraði. Eptir því, sem stæði í álitsskjali skattanefndarinnar á 110 bls., þá teldist svo til, að lausafjárhundruðin væru alls í landinu 60350, en jarðahundruðin 86755. Tala þessi mundi að sönnu rjett, en nefndin hefði átt þess að gæta, af þessum lausafjárhundruðum væru mörg, þau er búlausir menn teldu fram. Nefndin hefði að vísu talið svo, að 1465 menn búlausir teldu fram til tíundar, en henni hefði láðst eptir að geta hins, hve mörg hundruð þessir búlausu menn teldu fram, svo vjer gætum eigi sjeð, hve mörg af þessum 60350 lausafjárhundruðum búlausir menn ættu, og því hve mörg hundruð búandi menn teldu fram sem sitt eigið lausafje. Hann kvaðst sjálfur hafa gjört þá áætlun, að búandmann teldu fram 57837 hndr., eða að það væru rúm 2000 hundruð, er búlausir menn ættu; en þá kæmi það fram, að fyrir hvert lausafjárhundrað búandmanna þyrfti $1^1/_2$ jarðarhundrað, eða með öðrum orðum: til þess að fram fleyta 2 lausafjárhundruðum þyrfti að búa á 3 jarðarhundruðum, þannig að lausafjárhundruðin væru $^1/_3$ hluta færri en jarðarhundruðin. Nú segði nefndin: »Jeg legg 40 aura á hvert hundrað fast og laust»; þannig kæmi þá 1 króna á

hvert lausafjárhundrað, með því að ábúandinn þyrfti $1^1/_2$ hundrað í jörð til að framfleyta 1 lausafjárhundraði; með öðrum orðum: ábúandinn ætti að gjalda 60 aura eptir hálft annað jarðarhundrað, það er 40 + 20, og 40 a. fyrir hvert lausafjárhundrað, er til samans yrði 1 króna. Þannig yrði það ofan á teningnum, þá rjett væri skoðað, að fyrst ábúandinn skyldi skatt greiða bæði af ábúðarjörð sinni og svo lausafje sínu, þá væri það hið sama sem hann gyldi 1 krónu að meðaltali fyrir hvert lausafjárhundrað. Nú væri eigi hægt til samanburðar að vita, hverju tekjuskatturinn næmi af jafnháum skattstofni, en hann kvaðst hafa sett, að landskuld, leigur og kvaðir allar mundu nema til samans hjer um bil 6 krónum fyrir hvert jarðarhundrað. Hann kvað varaforseta verið hafa á öðru máli, svo að hann þyrði varla, sakir álits hins mikla hagskýrslufræðings, að koma fram með tölu þessa sem óyggjandi setning. En hann vildi þó spyrja, hver jöfnuður væri á því, að gjalda 1 kr. af hverju tíundbæru lausafjárhundraði, sem upp og ofan mundi vera 125 króna virði, það er að skilja, að ábúandinn skyldi gjalda 1 kr. af 125 kr. hverjum í eign sinni, en landeigandinn aptur á móti skyldi gjalda 4 kr. af 100 kr. hverjum í einberum tekjum jarðagjaldanna. Hvað mundi hann þá eiga að gjalda? Það gætum vjer gizkað oss til þannig. Sje eitt hundrað í jörðu meðaltals 100 kr., og jarðeignin gefi af sjer 5 af hundraði í einberar tekjur, þá fær eigandinn 100 kr. í einberar tekjur af 20 hundr. jörð að meðaltali. Þar af skal hann greiða í skatt 4 kr., og því 1 kr. af 5 hundruðum hverjum í jörðu; það væri í einu orði sagt: landeigandinn greiðir 1 krónu af kostnaðarlausum tekjum af 500 kr. eign sinni, en ábúandinn líka 1 kr. af 125 kr. eign sinni, eða fjórfalt hærri skatt, eingöngu af því hann væri ábúandi, leiguliði. Hvað mundi hann þá eiga að gjalda af innstæðunni, af eigninni sjálfri? Hann vildi leiða athygli þingdeildarinnar að þessum óttalega misjöfnuði.

Nú væri eigi allt búið enn, því að jarðeigandinn mætti telja frá öll skuldabrjef sín; en hvað mætti ábúandinn gjöra? Hann mætti eigi telja neitt frá fyrir skuldum sínum, heldur væri hjer lagður á hann afdráttarlaus skattur, og kæmi hjer aptur fram hinn mikli ójöfnuður. Þó væri enn eigi hjer með lokið, og væri þó nóg komið, því eigandinn mætti telja frá allan umboðskostnaðinn. En hvað væri um ábúandann að segja? kæmi ágóðinn fyrirhafnarlaust hjá ábúandanum? Ef eigandinn hefði umboðsmann til að heimta inn, þá gjörði hann það annaðhvort til að geta varið tímanum til einhverra enn nytsamari vinnu eða fyrirtækja á meðan, eða hann gjörði það af leti; og þá fengi hann annaðhvort umbun fyrir það, er hann ætti enga umbun skylda fyrir, eða verðlaun fyrir letina. Hann vonaði, að þessi fáu atriði sýndu það, að vjer fyrst gætum rætt mál þetta, þegar öll frumvörpin væru tekin saman í eina heild; því sá mikli galli væri hjá skattanefndinni, að hún hefði skoðað skattalögin í pörtum, enda sýndi það sig á orðfæri skattanefndarálitsins, að 3 hefðu samið það. Hann minntist þess, að hann hefði heyrt bók nokkra kallaða höttótta — hann myndi eigi, hvort það hefði verið sálmabókin — en þetta skattanefndarálit mætti með sanni kalla gráskjöldótt eða litfrótt.

Guðmundur Einarsson kvað það einkenni mælskumanna, að þeim tækist svo vel að draga fram þær hliðar málsins, sem þeir vildu að sem mest bæri á, og gjöra þær sem aðgengilegastar. Þetta væri hinum háttvirta 1. þingmanni Norður-Múlasýslu vel gefið, en sjer því miður ekki. En hvað sem því liði, þá drægi þingmaðurinn þá hlið málsins helzt fram, að í nefndarálitinu væri allt of mikil ósamkvæmni, of mikið lagt á lausafjeð, en of lítið á fasteignina. Eptir hans útreikningi, sem væri að nokkru leyti óskiljanlegur, kæmist hann að þeirri niðurstöðu, að það væri svo gott sem nefndin hefði lagt 1 krónu skatt á lausafjeð, sem í raun rjettri ætti þó að bera miklu minni þunga, en fasteignarhundraðið. Hvað sem hans röksemdaleiðslu liði, þá kvaðst hann vera á gagnstæðri meiningu. Hann segði,

að arður af 1. hndr. fasteignar væri upp og niður 6 krónur, en hvað væri þá aðal-(brutto) ágóði af lausafjárhundraðinu í fríðum peningi? hann væri 70—80 kr. Hann talaði um vanhöld og skuldir á lausafjárhundraðinu, en það væri líka til kostnaður, skaðar, skuldir og ábyrgð, sem samfara væru eignum fasteigna. Sjer fyndist annars ræða þingmannsins ekkert sanna nefndarálitinu til hnekkis. Yfir höfuð kvaðst hann hyggja, að nefndarálitið væri allvel úr garði gjört; samt vildi hann geta þess, að þó að hann eigi hefði gjört ágreining um það í nefndinni, að þó væri sín meining hin sama, sem hún hefði verið, að skatturinn ætti að vera lægri á fasteignir en á lausafje, og það að mun.

Framsögumaður kvað það alls ekkert sanna, er 1. þingmaður Norður-Múlasýslu hefði tekið fram. Það lægi í hlutarins eðli, að það væri sitt hvað, lausafje og jarðeign. Hann þyrði að segja, að ekkert væri það lausafjárhundrað, er eigi gæfi af sjer meira en 5 krónur; þess vegna væri auðsjeð, að það yrði að metast eptir öðru en verðlaginu, því að arður af lausafje væri allt annað en lagaleiga. Þingmaðurinn hefði sagt, að önnur skekkja væri á frumvarpi skattanefndarinnar, að nefndin hefði alls eigi gætt að sambandinu milli ábúðarskatts og eignarskatts, og hefði þingmaðurinn dregið frá hinum 60,000 lausafjárhundruðum 3000 hunduð, er búlausir menn teldu fram. Þetta gæti nú verið svo; en þá kvaðst hann aptur verða að segja, að hann vissi ekki til, að það hefði komið fram, að búlausir menn ættu að vera lausir við skatt. En þó nú svo væri, að búlausir menn teldu fram þessi 3000 hundruð, þá vildi hann á hinn bóginn spyrja þingmanninn, hvort hann ætti það víst, að öll kurl kæmu til grafar í framtölunni. Hann kvaðst og verða að taka það fram, að hvert jarðarhundrað framfleytti einu lausafjárhundraði, og það hefði einnig utanþingsnefndin tekið fram. Hann vonaðist til, að hagfræðingurinn sæi það, að kúgildaleiga væri eigi beinlínis jarðarafgjald, heldur væri landsskuldin hið eiginlega jarðarafgjald; en þegar svo væri áhitið, að jafnmörg kúgildi væru og jarðarhundruðin, þá kæmi eigi 1 króna, heldur 80 aurar á hvert hundrað, þótt hann fylgdi skoðun þingmannsins um eptirgjaldið; en svo yrði þingmaðurinn og að gæta þess, að þegar lagt væri á jarðarhundruðin, þá væri það eigi að eins sökum fjárframflutningsins, heldur væri og litið á marga kosti jarðarinnar og hlunnindi, sem ábúandinn hefði mjög svo mikil not af. Ef jörðin hefði eigi annað til að bera en grasið eitt, þá væri vandalítið að setja skattinn, en hjer kæmi margt annað til greina (Benidikt Sveinsson: Vill þingmaðurinn til greina þessa mörgu fleiri almennu kosti og hlunnindi, hver eru þau?). Þar sem þingmaðurinn hefði talið það til, að jarðeigendur losuðust töluvert við skatt vegna skulda sinna, þá væru slíkt þinglesnar skuldir, er jörðin væri sett í veð fyrir; en landssjóðurinn missti einskis í við það, því að sá, sem veðskuldabrjefin ætti, borgaði af þeim; að öðrum kosti, ef eigi væri tekið tillit til skulda þessara, þá væri lagður tvöfaldur skattur á sömu eignina, bæði á þann, sem lánið tæki, og þann, er peningana ætti. En þar sem hann hefði talað um, að bóndinn optlega gæti átt allt fje sitt í skuld, þá gæti reyndar svo verið, að hann væri skuldugur, en fæstir væru þó þeir, er veðskuldir hefðu á lausafje sínu; en aptur á móti væri það og opt, að þótt jarðeigandinn hefði engar veðskuldir, er hvíldu á eign hans, þá gæti hann þó verið skuldugur, og það jafnvel meira en jarðeigninni næmi. Þar sem þingmaðurinn hefði fundið að því, að umboðskostnaður ætti að ganga frá, af því að eigandinn væri svo latur, þá kvaðst hann verða að ætla, að það væri sjerstakleg leti, ef hann vildi heldur greiða 100 kr. en 4 kr.; hann vissi eigi, hvort nokkur löggjafi hefði leyfi til að ganga út frá svo heimskulegri aðferð, heldur yrðu menn að ímynda sjer, að það væri skynsemin, sem ræði. Þar sem þingmaðurinn hefði sagt, að skattanefndarálitið væri samið af þremur, þá yrði hann að segja, að sú skattanefnd, er álitið hefði samið, væri nú eigi hjer á þingi, enda væri

það athugandi, að eðlilegt væri, að menn skiptu verkum með sjer; en það væri aptur rammskökk ályktun, að nefndin hefði eigi verið einhuga um ákvarðanir frumvarpsins, af því að orðfærið væri ólíkt á hinum ýmsu köflum. Nefndin hefði rætt málið sameiginlega í heild sinni og hvert einstakt atriði þess, og hver einstakur nefndarmaður hefði eigi annað skrifað, en það, er þeir allir hefðu komið sjer saman um. Gæti hann því eigi ætlað, að mikil ályktun yrði dregin af þessu.

Benidikt Sveinsson kvaðst hafa heyrt þingmann Reykvíkinga beina því að sjer, að hann spyrði svo barnalega, að honum væri eigi svarandi; hann mundi því virða sjer til vorkunnar, þótt hann enn einu sinni spyrði hann sem barn. Hann vildi þá benda á eitt aðalatriði í þessu skattafrumvarpi, ábúðarskattinn, og spyrja þingmanninn svona rjett til dæmis, af hverju sá maður ætti að gjalda, er byggi á 20 hundraða jörð, og ekkert lausafje ætti. Hann kvaðst ímynda sjer, að þingmaðurinn hikaði sjer við að svara þessari spurningu. Auðsætt væri það, að hann gæti ekkert átt að gjalda af jörðunni, því hann gyldi til landeiganda af henni sjálfri eptirgjaldið, og eptir kúgildin leigu. Hann gæti heldur eigi goldið af lausafje, því eptir dæminu ætti hann ekkert. Af hverju gildi hann þá? Svar: af engu. Rómverjar sögðu: nil ex nihilo fit (ekkert verður af engu). En nefndin segir: jú, ábúðarskattur, og það þeim mun stærri, sem jarðarskrokkurinn, sem hann býr á, er hundraðahærri. Þetta er ofurfallegt skattalögmál. Gagnvart þeim, er aptur ættu jörðina og máske mörg hundruð af lausafje, bað hann þingmanninn að gjöra sjer enn fremur skiljanlegt, hvernig rjettlætishlutfallið yrði. Hann sagði, að allir yrðu að sjá, að ábúðarskatturinn væri jafnandvígur heilbrigðri skynsemi og rjettlæti. Þar sem þingmaður Dalamanna hefði sagt, að menn gætu haft 70 krónu arð af lausafjárhundraðinu, þar sem eigi væri nema 6 króna arður af hverju fasteignarhundraði, þá vildi hann spyrja þennan þingmann, hvað hann gæti meint með slíkum setningum og samanburði. Hann játaði að vísu, að það mundi nærri sanni, að þegar jörðin væri leigð, þá væri eptirgjaldið eptir hana það, sem þingmaðurinn segði, eða máske nokkuð meira, en ef 1 lausafjárhundrað væri leigt, að þá gætu menn fengið 70 kr. í leigu eptir það, þess vissi hann engin dæmi, enda mundi slíkt vera dæmalaus leiga, og mundi víst hvergi eiga sjer stað, nema þá fyrir vestan, þar sem þingmaður Dalamanna væri (*Halldór Kr. Friðriksson*: menn gætu haft 70 kr. brutto eptir hvert lausafjárhundrað). Hann sagðist staðhæfa, að bruttoleiga væri eigi til í mótsetningu við nettoleigu. Leiga væri leiga, það sem áskilið væri afdráttarlaust af þeim, sem leigufje tæki. Hann sagði, að eptir því, sem hann vissi, væri það bæði lög og föst venja, að 2 fjórðungar smjörs væru greiddir eptir kúgildið, t. a. m. 6 ær eða 1 kú, en hann hefði aldrei heyrt getið um þann smjörfjórðung, sem kostaði 35 kr., eða 2, sem kostuðu 70 kr. Nei! það frekasta, sem hann vissi til, væri, að 2 kr. væru borgaðar eptir ána, eða 12 kr. eptir 6 ær, og þætti slík leiga ærið harðýðgisleg, enda gengu engir að henni, nema bláfátækir bændur, er opt sætu á stórum jörðum, en hefðu alls eigi fje til að afla sjer fjenaðar á þær, eða sitja þær, sem skyldi. Væri það segin saga, að þessir bágstöddu familíufeður ættu sjer aldrei viðreisnar-von, og kæmi það báglega heim við þá setningu, að kúgildið gæfi af sjer 70 kr. Hann kvaðst nú eigi geta betur sjeð, en að deildin yrði að gjalda hinn mesta varhuga við, að byggja lög á slíkum setningum, sem væru byggðar á einhliða skoðunum og röngum samjöfnuði, þar sem miðað væri við eitthvert einstakt lausafjárhundrað á einstöku jörðum í höndum eigandans, en aptur jarðarhundraðið í leigu annars manns. Þingmaðurinn kvaðst vilja koma með nokkrar almennar bendingar og athugasemdir til skýringar málinu í heild sinni. Hann hefði látið það í ljósi um daginn, að sá einn væri vilji þjóðarinnar, að manntalsbókargjöldin skyldu af nemast,

og í stað þeirra skyldi koma eitt einasta almennt og rjettlátt gjald, sem heldur væri lægra en hærra en manntalsbókargjöldin gömlu til samans tekin. Þessari stefnu í málinu sagðist hann vilja halda fast fram. Það væri að vísu mikið satt, að uppástunga sú, er lögð hefði verið fyrir þingið 1875, hefði bent á þessa mörgu skatta, sem nú væru komnir fram, en hann efaðist eigi að síður um, að hún hefði verið á góðum rökum byggð; hún hefði reyndar verið samin af einum góðum manni, og svo aptur lauslega rædd á sýslunefndarfundi svo sem 1 klukkustund; á þeim fundi hefði hann sjálfur verið. Þetta hefði nú allur undirbúningurinn verið undir þingið; en eins og hann áður hefði tekið fram, hefði þingið í hitt eð fyrra gjört sjer það að skyldu, að ræða þetta mál sem minnst út í æsar. Hann gæti því eigi annað sagt, þegar hann liti yfir mál þetta, en að ekkert væri fjær sanni, en að álíta, að skattagrúi þessi væri byggður á þjóðarviljanum. Nei! það væri skattanefndin, sem hefði fundið upp á honum; hún hefði auðsjáanlega beitt viti sínu til að finna upp sem flestar tekjugreinir og tekjustofna á Íslandi; skattafjöldinn hjá henni væri svo mikill, að mönnum gæti dottið í hug, að hún hefði sett sjer það mark og mið, að búa til krónustiga, sem fátæk alþýða á Íslandi ætti að ganga upp til himinsins sælu-bústaða; en hann vildi óska þess, að þessi bygging nefndarinnar yrði eigi sá annar turninn Babel, er setti hönd á móti hendi og tvístraði allri byggingu málsins frá rótum. Málið væri og auðsjáanlega vanhugsað frá rótum, því höfuðstefnan væri að safna sem mestu fje í landssjóðinn, án þess tillit væri tekið til jafnaðarhlutfallsins milli skatta og framkvæmda, milli gjaldanna og krapta þeirra, er gjalda ættu. Hann vildi nú spyrja, hvar í frumvörpum stjórnarinnar væri gjört ráð fyrir framkvæmdum, landi og lýð til framfara og heilla, er væru tilsvarandi við þessar margtvinnuðu skattaálögur. Sjer dytti í hug t. a. m. gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum, sem þingið í hitt eð fyrra hefði veitt talsvert fje til, en sem ekki hefði verið einu sinni notað, og því hefði horfið aptur inn í landssjóð; já, skólamálið lægi eigi einu sinni fyrir þinginu frá stjórnarinnar hendi, en allir vissu þó, að eins og skólamálið yfir höfuð væri mesta áhugamál allra góðra Íslendinga, eins væri stofnun Möðruvallaskólans einnig það mál, er að minnsta kosti væri byggt á þörfum alls Norðurlands og jafnvel alls landsins. Sig undraði það því stórlega, ef þessi frumvarpahópur gengi umtölulaust í gegnum greipar alþingis. Hann ítrekaði, að þingið í heild sinni, og allir þeir, sem á þingi sætu, sjer í lagi yrðu að hafa það hugfast, að vjer hefðum mikla ábyrgð gagnvart þjóð vorri, enda mundi hún hafa vakandi auga á því, sjeu óþarfar og vanhugsaðar byrðir lagðar á hana, án þess hún sje að neinu bættari. Þingmaðurinn sagði, að enn væri eitt atriði, er sjer þætti ærið athugavert, og snerti það tekjuskattinn sjer í lagi. Það væri þó auðsjáanlegt, að þessi skattur legði dugnaðarmanninn í hreinan eltingarleik; í staðinn fyrir að uppörva dugnaðarmanninn til atorku og framkvæmda, gjörði tekjuskatturinn honum afarkosti. Hann mætti ætíð hugsa, er hann vildi stíga eitt fet til framfara, að tekjuskatturinn væri á höttunum og biti í hæla sjer, eins og grimmur hvolpur. Þá væri enn eitt atriði við tekjuskattinn, sem sje þessi margflókna innheimta hans. Menn þyrftu ekki annað en líta á frumvarpið, sem mest væri um innheimtuna. Hann vildi enn spyrja hinn háttvirta þingmann Reykvíkinga, hvað rjettast mundi að kalla allt saman: völundarhús, kóngulóarvef, eða þá skriffinnsku.

Framsögumaður kvaðst játa, að ræða 1. þingmanns Árnesinga hefði verið svo uppbyggileg, að hann treysti sjer eigi að svara henni. Þingmaðurinn hefði spurt, af hverju sá maður borgaði, er byggi á 20 hndr. jörð, en ekkert lausafje ætti; en þá vildi hann spyrja þingmanninn að, hvort ábúandi þessi mundi engar landsnytjar hafa af jörðunni. Það væri alkunnugt, að sumar væru þær jarðir, er engu eða mjög litlu lausafje fram fleyttu, en gætu gefið af sjer ýmislegt, er

væru hrein hlunnindi, t. d. bæði dún, lax, o. s. frv., enda væri og sumum sjávarjörðum þannig háttað, að tún þeirra væru lítil, en þær hefðu aptur ýms hagræði til sjávar. Ættu þá þeir menn, er á slíkum jörðum byggja, að vera undanþegnir því, að greiða nokkurn skatt? sjer fyndist sjálfsagt, að af þeim væri greiddur nokkur skattur, og mundu þær þó sleppa fullt eins vel og hinar jarðirnar, er meira lausafje fram fleyttu, en engin hlunnindi hefðu, og jafnvel betur. Þar sem þingmanninum hefði þótt ágóði sá af hverju lausafjárhundraði, er þingmaður Dalamanna hefði til tekið, vera næsta mikill, þá gæti reyndar svo verið, að 70 kr. væri vel mikill ágóði, en hann vildi minna þingmann Árnesinga á, að hjer væri um meira að ræða en lagaleigu. Það væri mönnum kunnugt, að það atriði eitt, að geta fengið atvinnu, væri opt keypt dýrum dómum, svo að sjálf atvinnan, án þess að það væri til greina tekið, hver ágóðinn væri í aðra hönd, væri opt eigi lítils virði. Þingmaðurinn hefði sagt, að það væri þjóðarviljinn, að af nema þau hin gömlu gjöldin, en leggja á einn skatt, og vildi því engan tekjuskatt hafa. Ef þetta væri þjóðarviljinn, þá kvaðst hann eigi vilja vera að berjast á móti honum, en hann ímyndaði sjer, að slíkt væri eigi þjóðarviljinn, heldur mundi það misskilningur. Það væri ein grundvallarreglan í öllum skattaálögum, að reyna til að hitta sem flesta gjaldstofna, því að með því móti yrði skatturinn jafnari og kæmi rjettar niður, og yrði hann því öldungis að vera á móti því, að tekjuskatturinn yrði afnuminn. Það væri reyndar gott, að hafa þjóðviljann allt af á vörunum, en hann ímyndaði sjer, að lengi mætti bíða, þangað til þau skattalög yrðu samin, er væru allri þjóðinni að skapi; hann ímyndaði sjer, að bæði hann og 1. þingmaður Árnesinga mundu þá komnir undir græna torfu. Það væri heldur alls eigi tilætlunin, að binda sig við hvert einstakt atriði og skoðun, er fram kæmi, heldur hefði þjóðin kosið oss til að finna hið skynsamasta, er oss þætti, í hverju máli, og því værum vjer skyldir að fylgja, en vjer ættum eigi að elta vilja hvers einstaks manns. Hann gæti því eigi annað sjeð, en að það væri bein skylda nefndarinnar og deildarinnar á eptir, að fylgja því fram í máli þessu, er hún ætlaði sannast og rjettast. Það væri auðvitað, að það mundi gleðja nefndina, ef deildin sæi sjer fært, að setja skattinn niður; að minnsta kosti mundi það gleðja sig. En þegar um skattupphæðina væri að ræða, þá væri eigi að eins undir því komið, að hafa hann sem lægstan, heldur yrði og að líta á það, hverjar þær þarfir væru, er úr þyrfti að bæta. Auk þess yrði og að taka efnin til greina þannig að eigi yrði lagður hærri skattur á, en efni manna leyfðu, svo og hvað þarfir manna útheimtuðu, og yrði að líta á það, hverjir þeir hlutir væru, er eflt gætu búsæld manna. Þetta ætti að vera aðalmark og mið þingsins, og ætti það aldrei að missa sjónar af því.

Varaforseti sagði, að sjer hefði gengið illa að skilja 1. þingmann Árnesinga; það eina, sem hann hefði skilið, væri, að þingmaðurinn vildi ekki hafa neinn tekjuskatt, og hefði hann sagt, að það væri almennur þjóðvilji, að enginn tekjuskattur yrði á lagður; en það væri ekki satt. Það væri ljóst af blöðunum og fleiru, að það væri almenningsósk og meining, að tekjuskatt skuli á leggja. Þessi skattur væri að vísu vandkvæðum bundinn, en þar um væru víst allir á sama máli, að hann yrði lagður á, annaðhvort eins og skattanefndin hefði stungið upp á, eða eptir einhverjum öðrum reglum. Þingmaðurinn hefði talið það galla á tekjuskattinum, að hann elti dugnaðarmanninn, en það gjörðu allir skattar, hverrar tegundar sem væru; það væri einmitt dugnaðarmaðurinn, sem kostaði kapps um að eignast sem mest, hvort það væri jarðir eða lausafje, og þar af flyti, og væri líka eðlilegt og sanngjarnt, að hann yrði að gjalda meira til opinberra þarfa en aðrir, sem minna ættu. Það væri aðalatriðið, að skatturinn væri ekki svo hár, að hann tálmaði eða hepti gróða-fýsn manna, og það

hefði nefndin viljað fyrir byggja, með því að hafa skattinn svo lágan; því hvort sem skatturinn væri 5 eða 4 af hundraði, þá væri það engan veginn svo hátt gjald, að það út af fyrir sig þyrfti að hepta viðburði manna til að afla sjer auðæfa, því enginn maður væri víst svo grunnhygginn, að hann vildi ekki ávinna sjer þann höfuðstól, sem svaraði 25 króna arði eða ágóða, þó hann yrði að greiða 1 kr. af honum í landssjóð. Hann kvað það að vísu vera almennings-vilja, að skattarnir yrðu sem lægstir, en þó mundu allir skynsamir menn líta svo á, að skattarnir þurfi að vera svo miklir, að landssjóðurinn hafi nóg fje til þeirra útgjalda er á honum hvíla. Það væri ekki einungis Möðruvallaskólinn, sem fje þyrfti til, það væri margt fleira, t. d. sýslumennirnir, sem þyrftu að fá sín laun, svo þeir ekki dæju úr hungri eða kæmust á vonarvöl. Skattarnir væru því alveg nauðsynlegir, með fram vegna sýslumannanna, og mundi hinn háttvirti þingmaður Árnesinga vera sjer samdóma um það. Hann sagði, að 1. þingmanni Norður-Múlasýslu hefði þegar verið svarað að nokkru leyti upp á það, er hann hefði sagt, en annars hefði hann ekki fullkomlega skilið ræðu hans. Þingmaðurinn hefði verið að bera saman eignarskatt og ábúðarskatt, og þætti sjer það undarlegt, því að ekki væru til jafnólíkir skattar í eðli sínu, og væri því ómögulegt að gjöra nokkurn áreiðanlegan samanburð á milli þeirra. Það væri að vísu hægt, að ákveða, hvern ágóða menn hefðu af eign sinni, en hvern ágóða ábúendur hafa af leigujörðum sínum, er jafnaðarlegast ómögulegt að segja, því að ágóðinn af jörðunum er ekki einungis kominn undir því, hvernig þær eru í raun og veru, heldur einnig og öllu fremur, hvernig þær eru notaðar. Hann kvað það satt vera, að eptir útreikningi skattanefndarinnar væru lausafjárhundruðin í landinu um 61,000, en þar frá vildi þingmaður Norður-Múlasýslu draga þá tíund, sem tilheyrði búlausum mönnum, en það væri ekki rjett, því að þessir búlausu menn væru annaðhvort hjú, húsmenn eða lausamenn á vegum jarðarábúandans, og gjörði það engan mun, hvort arður lausafjárins rynni í þeirra vasa eða húsbændanna, því húsbændurnir mundu hvort sem er reikna arð þann, sem þessir menn hafa af peningi sínum, og taka borgun fyrir. Það væri og með öllu rjett, að leggja innstæðu-kúgildin við tölu lausafjárhundraðanna, þegar reikna skal út arð þann, sem bóndinn hefur af áhöfninni á jörðunni, því þó hann þurfi að svara leigum eptir kúgildin, þá hefði hann samt mikinn arð af þeim, að áliti allra hagfróðra manna, og einnig þingmanns Norður-Múlasýslu. Þá væri og enn sá peningur, sem dreginn er undan tíund, og mundi það nema nokkru. Væri rjett að bæta honum við tölu lausafjárhundraðanna, því arður af honum rynni óskertur í vasa eiganda. Það mundi því ekki ofsagt, sem skattanefndin hefði getið til, að lausafjárhundruðin í landinu mundu vera jafnmörg og jarðarhundruðin. Þingmaður Norður-Múlasýslu hefði komizt að þeirri niðurstöðu, að nefndin færi fram á, að allt að 1 krónu skattur yrði lagður á hvert hundrað af tíundarbærum peningi, en þar á móti margfalt lægra gjald á aðra eign, svo sem skuldabrjef og peninga. Að vísu væri nú þessi útreikningur þingmannsins ekki rjettur, svo sem þegar hefði verið sýnt, en þó nú svo hefði verið, að stungið hefði verið upp á svona löguðum skatti, þá væri það ekki svo fjarlægt öllum sanni, sem hann hefði álitið, því að aðalatriðið væri, hvað mikinn arð hver gjaldstofn fyrir sig gæfi af sjer. Af peningum og skuldabrjefum væri arðurinn 4% eða í hæsta lægi 6%; hjer um bil hið sama væri hann af jarðeign; en þá af lausafje? Hann vildi ekki segja, að arður af tíundbæru lausafje væri jafnmikill sem þingmaður Dalamanna hefði álitið, og hann skyldi heldur ekki segja, hvað mikill arðurinn væri eptir sinni reynslu, því að þá mundu menn koma með þá mótbáru, sem heyrzt hefði á þinginu hjerna um daginn í öðru máli, að fjeð væri svo feitt og arðsamt á Gautlöndum og

í Þingeyjarsýslu, svo sitt álit í þessu efni væri ekkert að marka; en eptir því sem þeir menn teldu, er vandlega hefðu rannsakað og reiknað út arð af búpeningi, væri arðurinn af hverju hundraði af tíundbæru lausafje 14—28 kr. eða að meðaltali 20 kr. Þess vegna gæti hann ekki betur sjeð, en að menn stæðu sig eins vel við, þó þeir ættu að greiða 1 kr. í skatt af hverju lausafjárhundraði, eins og tekjuskatt þann, sem hjer er farið fram á, hvort sem menn nú heldur gjöra hann 4 eða 5 af hundraði.

Grímur Thomsen sagði, að það gleddi sig, að heyra varaforseta kannast við, að tekjuskatturinn af eign væri mjög viðsjáll. Hann kvaðst verða að játa, að hann hefði fræðzt mikið bæði af álitsskjali skattanefndarinnar utanþings og umræðum núna um skattamálið yfir höfuð, en það væri eitt atriði, sem hann væri í miklum efa um, hvort nefndin hefði tekið rjett í, það er um tekjuskatt af eign; þessi skattur mundi að sínu áliti reynast viðsjáll, og í fjárhagslegu tilliti væri hann lítilsvirði, einkum þegar litið væri á fyrirhöfn og vanhöld. Menn hefðu sagt, að það væri þjóðarvilji Íslendinga að fá tekjuskatt, en hann hjeldi, að undanteknum þessum mönnum, sem í skattanefndinni hefðu setið, væru þeir víst harðla fáir, sem hefðu haft tækifæri til þess að glöggva það mál vel fyrir sjer. Hann skyldi leyfa sjer til upplýsingar að skýra frá, til hvers þessi tekjuskattur af eign væri notaður í öðrum löndum. Í Englandi hefði þessi skattur fyrst verið lagður á árið 1806, þá ríkið hefði verið komið í miklar skuldir sökum styrjaldanna við Napóleon 1.; skatturinn væri því ungur hjá Englendingum, og hefði verið lagður á til þess að greiða hinar miklu skuldir landsins; síðan hefði hann breytzt á hverju ári, og væri hann nú, að sig minnti, 2 pence af 1 £ eða $^5/_6$ pc.; þetta væri mjög lágur skattur, og einungis lagður á til bráðabyrgða. Hjá Dönum hefði hann verið lagður á eptir stríðið við Þjóðverja 1848, en væri nú upphafinn og væri þetta eitt þrætuefnið millum hægri og vinstri flokksins í Danmörku, að vinstri flokkurinn gjörði það að skilyrði fyrir fjárveitingu til landvarnar, að stjórnin legði á almennan tekjuskatt. Hjá oss væri þessu öðruvísi varið; fjárhagur vor væri í nokkurn veginn blóma, og gæti hann eigi að svo komnu sjeð neina knýjandi ástæðu til að leggja á þennan skatt, sem alstaðar annarstaðar væri skoðaður eins og sjerstakur skattur í viðlögum sökum stríða, ríkisskulda og fleira þess konar. Hann vonaði, að sjer tækist að sanna fyrir deildinni, að engin þörf væri á tekjuskatti á eign. Eptir álitsskjali nefndarinnar ætti ábúðarskatturinn að nægja til þess, að bæta upp það, sem misstist við að manntalsbókargjöldin gömlu yrðu afnumin; ef maður nú reiknaði, að 40 aurar væru lagðir á hvert jarðarhundrað og lausafjárhundrað, þá yrði svo mikið umfram, að sýslumönnum væri borgið, og þó tekjur að auk. Jarðarhundruðin væru alls á landinu 86,000 og að frá dregnum opinberum jörðum 66,000; ef tekjuskatturinn væri nú 4% þá yrði hann allur varla meira en 2000—3000 kr. Afleiðingin af tekjuskatti á jarðeign yrði sú, að menn vildu ekki eiga jarðir, heldur settu tekjuafgang sinn í skuldabrjef og þessleiðis, sem hægt væri að draga undan skatti, því að þeir, sem ættu fje sitt í skuldabrjefum, ættu mjög hægt með að draga fje sitt undan framtali; þeir þyrftu ekki annað en að hafa mann í Kaupmannahöfn, sem innheimti renturnar fyrir þá og hefði skuldabrjefin í geymslu, og sjer þætti gaman að sjá þann «Posekiger», sem gæti komizt að þeim framtalssvikum, og jafnvel þó vjer nú gjörðum ráð fyrir, að menn mundu telja samvizkusamlega fram, þá væri engin grein í frumvarpinu, sem skyldaði menn til að telja fram; í 13. gr. væri sagt, að skattanefndirnar skyldu safna skýrslum um tekjur hreppsbúa eða kaupstaðarbúa, en það væri ekki tekið fram, frá hverjum skýrslur þessar skyldu koma. Hann játaði, að frágangur nefndarinnar á öllum frumvörpunum væri yfir höfuð mjög góður, en samt yrði hann að skora á þingdeildina að hugsa sig vel um

þetta frumvarp, áður en hún gæfi því atkvæði sitt. Þótt það gæfi landssjóðnum máske 3000—4000 kr. tekjur, þá væri það varla tilvinnandi, því að það mundi efla tortryggni á aðra hliðina og yfirhylmingu á hina, og að sínu áliti værum vjer ekki búnir að ná þeim þroska, að vjer gætum farið að setja slík lög.

Arnljótur Ólafsson kvaðst ekki standa upp til þess, að svara málsástæðunum í ræðum þingmanns Dalamanna og framsögumanns. En því einu yrði hann að svara þingmanni Dalamanna, þar sem hann hefði brugðið sjer um, að hann væri með mælsku sinni að telja deildinni tölur, þá yrði þingmaðurinn að afsaka sig. Hann kvaðst tala í þessu máli eptir þeirri þekkingu á skattamálinu og sannfæringu, sem hann við nákvæma íhugun þess hefði aflað sjer. Framsögumanni þyrfti hann ekki að svara, ekki af því, að framsögumaður hefði ekki komið með neinar ástæður fyrir skoðun sinni, eins og framsögumaður hefði sagt um sig, heldur af því, að engar af ástæðum hans hefðu hitt það, sem hann hefði minnzt á í fyrri ræðu sinni. Hann kvaðst hafa talað um samanburðinn á eignartekjuskatti og ábúðarskatti, til að sýna fram á þann ójöfnuð, sem væri í skattaálögunni, en hann hefði ekki verið að finna að því, að eigandi skyldi undanþeginn því, að greiða skatt af veðskuldabrjefum sínum. Hann vildi nú í fám orðum bera saman ábúðarskattinn við atvinnuskattinn, eins og hann hefði í fyrri ræðu sinni borið ábúðarskattinn saman við eignartekjuskattinn. Sjer væri reyndar óljóst, hvort nefndin með orðinu eða hugmyndinni «ábúðarskattur» hugsaði sjer hann sem eignartekjuskatt eða sem atvinnutekjuskatt, en sjer þætti líklegt, að nefndin miðaði ábúðarskattinn við atvinnuna, því að það gæti ekki dulizt fyrir henni, að sjávarútvegur og landbúnaður væri engu síður atvinna, en smíðar, iðnir, verzlun o. fl. Nefndin hefði ekki gjört aðra breytingu við 4. gr. í frumvarpinu um tekjuskatt, en að hún hefði fært niður 5 af 100 í 4 af 100, og þá aðra breytingu, að hún hefði fært hið lægsta takmark ágóðans og tekjanna, er skatt skal af greiða, frá 1000 kr. ofan í 500 kr. Nú vildi hann biðja nefndina að hugsa sjer sjávarbændur og sveitabændur, og raða þeim niður í flokka eptir þeim ágóða, sem þeir hefðu af atvinnu sinni, og segja sjer svo, hversu margir af þeim mundu verða fyrir neðan þetta 500 kr. takmark. Væri nefndin viss um, að sá, sem byggi á jörð, sem væri 20 hndr. að dýrleika, og sem tíundaði 10 hndr., væri hún viss um, vildi hann spyrja, að sá maður hefði 500 kr. í ágóða? Ef hann nú hefði það, sem engan veginn væri víst, þá ætti hann eptir atvinnuskattinum að greiða einungis $^1/_2$ af hundraði eða alls $2^1/_2$ kr. í skatt; en nú skal hann gjalda samkvæmt ábúðarskattinum 40 a. af hverju hundraði í ábúðarjörð sinni og tíundskyldu lausafje eða $40 \times 30 = 12$ kr., og yrði þá hlutfallið sem 1 gegn 5, það er að skilja, ábúandinn skyldi greiða fimmfalt svo háan skatt af sínum atvinnuvegi, sem aðrir atvinnumenn af sínum. Sig furðaði mjög, að svo rjettlátir, sem þeir menn sannarlega væru, er hefðu setið í skattanefndinni, að þeir skyldu leyfa sjer slíkan ójöfnuð. Hann hlyti að segja, að þá er borinn væri saman sjávarútvegur og landbúnaður við aðra atvinnuvegi, þá yrði álagan opt og einatt eins og 12 á móti 2, og enda sem 12 á móti 0. Hin efsta upphæð, er álagan á atvinnu gæti náð, væri nú 4 eða 5 af 100, og það þá fyrst, er ágóðinn næmi 8000 kr., fyrst þá yrði tekjuskatturinn 4 af 100. Hver væri þá munurinn á gæðum landbúnaðarins og sjávarútvegarins á aðra hliðina, og launum hinna «hálaunuðu landsómaga» hins vegar? Væri gæðamunurinn sá, að hinir hálaunuðu skulu gjalda að eins 4 af hundraði, en hinir sárfátæku leiguliðar svo og svo margfalt meira? Þingmaður Dalamanna og varaforseti hefðu talað um hinn mikla arð af tíundarbæru lausafje, en þeir yrðu að gæta þess, að arður væri annað en ágóði; það væri sitt hvað, að tala um arð af túni, það er: hvað mikið hey það gæfi af sjer, og að tala um ágóðann af því, að frádregnum

öllum kostnaði; með öðrum orðum, þeir villtust á orðunum «brutto» og «netto». Eins væri það, þá er þeir væru að tala um leiguna af kúgildum. Fyrst væri nú kúgildaleigan aldrei meiri en frá 14 til 16 af 100, en aldrei 20 % og því síður meira, sem hver gæti sjeð, hvort sem hann tæki leiguhæðina sjálfa, 20 álnir af 1 hundraði, það er að segja 120 al., eða hann tæki smjörverðið í verðlagsskránum. En í annan stað væri á fleira að líta, en hve há leigan væri, menn yrðu að ganga nær og athuga, hver munur væri á því, að leigja manni kú eða 100 kr., því eptir 10 ár væri kýrin einungis hálfvirði þess, sem hún hefði verið, þá er hún var á bezta aldri, þá er hún líklega var fyrst leigð. Nú vildi hann spyrja þessa peningamenn, hve mikið þeir vildu hafa í leigu af 100 kr., er eptir 10 ár væru endurgoldnar með 50 kr.? Ætli þeir gjörðu sig ánægða með minni leigu en 14 til 16 af 100? Þó bættist en það við, að ef kýrin drepst, og það á bezta aldri, þá fengi lánardrottinn einungis skrokkinn, því að það væru bein ólög, þvert ofan í 15. kap. kaupabálks, að leigja dauðan pening. Hann hlyti því að segja, að þá er þetta mál væri skoðað ofan í kjölinn, þá kæmist maður að þeirri niðurstöðu, að hvort sem bátur, hús eða lifandi peningur væri leigður, þá væri það allt annað mál, en að leigja út peninga gegn veði, og þetta vildi hann biðja þingmann Dalamanna, — sem hefði sýnt það bæði í lífi sínu og ritum, að hann væri góður búhöldur — að íhuga vel og vandlega. Nokkrir deildarmenn hefðu talað gegn tekjuskatti, en hann væri samdóma nefndinni í því, að halda tekjuskattinum fram; einungis vildi hann meiri jöfnuð, og að öllu yrði ekki dengt á leigulíða, til þess að eigandi slyppi, og skyldi hann leyfa sjer að fara fram á, að ábúðarskatturinn væri færður niður, svo hann samsvaraði tekjuskattinum.

Fyrst hann á annað borð væri kominn svo langt út í þetta mál, þá skyldi hann í sambandi við þetta svara orðum 1. þingmanns Gullbringusýslu. Hann hefði sagt, að tekjuskattur á eign væri nýr, og að hann kæmi fyrst fyrir á Englandi eptir aldamótin. Hann skyldi nú fyrst gjöra þingmanninn varan við, að tekjuskattur væri á Englandi jafnhár á eign sem atvinnu, svo sem á iðnaði, launum, sýslunum, verzlun o. s. frv., og að hann væri óvinsæll, kæmi einkum til af því, að hann mætti heita sá eini skattur, er lægi á eign og atvinnu, því landsskatturinn forni væri eigi nú orðinn teljandi, annað hitt, að höfðingjaríki væri mikið á Englandi, sem kunnugt væri, svo og enn af því, að svo örðugt veitti jafnan að komast eptir tekjum manna. Í Þýzkalandi og Frakklandi væri til fasteignarskattur, en enginn ábúðarskattur, og eptir því sjer væri kunnugt, væri svo að segja hvergi til ábúðarskattur. Hann vonaði að endingu, að deildin tæki ekki orð sín svo, sem hann væri að slá sig til riddara með því að verja sínar skoðanir, en það væri innileg sannfæring sín, að hann gæti ekki gefið frumvarpi þessu atkvæði sitt, fyr en hæfilegur jöfnuður væri kominn á skattgreiðsluna milli ábúanda og landeiganda og annara skattskyldra manna.

Framsögumaður kvaðst ekki ætla sjer að svara 1. þingmanni Norður-Múlasýslu; hann hefði verið að tala um ójöfnuð, og mætti lengi þrátta um það; hann kvaðst fyrir sitt leyti verða að segja, að ræða hans hefði ekki sannfært sig neitt. Þingmaðurinn hefði sagt, að ábúðarskatturinn væri ekki rjettur, af því hann næði til allra, en í hinum frumvörpunum væri sumum sleppt; en hann vissi líklega, að hjer væri fyrir frumvarp um, að gefa hina fátækustu lausa við fátækratíund, og ef þeir yrðu lausir, þá væri töluvert stig stigið í þessa átt. 1. þingmaður Gullbringusýslu hefði haft á móti tekjuskatti á eign, en um þann skatt væri þó þingmaður Norður-Múlasýslu samdóma sjer; þessi skattur væri að vísu bundinn vandkvæðum hjer eins og annarstaðar. Þingmaður Gullbringusýslu hefði skírskotað til Englands, og sagt, að þar

væri tekjuskattur og væri honum breytt á hverju ári; en hvað væri á móti því, að breyta honum hjer, undir eins og vjer sæjum, að vjer þyrftum ekki meiri skatta við. Það væri reyndar satt, að í Danmörku væri enginn tekjuskattur til ríkissjóðs, en í Kaupmannahöfn væri hann, og væri hver maður þar skyldur að gjöra grein fyrir tekjum sínum. Þingmaðurinn hefði sagt, að þessi skattur mundi ekki nema meir en 2000 kr., en það væri skakkt; hann hlyti að vita, að alþingistollurinn hefði verið eignarskattur, og gæti hann þá getið nærri um, hvað hann mundi verða. Alþingistollurinn hefði árin 1871 og 1872 verið yfir 6000 rdl., og ef byggt væri á því, þá yrði þessi skattur yfir 9000 kr. eða um það, því að slíkt væri eigi auðið að segja upp á hár. Landssjóðinn munaði þó um 9000—10,000 kr. tekjur um árið.

Grímur Thomsen kvaðst verða að leiðrjetta orð framsögumanns; hann hefði sagt að í Kaupmannahöfn væri tekjuskattur; þetta væri gott til að blekkja aðra, sem ekki þekktu til, en það væri með öllu rangt; sá skattur, »efter Formue og Leilighed», sem væri í Kaupmannahöfn, væri alveg tilsvarandi voru sveitarútsvari. Loks hefði hann viljað sanna, að alþingistollurinn sýndi sjer, að rangt væri að geta sjer til, að þessi tekjuskattur mundi að eins verða 2—3000 kr., en hann skyldi benda framsögumanni á, að alþingistollurinn hefði verið goldinn af öllum þjóðeignum á landinu, en eptir 9. gr. í frumvarpi þessu ættu þær að vera undanþegnar þessum skatti; þar að auk hefði alþingistollinum verið jafnað niður eptir þörfum á hverju ári, og hefði hann af þessum ástæðum verið miklu hærri, en þessi skattur mundi verða. Loks skyldi hann bæta því við, að ef það vær rjett að breyta þessum skatti eða af nema hann, þó einu sinni væri búið að leggja hann á, ef hann reyndist óþarfur og óþægur, eins og þingmaður Reykvíkinga hefði játað, þá væri eins rjett, að leggja hann ekki á að öndverðu án þarfa og öllum hlutaðeigendum til óþæginda.

Framsögumaður sagði, að skattur sá, sem í Kaupmannahöfn væri, væri beinlínis tekjuskattur, og gjörði það engan mun, hvort hann væri greiddur til bæjarþarfa eða í landsþarfir. Að því er alþingistollinn snerti, þá væri aðgætandi, að hann hefði sjaldan verið 4%, heldur 3%, svo óhætt væri að gjöra ráð fyrir, að þessi tekjuskattur, sem væri 4% mundi bæta upp það, er landssjóðurinn hefði misst við tollinn af þjóðjörðunum, sem hefði verið í hitt eð fyrra talinn 8. hlutinn.

Var þá gengið til atkvæða um, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði.

BREYTINGARUPPÁSTUNGUR
við frumvarp til laga um tekjuskatt.

I. Breytingaratkvæði
frá Grími Thomsen 1. þingmanni Gullbringusýslu.

Við 1. grein.

Í staðinn fyvir: «5 krónur af hverjum hundrað krónum» komi «3 krónur af hverjum hundrað krónum».

Við 2. grein.

Byrjunin: «Fimm af hundraði» breytist í: «þrjá af hundraði».

II. Breytingaratkvæði
frá Hjálmi Pjeturssyni, þingmanni Mýramanna.

Við 1. grein.

Orðin «5 krónur af hverjum 100 kr». breytist í: «1 kr. af hverjum 20 kr».

Við 2. grein.

Byrjun greinarinnar: «Fimm af hundraði» breytist í: «Einn af hverjum 20».

Við 3. grein.

Fyrir «100» komi «20».

III. Breytingaruppástungur
frá Arnljóti Ólafssyni, 1. þingmanni Norður-Múlasýslu.

1. Fyrir »Frumvarp til laga um tekjuskatt.

I.

Um tekjuskatt af eign» komi: «III. kapituli. Um eignaskatt».

2. Við 1.—3. grein.

Fyrir 1., 2. og 3. grein komi nýjar greinir þannig:

1. grein.

«Landeigendur skulu í skatt greiða 40 aura af hundraði hverju í eignarjörðum sínum. Slíkan skatt skal og hver fjáreigandi gjalda af hverju 100 kr. virði í eignarfje sínu, ef hann á 500 kr. virði eða meira fje, enda noti hann eigi fjeð til atvinnu sinnar, þeirrar er hann skal atvinnuskatt eða annan skatt af lúka eptir lögum þessum».

2. grein.

Landeigendur skulu sjálfir inna skattinn af hendi, hvar er þeir á landi búa, ella umboðsmenn þeirra».

3. Fyrir «II. Um tekjuskatt af atvinnu» komi: «IV. kapituli. Um atvinnuskatt».

4. Við 4. grein.

Fyrir 4. grein komi ný grein þannig: «Af allri atvinnu skal tekjuskatt gjalda. Af minni atvinnutekjum en 500 kr. greiðist enginn skattur. Nú eru tekjur manns meiri, og skal hann skatt lúka þannig:

Af 500 upp að 1000 kr. ½ af 100.
— 1000 — — 2000 — 1 — —
— 2000 — — 3000 — 2 — —
— 3000 — — 4000 — 3 — —
— 4000 — — 5000 — 4 — —
— 5000 — — 6000 — 5 — —,

og skal skatturinn eigi hærra stíga en 5 af 100».

5. Við 22. grein.

Úr 22. grein falli orðin: «og heimta sýslumenn og bæjarfógetar hann á manntalsþingum».

6. Á undan síðustu grein laganna komi ný grein þannig:

«Skatta þá, er taldir eru í lögum þessum, skulu greiðendur lúka sýslumönnum og bæjarfógetum, annan helminginn fyrir lok nóvembermánaðar, en hinn fyrir útgöngu maímánaðar hvert fardagaár».

IV. Breytingaruppástunga frá nefndinni.

Við 13. grein.

Fyrir orðin: «skulu skattanefndirnar safna skýrslum um tekjur hreppsbúa eða kaupstaðarbúa þeirra, er setja skal á tekjuskrána» komi: «skulu hreppsbúar eða kaupstaðarbúar gefa skattanefndum skýrslu um tekjur sínar».

ÖNNUR UMRÆÐA

í neðri deild alþingis.

Á 26. fundi neðri þingdeildarinnar, 31. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til laga um tekjuskatt.*

Framsögumaður (*Halldór Kr. Friðriksson*) kvaðst hafa tekið aðalatriðin fram þegar við 1. umræðu málsins, sömuleiðis breytingu nefndarinnar og ástæðurnar fyrir þeim; síðan hefðu komið fram ýmislegar breytingaruppástungur og breytingaratkvæði frá ýmsum þingmönnum, einkum frá 1. þingmanni Norður-Múlasýslu; en úr því nú að svo væri komið, að uppástungur hans við frumvarp til laga um skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafje væru þegar fallnar, þá væru og breytingaruppástungur hans við þetta frumvarp, er hjer lægi fyrir, að nokkru leyti fallnar, með því að þær hefðu staðið í sambandi hverjar við aðrar, eins og frumvörpin að nokkru leyti. Það gæti eigi verið skoðun hans, að jarðeigendur skyldu greiða 10 af 100 hverju í tekjuskatt, því að það væri allt of mikil ósanngirni. 1. þingmaður Gullbringusýslu hefði stungið uppá 3. kr. af hverjum 100 kr., og þætti sjer það aptur á móti of lítið, því að þá yrði tekjuskatturinn lægri, en hann hugsaði sjer að ætti að vera í samanburði við ábúðarskattinn; þingmaður Mýramanna hefði stungið upp á hærra skatti, en nefndin þræddi meðalveginn einmitt til þess, að þetta frumvarp

mætti komast í sem mesta samhljóðan við ákvarðanir þær, er frumvarp til laga um skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafje, sem hin heiðraða deild hefði samþykkt samdægurs, hefði inni að halda. Því lægri sem þessi skattur væri, því betra, en hann mætti þó eigi vera of lágur, heldur ættu allir skattar að vera samhljóða hver öðrum; 3. kr. af hverjum 100 kr. væri of lítið, en 5. kr. aptur of mikið. 1. þingmaður Norður-Múlasýslu hefði komið fram með þá breytingaruppástungu, að atvinnuskatturinn hækkaði um 1 krónu af hundraði hverju við hvert 1000 króna, þar sem nefndin hefði að eins viljað hækka hann um ½ krónu af hverju hundraði; þar væri hann þá harðari við skattgreiðendur, en nefndin hefði viljað vera; hann vildi og halda 5 af 100 hverju, er komið væri milli 5000 og 6000 kr.; en nefndin hefði eigi viljað láta skattinn verða hærri en 4 af hundraði hverju, er tekjurnar næmu yfir 7000 kr. Nefndin hefði í 4. gr. breytt 1000 kr. í 500 kr., af því að henni hefði þótt svo, sem óþarflega margir mundu sleppa undan skattgreiðslunnni, ef 1000 kr. væru settar sem hið lægsta takmark fyrir því, er skatt skyldi af greiða; hefði henni og þótt betra að byrja með lágu, heldur en að sleppa svo mörgum undan skattgreiðslunni. Við nefndarálitið sjálft væri enn eigi komin nein breytingaruppástunga, en þar sem 1. þingmaður Norður-Múlasýslu hefði stungið upp á, að á undan síðustu grein (26. gr.) frumvarpsins kæmi ný grein, þá mundi það víst hafa orðið af óaðgæzlu fyrir honum, því að þær 2 greinir gætu með engu móti staðizt báðar. Þar sem sami þingmaður hefði stungið upp á að breyta fyrirsögn eða titli allra þessara frumvarpa til skattalaga, þá væri það að eins formspurning, hvort þessi frumvörp skyldu öll vera í einu lagi undir sama titli, eða hvert út af fyrir sig; það væri engin efnisbreyting, og gæti því eigi staðið á miklu, en hann vildi þó heldur halda hverju frumvarpi út af fyrir sig.

Landshöfðingi kvaðst fallast á breytingaruppástungur nefndarinnar við 1., 2., 3. og 4. grein frumvarpsins, af því að þær miðuðu allar til að koma á jöfnuði og samkvæmni milli tekjuskattslaganna og lagafrumvarpsins um ábúðar- og lausafjárskatt, er hin heiðraða deild hefði samþykkt í dag, þannig vaxið, að gjaldið væri lækkað úr 1 alin, sem í stjórnarfrumvarpinu stæði, ofan í 40 aura. Aptur kvaðst hann vera mótfallinn breytingaruppástungu nefndarinnar við 7. grein. Það væri sjálfsagt, að miða tekjuskattinn við netto-tekjur, eins og gjört væri í frumvarpinu um ábúðar- og lausafjárskatt. Það væri líka einmitt talað um nettotekjurnar í 1. grein tekjuskatts-frumvarpsins, og sömuleiðis væri auðsjáanlega miðað við þær í síðasta lið 7. greinar. Væri því sjálfsagt að draga það frá, sem tekið væri fram í 7. grein stjórnarfrumvarpsins, enda væri það samkvæmt því, sem stæði í sams konar lögum fyrir Danmörku 26. marz 1864 og 25. júlí 1867. Það væri raunar lítilræði, sem hjer væri um að vera, en það væri ómissandi að gæta jafnan rjettlætis og sanngirni í stóru og smáu.

Hjálmur Pjetursson kvað breytingaratkvæði sitt á atkvæðaskránni borið upp í þeim tilgangi, að koma jöfnuði á milli skattanna, en alls eigi til þess, að gjöra tekjuskattinn hærri en hina skattana. Eptir sinni uppástungu yrði tekjuskatturinn einmitt jafn lausafjárskatti þeim, sem utanþingsnefndin hefði stungið upp á, nefnilega 5 af hundraði, og yrði hann að álíta það öldungis rjett hjá skattanefndinni, að þegar 20 álna leiga væri goldin eptir lausafjárhundraðið, sem að vísu væri fullhátt sett, eptir meðaltali, þá yrði 5 af 100 af leigunni, þegar 1 alin væri greidd í skatt af hverju hundraði, smbr. álitsskjal um skattamál Íslands, á 35. bls. neðst. Sjer fyndist öll sanngirni mæla með því, að tekjuskatturinn eigi væri ákveðinn lægri en hinir skattarnir. Við umræðurnar um ábúðarskattinn hefði öllum komið saman um, að sá skattur hvíldi á lausafjenu og væri því í raun rjettri lausafjárskattur, þótt hann væri miðaður við

ábúðarhundruð jarða, og þess vegna væri það eigi rjett hjá skattanefndinni, að miða tekjuskattinn einungis við eina alin, þar sem hún þó hefði lagt 2 álnir á hvert lausafjárhundrað, eða jafnvel meira.

Nú hefði þingnefndin stungið upp á 40 aurum af hverju hundraði í ábúð og lausafje, og væri það til samans nálægt $1\frac{1}{2}$ alin, eptir meðaltali verðlagsskránna í ár, og mætti því álíta þetta gjald fullkomlega 7 af 100. Það væri óefað, að ábúðarskatturinn lenti á leigulíða, en eigi á eiganda, og þyrfti því eigi fyrir þá sök að hlífa honum við tekjuskatti. Nú hefði alþingistollinum verið ljett af jarðeigendum, en þó eigi af þeirri ástæðu, að hann hefði þótt tiltakanlega þungur, og þó hefði hann verið greiddur af öllum eignum, eins þeim, sem skuldir hvíldu á, en hjer væri líka sá mikli munur á, að tekjuskatturinn ætti að greiðast að eins af skuldlausum eigum. Hann kvað sjer einungis umhugað um, að tekjuskatturinn yrði í rjettu hlutfalli við ábúðar- og lausafjárskattinn.

Guðmundur Einarsson sagði æskilegt og sjálfsagt, að hafa alla skatta svo lága sem landssjóðurinn þyldi. Hann kvaðst vona, að ábúðar- og lausafjárskatturinn yrði lækkaður við 3. umræðu, og kæmist þá á jöfnuður milli hans og tekjuskattsins, þótt hann væri nú lægri að tiltölu, enda treysti hann því, að hinn háttvirti forseti hagaði svo til, að frumvörpin um skattamálið kæmu öll þrjú til umræðu í sömu röð við 3. umræðu og nú, til þess að sníða mætti hvert eptir öðru að þessu leyti. Hann kvaðst samdóma landshöfðingja um það, að ekki væri rjett að fella úr 2. lið 7. greinar, þótt ekki hefði hann gjört neitt breytingaratkvæði þar að lútandi í nefndinni. En það væri ekki rjett, sem hinn hæstvirti landshöfðingi hefði sagt, að hjer væri um lítilræði að gjöra; hann vissi til, að menn greiddu 300—400 kr. að öllu samtöldu í gjöld þau, sem þar væru nefnd, og mundi mönnum bregða við að fara að greiða skatt af því fje, einkum þar sem menn væru óvanir áður að þurfa að greiða nokkurn skatt af tekjum sínum. Hann kvaðst játa, að hún kynni að reynast hál, þessi ákvörðun í 2. lið 7. greinar, og gæti ef til vildi orðið tilefni til undanbragða, yrði henni haldið, en það mætti ekki ráða úrslitum, enda þótt þingnefndin hefði fellt ákvörðunina úr í því skyni, að síður gæfist tilefni til undanfærslu, því það væri ætlunarverk skattanefndanna, að vaka yfir því, að slíkt yrði eigi leikið.

Framsögumaður kvaðst eigi geta skilið, að ástæða væri til, að draga gjöld til hins opinbera frá því, sem goldinn væri af tekjuskattur, fremur en frá því, sem goldinn væri af lausafjárskattur. Um veðskuldir væri allt öðru máli að gegna. Væru þær eigi dregnar frá, væri greiddur tvöfaldur skattur af sama fje. Auk þess hefði hinn hæstvirti landshöfðingi haft rjett að mæla, er hann kvað hjer lítilræði um að vera. Og þótt þessi gjöld til opinberra þarfa næmu 300—400 kr., eins og þingmaður Dalamanna hefði komið með, þá væri aðgætandi, að skatturinn til landssjóðsins af því yrði þó aldrei nema $1\frac{1}{2}$—2 kr., og væru það engin ósköp. Það yrðu of mikil umsvif, að vera að elta slík lítilræði nákvæmlega, hvað hver maður geldur til opinberra þarfa; slíkt svaraði ekki fyrirhöfn og kostnaði. Hefði þessi ákvörðun (í 7. gr.) verið látin standa, hefði komið fram ósamkvæmni milli tekjuskattslaganna og fyrirmælanna um lausafjárskattinn, og því hefði nefndin gjört rjett, þar sem hún hefði fellt hana burt. Þingmaður Mýramanna hefði sagt, að tekjuskattur sá, er hann styngi upp á, væri ekki hærri en lausafjárskatturinn, eða einmitt 5 af hundraði, eins og hann. En það væri skakkt. Það væri álnargjaldið af lausafjenu, sem samsvaraði 5 af hundraði, þegar litið væri til leigunnar, en ekki 40 aura gjaldið, sem nú væri samþykkt. Það væri miklu minna. Það væri ekki nóg, þegar meta ætti arðinn af ábúðinni, að taka einungis tillit til þess, hvað jörðin fram fleytti, heldur yrði og að taka til greina hlunnindi jarðarinnar. Það stoðaði og eigi að fara eptir því, hvað lausafjárhundraðið kostaði eða gengi í kaupum og

sölum, heldur yrði líka að miða við hinn sanna arð af lausafjárhundraðinu, sem beztu búmenn teldu 25 kr., og þá samsvaraði einmitt 80 aura gjaldið $3^1/_5$ af hundraði í skatt. Nefndin hefði því gjört rjett í að færa tekjuskattinn úr 5 ofan í 4 af hundraði.

Landshöfðingi sagði, að framsögumaður hefði tekið það fram í umræðunni um lausafjárskattinn, að lagaleigan af lausafjárhundraðinu væri 20 álnir, en sjálfur arðurinn minnst 25 kr. Hefði því deildin með því að samþykkja þessa upphæð einmitt miðað við netto-tekjurnar

Framsögumaður sagði, að nefndin hefði aldrei tekið tillit til þeirra gjalda, sem hvíldu á lausafjenu. Það væri ókleyft, að ætla að fara eptir þeim arði, sem hvert lausafjárhundrað gæfi af sjer í hverri sveit um allt land, enda mætti þá til að búa til eins mörg skattalög og sveitirnar væru margar. En hann kvaðst ímynda sjer, að flestir þingmenn mundu vilja leiða hest sinn frá því.

Arnljótur Ólafsson kvaðst eiga 2 breytingaratkvæði á atkvæðaskránni. Væri annað um tekjuskatt af eignum. Kvaðst hann vilja snúa eignartekjuskatti í beinan eignarskatt, vegna þess að hægra væri að ganga að eigninni, en að leita uppi tekjur hvers manns, og í annan stað vegna þess, að sjer væri umhugað um, að skattalögin öll yrðu sem samkvæmust sjálfum sjer. Húsaskatturinn, sem stungið væri upp á, væri skattur á eign, en ekki á eignartekjum. Nú væri sjer spurn, hví ætli mönnum væri þá eigi eins hægt að finna, hve hár skatturinn skuli vera á annari eign en húsum, svo sem á skuldabrjefum, hlutabrjefum o v. frv.? Húsaskatturinn er lagður á eignina, en ekki á ímyndaða eða á misjafna leigu. En nú er engin nauðsyn að beita öðrum reglum um húsaskatt en aðra skatta. Það liggur í augum uppi, að engri átt nær, að eigandi lands greiði minni skatt af eignarjörð sinni, en ábúandinn á hinni sömu jörð af leigujörð sinni. Það væri enda hneykslanlegt, ef hina skattfróðu neðri deild skyldi henda sú hrösun, að hún legði lægri skatt á eigandann en leiguliðann, með því að hún legði þá lægri skatt á eign manns, en á jafnmikið lánsfje annars manns. Nú er búið að samþykkja 40 aura ábúðarskatt; nú eiga hinir sömu menn, sem það hafa gjört, að greiða atkvæði um, hvort eignaskatturinn eigi að vera lægri en ábúðarskatturinn. Jeg hef í breytingaratkvæði mínu sett landeignarskattinn 40 aura á hvert jarðarhundrað, svo landeignarskatturinn yrði þó jafnhár ábúðarskattinum. «Hverjum þykir sinn fugl fagur». Mjer finnst þessi tillaga mín fela í sjer jöfnuð; gjaldið er látið vera hið sama, í hverju sem eignin er fólgin, hvort það er í landeign eða öðru fje, með því að jarðarhundraðið mun vera 100 kr. að meðaltali. Húsaskatturinn einn verður eptir því nokkuð lægri.

Landshöfðingi og fleiri hefðu fullyrt, að ágóðinn af lausafjárhundraðinu væri 25 kr. Ef það á að vera einber ágóði (Netto-Gevinst), þ. e. að frádregnum öllum tilkostnaði, fyrirhöfn og fje, þá skildi hann ekki hót í búhyggindum slíkra manna. Þeir væru, eptir sínum skilningi, einstakir búspekingar, algjörðir töframenn; en þetta hlyti þó að vera ætlun allra þeirra manna, sem væru að bera lausafjárágóðann saman við einberar eignartekjur, þ. e. jarðargjöld, að frádregnum veðskuldabrjefum og öllum umboðskostnaði. Sjer þætti ljótur skaði, að þessir nýju búfræðingar fengju ekki tækifæri til að láta ljós sitt skína, og kvaðst hann því vera fús á að byggja þeim, þótt þeir vildu, 100 hndr. lausafjár. En hvað sem um þetta er, þá er það óefað, að utanþingsnefndin hefur miðað við brutto-ágóða lausafjárins, en við netto-ágóðann hvað eign snertir.

Síðari breytingaruppástungan væri um skattstigann. Hann vildi ekki hafa hann hærri en 4 á hundrað hæst. Tekjuskattur af atvinnu ætlaðist hann engan veginn til að væri hærri en af eign, heldur miklu fremur lægri.

Grímur Thomsen sagðist ítreka það,

sem hann hefði sagt við fyrstu umræðu, að tekjuskattur væri óeðlilegur sem fastur skattur, enda vissi hann eigi til, að hann væri fastur liður í skattalögum nokkurs lands, heldur væri að eins þrifið til hans, þegar á lægi, svo sem t. a. m. harðæri bæri að höndum eða ófriður, eða einhver ófyrirsjáanlegur atburður. Það væri kunnugt, að Englendingar hefðu tekjuskatt, en ekki fastan, heldur væru þeir allt af að breyta honum; hann vissi eigi betur en þeir lækkuðu hann nú á hverju ári. Hann sagði sjer fyndist tekjuskatturinn eigi síður óeðlilegur hjer á landi en annarstaðar, eða jafnvel öllu fremur, þar sem hjer væri um miklu minna fje að gjöra, svo lítið, að naumast mundi svara fyrirhöfn, að fara að reyta saman skatt af því, auk þess sem slík skattheimta mundi leiða til tortryggni og undanbragða. Kvað hann nóg að benda á í því efni, hvað vinsælt verk og þægilegt mundi verða að grafast eptir peningaeign manna, eða hvað þeir ættu í arðberandi skuldabrjefum og þess háttar. Af þessum ástæðum kvaðst hann alveg mótfallinn tekjuskatti. En hins vegar kvaðst hann búast við, að almenningur mundi kurra, ef eigi væri látið eitt ganga yfir alla, og t. a. m. peningamenn látnir greiða skatt af þeim, eins og aðrir af öðrum eigum sínum, og því kvaðst hann slaka það til, að hann styngi ekki upp á að fella hann, heldur að eins að lækka hann, lækka hann niður í 3 af hundraði. Hann sagðist vera samdóma landshöfðingja um það, að ekki væri rjett að fella úr 2. lið í 7. gr.; það væri rangt og ósanngjarnt. Þótt það kynni satt að vera, að ekki munaði mikið um skattinn af þessum gjöldum til opinberra þarfa o. s. frv., gæti það þó dregið nokkuð í sameiningu við aðra skatta. «Margt smátt gjörir eitt stórt». Sjer fyndist og sjálfsagt, að draga frá tekjum af embættislaunum bæði skrifstofukostnað og eins annað, sem er «samfara embættinu» (sjá 4. lið 7. gr.), svo sem t. a. m. borðfje. Sjer þætti t. d. hart að láta hinn hærstvirta landshöfðingja fara að greiða skatt af því, sem hann gæfi bæði sjer og öðrum þingmönnum að borða.

Benidikt Sveinsson sagði, að menn mundu víst geta getið sjer til þess, hverja skoðun hann hefði í þessu máli eptir því, sem hann áður hefði talað í þessu máli, því skoðun sín stæði enn óhögguð, og rótfestist æ meir og meir. Hann kvaðst að eins geta gefið atkvæði sitt með breytingartillögum hins háttvirta 1. þingmanns Norður-Múlasýslu, og hefði hann sjálfur fært ástæður fyrir því; hann hefði þar litlu við að bæta. Það væri auðsætt, og lægi í augum uppi, að satt væri og sannast það, er hann hefði tekið fram við 1. umræðu, að tekjuskatturinn elti framför og dugnað hjá landsmönnum; því að bætti einhver eign sína, þá hækkaði tekjuskatturinn að því skapi í það óendanlega, þar sem eignarskatturinn, miðaður við hundraðatal jarðarinnar, sem einu sinni væri gefið, stæði allt af í stað, hversu mikið sem eignin væri aukin í verði með jarðabótum. Tekjuskatturinn yrði því sannur «Þrándur í götu» fyrir öllum dugnaði og framförum, og væri því með öllu óhafandi. Þingmaðurinn kvað það mjög svo sorglegt, ef hin háttvirta deild leiddist til, að leggja skatt á tekjur manna af því, að hún hefði samþykkt ábúðarskattinn, sem eins og hann hefði sýnt fram á, væri margfaldur skattur af ímynduðu fje, tekinn af þeim fátæku til hlífðar hinum ríku. Atvinnuskatti væri hann og alveg mótfallinn nú sem stæði; sjer virtist í öllu falli eigi kominn tími til, að leggja hann á. Það væri reyndar gjört til þess, segja menn, að ná sem mestum jöfnuði, en það væri þó mjög óheppilegt, úr því þessi jöfnuður væri sprottinn af ójöfnuði; þetta væri sama sem að græða sár með sári, rangindi með rangindum; þess væri og heldur engin þörf í sjálfu sjer, því að landssjóðinn munaði það engu, og það svaraði heldur eigi þeirri fyrirhöfn og tortryggni, sem skattheimtan hlyti að hafa í för með sjer, er fara ætti að hnýsast inn í efnahag manna til hins ýtrasta, sem reynast mundi

jafn-óvinsælt og ómögulegt. En svo vildi hann þá spyrja: hverjir þeir nú væru, sem greiða ættu þennan skatt? Jú! Menn gætu þá fyrst nefnt handiðnamenn; en við þá væri aðgætandi, að handiðnir væru hjer enn á svo lágu stigi, ef þær annars gætu heitið á nokkru stigi, því þær væru sannarlega á líku stigi og barn í vöggu, og handiðnaleysi væri því einmitt eitt hið mesta mein þjóðarinnar. Hann spurði, hvort það nú ekki mundi reynast ísjárvert að ganga fyrir hvers manns dyr af þeim fáu handiðnamönnum, sem með sjerstökum dugnaði og sparsemi hefðu sparað saman nokkurra króna virði, og grafast eptir, hve mikið sá og sá hefði til að borða, og hvað hann ætti til upp á eitt hár, svo að engu skakkaði eða skeikaði. Þessi skattur væri þó auðsjáanlega dugnaðarmönnum engin hvöt, heldur einmitt móthvöt til allra framfara. Þá vildi hann nefna embættismenn; þeir ættu og að greiða þennan skatt. Hann játaði, að nógar raddir hefðu heyrzt um það, að þeim hefðu verið ákvörðuð of há laun á síðasta þingi, en þetta hefði þó að eins náð til nokkurra embættismanna, en nú ættu þeir og allir aðrir fyrir þær sakir samkvæmt þessum skattalögum, að greiða tvöfaldan skatt, í fyrsta lagi af því, sem þeir ættu í fasteign og lausafje, sem náttúrlegt væri, og í annan stað vissan hluta af launum sínum. Þetta síðara væri nú sama sem menn segðu við embættismennina: «þið eigið ekki öll laun ykkar, heldur verðið þið að greiða svo og svo mikið aptur af þeim inn í landssjóðinn». En hvað ætti það að þýða, að taka það með vinstri hendinni aptur, sem látið væri úti með þeirri hægri. Það væru eigi nema 2 ár síðan, að þessi sama deild hefði ákveðið laun sumra embættismanna, og nú ætlaði hún einmitt að fara að samþykkja, að þeir skyldu missa töluvert af þessum launum aptur; það væri þó engan veginn samboðið virðingu hinnar háttvirtu neðri deildar eða þingsins yfir höfuð að breyta nú strax eptir svo stuttan tíma lögum þeim, er það hefði samþykkt fyrir að eins 2 árum síðan. Eins kvaðst þingmaðurinn vilja nefna kaupmenn. Á þá væri sjálfsagt tiltækilegast að leggja þennan tekjuskatt, en þeim viðvíkjandi yrði hann þó að biðja menn að gæta þess, að kaupskapur vor og verzlun væri enn eigi innlend, heldur að mestu leyti í höndum útlendra manna; verzlunarágóðinn gengi allur til útlanda; landið væri fjeþúfa annara landa, og væri því nær að hlynna að innlendu verzluninni fyrst, og draga hana inn í landið, en elta hana nú þegar að nauðsynjalausu með tekjuskatti. Hann kvaðst því yfir höfuð mótfallinn öllum tekjuskatti, eins og nú stæði; hann mætti eigi koma of snemma og að nauðsynjalausu. Enn væri eitt atriði, sem væri á móti þessum tekjuskatti; það væru sveitaþyngslin. Hann kvaðst vilja spyrja: «á hverju eiga fátæklingar að lifa, þegar búið er að særa allt það litla, sem þeir efnaðri eiga, út úr þeim til landssjóðsins?» Hann vildi frá þessu sjónarmiði segja, að þessi skattur væri með öllu óhafandi og á vanhyggju einni byggður. Þetta væri ekkert annað en óbeinlínis skattur á sveitarsjóðunum, sem eingöngu styddust við hina efnaðri menn. Það væri því sannarlega að taka bitann frá fátæklingunum að leggja þennan skatt á efnamennina. Hann vildi þá enn spyrja, hvort það virtist sanngjarnlegt og viðurkvæmilegt, að taka þennan skatt óbeinlínis frá fátæklingnum, og láta hann svo vera arðlausan í landssjóði? Hann kvaðst vonast til, að hin háttvirta deild skoðaði vel hug sinn, áður en hún samþykkti þetta frumvarp, sem mundi valda fjarska-mikilli óánægju, tortryggni og vafningum. Hann væri fyrir sitt leyti, eins og hann hefði sagt, mót öllu nema aðalhugsuninni í 1. gr. Hann kvaðst hafa tekið það fram við 1. umræðu málsins, að hann vildi að minnsta kosti eigi hafa hærri skatta, en manntalsbókargjöldin gömlu hefðu verið, enda væri það og ósk þjóðarinnar; hún mundi fljótt finna það, ef sköttum væri á sig aukið svona út í bláinn, og mundi hún kunna hinu heiðraða alþingi litlar þakkir fyrir slíkt frumhlaup og una því hið versta. Hann þyrði að segja meir: þjóðinni hefði aldrei gefizt

kostur á að velja, hvort hún vildi heldur kjósa manntalsbókargjöldin gömlu heldur en þessi skattalög, en ef svo hefði verið, mundi hún eigi hika lengi við að kjósa manntalsbókargjöldin óbreytt, og vissu þó allir, hversu sterkur almenningsáhugi væri, og hefði verið á því, að breyta þeim til hins betra. En fátt væri svo illt, að eigi mætti finna annað verra, enda hefði það rætzt hjer að hans áliti. Að endingu kvaðst hann vona, að hin heiðraða deild sæi, hversu mikið vandamál hjer lægi fyrir.

Guðmundnr Einarsson kvaðst eigi vita, hverju hann skyldi svara 1. þingmanni Árnesinga, því að sjer hefði fundizt hann eins og tala bæði með og mót þessu frumvarpi, og reyndar yfir höfuð öllum skattalögum. Hvað breytingaratkvæði 1. þingmanns Norður-Múlasýslu snerti, þá væri það að segja, að gjaldstofn hans væri ójafn og hvikull; svo og væri það, að allur skatturinn færðist smámsaman yfir á ábúandann með tímanum, því margur mundi sá landsdrottinn, sem sætti lagi, þegar hann gæti, að ljetta á sjer álögunni, þegar svo hægt væri að gjöra það. Þingmaður Árnesinga hefði verið að tala um, að ef þetta frumvarp yrði að lögum, þá væri «bitinn tekinn frá embættismönnunum»; en hann kvaðst þá vilja spyrja, hvort bóndinn lifði eigi líka á atvinnu sinni, eins og embættismaðurinn, og hvort ekki mætti með fullt svo miklum rjetti segja um hann, að hann yrði að taka bitann frá munninum á sjer til að greiða skatta sína; það væri því eins rjett, að embættismenn greiddu skatt af þeim launum, sem þeir fengju fyrir störf í alþjóðlegar þarfir, eins og bóndinn greiddi skatt af sinni atvinnu; við það næðist einmitt jöfnuður. Hann kvaðst eigi vilja fara í orðakast við 1. þingmann Norður-Múlasýslu um arð af lausafje, heldur að eins ráða honum til að lesa Fjelagsritin gömlu; þar væru ritgjörðir um þetta efni eptir Skúla Magnússon og Ólaf Stephensen, er báðir hefðu verið sannir hagfræðingar á sinni tíð, og mundi hann af ritgjörðum þeirra sannfærast um, að arðurinn af lausafjárhundraðinu væri miklu meira en 25 krónur, enda kvaðst hann búinn til að sýna honum það «svart á hvítu», nær sem haun vildi, að arðurinn væri að minnsta kosti 25 kr. af hverju hundraði lausafjár í kúm og sauðfjenaði samtals, þó að dregin væru tilhlýðilega frá vanhöld, tilkostnaður og fyrirhöfn, en með því skilyrði samt, að með skepnurnar væri vel farið og heygæði og hagkostir væru í meðallagi.

Framsögumaður kvaðst og lítið hafa grætt á ræðu 1. þingmanns Árnesinga, og litlu nær verið um skoðun hans á frumvarpi þessu eða skattalögunum yfir höfuð; þó hefði sjer helzt fundizt skoðun hans vera sú, að öll þessi 3 frumvörp til skattalaga, frumvarp til laga um ábúðarskatt, frumvarp til laga um tekjuskatt, og frumvarp til laga um húsaskatt, væru með öllu óhafandi, og að eigi væri vit í neinu af því, en hann hefði ekki sett neitt í staðinn. Hann hefði sagt, að hann gæti ekki fallizt á neitt nema 1. gr. í frumvarpi til laga um ábúðarskatt. Það yrði því eigi skilið öðruvísi en svo, að hann vildi hafa skattalögin þannig:

> «Öll manntalsbókargjöld þau, sem nú eru, skulu af numin; en þau eru: skattur, gjaftollur, konungstíund, lögmannstollur og manntalsfiskur»,

og svo ekkert annað.

Það væri reyndar bezt og útlátaminnst fyrir þá, er skatt skyldu greiða, en á hinn bóginn vissi hann eigi, hvort það mundi nóg fyrir landið, að hafa slík lög. Þingmaðurinn hefði og fengizt mikið um það, að þessi tekjuskattur kæfði niður allan framfarahug og dugnað hjá mönnum, svo að enginn vildi framar leitast við að komast upp vegna þess, að hann væri hræddur um að þá yrði lagður svo þungur skattur á hann; en þá vildi hann spyrja þingmanninn, hvort eigi mundi bágt að finna þau lög, þar sem ekkert lenti á dugnaðarmönnum, heldur allt á ónytjungum og dáðleysingjum, eða þá, hvort hann vildi stinga upp á þeim lögum, að öll gjöld og skattar skyldu einmitt leggjast á þá, sem væru vesalir aumingjar og

ónytjungar í öllum greinum, en dugnaðarmennirnir skyldu einmitt lausir við öll gjöld og undan öllum skatti þegnir?

Hann kvaðst að vísu játa, að örðugt væri að ná jöfnuði í öllu skattgjaldi, en þó svo væri, þá mætti þó eigi sleppa mörgum undan, heldur væri sanngjarnt, að allir borgi nokkuð til almennra þarfa, bæði bóndinn, handiðnamaðurinn og embættismaðurinn. Það væri vitaskuld, að laun embættismanna rýrnuðu, en ef þeir losuðust við þennan skatt, þá væru þeir og undanþegnir öllum gjöldum, en það ætlaði hann alls eigi rjett. 1. þingmaður Norður-Múlasýslu hefði sagt, að nefndin væri ósamkvæm, þar sem hún hefði lagt of háan skatt á lausafjárhundraðið, en hann gæti fullvissað hann um, að lausafjárhundraðið þyldi meiri álögur; það mætti eigi fara eptir verði þess í kaupum og sölum, heldur ágóðanum eða arðinum; en hann væri meiri af lausafjárhundraðinu en fasteignarhundraðinu; jarðeigandinn fengi 4 af 100 hverju, en sá, er lausafje ætti, fengi 25 af 100 afdráttarlaust, og ef hann eigi tryði sjer til þessa, þá yrði hann að minnsta kosti að trúa þingmanni Dalamanna til þess. Nú vildi hann spyrja hinn heiðraða þingmann, hvort honum fyndist þá sanngjarnt, að jarðeigandinn gyldi 4 af hundraði, en lausafjáreigandinn minna en 3 1/5? Hann kvaðst verða enn að taka það fram, að jöfnuður næðist mestur, ef tillit væri tekið til þess arðs, sem fengist af lausafjárhundraðinu, en eigi til þess, hve dýrt það væri selt og keypt manna á milli. Landshöfðingja hefði hann þegar svarað, og sæi hann eigi, að hann þyrfti nú miklu við að bæta það, sem komið væri. 1. þingmaður Gullbringusýslu hefði á móti öllum tekjuskatti, en allt um það kvaðst hann halda sínu fram, að brýn nauðsyn væri á að halda tekjuskatti, til þess að samræmi yrði á milli þessara frumvarpa til skattalaga. Hinn sami þingmaður hefði og játað það, að á Englandi væri tekjuskattur; það væri því eigi einsdæmi hjá oss Íslendingum, að þessi tekjuskattur ætti sjer stað. Það væri satt, að Englendingar breyttu opt þessum skatti, eptir þörfum sínum, enda gætum vjer það líka. Þá kvaðst hann eigi muna, að fleiri mótbárur hefðu komið, en þær, er hann hefði minnzt á, og vildi hann því nú fela málið deildinni til beztu fyrirgreiðslu.

Páll Pálsson bóndi kvað sig undra það mest, að þingmaður Dalamanna skyldi halda svo fast við þennan 25 kr. arð af lausafjárhundraðinu; hann kvaðst enda verða að segja þingmanninum það, að arðurinn sje ekki einu sinni 16 kr. af hundraði, þegar frá sje talin öll fyrirhöfn, tilkostnaður, ábyrgð og fyrning fjenaðarins, því í leigunni væri innifalin afborgun höfuðsstólsins, eins og 1. þingmaður Norður-Múlasýslu hefði sagt. Það lægi líka í augum uppi, að það væri ómögulegt, að arðurinn af lausafjárhundraðinu væri svona mikill, því að þá væru allir bændur hjer í landinu stór-auðugir jarlar. (*Guðmundur Einarsson*: »Af hverju lifa þá fátæklingarnir?) »Þeir lifa af fleiru en arðinum af lausafjenu; þeir lifa margir með fram af vinnu sinni, gjöfum og fl.». Að endingu gat hann þess, að þar eð hann væri viss um, að arður af lausafjárhuudraði væri ekki að meðaltali hærri, en hann hefði sagt, nefnil. í hið mesta 16 af hundraði, þá mundi hann hallast að breytingaruppástungu þingmanns Mýramanna, því við það yrði helzt jöfnuður á milli lausafjáreiganda og jarðareiganda.

Arnljótur Ólafsson kvað 2. þingmann Húnvetninga hafa tekið af sjer nokkuð af ómakinu, sem framsögumaður hefði gjört sjer. Væri það satt, að landeigendur hefðu að eins 4 af 100 í ágóða af eign sinni, en lausafjáreigendur eigi minna en 25 af hundraði, þá væru þeir allir vitlausir menn, sem keyptu jarðir, því þeir hefðu eptir því ekki nema 1/6 í ágóða í samanburði við lausafjáreigendur. Það væri nú reynandi að koma með lagafrumvarp þess efnis, að embættismönnum skyldi launa með ágóða af lausafjárhundruðum og vita svo, hvernig framsögumanni

litist á það, ef honum væri fengin svo og svo mörg lausafjárhundruð til umráða, móti því að dregnar væru frá 25 kr. af launum hans úr landssjóði fyrir hvert slíkt lausafjárhundrað. Sjer þætti gaman að vita, hvort sannfæring hans færi þá eigi að linast, og eins þingmanns Dalamanna. Hann vissi eigi til, að það væri rjett, sem þingmaður Dalamanna hefði sagt, að alþingistollurinn hefði almennt lent á ábúandanum. Þar sem hann hefði til þekkt fyrir norðan, hefði landsdrottinn næstum alstaðar annaðhvort greitt hann sjálfur, eða þá endurgoldið hann leiguliðanum, og væri engin ástæða til að ímynda sjer, að öðruvísi mundi farið að með hinn nýja skatt, sem hann styngi upp á. Væri annar siður í Dalasýslu, sýndi það eigi annað, en að landsdrottnar þar væru ágengari og harðdrægnari en annarstaðar á landinu, og væri mjög bágt ástand Dalamanna, ef svo væri. Eptir kenningu þingmanns Dalamanna mætti búast við, að eigendur veltu öllum gjöldum sínum og álögum yfir á leiguliðana, og hugsuðu að nota sjer það, að þeir væru minni máttar og þyrðu engu af sjer að hrinda. En hann kvaðst vita með vissu og vera sannfærður um, að enginn hlutur væri fjær skapi þingmanns Dalamanna en slík harðýðgi. Þingið ætti að eins að hugsa um, að hafa álögurnar sem rjettlátastar og jafnastar, en ekki að vera að hugsa upp í ýmsa ósiði, er menn kynnu að hafa í frammi til að hafa sig undan tiltölulegri hlutteknigu í gjöldum til landsþarfa. Hjer ætti ekki að vera að gjöra ráð fyrir neinum skattveltingum. Slíkt kæmi eigi þinginu við. 1. þingmaður Gullbringusýslu vildi færa niður tekjuskatt af eign, en ekki af atvinnu. Sjer sýndist fullt eins mikil ástæða til að hafa atvinnuskattinn lágan. Hann nefndi til stuðnings skattstiga sínum mörg dæmi úr leyfisbrjefalögum Niðurlendinga og Frakka og úr flokkaskattslögum (Classensteuern) í ýmsum ríkjum á Þjóðverjalandi og hjá Prússum. Hann vildi annars óska, að þingmenn væru kunnugri skattalögum annara landa, en sjer heyrðust þeir vera flestir. Með atkvæðagreiðslu sinni um ábúðarskattinn í dag hefði þingdeildin ruglað hlutfallinu milli skattanna, þar sem hún hefði haft hann miklu hærri, en nefndin vildi hafa tekjuskattinn. Kvaðst hann því mundu jafnaðarins vegna greiða nú atkvæði með hinum hæsta tekjuskatti, sem upp á væri stungið, í þeirri von, að skattarnir yrðu svo allir færðir niður við 3. umræðu, að jöfnu hlutfalli hver við annan, með því að hann vildi vona til hinnar síðustu stundar, að deildin vildi eigi beita miklum ójöfnuði við fátæka leiguliða.

Framsögumaður sagði, að til að sjá, að arðurinn af lausafjáreigninni væri eigi of hátt reiknaður, þótt hann væri talinn 25 kr. af hundraði, þyrfti eigi lengra að fara en til fátæklinganna. Á hverju lifðu þeir nema einmitt af hinum mikla arði af hinum fáu skepnum sínum? (*Arnl.*: «Af vinnu sinni»). 1 þingmaður Norður-Múlasýslu hefði rjett fyrir sjer í því, að það væri ekki ætlunarverk þingsins, að bera önn fyrir framkvæmd laganna eða sjá um hana, en hins vegar ætti þingið ekki að gefa tilefni til, að framkvæmd laganna yrði sem örðugust. Sjer virtist þingmaðurinn ósamkvæmur sjálfum sjer, er hann vildi hafa höptin í skattastiganum svo stór, sem dæmi hans frá Prússum benti til. Tekjur allar væru svo litlar hjer á landi, að ófært væri að hafa langt á milli haptanna í skattstiganum; enda hefði hann alls eigi sýnt fram á, hversu mikill munur hefði verið á tekjunum við hvert hapt í skattstiga þeirra.

Þorlákur Guðmundsson kvað skakkt, að leyfa úrfellingar úr tekjuskattsstofninum, eins og gjört væri í 7. grein stjórnarfrumvarpsins, úr því að eigi væri sams konar ákvörðun um lausafjárskattinn, og því hefði nefndin stungið upp á að fella burtu 2. lið 7. greinar. Það bæri opt við, að lausafje manns væri mestallt í skuld, og úr því

eigi væri leyfilegt að draga skuldirnar frá þar, ætti eigi heldur að leyfa að draga frá hin umræddu gjöld til opinberra þarfa, þegar um tekjuskatt væri að ræða. Ættu slíkar undanfellingar að leyfast, væri hætt við, að skatturinn yrði næsta lítill hjá sumum. Það væri erfitt, ef ekki ómögulegt, að finna út nettó-tekjurnar, og mundu flestir leiða sinn hest frá því. 2. þingmaður Húnvetninga hefði talað um, að fátæklingarnir lifðu meðfram af sjerstakri vinnu sinni í sveitunum, en hann kvaðst halda, að lítið yrði úr fjenaðarhirðingu og heyskap einvirkjans, ef hann ætti að vera daglaunamaður hjá öðrum að staðaldri, og hann, fátæklingurinn, mundi ekki að jöfnu hafa það upp úr því, sem hann afrækti heimili sitt. Að fátæklingarnir lifðu af skepnum sínum á ótrúlegan hátt til móts við ómagafjölda og skepnufæð, þekktu allir; að vísu væri vart lifað, þó lifað væri, og það hefðu fáir af heldri mönnum haft tækifæri á að kynna sjer með eigin augum hreysin kotunganna. Hann kvaðst mótfallinn hærri tekjuskatti en 4 af hundraði; ef hann væri hár, mundi það draga úr, að landsdrottnar legðu mikið fje í að hjálpa leiguliðum sínum til að bæta jarðirnar; hann væri því meðmæltur, að tekjuskatturinn af eign væri lækkaður, ef skattur af lausafje og afnotum jarða yrði lækkaður frá því, sem nú lægi fyrir.

Benidikt Sveinsson kvaðst svara því þingmanni Reykvíkinga, að ein lög rjettlát, stutt og gagnorð væru betri en mörg lög löng, ruglingsleg og ranglát. Það væri og skrítinn jöfnuður hjá framsögumanni, er hann hefði í dag viljað rjettlæta ábúðarskattinn með því, að sumar jarðir gæfu af sjer annan arð en lausafje; þess ættu sem sje hinar allar, sem væru hundraðfalt fleiri, að gjalda. Þar hefði hin almenna regla verið miðuð við undantekninguna, í staðinn fyrir að hún hefði átt að miðast við hið almenna; nú ætti tekjuskatturinn að taka litinn af þessum rangindum með öðrum samsvarandi í aðra átt.

Hjálmur Pjetursson kvaðst enn vilja brýna það fyrir þingdeildinni, að það væri bæði fagurt og rjettlátt, að þetta frumvarp gæti komizt í sem mesta samhljóðun við frumvarp það til laga um lausafjárskatt og ábúðarskatt, er samþykkt hefði verið í dag. Það væri allra vilji, að leita að jöfnuði og sanngirni; en að sínu áliti væri það þessu gagnstætt, að lækka tekjuskattinn ofan í 3 af hundraði, og vildi hann vona, að það yrði ekki samþykkt. Mörg dæmi væru til þess, að lausafjáreigendur væru í skuld um allt sitt lausafje, og yrðu jafnvel að taka af höfuðstólnum til að komast frá lögboðnum gjöldum, og ætti því að taka tillit til þess og draga skuldirnar frá þeirra skattgjaldi, öldungis eins og hinna. Þar sem þingmaður Reykvíkinga hefði sagt, að fátæklingarnir lifðu einmitt á því, að þeir hefðu svo mikinn arð af lausafje sínu, þá væri það neyðarúrræði, að hafa slíka ástæðu, því að mjög aumt væri líf sumra fátæklinga, og mætti því með engu móti á þeim þyngja, ef menn eigi vildu auka tölu öreiga. Það væri að vísu satt, að þeir gætu með fram lifað af vinnu sinni (*Halldór Kr. Friðriksson:* «Þá vanhirða þeir skepnur sínar»). «Nei, það kemur einmitt af því, að þeir hafa svo fáar skepnur». Hverjir væru það, sem bezt þyldu að bera gjöld? Það væru vissulega þeir, sem ættu skuldlausar eignir, og væri það því mesta ósanngirni og ósamkvæmni við það, sem gjört hefði verið í dag, að lækka skatt þennan ofan í 3 af 100 hverju.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og skyldi þá gengið til atkvæða um málið, en sökum þess, að áliðið var orðið, frestaði forseti atkvæðagreiðslunni til næsta dags.

Á 27. fundi neðri þingdeildarinnar, 1. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til atkvæðagreiðslu *frumvarp til laga um tekjuskatt,* og hafði verið prentuð atkvæðaskrá í málinu.

Forseti gat þess, að umræðunni hefði raunar verið lokið á síðasta fundi, og væri því eigi annað að gjöra nú, en að taka þegar til atkvæðagreiðslu, en 2 þingmenn hefðu óskað að mega koma með stuttar athugasemdir á undan, og vildi hann leyfa þeim það, ef þingið væri því eigi mótfallið.

Grímur Thomsen sagði, að 1. grein frumvarpsins gjörði sjerstaklega ráð fyrir eignartekjuskatti af jarðeigendum, enda mundi það og koma heim, að þeir yrðu víðast hinir einu hjer á landi, sem slíkan skatt gyldu. En nú ættu bændur líka að greiða ábúðarskatt, og þannig lenti tvöfaldur skattur af sama gjaldstofni á sömu stjett, bændastjettinni; sýndist sjer því viðurhlutamikið að hafa tekjuskattinn háan, og væri það af þessari ástæðu, að hann vildi, að hann væri eigi hærri en 3 af hundraði. En hann kvaðst búast við, að það yrði þó eigi ofan á að sinni, því nefndinni mundi þykja mjög mikið undir komið, að rjett hlutfall hjeldist milli allra skattanna gegnum allar umræður. Hár fasteignartekjuskattur mundi leiða til þess, að menn legðu fje sitt fremur í skuldabrjef en fasteignir, og væri það landinu til skaða, því við það mundu jarðir falla í verði. Það væri svo ætlazt til í 2. grein, að tekjuskattur greiddist einnig af skuldabrjefum, hlutabrjefum, o. s. frv., en þau væri ofur hægt að draga undan, að minnsta kosti þau óþinglýstu, sem frumvarpið ætlaðist einnig til að greiddur væri skattur af; og ef það væri satt, sem sagt væri, að mönnum væri gjarnt til undandráttar undan tíund hjer á landi, mætti nærri geta, að varla kæmu öll kurl til grafar, þegar fara ætti að sýna óþinglýst skuldabrjef, og enda segja frá skuldum, sem engin skrifleg viðurkenning væri fyrir. Það væri reynsla fyrir því í öllum löndum, að því lægri sem skattarnir væru, því minna væri undan dregið í framtali. Þetta væri enn ein ástæða sín fyrir uppástungunni um lækkun á eignartekjuskattinum.

Framsögumaður kvaðst eigi ætla að þrátta lengur við þingmenn um þetta mál. Það virtist auðsjeð, hvort menn stefndu; það væri eigi annað að sjá, en að þeir ætluðu sjer að ónýta málið. Að vera að hrúga inn breytingaruppástungum nú við 2. umræðu væri eigi til annars, en að spilla samræmi milli skattanna. Við 3. umræðu væri fyrst rjettur tími til að koma með breytingarnar, og þá væri hægt að sníða þær allar svo í hendi sjer, hverja eptir annari, að ekki kæmi nein ósamkvæmni inn í lögin.

Arnljótur Ólafsson kvaðst taka aptur breytingaratkvæði sín við 4. tölul. a—b og 31. tölulið.

Þá var gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. 1. grein.

a, Arnljótur Ólafsson: að fyrir 1., 2. og 3. grein komi nýjar greinir þannig:

«1. grein.

Landeigendur skulu í skatt greiða 40 aura af hundraði hverju í eignarjörðum sínum. Slíkan skatt skal hver fjáreigandi gjalda af hverju 100 króna virði í eignarfje sínu, ef hann á 500 króna virði eða meira fje, enda noti hann eigi fjeð til atvinnu sinnar, þeirrar er hann skal atvinnuskatt eða annan skatt af lúka eptir lögum þessum.

2. grein.

Landeigendur skulu sjálfir inna skattinn af hendi, hvar er þeir á landi búa, ella umboðsmenn þeirra».

Fellt með 16 atkvæðum.

b, Grímur Thomsen: að í staðinn fyrir: »5 krónur af hverjum 100 krónum» komi: »3 krónur af hverjum 100 krónum»; fellt með 16 atkv. gegn 5.

c, Nefndin; að »5 krónur af hverjum 100 krónum» breytist í: »1 krónu af hverjum 25 krónum»; samþykkt með 15 atkvæðum.

d, Hjálmur Pjetursson: að orðin: »5 krónur af hverjum 100 krónum» breytist í: »1 krónu af hverjum 20 krónum»; fallið við næstu atkvæðagreiðslu á undan.

e, Nefndin: að »Frá árstekjunum .... hefur borgað» breytist í: »Frá árstekjunum skal dreginn umboðskostnaður, sem eigandi það ár hefur borgað, og leigur af þinglesnum veðskuldum í jörðu»; samþykkt með 18 atkvæðum.

f, 1. grein frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt með 18 atkvæðum.

2. 2. grein.

a, Grímur Thomsen: að byrjunin: »Fimm af hundraði» breytist í: »Þrjá af hundraði»; áður fallið.

b, Nefndin: að byrjun greinarinnar: «Fimm af hundraði» breytist í: «Einn af hverjum tuttugu og fimm»; samþykkt með 17. atkvæðum.

c, Hjálmur Pjetursson: að byrjun greinarinnar: «Fimm af hundraði» breytist í: «Einn af hverjum 20»; áður fallið.

d, 2. grein frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 19 atkvæðum.

3. 3. grein.

a, Nefndin: að fyrir «100» komi «25» og fyrir «20» komi «25»; samþykkt með 13 atkvæðum.

b, Hjálmur Pjetursson: að fyrir «100» komi «20»; fallið við 1, c.

c, 3. grein frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt með 20 atkvæðum.

4. Arnljótur Ólafsson: að fyrir fyrirsögnina «I Um tekjuskatt af eign» komi: «III. kapítuli. Um eignarskatt»; tekið aptur af uppástungumanni.

5. 4. grein.

a, Arnljótur Ólafsson: að fyrir 4. grein komi ný grein þannig:

«Af allri atvinnu skal tekjuskatt gjalda. Af minni atvinnutekjum en 500 króna greiðist enginn skattur. Nú eru tekjur manns meiri, og skal hann skatt lúka þannig:

Af 500 upp að 1000 kr. ½ af 100
— 1000 — — 2000 — 1 — —
— 2000 — — 3000 — 2 — —
— 3000 — — 4000 — 3 — —
— 4000 — — 5000 — 4 — —
— 5000 — — 6000 — 5 — —

og skal skatturinn eigi hærra stíga en 5 af 100». Eptir beiðni uppástungumanns var stafliðurinn klofinn í tvennt, og borin fyrst til atkvæða greinin aptur að: «5000—6000 5 af 100», og var sá liður felldur með 13 atkvæðum gegn 4, og var þar við síðari hlutinn fallinn.

b, Nefndin: að »Af hinum fyrstu 1000 krónum» breytist í: »Af hinum fyrstu 500 krónum»; samþykkt með 14 atkvæðum gegn 1.

c, Nefndin: að eptir annan lið bætist við nýr liður þannig hljóðandi:

»Af því, sem tekjurnar nema yfir 500 krónur og að 1000 krónum fullum, skal greiða hálfan af hundraði í tekjuskatt»; samþykkt með 16 atkvæðum.

d, Nefndin: að í 4. lið greinarinnar: »5 af hundraði, sem greiðist af því, sem tekjurnar nema yfir 9000 krónur» breytist í: »4 af hundraði, sem greiðist af því, sem tekjurnar nema yfir 7000 kr.»; samþykkt með 15 atkvæðum.

e, 4. grein frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt með 18 atkvæðum.

6. 5. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 19 atkvæðum.

7. 6. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 19 atkvæðum.

8. 7. grein:

a, Nefndin: að annar liður falli burt; fellt með 11 atkvæðum móti 11;

en af því atkvæðagreiðslan varð ónóg, var við haft nafnakall, og sögðu

já:
Halldór Kr. Friðriksson,
Arnljótur Ólafsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Einar Gíslason,
Einar Guðmundsson,
Hjálmur Pjetursson,
Jón Blöndal,
Páll bóndi Pálsson,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.
nei:
Ísleifur Gíslason,
Benidikt Sveinsson,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Páll prestur Pálsson,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
og var þannig stafliðurinn samþykktur með 13 atkvæðum gegn 9.

b, Nefndin: að orðin í byrjun 3. liðs: »þar að auki» falli burt; þar við samþykkt.

c, Nefndin: að í 4. lið falli burtu orðin: »o. fl., sem er samfara embættinu»; samþykkt með 18 atkvæðum gegn 1.

d, 7. grein frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt með 15 atkvæðum.

9. 8. grein:

a, Nefndin: að miðsetningin í greininni: «þeir, sem eru í foreldrahúsum .... framfæri hjá», orðist þannig: «Undanþegnir þessum skatti eru börn, og þeir menn aðrir, sem eru á framfæri hjá öðrum, og enga atvinnu hafa, ef árstekjur þeirra allar saman lagðar eru eigi 100 krónur»; samþykkt með 16 atkvæðum.

b, 8. grein frumvarpsins með áorðinni breytingu; samþykkt með 20 atkvæðum.

10. 9. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 20 atkvæðum.

11. 10. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 19 atkvæðum.

12. 11. grein:

a, Nefndin: að aptan við miðlið 11. greinar bætist: «Sá, sem kosinn er í skattanefnd, hefur þann starfa á hendi 3 ár í senn, en eigi er hann skyldur að taka aptur á móti kosningu, fyr en að jafnlöngum tíma liðnum»; samþykkt með 19 atkvæðum.

b, 11. grein frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 20 atkvæðum.

13. 12. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 20 atkvæðum.

14. 13. grein:

a, Nefndin: að fyrir orðin «skulu skattanefndirnar . . . á tekjuskrána» komi: «skulu hreppsbúar eða kaupstaðarbúar gefa skattanefndum skýrslu um tekjur sínar»; samþykkt með 14 atkvæðum.

b, 13. grein frumvarpsins með áorðinni breytingu, samþykkt með 19 atkv.

15. 14. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 20 atkvæðum.

16. 15. grein:

a, Nefndin: að niðurlag greinarinnar: «15. dag nóvembermánaðar, og liggja þar til sýnis mánuðinn út» breytist þannig: «1. dag nóvembermánaðar, og liggja þar til sýnis til 15. dags þess mánaðar»; samþykkt með 17 atkvæðum.

b, 15. grein frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 19 atkvæðum.

17. 16. grein:

a, Nefndin: að fyrir: «1. dag desembermánaðar» komi: «15. dag nóvembermánaðar», og fyrir: «15. dags desembermánaðar« komi: «1. dags desembermánaðar»; samþykkt með 17 atkvæðum.

43*

b, 16. grein frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 19 atkvæðum.

18. Nefndin: að aptan við 16. grein komi ný grein (17. grein) þannig hljóðandi:

«Skattanefndirnar skulu senda sýslumanni eða bæjarfógeta skrárnar yfir gjaldskyldar tekjur í hrepp sínum eða kaupstaðnum, leiðrjettar eptir úrskurðum þeim, er felldir kunna að hafa verið samkvæmt 16. grein, og skulu þeir það gjört hafa fyrir nýár»; samþykkt með 20 atkvæðum.

19. 17. (18.) grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 19 atkvæðum.

20. 18. (19.) grein:

a, Nefndin: að orðin «úr sínum flokki» falli burt; samþykkt með 13 atkvæðum.

b, Nefndin: að aptan við fyrri lið greinarinnar bætist: «Hver sá, sem kjörgengur er í sýslunefnd, er skyldur að taka á móti kosningu í yfirskattanefnd, og hafa þau störf á hendi í 3 ár í senn. Eigi er hann skyldur að taka við endurkosningu fyr en jafnlangur tími er liðinn frá því, að starfstími hans var á enda»; samþykkt með 17 atkvæðum.

c, 18. grein frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt með 18 atkvæðum.

21. 19. (20.) grein:

a, Nefndin: að «janúarmanaðarloka» breytist í: «febrúarmánaðarloka»; samþykkt með 17 atkvæðum.

b, Nefndin: að aptan við 19. (20.) grein bætist: «en sýslumaður eða bæjarfógeti leiðrjettir tekjuskrárnar eptir úrskurðum yfirskattanefndarinnar, og semur síðan eptir þeim skrá yfir tekjuskatt þann, er greiða ber í sýslunni eða kaupstaðnum eptir lögum þessum»; samþykkt með 17 atkvæðum.

c, 19. (20). grein frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt með 19 atkvæðum.

22. Nefndin: Að fyrir aptan 19. (20.) gr. komi ný grein (21. gr.) þannig hljóðandi: «Þeir, sem sitja í yfirskattanefnd, skulu fá sömu þóknun fyrir störf sín, sem sýslunefndarmenn hafa samkvæmt tilsk. 4. dag maímánaðar 1872, 33. grein og greiðist sá kostnaður úr landssjóði»; samþykkt með 15 atkvæðum.

23. 20. (22.) grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 19 atkvæðum

24. 21. grein frumvarpsins óbreytt var fallin við atkvæðagreiðsluna á undan. (Nefndin: að 21. grein falli burtu).

25. 22. grein:

a, Arnljótur Ólafsson: að úr greininni falli burtu orðin: «og heimta sýslumenn og bæjarfógetar hann á manntalsþingum»; tekið aptur af uppástungumanni.

b, 22. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 15 atkvæðum.

26. 23. (24.) grein:

a. Nefndin: að síðari hluti fyrri liðsins: «sem um er rætt .... 1869», orðist þannig: «sem hin eldri manntalsbókargjöld höfðu að lögum;» samþykkt með 16 atkvæðum.

b, 23. grein frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 19 atkvæðum.

27. 24. (25.) grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 18 atkvæðum.

28. 25. (26.) grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 18 atkvæðum

29. Arnljótur Ólafsson: að á undan síðustu grein laganna komi ný grein þannig: «Skatta þá, er taldir eru í lögum þessum, skulu greiðendur lúka sýslumönnum og bæjarfógetum, annan helminginn fyrir lok nóvembermánaðar, en hinn fyrir útgöngu maímánaðar hvert fardagaár»; tekið aptur af uppástungumanni.

30. 26. (27.) grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 18 atkvæðum.

31. Arnljótur Ólafsson: Fyrirsögnin: «II. Um tekjuskatt af atvinnu» komi:
«IV. kapítuli.
Um atvinnuskatt»;
tekið aptur af uppástungumanni.
32. Fyrirsagnirnar samþykktar án atkvæðagreiðslu.
33. Að málið gengi til 3. umræðu, samþykkt með 19 atkvæðum.

Var frumvarpið nú þannig hljóðandi:

FRUMVARP

til laga um tekjuskatt.

I.

Um tekjuskatt af eign.

1. grein.

Af öllum árstekjum af jarðeign, hvort heldur eru landskuld, leigur af innstæðukúgildum, arður af hlunnindum eða annað, skal eigandinn, eða sá, sem hefur tekjurnar af jörðinni, greiða tekjuskatt, 1 krónu af hverjum 25 krónum, sem tekjurnar nema í peningum eða landaurum eptir verðlagsskrárverði á hverri landaurategund um sig. Frá árstekjunum skal dreginn umboðskostnaður, sem eigandi það ár hefur borgað, og leigur af þinglesnum veðskuldum í jörðu.

Nú býr eigandi sjálfur á jörðinni eða hefur afnot hennar, og skal þá jörðin metin til afgjalds af nefnd þeirri, sem skipuð verður samkvæmt 11. grein laga þessara.

2. grein.

Einn af hverjum tuttugu og fimm af árstekjum sínum skulu þeir og greiða, sem hafa tekjur af fje sínu, hvort heldur það er arður af skuldabrjefum eða hlutabrjefum, eða því um líku, eða það er lífeyrir, próventa eða leigur af útistandandi skuldum, og það jafnt, hvort brjef er fyrir skuldinni eða eigi. Hið sama er um arð af öðru lausafje, sem á leigu er sett.

3. grein.

Undanþegnir þessum tekjuskatti eru þeir, er árstekjur þeirra eptir 1. og 2. grein samanlagðar eigi nema 25 krónum. Tekjuupphæðin í krónum skal ávallt deilanleg með 25; það, sem þar er fram yfir, skal eigi koma til greina skattinum til hækkunar.

II.

Um tekjuskatt af atvinnu.

4. grein.

Af allri atvinnu skal greiða tekjuskatt þannig:

af hinum fyrstu 500 krónum, sem tekjurnar nema, skal engan skatt greiða;

af því, sem tekjurnar nema yfir 500 krónur og að 1000 kr. fullum, skal greiða hálfan af hundraði í tekjuskatt;

af því, sem tekjurnar nema yfir 1000 krónur og að 2000 kr. fullum, skal greiða 1 af hundraði í tekjuskatt;

af því, sem tekjurnar nema yfir 2000 kr. og að 3000 kr., skal greiða 1 ½ af hundraði.

af því, sem tekjurnar nema yfir 3000 krónur og að 4000 kr., 2 af hundraði,

og svo framvegis þannig, að skatturinn eykst um hálfan af hundraði á hverju þúsundi, sem tekjurnar hækka, allt að 4 af hundraði, sem greiðist af því, sem tekjurnar nema yfir 7000 krónur.

Tekjuupphæðin skal ávallt deilanleg með 50; það, sem þar er fram yfir, skal eigi koma til greina skattinum til hækkunar.

5. grein.

Sem tekjur af atvinnu, er skatt skal af greiða, teljast: tekjur af verzlun, sjóferðum, iðnaði, veitingasölu, handiðn og hverjum öðrum bjargræðisvegi; enn fremur tekjur af embættum og sýslunum, t. a. m. föst laun, aukatekjur, landaurar, eða hlunnindi, og af biðlaunum, eptirlaunum og þess konar styrktarfje, svo og tekjur af alls konar vinnu, andlegri eða líkamlegri.

Sá, sem fæst við landbúnað eða hefur sjávarútveg, skal eigi greiða skatt þennan af tekjum þeim, sem renna beinlínis til hans af bjargræðisvegum þessum.

III.

Almennar ákvarðanir.

6. grein.

Skatturinn skal á lagður eptir tekjum gjaldanda næsta ár á undan niðurjöfnuninni.

7. grein.

Af tekjunum skal greiða skatt, til hvers sem þeim svo er varið, hvort heldur maður hefur þær sjer og vandamönnum sínum til viðurværis og nauðsynja, nytsemdar eða munaðar, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, eða til þess að afla sjer fjár — þar með talinn lífeyrir eða lífsfje handa einhverjum eptir sinn dag, eða því um líkt — til gjafa, eða hvers annars, sem vera skal.

Frá öllum tekjum af atvinnu skal dreginn sá kostnaður, er varið hefur verið til að reka hana; með kostnaði þessum skal samt eigi telja það, sem maður hefur varið sjer og vandamönnum sínum til viðurværis og nauðsynja, enda þótt vandamenn þessir með vinnu sinni hafi hjálpað til að afla fjárins, nema því að eins að nokkur af þeim að staðaldri starfi að þeim verkum, sem laun eru goldin fyrir.

Frá tekjum af embættislaunum má telja skrifstofukostnað; svo má og færa til útgjalda eptirlaun og aðrar kvaðir, er á embættinu liggja. Endurgjald það, er sá, sem fjærverandi er frá heimili sínu í opinberar þarfir, fær í fæðispeninga og fyrir ferðakostnað, verður eigi talið með tekjum, er skatt skal greiða af.

Af þeim tekjum, sem fást á þann hátt, að maður eyðir höfuðstóli sínum eða tekur lán, skal eigi greiða skatt, en það verður eigi talið frá tekjum, sem haft er til þess að borga skuld.

8. grein.

Hver búsettur maður á Íslandi, sem tekjur hefur, þær er skattskyldar eru eptir undanfarandi greinum, skal greiða tekjuskatt, hvort heldur er karl eða kona, ungur eða gamall, og hverrar stjettar sem hann er. Undanþegnir þessum skatti eru börn, og þeir menn aðrir, sem eru á framfæri hjá öðrum og enga atvinnu hafa, ef árstekjur þeirra allar samanlagðar eru eigi 100 krónur. Hlutafjelög, verzlunarfjelög og önnur slík fjelög og stofnanir skulu talin sem sjerstæðir gjaldendur, en samt skal frá skattskyldum tekjum draga það, sem rennur til einstakra manna, sem búsettir eru á Íslandi.

9. grein.

Undanþegnir öllum tekjuskatti eru: landssjóðurinn og aðrir þeir sjóðir, sem fjárlögin ná til; kirkjur, að því er snertir portíónstekjur þeirra, öll sveitarfjelög, fjelög og sjóðir, sem stofnaðir eru til almennra þarfa, sparisjóðir, sem eigi eru eign einstakra manna.

10. grein.

Nú dvelur maður um stundarsakir í öðru landi, en bregður eigi heimili sínu á Íslandi, og skal hann þá gjalda skatt, eins og hann væri í landinu. Nú er maður eigi búsettur á Íslandi, en hefur tekjur af jarðeign eða atvinnu eða sýslu, sem þar er rekin, og skal hann þá greiða skatt af tekjum þessum, og til nefna fyrir hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta mann þar í sýslunni eða kaupstaðnum, sem greiði skattgjald hans.

Sömuleiðis skal sá, sem eigi hefur aðsetur á Íslandi, en hefur laun, eptirlaun, biðlaun eða styrk úr landssjóði Íslands, greiða skatt af þessum tekjum, og skal ráðgjafinn fyrir Ísland sjá um, að tekjuskattinum af þessu sje haldið aptur.

Landshöfðinginn sker úr því, hvort útlendir menn, er dvelja um stundarsakir á Íslandi, og ekki reka þar neina atvinnu, sjeu skattskyldir.

11. grein.

Skrár um tekjur þeirra, sem skatt eiga að greiða, skulu samdar af skattanefndum, sem til þess verða skipaðar, ein í hverjum hreppi og kaupstað.

Í skattanefnd hverri sitja 3 menn, í kaupstöðunum formaður bæjarstjórnarinnar eða bæjarfulltrúanna og 2 bæjarfulltrúar, er bæjarstjórnin til þess kýs, en í sveitum hrepp-

stjórinn, eða, þar sem fleiri eru hreppstjórar en einn, sá þeirra, er sýslumaður til þess nefnir, og 2 menn, sem hreppsnefndin kýs úr sínum flokki. Auk þess skal á sama hátt kjósa einn vara-nefndarmann, sem tekur sæti í nefndinni í forföllum einhvers af nefndarmönnum, og má hann vera utan hreppsnefndar, ef hreppsnefndarmenn eru eigi fleiri en þrír. Sá, sem kosinn er í skattanefnd, hefur þann starfa á hendi 3 ár í senn, en eigi er hann skyldur að taka aptur móti kosningu, fyr en að jafnlöngum tíma liðnum.

Formaður bæjarstjórnarinnar eða bæjarfulltrúanna í kaupstöðum og hreppstjórinn í sveitunum er formaður skattanefndarinnar. Í forföllum formannsins kýs skattanefndin sjálf formann til að stjórna fundunum um stundarsakir.

12. grein.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í þarfir hins opinbera, svo og stjórnendur stofnana og fjelaga, eru skyldir að láta skattanefndunum í tje allar þær skýrslur, er þær beiðast og með þurfa, svo sem skýrslur um embættislaun, um skuldabrjef og hlutabrjef, er eigandi er tilgreindur að, um þinglesnar veðskuldir og annað því um líkt. Tregðist einhver við að gefa slíka skýrslu, sker landshöfðingi úr, hvort hann er til þess skyldur eða eigi, og getur landshöfðingi lagt daglegar sektir við, ef eigi er hlýtt.

13. grein.

Á hreppastefnum á haustum og í kaupstöðum á fundi, sem haldinn skal í októbermánuði ár hvert, skulu hreppsbúar eða kaupstaðarbúar gefa skattanefndum skýrslu um tekjur sínar. Þyki skattanefndinni tortryggileg skýrsla einhvers, getur hún krafizt sannana og skírteina, er henni þykir þurfa, og ákveður síðan tekjupphæðina. Nú er einhver sá, er enga skýrslu gefur, og skal þá nefndin kveða á um tekjur hans eptir því, sem hún veit rjettast og sannast.

14. grein.

Þá er skattanefndin hefur kveðið á um tekjuupphæð hvers eins, skal hún semja skrá yfir alla þá, sem tekjuskatt eiga að greiða, og skal þar tilgreint fullt nafn og heimili gjaldanda, upphæð hverrar tekjugreinar um sig, hver kostnaður á liggi, er til afdráttar kemur eptir lögum þessum, og hvort gjaldandi hafi sjálfur skýrt frá tekjum sínum eða ekki.

15. grein.

Þá er skrár þessar eru fullgjörðar, skulu þær lagðar fram í hreppunum á stað, sem er hentugur hreppsbúum, og sem birtur hefur verið á kirkjufundi, og í kaupstöðunum í bæjarþingstofunni, eigi síðar en 1. dag nóvembermán., og liggja þar til sýnis til 15. dags þess mánaðar.

16. grein.

Nú er einhver óánægður með ákvörðun skattanefndarinnar um tekjur hans, og skal hann bera upp kæru sína brjeflega fyrir formanni skattanefndarinnar fyrir 15. dag nóvemberm., en hann skal kalla nefndarmenn til fundar ásamt kæranda, og skal úrskurður felldur um kæruna innan 1. dags desembermánaðar.

17. grein.

Skattanefndirnar skulu senda sýslumanni eða bæjarfógeta skrárnar yfir gjaldskyldar tekjur í hrepp sínum eða kaupstaðnum, leiðrjettar eptir úrskurðum þeim, er felldir kunna að hafa verið samkvæmt 16. grein, og skulu þeir það gjört hafa fyrir nýár.

18. grein.

Úrskurði skattanefndarinnar má skjóta til hlutaðeigandi yfirskattanefndar, og skal það gjört brjeflega til formanns hennar og ástæður færðar fyrir kærunni. Sje kæran eigi komin til formanns yfirskattanefndarinnar fyrir nýár, verður henni eigi sinnt.

19. grein.

Í hverri sýslu og kaupstað skal skipuð yfirskattanefnd. Í kaupstöðum skipar landshöfðingi menn í yfirskattanefndina eptir uppástungu hlutaðeigandi bæjarstjórnar, en í sveitum skulu í henni sitja sýslumaður, og er hann formaður, og 2 menn, er sýslu-

nefndin kýs. Á sama hátt skal og kjósa varanefndarmann, er tekur sæti í nefndinni í forföllum eins af nefndarmönnum.

Hver sá, sem kjörgengur er í sýslunefnd, er skyldur að taka á móti kosningu í yfirskattanefnd, og hafa þau störf á hendi í 3 ár í senn. Eigi er hann skyldur að taka við endurkosningu fyr en jafnlangur tími er liðinn frá því, að starfstími hans var á enda.

Eigi má sami maður sitja í skattanefnd og yfirskattanefnd.

20. grein.

Yfirskattanefndin sker úr öllum kærum yfir úrskurðum skattanefndanna í því umdæmi, sem hún er skipuð yfir, og skal hún hafa lagt úrskurð á þær innan febrúarmán. loka. Yfirskattanefndin skýrir tafarlaust bæði hlutaðeigandi skattanefnd og kæranda frá úrskurði sínum, og er því máli þar með ráðið til lykta. En sýslumaður eða bæjarfógeti leiðrjettir tekjuskrárnar eptir úrskurðum yfirskattanefndarinnar, og semur síðan eptir þeim skrá yfir tekjuskatt þann, er greiða ber í sýslunni eða kaupstaðnum eptir lögum þessum.

21. grein.

Þeir, sem sitja í yfirskattanefnd, skulu fá sömu þóknun fyrir störf sín, sem sýslunefndarmenn hafa samkvæmt tilsk. 4. dag maímánaðar 1872, 33. grein, og greiðist sá kostnaður úr landssjóði.

22. grein.

Nú er sá, er kærir yfir ákvörðun skattanefndar um tekjur hans, sjálfur í þeirri skattanefnd eða í yfirskattanefndinni, og skal varanefndarmaður þá taka sæti í nefndinni, er úrskurður er felldur um kæruna.

23. grein.

Skattinn skal greiða í peningum, og heimta sýslumenn og bæjarfógetar hann á manntalsþingum.

24. grein.

Fyrir tekjuskattinum má gjöra fjárnám hjá gjaldanda samkvæmt opnu brjefi 2. dag aprílmán. 1841, og hefur hann í tvö ár frá gjalddaga forgöngurjett þann, sem hin eldri manntalsbókargjöld höfðu að lögum.

Tekjuskattur af jarðeign skal um tveggja ára bil frá gjalddaga ganga fyrir öllum veðkröfum í hlutaðeigandi jörð.

25. grein.

Sá, sem móti betri vitund skýrir rangt frá tekjum sínum til skattanefndar eða yfirskattanefndar, skal greiða í landssjóð sekt, er sje fimmföld við gjald það, sem undan er dregið. Komist undandrátturinn eigi fyr upp en eptir lát skattgreiðanda, við skipti á búi hans, skal af búinu greiða tvöfalt gjald við það, sem undan var dregið.

26. grein.

Landshöfðinginn semur reglugjörðir fyrir skattanefndir og yfirskattanefndir, og fyrirmyndir fyrir skrám skattanefndanna.

Verði ágreiningur um skattskyldu sjóðs eða fjelags samkvæmt 9. grein, leggur landshöfðingi úrskurð á málið.

27. grein.

Skatt þann, sem ræðir um í lögum þessum, skal greiða í fyrsta sinn á manntalsþingum árið 1879.

XIII.

Breytingaratkvæði

við frumvarp til laga um tekjuskatt af eign og atvinnu, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri þingdeildinni.

Frá Þórarni Böðvarssyni, Stefáni Stephensen, Grími Thomsen, Þórði Þórðarsyni, Guðmundi Ólafssyni og Páli Pálssyni, þingmanni Skaptfellinga.

1. Fyrsta grein frumvarpsins falli burt og greinatalan breytist eptir því.
2. Til vara. Fyrir orðin í 1. grein: «1 kr. af hverjum 25 krónum» komi: «1 kr. af hverjum 50 krónum».
3. Enn til vara. Fyrir orðin í 1. grein: «1 kr. af hverjum 25 krónum» komi: «1½ kr. af hverjum 50 krónum».

4. Ef töluliður 3 verður samþykktur, þá komi í 3. grein: 50 fyrir 25.
5. Í 4. grein: í stað 500 komi: 1000 kr.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 31. fundi neðri þingdeildarinnar, 6. dag ágústmán., kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu *frumvarp til laga um tekjuskatt.*

Framsögumaður (*Halldór Kr. Friðriksson*) kvaðst ekki ætla að hafa langan formála í þetta skipti; hjer lægi að eins ein breytingaruppástunga fyrir, en hún væri í fjórum myndum. Hann skyldi ekki tala neitt um það, hvort það væri rjett eða ekki, að láta jarðeigendur sleppa við öll gjöld, en hann gæti vel trúað deildinni til að fallast á það, eptir því sem atkvæði hefðu fallið í frumvarpinu um ábúðar- og lausafjárskattinn, en hann skyldi að eins leyfa sjer að leiða athygli deildarinnar að því, hvaða samræmi mundi verða á öllu skattamálinu, ef hún nú samþykkti varauppástungurnar við 1. grein.

Páll prestur *Pálsson* lýsti því yfir, að þótt hann hefði skrifað undir breytingaratkvæðið, þá væri hann ekki samþykkur 1. lið breytingarinnar, og mundi því ekki gefa atkvæði með því, en varauppástungunum vildi hann fylgja fram.

Þórarinn Böðvarsson kvaðst ekki ætla sjer að bera á móti því, að hann væri samþykkur öllum breytingunum, sem hann hefði ritað nafn sitt undir; sín skoðun væri sú, að þingið ætti að fara varlega í tekjuskattinn, af því hann væri alveg nýr skattur, en mundi aldrei nema miklu. Undandráttur á peningum eða veðskuldum mundi verða mikill, en skatt af eign í fasteign mundu eigendur fasteigna, beinlínis eða óbeinlinis, láta lenda á ábúendunum, eins og reynslan hefði víða sýnt, hvað alþingistollinn snerti. En það, sem hann vildi einkum leggja áherzlu á, væri breytingin undir 5. tölulið, að lægsta upphæð, sem atvinnuskattur geiddist af, væri ákveðin 1000 kr. í stað 500 kr., sem nefndin hefði til tekið, því að hvort sem litið væri til iðnaðarmanna eða embættismanna, þá væru litlar líkur til, að þeir gætu lifað af 500 króna tekjum, og jafnvel ekki af 1000 króna tekjum, og væri því alveg ótækt að láta þá greiða skatt af svo litlu. Skattur þessi væri líka nýr, og þætti sjer mjög óráðlegt að setja hann háan, og alveg ótækt, að skattur greiðist af því, sem yfir er 500 kr., heldur yrði hann að álíta, að 1000 kr. væri það lægsta takmark, sem setja mætti. Það væri sjálfsagt, að þeir, sem skattinn greiddu, mundu fækka með því móti, en hann mundi aldrei nema miklu hvort eð væri.

Þá var gengið til atkvæða og fjellu þau þannig:

1) 1. breytingaruppástunga 6 þingmanna við 1. grein felld með 13 atkvæðum.
2) 2. breytingaruppástunga til vara frá sömu 6 þingmönnum felld með 11 atkvæðum gegn 5.
3) 3. breytingaruppástunga til vara felld með 10 atkvæðum gegn 6.
4) 4. breyting var við það fallin.
5) breytingaruppástunga hinna sömu 6 þingmanna við 4. grein felld með 11 atkvæðum gegn 4.
6) Frumvarpið í heild sinni óbreytt samþykkt með 16 atkvæðum.

Forseti gat þess, að frumvarpið nú yrði sent forseta efri deildarinnar.

FYRSTA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 31. fundi efri þingdeildarinnar, 8. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu *frumvarp til laga um tekjuskatt.*

6. konungkjörni lagði það til, að nefnd yrði kosin, og varð það niðurstaðan með 8 atkvæðum, að 5 menn voru kosnir í nefnd.

Fyrir kosningu urðu:

Bergur Thorberg með 9 atkv.
Eiríkur Kúld — 7 —

Ásgeir Einarsson með 6 atkv.
Árni Thorsteinson — 6 —
Magnús Stephensen — 5 —

Og var málið afhent Bergi Thorberg.

Í nefndinni var Bergur Thorberg kosinn formaður, Magnús Stephensen skrifari og Árni Thorsteinson framsögumaður.

NEFNDARÁLIT

í málinu: frumvarp til laga um tekjuskatt.

Efri deild alþingis hefur kosið oss í nefnd til þess að íhuga frumvarp þetta, og eptir að vjer höfum rætt það á nokkrum fundum, leyfum vjer oss að skýra frá áliti voru á þessa leið.

Skoðanir nefndarmanna, að því leyti tekjuskatt og lögleiðslu hans hjer á landi áhrærir, hafa eigi allar gengið í sömu átt, og mun það koma fram við umræður málsins í deildinni, og ef til vill við atkvæðagreiðslu. Allt fyrir þetta hefur nefndin þó orðið samhuga á því máli, að þar sem að mál þetta er komið í samband við hin önnur skattamál, og yfirgnæfandi ástæða er til þess, að þeim sje ráðið til lykta, svo framarlega sem það má verða á viðunandi hátt, þá sje það rjett og verði að álítast sem ætlunarverk nefndarinnar, á því stigi sem málið nú er, að gjöra það sem bezt úr garði að verða má.

Nefndin leyfir sjer þess vegna að fara fram á nokkrar breytingar á frumvarpi því, er hin neðri deild þingsins hefur samþykkt.

Hin fyrsta grundvallarregla fyrir tekjuskatti er sú, að hin minnsta árstekja, af hverri skatt á að greiða, má ekki vera mjög lítil. Hún verður að miðast við þá tekjuupphæð, sem álíta má að skattgreiðandi undir vanalegum kringumstæðum þurfi til þess að geta sjeð um framfæri sitt og sinna, og til þess óhindraður af gjaldinu að geta unnið fyrir sjer og sínum. Öll lífskjör manna eru að vísu svo misjöfn, að það er ekki hægt að finna áreiðanleg takmörk í þessu efni, en það telur nefndin fullvíst, að of nærri hag manna sje gengið, ef takmörkin eru sett við 500 kr. Sú skoðun hefur að vísu rutt sjer til rúms, að úr þessu megi bæta með því að hafa mjög lágan skatt af þeim öðrum 500 kr., er menn hafa í árstekjur eins og ákveðið er í frumvarpinu, og að skattgjald ½ af hundraði ekki muni draga neinn. En nefndin álítur, að með slíkri ákvörðun sje brotið á móti þeim aðalgrundvallarreglum, sem skatturinn verður að hvíla á, og að slíkt gjald sje að öllu samantöldu mikið harðara og ósanngjarnara, en í hinum efri stigum frumvarpsins. Þess verður og eigi heldur varizt, að þegar tekjuskatt á að færa niður á svo litlar tekjur með minnkaðri upphæð, hefði eins vel mátt ganga lengra niður og taka gjald af árstekjum undir 500 kr., t. a. m. með ¼ %.

Nefndin álítur það vera augljóst, að 500 kr. í framfæri fyrir allflesta er svo lítil fúlga og stofn til þess að geta tryggt tilveru og starfa, að það er harðrjetti að heimta nokkurt, jafnvel lítið skattgjald af slíkum árstekjum, enda hjá einhleypum mönnum, og því fremur af þeim, sem hafa fleiri en sjálfan sig á framfæri.

Af þessum ástæðum hefur nefndin fallizt á, að tekjuskatt ekki beri að heimta af minni upphæð en 1000 kr.

Eptir að grein er gjörð fyrir þessari aðalbreytingu, skulu teknar fram ástæður fyrir þeim öðrum breytingum, er nefndin vill gjöra láta.

2 grein.

Lífeyrir og próventa verður ekki talin sem arðberandi höfuðstóll, og á því að falla burt í þessari grein, sbr. breytingu við 5. gr. Orðin: «hlutabrjefum og því um líku» eru óljós, og á betur við að orða það: «öðrum arðberandi höfuðstól».

3.—4. grein.

Eptir hinum almennu ástæðum, sem taldar eru hjer að framan, er í 3. gr. 25 kr. breytt í 50, og í 4. gr. 500 kr. í 1000 kr.

5. grein.

Við þær tekjur, sem hjer eru taldar, má bæta lífeyri.

8. grein.

Frumvarpið telur einungis börn og þá,

sem eru á framfæri hjá öðrum og enga atvinnu hafa. Nefndin álítur, að þetta beri að gjörast nokkuð rýmra, svo að það nái einnig til þeirra, sem eru á framfæri annara eða sjálfs sín eða leita sjer menningar. Niðurlagi greinarinnar er gefin almennari stefna og ljósari.

19.—20. grein.

Breytingarnar miða til þess, að frumvarpið eigi betur við tilhögun á sveita-, sýslu- og bæjar-stjórn, og að framkvæmd skattanefndanna sje alstaðar samkvæm.

24. grein.

Hjer er gjörð orðabreyting, sem betur á við hina áformuðu tilhögun á skattalögunum.

Þannig verða:

Breytingaruppástungur nefndarinnar í málinu: frumvarp til laga um tekjuskatt:

Við 2. grein. Í stað orðanna: «því um líku« komi: «öðrum arðberandi höfuðstól«.

Orðin: »eða það er lífeyrir, próventa» falli burt.

Við 3. grein. Í staðinn fyrir orðin: «eigi nema 25 krónum» komi: «eigi nema 50 krónum».

Við 4. grein. Í staðinn fyrir: «Af hinum fyrstu 500 krónum» komi: «af hinum fyrstu 1000 krónum».

»Af því, sem tekjurnar — hálfan af hundraði í tekjuskatt» falli burt.

Við 5. grein. Eptir orðin: »og af biðlaunum» bætist inn í «lífeyri».

Við 8. grein. Greinin orðist þannig: «Hver búsettur maður á Íslandi, sem tekjur hefur, þær er skattskyldar eru eptir undanfarandi greinum, skal greiða tekjuskatt, hvort heldur er karl eða kona, ungur eða gamall, og hverrar stjettar sem hann er. Þeir, sem eru í foreldrahúsum eða á framfæri og enga atvinnu hafa, greiða að eins skatt af þeim tekjum, sem þeir hafa auk uppeldis hjá foreldrunum eða þess, sem útheimtist til framfæris þeim og menningar. Hlutafjelög, verzlunarfjelög og önnur slík fjelög og stofnanir skulu talin sem sjerstæðir gjaldendur að svo miklu leyti, sem arðurinn allur ekki rennur til einstakra manna, sem búsettir eru á Íslandi».

Við 19. grein. Í upphafi greinarinnar. Í staðinn fyrir «Í hverri sýslu» komi: «Í hverju sýslunefndarumdæmi».

Eptir orðin: »Hver sá, sem kjörgengur er í sýslunefnd» bætist: «eða bæjarstjórn».

Við 20. grein. Í stað orðanna: sýslumaður eða bæjarfógeti» komi: «formaður«.

Við 24. grein. Í stað orðanna: «hin eldri manntalsbókargjöld höfðu» komi: «skattgjöld til landssjóðs hafa«.

Alþingi 14. ágúst 1877.

Árni Thorsteinson, framsögumaður. Ásgeir Einarsson.

Bergur Thorberg, formaður. E. O. Kuld. Magnús Stephensen, skrifari.

Á 37. fundi efri þingdeildarinnar, 16. dag ágústmán., kom framhald 1. umræðu um *frumvarp til laga um tekjuskatt* með nefndaráliti.

Framsögumaður (*Árni Thorsteinson*) kvaðst vilja leggja það til, að þessu máli, og eins hinu næsta um húsaskattinn, væri umræðulaust vísað til 2. umræðu, þar eð eigi leyfðist að fara inn á einstök atriði málsins, með því að þetta væri framhald af 1. umræðu, og málið hefði áður verið rætt í heild sinni.

Fleiri tóku eigi til máls og var málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

ÖNNUR UMÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 39. fundi efri þingdeildarinnar, 18. ágústmán., kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til laga um tekjuskatt.*

Sighvatur Árnason vildi hreifa 2 atriðum, fyrst því, að í 1. grein þessa frumvarps og stjórnarfrumvarpsins væru komin inn orð, sem væru eigi í frumvarpi utanþingsnefndarinnar, og sjer þættu næsta athugaverð; það væru orðin: »eða sá, sem hefur tekjurnar af

jörðunni», og í ástæðum stjórnarfrumvarpsins 1. kafla væri það útskýrt þannig, að það væri »sá, sem hefur jörðina að ljeni». Þetta næði auðsjáanlega til presta og annara, sem hefðu ljensjarðir, og þær tekjur væru stundum svo miklar, sem næmi upphæð þeirri, er tekjuskattur af eign legðist á. Nú legðist einnig atvinnuskattur á þessa menn, ef laun þeirra næðu 1000 kr., og þá kæmi það fram, að þeir gyldu tvisvar af hinu sama. Þetta hefði enginn athugað, hvorki í þessari deild nje hinni, og það mundi þó eigi vera meining þingsins, að menn gyldu tvisvar af hinu sama, og hið sama mundi hafa vakað fyrir utanþingsnefndinni, því hjá henni stæði þetta ekki. Annað atriðið, er hann minntist á, snerti 3. grein. Þar sem upphæðin 25 kr. væri færð upp í 50 kr., þá mætti, er þessi grein væri borin saman við 1. grein, skilja 3. grein svo, sem til þess að ná hinu lægsta stigi þyrfti tekjur samanlagðar að ná 50 kr., en þar í móti ekki, ef þær næmu 25 kr. af einum tekjustofni, og væri þetta svo að skilja, gæti hann eigi aðhyllzt það, því hann ætlaði, að ein tekjugrein ætti að hafa sömu upphæð til að mynda hið neðsta gjaldstig eins og þó fleiri væru samanlagðar.

Framsögumaður sagði, að það liti í fyrsta áliti glæsilega út, að leggja skatt á tekjur manna, eins og hjer væri að gjöra um, og að hver maður greiddi skatt eptir tiltölu við tekjur sínar, en þegar til framkvæmdanna kæmi, þá færi nú af fegurðin. Þessi lög væru nú í byrjun sinni hjer á landi, en reynsla annara þjóða sýndi, að þess konar skattur gæti borið sig, enda þó hann væri eigi vinsæll og hefði valdið mikilli óánægju. Af því upphæð þessa skatts væri lág, í samanburði við aðrar skattlagagreinir, þá væri hann honum eigi alveg mótfallinn. Það varðaði mestu, að hin hæstu og lægstu takmörk væru hæfilega sett. Einkum væri athugavert, að hafa tökmörkin að neðan eigi of lág, er um atvinnuskatt væri að ræða, og eigi fyrir neðan upphæð þá, sem útheimtist til að fullnægja hinum brýnustu þörfum og skilyrðum fyrir því, að geta lifað og leitað sjer atvinnu. Eins væri athugavert um efri takmörkin, að auka eigi prósenturnar svo, að þær gleyptu arðinn, því hann hefði jafnan í för með sjer talsverðan tilkostnað og áhættu. Hæsta takmark gjaldstigans væri miðað við 7000 kr., og gæti það eigi haft neinar hættulegar afleiðingar, þó takmörkin væru sett svo hátt. Eu öðru máli væri að gegna um hin takmörkin, 500 kr. Það hefði nefndin álitið allt of lág takmörk, því slík atvinnuupphæð nægði naumast fyrir einhleypan mann, hvað þá fjölskyldumann, og hefði henni því komið saman um, að færa takmörkin upp í 1000 kr. Viðvíkjandi fasteign og öðrum rentuberandi höfuðstól leiddi hann athuga að breytingu nefndarinnar við 3. gr. Hún hefði að vísu kannazt við, að arður af fasteign væri nokkuð vissari en af öðrum tekjum, að öðru leyti væri hann ekki þyngri í vasanum en aðrar tekjur, en nefndin hefði þó álitið varhugavert, að hafa lægsta stigið mjög lágt, og því eigi viljað hafa það lægra af samanlögðu en 50 kr., og eigi hærri prósentur á fasteignartekjum en 4 af hundraði, með því hætt væri við, að þó skatturinn væri lagður á eiganda, mundi hann þó vilja velta honum yfir á ábúanda eða leiguliða, og væri því rjett breytingin við 3. gr. Svo væri og eitt atriði, sem stæði í náuu sambandi við þetta, það er að segja, ef skattur væri lagður á rentu, þá væri æskilegt, að lausu yrðu bönd á leiguburð af fje. Viðvíkjandi 2. gr. áleit hann, að það væri eigi rjett, að skoða lífeyri sem rentuberandi höfuðstól, heldur ætti hann heima í 2. kafla frumvarpsins. Um próventu væri eigi ljóst, hvort það væri próventu-þiggjandi eða gefandi, sem skatturinn ætti að leggjast á, og hefði nefndin því lagt til, að þessi ákvörðun væri af numin. Í 8. gr. væri talað um börn, og þá, sem væru á framfæri hjá öðrum og enga atvinnu hefðu, með eigi 100 kr. árstekjum, sem þá, er undanþegnir væru tekjuskatti. Þetta hefði nefndinni eigi þótt nógu nákvæmlega til tekið, með því fleiri gætu komið til greina í þessu efni, t. d. menn,

sem eigi væru á annara framfæri, og leituðu sjer menningar, og eyddu þannig litlum höfuðstól sínum og efnum.

Um breytingarnar við 19. og 20. gr. væri ekkert að segja; það lægi í augum uppi, að þar hefði vantað ákvörðun um kaupstaðina. Sama væri að segja um 24. grein.

Benidikt Kristjánsson taldi athugasemd þingmanns Rangæinga á rökum byggða, því það væri öldungis rjett, að prestar, sem hefðu megnið af tekjum sínum í afgjaldi kirkjujarða, borguðu tvisvar skatt af sama hlut, það er að segja, skatt af jarða-afgjöldunum sem tekjuskatt, og skatt, sem lagður væri á ábúendur kirkjujarða, er prestur yrði að greiða, er hann byggi sjálfur á slíkri jörð, en að öðrum kosti endurgjalda leiguliða eða taka til greina í leigumálanum. Líkt væri um ákvörðunina síðast í 2. gr.: «Hið sama er um arð af öðru lausafje, sem á leigu er sett». Þetta lausafje væri optast nær fríður peningur. Nú yrði eptir þessu frumvarpi lausakúgilda-eigandinn að borga eignartekjuskatt, og eptir ábúðarskattsfrumvarpinu ætti leigutakandi eða leigunauturinn að lúka skatt af fjenu, sbr. 3. gr. þessa frumvarps: «skal sá, er fram á að telja, greiða 1 alin á landsvísu», en lög ætluðust til, að sá, sem hefði leigufje undir höndum, skyldi telja það fram til tíundar. Benti hann því deildinni til lagfæringar í þessu efni, með því hún mundi eigi ætlast til, að tvöfaldur skattur skyldi lagður á nokkra eign. Allar þessar breytingar, sem fram væru komnar við frumvarpið, lytu að því, að gjöra skatt þennan vægari, þar sem nefndin hefði t. d. fært 25 kr. upp í 50 kr. í I. kafla. Þessu setti hann sig eigi beint á móti, en áleit þó, er það væri borið saman við ábúðarskattinn, eða lausafjár, er legðist á fyrstu 60 al., og væri nú sem stæði ætlazt til, að $^1/_2$ al. legðist á $^1/_2$ hndr., að eigi væri neitt á móti því að hafa lægsta stigið minna, sem skatt skyldi af greiða, en 50 kr. Lausafjárskattur væri lagður á 60 áln. höfuðstól, sem væri margfalt minni en rentu-höfuðstóll, er gæfi 50 kr., og þó ætti sú eign öll, er minna næmi, að vera undanþegin tekjuskatti, og væri þetta eigi jöfnuður. Sama væri um atvinnuskattinn, þótt það væri hæpið að ákveða atvinnu manns með vissu, og um tekjuskatt af embættislaunum, þótt svo mætti virðast, að það væri sama sem að taka aptur það, sem veitt hefði verið.

Stefán Eiríksson taldi breytingar nefndarinnar yfir höfuð góðar. Var hann eigi á því, sem þingmenn Rangæinga og Þingeyinga hefðu tekið fram, þar 1. kafli frumvarpsins næði ekki til presta, nema því að eins að þeir væru jarðeigandi. Honum þótti og rjettast, að eignartekjustigið hefði verið fært upp í 100 kr., eins og hjá utanþingsnefndinni, því það væri þá meira samhljóða ákvörðun 4. gr. um 1000 kr. stigin. Einnig ætti vel við breytingin við 19. gr., t. d. í Skaptafellssýslu, þar sem tvö sýslufjelög yrðu.

Eiríkur Kúld kvað sjer hafa skilizt svo, sem þingmaður Þingeyinga hefði viljað halda 500 kr. stiginu í 4. gr. En hann vildi minna hann á, að atvinnuskatturinn legðist á fleiri en presta eða embættismenn; hann legðist og á aðra, t. d. handiðnamenn, sem margir væru eigi aflögufærir með 500 kr., er þeir ættu af að taka framfæriseyri fyrir sig og sína. Væri því alveg rjett að færa stigið upp í 1000 kr. Hann hefði og talað um halla þann, er prestar liðu eptir 1. gr., og að þeir yrðu að borga tvisvar skatt, en það væri eigi rjett, því þótt prestar hefðu kirkjujarðir í umsjón, væru þær eigi þeirra eign, og greiddu þeir þannig eigi eignar-, heldur atvinnuskatt. Skattur af eign væri tvöfaldur, að því leyti sem ábúðarskattur bættist við.

Magnús Stephensen sagði, að það væri rjett athugað, sem þingmaður Rangæinga hefði tekið fram um viðbótina í 1. gr.: «eða sá, sem hefur tekjurnar af jörðinni», því þessi viðbót kæmi í bága við grundvallarreglu þá, sem undanþingsnefndin hefði byggt á greinarmuninn milli atvinnu og eignar. Hún hefði gengið út frá því, að eignin hefði meira gjaldþol en arður af atvinnu. Eptir þessari

viðbót ætti, eins og tekið hefði verið fram, t. d. prestar, sem hefðu tekjur af ábúð eða tekjur af jörðum, eigi að greiða atvinnuskatt, heldur eignarskatt, og væri það eigi rjett. Mundi nefndin því vilja koma sjer saman við þingmann Rangæinga um að fella þessa ákvörðun burt. Því, sem þingmaður Þingeyinga hefði fundið athugavert í endanum á 2. gr., fyndi hann eigi ástæðu til að breyta, því að þó að þeir, sem hefðu fje á leigu, ættu að greiða skatt af því eptir tíundarframtölu, þá ætti þó eigandi fjárins eigi að sleppa við að greiða af því eignarskatt, því hjer stæði líkt á, og þegar ábúandi greiddi ábúðarskatt af jörðu og eigandinn tekjuskatt, enda gæti hann eigi sjeð, að menn ættu að gjöra mun á jarðeign og lausafjáreign í þessu tilliti.

Ásgeir Einarsson kvaðst eigi hafa neitt á móti því, að þetta væri öðruvísi orðað, til þess að fyrir byggja misskilning, enda þó hann gæti eigi skilið svo orðin í 1. gr.: «eða sá, sem hefur tekjur af jörðinni», sem þau snertu fasteign, er maður hefði að ljeni á sama hátt og t. d. prestur hefði kirkjujarðir.

Sighvatur Árnason benti á 1. kafla í ástæðum stjórnarfrumvarpsins, er hann bað menn að athuga, nefnilega: «Með því það eigi að eins er jarðeigandinn, sem á að gjalda tekjuskjatt þann, sem hjer ræðir um, heldur einnig sá, sem hefur jörðina að ljeni, hefur stjórnarráðið bætt í 1. gr. á eptir orðinu «eigandinn», «eða sá, sem hefur tekjurnar af jörðinni», sem ástæðu fyrir því, að þessi ákvörðun 1. gr., er hjer ræddi um, gæti eigi skilizt öðruvísi en svo, að prestar til dæmis ættu að greiða tekjuskatt af jörðum þeim, er þeir hefðu að ljeni og hefðu afgjöld af, og þegar nú kemur til atvinnuskattur af embættistekjum þeirra, sem gjöldin eru metin upp í, þá verða þeir undir tvöföldum tolli af því sama. Stigið í 4. gr. væri hæfilega sett hjá nefndinni, en of lágt í frumvarpinu, því það væri varasamt að leggja skatt á litla atvinnu, og vandasamt að finna út jafnlitla upphæð í reikulli og óvissri atvinnu; öðru máli væri að gegna um embættislaun, sem menn gætu æfinlega þekkt hverju næmu, en þó væri eigi ástæða til að hafa stigið þar lægra en 1000 kr., með því það væru eigi aflögufær laun einar 500 kr., ef ekki væri annað við að styðjast, helzt ef það væri eigi einhleypur maður, sem hlut ætti að máli.

Jón Hjaltalín taldi skatt þennan óbærilegan, og hann leiddi til siðaspillingar og lítils annars. Væri hann mjög sjaldgæfur í öðrum löndum, en þar sem hann væri, væri hann allt að því helmingi lægri, en hjer væri farið fram á. Það væri undarlegt að veita mönnum laun til þess að taka aptur. Honum lægi við að segja, að allar greinir frumvarpsins væru jafnmissmíðaðar. Rjettara væri að bíða með þennan skatt, en leggja fyrst toll á ýmsar innfluttar og útfluttar vörur, og ef þá vantaði til, þá væri fyrst kominn tími til að bera þetta mál upp. Það væri enginn vafi á því, að hollara mundi að leggja á óbeina skatta, heldur en beina eða fasta. Þannig mætti allt eins vel tolla malað kaffi eins og tóbak, og það væri nær en tekjuskattur, sem ætti að saltast að minnsta kosti til næsta þings, og mundi hann eigi greiða atkvæði með neinu í þessu frumvarpi, sem hann vonaði að deildin mundi eigi verða lengi að hugsa sig um að fleygja.

Eiríkur Kúld taldi það mjög leiðinlegt fyrir deildina, að missa atkvæði 4. konungkjörna í þessu máli. Hann væri að barma sjer yfir því, að hjer væri farið fram á, að taka það aptur, sem veitt væri í embættislaun. En slíkt væri þó eigi einsdæmi, og vísaði hann til Danmerkurlaga um «Indkomstskat». Þetta væri að vísu eins konar neyðarúrræði, en hann sæi eigi, hví menn skyldu skorast undan bróðurlegri sanngirnisbyrði sem þessari, sem þar að auki legðist eigi eingöngu á embættismenn, heldur og á jarðeigendur og handiðnamenn. Ætlaði hann, að 4. konungkjörni, sem væri svo annt um sóma sinn, mundi fúslega, er til kæmi, vilja takast þessa byrði á herðar. Sami þingmaður hefði talið það nær, nú sem optar, að tolla malað kaffi og spritt, og það væri

að vísu rjett, en þá mundi þurfa að koma á sterkri tollgæzlu, og mundi þá fara að skerðast tolltekjurnar og allt bera að sama brunninum. Útflutningstollur, sem hann hefði farið fram á, yrði verstur landinu sjálfu, því hann hlyti að leiða eigi til atvinnuefling-ar, heldur til atvinnuhnekkis. Því það sem tollar hækkuðu, mundi landið eða landsmenn borga.

Jón Pjetursson kvaðst hafa látið þá skoðun sína í ljósi, er rætt var um ábúðar-skattinn, að fastir skattar ættu að vera sem minnstir, og eigi auka þá fyr en brýna nauðsyn bæri til, og eigi yrði hjá því komizt. Væri það ísjárvert, að veikja krapta þá, sem velmegun landsins væri byggð á, sem sje dugnaðinn og gróðastofn landsins. Tollarnir væru langtum betri en föstu skattarnir, því þeir lentu mest á hinum ríkari og embættis-mönnum, sem tækju meira en fátæklingar, sem eigi væru aflögufærir, af hinni svo-nefndu munaðarvöru, og borguðu þannig meira í landssjóð en hinir fátækari. Enn fremur hefði hann getið þess út af ábúðar-skattinum, að eigi væri hentugur tími til að fara nú að hækka fasta skatta. Menn væru nú farnir að flykkjast til Ameríku, og mundu brottflutningsstjórar beita því sem vopni til að eggja menn brottfarar, að hjer væri eigi lengur vært fyrir sakir kúgunar, sem færi sí-vaxandi. Enn fremur væri þess að gæta, að landssjóðurinn þyrfti ekki skatthækkunar á næsta fjárhagsbili. Það væri og margt, sem mætti og ætti að leggja óbeinan skatt eða toll á. En fyrst nú álnarskatturinn hefði verið samþykktur, og hann væri nokkru minni en manntalsbókargjöldin gömlu, þá væri eigi frágangssök að fylla skarðið með því að leggja skatt á fasteign, einkum þar sem af henni hefði verið ljett bæði alþingis-tollinum og konungstíundinni. Í 2. gr. væru taldar leigur af útistandandi skuldum, en það gæti naumast staðizt, nema því að eins, að skuldir mætti draga frá. Nú ætti t. d. einhver maður 600 kr. útistandandi, en annar ætti hjá honum 600 kr., þá ætti hann í raun og veru ekkert til góða, en yrði þó að greiða tekjuskatt af þeim 600 kr., sem hann ætti í láni; það er að segja, hann ætti að greiða tekjuskatt af engu. Til þess nú að sleppa hjá þessum ójöfnuði, lægi ekki annað beinna við, en að hann færi til skuldu-nautar síns og krefði hann skuldarinnar til að geta borgað skuldaheimtumanni sínum, og þannig losast við skattinn. Þetta gæti þannig og hlyti að verða til þess að spilla lánstrausti manna á milli.

Þess vegna ætti sem sagt að taka á-kvörðun upp í 2. grein þess efnis, að skuldir skyldi draga frá. Úr því í 3. grein hefði verið breytt um lægsta skattstigið, þá hefði verið rjett að breyta líka 1. og 2. gr. þannig, að skatturinn væri þar látinn vera 4 af 100; þar með væri að eins ákveðið hlutfallið, er ætti að vera millum skattsins og tekjanna, en í frumvarpinu kæmi nú 1. og 2. grein í mótsögn við 3. grein, þar sem 1. og 2. grein miðaði skattinn við 1 af 25, og þó ætti hann, samanlagður, eptir 3. grein, að vera af eigi minna en 50 krónum. Tekjuskatturinn af atvinnu væri að vísu lágur, en hann ætti ekki við. Menn væru opt að tala um tíundarsvik, en þó mundi eigi batna, þegar handiðnamenn ættu að fara að telja fram atvinnuarð sinn, því meðal annars mundi þeim opt verða það ókleyft, og þótt þeir hefðu bezta vilja. En úr því tekjuskattur væri álagður, mætti eins leggja hann á tekjur hvað litlar sem þær væru, eða hví ættu þær að vera yfir 1000 kr.? eða sleppa fyrstu 1000 krónunum skattfríum? sjálfsagt af því menn ímynduðu sjer, að enginn gæti lifað af minna. 500 króna stigið hefði líka gjört ráð fyrir því, að af þeim atvinnuarði mætti lifa, og það væri annars engin ástæða til að undan þiggja 500 kr. arðinn, sem einhleypur maður gæti betur lifað á, en fjölskyldu-maður á 1000 kr. Enn fremur tæki 7. grein sig mjög illa út; eptir henni ætti maður að greiða skatt af þeim tekjum, sem maður hefði sjer og vandamönnum sínum til viðurværis og nauðsynja. Það væri hart aðgöngu og óeðlilegt, að leggja skatt

á það fje, er eigi nægði einu sinni til þess, að menn með því gætu bætt úr nauðsynjum sínum og aflað sjer viðurværis. Svo stæði enn fremur: «enda þótt vandamenn þessir með vinnu sinni hafi hjálpað til að afla fjárins». Nú gæti staðið svo á, að t. d. kaupmaður ljeti son sinn hjálpa sjer við búðarstörf að sumarlaginu, en þyrfti hans ekki að vetrinum, og mætti hann þá eigi reikna þann tilkostnað til afdráttar frá atvinnuarði sínum, en ef hann hefði vandalausan mann til að hjálpa sjer að sumrinu, þá mætti hann draga tilkostnaðinn frá, eptir ákvörðuninni í byrjun þessarar málsgreinar.

Enn fremur væri 25. grein óviðfelldin, og meira að segja ranglát, þar sem lagt væri á dánarbú tvöfalt gjald við það, sem undan væri dregið. Þetta væri að láta straff koma niður á börnum eða erfingjum hins dána, þó þau hefðu ekkert gjört. Búið ætti að eins að borga það, sem sannað yrði að undan hefði verið dregið, og alls ekki frekara.

Benidikt Kristjánsson kvaðst ímynda sjer, að þessir miklu tollar mundu varla verða vinsælli heldur en lítill skattur, og þar að auki þyrfti að setja tollstjórn, eins og varaforseti hefði minnzt á, og hún hlyti að auka mikinn kostnað, því ekki mundi allt af tjá að leggja hinar afar-háu sektir við tollsvikum, sem gjört hefði verið að undanförnu. Þótt tollur yrði t. a. m. lagður á export-kaffi, mundi lítið muna um slíkt, en ef svo skyldi gjöra, mundi eigi heppilegt að prjedika það, hvað í því væri, því að slíkt miðaði þó heldur til að fæla menn frá að kaupa það, og mundi það þá eigi auka mikið tekjurnar, svo betra mundi að hafa nokkra beinlínis skatta með fram. Við síðasta hlut 5. gr. þætti sjer athugavert, að þeir skyldu vera undanþegnir skatti þessum, sem hefðu sjávarútveg, því að hann væri mönnum hjer á landi sumstaðar einhver hin mesta auðsuppspretta, og eflaust meiri en iðnaður og landbúnaðurinn, sem yrði að bera bæði lausafjárskatt og ábúðarskatt og væri því rjettilega undanþeginn þessum skatti. Sjávarútvegurinn hefði nú eigi annan skatt að bera, en þann sem lagður væri á skipin og væri mjög lítill (*Varaforseti* sagði: og spítalagjaldið) já, og spítalagjaldið, sem varla mundi eiga sjer langan aldur úr þessu.

Torfi Einarsson kvað ræður þingmanna nú mega vera til gleði fyrir sig, en hefðu þó fremur verið það, ef þær hefðu komið fram við umræðurnar um ábúðarskattinn, því að sjer fyndust þessar ræður hafa betur átt þar heima. Það kvað hann sjer þykja undarlegt að ganga svo nærri lausafjenu, að leggja skatt á það jafnskjótt sem það næði 60 álnum, en aptur skyldi eigi greiða skatt af hreinum tekjum, nema þær næmu 50 kr.; að einskorða skattinn við 50 kr., þætti sjer og ísjárvert, því að af því leiddi, að t. a. m. jörð, sem væri um 8—10 hndr. að dýrleika og væri leigð fyrir 48—49 kr. í einhverri sýslu, slyppi undan skatti þessum, en jafndýr jörð og jafngóð í annari sýslu, sem leigð væri fyrir 50 kr., lenti aptur í skatti, og mundi hver maður sjá, hver ósanngirni og ósamkvæmni væri í þessu fólgin; þetta yrði alveg eins og landsskatturinn hefði verið til forna. Hvað atvinnuskattinn snerti, litist sjer næsta flókið, hvernig honum ætti að framfylgja, og sjer sýndist meira að segja ómögulegt að ná honum svo að rjett væri. Yfir höfuð fyndist sjer svo mikil ósamkvæmni orðin í skattalögunum, að hann gæti alls eigi gefið þeim atkvæði sitt. Þar sem þingmaður Þingeyinga hefði talað um sjávarútveginn, að hann hefði svo lítil gjöld að bera, en væri þó einhver hin bezta auðsuppspretta hjer á landi, þá vildi hann að eins kannast við, að hann væri góð auðsuppspretta, sem einstakir menn hefðu opt orðið stórríkir af, en hann vildi aptur minna þingmanninn á það, að hann væri einhver sú hvikulasta og óáreiðanlegasta auðsuppspretta, sem og sæist á því, að hvergi væri meiri eymd að finna en í sjóplássum, nema hjá þeim, sem dræpu úr hor annaðhvort vor. Hvað skattinn á þessum gjaldstofni snerti, þætti sjer spítalagjaldið nóg,

þegar skattinum af skipum væri við bætt, sem ekki væri þó svo lágur af þilskipunum, einmitt þeim skipum, sem mest áhætta væri að koma sjer upp, og sem margan hefði að vísu gjört ríkan, en marga líka öreiga. Menn hleyptu sjer sumir í stórskuldir, til að koma skipinu upp, og ættu, ef til vildi, ekkert í því, en yrðu þó að greiða skatt af því, og svo borgaði skipið sig ekki. Enn fremur þætti sjer það galli á þessum skattalögum, sem hjer hefði verið tekið fram, að prestarnir kæmu til að borga tvöfaldan skatt af sumum tekjum sínum, þó tvöfaldur skattur væri ekkert eindæmi í þessum lögum, ef þau kæmust í gildi.

Jón Hjaltalín kvað varaforseta hafa misskilið sig, að hann ætti við tekjuskattinn að því einu leyti, sem embættismenn snerti; sín meining væri, að tekjuskatturinn yfir höfuð, á hvern sem hann væri lagður, væri alveg óhæfur. Það hefði enginn maður kvartað undan tollum þeim, sem hingað til hefðu verið á lagðir, og mundu eigi gjöra, þótt þeir væru hækkaðir eða auknir og settir á klúta og kram annað, sem beinlínis væri til niðurdreps. Hann kvaðst og vilja spyrja, hver ætti að meta tekjur manna og hvernig þær ættu að metast? Sjer þætti gaman að vita, hvernig ætti að meta tekjur kaupmanna t. a. m. og hvað rjett þeir segðu til þeirra. Tilsögnin til þeirra hlyti að fara eins og með tíundina, og þessi lög leiddu því beinlínis til þess að skemma siðferði manna, og það væri þó fallegt að sitja til þess starfa á þingi.

Jón Pjetursson kvað sjer sýnast svo, sem vinnumenn, er hefðu 100 kr. í kaup og frítt viðurværi og annað, mundu eptir frumvarpi þessu lenda í atvinnuskatti, því að viðurværið með þjónustu, húsnæði og öðru, er til lífs nauðsynja heyrði, og svo kaupinu, mundi fara langt með að ná 500 krónum. Hvað tekjuskatt af launum embættismanna snerti, þætti sjer miklu rjettara, að taka fyrir launalögin og breyta þeim, því að þessi aðferð væri sama og að segja, að embættismennirnir hefðu fengið of mikil laun og yrðu að skila nokkru aptur. Nú væri mönnum einnig kunnugt, að embættismenn yrðu að leggja svo og svo mikið í ekkjukassann, eptir því sem laun þeirra væru há; en eptir þessu frumvarpi kæmi á þá tekjuskatturinn, sem rýrði launin töluvert. Hann vissi nú ekki, hvort draga skyldi skattinn frá launanum áður en metið væri, hve mikið embættismaðurinn skyldi leggja í ekkjukassann, og miða svo þá tillögu við það, sem eptir stæði. Hann kvaðst enn verða að taka það fram, að þessi tekjuskattur væri mjög óheppilegur, hvað embættismannalaunin snerti; það væri farið eins með embættismennina með því að leggja hann á, eins og húsbóndi drægi nokkuð af kaupi því, er hann hefði lofað vinnumanni sínum, af því að hann hefði látið hann hafa þjónustu eða annað því um líkt. Það mætti og sjá óvinsæld skatts þessa á því, að hann væri fyrir löngu upphafinn í Danmörku, af því að hann hefði þótt þar óhafandi.

Forseti kvaðst þá álíta umræðunum lokið, og tóku þingmenn undir með því; var þá gengið til atkvæða um einstakar greinir frumvarpsins, og fjellu þau þannig:

1. gr. samþykkt með 8 atkvæðum.

Breyting nefndarinnar við 2. gr. samþykkt með 8 atkvæðum.

2. gr. með áorðinni breytingu samþykkt með 8 atkvæðum.

Breyting nefndarinnar við 3. gr. samþykkt með 6 atkvæðum gegn 4.

3. gr. með áorðinni breytingu samþykkt með 6 atkvæðum gegn 1.

Breytingar nefndarinnar við 4. gr. voru samþykktar hvor með 7 atkvæðum, og 4. gr. með þeim breytingum samþykkt með 8 atkvæðum.

Breyting nefndarinnar við 5. gr. var samþykkt með 8 atkvæðum, og greinin þannig breytt með 9 atkvæðum.

6. gr. var samþykkt með 9 atkvæðum.

7. gr. var samþykkt með 8 atkvæðum.

8. greinin var samþykkt eins og nefndin hafði stungið upp á henni með 9 atkvæðum, og fjell þannig 8. gr. frumvarpsins.

9. og 10. gr. voru samþykktar, hvor með 9 atkvæðum.

11., 12., 13., 14., 15., 16., 17. og 18. gr. voru samþykktar, hver með 8 atkvæðum.

Breytingar nefndarinnar við 19. gr. voru samþykktar, hvor um sig með 8 atkvæðum, og greinin með þeim breytingum samþykkt með 8 atkv.

Breytingar nefndarinnar við 20. grein voru samþykktar með 8 atkvæðum, og á sama hátt 20. greinin þannig breytt.

21., 22. og 23. voru samþykktar hver um sig með 8 atkv., og með sama atkvæðafjölda voru samþykktar breytingar nefndarinnar við 24. grein, og 24. greinin þannig breytt.

25. greinin var samþykkt með 7 atkvæðum.

26. og 27. greinin samþykktar, hvor með 8 atkvæðum.

Frumvarpið sjálft var samþykkt með 8 atkvæðum, og því vísað til 3. umræðu með 8 atkvæðum.

BREYTINGARUPPÁSTUNGA
við frumvarp til laga um tekjuskatt, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri þingdeildinni.

Frá nefndinni og Sighvati Árnasyni.

Að í 1. grein orðin: »eða sá, sem hefur tekjurnar af jörðinni» falli burt.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 40. fundi efri þingdeildarinnar, 20. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu *frumvarp til laga um tekjuskatt.*

Enginn tók til máls, og bar þá forseti undir atkvæði breytingaratkvæði það, er fram var komið í málinu, og var það samþykkt með 10 atkvæðum, og frumvarpið í heild sinni samþykkt með 9 atkvæðum, og kvað forseti það þá afgreitt mundu aptur til neðri deildarinnar.

Á 50. fundi neðri þingdeildarinnar, 21. dag ágústmánaðar, var lagt fram *frumvarp til laga um tekjuskatt,* eins og það hafði verið samþykkt í efri þingdeildinni, og er því hafði verið útbýtt meðal þingdeildarmanna, skoraði forseti á nefndina í skattamálinu að láta uppi álit sitt um það.

NEFNDARÁLIT
um frumvarp til laga um tekjuskatt.

Efri deild alþingis hefur í nokkrum atriðum breytt ákvörðunum frumvarps þessa frá því, sem þær voru samþykktar við 3. umræðu málsins í neðri deildinni, einkum í því: 1, er hún í 3. greininni hefur ákveðið, að eigi skyldi tekjuskatt greiða af minni árstekjum en 50 krónum, þar sem frumvarp neðri deildarinnar hafði bundið undanþáguna að eins við 25 kr.; 2, er hún í 4. greininni hefur undan þegið öllum skatti allar atvinnu-tekjur, sem eigi nema 1000 krónum, þar sem neðri deildin hafði að eins undanþegið hinar fyrstu 500 kr., sem tekjurnar næmu; 3, í miðlið 8. greinar, þar sem neðri deildin hafði til tekið, hversu mikið mætti vera laust við skatt af þeim tekjum, sem þeir hafa, sem lifa í foreldrahúsum eða á framfæri og enga atvinnu hafa, en efri deildin vill undan þiggja skatti allt það fje, sem slíkir menn þurfa sjer til framfæris og menningar.

Nefndin verður að játa, að það má telja ýmislegt bæði með og mót breytingum þessum, en hún sjer alls eigi nægar ástæður til, að halda fast fram hinum fyrri ákvörðunum um þessi atriði, og því síður öðrum smábreytingum, sem efri deildin hefur gjört á frumvarpinu, og sem flestar eru að eins orðabreytingar, eða til bóta einna, og vill því ráða hinni heiðruðu deild til, að samþykkja frumvarp þetta óbreytt.

Reykjavík, 21. dag ágústmán. 1877.

Jón Sigurðsson, skrifari. Halldór Kr. Friðriksson, formaður og framsögumaður.
Guðmundur Einarsson.
Þorlákur Guðmundsson.
Einar Ásmundsson. Einar Guðmundsson.
Hjálmur Pjetursson.

EIN UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 53. fundi neðri deildarinnar, 23. dag ágústmánaðar, kl. 6½ e. m., kom samkvæmt dagskránni til einnar umræðu *frumvarp til laga um tekjuskatt.*

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson) kvaðst eigi skyldu verða langorður um mál þetta; kvað hann deildina hafa sjeð breytingar þær, er efri deildin hefði gjört við frumvarpið, og með því að engin breyting hefði komið fram við frumvarpið, eins og það hefði komið frá efri deildinni, hvorki af hálfu nefndarinnar nje annara þingmanna, þá væri nú eigi um annað að ræða, en annaðhvort að taka frumvarpið, eins og það nú lægi fyrir, eða að fella það gjörsamlega. Hann kvað 2 aðalbreytingar hafa gjörðar verið í efri deildinni á frumvarpinu; í fyrsta lagi, að lægsta takmark eignarskattsins væri 50 kr., og lægsta takmark atvinnuskattsins 1000 kr., þar sem neðri deildin hefði sett takmörkin 25 kr. og 500 kr. Þriðja breytingin væri í 8. gr.; neðri deildin hefði undan þegið skatti 100 kr. hjá þeim mönnum, er hafa framfæri hjá öðrum, en efri deildin hefði undan þegið allan framfærslueyri þessara manna skatti. Þessar væru aðalbreytingarnar, en þær væru ekki svo mikils virði, að nefndin hefði viljað gjöra kappsmál úr þeim. Aðrar efnisbreytingar væru engar; úr 1. gr. hefði efri deildin sleppt úr orðunum «tekjur af jörð», og væri sú breyting fremur til bóta. Í 2. gr. væri orðabreyting, þar sem efri deildin hefði dregið út orðin «lífeyrir» og «biðlaun» og sett þau í 5. gr., þar eð það væru atvinnutekjur, sem fjellu burt við lát þess, sem nýtur þeirra. Í 19. gr. hefði orðið «sýslunefndarumdæmi» verið sett fyrir «sýslunefnd» og væri það eðlilegra eptir þá breytingu, sem orðin væri á Skaptafellssýslu og Þingeyjarsýslu. Annað hefði hann ekki að segja um þetta frumvarp; deildin gæti sjálf skorið úr, hvort hún vildi fella málið alveg, eða þá samþykkja frumvarpið óbreytt.

Guðmundur Einarsson sagði, að orðið «hreppsbúar» í 19. gr. sveitarstjórnarlaganna sem ýms þýðing hefði verið lögð í, gæfi sjer tilefni til að taka það fram, að hann skildi orðið «búsettur» í 8. gr. frumvarpsins um tekjuskatt þannig, að með því ætti að skilja hvern þann mann, er hefði fast heimili hjer á landi, þótt hann hefði ekki bús-umráð. Í 19. gr. sveitarstjórnarlaganna hefði orðið «hreppsbúi» verið að sínu áliti misskilið svo, að það væri sama sem búandi maður í hreppnum. Eins gæti þetta orð «búsettur» í 8. gr. orðið misskilið svo, að það væri einungis, hver búandi maður, en ekki hver heimilisfastur maður á Íslandi, og til þess að koma í veg fyrir þennan misskilning, vildi hann leyfa sjer að skora á fleiri þingmenn að láta meiningu sína í ljósi um það.

Framsögumaður kvað það satt vera, að orðið »búsettur« gæti misskilizt, ef ekki kæmi á eptir þessu orði: «hvort heldur er karl eða kona, ungur eða gamall, og hverrar stjettar sem hann er»; þessi orð «hverrar stjettar sem hann er» tækju af allan efa, því að þau bentu á, að talað væri um alla menn, sem hefðu fast heimili. Þar að auki gætu ef til vildi misskilizt orðin í 11. gr.: «Sá, sem kosinn er í skattanefnd, hefur þann starfa á hendi 3 ár í senn, en eigi er hann skyldur að taka aptur móti kosning, fyr en að jafnlöngum tíma liðnum». En nú gæti svo staðið á, að tími hans að vera í hreppsnefnd væri liðinn, áður en þau 3 ár væru liðin, sem hann hefði átt að vera í skattanefnd, og virtist þá sjálfsagt, að kjósa annan í hans stað til þess tíma, sem eptir hefði verið af hinum 3 árum, sem hann skyldi vera í skattanefndinni.

Með því ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og var frumvarpið í heild sinni óbreytt, eins og það kom frá efri deildinni, samþykkt með 20 atkvæðum, og kvað forseti það nú mundu sent landshöfðingja.

Var það nú svo hljóðandi:

LÖG
um tekjuskatt.

I.
Um tekjuskatt af eign.

1. grein.

Af öllum árstekjum af jarðeign, hvort heldur eru landskuld, leigur af innstæðukúgildum, arður af hlunnindum eða annað, skal eigandinn greiða tekjuskatt, 1 krónu af hverjum 25 krónum, sem tekjurnar nema í peningum eða landaurum eptir verðlagsskrárverði á hverri landaurategund um sig. Frá árstekjunum skal dreginn umboðskostnaður, sem eigandi það ár hefur borgað, og leigur af þinglesnum veðskuldum í jörðu.

Nú býr eigandi sjálfur á jörðinni eða hefur afnot hennar, og skal þá jörðin metin til afgjalds af nefnd þeirri, sem skipuð verður samkvæmt 11. grein laga þessara.

2. grein.

Einn af hverjum tuttugu og fimm af árstekjum sínum skulu þeir og greiða, sem hafa tekjur af fje sínu, hvort heldur það er arður af skuldabrjefum, hlutabrjefum, eða öðrum arðberandi höfuðstóli, eða leigur af útistandandi skuldum, og það jafnt, hvort brjef er fyrir skuldinni eða eigi. Hið sama er um arð af öðru lausafje, sem á leigu er selt.

3. grein.

Undanþegnir þessum tekjuskatti eru þeir, er árstekjur þeirra eptir 1. og 2. grein samanlagðar eigi nema 50 krónum. Tekjuupphæðin í krónum skal ávallt deilanleg með 25; það, sem þar er fram yfir, skal eigi koma til greina skattinum til hækkunar.

II.
Um tekjuskatt af atvinnu.

4. grein.

Af allri atvinnu skal greiða tekjuskatt þannig:

af hinum fyrstu 1000 krónum, sem tekjurnar nema, skal engan skatt greiða;

af því, sem tekjurnar nema yfir 1000 krónur og að 2000 kr. fullum, skal greiða 1 af hundraði í tekjuskatt;

af því, sem tekjurnar nema yfir 2000 krónur og að 3000 kr., skal greiða $1^1/_2$ af hundraði;

af því, sem tekjurnar nema yfir 3000 kr. og að 4000 kr., 2 af hundraði;

og svo framvegis þannig, að skatturinn eykst um hálfan af hundraði á hverju þúsundi, sem tekjurnar hækka, allt að 4 af hundraði, sem greiðist af því, sem tekjurnar nema yfir 7000 krónur.

Tekjuupphæðin skal ávallt deilanleg með 50; það, sem þar er fram yfir, skal eigi koma til greina skattinum til hækkunar.

5. grein.

Sem tekjur af atvinnu, er skatt skal af greiða, teljast: tekjur af verzlun, sjóferðum, iðnaði, veitingasölu, handiðn og hverjum öðrum bjargræðisvegi; enn fremur tekjur af embættum og sýslunum, t. a. m. föst laun, aukatekjur, landaurar, eða hlunnindi, og af biðlaunum, lífeyri, eptirlaunum og þess konar styrktarfje, svo og tekjur af alls konar vinnu, andlegri eða líkamlegri.

Sá, sem fæst við landbúnað eða hefur sjávarútveg, skal eigi greiða skatt þennan af tekjum þeim, sem renna beinlínis til hans af bjargræðisvegum þessum.

III.
Almennar ákvarðanir.

6. grein.

Skatturinn skal á lagður eptir tekjum gjaldanda næsta ár á undan niðurjöfnuninni.

7. grein.

Af tekjunum skal greiða skatt, til hvers sem þeim svo er varið, hvort heldur maður hefur þær sjer og vandamönnum sínum til viðurværis og nauðsynja, nytsemdar eða munaðar, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, eða til þess að afla sjer fjár — þar með talinn lífeyrir eða lífsfje handa einhverjum eptir sinn dag, eða því um líkt — til gjafa, eða hvers annars, sem vera skal.

Frá öllum tekjum af atvinnu skal dreginn sá kostnaður, er varið hefur verið til að reka hana; með kostnaði þessum skal samt eigi telja það, sem maður hefur varið sjer og vandamönnum sínum til viðurværis og nauðsynja, enda þótt vandamenn þessir með vinnu sinni hafi hjálpað til að afla fjárins, nema því að eins að nokkur af þeim að staðaldri starfi að þeim verkum, sem laun eru goldin fyrir.

Frá tekjum af embættislaunum má telja skrifstofukostnað; svo má og færa til útgjalda eptirlaun og aðrar kvaðir, er á embættinu liggja. Endurgjald það, er sá, sem fjærverandi er frá heimili sínu í opinberar þarfir, fær í fæðispeninga og fyrir ferðakostnað, verður eigi talið með tekjum, er skatt skal greiða af.

Af þeim tekjum, sem fást á þann hátt, að maður eyðir höfuðstóli sínum eða tekur lán, skal eigi greiða skatt, en það verður eigi talið frá tekjum, sem haft er til þess að borga skuld.

8. grein.

Hver búsettur maður á Íslandi, sem tekjur hefur, þær er skattskyldar eru eptir undanfarandi greinum, skal greiða tekjuskatt, hvort heldur er karl eða kona, ungur eða gamall, og hverrar stjettar sem hann er. Þeir, sem eru í foreldrahúsum eða á framfæri og enga atvinnu hafa, greiða að eins skatt af þeim tekjum, sem þeir hafa auk uppeldis hjá foreldrunum eða þess, sem útheimtist til framfæris þeim og menningar. Hlutafjelög, verzlunarfjelög og önnur slík fjelög og stofnanir skulu talin sem sjerstæðir gjaldendur, að svo miklu leyti sem arðurinn allur eigi rennur til einstakra manna, sem búsettir eru á Íslandi.

9. grein.

Undanþegnir öllum tekjuskatti eru: landssjóðurinn og aðrir þeir sjóðir, sem fjárlögin ná til; kirkjur, að því er snertir portíónstekjur þeirra, öll sveitarfjelög, fjelög og sjóðir, sem stofnaðir eru til almennra þarfa, sparisjóðir, sem eigi eru eign einstakra manna.

10. grein.

Nú dvelur maður um stundarsakir í öðru landi, en bregður eigi heimili sínu á Íslandi, og skal hann þá gjalda skatt, eins og hann væri í landinu. Nú er maður eigi búsettur á Íslandi, en hefur tekjur af jarðeign eða atvinnu eða sýslu, sem þar er rekin, og skal hann þá greiða skatt af tekjum þessum, og til nefna fyrir hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta mann þar í sýslunni eða kaupstaðnum, sem greiði skattgjald hans.

Sömuleiðis skal sá, sem eigi hefur aðsetur á Íslandi, en hefur laun, eptirlaun, biðlaun eða styrk úr landssjóði Íslands, greiða skatt af þessum tekjum, og skal ráðgjafinn fyrir Ísland sjá um, að tekjuskattinum af þessu sje haldið aptur.

Landshöfðinginn sker úr því, hvort útlendir menn, er dvelja um stundarsakir á Íslandi, og ekki reka þar neina atvinnu, sjeu skattskyldir.

11. grein.

Skrár um tekjur þeirra, sem skatt eiga að greiða, skulu samdar af skattanefndum, sem til þess verða skipaðar, ein í hverjum hreppi og kaupstað.

Í skattanefnd hverri sitja 3 menn, í kaupstöðunum formaður bæjarstjórnarinnar eða bæjarfulltrúanna og 2 bæjarfulltrúar, er bæjarstjórnin til þess kýs, en í sveitum hreppstjórinn, eða, þar sem fleiri eru hreppstjórar en einn, sá þeirra, er sýslumaður til þess nefnir, og 2 menn, sem hreppsnefndin kýs úr sínum flokki. Auk þess skal á sama hátt kjósa einn vara-nefndarmann, sem tekur sæti í nefndinni í forföllum einhvers af nefndarmönnum, og má hann vera utan hreppsnefndar, ef hreppsnefndarmenn eru eigi fleiri en þrír. Sá, sem kosinn er í skattanefnd, hefur þann starfa á hendi 3 ár í senn, en eigi er hann skyldur að taka aptur móti kosningu, fyr en að jafnlöngum tíma liðnum.

Formaður bæjarstjórnarinnar eða bæjarfulltrúanna í kaupstöðum og hreppstjórinn í sveitunum er formaður skattanefndarinnar.

Í forföllum formannsins kýs skattanefndin sjálf formann til að stjórna fundunum um stundarsakir.

12. grein.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í þarfir hins opinbera, svo og stjórnendur stofnana og fjelaga, eru skyldir að láta skattanefndunum í tje allar þær skýrslur, er þær beiðast og með þurfa, svo sem skýrslur um embættislaun, um skuldabrjef og hlutabrjef, er eigandi er tilgreindur að, um þinglesnar veðskuldir og annað því um líkt. Tregðist einhver við að gefa slíka skýrslu, sker landshöfðingi úr, hvort hann er til þess skyldur eða eigi, og getur landshöfðingi lagt daglegar sektir við, ef eigi er hlýtt.

13. grein.

Á hreppastefnum á haustum og í kaupstöðum á fundi, sem haldinn skal í októbermánuði ár hvert, skulu hreppsbúar eða kaupstaðarbúar gefa skattanefndum skýrslu um tekjur sínar. Þyki skattanefndinni tortryggileg skýrsla einhvers, getur hún krafizt sannana og skírteina, er henni þykir þurfa, og ákveður síðan tekjupphæðina. Nú er einhver sá, er enga skýrslu gefur, og skal þá nefndin kveða á um tekjur hans eptir því, sem hún veit rjettast og sannast.

14. grein.

Þá er skattanefndin hefur kveðið á um tekjuupphæð hvers eins, skal hún semja skrá yfir alla þá, sem tekjuskatt eiga að greiða, og skal þar tilgreint fullt nafn og heimili gjaldanda, upphæð hverrar tekjugreinar um sig, hver kostnaður á liggi, er til afdráttar kemur eptir lögum þessum, og hvort gjaldandi hafi sjálfur skýrt frá tekjum sínum eða ekki.

15. grein.

Þá er skrár þessar eru fullgjörðar, skulu þær lagðar fram í hreppnum á stað, sem er hentugur hreppsbúum, og sem birtur hefur verið á kirkjufundi, og í kaupstöðunum í bæjarþingstofunni, eigi síðar en 1. dag nóvembermán., og liggja þar til sýnis til 15. dags þess mánaðar.

16. grein.

Nú er einhver óánægður með ákvörðun skattanefndarinnar um tekjur hans, og skal hann bera upp kæru sína brjeflega fyrir formanni skattanefndarinnar fyrir 15. dag nóvemberm., en hann skal kalla nefndarmenn til fundar ásamt kæranda, og skal úrskurður felldur um kæruna innan 1. dags desembermánaðar.

17. grein.

Skattanefndirnar skulu senda sýslumanni eða bæjarfógeta skrárnar yfir gjaldskyldar tekjur í hrepp sínum eða kaupstaðnum, leiðrjettar eptir úrskurðum þeim, er felldir kunna að hafa verið samkvæmt 16. grein, og skulu þeir það gjört hafa fyrir nýár.

18. grein.

Úrskurði skattanefndarinnar má skjóta til hlutaðeigandi yfirskattanefndar, og skal það gjört brjeflega til formanns hennar og ástæður færðar fyrir kærunni. Sje kæran eigi komin til formanns yfirskattanefndarinnar fyrir nýár, verður henni eigi sinnt.

19. grein.

Í hverju sýslunefndarumdæmi og kaupstað skal skipuð yfirskattanefnd. Í kaupstöðum skipar landshöfðingi menn í yfirskattanefndina eptir uppástungu hlutaðeigandi bæjarstjórnar, en í sveitum skulu í henni sitja sýslumaður, og er hann formaður, og 2 menn, er sýslunefndin kýs. Á sama hátt skal og kjósa varanefndarmann, er tekur sæti í nefndinni í forföllum eins af nefndarmönnum.

Hver sá, sem kjörgengur er í sýslunefnd eða bæjarstjórn, er skyldur að taka á móti kosningu í yfirskattanefnd, og hafa þau störf á hendi í 3 ár í senn. Eigi er hann skyldur að taka við endurkosningu fyr en jafnlangur tími er liðinn frá því, að starfstími hans var á enda.

Eigi má sami maður sitja í skattanefnd og yfirskattanefnd.

20. grein.

Yfirskattanefndin sker úr öllum kærum yfir úrskurðum skattanefndanna í því umdæmi, sem hún er skipuð yfir, og skal hún hafa lagt úrskurð á þær innan febrúarmán.

loka. Yfirskattanefndin skýrir tafarlaust bæði hlutaðeigandi skattanefnd og kæranda frá úrskurði sínum, og er því máli þar með ráðið til lykta. En formaður leiðrjettir tekjuskrárnar eptir úrskurðum yfirskattanefndarinnar, og semur síðan eptir þeim skrá yfir tekjuskatt þann, er greiða ber í sýslunni eða kaupstaðnum eptir lögum þessum.

21. grein.

Þeir, sem sitja í yfirskattanefnd, skulu fá sömu þóknun fyrir störf sín, sem sýslunefndarmenn hafa samkvæmt tilsk. 4. dag maímánaðar 1872, 33. grein, og greiðist sá kostnaður úr landssjóði.

22. grein.

Nú er sá, er kærir yfir ákvörðun skattanefndar um tekjur hans, sjálfur í þeirri skattanefnd eða í yfirskattanefndinni, og skal varanefndarmaður þá taka sæti í nefndinni, er úrskurður er felldur um kæruna.

23. grein.

Skattinn skal greiða í peningum, og heimta sýslumenn og bæjarfógetar hann á manntalsþingum.

24. grein.

Fyrir tekjuskattinum má gjöra fjárnám hjá gjaldanda samkvæmt opnu brjefi 2. dag aprílmán. 1841, og hefur hann í tvö ár frá gjalddaga forgöngurjett þann, sem skattgjöld til landssjóðs hafa að lögum.

Tekjuskattur af jarðeign skal um tveggja ára bil frá gjalddaga ganga fyrir öllum veðkröfum í hlutaðeigandi jörð.

25. grein.

Sá, sem móti betri vitund skýrir rangt frá tekjum sínum til skattanefndar eða yfirskattanefndar, skal greiða í landssjóð sekt, er sje fimmföld við gjald það, sem undan er dregið. Komist undandrátturinn eigi fyr upp en eptir lát skattgreiðanda, við skipti á búi hans, skal af búinu greiða tvöfalt gjald við það, sem undan var dregið.

26. grein.

Landshöfðinginn semur reglugjörðir fyrir skattanefndir og yfirskattanefndir, og fyrirmyndir fyrir skrám skattanefndanna.

Verði ágreiningur um skattskyldu sjóðs eða fjelags samkvæmt 9. grein, leggur landshöfðingi úrskurð á málið.

27. grein.

Skatt þann, sem ræðir um í lögum þessum, skal greiða í fyrsta sinn á manntalsþingum árið 1879.

IV.

Frumvarp

til

laga um húsaskatt.

1. grein.

Af öllum timburhúsum og steinhúsum í kaupstöðum og verzlunarstöðum landsins skal greiða skatt til landssjóðs, 2 krónur af hverjum 1000 krónum virðingarverðs þeirra. Sama skatt skal og greiða af öðrum timburhúsum og steinhúsum, þótt eigi standi þau í kaupstað eða verzlunarstað, ef þau fylgja eigi jörð þeirri, er metin sje til dýrleika. Hvíli þinglýstar veðskuldir á húsi, skulu þær dregnar frá virðingverði þess, og skatturinn lagður á það, sem eptir er.

2. grein.

Undanþegnar þessu gjaldi eru kirkjur

allar, skólar, sjúkrahús, og öll önnur hús, sem eru þjóðeign eða til opinberra þarfa. Ef ágreiningur verður um það, hvort hús er undanþegið skattinum eða ekki, sker landshöfðingi úr.

3. grein.

Í Reykjavík skal skatturinn lagður á eptir virðingu þeirri, sem gjörð hefur verið samkvæmt tilsk. 14. dag febrúarmán. 1874, 4. og 5. gr. Alstaðar annarstaðar á landinu skulu húseignir þær, er skatturinn nær til, metnar eptir tilhlutun yfirvaldsins og samkvæmt reglugjörð, sem landshöfðinginn semur um það efni.

4. grein.

Fyrir virðingar þessar bera hverjum virðingarmanni 3 krónur hvern þann dag, sem þeir eru að virðingunni, og greiðist það fje úr landssjóði, eins og hver annar kostnaður, sem virðingargjörðir þessar hafa í för með sjer.

5. grein.

Fyrir húsaskatti þessum má gjöra fjárnám hjá greiðanda samkvæmt opnu brjefi 2. dag aprílmánaðar 1841, og hefur hann í tvö ár frá gjalddaga forgöngurjett þann, sem um er rætt í laganna 5.—14.—37., og opnum brjefum 23. dag júlímánaðar 1819 og 11. dag desembermánaðar 1869.

Skattur af húsum skal um tveggja ára bil frá gjalddaga ganga fyrir öllum veðkröfum í hlutaðeigandi húsi.

6. grein.

Gjald þetta skulu sýslumenn og bæjarfógetar heimta á manntalsþingum ár hvert, í fyrsta skipti árið 1879.

Athugasemdir
við lagafrumvarp þetta.

Með því frumvarp þetta er alveg samhljóða lagafrumvarpi því, sem nefnd sú, er skipuð var með allrahærstum úrskurði 29. október 1875, til þess að semja ný skattalög og fl., hefur samið, skal vísað til álitsskjals nefndarinnar (VI. kafla), frumvarpsins og þeirra athugasemda, sem gjörðar eru um það (III. fylgiskjal).

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 4. fundi neðri þingdeildarinnar, 6. dag júlímán., kom *konunglegt frumvarp til laga um húsaskatt* samkvæmt dagskránni til 1. umræðu, og var því máli umræðulaust vísað til nefndarinnar í skattamálinu.

NEFNDARÁLIT
í málinu um konunglegt frumvarp til laga um húsaskatt.

Vjer nefndarmenn höfum íhugað vandlega mál þetta og orðið ásáttir um að halda frumvarpinu að efninu til því nær óbreyttu. Hin eina efnisbreyting, sem vjer viljum stinga upp á að gjörð verði, er í 1. greininni, þar sem svo er að orði kveðið í byrjun greinarinnar, að af öllum timburhúsum og steinhúsum í kaupstöðum og verzlunarstöðum landsins skal greiða skatt til landssjóðs o. s. frv. Ákvörðun þessi virðist geta valdið ójöfnuði nokkrum og ósanngirni í skattgreiðslunni, þar sem hver sá, sem eitthvert timburhús á eða steinhús, sem eigi fylgir jörð, hversu lítilfjörlegt eða lítilsvirði sem það er, þó eigi væri nema lítið geymsluhús, væri eptir orðum greinarinnar skyldur að greiða skatt af því í landssjóð, en hinir, sem byggju í torfbæjum, hversu mikilsvirði sem þeir væru, og hversu vel úr garði gjörðir, væru með öllu lausir við þann skatt; og því fremur virðist nefndinni nauðsyn að breyta þessari ákvörðun, sem þau hús munu vera nokkur í verzlunarstöðum landsins, er sum hafa timburveggi og torfþak, og á hinn bóginn sum, er hafi torfveggi en timburþak, og þótt þessi hús sjeu jafnmikils virði og sum þau hús, er venjulega eru nefnd timburhús eða steinhús, mundu þau sleppa undan húsaskatti þeim, er hjer ræðir um, ef greininni væri haldið óbreyttri. Nefndinni fannst því rjettara, að ákvörðun þessari væri breytt þannig, að af öllum húsum í verzlunarstöðum, eða þeim, er eigi fylgja jörð þeirri, er metin sje til dýrleika, skuli húsaskattur greiddur, er þau næmu svo eða

svo miklu verði, er eigi væri ákveðið allt of lítið, og virðist henni þá, að 500 kr. sje hæfilega sett lægst verð á hús eða húsaeign, er greiða skuli af skatt þennan; því að annars mundi skattheimtan verða allt of smásmugleg, og að eins til kostnaðarauka, en eigi tekjuauka fyrir landssjóð, hvað sem skatturinn yrði minni en 1 króna.

Í 3. grein virðist nefndinni ljósara að segja: «sem gjörð er», en «sem gjörð hefur verið», því að það kynni að líta svo út eptir orðunum, sem skattinn ætti á að leggja þau hús ein, sem þegar eru virt, en eigi þau, sem hjer eptir kunna að verða virt.

Í 5. greininni viljum vjer breyta upptalningu lagastaðanna, samkvæmt því, sem vjer þegar höfum stungið upp á í tilsvarandi grein í frumvarpi til laga um skatt á ábúð og afnot jarða.

Samkvæmt því, sem þegar er sagt, leyfir nefndin sjer að stinga upp á þessum breytingum í frumvarpinu:

1. Í fyrstu grein byrjunin: «Af öllum timburhúsum og steinhúsum í kaupstöðum og verzlunarstöðum landsins skal», o. s. frv. breytist í: «Af öllum húsum í kaupstöðum og verzlunarstöðum landsins, sem eru fullra 500 króna virði, skal», o. s. frv.
2. Síðar í sömu grein breytist: «timburhúsum og steinhúsum», í: «húsum, sem eru fullra 500 króna virði».
3. Í 3. grein, að í stað orðanna: «gjörð hefur verið», komi: «gjörð er».
4. Í 5. grein, í staðinn fyrir: «sem um er rætt í laganna 5.—14.—37., og opnum brjefum 23. dag júlímánaðar 1819 og 11. dag desembermánaðar 1869», komi: «sem hin eldri manntalsbókargjöld höfðu að lögum».

Alþingi, 18. dag júlímán. 1877.

Jón Sigurðsson, skrifari. H. Kr. Friðriksson, form. og framsögumaður.
Einar Ásmundsson. Guðmundur Einarsson.
Hjálmur Pjetursson. E. B. Guðmundsson.
Þorlákur Guðmundsson.

Á 18. fundi neðri þingdeildarinnar, 23. dag júlímánaðar, var haldið áfram 1. umræðu um *frumvarp til laga um húsaskatt.*

Framsögumaður (*Halldór Kr. Friðriksson*) sagði, að eins og deildinni væri kunnugt, hefði skattamálsnefndin álitið sjálfsagt, að leggja skatt á húseign, eins og aðra eign; nefndin, sem þingið hefði sett til að íhuga þetta frumvarp, hefði ekki fundið ástæðu til að gjöra miklar breytingar við það; breytingin hefði einkum komið fram í því, hver hús skyldu vera skattskyld, og hefði nefndinni þótt ráðlegt að binda ekki skattinn eingöngu við timburhús og múrhús, heldur við öll hús, sem væru 500 kr. virði og meira; við það að þessi upphæð væri ákveðin, slyppu ýms hús undan skatti, en einungis hin lítilfjörlegustu hús. Aðra breytingu hefði nefndin ekki gjört, en hann skyldi leyfa sjer að gjöra þá athugasemd viðvíkjandi húsaskattinum, að hann væri ekki lagður á húsaleiguna, þar eð opt sje örðugt að vita hver hún væri, með því að flestir eigendur byggju í eigin húsum; þess vegna hefði þótt ráðlegra að leggja skattinn á húsverðið, og vonaði hann, að deildin sæi, að 2 af 1000 húsverðsins svaraði til 5% tekjuskatti; en af því nefndin hefði komizt að þeirri niðurstöðu að lækka tekjuskattinn, þá ætti eins að lækka þennan skatt að sama skapi, og það því fremur, sem það mætti heita vel í haldið, ef eigandi bæri úr býtum 4% af húsi sínu í húsaleigu.

Arnljótur Ólafsson kvaðst vilja leyfa sjer að gjöra nokkrar almennar athugasemdir, til þess að skýra þá hugsun sína fyrir deildinni, hver ójöfnuður væri milli ábúðarskattsins og húsaskattsins. Ábúðarskatturinn væri ólíkur eignartekjuskatti, og húsaskatturinn væri eignarskattur, og því frábrugðinn eignartekjuskatti. Nefndin hefði valið sjer þann veg, að fara eptir húsverðinu, en ekki eptir húsaleigunni, eða hún hefði lagt skattinn á húsverðið, en eigi á húsaleiguna, og hefði nefndin tekið upp þessa aðferð hjer, af því að hún hefði fundið svo glögglega, hversu torvelt, ef eigi ómögulegt, væri að finna hina

sönnu húsaleigu. Aðferð þessi eða hugsunarháttur væri rjettur, og hefði hann átt að leiða nefndina í þann sannleika, hve rangt það væri, að leggja skatt á eptir ímyndaðri kúgildaleigu. Í húsaleigunni væru 3 atriði, er greina ætti sundur: 1. ábyrgðargjaldið, 2. fyrningargjaldið, og 3. það, sem eptir yrði, er væri það eina, er í raun rjettri rynni í sjóð eigandans; það væri því eins rangt, að leggja skattinn á húsaleiguna, eins og leggja hann á kúgildaleigu, á bátsleigu, skipaleigu o. s. frv. Hann vildi biðja nefndina, að hugsa meginreglu sína til enda, og höggva ekki niður í hana einungis í húsaskattinum, heldur fylgja henni fram alstaðar með fullri samkvæmni. Nú skyldum vjer sjá, hvað húsaskatturinn yrði af Reykjavík; öll hús kaupstaðarins væru virt á 933,093 kr.; nú styngi nefndin upp á að leggja 2 krónur á 1000, og yrði þá skatturinn rúmar 1866 kr. Væri nú þetta í rjettu hlutfalli við ábúðarskattinn? Gæti nú nokkur sannað og sannfært sjálfan sig um, að ekki væri meiri ágóði af allri þessari húsaeign, heldur en af 1866 lausafjárhundruðum? En jafn væri þó skatturinn á hvorutveggja, því 1 króna væri af lausafjárhundraðinu, sem hver maður hlyti að sjá, þegar hann legði saman lausafjárskattinn og ábúðarskattinn. Það væri fróðlegt að sjá nefndarmenn ganga hjer inn í öll hús og virða fyrir sjer þá ánægju, hægindi og gleði og jafnvel stórmennsku, sem íbúðin í þessum húsum hefði í för með sjer, og bera það svo saman við kotin með allri örbyrgð þeirra, eymd, volæði, sult og seyru, og vita svo hvort þeim þætti sanngjarnt, að sami skattur væri lagður á hvorttveggja. Hann bað að endingu deildarmenn að gefa þessum athugasemdum sínum gaum, og íhuga þær samvizkusamlega, þótt hann vissi fyllilega, að þær bæru ávöxt að því skapi mikinn eða lítinn, sem hver væri hæfur til að veita þeim eptir mæli þekkingar sinnar og sannleiksástar.

Framsögumaður sagði, að það hefði verið miður heppilegt dæmi af 1. þingmanni Norður-Múlasýslu, að taka til bátsleigu, og bera hana saman við húsaleigu. Hver mundi leigja bát fyrir 4% af verði bátsins? Þegar bátur væri leigður, mundi vel í látið fyrir fyrningum, og ef borinn væri saman arðurinn af bátnum við arðinn af húsunum, þá kæmist hver maður sjálfsagt að þeirri niðurstöðu, að húsaskatturinn væri fullhár.

Þá var gengið til atkvæða um, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði.

BREYTINGARUPPÁSTUNGUR
við frumvarp til laga um húsaskatt.

I. Breytingaratkvæði
frá H.Kr. Friðrikssyni, þingmanni Reykvíkinga.

Við 1. grein. Fyrir «2 krónur af hverjum 1000 krónum«, komi: «1½ króna af hverjum 1000 krónum».

II. Breytingaruppástungur
frá Arnljóti Ólafssyni, 1. þingmanni Norður-Múlasýslu.

1. Fyrir «Frumvarp til laga um húsaskatt» komi: «II. kapítuli Um húsaskatt».
2. Við 1. grein.
   Eyrir «2 krónur» komi: «3 krónur».
3. Við 4. grein.
   Þessi grein falli úr.
4. Við 6. grein.
   Þessi grein falli úr.

ÖNNUR UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 27. fundi neðri deildarinnar, 1. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til laga um húsaskatt.*

Framsögumaður (*Halldór Kr. Friðriksson*) kvað litlar breytingar af nefndarinnar hálfu hafa verið gjörðar við frumvarp þetta, nema að eins orðabreytingar. Sú helzta

breyting, er nefndin hefði gjört, væri gjörð við 1. grein, og kvaðst hann hafa gjört grein fyrir þeirri breytingu áður. Auk þessarar breytingar væru 2 breytingar, er hann vildi fara nokkrum orðum um; önnur þeirra væri frá sjer, en hin frá 1. þingmanni Norður-Múlasýslu; kvað hann þingmanninn vilja hækka skattgjaldið af húsunum, en sig lækka það, og vildi þingmaðurinn þannig færa gjaldið upp úr 2 krónum upp í 3 krónur af hverjum 1000 krónum húsverðsins; en sjálfur kvaðst hann vilja færa gjaldið ofan úr 2 krónum niður í $1^1/_2$ krónn af hverjum 1000 krónum, og það af þeirri ástæðu, að þá kæmist gjald þetta í líking við hin skattgjöldin, er þegar væru ákveðin í skattalögunum. Hann kvaðst vona, að þingdeildin mundi sjer samdóma um, að skatthæðin ætti að vera sjálfri sjer samkvæm; og væri að sinni ætlun engin ástæða til, að hafa hærra gjald á húsum en á öðrum tekjustofnum, þvert á móti heldur lægri, því að það væri miklum kostnaði bundið, bæði að reisa þau og halda þeim síðan við, enda kvaðst hann mikillega efast um, að nú fengist sú leiga fyrir hús, er svaraði til fullrar lagaleigu. Og þegar litið væri til tekjuskattsins á undan, þá ætlaði hann, að $1^1/_2$ af þúsundi væri fullhátt gjald í samanburði við tekjuskattinn; gæti hann því eigi fundið annað, en að utanþingsnefndin hefði verið sjálfri sjer samkvæm; en ef 2 krónur væru of hár skattur, þá væru 3 krónur því fremur of hár skattur. Menn hefðu haft það á móti þessu, að eignarskatturinn hefði hitt eignartekjuhæðina, en hann ímyndaði sjer, að eigi væri hægt að komast að annari niðurstöðu en þeirri, er nefndin hefði komizt að; því að optast væri svo, að eigi væri unnt að segja, hver leiga væri fyrir húsið, því að svo væri hjer í Reykjavík, að eigi væru nema eitt eða tvö hús, sem eigandinn byggi eigi sjálfur í; yrði því að miða gjaldið við verð hússins. Hann ætlaði eigi, að fleiri orðum þyrfti að fara um mál þetta, en að eins minna deildina á, að hafa skattinn sem samkvæmastan í öllum þremur frumvörpunum, og hvort sem gjaldið væri hækkað eða lækkað, að hafa sama hlutfallið í gegnum allt.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og ljet því forseti ganga til atkvæða um málið, og fjell þá atkvæðagreiðslan þannig:

1. 1. grein:
   a, Nefndin: að byrjun greinarinnar: «Af öllum timburhúsum og steinhúsum í kaupstöðum og verzlunarstöðum landsins skal» o. s. frv. breytist í: «Af öllum húsum í kaupstöðum og verzlunarstöðum landsins, sem eru fullra 500 króna virði, skal» o. s. frv.; samþykkt með 18 atkvæðum.
   b, Nefndin: að orðin síðar í greininni: «timburhúsum og steinhúsum» breytist í: «húsum, sem eru fullra 500 kr. virði»; samþykkt með 17 atkvæðum.
   c, Arnljótur Ólafsson: að fyrir «2 krónur» komi: «3 krónur»; fellt með 14 atkvæðum gegn 2.
   d, Halldór Kr. Friðriksson: að fyrir: «2 krónur af hverjum 1000 krónum» komi: «$1^1/_2$ króna af hverjum 1000 krónum», fellt með 11 atkvæðum gegn 4;
   en af því atkvæðagreiðsla hjer var ónóg, var haft nafnakall, og sögðu

já:
Halldór Kr. Friðriksson,
Einar Gíslason,
Guðmundur Einarsson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll bóndi Pálsson.

nei:
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Einar Guðmundsson,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Ólafsson,
Jón Blöndal,
Páll prestur Pálsson,
Snorri Pálsson,

nei:
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

Var uppástungan þannig felld með 16 atkvæðum gegn 5. Benidikt Sveinsson var eigi við.

c, 1. grein framvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt með 19 atkv.

2. 2. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 21 atkvæði.

3. 3. grein:
   a, Nefndin: að í stað orðanna: «gjörð hefur verið», komi: «gjörð er»; samþykkt án atkvæðagreiðslu.
   b, 3. grein frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 20 atkvæðum.

4. 4. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 16 atkvæðum.
   Arnljótur Ólafsson, að greinin falli burt, þar með fallið.

5. 5. grein:
   a, Nefndin: að í staðinn fyrir: «sem um er rætt . . . . 1869», komi: «sem hin eldri manntalsbókargjöld höfðu að lögum»; samþykkt með 16 atkvæðum.
   b, 5. grein frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 20 atkvæðum.

6. 6. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 19 atkvæðum.
   Arnljótur Ólafsson: að greinin falli burt, tekið aptur.

7. Arnljótur Ólafsson: að fyrirsögnin: «Frumvarp til laga um húsaskatt», breytist í: «II. kapítuli. Um húsaskatt»; tekið aptur.

8. Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu.

9. Að frumvarpið gengi til 3. umræðu, var samþykkt í einu hljóði.

Var það nú þannig orðað:

FRUMVARP
til laga um húsaskatt.

1. grein.

Af öllum húsum í kaupstöðum og verzlunarstöðum landsins, sem eru fullra 500 kr. virði, skal greiða skatt til landssjóðs, 2 kr. af hverjum 1000 kr. virðingarverðs þeirra. Sama skatt skal og greiða af öðrum húsum, sem eru fullra 500 kr. virði, þótt eigi standi þau í kaupstað eða verzlunarstað, ef þau fylgja eigi jörð þeirri, er metin sje til dýrleika. Hvíli þinglýstar veðskuldir á húsi, skulu þær dregnar frá virðingarverði þess, og skatturinn lagður á það, sem eptir er.

2. grein.

Undanþegnar þessu gjaldi eru kirkjur allar, skólar, sjúkrahús, og öll önnur hús, sem eru þjóðeign eða til opinberra þarfa. Ef ágreiningur verður um það, hvort hús er undanþegið skattinum eða ekki, sker landshöfðingi úr.

3. grein.

Í Reykjavík skal skatturinn lagður á eptir virðingu þeirri, sem gjörð er samkvæmt tilsk. 14. dag febrúarmán. 1874, 4. og 5. gr. Alstaðar annarstaðar á landinu skulu húseignir þær, er skatturinn nær til, metnar eptir tilhlutun yfirvaldsins og samkvæmt reglugjörð, sem landshöfðinginn semur um það efni.

4. grein.

Fyrir virðingar þessar bera hverjum virðingarmanni 3 krónur hvern þann dag, sem þeir eru að virðingunni, og greiðist það fje úr landssjóði, eins og hver annar kostnaður, sem virðingargjörðir þessar hafa í för með sjer.

5. grein.

Fyrir húsaskatti þessum má gjöra fjárnám hjá greiðanda samkvæmt opnu brjefi 2. dag aprílmánaðar 1841, og hefur hann í tvö ár frá gjalddaga forgöngurjett þann, sem hin eldri manntalsbókargjöld höfðu að lögum.

Skattur af húsum skal um tveggja ára bil frá gjalddaga ganga fyrir öllum veðkröfum í hlutaðeigandi húsi.

6. grein.

Gjald þetta skulu sýslumenn og bæjarfógetar heimta á manntalsþingum ár hvert, í fyrsta skipti árið 1879.

BREYTINGARATKVÆÐI
við frumvarp til laga um húsaskatt, eins og það var samþykkt við 2. umræðu.

Við 1. grein.

Í staðinn fyrir: «fylgja eigi» komi: «eru eigi notuð við ábúð á».

J. A. Blöndal, Einar Ásmundsson, Eggert Gunnarsson, Snorri Pálsson, Einar Gíslason og Einar Guðmundsson.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 31. fundi neðri þingdeildarinnar, 6. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu *frumvorp til laga um húsaskatt* með breytingaruppástungu 6 þingmanna við 1. gr.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson) sagði, að hjer lægi einungis fyrir ein breyting, sem að eins væri orðabreyting og gjörði hvorki til nje frá að sínu áliti, en ef deildinni þætti breytingin til skýringar, þá skyldi hann ekki hafa neitt á móti henni. Að því er skattinn af húsunum snerti, þá væri hann of hár, eins og hann opt hefði tekið fram, í samanburði við ábúðar- og lausafjárskattinn, en því væri of seint að breyta úr þessu, enda mundi þessi upphæð húsaskattsins vera samkvæm hugsun hinna 10 þingmanna, er hefðu stungið upp á breytingunni á ábúðar- og lausafjárskattinum.

Guðmundur Einarsson sagði, að það væri framsögumanni sjálfum að kenna, ef húsaskatturinn væri ekki í rjettu hlutfalli við hina aðra skatta, því að hann hefði ekki tekið upp aptur uppástungu þá, er hann hefði komið með við 2. umræðu um lækkun á húsaskattinum, og kvaðst hann fúslega mundu hafa greitt atkvæði með henni. Annars stæði húsaskatturinn alveg í rjettu hlutfalli við tekjuskattinn, og hvað snerti hlutfallið milli húsaskattsins og jarðarskattsins, þá væri það, eptir því hvernig litið væri á málið; sumum kynni að virðast húsaskatturinn of hár, aptur öðrum ekki of hár. En eins og nú væri komið, væri ekki til neins að þrátta um þetta, og væri vonandi, að efri deildin mundi færa húsaskattinn niður, ef henni virtist hann of hár.

Framsögumaður sagðist hafa ætlað að láta þennan húsaskatt ganga í þeirri von, að einhver jöfnuður yrði milli allra skattanna, en að þessi jöfnuður væri ekki, gæti enginn kennt sjer, heldur einmitt hinum 10 þingmönnum, sem hefðu aflagað allan jöfnuð milli hinnu einstöku skatta.

Páll Pálsson bóndi, kvaðst verða að álíta, að húsaskatturinn væri ekkert of hár í samanburði við lausafjárskattinn.

Framsögumaður sagði, að þingmaður Húnvetninga hefði ekki sýnt það í þessu máli, að hann væri stór reikningsmaður; lausafjárskatturinn væri að eins $1^2/_6$ af hverju hundraði af ágóðanum, en húsaskatturinn 5 af hverju hundraði, þegar reiknað væri, að húsaleigan væri 4% af húsverðinu, sem væri það hæsta, er reikna mætti, og þrátt fyrir það gæti þingmaðurinn ekki sjeð neinn ójöfnuð milli húsaskattsins og lausafjárskattsins.

Páll Pálsson, bóndi, kvaðst verða að efa það, að þessi reikningur framsögumanns væri rjettur. Þótt hann væri má ske ekki eins góður reikningsmaður og framsögumaður, þá treysti hann sjer þó til að sanna með reikningi, að lausafjárskatturinn væri 70 aurar af hverju 100 króna virði lausafjárins, þar sem húsaskatturinn væri að eins 20 aurar af hverju 100 króna virði; en hvað arðinn af lausafjenu snerti, þá væri hann einmitt það, sem alla greindi á um, en hið mesta væri, að telja arðinn af lausafje allt að $^3/_4$ pörtum hærri en af annari eign.

Framsögumaður sagði, að það hefði svo opt verið tekið fram, að allir skattarnir væru reiknaðir eptir arði, og því dygði ekki að vera að hanga í því, að sama skatt ætti að leggja á hvert 100 króna virði, hvort sem það gæfi af sjer 25% eða 4%.

Þá var gengið til atkvæða og fjellu þau þannig:

1. Breytingaruppástunga hinna 6 þing-

manna við 1. gr. samþykkt með 12 atkvæðum.

2. Frumvarpið í heild sinni með áorðinni breytingu var samþykkt í einu hljóði.

Forseti gat þess, að það yrði nú sent forseta efri deildar.

FYRSTA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 33. fundi efri þingdeildarinnar, 10. dag ágústmánaðar kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu *frumvarp til laga um húsaskatt.*

Bergur Thorberg stakk upp á, að annaðhvort yrði kosin í mál þetta sjerstök nefnd, eða því vísað til nefndarinnar í tekjuskattsmálinu.

Jón Hjaltalín kvað mál þetta miða til þess að sporna við framförum, og gæfi hann því engan veginn atkvæði með því. Hjer ætti sízt við að bera fram slíkt mál, eins og ekki væru nógir moldarkofarnir, sem eru, og líktust mest lundaholum og rottugöngum eða þá hreysum villimanna í Afríku, þó eigi væri verið að koma fram með nýja hvöt til að fjölga þeim. Rjettast væri því að fela mál þetta nefnd.

Eiríkur Kúld kvaðst vera samdóma hinum 4. konungkjörna um það, að húsaskattur þessi væri óheppilegur og óeðlilegur, eins og hjer væri gjört ráð fyrir. En allt fyrir það, vildi hann þó gefa málinu gaum, og helzt, að því yrði vísað til nefndarinnar í tekjuskattsmálinu. Að því er snertir húsaskatt þennan, væri hann of hár eptir frumvarpinu, því húsin væru að sínu leyti eins og fatnaður manns; þau gæfi eigi beinlínis arð af sjer annan en skýli. Eptir því sem hann hefði heyrt, væru það að eins tvö hús hjer í Reykjavík, er leiguarð gæfu af sjer. Hins vegar væri það þó eigi sem eðlilegast að taka ekkert tillit til húsanna, og vildi hann því eigi, að málið yrði fellt, heldur látið ganga til áður umræddrar nefndar.

Sighvatur Árnason kvaðst vera á þeirri skoðun, að hvorki ætti að hafa þennan skatt, er hjer ræddi um, nje aðra fasta skatta háa. Þætti sjer því frumvarp þetta þurfa lagfæringar í þá átt að lækka skattinn, en eigi ástæða til að fella það. Það væri sjálfsagt ekkert í móti því að leggja nokkuð á þá gjaldstofna, sem til væru, en hvergi mikið, eða hátt gjald. Sjer virtist, að koma mætti fram breyting við frumvarpið án nefndar, jafnvel þó hann væri eigi beinlínis móti því, að málinu væri vísað til nefndar þeirrar, er sett væri í tekjuskattsfrumvarpið. Hann hefði sjerstaklega tvennt að athuga við 1. gr. frumvarpsins, fyrst það að stigið væri of lágt, og annað það að skatturinn væri of hár, með tilliti til þess, sem nú lægi fyrir í frumvarpi um tekju- og atvinnuskatt. Lægsta stig ætti að vera 1000 kr., og skatturinn eigi hærri en einn af þúsundi, og það legði hann sjer í lagi áherzlu á. Það mætti segja yfir höfuð um frumvarp þetta, og öll þessi skattafrumvörp frá neðri deildinni, að þegar litið væri á frumvörp utanþingsnefndarinnar, þá bæru þau af þeim, er hjer ræddi um, þegar á allt væri litið, eins og gull af eiri. Á frumvörpum utanþingsnefndarinnar væru að vísu talsverðir gallar, sjer í lagi að því er snerti upphæð skattsins og útgjaldahækkun, en í þeim frumvörpum, er hjer lægju fyrir frá neðri deildinni, væru þeir bæði fleiri og sumir færðir í stærri stýl, og sumum alveg gengið þegjandi fram hjá, og sjer í lagi legði hann áherzlu á hið mikla misrjetti, sem lægi í þessum frumvörpum, er hann vildi taka fram síðar, en að svo komnu máli ætlaði hann eigi að fara lengra út í þetta efni.

Jón Hjaltalín kvaðst og játa það, að frumvarp utanþingsnefndarinnar bæri af því, er hjer lægi fyrir, eins og gull af eiri. Það væri líkara óhyggnum mönnum, en vel hyggnum, að koma fram með annað eins og þetta, sem varla fyndist dæmi til í öðrum löndum, og þyrfti sannarlega að sverfa af því broddana, sem brátt mundu koma í ljós, er farið væri að skoða það.

Sighvatur Árnason kvaðst eigi hafa verið búinn að tala út, er þingmaðurinn tók fram í, og ætlaði hann því að bæta

nokkru við það, er hann hefði áður sagt. Kvaðst hann vilja taka það upp aptur, að skattar þeir, er hjer væri um að ræða, væru óþarflega háir. Það lægi eigi fyrir á þessu þingi að fara að hækka föstu skattana fram úr því, sem hin gömlu manntalsbókargjöld hefðu numið. Hjer væri að eins það fyrir hendi, að færa skattálögurnar í hagkvæmara og betra horf, færa þær á hentugri og jafnari grundvöll, og hlutfall innbyrðis. Það væri því hvorki ástæða til að fara að hækka húsaskattinn nje hina tvo aðra skatta, er nú væru til meðferðar. Þeir mættu eigi vera eins háir og hjer væri gjört ráð fyrir, hvað þá eins og utanþingsnefndin hefði stungið upp á. Því annars yrðu þeir óbærilegir og heptu og hindruðu framfarir landsbúa, og það væri í eðli sínu rangt, að umbreyta skatta-löggjöfinni til hærri skattaálaga, þar sem alls ekki lægi fyrir þann dag í dag hvorki fyr nje síðar undir málinu, hvorki frá stjórninni nje landsmönnum, að auka skattana, heldur einungis að færa þau lög í annað og betra horf.

Ásgeir Einarsson kvað þingmann Rangæinga hafa verið ósparan á því, að rífa niður frumvarpið, en hitt hefði vantað hjá honum, að taka skýrt fram agnúana, eða hvað hann hefði eiginlega helzt álitið ábótavant; það hefði hann átt að gjöra til leiðbeiningar, ef nefnd kynni að fá þetta mál til meðferðar. Þar sem 4. konungkjörni þingmaður hefði verið að tala um lundaholur og rottugöng, þá þyrfti nú eigi lengra að fara til að sjá rottugöng, en út fyrir skólann, sem væri þó eigi sízta timburhúsið. Og þar sem hann hefði verið að bera skattanefndarfrumvörpin saman við gull mót eiri, þá áliti hann frumvarpið það gull, sem töluvert væri búið að hamra, en eigi væri hann svo ríkur af gullinu, að hann gæti farið að slá því gullhamra nú.

Benidikt Kristjánsson kvaðst eigi ætla að fara að svo stöddu máli út í skatthæðina. En að enginn húsaskattur eigi að eiga sjer stað, því sje hann alveg mótfallinn, því ef rjett væri aðgætt, sæju menn, að skattur hvíldi á bæjunum, og það hversu aumir og vesælir sem þeir væru, eins og 4. konungkjörni hefði drepið á; því ábúandi leigði bæði jörðina sjálfa og eins bæjarhús jarðarinnar, og að því leyti hvíldi skattur á bænum. Þegar mat fram færi á jörðu, þá væri bæði landið og bærinn metinn, og eignarskattur kæmi því að nokkru leyti niður á bæjarhús.

Það væri að vísu satt, að hús í kaupstöðum væru eigi beinlínis arðberandi, en þau væru þó skilyrði fyrir því, að menn gætu stundað atvinnu sína, og þess vegna væri þó sanngjarnt, að nokkur skattur væri lagður á húsin. Að því er breyta þyrfti þessu frumvarpi, væri rjettast að vísa því til tekjuskattsnefndarinnar, og hentast væri að sameina þessi 3 skattamál í eina heild, sem skipta mætti í 3 kapítula eða þætti, því að ef svo færi að lokum, að eitt þessara mála yrði fellt, en hin samþykkt, þá kæmi skarð í lögin, svo menn mundu óska, að þau hefðu betur ekki verið útkljáð. En það gæti verið bót í máli, að ráðherrann rjeði konungi eigi til samþykkja þau tvö skattamál eða skattamálsgreinir, er eitt væri eigi útkljáð eða einu hrundið.

Jón Pjetursson kvaðst eigi geta fellt sig vel við þennan húsaskatt. Húsin væru höfð til skýlis, en sjaldan til leigu. Flestum í Reykjavík væri nauðugur einn kostur, að eiga hús þau, er þeir byggju í, enda þó margir mundu heldur kjósa að hafa hús til leigu en eiga þau. Á þeim hvíldi og fyrir talsverðir skattar, svo sem grunnskattur, brunabótaskattur o. fl., auk árlegs viðhalds. Það væri líkt háttað um þau og fatnað manna, er ósanngjarnt væri að leggja skatt á; það væri og öllu heldur ástæða til að hvetja menn til að byggja vel, og það jafnvel timburhús, eða múrhús en fæla frá því með sköttum. Áður fyrri hefði og verið heitin eins konar verðlaun þeim, er byggðu timburhús í kaupstöðum landsins. Svo væri og að líta á það, að í frumvarpinu kæmi fram ójöfnuður, er menn bæru saman kaupstaða- og verzlunarstaða-búa við sveita-

menn. Því að þó jörðu fylgdi gott hús til sveita, þyrfti eptir því ekkert af því að gjalda. Hann vildi taka til dæmis Bessastaði; þar væri hús, er að minnsta kosti væri 40,000 kr. virði, en jörðin væri 48 hndr. Ef nú eigandi Bessastaða væri háður sömu kjörum og kaupstaðabúar, þá ætti hann að greiða af húsinu einar 80 kr., en af því húsið fylgdi jörðinni, þá ætti hann eptir þessum skattalagafrumvörpum að gjalda af jarðarhundruðunum að eins 12 kr., og slyppi þannig betur en kaupstaðabúar. Það væri og synd að segja, að þetta frumvarp hvetti leiguliða til að byggja vel hjá sjer. Ef hann kæmi að niðurníddri jörð, mætti hann eigi byggja hús, sem næmi yfir 500 kr., án þess skattur við það legðist á hann, þar eð húsið væri hans eign og fylgdi ekki jörðunni, sem sæist af því, að hann mætti rífa eða selja, þegar hann vildi eða færi burt, án þess að spyrja eiganda að því, ef hann að eins skilaði jarðarhúsum þeim, er fylgja ættu. Ef hann nú vildi eigi rífa húsið, er hann færi, og landsdrottinn keypti það, þá fyrst hyrfi skattgjaldið af því. Auk þessa væri húsaskattur þessi óþarfur, því manntalsbókargjöldin næðust fyllilega upp með ábúðar- og lausafjárskattinum og tekjuskattinum frá jarðeigendum.

Benidikt Kristjánsson kvaðst efast um, að skoðanir hins 3. konungkjörna þingmanns væru á rökum byggðar, því hann áliti, að kaupstaðarbúar yrðu harðara úti en sveitabændur, að því er húsaskattinu snerti, og þó væri hann að tala um misrjetti það, sem þessi skattur gjörði þeim leiguliðum, sem byggðu timburhús eða steinhús á jörðinni, sem þeir byggju á, en það mundi sjaldan koma fyrir, að þeir byggðu slík hús, nema þeir hefðu áður gjört samning við jarðeigandann viðvíkjandi því. En þótt þeir nú byggðu slík hús, þá byggðu þeir þau til þess að búa í þeim, og þá ættu þeir beinlínis engan skatt að borga af þeim eptir ákvörðun frumvarpsins. Annars gæti hann eigi sjeð, að misrjetti væri milli kaupstaðarbúa í þessu tilliti og sveitabænda, því að sveitabóndinn yrði að gjalda ábúðarskatt af bænum með jörðinni, því að bæjarverðið væri innifalið í jarðarverðinu, svo yrði og jarðeigandinn að greiða skatt af tekjum þeim, sem hann þannig hefði af bænum og jörðunni til samans; kæmi því tvöfaldur skattur á sveitabæina, sem eflaust yrði svo hár, sem skatturinn af húsum í kaupstöðum. Sveitabæirnir gæfu að vísu engan arð af sjer fremur en húsin í kaupstöðum, en þau væru skilyrði fyrir því, að menn gætu framið og leitað atvinnu sinnar. Það kvaðst hann eigi vilja segja um, að skatturinn væri of hár, en sjer þætti hann í sjálfu sjer sanngjarn.

Jón Pjetursson kvaðst eigi skilja það, að leiguliði eptir frumvarpinu þyrfti eigi að borga skatt af húsi því, er hann ljeti byggja, þótt hann byggi í því, ef hann annars ætti það, og það mundi verða svo, að ef leiguliði byggði timburhús eða steinhús á ábúðarjörð sinni, þá væri það eign hans sjálfs, þangað til hann ljeti það af hendi við landsdrottin, því að það mundi sjaldan vera samið um það, að jarðeigandi skyldi eignast öll þau hús, sem ábúandi byggði. Þar að auki mundi leiguliði gjalda landskuld af jörðinni með þeim húsum, sem henni fylgja, en eigi þeim húsum, sem hann kynni að byggja á sinn eiginn kostnað. Þingmaðurinn hefði álitið rjettan húsaskattinn á kaupstaðarhús, af því að þau væru skilyrði fyrir atvinnu manna, en það kvaðst hann eigi fá sjeð, að atvinna kæmi hjer til greina, nema því að eins, að það væri meining þingmannsins, að þeir menn hefðu ætíð meiri atvinnu, sem byggju í betri húsum, en þeir, sem byggju í vondum; en þetta væri engan veginn svo. Ef atvinnan ætti að leggjast til grundvallar fyrir skattgjaldi þessu, þá ættu þeir, sem byggju í vesölum hreysum, að gjalda hærri skatt af þeim, ef þeir hefðu góða atvinnu, en þeir, er byggju í góðum húsum, ef atvinna þeirra væri minni. (*Benidikt Kristjánsson* kvað í frumvarpinu standa: «ef þau eru eigi notuð við ábúð á jörð»).

Eiríkur Kúld kvaðst vilja leiðrjetta þingmann Þingeyinga í því, að eigi væri rjettara

að leggja skatt á húsin, sem maður byggi í, en fötin, sem hann klæddist. Ef maður byggði hús, þá yrði hann að eyða stórfje til þess, en það fje bæri honum enga rentu, því að húsið væri að eins skýli, sem enga rentu gæfi af sjer. Eins og húsin væru skilyrði fyrir atvinnu, svo sem sami þingmaður hefði sagt, eins væru fötin það. Það sem hann hefði sagt, að bæir væru hjer undir sama skilyrði, þá væri það ekki rjett, því jarðarhúsin væru eigi talin með í hundraðatali jarðanna; þau væru aldrei metin með jörðum; það væri aldrei talað um, að sá og sá bær væri 200, 500 eða 1000 króna virði, eða hundraðatal jarðarinnar látið fara eptir því, hvort bærinn væri betri eða verri. Hann hefði enn sagt, að leiguliðar byggðu hús á jörðum sínum til að búa í þeim; það gjörðu kaupstaðarbúar líka, en leiguliðar hefðu þar að auki bæjarhúsin til skýlis eins og hinir, og hann þekkti dæmi um það, að leiguliðar byggðu timburhús til að búa í, en rifu það, er þeir færu burt, og skiluðu einungis ljelegu bæjarbreysi með jörðinni. Hann yrði því að vera samþykkur hinum 3. konungkjörna þingmanni um það, að kaupstaðarbúar yrðu fyrir misrjetti, hvað húsaskattinn snerti, í samanburði við sveitabændur.

Torfi Einarsson kvað sinn skilning á máli þessu vera þann, að leiguliðinn, sem tæki hús með jörðu, og yrði að skila þeim aptur í jafngóðu standi eða með álagi, stæði í sama hlutfalli við jarðeigandann, sem húsaleigendur hjer við húseigandann, og sæi hann þá eigi, að eigendur húsanna væru ver staddir, en leiguliðarnir í sveitunum. Þingmennirnir hefðu mikið talað um hús, og sumum þótt óeðlilegt, að skattur væri lagður á þau, en það fyndist sjer þó hvorttveggja heyra til nauðsynja lífsins, og ef húsin ættu að vera skattlaus, þá þætti sjer fleira mega vera skattlaust, en ef allt, sem til nauðsynja lífsins heyrði, ætti að vera hjer um bil skattlaust, þá yrðu skattaálögurnar að öllum líkindum ekki þungar. Hann kvaðst fyrir sitt leyti vilja, að allir skattar væru sem lægstir, og þá líka húsaskatturinn. Það hefði einn þingmaður látið í ljósi við 1. umræðu um ábúðarskattinn, að hann vildi lækka skattinn, og þó hefði hann viljað leggja 1 alin á hvert jarðarhundrað og líka 1 alin á hvert lausafjárhundrað, en aptur fella tekjuskatt og húsaskatt, og þætti sjer í því ekki mikill jöfnuður, og mundi eigi vanþörf á, að nefnd tæki málið til íhugunar.

Forseti bar þá undir atkvæði, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með 10 atkvæðum, og með sama atkvæðafjölda var það fellt frá sjerstakri nefnd, en með 8 atkvæðum samþykkt, að því skyldi vísað til nefndarinnar í tekjuskattsmálinu.

NEFNDARÁLIT

í málinu: frumvarp til laga um húsaskatt.

Efri deild alþingis hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd til þess, að segja álit vort um frumvarp þetta, og er það á þessa leið:

Nefndin hefur af ráðið, þar sem að frumvarpið stendur í mjög nákvæmu sambandi við hin önnur skattamál landsins, og eptir því horfi sem nú er á þessum málefnum, að vera ekki mótfallin frumvarpi þessu með talsverðum breytingum, og er það einkum á eignarverði því, er hið minnsta gjald á að lenda á og upphæð gjaldsins.

Reyndar má mikill efi vera á því, hvort rjett sje, eins og nú er varið húsabyggingum hjer á landi, þar sem brýn nauðsyn er að hvetja til betrunar á húsakynnum, að leggja á skatt þennan, en undir öllum kringumstæðum má það virðast óráðlegt, að leggja toll á húseignir, sem eru næsta lítils virði, og ekki betri en svo, að þær einungis á næsta ljelegan hátt fullnægja hinu allranauðsynlegasta skilyrði til þess að geta lifað og starfað, og verður að telja í þeim flokki þau hús, sem einungis eru 500 kr. virði. Nefndin leggur því til, að hinn lægsti gjaldstofn sje látinn vera 1000 kr.

Þá er um upphæð gjaldsins er að ræða, virðist nefndinni, að 2 kr. af hverjum 1000 kr. sje of hátt gjald, af því að húsabyggingar hjer á landi eru mjög kostnaðarsamar, hús

sjaldan eru höfð á leigu með verulegum ábata, og að eigendunum alloptast veitir fullerfitt að byggja þau og halda þeim við. Þannig er það fullyrt, að í Reykjavík megi telja, að um 8% af verði hússins þurfi á ári til þess að greiða brunabótaábyrgð, skatta og halda húseigninni við, svo að í viðunanlegu horfi sje, en á hinn bóginn eru því nær engin hús í Reykjavík leigð með því verði. Það er og ástæða til þess, að húsagjaldið ekki sje látið vera mjög hátt, að út um landið er mjög erfitt og dýrkeypt að halda húsum í viðunanlegri brunabóta-ábyrgð, og eru þau því vonarpeningur, ef þau eru ótryggð gegn eldsvoða. Það leiðir af eðli þessara fasteigna, að mjög erfitt er fyrir húseigendur að fá hús sín veðsett fyrir peningaláni, og verða þeir, er þau byggja, þess vegna opt að reisa sjer hurðarás um öxl, svo að ófært er að íþyngja þeim með háum skatti. Nefndin leggur því til, að gjaldið ekki sje látið vera hærra en 1 af hverju þúsundi.

Auk þessara mjög verulegu breytinga, stingur nefndin upp á, að í staðinn fyrir orðið »hús» í byrjun 1. greinar sje brúkað orðið »húseign», sem umfangsmeira, þar það nær yfir fleiri hús, sem eru í sömu eignarheild. Þar eð greinin virðist geta orðið misskilin, álítur nefndin því rjett, að til tekin sje sú upphæð, á hverri skattgjaldið velti, og eru það 500 krónur eptir mati nefndarinnar.

Í annari grein hefur þótt ástæða til þess, að taka fram við orðið »hvort hús», að hjer sje einungis að ræða um hús þeirrar tegundar, sem greinin ræðir um.

Þriðju grein hefur orðið að breyta, af því að skattgjaldið í Reykjavík getur komið til að hvíla á húsum, sem ekki eru í brunabóta-ábyrgð, og verður því að virða þau eptir þeim reglum, sem gilda um virðingar annarstaðar á landinu.

Í 5. grein er gjörð orðabreyting, sem fellur betur við þá tilhögun, sem áformuð er.

Eptir þessu verða:

Breytingaruppástungur nefndarinnar í málinu um frumvarp til laga um húsaskatt.

Við 1. grein. Í stað orðanna í upphafi greinarinnar: »Af öllum húsum — virðingarverðs þeirra», komi: »af öllum húseignum í kaupstöðum og verzlunarstöðum landsins, sem eru fullra 1000 króna virði, skal greiða skatt til landssjóðs, 1 krónu af hverjum 1000 kr. virðingarverðs þeirra».

Í öðrum kafla greinarinnar í stað »500 króna» komi: »1000 krónur».

Við enda greinarinnar bætist: »Upphæð sú, sem skatturinn er greiddur af, skal ávallt deilanleg með 500; það, sem þar er fram yfir, skal eigi koma til greina skattinum til hækkunar».

Við 2. grein. Í staðinn fyrir: »hvort hús» komi: »hvort slíkt hús».

Við 3. grein:

Greinin orðist þannig: »Á húseignir í Reykjavík, sem virtar eru samkvæmt tilsk. 14. febr. 1874, 4. og 5. gr., skal leggja skattinn eptir þeirri virðingu. Allar aðrar húseignir, er skatturinn nær til, skal meta eptir tillilutun yfirvaldsins, og samkvæmt reglugjörð, sem landshöfðingi semur um það efni.

Við 5. grein. Í stað orðanna: »sem hin eldri manntalsbókargjöld höfðu» komi: »sem skattgjöld til landssjóðs hafa».

Alþingi 14. ágústmán. 1877.

Árni Thorsteinson, framsögumaður. Ásgeir Einarsson. Bergur Thorberg, formaður. Eiríkur Kúld. Magnús Stephensen, skrifari.

Á 37. fundi efri þingdeildarinnar, 16. dag ágústmán., var 1. umræðu um *frumvarp til laga um húsaskatt* samkvæmt dagskránni haldið áfram, og var málinu umræðulaust vísað til 2. umræðu.

BREYTINGARUPPÁSTUNGUR
við frumvarp til laga um húsaskatt.

I. Breytingaratkvæði
við breytingu nefndarinnar,
frá Stefáni Eiríkssyni.

Við 1. grein að í staðinn fyrir: «1. kr.

af hverjum 1000 kr.» komi: «1. kr. 50. au. af hverjum 1000 kr.».

II. Breytingaratkvæði
við frumvarp til laga um húsaskatt.

Við 1. grein. Fyrir orðin: «veðskuldir á húsi» komi: «skuldir á húseign».

Frá Jóni Pjeturssyni, 3. konungkjörnum þingmanni.

ÖNNUR UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 39. fundi efri þingdeildarinnar, 18. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til laga um húsaskatt.*

Framsögumaður (Árni Thorsteinson) kvað það að vísu í raun og veru vera tæplega rjett, að leggja þennan skatt á, en sakir þess að hann væri svo lágur, þá væri hann honum eigi svo mjög mótfallinn, en þó hlyti hver maður að sjá, að eigi mætti leggja þunga skatta á hús, sem maður hefði til starfs eða skýlis, og það gæti þar að auki orðið til tálmunar því, að húsabyggingar væru bættar hjer á landi, sem væri þó mjög ábótavant. Nú hefði nefndin eigi viljað ganga alveg fram hjá þessum skatti, og því tekið það fyrir, að láta skattinn eigi falla á húsin, nema þau væru 1000 króna virði, því að það væri ekki merkilegur kofi, sem eigi næmi 500 krónum, og hefði henni þótt óhæfilegt að leggja á slík hús. Svo hefði og nefndinni þótt of hátt að leggja 2 kr. á hvert þúsund virðingarverðsins, og fært gjaldið því niður í 1 krónu, og svo hefði það þótt miður heppilegt, að til taka eigi, á hverju gjaldið skyldi velta, og því sett, að gjaldstofninn skyldi jafnan deilanlegur með 500, en það, sem þar væri fram yfir, skyldi eigi falla undir skatt, en eptir frumvarpi neðri deildarinnar hefði mátt taka skatt af hverri einni krónu, sem hefði verið fram yfir hinn lægsta gjaldstofn; sjálft gjaldið væri því í 50 aura stigum. Neðri deildin hefði og eigi að gætt, að skattur þessi fjelli meðal annars á hús hjer í Reykjavík, sem eigi væru í brunabóta-ábyrgð, og hefði nefndin því tekið upp ákvörðun í þá stefnu í 3. gr.; kvaðst hann svo eigi mundu mæla meira með nefndarálitinu, meðan eigi kæmu mótmæli gegn því.

Stefán Eiríksson kvaðst vilja gjöra grein fyrir breytingaratkvæði því, er hann hefði komið fram með í máli þessu. Sjer hefði þótt of lágt gjald nefndarinnar 1 kr., en aptur sjeð, að almenningsálit í deildinni hefði verið, að skattur sá, sem utanþingsnefndin hefði stungið upp á, nfl. 2 krónur, væri of hár, og því hefði hann farið meðalveginn, og sett skattinn 1 krónu og 50 a.; þætti sjer sanngjarnt, að hafa skattinn að minnsta kosti svo háan, því að margir mundu hafa háar leigur af húsum sínum hjer í Reykjavík. Það þætti að minnsta kosti gott afgjald af jörð til sveita, sem hann hefði heyrt, að goldið væri af einum loptherbergjum hjer í bænum, nefnilega 200 krónur (þingmenn úr Reykjavík «nei, nei»). Þingmennirnir þyrftu ekki að segja nei við því, því hann gæti til nefnt manninn, ef þeir vildu. Það þætti sjer rjett, að miða skattinn við 1000 kr., eins og nefndin hefði gjört, og leggja hann eigi á minna, og þótt hann væri 1 króna og 50 aurar, þætti sjer hann sannarlega ekki of hár, þegar hann væri borinn saman við skatt þann, sem bændur yrðu að gjalda í tekjuskatt; þeir yrðu einnig að gjalda skatt til landssjóðs af öllu, sem þeir hefðu til afnota og væru kallaðir að eiga, þótt það allt eða meiri parturinn stæði í skuld, en húsaskatturinn kæmi þó eigi á annað en það, sem væri hrein eign, því að þar mætti draga frá gjaldstofninum allar veðskuldir, sem á húsunum lægju.

Framsögumaður gat þess, að nefndin mundi aðhyllast breytingaratkvæði þingmanns Skaptfellinga, ef hennar eigin tillaga yrði eigi samþykkt.

Jón Pjetursson kvað ónákvæmt orðaðan síðari hluta 1. greinar, þar sem sagt væri: «Hvíli þinglýstar veðskuldir á húsi», því að veðskuldirnar hvíldu eigi fremur á húsum

47*

en lóð þeirri, sem húsinu fylgdi, og mörgum húsum fylgdu þó dálitlir túnblettir, sem veðskuldin hvíldi eins á; væri því rjettara að setja «húseign» í staðinn; hjer stæði eins á, eins og með jarðir til sveita, að þar fylgdi bærinn jörðunni, og sú veðskuld, sem á jörðinni hvíldi, lægi og á bænum með. Það væri og athugandi, að fleiri þinglýstar skuldir lægju á húseignum en veðskuldir, því það lægju á einstaka húseignum sjerskildar skuldir til landssjóðs eða bæjarsjóðs, sem sjer fyndist að einnig ætti að draga frá, áður en húsið væri metið til skatts.

Sighvatur Árnason kvaðst hafa íhugað hlutföllin milli skattanna, og þætti sjer þau nú hafa mjög ruglazt, frá því sem bæði utanþingsnefndin og stjórnin hefði ætlazt til. Neðri deildin hefði fært niður bæði ábúðarskattinn og lausafjárskattinn, en efri deildin hefði aptur fært þá upp, svo þeir væru nærri því eins háir eins og í stjórnarfrumvarpinu, en lækkað svo húsaskattinn, að hann væri helmingi lægri, en stjórnin hefði stungið upp á og neðri deildin. Annað hvort væri, að hlutfall það, sem bæði utanþingsnefndin, stjórnin og neðri deildin hefðu ætlazt til að væri milli skattanna, væri skakkt, eða þá það hlutfall, sem nú væri orðið milli þeirra hjer í deildinni, og yrði hann að álíta, að hið síðara væri orðið rammskakkt. Fyrir sitt leyti vildi hann alla fasta skatta sem lægsta, og það þætti sjer mjög áríðandi, að hlutfallið milli þeirra væri sem rjettast og jafnast. Ef einn skattur væri lækkaður, og annar færður upp, þá þyrfti vandlega að gæta að, að það væri gjört í rjettu hlutfalli. Sjer hefði þótt liggja næst við fyrri umræðu málsins, að hafa húsaskattinn 1 kr. af 1000, ef ábúðarskatturinn hefði eigi orðið hærri en $^1/_4$ álnar af hundraði, og lausafjárskatturinn 1 alin, en fyrst ábúðarskatturinn hefði orðið $^1/_2$ alin og hinn 1 alin, þætti sjer rjett, að húsaskatturinn væri að minnsta kosti eigi lægri en 1 kr. 50 aurar. Það þætti sjer nokkurn veginn rjett hlutfall, og væri það eigi af neinni hlutdrægni, því að sitt mark og mið væri að fylgja því, sem hann fyndi sannast og rjettast, hver sem í hlut ætti; hann vildi ekki mæla einn fremur undan gjöldunum en annan, og ýta ekki byrðinni á eina stjettina fremur en aðra, hvað sem aðrir segðu. Aptur á móti gæti hann vel fallizt á þá breytingu nefndarinnar, að lægsta stig fyrir skatti þessum skyldi vera 1000 kr., því að það væru lítilfjörleg hús, sem eigi væru meira en 500 kr. virði, og hlyti það að verða tilfinnanlegt, að leggja skatt á slík hús.

Jón Hjaltalín kvað nú koma eitt öðru verra, þegar þessi skattur kæmi til sögunnar, og vonaðist hann eptir, að deildin yrði eigi svo blind, að samþykkja þessar skattaálögur, þótt henni hefði orðið sú vanhyggja að samþykkja tekjuskattinn, því að sá skattur væri þó hugsanlegur, en þessi skattur væri svo fjarstæður, að hann næði engri átt. Það mundi öllum kunnugt, hversu ill húsakynni væru almennt hjer á landi og hve mjög þau þyrftu umbóta við, og hlyti því hver maður að sjá, að heldur ætti að heita þeim verðlaunum úr landssjóði, sem bættu húsabyggingar hjer, en að taka skatt af þeim, undir eins og þeir reyndu til að bæta þær. Öllum mundi það einnig kunnugt, að hjer á landi væri álitið eitthvert hið heilnæmasta loptslag í norðurálfu, og þó dæju hjer 40 ungbörn af hverju hundraði, sem fæddust, og væri það engu öðru að kenna en illu andrúmslopti, sem aptur kæmi af vondum húsakynnum, og þó væri alþingi Íslendinga að setja lög einmitt til að halda þessu við, einmitt sjálfum sjer til niðurdreps og ógæfu. Slíkt væri þó auðsjáanlega til stórrar minnkunnar fyrir löggefandi þing, og vildi hann biðja menn, að eyða eigi lengur tíma til þess og kasta því sem fljótast.

Fleiri tóku eigi til máls, og bar forseti þá undir atkvæði breytingaratkvæðin við frumvarp þetta og hinar einstöku greinar þess, og fjellu atkvæðin þannig:

1. breyting nefndarinnar við 1. gr., að lægsta stigið skyldi vera 1000 kr., samþykkt með 8 atkvæðum.

2. breyting nefndarinnar við seinni hluta sömu greinar, að «500» væri breytt í «1000», samþykkt með 9 atkvæðum.

3. breyting nefndarinnar við 1. gr., að 1 kr. skyldi goldin af 1000 hverju, var samþykkt með 5 atkvæðum gegn 4, en af því að atkvæðagreiðslan varð óljós, var við haft nafnakall, og sögðu

«já;»

Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Jón Hjaltalín og
Jón Pjetursson.

«nei:»

Benidikt Kristjánsson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson, og
Torfi Einarsson;

og var breytingaruppástungan þannig samþykkt með 7 atkvæðum gegn 4.

Var þar með fallið breytingaratkvæði þingmanns Skaptfellinga.

Breytingaratkvæði hins 3. konungkjörna við 1. grein var fellt með 7 atkv. gegn 2.

Viðbót nefndarinnar við 1. grein var samþykkt með 9 atkvæðum.

Síðan var 1. gr. frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt með 7 atkv. gegn 2.

Breyting nefndarinnar við 2. gr. var samþykkt með 9 atkvæðum, og 2. gr. með þeirri breytingu samþykkt í einu hljóði.

3. gr. var samþykkt, eins og nefndin hafði orðað hana, með 8 atkvæðum, og fjell þar með 3. gr. frumvarpsins.

4. gr. var samþykkt með 9 atkvæðum.

Breyting nefndarinnar við 5. gr. og 5. gr. með þeirri breytingu, var hvort um sig samþykkt með 9 atkvæðum, og 6. gr. einnig með 9 atkvæðum.

Frumvarpið sjálft í heild sinni með áorðnum breytingum var samþykkt með 9 atkvæðum, og því vísað til 3. umræðu einnig með 9 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 40. fundi efri þingdeildarinnar, 20. dag ágústmán., kom *frumvarp til laga um húsaskatt* samkvæmt dagskránni til 3. umræðu. Engin umræða varð um málið, og var frumvarpið samþykkt óbreytt með 7 atkvæðum gegn 2. Kvað forseti málið verða sent aptur til neðri deildarinnar.

Á 50. fundi neðri þingdeildarinnar, 21. dag ágústmánaðar, var lagt fram *frumvarp til laga um húsaskatt*, eins og það hafði verið samþykkt í efri deildinni, og er því hafði verið útbýtt meðal þingdeildarmanna, skoraði forseti á nefndina í skattamálinu að láta uppi álit sitt um málið.

NEFNDARÁLIT
um frumvarp til laga um húsaskatt.

Efri deild alþingis hefur breytt frumvarpi þessu frá því, sem það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild alþingis í þeim tveim atriðum, 1. að þar sem hið lægsta verð húsa, sem skatt skyldi af greiða til landssjóðs, skyldi vera 500 kr., þá hefur efri deildin breytt því í 1000 kr., og skyldu öll þau hús, er virðingarverð þeirra væri minna, vera laus við skatt þennan; 2. að þar sem skattur var ákveðinn í frumvarpi neðri deildarinnar 2 af hverjum þúsund krónum virðingarverðs húsanna, þá hefur efri deildin breytt því í 1 kr. af hverjum 1000 krónum virðingarverðsins.

Viðvíkjandi fyrri breytingunni, þá getum vjer eigi fallizt á hana af þeim sökum, að með því móti mundu allt of mörg hús verða undanþegin skattinum, einkum í öðrum kaupstöðum landsins, en Reykjavík, og verzlunarstöðunum, þar sem einkum íbúðarhús optast nær eru smá og lítil, og viljum vjer því ráða hinni heiðruðu deild að taka upp aptur ákvörðunina um þetta atriði, eins og hún var í frumvarpi því, sem deildin samþykkti við 3. umræðu máls þessa.

Þegar ræðir um hina aðra breytingu efri deildarinnar, sem vjer þegar nefndum, þá játum vjer, að 2 krónur af hverjum 1000 kr. í virðingarverði húsanna er of hár skattur, bæði þegar litið er til þess, hvílíkur kostnaður hvílir á húsum og viðhaldi þeirra, og þess arðs, sem af þeim fæst, og einkum í samanburði við þá skatta, sem í ráði er að leggja á, bæði á lausafje og aðrar arðberandi eignir. Aptur á hinn bóginn virðist oss 1 kr. af hverjum 1000 krónum virðingarverðs húsanna heldur lágur skattur, einkum í samanburði við tekjuskatt þann, sem nú er stungið upp á, og sem nefndin finnur eigi nægja ástæðu til að breyta, og viljum vjer því fara bil beggja og ákveða hann 1½ kr. af hverjum 1000 krónum virðingarverðs húsanna.

Viðauka efri deildarinnar við 1. grein, viljum vjer ráða hinni heiðruðu deild að fallast á, og virðist oss hann vel við eiga; en breytingin við 3. grein og nokkrar aðrar breytingar eru að eins orðabreytingar, og höfum vjer ekkert á móti þeim.

Samkvæmt því, sem vjer þegar höfum sagt, viljum vjer ráða hinni heiðruðu deild að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum á fyrstu grein:

a, að: «fullra 1000 króna virði» á tveim stöðum breytist í: «fullra 500 króna virði».

b, «1 krónu» breytist í: «1½ krónu».

Alþingi 21. dag ágústmánaðar 1877.

H. Kr. Friðriksson, form. og framsögumaður.
Jón Sigurðsson, skrifari.
Guðmundur Einarsson. Einar Ásmundsson.
Hjálmur Pjetursson. Einar Guðmundsson.
Þorlákur Guðmundsson.

EIN UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 53. fundi neðri deildar alþingis, 23. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til einnar umræðu *frumvarp til laga um húsaskatt.*

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson) kvaðst ekki ætla sjer að vera langorður, þar sem nefndin hefði þegar gjört grein fyrir breytingum sínum. Þær breytingar, sem efri deildin hefði gjört við frumvarpið, væru helzt, að hún hefði fært lægsta takmarkið fyrir verði þeirra húsa, er skatt skyldi af greiða, upp í 1000 kr. Þetta þætti nefndinni heldur hátt takmark, því að með því mundu allt of mörg hús komast hjá skatti, ekki einungis margir torfbæir, sem færir væru að bera skatt, heldur og mörg timburhús, en nefndinni hefði þótt sjálfsagt, að af öllum íveruhúsum væri greiddur skattur. Aptur á hinn bóginn hefði nefndinni þótt 1 kr. af hverjum 1000 kr. virðingarverðs húsanna of lágt gjald, og því hefði hún stungið upp á að hækka það um ½ kr. Viðauki efri deildarinnar við 1. gr., að upphæðin, sem gjaldið væri greitt af, skyldi ávallt vera deilanleg með 500, væri til bóta, og skyldi hann því leyfa sjer, að mæla með henni. Aðrar breytingar væru ekki, nema orðabreytingar, t. a. m. við 3. gr. Ef deildinni þætti 1½ kr. of hár skattur, þá skyldi hann ekki halda því fast fram, en sín sannfæring væri, að bezt væri að fara mitt á milli þess, er efri deildin hefði samþykkt, og þess, er staðið hefði í hinu fyrra frumvarpi neðri deildarinnar.

Varaforseti sagði, að þó hann hefði verið með því, að undir skrifa nefndarálitið, þá væri sjer þó nær skapi að hverfa aptur frá þessum breytingum, sem nefndin hefði stungið upp á. Þótt nokkur fáein hús kynnu að sleppa undan skattinum, ef lægsta takmark væri ákveðið 1000 kr., þá væru þau ekki mörg, og væri því að eins um sárlitla tekjurýrnun að gjöra. 1 króna væri má ske heldur lágur skattur á húseignum, en aptur væri ábúðarskatturinn orðinn fremur lágur, og við hann ætti helzt húsaskatturinn að miðast; einnig væri þetta nýr skattur, og því ekki ósanngjarnt, að hann væri vægur. Ef húsatíundin af húsum í Reykjavík yrði lögtekin, þá færi gjaldið á húsunum að verða nokkuð hátt. Þess vegna kvaðst hann vilja skjóta því til framsögumanns, hvort honum ekki litist vel á að taka breytingaruppástung-

urnar aptur, en deildinni vildi hann helzt ráða til að samþykkja frumvarpið óbreytt, eins og það hefði komið frá efri deildinni.

Framsögumaður svaraði varaforseta því, að hann vildi ekki taka breytingaruppástungurnar beinlínis aptur, heldur fela deildinni, hvort hún vildi samþykkja þær eða ekki.

Hjálmur Pjetursson sagði, að hann hefði aldrei lagt sjerlega áherzlu á það, að hafa húsaskattinn háan, enda gæti hann ekki kallazt sjerlega þungur, þótt hann væri $1^1/_2$ af 1000, í samanburði við lausafjárskattinn, eins og hann hefði nýlega verið samþykktur hjer í deildinni; þar á móti áliti hann þennan húsaskatt fullháan eða jafnvel of háan í samanburði við tekjuskattinn, sem búið væri að viðtaka. Viðvíkjandi þeim tilmælum varaforseta, að framsögumaður og aðrir nefndarmenn vildu hverfa frá þeim breytingum, er þeir ásamt honum hefðu stungið upp á við frumvarp þetta, þá vildi hann geta þess, að hann hefði nýlega fengið ávítur fyrir hverflyndi viðvíkjandi nefndarálitinu um ábúðarskattinn, er hann þó hefði undir skrifað með undantekningu, og væri því ekki þess að vænta af sjer, að hann gengi frá því nú, er hann hefði undir skrifað án undantekningar. Sjer þætti það annars undarlegt, að fyrirliðar nefndarinnar skyldu nú vera fyrstir til að ganga frá undirskript sinni, og hvetja aðra til þess að hverfa frá henni.

Með því ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða og fjellu þau þannig:

1. Fyrri breyting nefndarirnar við 1. gr. samþykkt með 14 atkvæðum gegn 4.
2. Síðari breyting nefndarinnar við 1. grein samþykkt með 14 atkvæðum gegn 4.

Frumvarpið í heild sinni með áorðnum breytingum var samþykkt með 20 atkvæðum, og var þá sent efri deildinni aptur.

Á 47. fundi efri þingdeildarinnar, 24. dag ágústmán., var *frumvarp til laga um húsaskatt*, eins og það hafði verið samþykkt við eina umræðu í neðri deildinni, lagt fram og því út býtt meðal þingdeildarmanna, og skoraði forseti á nefndina, er áður hafði fjallað um málið, að segja um það álit sitt.

NEFNDARÁLIT

um frumvarp til laga um húsaskatt.

Eptir að nefnd sú, sem áður var kosin í máli þessu, hefur fengið frumvarp þetta, eins og það er samþykkt í neðri deildinni við eina umræðu, hefur nefndin tekið það til íhugunar, og er álit vort sem fylgir:

Af sömu ástæðum og nefndin hefur áður tekið fram í nefndaráliti því, er hún hefur samið, verður hún enn að leggja það til, að gjaldið ekki sje krafið af lægri upphæð en 1000 kr., og að skatturinn sje látinn vera 1 kr. af hverjum 1000 kr. Eptir þessu eru breytingaruppástungur nefndarinnar

við 1. grein:

Í stað: «500 kr.» í fyrra skiptið komi: «1000 kr.«.

Í stað: «500 kr.» í annað skiptið komi: «1000 kr.».

Í stað: «$1^1/_2$ kr.» komi «1 kr.».

Alþingi, 24. ágúst 1877.

Árni Thorsteinson, framsögumaður. Bergur Thorberg, formaður.

Ásgeir Einarsson. Eiríkur Kúld.

Magnús Stephensen, skrifari.

EIN UMRÆÐA

í efri deild alþingis.

Á 49. fundi efri þingdeildarinnar, 27. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til einnar umræðu *frumvarp til laga um húsaskatt*.

Framsögumaður (Árni Thorsteinson) kvaðst í nafni nefndar þeirrar, er máli þessu var vísað til, vilja taka það fram, að nefndin væri sömu skoðunar og áður, að skattur þessi

mætti eigi hærri vera en 1 af 1000, og eigi af lægra stigi en 1000 kr. En þegar á það væri litið, að það væri lífsspursmál fyrir frumvarpið, sem stæði í sambandi við önnur skattamál landsins, að það yrði samþykkt óbreytt, vegna þess hvað tíminn væri orðinn stuttur, þá væri nefndinni ekki kappsmál að halda þessum breytingum fram. Fyrir sitt leyti gæti hann að svo vöxnu máli og einungis af þessari ástæðu gefið frumvarpinu atkvæði sitt, og væri sú skoðun gildandi hjá nefndinni yfir höfuð; þá þyrfti eigi að taka breytingarnar aptur, enda gæti hann það eigi, ef einhver nefndarmanna mælti móti.

Eiríkur Kúld mótmælti, að breytingar nefndarinnar yrðu teknar aptur, enda gengi eigi langur tími til að greiða atkvæði um þær, og mundi hann eigi greiða atkvæði móti þeim.

Sighvatur Árnason: Ef breytingarnar yrðu eigi teknar aptur, yrðu þær kannske samþykktar, og það gæti orðið málinu til fyrirstöðu.

Ásgeir Einarsson var samdóma varaforseta um það, að þegar á allt væri litið, að því er snerti hin skattlagamálin, þá væri nógu hátt gjaldið 1 af 1000, og nógu lágt stigið 1000 kr. Annað mál væri það, að halda því eigi fram með keppni eða stífni, ef það gæti orðið málinu til fyrirstöðu.

Jón Pjetursson ætlaði, að hjer væri eigi að eins meint timburhús og múrhús, heldur og torfhús.

Síðan var gengið til atkvæða og var:

1. breytingaruppástunga við 1. gr. felld með 6 móti 5.
2. breytingaruppástunga við 1. gr. felld með 7 móti 4.
3. breytingaruppástunga við 1. gr. felld með 6 móti 5.

Frumvarpið var óbreytt samþykkt með 8 atkvæðum.

Kvað forseti það mundu verða afgreitt til landshöfðingja sem lög, svo hljóðandi:

LÖG
um húsaskatt.

1. grein.

Af öllum húseignum í kaupstöðum og verzlunarstöðum landsins, sem eru fullra 500 króna virði, skal greiða skatt til landssjóðs, 1½ krónu af hverjum 1000 krónum virðingarverðs þeirra. Sama skatt skal og greiða af öðrum húsum, sem eru fullra 500 króna virði, þótt eigi standi þau í kaupstað eða verzlunarstað, ef þau eru eigi notuð við ábúð á jörð þeirri, er metin sje til dýrleika. Hvíli þinglýstar veðskuldir á húsi, skulu þær dregnar frá virðingarverði þess, og skatturinn lagður á það, sem eptir er.

Upphæð sú, sem skatturinn er greiddur af, skal ávallt deilanleg með 500. Það sem þar er fram yfir, skal eigi koma til greina skattinum til hækkunar.

2. grein.

Undanþegnar þessu gjaldi eru kirkjur allar, skólar, sjúkrahús, og öll önnur hús, sem eru þjóðeign eða til opinberra þarfa. Ef ágreiningur verður um það, hvort slíkt hús er undanþegið skattinum eða ekki, sker landshöfðingi úr.

3. grein.

Á húseignir í Reykjavík, sem virtar eru samkvæmt tilsk. 14. dag febrúarmán. 1874, 4. og 5. gr., skal leggja skattinn eptir þeirri virðingu. Allar aðrar húseignir, er skatturinn nær til, skal meta eptir tilhlutun yfirvaldsins og samkvæmt reglugjörð, sem landshöfðinginn semur um það efni.

4. grein.

Fyrir virðingar þessar bera hverjum virðingarmanni 3 krónur hvern þann dag, sem þeir eru að virðingunni, og greiðist það fje úr landssjóði, eins og hver annar kostnaður, sem virðingargjörðir þessar hafa í för með sjer.

5. grein.

Fyrir húsaskatti þessum má gjöra fjárnám hjá greiðanda samkvæmt opnu brjefi 2. dag aprílmánaðar 1841, og hefur hann

í tvö ár frá gjalddaga forgöngurjett þann, sem skattgjöld til landssjóðs hafa að lögum.

Skattur af húsum skal um tveggja ára bil frá gjalddaga ganga fyrir öllum veðkröfum í hlutaðeigandi húsi.

6. grein.

Gjald þetta skulu sýslumenn og bæjarfógetar heimta á manntalsþingum ár hvert, í fyrsta skipti árið 1879.

V.

Frumvarp

til

laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta.

1. grein.

Sýslumönnum og bæjarfógetum skulu veitt ákveðin laun úr landssjóði, svo sem segir í 4. og 5. grein hjer á eptir. Aptur á móti renna afdráttarlaust í landssjóðinn tekjur þær, sem embættismenn þessir hafa hingað til að launum haft, hvort heldur eru manntalsbókargjöld eða skattur sá, sem í þeirra stað kemur, tekjur af ljensjörðum, umboðslaun eða aukatekjur, nema þær, sem undan eru skildar í 2. grein laga þessara.

2. grein.

Sýslumenn og bæjarfógetar skulu halda óskertum gjöldum þeim, sem þeim bera fyrir innheimtu aðflutningsgjalds á brennivíni og öðrum áfengjum drykkjum, samkvæmt tilsk. 26. dag febrúarm. 1872, 10 gr., sbr. lög 11. febr. 1876, og á tóbaki samkvæmt lögum 11 dag febrúarm. 1876, 3. grein, svo og gjöldunum fyrir eptirlit með útlendum fiskiskipum samkvæmt lögum 17. desbr. 1875.

Nú eiga tjeðir embættismenn heimtingu á fæðispeningum, og skal þá greiða þeim 6 kr. fyrir dag hvern.

3. grein.

Lögþingisskrifaralaun og lögrjettumannalaun þau, sem sýslumenn hafa hingað til greitt til landssjóðs, skulu af numin. Svo skal og af numinn hundraðsfiskur sá á Vestmannaeyjum, sem goldinn er sýslumanninum þar á eyjunum.

4. grein.

Sýslum landsins skal skipt í þrjá flokka. Laun sýslumanna í sýslum þeim, sem teljast til 1. flokks, eru 4000 kr. árlega; í sýslum þeim, sem teljast til 2. flokks, 3200 kr., og í sýslum þeim, sem teljast til 3. flokks, 2400 kr.

Í 1. flokki eru:

1. Árnessýsla.
2. Húnavatnssýsla.
3. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.
4. Þingeyjarsýsla.

Í 2. flokki eru:

1. Skaptafellssýsla.
2. Rangárvallasýsla.
3. Gullbringu- og Kjósarsýsla.
4. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.
5. Ísafjarðarsýsla.
6. Skagafjarðarsýsla.
7. Eyjafjarðarsýsla.
8. Norður-Múlasýsla.
9. Suður-Múlasýsla.

Í 3. flokki eru:

1. Vestmannaeyjasýsla.
2. Dalasýsla.
3. Barðastrandarsýsla.
4. Strandasýsla.

5. grein.

Bæjarfógetinn í Reykjavík hefur að launum 4000 kr. árlega, og að auki 800 kr. árlega í skrifstofukostnað. Bæjarfógetarnir á

Ísafirði og Akureyri hafa hvor í laun 600 kr. árlega.

6. grein.

Ráðgjafinn fyrir Ísland gjörir ráðstafanir þær, sem nauðsyn ber til, lögum þessum til framkvæmdar, og sjer í lagi semur hann reglugjörð um innheimtu allra aukatekja og skil fyrir þeim.

7. grein.

Hinar almennu ákvarðanir í lögum um laun embættismanna m. fl. 15. dag októbermánaðar 1875, 1.—7. gr., skulu einnig ná til sýslumanna og bæjarfógeta, að því leyti er snertir 7. grein tjeðra laga, þannig, að tekjur þær, sem þeir hafa haft hingað til, sjeu taldar eptir því, sem þær hafa verið að meðaltali um hin 5 síðustu ár.

8. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. dag ágústmánaðar 1878.

Athugasemdir
við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er með þeim breytingum, sem nákvæmar er skýrt frá hjer á eptir, samhljóða frumvarpi því, sem nefnd sú hefur samið, er sett var með allrahæstum úrskurði 29. október 1875, til þess að semja ný skattalög og fl. Skal því vísað til álitsskjals nefndarinnar, VIII. kafla, og athugasemdanna, sem nefndin hefur gjört um frumvarpið, fylgiskjal IV, og því við bætt, sem hjer kemur, um þau atriði, er frumvarp þetta er frábrugðið frumvarpi nefndarinnar.

Samkvæmt uppástungu landshöfðingja hefur stjórnarráðið í 2. gr. bætt gjöldum þeim, sem ákveðin eru í lögum 17. desbr. 1875 fyrir eptirlit með útlendum fiskiskipum, við tekjur þær, sem sýslumenn og bæjarfógetar skulu halda, með því þær ástæður, sem eru til þess að láta þá halda þeim tekjum, sem getið er um í frumvarpi nefndarinnar, 2. gr. 1. staflið, einnig gilda um gjöld þau, sem sagt er fyrir um í lögum 17. desember 1875.

Að því leyti sem nefndin hefur stungið upp á því, að sýslumenn og bæjarfógetar sömuleiðis skuli halda aukatekjum þeim, sem taldar verða ritlaun, hefur landshöfðingi getið þess, að hlutaðeigandi embættismenn munar mjög lítið um tekjur þessar, sem eigi með neinu móti hrökkva fyrir skrifstofukostnaði þeirra, en þessi ákvörðun gæti, sökum þess að hún er svo óákveðin, hæglega valdið efasemdum. Landshöfðingi hefur þess vegna stungið upp á, að aukatekjur þessar skuli á sama hátt og aðrar aukatekjur renna í landssjóð, og hefur stjórnarráðið fallizt á uppástungu þessa.

Í athugasemdum nefndarinnar um þessa grein er það tekið fram, að það leggi sig sjálft, að sýslumenn eigi framvegis eins og hingað til að halda endurgjaldi fyrir ferðakostnað og fæðispeningum. Í tilefni af þessu skal þess getið, að allir eru samdóma um það, að fæðispeningar þeir, sem aukatekjureglugjörð 10. september 1830 ákveður handa sýslumönnum, og sem eru 2—3 krónur um dag hvern, eins og nú hagar til, hrökkvi hvergi nærri til þess, að borga kostnað þann, er af embættisferðum þeirra leiðir. Eins og þess vegna lögin um skipströnd 14. janúar 1876, 21. grein, hafa hækkað fæðispeninga þá, sem ákveðnir eru í aukatekjureglugjörðinni, 26. grein, frá 2 kr. til 6 kr. fyrir hvern dag, þannig hefur stjórnarráðinu virzt, að ástæða væri til, að taka upp í þessa grein ákvörðun um, að þá er sýslumenn hafa heimtingu á fæðispeningum samkvæmt gildandi lögum, skuli það vera 6 kr. fyrir dag hvern.

Af þeim ástæðum, sem nákvæmar er skýrt frá í athugasemdum nefndarinnar, hefur hún stungið upp á því, að bæjarfógetaembættið í Reykjavík verði aðskilið frá sýslumannsembættinu í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem er talið í 2. flokki. Landshöfðingi hefur aptur á móti álitið, að sameining þessara embætta eigi hefði nokkur slík vandkvæði í för með sjer, og því síður svo ókljúfandi örðugleika, að nauðsyn væri á, að aðgreina embættin, og stingur hann því upp á, að hið sameinaða embætti verði talið til

1. flokks, og að því sje lagt skrifstofukostnaðar-endurgjald upp á 1200 kr. á ári. Þótt stjórnarráðinu eigi hafi getað dulizt, að aðskilnaður sá á embættum þessum, sem nefndin hefur stungið upp á, muni hafa eigi alllítinn kostnaðarauka í för með sjer fyrir landssjóðinn, sem æskilegt væri að komast hjá, hefur það þó eigi viljað setja sig á móti uppástungu nefndarinnar, er það virðist vera almennings ósk eptir því, sem fram er komið frá nefndinni og alþingi, að embætti þessi skuli skilin að. Stjórnarráðið hefur samt haldið, að færa ætti niður í 800 kr. endurgjald það fyrir skrifstofukostnað upp á 1200 kr., sem nefndin hefur stungið upp á handa bæjarfógetaembættinu, sbr. 5. gr. frumvarpsins, einkum þegar að því er gætt, að sýslumönnum alls eigi er veitt endurgjald fyrir skrifstofukostnað, og hinum bæjarfógetunum að eins 600 kr. hvorum á ári, og að biskupi og amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu eptir lögum 15. október 1875, 14. gr., að eins eru veittar 1000 kr. hvorum. Hjer við bætist, að tekjur bæjarfógeta eptir 2. gr. frumvarpsins munu verða eigi all-litlar, svo að álíta má, að hann verði að tiltölu yfir höfuð vel settur.

Þar sem nefndin stingur upp á því, að launalögin 15. október 1875, 1.—7. gr. skuli einnig ná til þeirra embættismanna, sem hjer ræðir um, er þeirri ákvörðun bætt við í 7. gr. frumvarpsins, að þegar telja skuli tekjur þær, sem tjeðir embættismenn hingað til hafa haft, til þess að jafna þeim saman við laun þau, sem ákveðin eru í frumvarpinu, þá skuli farið eptir því, sem tekjurnar hafa verið að meðaltali um hin 5 síðustu ár, og er þessi ákvörðun sett vegna þess, að 7. gr. í nefndum lögum er byggð á því, að þeir embættismenn, sem þar er átt við, hafa haft fast ákveðin laun, en ekki aukatekjur eða aðrar óvissar tekjur, eins og sýslumennirnir.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 4. fundi neðri þingdeildarinnar, 6. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu *frumvarp til laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta.*

Varaforseti ljet í ljósi það álit sitt, að mál þetta stæði í svo lausu sambandi við skattamálið, að eigi bæri að vísa því til skattanefndarinnar; sjer fyndist því tilhlýðilegt, að sjerstök nefnd væri valin, og það því fremur sem skattanefndin mundi nú þegar hafa fengið svo mikið verkefni að vinna, að eigi mundi ábætandi. Stakk hann því upp á, að 5 manna nefnd væri skipuð í mál þetta.

Grímur Thomsen kvaðst eigi vera samdóma hinum háttvirta varaforseta, að mál þetta væri óviðkomanda skattamálinu. Svo væri og, að tveir deildarmenn, er í skattanefndinni væru, væru orðnir máli þessu svo gagnkunnugir, að þeir mundu geta gefið margar mikilvægar upplýsingar viðvíkjandi því. Hann yrði því að mæla með því, að mál þetta gengi til sömu nefndar.

Guðmundur Ólafsson tók það og fram, að mál þetta væri alveg sjerstaklegs eðlis, og stakk því upp á, að skipuð væri sjerstök 5 manna nefnd.

Arnljótur Ólafsson studdi mál 1. þingmanns Gullbringusýslu. Tók hannn fram, að engin nauðsyn væri á breyting á launahætti sýslumanna, fyr en breyting yrði á sköttunum, og væri því launamál sýslumanna svo mjög bundið við skattanefndina eða skattamálið. Mál þetta væri heldur eigi svo umfangsmikið, að það gæti mjög aukið á byrði skattanefndarinnar, og mundi hún eflaust hafa nógu breytt bakið til að bera það.

Einar Ásmundsson kvaðst eigi samdóma 1. þingmanni Gullbringusýslu nje þingmanni Norður-Múlasýslu; sjer virtist þetta mál eigi standa í neinu nánu sambandi við skattamálið; tilbúningur frumvarpsins stæði sjálfsagt í sambandi við það, en alls eigi efni þess. Það

væri eigi heldur næg ástæða, til að vísa þessu máli til skattanefndarinnar, að 2 menn í þeirri nefnd væru því gagnkunnugir; því að hægt væri að sjá svo um, ef sjerstök nefnd væri kosin í málið, að þá væru einmitt þessir 2 gagnkunnugu menn, annarhvor eða báðir, kosnir í hana. Hann kvaðst eigi heldur geta verið á máli 1. þingmanns Norður-Múlasýslu viðvíkjandi því, að þetta frumvarp gæti eigi orðið gjört að lögum, fyrri en skattamálið væri komið í kring, því að hvernig sem það mál svo færi, þá yrðu þó sýslumennirnir að hafa sanngjörn laun, og þeim mætti hæglega breyta, ef mönnum svo sýndist, áður en skattalögunum yrði breytt. Skattanefndin hefði líka nóg ætlunarverk, og væri eigi við hana bætandi; hann yrði því að stinga upp á sjerstakri nefnd.

Grímur Thomsen kvaðst vilja benda á 3. grein frumvarpsins; frumvarpið væri eigi að eins um laun sýslumanna og bæjarfógeta, heldur væri þar í einnig talað um lögþingisskrifaralaun og lögrjettumannalaun, er væru ein af hinum gömlu gjöldum; fyrir þessa sök stæði frumvarp þetta í nánara sambandi við skattamálið, heldur en ef í því væri að eins um laun sýslumanna og bæjarfógeta að ræða. Það sem stæði í 3. grein frumvarpsins væri einmitt einn partur af ætlunarverki skattanefndarinnar.

Varaforseti sagði, að það liti svo út, sem sumum þingmönnum væri mikið kappsmál, að hrúga mörgum málum að einni nefnd, og ef ekki væri annars kostur, en reka þetta mál í einhverja nefnd, sem áður væri sett, þá heyrði þetta mál fremur undir fjárlaganefndina en skattanefndina.

H. Kr. Friðriksson tók það fram, að þetta mál stæði ekki í svo nánu sambandi við skattamálið, að eigi mætti breyta launum sýslumanna, þótt skattamálið eigi fengi framgang. Samt kvaðst hann fyrir sitt leyti sem nefndarmaður eigi vera því með öllu mótfallinn, að málinu væri vísað til skattanefndarinnar, þótt sjer virtist æskilegra, að kosin væri sjerstök nefnd í það. Í þessu frumvarpi væri eiginlega tvennt, sem spurning væri um; í fyrsta lagi: hvort rjett væri að halda þeim launamáta, sem sýslumenn hingað til hefðu, og í annan máta, ef breyta ætti launamátanum, hverja launaupphæð þeir ættu að fá.

Þá ljet forseti ganga til atkvæða um, hvort sjerstaka nefnd skyldi kjósa í máli þessu, og var það samþykkt með 19 atkvæðum. Voru 5 menn kosnir í nefndina, og voru þeir þessir:

Þórður Þórðarson	með	12	atkvæðum.
Árnljótur Ólafsson	—	10	——
Jón Sigurðsson	—	9	——
Þórarinn Böðvarsson	—	9	——
Guðmundur Ólafsson	—	9	——

Var síðan málið afhent þingmanni Snæfellinga, er flest atkvæði hafði fengið.

Í nefndinni var Þórarinn Böðvarsson kosinn formaður og framsögumaður, og Arnljótur Ólafsson skrifari.

NEFNDARÁLIT
í málinu um laun sýslumanna og bæjarfógeta.

Eptir að vjer nefndarmenn höfðum yfirfarið og íhugað frumvarp þetta, komumst vjer til þeirrar niðurstöðu, að þó vjer gætum fallizt á það að aðalefninu, þá væru í því ýmsar ákvarðanir, er breyta þyrfti, eða sem betur mætti fara öðruvísi, og að í það vantaði nokkrar ákvarðanir, sem þó virðast nauðsynlegar, og skulum vjer nú leyfa oss, að gjöra grein fyrir breytingum þeim, sem vjer viljum gjöra láta.

Við 1. grein.

Nefndin vill láta grein þessa vera óbreytta, að því einu undanskyldu, að niðurlagið: «eða aukatekjur» til enda greinarinnar falli burt; er það bein afleiðing af breytingu þeirri, sem nefndin vill gjöra á annari grein.

Við 2. grein.

Öllum nefndarmönnum þótti hagkvæmast, að sýslumenn og bæjarfógetar haldi aukatekjum þeim, sem þeir hafa eptir auka-

tekjureglugjörð 10. sept. 1830 með þeim gjöldum, sem greind eru í 2. grein frumvarpsins. Er það hvorttveggja, að sýslumönnum yrði erfitt að gjöra skýra grein fyrir gjöldum þessum, ef þau ættu að renna í landssjóð, og eptirlitið með því, að þau væru rjett talin, lítt mögulegt, enda virðist það hagkvæmast, að flutningur á peningum verði sem minnstur, að verða má. Það virtist nefndarmönnum sjálfsagt, að tekjur þessar allar væru dregnar frá launaupphæð þeirri, sem sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin. Vill nefndin, að þær sjeu taldar eptir 5 ára meðaltali, í fyrsta skipti eptir meðaltali áranna 1871—1875, og standi sú upphæð óbreytt til 1880, og næstu 5 ár þar á eptir, eptir meðaltali áranna 1875—1880 o. s. frv.; þykir það rjett, þar eð með því móti verður komizt svo nærri þeirri sönnu upphæð, sem unnt er, og svo má ætla, að aukatekjureglugjörðin verði endurskoðuð, og henni breytt meira eða minna. Samkvæmt þessu verður byrjun 2. greinar breytt aptur að orðunum: «gjöldum þeim», og nýrri grein við bætt um það, hvernig tekjur þær, sem nefndar eru í 2. grein, skuli taldar, og að þær dragist frá launununum, og verður sú grein 3. grein.

Eigi þótti nefndinni ástæða til, að hækka fæðispeninga sýslumanna að svo stöddu, og þótti henni það mega bíða þess, að aukatekjureglugjörðin yrði endurskoðuð. Fellur þess vegna síðari liður annarar greinar burt.

Við 3. grein frumvarpsins, sem verður 4. grein, hefur nefndin ekkert að athuga.

Við 4. grein frumvarpsins (5. grein).

Hvað snertir flokkaskiptin og launaupphæðina í hverjum flokki, þá verður nefndin að álíta, að launaupphæð sú, sem ætluð er sýslumönnum þeim, sem verða í sýslum þeim, sem taldar eru í 1. flokki, sje óþarflega há, en í lægsta lagi í 3. flokki. En um launahæðina gat nefndin eigi orðið sammála; leggur meiri hluti hennar það til, að launin í 1. flokki sjeu lækkuð um 500 kr.; launin í 2. flokki um 200 krónur, en launin í 3. flokki hækkuð um 100 kr. Verður þannig 1000 kr. munur á 1. og 3. flokki, og 500 kr. munur á hvorum flokki fyrir sig. Ætlar meiri hlutinn, að laun þessi sjeu sæmileg og eptir kringumstæðum eins há og laun þeirra embættismanna, sem þegar eru fastsett, eins og með þessu er fylgt þeirri meginreglu, sem þingið hefur fylgt að undanförnu, að hafa launin sem jöfnust, að kringumstæðurnar leyfa, en öll svo há, að þau ekki fæli neinn nýtan mann frá að sækja um embættið. Verða því breytingar gjörðar á 1. lið 4. gr. samkvæmt þessu.

Minni hlutinn (Arnljótur Ólafsson) álítur aptur á móti, að launin sjeu hæfilega sett þannig, að 3. flokkur sje látinn halda sjer (2400 kr.), 2. flokkur færður niður í 2700 kr. og hinn 3. í 3000 kr. Getur minni hlutinn eigi betur sjeð, en 3000 kr. sje fullhá laun í hinum erfiðustu og ábyrgðarmestu sýslum, sakir þess að innheimtan verður að mun hægri eptir skattalögum þeim, er hjer eptir verða sett, en þeim er nú eru, svo er og sjálfsagt, og sýslumenn geta gengið harðara eptir sköttunum, er þeir hafa þá eigi lengur að ljeni. Í annan stað eru sýsluembættin orðin enda talsvert ljettari nú, síðan sveitarstjórnarlögin nýju eru á komin, og verða það æ meira og meira. Í þriðja lagi verður lærdómskostnaður lögfræðinga, þá er lagakennsla kemst á í landinu, annaðhvort engu eður litlu meiri en læknaefna og prestlinga; en nauðsynlegt er og rjettlátt, að eigi verði jafnmikið djúp staðfest, sem hingað til hefur verið, milli veraldlegra og andlegra embættismanna, þeirra er þegið hafa jafnmikla menntun og þjóna álíka vandasömum og ábyrðarmiklum embættum. Enda fær minni hlutinn eigi sjeð, að landsstjórninni geti verið það sjerlegt keppikefli, að launa sýslumönnum sínum langt úr hófi fram yfir aðra embættismenn á samkynja stigi; en hitt er auðsætt, að sakir fátæktar og strjálbyggðar landsins er eigi að hugsa til að launa prestastjettinni í rjettu hlutfalli og samhljóðun við sýslumenn, þótt þeir hefðu minni laun en hjer eru til tekin, hvað þá

heldur ef þau yrði svo há, sem meiri hlutinn fer fram á.

Hvað snertir hið annað atriðið, hvernig sýslunum skuli raðað niður í hina 3 flokka, þá álítur nefndin, að það beri að líta að öðru leytinu til þeirrar ábyrgðar, sem hvílir á embættinu, og að hinu leytinu til efiðleikanna, sem því eru samfara að þjóna því. Samkvæmt þessu álítur nefndin, að þær 4 sýslur, sem taldar eru í 1. flokki í frumvarpinu, eigi að vera þar, en við þann flokk eigi að bæta Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýslu, þegar þær eru sameinaðar; en það álítur nefndin að eigi að verða svo fljótt sem unnt er, en að Rangárvallasýsla þangað til eigi að vera í 3. flokki og Vestmanneyjasýslu að halda þeim tekjum, sem hún hefur haft um 5 síðustu ár.

Fyrir deildina hefur verið lagt frumvarp um að sameina Dala- og Strandasýslu, og verður nefndin að fallast á það, með því að það virðist engum sjerlegum erfiðleikum bundið. En þegar þær sýslur eru sameinaðar, virðast þær eiga að vera í 2. flokki. Verður samkvæmt því sú breyting á frumvarpinu, að þær sýslur sameinaðar verða í 2. flokki.

Þeirri breytingu, að Gullbringu- og Kjósarsýsla verði aðskilin frá bæjarfógetaembættinu í Reykjavík, hefur meiri hluta nefndarinnar þótt nauðsynlegt að halda, með því eigi er unnt að þjóna þeim embættum saman. En til þess að spara fje, hefur meiri hlutanum þótt tiltækilegt, að setja Gullbringu- og Kjósarsýslu í 3. flokk, og eins Skagafjarðar- og Suður-Múlasýslur, sem báðar eru hægar yfirferðar. Verða þannig í 1. flokki 5 sýslur, í 2. flokki 6, og í 3. flokki 4.

Minni hlutinn fær eigi sjeð, að ómögulegt sje, sízt fyrst um sinn, að þjóna embættum þessum (o: Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetaembættinu í Reykjavík) saman, svo sem hingað til verið hefir, þar eð embættið er eigi, að öllu saman lögðu, erfiðara en það hefur verið hingað til. Það væri og enda kátlegt, að ráða til að aðgreina þetta embætti, þar sem Gullbringu- og Kjósarsýsla er eigi stór ummáls nje örðug yfirferðar, hvorki á sjó nje landi; en aptur á móti að ráða til samsteypu á Dala- og Strandasýslum. Minni hlutinn álítur hentugt, að menntuðum mönnum geti gefizt kostur á, að vera eigi að eins skrifarar hjá sýslumönnum, heldur og að framkvæma vandaminni embættisverk í umboði þeirra, þegar þeir eru orðnir til þess færir. Laun bæjarfógetans í Reykjavík og sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu virðist minni hlutanum hæfilega sett á 3000 kr., og hafi hann jafnframt 1500 kr. í skrifstofufje.

En vegna þessara fyrirhuguðu breytinga virtist nefndinni nauðsynlegt að bæta í nýrri grein, sem ákvörðun um það, hver laun sýslumaður, sem fær aðra sýslu sameinaða við þá, sem hann þegar hefur, skuli hafa, meðan lögin eru ekki að fullu komin á, og virðist nefndinni rjettast, að farið sje eptir ákvörðun þeirri, sem er í 4. grein í lögum um laun íslenzkra embættismanna 15. október 1875, og hefur nefndin bætt inn í nýrri grein um það efni, sem verður 6. grein.

Við 5. grein frumvarpsins (7. grein).

Meiri hlutinn verður að álita, að laun bæjarfógetans í Reykjavík sjeu hæfilega sett á 3000 kr., en að skrifstofukostnaðinn beri að hækka um 200 kr. Einnig verður meiri hluti nefndarinnar að álíta, að bæjarfógetunum á Ísafirði og Akureyri nægi í laun 500 kr.; hafa þær sýslur báðar, þegar bæjarfógetalaunin eru lögð við, jafn há laun og sýsluembætti í 1. flokki.

Minni hlutanum virðist engin ástæða til, að færa upp bæjarfógetakaupið, og ætlar því, að 400 kr. sjeu nægilegar.

Í stað 5. greinar frumvarpsins kemur því ný grein þessa efnis að því við bættu, að aukatekjur þær, sem bæjarfógetanum í Reykjavík bera, verði dregnar frá launum hans, eptir sömu reglu og aukatekjur sýslumanna.

Við 6. grein frumvarpsins (8. grein).

Við grein þessa hefur nefndin ekkert að athuga annað en það, að niðurlag grein-

arinnar: «og sjer í lagi» til enda hennar falli burt, en það leiðir af breytingu þeirri, sem nefndin hefur gjört á 2. grein.

Við 7. grein frumvarpsins (9. grein).

Við grein þessa, sem nefndin að öðru leyti eigi sjer ástæðu til að breyta, álítur hún nauðsynlegt, að bæta skýrum ákvörðunum um það, hver laun sýslumenn skuli hafa, meðan þeir eru í sömu embættum, og verður nefndin að álíta, að eins og sýslumenn verða eigi sviptir þeim launum, sem þeir nú hafa, ef laun þau, sem þeim eru ákveðin í lögum þessum, eru lægri en þau laun, sem þeir nú hafa, svo geti þeir enga heimtingu átt á, að fá launahækkun eptir lögum þessum, meðan þeir eru í sama embætti. Er því við þessa grein bætt ákvörðun þessa efnis.

Við 8. grein frumvarpsins (10. grein).

Við grein þessa hefur nefndin ekkert að athuga.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, verða breytingar nefndarinar við frumvarpið á þessa leið.

1. grein.

Eptir «tekjur af ljensjörðum» komi: «og umboðslaun».

Niðurlagið: «eða auka-tekjur» til enda greinarinnar falli burt.

2. grein byrji þannig:

«Sýslumenn og bæjarfógetar skulu halda óskertum öllum tekjum þeim, er þeir hafa eptir aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830 og sömuleiðis gjöldum þeim» og s. frv.

Seinni liður greinarinnar falli burt.

Ný grein verður 3. grein.

«Tekjur þær, sem nefndar eru í næstu grein á undan, skulu taldar eptir 5 ára meðaltali, í fyrsta sinn eptir meðaltali þeirra 5 ára 1871—1875, og dragast frá þeirri launaupphæð, sem sýslumönnum og bæjarfógetum ber að fá úr landssjóði eptir lögum þessum.»

3. grein frumvarpsins óbreytt verði 4. grein.

4. grein frumvarpsins (5. grein).

Meiri hlutinn: fyrir: «4000» komi: «3500»;
fyrir: «3200» komi: «3000»;
fyrir: «2400» komi: «2500»;
Minni hlutinn: fyrir: «4000» komi: «3000»;
fyrir: «3200» komi: «2700».

Við 1. flokk bætist: «Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýsla» (þegar þær eru sameinaðar).

Við 2. flokk bætist: «Dala- og Strandasýsla».

Úr sama flokk falli: «Rangárvallasýsla», «Skagafjarðarsýsla», «Suður-Múlasýsla», «Gullbringu- og Kjósarsýsla».

Úr 3. flokki falli: «Vestmannaeyjasýsla», «Dalasýsla», «Strandasýsla».

Við sama flokk bætist: «Gullbringu- og Kjósarsýsla», «Skagafjarðarsýsla», «Suður-Múlasýsla».

Ný grein verður 6. grein.

«Nú eru sýslur sameinaðar, meðan sami sýslumaður er í annari þeirra, skal hann þá annaðhvort hafa tekjur af þeim sameinuðu sýslum eptir 5. grein laga þessara, eða halda þeim launum, sem hann hafði, og fá þóknun fyrir að þjóna þeirri sýslu, sem við hann er bætt, og má þó sú þóknun eigi vera meiri en helmingur af launum þeim, sem sýslumaðurinn í þeirri sýslu hafði síðast«.

5. grein frumvarpsins verður 7. grein þannig:

«Bæjarfógetinn hefur að launum 3000 kr. árlega og að auki 1000 krónur í skrifstofukostnað. Þar upp í teljast aukatekjur þær, sem honum bera eptir 2. og 3. grein laga þessara. Bæjarfógetarnir á Ísafirði og Akureyri hafa hvor í laun 500 kr. árlega«.

Minni hlutinn: Eptir orðið: «bæjarfógetinn» bætist inn í: »í Reykjavík, sem jafnframt er sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu».

Í staðinn fyrir: «1000 kr.» komi: «1500 kr.» og fyrir: «500 kr.» komi: «400 kr.»

6. grein frumvarpsins (8. grein).

Orðin: «og sjer í lagi» til enda greinarinnar falli burt.

7. grein frumvarpsins (9. grein).

Við grein þessa bætist: «og verður

hvorki tekið af launum þeirra nje þau aukin, meðan þeir eru í sama embætti».

8. grein frumvarpsins óbreytt verður 10. grein.

Alþingi 4. ágúst 1877.

Þórarinn Böðvarsson, Jón Sigurðsson.
form. og framsögumaður.

Þórður Þórðarson. Guðmundur Ólafsson.

Arnljótur Ólafsson,
með skýrskotun til ágreiningsatriða minna.

ÖNNUR UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 34. fundi í neðri deild alþingis, 9. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta.*

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson) sagði, að nefndin hefði þegar gefið ástæður fyrir breytingum sínum, en þó ætlaði hann að fara nokkrum orðum um breytingar nefndarinnar og ágreining þeim, er risið hefði á meðal nefndarmanna. Nefndin hefði þá fyrst gjört þá breytingu við 2. gr., að sýslumenn tækju upp í laun sín gjöld fyrir aukatekjur sínar, og áleit nefndin það rjett af þeim ástæðum, sem nákvæmar er getið í nefndarálitinu í 2. gr., en þá áleit nefndin og, að sanngjarnt væri að lækka laun sýslumanna nokkuð, á móts við upphæð þá, sem aukagjöldin næmu. 2. aðalbreyting nefndarinnar væri við 4. gr., þar sem nefndin hefði stungið upp á að lækka laun sýslumanna þeirra, er væru í sýslum þeim, er væru í 1. flokki og 2. flokki, en hækka laun sýslumanna í sýslum 3. flokks, en í þessum atriðum hefði nefndin eigi getað orðið á eitt sátt í því, hversu mikið skyldi lækka þau, og hefði minni hluti nefndarinnar viljað lækka þau meir, en meiri hlutanum hefði sýnzt sanngjarnt. Nefndinni hefði og borizt uppástunga um sameining Dala- og Strandasýslna, og með því að annar hlutaðeigandi, Dalasýsla, hefði óskað þess, en engin mótbára hefði komið frá hinni sýslunni gegn þessari sameining, þá hefði nefndin eigi sjeð neitt til fyrirstöðu því, að verða við ósk Dalasýslubúa í þessu efni, með því að ætla mætti, að Strandasýslubúar væru eigi mjög mótfallnir sameiningu þessari, því að líkindum væri þessi ósk Dalamanna þeim orðin kunn fyrir löngu, en engin mótmæli eða óánægja af þeirra hálfu væri enn kunn. Hann hefði og heyrt menn segja, að ógjörningur væri að sameina þessar sýslur, með því að það yrði allt of stórt og örðugt lögsagnarumdæmi, en það væri þó kunnugt, að sýslur þessar lægju saman á stóru svæði, og að eins einn fjallgarður á milli þeirra og hann eigi mjög breiður eða örðugur yfirferðar. Nefndin hefði að vísu eigi fengið neina uppástungu um sameiningu Vestmannaeyja við Rangárvallasýslu, og þó nefndin hefði sjeð ýmsa agnúa á því, að sameina sýslur þessar, þar sem ferðir út í eyjar væru opt örðugar og erfiðleikum bundnar sökum veðráttu, þá hefði nefndinni þó þótt viðurhlutamikið, að halda einn sýslumann í Vestmannaeyjum, sökum þess, að eyjabúar væru fáir og umdæmið lítið og því eigi mikið að gjöra. Af breytingaruppástungum nefndarinnar hefði leitt, að Barðastrandarsýsla hefði orðið ein í 3. flokki, en nefndin hefði eigi fundið ástæðu til að láta hana þannig verða eina útundan, og þessvegna hefði nefndin stungið upp á breytingum þar að lútandi, þar sem hún hefði viljað, að í 3. flokki væru og Skagafjarðarsýsla, Suður-Múlasýsla og Gullbringu- og Kjósarsýsla, með því að nefndinni hefði virzt svo, sem þessar sýslur væru engu örðugri lögsagnarumdæmi en Barðastrandarsýsla. Það, sem nefndinni hefði gengið til að stinga upp á að hækka laun sýslumanna í 3. flokki sýslna, en lækka þau í 1. og 2. flokki, hefði verið það, að nefndin hefði viljað, að allir hefðu sem jöfnust laun, og væri það samkvæmt þeirri meginreglu, sem fylgt hefði verið á næsta þingi; upphæðin væri álitsmál; gæti einum sýnst hún of mikil en öðrum of lítil, enda hefði hún og orðið að ágreiningsatriði í nefndinni, eins og hann áður hefði tekið fram, þar sem meiri hlutanum hefði sýnzt sú upphæð, sem hann hefði tiltekið, vera hæfileg, en minni hlutanum, að hún væri of

há. Nefndin hefði reyndar viljað spara, en þó eigi meira en svo, að laun sýslumanna yrðu viðunanleg. Ástæður minni hlutans gæti hann eigi farið út í, en þó mundi hafa vakað fyrir honum, að innheimtan yrði nú sýslumönnum auðveldari, er nýju skattalögin kæmust á, en meiri hlutinn hefði lagt meiri áherzlu á ábyrgðina, sem á sýslumönnum hvíldi, og að erfitt mundi verða sýslumönnum að fá það mikla veð, er þeir yrðu að setja, og því erfiðara, því minni sem launin væru. Minni hlutinn hefði og byggt á því, að lærdómurinn yrði kostnaðarminni, þegar lagaskóli kæmist á, og eigi meiri en fyrir presta og lækna, en það væri og aðgætandi, að ábyrgðin skipti svo miklu, og hana hefðu sýslumenn fram yfir presta og lækna. Minni hlutinn hefði og verið sjerstaklega mótfallinn því, að aðskilja Gullbringu- og Kjósarsýslu frá bæjarfógetaembættinu, og færði hann það til, að eigi væri ómögulegt fyrir sama manninn að þjóna báðum þessum embættum, «eins og hingað til hefur verið»; en hann væri viss um, að þetta væri sprottið af ókunnugleika minni hlutans. Þar sem minni hlutinn kvæði svo að orði, að það væri mögulegt, eins hjer eptir og hingað til, þá vildi hann gefa honum þá upplýsingu, að þessi sameining hefði eigi staðið nema síðan í júlí 1874, og hefði verið ályktað 1875, að aðskilja þessi embætti, en þá hefði málið strandað á því, að bæjarfógetinn hefði eigi þótt nógu launaður úr landssjóði, en annars væri þetta embætti hverjum einum manni of vaxið. Í Gullbringu- og Kjósarsýslu væru um 8000 íbúar, þ. e. $^1/_8$ af íbúum landsins, og ættu eptir því að vera 8 sýslumenn á landinu; þar væru líka 3 kauptún, og væri eitt af þeim hið stærsta á landinu og hin 2 allstór; þar að auki væri og meiri hluti þessara sýslna sjávarsveitir, en það væri kunnugt, að í sjóplássum hefðu sýslumenn almennt miklu meira starf en annarstaðar, einkum þar sem þar væri að öllum jafnaði mikill fjöldi af hreppsómögum. Hann vildi annars eigi að svo stöddu fara út í sögu þessa máls, en hann vildi að eins geta þess, að eptir þær umkvartanir, sem komið hefðu fram á hverju þingi, hefði stjórnin nú loksins fallizt á, að eigi væri mögulegt fyrir einn mann, að gegna þessum embættum í senn. Bæjarfógetinn í Reykjavík hefði og nóg að starfa við það embætti eingöngu, og sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu mundi og fá nóg að starfa, því að þetta umdæmi væri stórt og fólksmargt. Minni hlutanum hefði sýnzt það kátlegt, að aðskilja þessi embætti, þar sem nefndin vildi sjálf sameina Dala- og Strandasýslur, en hann yrði þá að segja, að þær sýslur sameinaðar yrðu engu erfiðari en Gullbringu- og Kjósarsýslur út af fyrir sig, þar sem í þessum sýslum væru, eins og hann þegar hefði tekið fram, 3 stór kauptún, og í einu af þessu, Hafnarfirði, hefði sýslumaður áður fyrrum verið, og ætti að sitja að lögum. Hafnfirðingar hefðu það og fast í hyggju, að fá bæjarrjettindi handa kaupstaðnum, og hefðu þeir til þess fullt eins miklar, ef ekki meiri ástæður, en þeir kaupstaðir, sem þegar hefðu öðlazt bæjarrjettindi, að Reykjavík undanskilinni; hefði mál þetta komið fyrir sýslunefndarfund, en af því á fundi þeim hefðu verið svo fáir, að naumast hefði verið fundarfært, hefði eigi þótt ráðlegt, að ráða málinu til lykta, en að öllum líkindum yrði það gjört fyrir þingið 1879. Hann vonaði því, að menn sæju, hversu sanngjarnt og rjettvíst það væri, að þetta fengi framgang, og ætlaði hann svo eigi að tala meira að þessu sinni.

Benidikt Sveinsson kvað það mjög óheppilegt, að hann þyrfti að tala í þessu máli, því hann byggist við því, að hann yrði, ef til vildi, misskilinn af sumum hinna heiðruðu þingdeildarmanna fyrir sakir þess, að hann væri sýslumaður; en þar sem sýslumenn að líkindum ættu fáa talsmenn í þingdeildinni, yrði hann samt, þó hann stæði einn síns liðs, hvað þessa stjett snerti, að taka til máls í því trausti, að það yrði ekki alveg árangurslaust.

Hann yrði þá að byggja á því, að hin heiðraða þingdeild vildi grundvalla lagasetningar sínar á rjettlæti og sanngirni, og samkvæmt þessu vonaði hann einnig, að hún

tæki tillögur sínar til greina að svo miklu leyti, sem hann gæti sýnt og sannað, að þær væru á þessum grundvelli byggðar.

Hann tók þá fyrst fram, að þegar um laun sýslumanna væri að ræða, þá væri sjálfsagt eigi auðið að miða rjettlæti og sanngirni í því máli við neinn »absolut» mælikvarða, heldur »relativ», sem fengist með því móti, að bera þá saman við aðra embættismenn líkrar eða samkynja stjettar, og þetta væru þeir verzlegu embættismenn, eða rjettara lögfræðisembættismenn, sem launalögin nýju ákvæðu um. Það ætti auðsjáanlega ekki við, að bera þá saman við prestana eða laun þeirra, því bæði væri starfi þeirra allshendis ólíkur, og skilyrðin fyrir embættisstöðu þeirra væru öll önnur, og svo viðurkenndu bæði hann og aðrir, að kjör þeirra væru mjög svo bágborin og þyrftu verulegra endurbóta við, en það sæu allir, að ekki ætti að miða það, er menn vildu gjöra að nýju eða endurbæta við það, sem sjálft væri ófullkomið og ábótavant, svo eigi væri viðunandi. Af þessum ástæðum vildi hann óhikað bera saman laun sýslumanna við laun annara lögfræðinga hjer á landi eptir hinum nýju launalögum. Menn sæju þá, að sömu skilyrði, hvað menntunina snerti, væru fyrir sýslumannaembættum yfir höfuð og öðrum lögfræðinga-embættum; allt svo sömu hæfilegleikar útheimtust fyrir þá, sami kostnaður, sami undirbúningur, því til hinna dönsku júrista, gæti hann ekki tekið tillit, er ræða væri um málið frá almennu sjónarmiði; en á hinn bóginn væri þess að gæta, að ábyrgð sýslumanna og kostnaður sá, sem embætti þeirra hefðu í för með sjer, væri til samans tekið meiri en allra annara lögfræðinga-embætta á Íslandi, þar sem þeir væru aðalskattheimtu- og tollheimtumenn landsins, og sömu laun fyrir þá og hina aðra væru því eigi í sjálfu sjer einu sinni jöfn laun á móts við aðra löglærða embættismenn. Hann áleit það þó auðsætt, að þar sem um laun væri að ræða, þá hlyti maður að leggja meiri áherzlu á kostnað og peningaábyrgð, en hitt, þó embættið stæði stigi ofar, þegar það þó bæði væri kostnaðar- og ábyrgðarminna.

Þingmaðurinn kvaðst nú vilja sýna fram á kostnað þann með fám orðum, sem sýslumannsembættunum væri óumflýjanlega samfara. Hann teldi þá: 1, skrifstofukostnað; sýslumannaembættin væru svo löguð og orðin svo umfangsmikil, að þeim væri ómögulegt að komast af án þess að hafa skrifara, og það duglega skrifara, og jafnvel 2 í hinum örðugri sýslum endrum og sinnum. Þennan kostnað væri ómögulegt að gjöra minni en 600 kr. Hjer við bættist til bóka, pappírs- og skrifstofuáhalda 50 kr., og til ljósa og eldiviðar 50 kr., alls 700 kr. Þá væri 2. ferðakostnaður, sem væri sjerstakur fyrir sýslumenn, þó eigi væri nema sökum manntalsþingaferðanna, og væri hann æði-mikill, einkum nú, þegar hestar og hestaeldi væri orðið svo afardýrt, og það svo, að í þeim sýslum, þar sem lítið væri um hesta, en víðlent lögsagnarumdæmi, t. d. eins og í Þingeyjarsýslu, mundi sá kostnaður nema allt að 300 kr., því þar yrði eigi komizt af með minna en 5—6 hesta. 3. væri ýmislegur annar kostnaður, sem fylgdi sýslumannsembættinu, eptir því sem til hagaði hjer á landi, svo sem átroðningur og gestanauð, sem eigi yrði komizt hjá upp til sveita, og mætti það eigi minna gjöra en 200 kr. Menn mættu þannig gjöra ráð fyrir, að það væri 1000—1200 kr., sem sýslumenn yrðu óumflýjanlega að leggja út í allan kostnað við embættið. Væri þetta miðað við 1. flokk sýslna, þar sem sýslumenn hefðu 3500 kr. í laun, þá þættu það nú að vísu há laun, ef það væru virkileg laun, en þegar nú búið væri að draga frá 1000—1200 kr., þá yrðu þó launin aldrei nema 2300—2500 kr., eða liðugur helmingur við laun yfirdómaranna, sem varla þyrftu að fara út fyrir húsdyr. Fyrir þessi laun ættu sýslumenn nú að slíta sjer úr með erfiði og ferðalögum, og það sem verst væri af öllu, fyrir þessi laun ættu þeir að innheimta öll gjöld til landssjóðsins, setja afarhátt veð fyrir og hafa ábyrgð á þeim. Ofan á

þetta bættist, að ef skattgreiðendur hefðu eigi peninga, þá heimiluðu hin nýju tilvonandi skattalög mönnum að greiða í ýmsum landaurum, en sýslumennirnir mættu þó ekki senda landssjóðnum nema peninga, og ættu þeir þá annaðhvort að taka peningana úr sínum eigin vasa fyrir aura þessa, eða leggja á sig mikinn kostnað, örðugleika og fyrirhöfn til þess að koma þeim í peninga, máske með stórskaða. Menn vissu þó, að umboðsmenn hefðu 1/6 í laun fyrir að innheimta afgjald opinberra eigna, og þættust ekki ofsælir af, og gætu þeir þó stundað allt sitt fyrir þessum starfa; enda færi jafnan svo, að ef einhver vildi eigi eða gæti eigi borgað, þá gæti umboðsmaðurinn sigað, ef svo mætti að orði komast, sýslumönnum á þann hinn sama, svo þeir færu heldur ekki hlutlausir af þessari innheimtu. Sjer fyndist því 2300—2500 kr., hann tæki það enn upp, of lítil laun handa sýslumönnum í samanburði við laun lögfræðinga-embættismanna í Reykjavík, t. a. m. yfirdómaranna, þar sem þeir hefðu 4000 kr. laun, en hefðu engan ferðakostnað, engin útgjöld, og enga ábyrgð á opinberu fje, móts við sýslumennina, sem yfir höfuð hefðu margfalt fleiri og þyngri skyldur á herðum en þeir. Nefndin hefði því sannarlega eigi syndgað í því, að taka til of háa launaupphæð handa sýslumönnum, og minni hluti nefndarinnar því síður. Viðvíkjandi því, sem 2. þingmaður Gullbringusýslu hefði sagt, og ákveðið væri í nefndarfrumvarpinu, að aukatekjur skyldu falla til sýslumanna eptir 5 umliðinna ára meðaltali, og dragast síðan frá launaupphæð þeirra, þá yrði hann að taka það fram, að þetta væri alveg ósameinanlegt við það, að hinir núverandi sýslumenn ættu eigi að missa neitt af tekjum sínum. Þetta væri bæði ranglátt, og þar að auki bein mótsögn, og gæti yfir höfuð eigi samrýmzt við ákveðna launaupphæð, því það væri undir hreinni hendingu komið, hverjar aukatekjurnar yrðu, og allt svo hvort sýslumennirnir fengju það, sem þeir ættu til að svara. Nefndin hefði fellt aptan af 2. grein ákvörðunina um dagpeningana, og sýndi hún í því sem öðru sanngirni sína, þar sem allir vissu, að eigi fengizt nú á tímum hestur fyrir minna en 2 kr., og fylgdarmaður eigi fyrir minna en 3 krónur um daginn. Um flokkaskipun sýslnanna væri það að segja, að honum litist eigi ráðlegt, að steypa saman Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjasýslu, því að það væri sama sem að segja hreint og beint, að í Vestmannaeyjum skyldi enginn sýslumaður vera. Það vissu allir, hve stopular og örðugar sjóferðir væru millum lands og eyja; það gæti opt komið fyrir, að ómögulegt væri að komast í land og úr landi svo mörgum mánuðum skipti, og yrði þá sýslumannslaust á víxl, um óákveðinn tíma, í Rangárvallasýslu og á Vestmannaeyjum. Á báðum stöðunum yrði þá að vera fullmektugur, og mundu þá sýslumannalaunin fara að minnka, er hann væri búinn að borga þessum fulltrúa sínum fullt kaup af þeim, auk alls ferðakostnaðar. Einhver þingmaður hefði sagt, að ef halda skyldi sýslumann á Vestmannaeyjum, þá væri og full ástæða til að halda annan sýslumann í Grímsey, en það væri aðgætandi, að þar væri mikið hægra að fara milli lands og eyjar, fyrir þá sök, að þar væri eigi eins mikið brim, eins og fyrir Suðurlandi; þá væri og enginn kaupstaður í Grímsey, og þar þyrfti eigi heldur neina lögreglu, því Grímseyingar væru hin mestu guðsbörn í samanburði við Vestmannaeyinga. Sömuleiðis áliti hann, að Dala- og Strandasýsla sameinaðar mundu verða of stórt lögsagnar-umdæmi og örðugt; yfir höfuð áliti hann heppilegra, að hafa embættin fleiri og lægri laun. Enn fremur væri athugandi, þar sem stæði í seinustu grein: «lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1878»; nú heimtuðu sýslumenn manntalsbókargjöldin í síðasta sinni í fardögum árið 1878, og þá yrðu þeir launalausir frá fardögum til 1. ágúst; hefði hann því hugsað sjer, að koma með breytingaratkvæði þessu og fleiru viðvíkjandi til 3. umræðu, ef mögulegt væri. Að öðru leyti kvaðst hann eigi gjöra þessar athugasemdir af því, að hann byggist við, að

tillögur sínar yrðu samþykktar, eptir þeim sparnaðaranda, sem ríkti í deildinni, en hitt vissi hann, að deildin sæi, að þær væru rjettlátar.

Halldór Kr. Friðriksson kvaðst eigi geta sjeð, að nefndinni hefði tekizt að bæta stjórnarfrumvarpið. Eins og deildinni væri kunnugt, hefðu laun embættismanna verið aukin á þinginu 1875, og kvaðst hann vita, að margir væru þeir, er þættu laun þessi fullhá; en spurningin væri, hvort þau væru of há, og það kvaðst hann fyrir sitt leyti ætla, að þau væru eigi. En hvernig sem því nú væri varið, þá ætlaði hann sjálfsagt, að sýslumennirnir ættu eigi að hafa minni laun, en viðunandi væri, og gæti hann því með engu móti sjeð, að laun þau, er í stjórnarfrumvarpinu væru ákveðin, væru of hátt sett. Hann kvaðst reyndar eigi vilja gjöra neitt kappsmál úr því, þó að hæstu launin yrðu lækkuð úr 4000 krónum niður í 3500 kr., ef enginn kostnaður lægi á þeim; en eins og 1. þingmaður Árnesinga hefði rjettilega tekið fram, væri sá kostnaður töluverður, er á þeim lægi, svo sem væri skrifstofukostnaðurinn og ferðalög, og þótt einstakir sýslumenn með sjerstakri starfsemi og dugnaði gætu komizt af án þess að halda skrifara, þá mundu eigi allir með því marki brenndir. Hann gæti því eigi sjeð, að þau hin hæstu launin, er tiltekin væru í stjórnarfrumvarpinu, og næmu 4 þúsundum króna, væru of há. Mönnum hefði ávallt þótt það mikilsvarðandi, að gengið væri ríkt eptir því, að embættismennirnir gjörðu það, er þeir ættu að gjöra, og leystu starfa sinn sem bezt af heudi, en þá ættu menn eigi að neyða embættismennina til að stunda annað en það, er heyrði undir embætti þeirra. Í þessu sambandi vildi hann og geta þess, að þessi sameining sýslnanna reyndar gæti litið glæsilega út fyrir landssjóðinn, og að svo gæti virzt í snöggu bragði, sem það væri nokkur sparnaður fyrir landssjóðinn, að hafa sem fæsta sýslumenn á landinu; en þegar betur væri aðgætt, þá væri þetta töluverður skaði fyrir landið; því að vjer ætluðumst til þess, að embættismennirnir styddu að því, sem betur færi í landinu, og að öllum framförum, en því færri sem þeir væru, því minna gætu þeir áorkað í þessu efni. Af þessari ástæðu gæti hann eigi fallizt á, að demba sýslunum saman, enda vildi einnig svo vel til, að með öllu væri ógjörlegt að sameina t. a. m. Vestmannaeyjasýslu og Rangárvallasýslu, því að það væri öldungis hið sama og að láta Rangárvallasýslu sýslumannslausa, því að auðvitað væri, að rjettast væri, að sýslumaðurinn sæti þar, er flestir útlendingar kæmu, en það væri á Vestmannaeyjum. Sýslumaður þessi yrði að hafa tvo umboðsmenn fyrir sig, því að honum dygði eigi að hafa umboðsmann að eins á öðrum staðnum, heldur á báðum stöðunum, því að ef sýslumaðurinn færi til Rangárvallasýslu, þá yrði hann, meðan honum dveldist þar, að hafa umboðsmann fyrir sig úti í Vestmannaeyjum, en ef hann aptur færi út í Vestmannaeyjar, þá yrði hann að hafa umboðsmann fyrir sig í Rangárvallasýslu, er gæti haft starfa hans á hendi í fjærvist hans, því að lengi gæti dregizt, að hann kæmist í land, og það stundum jafnvel framundir hálft ár. Ef nú nefndin ætlaði sýslumanni þessum 3500 krónur í laun, þar sem hann þó yrði að hafa tvo umboðsmenn fyrir sig, auk alls skrifstofukostnaðar, þá atlaði hann, að launin yrðu nokkuð lítil, þegar allur kostnaður væri frá dreginn. Um sameiningu Dalasýslu og Strandasýslu væri það að segja, að eigi þyrfti annað en líta á uppdrátt landsins til þess að sjá, hversu erfitt mundi verða að þjóna því embætti; því að þótt eigi væri nema um Strandasýslu eina að ræða, þá væri hún svo erfið og mikil umfangs, að eptir henni endilangri væri að minnsta kosti vikuleið, og þar við ætti þó öll Dalasýsla að bætast. Mundi eigi betra, að láta báðar sýslur þessar vera aðskyldar, eins og þær hingað til hefðu verið, og láta þær hvora um sig heyra undir lægsta flokkinn, heldur en að sameina þær, því að enginn mundi sá samvizkusamur sýslumaður, er eigi vildi heldur Dalasýslu,

þótt hann hefði helmingi minni laun, heldur en báðar sýslurnar með tvöfalt meiri launum.

Um flokkaskipti sýslnanna væri það að segja, að hann gæti með engu móti álitið rjett, að setja Skagafjarðar- og Suður-Múlasýslu niður í hinn lægsta flokk sýslnanna; því að þótt Skagafjarðarsýsla væri að vísu fremur hæg, þá væru miklar tekjur af henni, og peninga-ábyrgðin því mikil, en því meiri sem peninga-ábyrgðin væri, því hærri ættu launin að vera. En þar að auki, að því er Suður-Múlasýslu snerti, þá væri hún alls eigi svo hæg, og þyrfti eigi annað en að líta á uppdrátt landsins og sjá, hvernig sýsla sú lægi, til þess að sannfærast um, að hún væri all-örðug. Þriðja atriðið, er hann vildi minnast á, væri fógeta- og sýslumannsembættið í Reykjavík og Kjósar- og Gullbringusýslu. Minni hlutinn hefði verið svo náðugur, að láta þann, sem í þessu embætti sæti, hafa 3000 kr. í laun og 1500 krónur í skrifstofukostnað; en þegar þessi embættismaður væri búinn að greiða allt að 3000 krónum í skripstofuhald, þætti þingmanninum þá launin eigi enn of há? Þá væru eptir 15—16 hundruð króna í laun handa sýslumanninum fyrir öll störf hans, peninga-ábyrgð o. s. frv. Hann kvaðst geta skírskotað til þingmanna Gullbringu- og Kjósarsýslubúa, að þessi sameining væri hjer um bil ókleyf fyrir nokkurn þann mann, er vanda vildi embættisverk sín; gæti hann því eigi fundið, að ástæðurnar fyrir þessari sameining ættu við nein rök að styðjast. En þegar sú uppástunga nefndarinnar væri skoðuð, að bæjarfógetinn skyldi hafa í laun 3000 krónur og í skrifstofukostnað 1000 kr., þá væri sjer óskiljanlegt, af hverri óvild til Reykjavíkur það væri sprottið, að setja bæjarfógetanum svona lág laun; því yrði þó eigi neitað, að bæjarfógetaembættið í Reykjavík væri eitthvert hið mest áríðandi embætti hjer á landi, og mætti því eigi minna vera, en að sá, er því embætti gegndi, fengi jafnmikil laun og þau laun væru, er heyrðu til hins hæsta launaflokks. Það væri og með öllu óhugsanlegt, að bæjarfógetinn í Reykjavík gæti komizt af með 1000 kr. í skrifstofukostnað; því að sjer væri nær að halda, að jafnvel þær 1500 kr., er minni hlutinn hefði stungið upp á sem skrifstofukostnaði, mundi rýrna, þegar allur skrifstofukostnaðurinn væri goldinn. Deildin yrði og að gæta þess, að það væri eigi lítil viðbót við ritstörf sýslumannanna, er sveitarstjórnirnar og sýslunefndirnar bökuðu þeim; svo jyki og sú fyrirhöfn og umsvif, er væri samfara innheimtingu brennivínstollsins og tóbakstollsins, töluvert á störf sýslumannsins og ábyrgð hans. Hann kvaðst eigi hafa heyrt nokkurn þann mann, er til þekkti, álíta annað, en að nauðsynlegt væri, að þessi aðskilnaður millum Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetaembættisins í Reykjavík færi fram, svo framarlega sem vjer vildum fá þann mann til að gegna embættum þessum, er staðið gæti í fullum skilum. Í öllum þessum launauppástungum kvaðst hann halda sjer við stjórnarfrumvarpið, því þau laun, er þar væru til tekin, væru eigi meiri en í meðallagi. Hann kvað annað atriði vera, er hann gæti eigi fallizt á, að embættismennirnir skyldu halda aukatekjum sínum sem launum. Hann ímyndaði sjer, að fyrst þeir á annað borð hefðu verið settir á föst laun, þá ættu öll laun þeirra að vera föst; hann gæti heldur eigi skilið, að svo miklu örðugra væri að hafa eptirlit (Control) með gjöldum þeim, er getið væri í 2. grein, en með öðrum gjöldum, t. a. m. manntalsbókargjöldunum; því að eins yrði að gjöra grein fyrir þessum gjöldum og aukatekjunum, og eins og sýslumanninum væri trúað fyrir að skrifa rjett upp manntalsbókargjöldin, eins mundi honum trúandi fyrir að telja rjett fram aukatekjugjöldin, enda mundi eigi heldur erfiðara að senda þau gjöld til landssjóðsins, en hver önnur gjöld. Hann kvaðst nú eigi skyldu tala meira um mál þetta, en að eins taka það fram, að hann gæti eigi sjeð, að nefndin hefði haft nægar ástæður eða sýnt næg rök fyrir uppástungum sínum, að þær væru betri en uppástungur stjórnarfrumvarpsins. Hann kvað það mikið rjett, er 1. þing-

maður Árnesinga hefði tekið fram um 8. grein, því að eptir þeirri grein yrðu sýslumennirnir launalausir fyrir tímann frá fardögum til 1. ágúst, því að embættin væru öll veitt frá fardögum til fardaga, og manntalsbókargjöldin, er innheimt væru í fardögum, væru miðuð við tímann, sem liðinn væri.

Arnljótur Ólafsson kvað nefndina hafa orðið fyrir hörðum dómi, og væri gott, að meiri hlutinn hefði öll beinin til að bera þennan harða dóm; en þar við bættist nú það fyrir minni hlutann, að jafnvel framsögumaðurinn sjálfur hefði kastað þungum steini á hann, og hefði minni hlutanum verið fundið það til, að hann hefði stungið upp á enn minni launum en meiri hlutinn. En þrátt fyrir þær hinar mælsku tölur, er 1. þingmaður Árnesinga og þingmaður Reykvíkinga hefðu flutt, þá hefðu þeir þó samt eigi raskað þeim grundvelli, er nefndin hefði byggt á; þeir hefðu eigi skoðað málið svo langt og breytt, sem það þyrfti að skoða. Þegar um laun embættismanna væri að ræða, þá yrðum vjer að taka tillit til fátæktar landsins; það dygði eigi fyrir landið, að hugsa sjer að feita, að spikfeita fáeina embættismenn. Hann kvaðst vona, að þingdeildarmenn myndu eptir umræðunum um skattamálið; hann vildi engu spá, en hann ímyndaði sjer, að þeir skattar mundu þykja fullþungir, og væru jafnvel mjög þungir eptir efnum landsmanna. Á þetta væri eigi minnzt í ræðum þingmanna nú, og liti svo út, sem þeir hefðu gleymt því, á hverju landi þeir væru fæddir og fyrir hverja þjóð þeir töluðu sem fulltrúar hennar. Þegar um hæfileg laun væri að ræða, þá ætti mælikvarðinn eigi að vera eptir hálaunalögum þeim, er samþykkt hefðu verið á þinginu í hitt eð fyrra, því að þau lög hefðu verið sköpuð eptir anda þeim, er þá hefði verið ríkjandi hjá þinginu, enda væru mörg af þeim launum, er þá hefðu ákveðin verið, engan veginn svo há, sem sýslumannalaunin væru, enda þau laun, er minni hlutinn hefði tiltekið, og vildi hann taka til dæmis laun skólakennaranna. Í máli þessu ætti, að því er sjer virtist, auk fátæktar landsmanna, þrennt að taka til greina: 1, lærdómskostnaðinn, 2, erfiðleikann við embættið, og 3, þann kostnað og ábyrgð, er embættið hefði í för með sjer. Þessi þrjú atriði væru þau hin helztu atriði, er til greina gætu komið. En sjer virtist eigi tiltækilegt, að sýslumannaembættin væru borin saman við hálaunuð embætti í Reykjavík, því að þau væru mörg heiðursembætti, er eigi væru launað eptir þeirri fyrirhöfn, er embættin hefðu í för með sjer, heldur eptir þeirri «háu stöðu», sem embættismennirnir væru í, svo sem væru yfirdómendurnir, landfógetinn, skólastjórinn, prestaskólastjórinn og biskupinn, og mætti því eigi draga neina röksemd frá þeim niður til sýslumannanna, að því er sjer virtist, þrátt fyrir hina miklu virðingu, er hann bæri fyrir sýslumönnunum. Hvað þá fyrst kennslukostnaðinn snerti, þá vonaði hann, að hann gæti sannfært 1. þingmann Árnesinga um, að þegar lagaskólinn kæmist á, þá yrði eigi til muna meiri kostnaður að læra til sýslumanns en læra til prests, því að fyrir báða þessa lærdómsmenn yrði latínuskólinn að hafa gengið á undan; það mætti að eins gjöra ráð fyrir því, að menn yrðu ef til vill einu ári lengur á lagaskólanum en á prestaskólanum. Svo væri og þess að gæta, að eins og nú væru lög í landi, þá gæti sá fengið sýslumannsembætti, sem eigi hefði gengið gegnum latínuskólann, heldur tekið próf í dönskum lögum og vjer vissum það af reynslunni, að þeir menn væru eigi síður nýtir menn í embætti sínu en hinir. Í stuttu máli sagt, þá væri eigi hvað mest undir því komið, að maðurinn væri svo sprenglærður; það væri æfinlega meir komið undir manninum sjálfum, undir hans siðferðislegum hæfilegleikum, og sjerstaklegu kunnáttu, náttúrufari og lagi til að standa í stöðu sinni. Vjer hefðum dæmi þess, að alveg ólærðir menn, er teknir hefðu verið frá orfinu, sem menn svo kölluðu, hefðu staðið svo vel í stöðu sinni, sem sýslumenn, að jafnvel sumir af þessum hálærðu mönnum frá háskólanum mættu taka hattinn af

fyrir þeim. Hann kvaðst því eigi geta gjört neinn fjarskalegan greinarmun á lærdómi sýslumanna og annara embættismanna, svo sem prestanna, eða ætlað þennan lærdóm sýslumannanna vera það djúp og þá hæð, að yfir þetta djúp og þessa hæð ætti að leggja eintómar gullkrónur. Hann sagði, að vjer mættum eigi skoða lærdóminn svo, að hann væri að eins til þess að draga leigu af kostnaðinum, er vjer hefðum fyrir lærdómsnámi voru; slíkt væri hin hættulegasta skoðun, og gæti valdið hinni mestu siðaspillingu, ef barnið væri sent í skóla með þeirri hugsun og áformi, að það ætti síðan í embættinu að taka og heimta fullkomnar smjörleigur af lærdómi sínum þar, og segði svo við sjálft sig: «kunnáttu og menntun met eg einskis, heldur met jeg kunnáttuna eingöngu eptir því, hversu embætti það, er jeg fæ, er feitt; það er embættisfitan, sem á að borga mjer sveita þann, er jeg hefi látið út úr mjer í skólanum». Hver ætti þá hugsunin að vera hjá almenningi, þegar barnaskólar, sýsluskólar og æðri menntaskólar handa alþýðu væru stofnaðir. Skólar þessir mundu þó vanalega vera stofnaðir í þeirri von, að almenning mundi langa til að menntast, þótt vjer hefðum eigi feita sköku til að bjóða þeim í laun. Hann kvað þingmennina hafa talað um skrifstofukostnað sýslumannanna, að hann væri svo mikill. Það gæti nú að vísu verið, að sýslumennirnir skrifuðu miklu meira en prófastarnir, en þá væri þó þess að gæta, að prófastarnir fengju engan skrifstofukostnað endurgoldinn, enda vissi hann eigi með neinni vissu, hvort sumir sýslumenn hefðu meiri skrifstofukostnað en prófastarnir hefðu; og ef ætti að láta hvern sýslumann fá skrifstofukostnað endurgoldinn, af því að hann þættist þurfa að halda tvo skrifara, þá mætti ganga að því vísu, að landssjóðurinn þyrfti að borga háar tölur. Þegar um ábyrgð þá væri að ræða, er á sýslumanninum hvíldi, þá væri hún nokkur, en hver ábyrgð hvíldi eigi einnig á umboðsmönnunum? og hver laun hefðu þeir? Þeir þyrftu að afla sjer lærdóms og menntunar, yrðu að hafa hesta til þess að ferðast um, og standa skil á miklum peningum, og sumir hverjir jafnvel á eigi minni peningum en sýslumennirnir yrðu af hendi að láta (þingmaður Árnesinga: Nei). Hann kvaðst vona, að umboðsmaðurinn yfir Arnarstapa umboði mundi verða að standa skil á eins miklum peningum og sýslumaður Barðstrendinga eptirleiðis. Hann ætlaði eigi að tala um hestana, því að hann væri sannfærður um, að sýslumennirnir þyrftu eigi á fleiri hestum að halda, en prestar þeir, er erfiðum brauðum þjónuðu. Það er stærð sýslnanna snerti, þá hefðu þessir tveir þingmenn viljað hafa þær svo litlar, sem framast mætti verða. Þingmennirnir færðu þá yfirgripsmiklu ástæðu jafnan fram, að sýslumennirnir væru alveg ómissandi, og ætluðu, að alþýða með engu móti gæti lifað, hún yrði að ílustrái, nema sýslumennirnir væru á öðru hverju strái; hann ímyndaði sjer þó, að sýslumennirir ættu eigi að skíra börn eða húsvitja á hverjum bæ í sýslunni. Nú væri í ráði að taka það af, að lög skyldu birt á manntalsþingum, svo að eigi þyrfti að borga sýslumönnunum fyrir það ómakið, að brýna raust sína á lagatitlunum. Hann kvað sjer virðast svo, sem menn ættu að gá að því, að sýslumennirnir gjörðu eigi annað en þetta tvennt: að dæma og raka saman peningum og senda þá í landssjóðinn. En dæma þyrftu þeir þó líklega eigi, nema einhver fengi þá til þess; því að varla færu þeir að fyrra bragði að grennslast eptir þjófum, nje heldur eptir stórlöxum eða smálöxum; það mundu þeir ekki gjöra nema eptir umkvörtun eða kæru einhvers manns, og mundu þeir þá fá full laun, hvort sem um sakamál eða einkamál væri að ræða, og fullt eins vel borgað, eins og prestarnir, þegar þeir færu langan veg til þess að skíra börn. Sjer fyndist yfir höfuð enginn gjöra of lítið úr sýslumönnunum, þótt hann setti þá á bekk með prestunum, því að sami yrði lærdómurinn og menntunin að vera hjá hvorumtveggja. Reyndar væri peningaábyrgðin meiri hjá sýslumönnunum, en laun

þeirra væru aptur hærri, en laun prestanna, og ef 1. þingmaður Árnesinga gæti sjeð inn í huga sinn, fyrst álit sitt í brauðamálinu væri eigi út komið enn, þá mundi þingmaðurinn sjá, að hann væri eigi örlátari við prestana en sýslumennina; eigi af því, að þeir ættu það eigi skilið, eða væru þess eigi verðugir, heldur af því, að vjer Íslendingar gætum eigi verið örlátir við þá, meðan land vort væri svona fátækt. Hann kvaðst að endingu vilja geta um breytingu sína við stjórnarfrumvarpið á sameiningu Gullbringu- og Kjósarsýslu við bæjarfógeta-embættið í Reykjavík. Sjálfsagt væri, að eigi væri langt síðan sameining þessi hefði verið gjörð; en framsögumaður vissi einnig, að landfógeta-embættið og bæjarfógeta-embættið hefði áður verið sameinað, og væri þannig embætti það, er bæjarfógetinn nú hefði, eins og nokkurs konar áframhald af hinu fyrra sameinaða embætti, með því að þetta sýslumannsembætti hefði komið í stað landfógeta-embættisins, þar sem sú sameining hefði eigi getað átt sjer lengur stað, en þangað til vjer fengum fjárforræði, og allra sízt eptir það, er öll reikningsmál og endurskoðun reikninganna hefði komið inn í landið. Hann kvaðst og vilja geta þess, að sjer þætti æskiligt, að ungum liðlegum mönnum gæfist kostur á að skrifa hjá sýslumönnunum, og eigi einungis að skrifa, heldur og til að auðga sig að lagaþekkingu og temja sjer sýslumanna verk; og þegar ólærðir menn hefðu verið settir í sýslu og farið vel, þá mundi miklu óhættara að trúa þeim manni fyrir sýsluembætti, er fengizt hefði áður við skrifstofustörf og ýms smástörf sýslumanna; sjer þætti og þetta næsta vel til fallið, til þess að sýslumaðurinn þyrfti eigi alltaf að vera sem fugl á kvisti innanum sýsluna. Hann kvað sjer hafa dottið í hug, að þangað til lagaskólinn kæmist á og 5 dómendur (!?) yrðu skipaðir í yfirdóminn, að heppilegt væri, að menn gætu lesið nokkuð upp á sína eigin hönd, og lært aðferð sýslumannsins í dómaralegum og umboðslegum málum; og gæti því næst sá maður, er slíkt hefði numið hjer, siglt til Kaupmannahafnar, og tekið próf í dönskum lögum; eða þá að dómurunum við yfirdóminn væri gjört að skyldu að halda próf yfir manni þessum. Hann kvaðst koma með þessa uppástungu, ef svo færi, að lagaskólinn biði enn dálítið og kæmist eigi á, því að það hefði enn eigi bólað á honum, síðan honum hefði verið vísað í nefndina.

Framsögumaður svaraði því 1. þingmanni Árnesinga, að hann hefði að eins borið sýslumenn saman við yfirdómarana, en það væri eigi allskostar rjett, því að það væri meira heimtað af yfirdómurunum en sýslumönnum; þeir yrðu að hafa 1. einkunn í embættisprófi, þar sem sýslumenn kæmust af með lægri einkunnir. Sá væri og munur á högum sýslumanna og yfirdómara, að sýslumenn gætu þó búið búi sínu, og þætti það eigi svo lítils vert í sveit, að minnsta kosti þegar verið væri að tala um laun presta. Þingmaðurinn hefði fundið að 5 ára meðaltalinu, sem launin ættu að miðast við í vissum tilfellum, og sagzt eigi botna í því hjá nefndinni; en hann kvaðst vona, að honum tækist að komast í skilning um, að sú ákvörðun væri rjett, og nefndin fullkomlegra sjálfri sjer samkvæm í þeirri grein. Hann gæti annars eigi gjört að skilningsleysi þingmannsins; hann gæti eigi skapað skilning í menn. Þingmaðurinn hefði talið ófært að sameina Vestmannaeyjasýslu við Rangárvallasýslu. Nefndinni hefði nú raunar verið ljóst, eins og hún hefði tekið fram, að ýmsir agnúar væru á sameiningunni, en hún hefði eptir vandlega rannsókn og íhugun komizt að þeirri niðurstöðu, að sameiningin væri þó vel tiltækileg. Þingmaður Reykvíkinga hefði sagt, að sýslumaðurinn mundi mega til að hafa fullmektugan í báðum sýslunum, bæði á landi og úti í eyjunum; en hann kvaðst eigi geta betur sjeð, en nægilegt væri að hafa einhvern mann fyrir sig að eins í eyjunum. Það væri vitaskuld, að opt gæti verið torsótt milli lands og eyja, en hann hefði aldrei heyrt dæmi þess, að ferðir þar á milli tepptust mestan part ársins. Það

gæti vel verið, að eigi væri sem heppilegast, að til taka 1. ágúst til þess, að launalögin öðluðust gildi, en hann fengi eigi betur sjeð, en að sýslumenn mundu geta fengið laun eins fyrir því frá þeim tíma, að hið eldra launafyrirkomulag hætti. Nefndin hefði munað vel eptir skrifstofukostnaðinum, en henni hefði líka verið kunnugt, að margir sýslumenn hefðu engan sjerstaklegan skrifstofukostnað, það er að segja: hjeldu engan skrifara. Nefndinni hefði þótt ísjárvert, að vera að ala sjerstakan sýslumann í Vestmannaeyjum, þar sem ekki væri nema 300—400 manns. Það mætti þá eins heimta sjerstakan sýslumann í Grímsey; hún væri þó að minnsta kosti miklu lengra undan landi, og samgöngur milli lands og eyja miklu minni en milli Vestmannaeyja og meginlands. Hann sagðist vera uppalinn í Strandasýslu, og væri sjer kunnugt, að það væri hvergi nærri vikuleið sýsluna af enda og á. Það gæti verið, að hreppakerlingar gætu treint sjer það í viku, en aðrir ekki. Íbúar í Strandasýslu væru ekki nema 1000 eða lítið meir, og mætti þó fara nokkuð eptir því. Strandamenn væru manna friðsamastir. Hann sagðist mega fullyrða, að þar hefði varla nokkurt mál komið fyrir alla þessa öld; það væri víst, að öll þau 50 ár, sem Jón Jónsson á Melum hefði verið þar sýslumaður, hefði hann eigi þurft að dæma einn einasta dóm. Hann ímyndaði sjer, að lítil nauðsyn væri að hafa sjerstakan sýslumann í slíku lögsagnarumdæmi. Þingmaður Reykvíkinga hefði dróttað að nefndinni, að hún mundi hafa látið leiðast af einhverri óvild til Reykjavíkur, er hún hefði verið að til taka launin handa bæjarfógetanum þar. En slíkt væri röng getgáta og miður sæmileg. Hann vildi ekki ætla, að þingmaðurinn ljeti leiðast af þess konar hvötum í skoðunum sínum; að minnsta kosti minnti sig, að það stæði einhverstaðar í þingtíðindum, að hann færi optast eptir sannfæringu sinni.

Hann kvaðst og með engu móti geta verið þingmanninum samdóma um það, að bæjarfógetaembættið í Reykjavík væri svo fjarskalega áríðandi, eitthvert mest áríðandi embætti á landinu. Hann vissi eigi betur, en að ekki þyrfti meira til að ná í það, en að hlutaðeigandi hefði náð í eitthvert embættispróf í lögum. Sjer gæti ekki betur virzt, en að laun þau, er nefndin hefði ætlað bæjarfógetanum í Reykjavík, 3000 kr., væru fullsæmileg, í samanburði við það, sem hinir bæjarfógetarnir ættu að fá, hvort sem yrði nú heldur 600, 500 eða 400 kr. Nefndinni hefði eptir nákvæma yfirvegun virzt rjettast, að sýslumenn og bæjarfógetar hjeldu aukatekjunum upp í laun sín. Að minnsta kosti fylgdi þó sá kostur þeirri tilhögun, að peningaflutningur yrði minni fyrir bragðið. Hinum heiðraða 1. þingmanni Norður-Múlasýslu kvaðst hann ekki þurfa að svara mörgu; sjer hefði þótt hann gjöra heldur lítið úr lærdóminum, en hann kvaðst halda, að ef ætti að fara að draga úr lærdómi okkar, sem lengi hefði verið hið eina, er vjer hefðum oss til ágætis gagnvart öðrum þjóðum, þá mundi fara að rýrna vegsemd vor. Hann kvaðst sannfærður um, að það væri ókunnugleika þingmannsins að kenna, að hann ímyndaði sjer, að hægt væri að hafa Gullbringu- og Kjósarsýslu sameinaða við Reykjavík, og væri hann viss um, að hann væri sjer samdóma, ef hann þekkti betur til. 4 ára reynsla væri búin að sýna, að sameiningin væri óhafandi, enda hefðu komið fram margar kvartanir út af henni. Hafi þótt ófært að hafa landfógetaembættið sameinað bæjarfógetaembættinu, mætti nærri geta, að ekki væri hægra að reka 2 sýslur í hjáverkum bæjarfógeta; landfógetinn hefði þó aldrei þurft að ferðast neitt, ekki þurft að fara út úr húsi sínu embættisins vegna, en sýslumaður þyrfti að hafa mikið ferðalag, og ala marga hesta til þess.

Ísleifur Gíslason kvaðst mundu leiða hjá sjer að tala um málið í heild sinni, en að eins leyfa sjer að minnast á eitt atriði, sameining sýslna, og þá sjerstaklega sameining Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýslu. Hann kvaðst álíta sameining þeirra sýslna öldungis ófæra. Ef nefndin hefði lagt það til, að

Vestmannaeyjabúar skyldu alls ekki mega ná í sýslumann sinn nema einu sinni á ári, þá hefði hann getað skilið hana; en af því hann ætlaði, að nefndin vildi ekki meina eyjarskeggjum, að geta haft not af sýslumanni sínum optar á árinu, ef þörf krefði, þá yrði hann að telja þessa sameiningu með öllu óaðgengilega; því opt gæti að borið, að Rangárvallasýsla yrði með þessu móti sýslumannslaus, kann ske eina 3 eða 4 mánuði. Sýslumaðurinn mundi með þessu móti mega til að hafa fullmektugan á báðum stöðunum, bæði í eyjunum og á landi. Það væri mörg dæmi þess, að allar ferðir milli lands og eyja væru ómögulegar eina 3—4 mánuði í einu. Hvað flokkaskipunina snerti, þættist nefndin fara einkum eptir tvennu, ábyrgð þeirri, er embættinu fylgdi, og örðugleikunum við að reka það. En hún gætti sannarlega eigi þessarar reglu nema sumstaðar, heldur skipti sýslunum í flokka með fram af handahófi, enda hefði sjer heyrzt það á orðum framsögumanns, að nefndin hefði gjört þetta af vorkunnsemi við Barðastrandarsýslu, svo hún væri ekki einsömul í 3. flokki, og hefði þess vegna sett þessar umræddu sýslur niður í þennan flokk. En Rangárvallasýsla væri ein hin fjölmennasta í landinu, og fylgdi henni því mjög mikil peningaábyrgð, meiri en flestum hinna sýslnanna; eina ástæðan til að setja hana í neðsta flokk, væri þá sú, að hún væri hæg yfirferðar, en það eitt ætti þó eigi að ríða baggamuninn. Hann kvaðst mundu koma með breytingaratkvæði við 3. umræðu um það, að Rangárvallasýsla skyldi vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig, eins og að undanförnu, og vera í 2. launaflokki.

Benidikt Sveinsson sagði, að það hefði verið við að búast, að 1. þingmaður Norður-Múlasýslu mundi taka í þann strenginn, sem hann tók, þann, að allt væri rjett hjá minni hlutanum, honum sjálfum, en allt annað rangt. Hann hefði byrjað á fátækt landsins, og önnur röksemd hans hefði verið sú, að ekki mætti spikfeita einstaka menn. Þessar ástæður mundu nú láta mjög vel í eyrum flestra. En hann kvaðst vilja spyrja, hvort landið væri þá svo fátækt, að ekki mætti láta embættismenn landsins hafa viðunanleg laun, og hvort fátæktin mundi minnka við það, þótt sýslumennirnir og embættismenn yfir höfuð væru sveltir. Sýslumennirnir væru þó þjóðarinnar eigin börn. Það mundi aldrei verða sýnt eða sannað, að minnsta kosti eigi af sögunni, að þeirri þjóð vegnaði bezt, sem launaði illa embættismönnum sínum. Það hefði verið fylgt allt annari meginreglu í því efni á alþingi 1875, og það mundi eigi verða hrakið, að sú grundvallarregla væri rjett. Sjer þætti undarlegt, að nú ætti að hverfa alveg frá henni, og skildi hann eigi, hvaðan sú alda væri runnin. Þingmaðurinn hefði sagt, að ekki mætti bera saman sýslumennina og embættismennina í Reykjavík. En hann kvaðst aldrei hafa borið þá þannig saman, að hann ætlaðist til, að þeir hefðu sömu laun, heldur hefði hann að eins sagt, að laun þeirra ættu að miðast við laun samkynja embættismanna, lögfræðinganna í embættum í Reykjavík, að rjettara væri að miða hlutfallið við þá, heldur en við prestana; þeirra embætti væri allt annars eðlis, og allt öðruvísi háttað öllu þeirra starfi en sýslumannanna. Dæmið, sem þingmaðurinn hefði komið með, að einhver lærður sýslumaður mundi máske einhvern tíma hafa mátt taka hattinn af fyrir einhverjum bóndamanni, sýndist sjer eigi mikils virði; einstök dæmi sönnuðu ekkert um heila stjett, enda ímyndaði hann sjer, að þetta dæmi mundi fullt eins vel hafa átt við blessaða prestana, og stæðu þeir þingmanninum nær. Þingmaðurinn hefði lagt mikið út af því, að ekki væri rjett, að vera að fita svo lákaflega sýslumennina, nje að koma þeim upp á, að hugsa ekki um annað en tómar krónur, og hefði hann sjerstaklega borið kjör sýslumanna saman við kjör prestanna. Hann kvað það gleðja sig, ef prestar hugsuðu almennt meira um guðrækni og andlegt líf í sókn sinni, heldur en fjárgróða og líkamlega velsæld. En hann kvaðst ætla, að sú erfðasynd, að vilja fá laun erfiðis síns,

mundi eigi vera fjarlægari prestunum en hinum veraldlegu embættismönnum. Sjer virtist eigi betur, en að prestaefnin væru farin að líta allglöggt eptir krónunum. Það væri öllum kunnugt, að þeir vildu nú eigi sjá brauð, sem til skamms tíma hefðu þótt full-lífvænleg, og merkir og heiðarlegir prestar hefðu áður unað vel við og blessazt vel við. Það væri náttúrleg krafa hinna nýrri tíma, að heimta æ meiri og meiri menntun hjá embættismönnum, og meiri menntun væri jafnan samfara meiri kostnaður. Hann sagðist ítreka það aptur, að landið væri ekki svo fátækt, að það gæti ekki launað embættismönnum sínum sómasamlega. Þingmaðurinn hefði viljað gjöra lítið úr ábyrgð og annríki sýslumanna, enda minnti sig, að það stæði einhverstaðar prentað eptir hann, að þeir þyrftu eigi að gjöra annað en skrifa svo sem 4 stafi á dag að jafnaði. Þetta sýndi bezt, hvaða þekkingu þingmaðurinn hefði á hinum fjölbreyttu embættisstörfum sýslumanna. Hitt hefði hann betur skilið, ef þingmaðurinn hefði sagt, að prestarnir gætu sloppið með að lesa 10 sinnum upp sömu ræðuna. Þingmaðurinn hefði sagt, að störf sýslumanna hefðu minnkað við sveitarstjórnarlögin; hjer hefði orðið óvart hausavíxl hjá þingmanninum; hann hefði átt að segja, að störfin hefðu að miklum mun aukizt. Eins væri það, að annaðhvort lagaboð að kalla, sem nú væri á prjónunum, gjörði ráð fyrir svo og svo miklum störfum af hendi sýslunefnda og hreppsnefnda, og við það yxu einmitt mjög störf sýslumannsins sem oddvita sýslunefndarinnar. Það hefði sjer þótt nýstárleg kenning, að sýslumenn þyrftu aldrei að taka fyrir mál eða dæma dóm, nema þeir væru beðnir. Hann kvaðst vilja spyrja þingmanninn, hvort ekki mundi þess t. a. m. lengi að bíða, að þjófar og bófar kæmu og segðu við sýslumann: «Viltu gjöra svo vel að dæma mig». Umboðslaun væru ekki eiginleg laun, heldur að eins kaup fyrir tiltekið verk, tiltekinn hluti af því, sem umboðsmennirnir heimta inn; þau gætu ekki verið endurgjald fyrir að verja öllu sínu lífi í landsins þjónustu. Umboðsmenn hefðu að eins nokkra peninga-ábyrgð, en aðra ábyrgð enga. Eigi virtist sjer heldur mikið varið í þá ástæðu, að námskostnaður sýslumanna-efna yrði miklu minni, þegar lagaskólinn væri kominn á, því það mál ætti mjög langt í land, þótt frumvarpið um stofnun lagaskóla næði samþykki þingsins nú, sem hann efaðist reyndar eigi um. Sjer fyndust orð þingmannsins nú fara í ærinn bága við hin fögru ummæli hans í málinu um stofnun gagnfræðaskólans á Möðruvöllum í Hörgárdal, um að glæða andlegt fjör og menntunarlíf í landinu; því hann kvaðst óttast, að eigi yrði mikið úr því, ef menn yrðu útilokaðir frá að uppskera nokkurn tíma laun erfiðismuna sinna; hann væri hræddur um, að lítið yrði úr kappsmununum, ef lítils eða einskis væri von í aðra hönd. Til þess að geta fengið góða embættismenn væri ómissandi, að orðið gæti eins konar kappleikur milli embættismannaefnanna, en við slíku þyrfti eigi að búast, ef launin væru mjög rýr. Það væri nauðsynlegt, að til væri jafnan nóg af vel hæfilegum embættismanna-efnum, til þess að nóg væri jafnan úr að velja í embættin. Þannig væri hjá öðrum þjóðum. Hann kvaðst ekki leggja mikla áherzlu á það, hvort embættismenn hefðu 1. einkunn í embættisprófi eða eigi, enda væri enginn kostnaðarauki að því, að fá fyrstu einkunn; það væri komið undir allt öðru: gáfum, iðni, og máske heppni. Hann kvaðst vera þakklátur þingmanni Reykvíkinga, þar sem hann hefði lagt á móti sameining sýslna og eins þingmanni Rangvellinga; sjer virtust þessar sýslusameiningar hreinir loptkastalar og fánýtar bollaleggingar, til að spara nokkrar krónur. Sameining Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjasýslu væri að minnsta kosti allshendis fráleit. Hann áliti betra, eins og hann hefði sagt, að hafa sýslurnar minni, en launin lægri. Sameining Gullbringu- og Kjósarsýslu við bæjarfógetaembættið í Reykjavík væri og óhafandi; það væri fram komin nægileg reynsla

fyrir því, enda væru sýslubúar mjög ónægðir með hana. Vilji og þörf hjeraðanna væri líka rjettur. Hann ætlaðist ekki til, að embættin væru höfð fleiri en nauðsynlegt væri, eða launin höfð hærri, en minnst mætti komast af með. En ekki mætti gleyma því, að án valdstjórnar væri ómögulegt að vera; hún mundi reynast nauðsynleg eins hjer hjá oss, eins og hjá öðrum þjóðum.

Guðmundur Einarsson sagði, að búið væri að taka fram margt af því, sem hann hefði haft í hyggju að segja. Hjer hefðu komið fram tvær skoðanir, sem hann vildi kenna aðra við 1. þingmann Árnesinga og hina við 1. þingmann Norður-Múlasýslu. Hinn fyrri miðaði laun sýslumanna við laun yfirdómaranna, en hann gleymdi því, að þeim hefðu því að eins verið veitt þau laun, er þeir hefðu, af alþingi 1875, að þeim hefði verið ætluð byrði og starfsauki, þegar lagaskóli kæmist á. Þingmaður Norður-Múlasýslu hefði þar á mót borið laun sýslumanna saman við laun presta, en það væri heldur ekki rjett, því að það væri almennt viðurkennt, að prestar hefðu allt of lítil laun, og því væri ekki til neins að vera að bera það saman. Meðalvegurinn mitt á milli þessara skoðana væri því eptir sínu áliti rjettastur, og þann veg hefði og meiri hluti nefndarinnar þrætt; þó þætti sjer of langt bil á milli flokkanna, þó að hann játaði, að rjett væri, að laun sýslumanna væru betri í sumum sýslum enn sumum. Með tilliti til aukatekna sýslumanna þætti sjer ákvarðanir nefndarinnar ekki heppilegar, nfl. að sýslumenn fengju aukatekjurnar upp í laun sín, því að stundum gæti verið, að aukatekjurnar, sem reiknaðar væru eptir meðaltali um 5 ár, gætu opt verið undir himi sönnu upphæð, og hefðu þá sýslumenn skaða af þessu fyrirkomulagi; en aptur gætu líka komið fyrir stór höpp, t. d. hvalreki o. s. frv., og yrði þá þetta tjón fyrir landssjóðinn. Þessi ákvörðun væri líka á móti 1. gr., því að þar væri ákveðið, að sýslumenn ættu að hafa ákveðin laun, en eptir þessu yrðu þau mörg á reiki. Þar að auki væri það, að ef sýslumönnunum væri lögskipað að halda bókum sínum um aukatekjur í reglu, svo væri hægt að sjá nákvæmlega upphæð aukateknanna. Launin mættu ekki vera minni, en nefndin hefði ákveðið, eins og hægt væri að sjá, þegar þeir bændur væru teknir til samanburðar, sem reiknazt hefðu á við sjálfa sig, og metið til peninga hin sönnu útgjöld sín. Hann gæti t. d. nefnt einn bónda, sem hefði reiknazt á við sjálfan sig, og sem ekki hefði verið neinn óstandsmaður, hefði haft þokkalegt bú, en talsverðan fólksfjölda og nokkurn tilkostnað, enda hefði bú hans kostað hann 4000 kr. um árið. Þessi maður hefði getað orðið stórauðugur, ef ekki væru þessi fjarska-útgjöld, sem á búunum hvíldu, og þó eyddi hann ekki nema hóflega miklu til munaðarvara. Af þessu væri auðsjeð, að varlega væri farandi í að tala um krónufjölda. Þar að auk væri það aðgætandi, að þegar ungir menn kæmu í embætti, væru þeir optast nær skuldugir, þeir ættu sjaldnast prívateignir, og fengju sjaldan ríka giptingu; þess vegna ættu þeir illt með að útvega sjer veð. Ef þeir svo væru í sveit, þá yrðu þeir að koma sjer upp búi, og, eins og allir vissu, kostaði það mjög mikið; þar við bættist tekjuskatturinn, sem á þá yrði að líkindum lagður, og ýmsir aðrir skattar, fyrir utan öll gjöld til sveitar; þá yrði sýslumaðurinn að leggja í ekkjusjóð, ekkju sinni til framfæris eptir sinn dag. Þegar öll þessi gjöld væru athuguð, þá hlytu menn að sjá, að laun þau, er meiri hluti nefndarinnar hefði fallizt á, væru engan veginn of hátt ákveðin. Hann kvaðst vera á þeirra máli, sem álitu óhentugt að sameina Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjasýslu, og líka samdóma þeim, sem álitu of lágt að setja Rangárvallasýslu í lægsta flokk, því að sýslumaðurinn þar gæti ekki án skrifara verið og hefði mikla peninga-ábyrgð.

Tryggvi Gunnarsson tók það fram, að nefndin hefði ráðið til að flytja úr 3. flokki Vestmannaeyjasýslu og sameina hana við Rangárvallarsýslu, og sömuleiðis sameina Strandasýslu og Dalasýslu og flytja þær upp

í 2. flokk; við þessar breytingar hefði Barðastrandarsýsla ein verið eptir í 3. flokki. Hann kvaðst nú hafa skilið framsögumann svo, að nefndin hefði ekki viljað, að Barðastrandarsýsla væri svona einmana í 3. flokki, og hefði því henni til skemmtunar og samlætis stungið upp á að setja Skagafjarðarsýslu og Suður- Múlasýslu í 3. flokk með henni. Þetta gæti hann ekki sjeð að væri rjett, því að sínu áliti væri engin ástæða til að setja Skagafjarðarsýslu í 3. flokk fremur en Eyjafjarðarsýslu, eða Suður- Múlasýslu fremur en Norður- Múlasýslu; það væri ekki gott að sjá, hvað hefði komið nefndinni til þessa, en það væri aptur hægt að sjá af þessu, að í nefndinni hefði verið einn þingmaður úr Norður- Múlasýslu, en enginn úr Suður- Múlasýslu eða Skagafjarðarsýslu, og þætti sjer mjög óheppilegt, að þetta kæmi svona augljóslega fram á pappírnum. Hann gæti ekki sjeð, að Norður- Múlasýsla væri neitt örðugri sýsla en Suður- Múlasýsla, nema hvað ein heiði væri í Norður- Múlasýslu, sem þó væri ekki neitt sjerlega ill yfirferðar, nefnilega Smjörvatnsheiði, en aptur væru í Suður-Múlasýslu margir brattir fjallgarðar; þess vegna vildi hann mælast til þess, að deildin ljeti Suður- Múlasýslu og Skagafjarðarsýslu sitja órótaðar eptir frumvarpinu í 2. flokki, en ef atkvæði fengjust ekki fyrir því, þá kvaðst hann vilja koma sjer saman við 1. þingmann Norður- Múlasýslu til 3. umræðu, að flytja þessa sýslu líka niður í 3. flokk Suður- Múlasýslu til skemmtunar. Hvað snerti sameining Dala- og Strandasýslna, þá játaði hann, að sú sýsla mundi verða næsta erfið, en af því ósk um það hefði komið frá sýslubúum sjálfum í Dalasýslu, og þingmaður þeirra hefði fylgt því máli, þá mundi hann gefa því atkvæði sitt. Viðvíkjandi sameining Vestmannaeyjasýslu og Rangárvallasýslu hefðu menn sagt, að hún væri óhentug ýmsra orsaka vegna, og gæti það að vísu verið satt, en á hinn bóginn væri mjög kostnaðarsamt að halda sýslumann einungis fyrir eyjarnar einar, enda væri ekki öllu meiri þörf á að hafa þar sýslumann heldur en t. d. í Grímsey. Þingmaður einn hefði að vísu sagt, að Grímseyingar væru svo skikkanlegir, að þeir þyrftu ekki lögreglustjóra við; en hann vildi eigi gjöra þær getsakir Vestmannaeyingum, að þeir væru svo óskikkanlegir, að þeir þyrftu endilega að hafa sjerstakan sýslumann, og að ekki nægði að setja þar duglegan mann til umsjónar í fjærveru sýslumanns. Um upphæð launanna væri þegar mikið rætt. 1. þingmaður Norður-Múlasýslu hefði talað um fátækt landsins og vanmátt þess til að veita embættismönnum sínum há laun, og vildi hann játa þetta satt að vera, og að frá þessu sjónarmiði væru laun sýslumannanna fullhátt ákveðin hjá minni hlutanum. Aptur hefði þingmaður Reykvíkinga og Árnesinga sýnt fram á, hve mikinn kostnað sýslumannaembættin hefðu í för með sjer, og þeir gætu eigi komizt af með lítil laun. Þegar málið væri skoðað frá þessari hlið, þá væru, ef til vill, launin í stjórnarfrumvarpinu ekki of hátt ákveðin. Hann yrði nú að álíta, að meiri hluti nefndarinnar hefði litið jafnt á báða þessa málstaði, þar sem hann hefði til tekið launin mitt á milli, og mundi hann því í þessu efni fylgja meiri hluta nefndarinnar.

Páll Pálsson prestur sagði, að það væri eitt atriði í nefndarálitinu, sem hann gæti ekki fallizt á. Hann hefði sterklega gjört sjer von um, að nefndin mundi setja Skaptafellssýslu í 1. flokk sýslnanna, því að allir vissu, að hún væri hin erfiðasta sýsla á öllu landinu. Í engri annari sýslu væri eins og þar þrír eyðisandar að fara yfir, og hvergi annarstaðar væru önnur eins stórvötn og þar. Ábyrgðin í Skaptafellssýslu væri engu minni en t. d. í Þingeyjarsýslu; ef menn teldu saman, hvað mörgum álnum manntalsbókargjöldin næmu þar, þá væri álnatalan þar meiri en í Þingeyjarsýslu, en af því verðlagsskráin væri þar lægri en annarstaðar, þá væru skattarnir af henni minni í peningum en af öðrum sýslum. Eitt atriði væri enn athugavert: deildin hefði um daginn samþykkt, að skattar mættu greiðast í landaurum, en sýslumenn skyldu þó engin

innheimtulaun fá af því, sem ekki væri greitt í peningum. Nú hlyti hverjum að vera ljóst, hvílíkur órjettur þetta væri við sýslumennina í Skaptafellssýslu, sem yrðu að kosta miklu til, að láta flytja þessar vörur, sem skatturinn væri greiddur í, svo langa leið til kaupstaðar, til þess að skipta þeim í peninga. Sýslumenn væru t. d. skyldir að taka við sauðfje upp í skattgjaldið; sjer virtist ósanngjarnt, að þeir gjörðu það án nokkurs endurgjalds, og væri það annaðhvort, að nefndinni hefði gleymzt að taka tillit til þessa, eða þá að hana hefði vantað upplýsingar frá þingmönnunum úr Skaptafellssýslu. Enn væri það athugavert, að í Vestur-Skaptafellssýslu væru fleiri þjóðjarðir, en nokkurstaðar annarstaðar á landinu; ábúendur ættu nú mjög bágt með að fá peninga til að greiða afgjaldið, en þegar þeir væru búnir að fá leyfi til að greiða það í landaurum, þá mundu þeir ekki geta útvegað sjer peninga, heldur gjalda í landaurum og láta sýslumenn hafa fyrir að skipta þeim í peninga. Hann kvaðst því ímynda sjer, að deildin kannaðist við, að innheimtan væri margfalt erfiðari í Skaptafellssýslu heldur en annarstaðar, og sjer yrði því auðvelt að fá nógu marga til þess að geta borið upp breytingaratkvæði í þessa stefnu við 3. umræðu. Viðvíkjandi sameiningu Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjasýslu væri hann þeirrar skoðunar, að ógjörningur væri, að ætla sjer að gjöra þær sýslur að einni sýslu, því að aðgætandi væri, að í Vestmannaeyjum væri kaupstaður, og því væri nauðsynlegt, að þar væri lögreglustjóri.

Halldór Kr. Friðriksson kvaðst vilja svara þingmanni Norður-Múlasýslu nokkrum orðum; hann hefði talað svo mikið um fátækt landsins, og sagt, að vegna þess yrði að svelta embættismennina; en ef landið væri svo fátækt, að það gæti ekki launað embættismönnum sínum, þá virtist sjer fyrst og fremst liggja sú spurning fyrir, hvort embættismenn væru nauðsynlegir; og ef þeir væru nauðsynlegir, þá væri sjálfsagt að launa þeim svo, að þeir gætu lifað. Þessar raddir um fátækt landsins hefðu annars ekki heyrzt um daginn, þegar skattamálið hefði verið til umræðu; þá hefði þvert á móti verið sagt, að landssjóðurinn væri svo auðugur, að hann þyrfti ekki skatta við. En hvað sem því nú líði, þá hlytu allir að kannast við það, að embættismönnum ætti að launa svo, að þeir væru ekki neyddir til að fást við annað og þannig vanrækja embætti sitt. Þar að auki hlytu allir að kannast við það, að þessi laun væru ekki svo fjarska-mikil, þegar það væri til greina tekið, að heimtaðar væru 3 til 4 kr. fyrir mannsfæði á dag í sveitinni, eins og hann vissi dæmi til. Ef sagt væri, að þetta fje væri afdráttarlaus laun sýslumanna, þá væri rjett að segja, að þau væru nægileg, en þegar það væri ekki, þegar skrifstofukostnaður, ferðakostnaður og fl. væri í því fólgið, þá væri allt öðru máli að gegna. Þingmaður Norður-Múlasýslu og framsögumaður hefðu báðir verið að vitna í laun presta og bera þau saman við þessi laun sýslumanna, en laun presta kæmu þessu máli ekkert við; þegar það mál kæmi til umræðu, skyldi hann fúslega gefa sitt atkvæði með því, að veita prestum þau laun, er þeir ættu skilið, en það mál lægi ekki fyrir að sinni. Þingmaður Norður-Múlasýslu hefði talað um, að hinir lærðu menn vildu eins og draga rentur af lærdómi sínum. Þetta væri alveg rjett og satt; menn lærðu til þess að geta fengið embætti, sem þeir gætu lifað af, og það því betur, sem kostnaðurinn væri meiri til lærdómsins. Þingmaðurinn hefði sjálfur viljað gjöra mönnum ljettara fyrir að afla sjer menntunar með því, að gjöra ráðstafanir til þess, að ungir menn gætu orðið skrifarar og aðstoðarmenn sýslumanna; en ætlaðist þingmaðurinn til þess, að þeir gegndu þessum skrifarastörfum fyrir ekkert? Eða hver ætti að launa þeim? Ef sýslumennirnir ættu að gjöra það, þá yrðu þeir vissulega að fá meiri laun, heldur en þingmaðurinn vildi veita þeim. Að því er ræðu framsögumanns snerti, þá hefði hann byrjað á því, eptir því sem sjer hefði skilizt, að það væri helzti gallinn við þing-

mann Reykvíkinga, að hann færi optast eptir sannfæringu sinni; þetta þætti sjer undarleg kenning af presti, að hafa það sem brigzlyrði á sig, að hann færi optast eptir sannfæringu sinni. Hann kvaðst geta frætt framsögumann um það, að hann færi ekki að eins optast, heldur ávallt eptir sannfæringu sinni, og hann vonaðist til, að framsögumaður fyndi enga ástæðu til að brigzla sjer um það; að minnsta kosti mundi framsögumaður að líkindum ekki atyrða presta sína fyrir það, þótt þeir kenndu eptir sannfæringu sinni. Að því er það snerti, að framsögumaður hefði ekki fundið ástæðu til að hækka laun bæjarfógetans í Reykjavík »upp úr öllu hófi», þá væru það engin of há laun, þótt hann fengi 4000 kr. um árið. Framsögumaður yrði að gæta þess, að enginn sýslumaður á landinu hefði eins umfangsmikið embætti og bæjarfógetinn í Reykjavík; peninga-ábyrgðiu væri hvergi eins mikil, tollheimtan hvergi eins mikil eins og í Reykjavík; hjer væru fleiri menn samankomnir á einn stað, en annarstaðar á landinu, og hingað kæmu fleiri aðkomumenn en til annara staða; þess vegna væru lang-flest málaferli í Reykjavík. Bæjarfógetinn væri formaður í bæjarstjórninni og mörgum nefndum, sem undir bæjarstjórnina heyrðu, og fengju þær honum mikið að starfa, og tilefni til mikilla skripta. Hann kvaðst ímynda sjer, að enginn þingdeildarmaður óskaði, að í þetta embætti veldist einhver óliðlegur og ónýtur maður; af því bæjarfógetinn hefði svo mikið við útlendinga að sælda, ættu menn miklu fremur að óska, að í því embætti væri duglegur og nýtur maður, sem gæti orðið landinu til sóma, en ekki til vanvirðu. Sig furðaði þess vegna á því, að annar eins maður og framsögumaður væri, skyldi láta sjer slíkt um munn fara, að í þetta embætti þyrfti engan sjerlega nýtan mann. Um sameining sýslnanna væri þegar búið að tala svo margt, og hefðu margir þingmenn sýnt fram á, að sameining Vestmannaeyja- og Rangárvallasýslu væri alveg ótæk, þrátt fyrir allt það, sem framsögumaður hefði talið henni til gildis. Hann skyldi enn bæta við einu atriði: á Vestmannaeyjum væru margar umboðsjarðir; ef sýslumaður því ekki sæti þar, þá þyrfti að hafa sjerstakan umboðsmann, og hann þyrfti líka að fá laun. 1. þingmaður Suður-Múlasýslu hefði talað um, að Stranda- og Dalasýsla mundi verða örðugt embætti, ef þær sýslur væru sameinaðar, en þó sagzt vilja gefa því atkvæði sitt, af því Dalasýslumenn hefðu beðið um sameininguna; en Strandasýslumenn, ættu þeir ekkert atkvæði að hafa í þessu máli? Hann kvaðst ímynda sjer að þeir hefðu allt eins mikið atkvæði í þessu eins og Dalasýslumenn.

Framsögumaður kvaðst nauðugur vilja lengja þingræðurnar að þessu sinni, en hann vildi að eins mótmæla því, er 2. þingmaður Rangæinga hefði sagt, að nefndin hefði gjört jafnað þennan af handahófi, heldur hefði vakað fyrir nefndinni, að Rangárvallasýsla væri hægri yfirferðar, en aðrar sýslur þær, er skipaðar væru í sama flokk. Þar sem þingmaður Dalamanna hefði sagt, að aukatekjur sýslumanna mundu nokkuð á reiki, þá væri það að vísu satt, en sá munur gæti þó aldrei orðið skaðlegur. Þar sem 1. þingmaður Suður-Múlasýslu hefði sagt, að nefndin hefði sett Suður-Múlasýslu og aðrar þær sýslur, er hún hefði bætt við 3. flokk, Barðarstrandarsýslu «til skemmtunar», þá hefði nefndin haft aðrar ástæður fyrir því, og þyrfti hann eigi annað en hafa uppdrátt landsins fyrir sjer, til þess að sjá, að munur væri á Suður-Múlasýslu og Norður-Múlasýslu; bæði væri heiði sú, er hann sjálfur hefði nefnt, Smjörvatnsheiði, og svo væri sú sýsla stærri öll og umfangsmeiri. 1. þingmaður Skaptfellinga hefði verið ó-ánægður með Skaptafellssýslu, og þætti sjer það undarlegt, að hjer kæmi fram, að hver þingmaður talaði hjer fyrir sína sýslu; það væri vitaskuld, að hún væri nokkuð örðug, en hún væri strjálbyggð og lítil umferð þar um. Sami þingmaður hefði og verið óánægður með það, að þar væri greitt meira í

landaurum en annarstaðar, en hann yrði að halda, að sýslumaður mundi eigi hafa skaða af því, heldur ábata miklu fremur, að minnsta kosti mundi sá sýslumaður, sem nú væri þar, hafa ráð til að komast út af því, og svo mundu og eins eptirmenn hans. Þingmaður Reykvíkinga hefði og verið óánægður með það, sem hann hefði sagt um sannfæringu hans, en hann hafði að eins sagt, að hann gæti sýnt honum í þingtíðindunum 1875, að þar stæðu þessi orð eptir sjálfan hann, að hann færi sem optast eptir sannfæringu sinni; það hefði aldrei verið tilgangur sinn, að álasa honum fyrir, að hann færi eptir sannfæringu sinni, heldur hefði sjer að eins fundizt, að menn ættu ætíð að fara eptir sannfæringu sinni; það gjörðu prestar, og það ætti hver maður að gjöra. Enn fremur hefði sami þingmaður sagt, að bæjarfógetinn í Reyjavík mundi hafa meira að gjöra, en sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, en hann vildi segja, að ferðir hans yrðu þó að minnsta kosti minni, þar sem hann að eins þyrfti að ganga um götur bæjarins, í stað þess er hinn þyrfti að ferðast um allar sýslurnar, og væru þær þó eigi svo litlar ummáls. Þá hefðu menn og talað um, að Strandasýslubúar hefðu eigi látið í ljósi, hvort þeim væri ljúft eða leitt, að sýsla þeirra yrði sameinuð Dalasýslu, þá væri það að vísu satt, en nefndinni hefði virzt það næg ástæða, að Dalasýslubúar hefðu beðizt þessa, og annað hitt, að enginn umkvörtun væri enn komin frá Strandasýslubúum um, að þeir væru óánægðir með þessa sameiningu, og hefði þeim þó verið innan handar, að senda álit sitt um það mál til þingsins, þar sem þeir vissu, að þetta mál væri á prjónum Nefndinni hefði og verið fengið frumvarp um þetta, og hefði þingmaður Dalamanna flutt það, og verið á honum að heyra, að honum og Dalasýslubúum öllum væri þetta áhugamál, og hefði því nefndinni þótt það nægar ástæður. Þegar hann í nefndinni hefði samþykkt þá launaupphæð, sem meiri hlutinn hjeldi fram, hefði hann gjört það með hálfum huga, því, eins og hann hefði áður tekið fram, áliti hann launaupphæðina álitsmál, sem enginn gæti með vissu sagt um hver ætti að vera, en þegar nú minni hlutinn væri fyrir neðan nefndina, en margir þingmenn fyrir ofan hana, þá yrði hann að styrkjast í þeirri sannfæringu, að nefndin, sem væri mitt á milli, hefði hitt það, sem væri næst því rjetta, og dirfðist hann þess vegna að vænta, að meiri hluti atkvæða yrði með henni.

Arnljótur Ólafsson sagði, að af því að 1. þingmaður Árnesinga hefði verið að tala um, að óhæfa væri að launa eigi sýslumönnum mæta-vel, og verið að bera þá saman við embættismenn í Reykjavík, og hefði sjer svo skilizt á öllum orðablænum, sem þingmanninum hefði þótt sýslumönnum of lítill sómi sýndur, að jafna þeim saman við prestana; fyrir því skyldi hann nú leyfa sjer að bera laun þeirra einungis saman við laun hinna hálaunuðu embættismanna. Vildi hann þá fyrst bera sýslumennina saman við yfirdómarana í Reykjavík og laun þau, sem þeir hefðu. Laun þeirra væru í raun rjettri sem dómanda eigi meiri en 3200 kr., eins og þingmaðurinn vissi manna bezt, en hin 800 kr. hefðu þeim verið ætluð fyrir kennslu í lögfræði, þegar hinn fyrirhugaði lagaskóli kæmist á, og væri hann viss um, að 1. þingmaður Árnesinga mundi eigi láta lengi standa á því, að koma lagaskólanum í gang, til þess að þeir hefðu eigi þessi 800 kr. fyrir ekki neitt. Þessu næst vildi hann bera þá saman við aðra veraldlega embættismenn, eigi við presta, því að þingmaður Árnesinga hefði sjálfur játað, að eigi væri miðandi við þá, þar sem þeir lifðu við svo bág kjör, að það tæki tárum. En þá vildi hann bera sýslumenn saman við lækna upp í sveit. Þeir hefðu í laun 1500 kr.; 1. þingmaður Árnesinga hefði reiknað sýslumönnum 400 kr. í ferðakostnað, en þá vildi hann spyrja, hve mikið ættu læknar að reikna sjer í ferðakostnað eða hestahald? Aukatekjur lækna væru litlar, að því er

þeir sjálfir segðu, að minnsta kosti mundu þær eigi meiri en hjá góðum sýslumönnum, er þeir kæmust í skipströnd og önnur feit uppboð. Þá væru enn hreppstjórar? Hver laun hefðu þeir, og hvert endurgjald fyrir skrifstofukostnað? Þeir hefðu þó svo miklar skriptir, að sýslumenn byggðu flest sín verk á skrifum þeirra, svo sem skattheimtuna, uppboð og skipti á dánarbúum. Það væri satt, sem þingmaður Reykvíkinga hefði sagt, að embættismenn væru nauðsynlegir; en hann vildi spyrja, hvort bændur, hvort almúgi væri eigi einnig nauðsynlegur? Landið mætti þó eigi launa embættismönnum sínum svo, að það kæmist sjálft á vonar-völ. Hann vildi segja, að þeir sýslumenn, sem kæmust af með 3000 kr., væru nauðsynlegir, en hann vildi setja spurnarmerki fyrir framan nauðsynleika þeirra sýslumanna, sem eigi gætu komizt af með minna en 4000 kr., og hann vildi kalla þá óráðsmenn og eyðslubelgi, sem svo færu að ráði sínu. Hann vissi eigi til, að sýslumaður sá, sem hefði verið í Þingeyjarsýslu næstur á undan þeim, sem nú væri þar, hefði haft nokkurn skrifara. Það væri þó satt, að amtmaðurinn, sem hefði nýlega verið í norður- og austurumdæminu, hefði verið svo mikill starfsmaður með brjefaskriptir, að sýslumennirnir hefðu haft nóg að láta skrifa, enda hefði hann á þeim tíma heyrt þá kvarta undan því, að mestar annir þeirra kæmu af því, að amtmaðurinn hefði verið svo ólmur í brjefaskriptum. En þrátt fyrir það hafði þó hinn fyrri sýslumaður Þingeyinga engan skrifara, og mun hann þó eigi hafa farið varhluta af brjefaskriptum amtmannsins. Nú viki þessu öðruvísi við í norðuramtinu; nú mundi skriptum amtmanns mikið hafa linnt um stund og það í meira lagi. Það kynni reyndar að vera, að sýslumenn hefðu nóg að gjöra, ef þeir ættu að taka skatt »af hverju nefi» eða dæma hvern mann, en eigi vissi hann til, að sýslumenn dæmdu aðra í þegnmálum (prívatmálum) en þá eina, sem málseigendur bæðu sýslumenn að dæma. En ef svo væri, sem þingmaður Árnesinga hefði imprað á, að þeir dæmdu hvern mann, sem þeim sýndist, ótilkvaddir, þá gæti að vísu verið, að þeir hefðu fjarskann allan að gera, en þá jykjust líka aukatekjur þeirra að mun, og þá þyrftu þeir engu að heldur 4000 kr. í laun.

Í stuttu máli sagt, þá fyndist sjer, að eptir strjálbyggð landsins og fátækt, og því, hve lítið sýslumenn hefðu að gjöra, að laun þeirra væru hæfilega sett 3000, 2700 kr. og 2500 kr. eptir því, í hverjum flokki sýslna þeir sætu, og ef þeir þyrftu launabótar við, þá mundu 500 kr. hvorki geta gjört af eða á. Það væri annars dáfalleg hugsun, er 1. þingmaður Árnesinga vildi koma í verk; hún væri sú, að allir embættismenn segðu með sjálfum sjer: «Jeg á allt að fá fyrir ekki neitt; meðan jeg var í skóla, fjekk jeg ölmusu, og síðan ölmusu við háskólann til þess að halda áfram námi mínu; nú skal jeg einnig reyna að fá allt fyrir ekki neitt; jeg set því upp svo og svo mikið fyrir hestakostnað og skrifstofukostnað, en sjálfur skal jeg flatmaga uppi í rúmi eða á sofa, másandi og kvásandi út af öllum ósköpunum, sem jeg hef að gjöra, og láta svo landssjóðinn hella ofan í mig gullkrónum í stórlækjum». Nú vildi hann spyrja þingmann Reykvíkinga, hvort þessir embættismenn væru nauðsynlegir. Hann kvaðst reyndar fákænn í sögum, enda þekkti hann ekkert það stjórnfrjálst land, svo sem vort land nú væri orðið, er sagt yrði um: «þetta land hefur þroska sinn, framför sína og þjóðsæld að þakka hálaunum embættismanna sinna». Það væri því sitt álit, að launa skyldi embættismönnum sómasamlega, og þannig að þeir gætu vel við unað með nægjusemi, en ekki dyngja ofan á þá krónuhrúgum, ekki meiri starfa en þeir hefðu hjer á landi, nema ef það væri tilgangur þingsins, að launa hátt embættismönnum sínum, án þess að þeir ynnu til þess, og án þess að þjóðin gæti það; en sú hugsun væri víst engum fjarlægari en 1. þingmanni Árnesinga, þótt hann hefði eigi talað eitt orð í þá átt í þetta sinn.

Þá beiddust 8 þingmenn þess, að umræðunum væri hætt, og voru þeir þessir:

Ísleifur Gíslason,
Snorri Pálsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Jón A. Blöndal,
Benidikt Sveinsson,
Stefán Stephensen,
Einar Ásmundsson,
Grímur Thomsen,

og var það samþykkt, og síðan gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. gr.:
   a, breytingaruppástunga nefndarinnar samþykkt með 14 atkvæðum gegn 3.
   b, 1. gr. með áorðinni breytingu samþykkt með 18 atkvæðum.
2. grein.
   a, breytingaruppástunga nefndarinnar við byrjun greinarinnar samþykkt með 15 atkvæðum gegn 4.
   b, fyrri liður greinarinnar með breytingu samþykktur með 16 atkvæðum.
   c, síðari hluti greinarinnar felldur með 16 atkvæðum.

   Hin nýja grein nefndarinnar samþykkt með 14 atkvæðum gegn 4.
3. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt í einu hljóði.
4. grein.
   a, uppástunga minni hlutans, að fyrir 4000 komi 3000, felld með meiri hluta atkvæða.
   b, uppástunga minni hlutans, að í stað 3200 komi 2700 felld.
   c, uppástunga meiri hlutans, að í stað 4000 komi 3500 samþykkt.
   d, uppástunga meiri hlutans, að fyrir 3200 komi 3000 samþykkt.
   e, að 2500 krónur komi í stað 2400 kr. samþykkt.
   f, uppástunga nefndarinnar við 1. flokk felld með 11 atkvæðum gegn 9.
   g, uppástunga nefndarinnar við 2. flokk samþykkt með 11 atkvæðum gegn 6.
   h, að Skagafjarðarsýsla flytjist úr 2. flokki, fellt með 13 atkvæðum.
   i, að Suður-Múlasýsla falli úr 2. flokki fellt með 14 atkvæðum.
   k, að Kjósar- og Gullbringusýsla falli úr 2. flokki, samþykkt með 12 atkv. gegn 8.
   l, uppástungur nefndarinnar við 3. flokk þar við fallnar.
   m, 4. gr. með áorðnum breytingum samþykkt með 15 atkvæðum.

   Hin nýja 6. grein nefndarinnar samþykkt með 20 atkvæðum.
5. grein.
   a, nefndin: að 3000 kr. komi í stað 4000 kr., samþykkt með 16 atkvæðum.
   b, nefndin: að 1000 kr. komi í stað 800 kr., samþykkt með 11 atkvæðum gegn 8.
   c, nefndin: að 500 kr. komi í stað 600 kr., samþykkt með 14 atkvæðum.
   d, uppástungur minni hlutans við 5. grein þar við fallnar.
   e, 5. gr. (nú 7.) frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt með 14 atkvæðum.
6. grein (nú 8. gr.)
   a, nefndin: að síðari hluti greinarinnar falli burt, samþykkt með 16 atkvæðum.
   b, 6. gr. (8. gr.) með áorðinni breytingu samþykkt með 19 atkvæðum.
7. grein (9. gr.)
   a, viðbót nefndarinnar samþykkt með 14 atkvæðum.
   b, 7. gr. (9. gr.) frumvarpsins með þessari viðbót samþykkt með 20 atkvæðum.
8. grein (10. gr.) frumvarpsins; vegna óglöggrar atkvæðagreiðslu var við haft nafnakall og sögðu:

já:
Halldór Kr. Friðriksson,
Ísleifur Gíslason,
Grímur Thomsen,
Hjálmur Pjetursson,
Páll prestur Pálsson,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson.

nei:
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,

nei:
Eggert Gunnarsson,
Einar Gíslason,
Einar Guðmundsson,
Einar Ásmundsson,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Jón Blöndal,
Páll bóndi Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorlákur Guðmundsson;
var greinin þannig felld með 12 atkvæðum gegn 9.

Því næst var leitað atkvæða um, hvort málið skyldi ganga til 3. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði, og var frumvarpið nú þannig hljóðandi:

FRUMVARP
til laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta.

1. grein.

Sýslumönnum og bæjarfógetum skulu veitt ákveðin laun úr landssjóði, svo sem segir í 4. og 5. grein hjer á eptir. Aptur á móti renna afdráttarlaust í landssjóðinn tekjur þær, sem embættismenn þessir hafa hingað til að launum haft, hvort heldur eru manntalsbókargjöld eða skattur sá, sem í þeirra stað kemur, tekjur af ljensjörðum og umboðslaun.

2. grein.

Sýslumenn og bæjarfógetar skulu halda óskertum tekjum þeim, er þeir hafa eptir aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830, og sömuleiðis gjöldum þeim, sem þeim bera fyrir innheimtu aðflutningsgjalds á brennivíni og öðrum áfengjum drykkjum, samkvæmt tilsk. 26. dag febrúarm. 1872, 10 gr., sbr. lög 11. febr. 1876, og á tóbaki samkvæmt lögum 11. dag febrúarm. 1876, 3. grein, svo og gjöldunum fyrir eptirlit með útlendum fiskiskipum samkvæmt lögum 17. desbr. 1875.

3. grein.

Tekjur þær, sem nefndar eru í næstu grein á undan, skulu taldar eptir 5 ára meðaltali, í fyrsta sinn eptir meðaltali þeirra 5 ára, 1871—1775, og dragast frá þeirri launaupphæð, sem sýslumönnum og bæjarfógetum ber að fá úr landssjóði eptir lögum þessum.

4. grein.

Lögþingisskrifaralaun og lögrjettumannalaun þau, sem sýslumenn hafa hingað til greitt til landssjóðs, skulu af numin. Svo skal og af numinn hundraðsfiskur sá á Vestmannaeyjum, sem goldinn er sýslumanninum þar á eyjunum.

5. grein.

Sýslum landsins skal skipt í þrjá flokka. Laun sýslumanna í sýslum þeim, sem teljast til 1. flokks, eru 3500 kr. árlega; í sýslum þeim, sem teljast til 2. flokks, 3000 kr., og í sýslum þeim, sem teljast til 3. flokks, 2500 kr.

Í 1. flokki eru:
1. Árnessýsla.
2. Húnavatnssýsla.
3. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.
4. Þingeyjarsýsla.

Í 2. flokki eru:
1. Skaptafellssýsla.
2. Rangárvallasýsla.
3. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.
4. Ísafjarðarsýsla.
5. Skagafjarðarsýsla.
6. Eyjafjarðarsýsla.
7. Norður-Múlasýsla.
8. Suður-Múlasýsla.
9. Dala- og Strandasýsla.

Í 3. flokki eru:
1. Vestmannaeyjasýsla.
2. Barðastrandarsýsla.
3. Gullbringu- og Kjósarsýsla.

6. grein.

Nú eru sýslur sameinaðar, meðan sami sýslumaður er í annari þeirra; skal hann þá annaðhvort hafa tekjur af þeim sameinuðu sýslum eptir 5. grein laga þessara, eða halda þeim launum, sem hann hafði og fá þóknun fyrir að þjóna þeirri sýslu, sem við hann er bætt, og má þó sú þóknun eigi vera meiri en helmingur af launum þeim, sem sýslumaðurinn í þeirri sýslu hafði síðast.

51*

7. grein.

Bæjarfógetinn hefur að launum 3000 kr. árlega, og að auki 1000 kr. í skrifstofukostnað. Þar upp í teljast aukatekjur þær, sem honum bera eptir 2. og 3. gr. laga þessara. Bæjarfógetarnir á Ísafirði og Akureyri hafa hvor í laun 500 kr. árlega.

8. grein.

Ráðgjafinn fyrir Ísland gjörir ráðstafanir þær, sem nauðsyn ber til, lögum þessum til framkvæmdar.

9. grein.

Hinar almennu ákvarðanir í lögum um laun embættismanna m. fl. 15. dag októbermánaðar 1875, 1.—7. gr., skulu einnig ná til sýslumanna og bæjarfógeta, að því leyti er snertir 7. grein tjeðra laga, þannig, að tekjur þær, sem þeir hafa haft hingað til, sjeu taldar eptir því, sem þær hafa verið að meðaltali um hin 5 síðustu ár, og verður hvorki tekið af launum þeirra, nje þau aukin, meðan þeir eru í sama embætti.

BREYTINGARUPPÁSTUNGUR
við frumvarp til laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta, eins og það var samþykkt við aðra umræðu.

I. Breytingaratkvæði
frá nefndinni.

Við 1. grein.

1. Fyrir orðin: «svo sem segir í 4. og 5. grein hjer á eptir» komi: «svo sem segir í lögum þessum».

Við 5. grein.

2. Við 1. flokk bætist: «Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýsla», og úr «2. flokki» falli: «2. Rangárvallasýsla», og úr «3. flokki»: «1. Vestmannaeyjasýsla».
3. Til vara: Úr 3. flokki falli: «1. Vestmannaeyjasýsla», en við enda 5. greinar bætist: «En laun sýslumannsins á Vestmannaeyjum eru að eins 1500 kr.».

Við 7. grein.

4. Fyrir: «1000 kr.» komi: «1500 kr.».

Við 9. grein.

5. Fyrir: «um hin 5 síðustu ár» komi: «um 5 ára bilið 1871—75».

Eptir 9. grein komi ný grein, sem verður 10. grein:

Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1878.

II. Breytingartillögur
frá 6 þingmönnum.

1. Að 3. grein frumvarpsins falli burtu.
2. Að orðin í 7. grein: «þar upp í . . . laga þessara» falli burt.
3. Að aptan við 9. grein verði bætt: «Þeir sýslumenn og bæjarfógetar, sem nú ern í embættum, skulu eiga kost á, að fá laun eptir 4. grein (5. gr. frv.) þessara laga, jafnskjótt og þau hafa öðlazt gildi».
4. Að 4., 5., 6., 7., 8. og 9. gr. verði: 3., 4., 5., 6., 7. og 8. grein.
5. Að svo látandi grein (9. gr.) verði bætt aptan við frumvarpið: «Lög þessi öðlast gildi í fardögum 1878».

Benidikt Sveinsson, Páll Pálsson,
flutningsmaður. þingm. Skaptfellinga.
Þorsteinn Jónsson. Þorlákur Guðmundsson.
Einar Ásmundsson. Tryggvi Gunnarsson.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 43. fundi neðri þingdeildarinnar, 15. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu *frumvarp til laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta.*

8 þingmenn höfðu beðizt þess, að umræðunum um þetta mál væri frestað, en því var hrundið.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson) kvaðst með fám orðum vilja gjöra grein fyrir breytingaratkvæðnm nefndarinnar. Breytingin undir 1. tölulið væri eðlileg afleiðing af því, að um launin væri talað í fleirum greinum heldur en í 4. og 5. grein, svo sem í 7., 8. og 9. greinum, og kvaðst hann því vænta þess, að þessi breyting yrði samþykkt mótmælalaust. Hvað breytingu nefndarinnar undir 2. tölulið snerti, þá stæði svo á henni,

að nefndin hefði ekki getað sannfærzt um, að sameining Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjasýslu væri ómöguleg, eins og tekið hefði verið fram við 2. umræðu. Hann kvaðst verða að álíta þá mótbáru á litlum rökum byggða, að Vestmannaeyjar gætu ekki verið án sjerstaks sýslumanns, af því svo gæti opt staðið á, að ekki gæfi milli lands og eyja, og ferðir sýslumannsins á milli hindruðust. Þegar athugað væri, hve opt sýslumenn væru vanir að koma í hvern hrepp í sýslu sinni, þá væri það ekki opt á ári, og væri þá sýslumanninum í Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýslu ekki vorkennandi, einu sinni ári að bregða sjer út í eyjarnar, enda væri vonandi, að hann optast gæti komizt bráðlega í land aptur. Eins og frumvarpið væri nú, ætti sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum að hafa í laun 2500 kr.; þar við bættust umboðslaun 450 kr., embættisjörð 274 kr., og af hundraðsfiski 305 kr., alls 3529 kr. Hann kvaðst verða að álíta, að deildinni væru mislagðar hendur, ef hún vildi kosta svo miklu fje til þess, að Vestmannaeyjar, sem í rauninni væri að eins einn hreppur eða sókn, skyldu hafa sýslumann út af fyrir sig. En ef deildin vildi ekki fallast á sameininguna, þá hefði nefndin til vara stungið upp á, að laun sýslumannsins í Vestmannaeyjasýslu skyldu að eins vera 1500 kr., og það samanlagt við aðrar tekjur yrði nefndin að álíta nóg laun fyrir sýslumann, sem kvartaði um, að hann hefði ekkert að gjöra. Við 4. tölulið hefði nefndin stungið upp á þeirri breytingu, að fyrir 1000 kr. kæmu 1500 kr., og yrði nefndin að álíta það sanngjarnt samkvæmt þeim skýrslum, er hún hefði fengið um skrifstofukostnað bæjarfógetans í Reykjavík. Breytingin undir 5. tölul., að breyta orðunum: «um hin 5 síðustu ár» í «um 5 ára bilið 1871—75», væri einungis til skýringar. Þar að auk væri bætt við ákvörðun um, hvenær lögin skyldu öðlast gildi, og yrði það án efa samþykkt.

Hann kvaðst verða að minnast lítið eitt á breytingaruppástungur hinna 6 þingmanna. Þeir legðu það þá fyrst til, að 3. grein frumvarpsins skyldi falla burt. Þetta gæti hann ómögulega fallizt á, ef það væri meining uppástungumanna, að sýslumenn skyldu halda launaupphæð þeirri, sem til tekin væri í frumvarpinu, og aukatekjum öllum um leið, eins og liti út fyrir að meiningin væri. Þetta væri ekki lítill viðauki við launin, því með því móti yrðu hæst laun undir eða um 6000 kr., og öll launin yrðu við það mjög há og næsta ójöfn. Þannig hefðu aukatekjur sýslumannsins í Suður-Múlasýslu verið að meðaltali árin 1871—75 um 1900 kr.; laun hans yrðu þá alls 4900 kr.; í Norður-Múlasýslu aukatekjur 1040 kr., laun alls 4040 kr.; í Eyjafjarðarsýslu aukatekjur 1090 kr., laun alls 4090 kr. Eptir þessu mundu launin verða hæst í Eyjafjarðarsýslu og Ísafjarðarsýslu, en lægst í Skagafjarðarsýslu og Skaptafellssýslu. Hann kvaðst því ekki geta ætlað, að þessi breyting gæti náð samþykki deildarinnar. Viðauki 6 þingmanna við 9. gr. kvaðst hann ekki sjá að gæti staðizt, undir eins og 9. gr. frumvarpsins væri látin standa, því að þar væri ákveðið, að sýslumenn skyldu halda þeim launum, er þeir hefðu haft; hann hefði því beðið forseta um, að bera 9. gr. upp í tvennu lagi, þannig að síðasta línan yrði borin upp sjer; ef hún þá fjelli, þá gæti þessi viðauki þingmannanna komizt að. Hann skyldi ekki gjöra þetta að neinu kappsmáli, hvort breytingin væri samþykkt eða ekki; það mælti margt með því, að sýslumenn, sem hefðu lítil laun, fengju að kjósa um, hvort þeir vildu fá laun eptir þessum lögum, enda væri það samkvæmt 7. gr. hinna almennu launalaga, og sömuleiðis væri það sanngjarnt, að þeir, sem hefðu hærri laun, mættu halda þeim óskertum. En þótt þetta yrði samþykkt, mundu það verða mjög fáir sýslumenn, sem fengju verulega viðbót; það væri sjerstaklega sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu, sem mundi vinna við það 200 kr., og sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu mundi og fá dálitla viðbót; það væri því engin ástæða til þess, að gjöra kappsmál úr þessu.

Þorsteinn Jónsson kvaðst finna ástæðu

til að fara nokkrum orðum um breytingu nefndarinnar undir 2. tölulið. Framsögumaður hefði kallað Vestmannaeyjar hrepp eða sókn, en þegar hann síðan hefði talið upp tekjur sýslumannsins, þá hefði einn póstur tekjanna verið aukatekjur 212 kr.; þetta benti á, að hann hefði þó eitthvað að gjöra, sýslumaðurinn í Vestmannaeyjasýslu. Þar að auki væri löggilt höfn á Vestmannaeyjum, ein af þeim 6, þar sem skip leystu sjópassa og fullnægðu reglunum viðvíkjandi sóttvörnum, og því væri sýslumaður nauðsynlegur í eyjunum. Enn væri eitt, sem framsögumaður hefði ekki tekið nægilegt tillit til; það væri fjarlægðin og örðugleikarnir á að komast milli lands og eyjanna. Meðan Vestmannaeyjar ekki væru fluttar nær landi, og það yrði víst seint, þá kvaðst hann vera viss um, að enginn sýslumaður í Rangárvallasýslu vildi vinna það fyrir 500 kr., að hafa eyjarnar að auki, og verða að hafa umboðsmann í báðum stöðum, það er að segja þar sem hann væri ekki, sem helzt mundi verða í Vestmannaeyjum, því honum mundi ekki þykja þar svo gott undir búi, að hann vildi búa þar, þó það væri hentugra, að hann væri búsettur í eyjunum, þar sem kaupstaðurinn væri. Til vara hefði nefndin stungið upp á, að sýslumaðurinn í Vestmannaeyjasýslu skyldi hafa 1500 kr. í laun. Þetta væri alveg ónóg, til þess að fá duglegan sýslumann, og ef nú bættist þar við, að þingið færi að selja þjóðjarðirnar á eyjunum, og einhver fengist til að kaupa þær, þá mundi sýslumaðurinn þar missa umboðslaunin, og yrðu þá tekjur sýslumannsins enn minni. Hann kvaðst því álíta sjálfsagt fyrir deildina, að fella bæði sameininguna og varauppástuguna.

Benidikt Sveinsson kvaðst hafa getið þess við 2. umræðu þessa máls, að það væri ranglátt og jafnvel ómögulegt, að sameina aðaltilgang þessara laga við ákvörðunina í 3. grein. Allir hlytu að sjá, að ef aukatekjurnar ættu að dragast frá eptir meðaltali þeirra ára, sem liðin væru, þá yrði launaupphæðin undir eins óviss, því að það væri óvíst, hvað aukatekjurnar yrðu miklar á því ári, sem ókomið væri; það væri ómögulegt að vita; hvort aukjatekjurnar í rauninni væru meiri eða minni, en þær væru reiknaðar eptir meðaltali 5 síðustu ára. Hann kvaðst hafa sýnt fram á það við 2. umræðu, að aukatekjur væru ekki laun; það væri ómögulegt að kalla það laun, sem fyrir fram væri gefið að væri að meira eða minna leyti útilátnir peningar; þær væru borgun fyrir erfiði sýslumannsins og fyrir ferðakostnað og annað, er hann yrði að kosta til. Hann kvaðst ómögulega geta sjeð, hvernig hægt væri að sameina fyrstu orðin í 2. gr.: «Sýslumenn og bæjarfógetar skulu halda óskertum öllum tekjum þeim, er þeir hafa eptir aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830», o. s. frv., við 3. gr. Það gæti þó ekki verið meiningin, að gefa þeim peninga í hægri höndina, til þess þeir skyldu aptur greiða þá út með hinni vinstri. Og ekki einungis aukatekjurnar eptir reglugjörð 10. sept. 1830 ættu að dragast frá launununum, heldur líka launin fyrir innheimtu tollanna. Þetta væri mjög ósanngjarnt, því að peninga-ábyrgðin yrði því meiri, því meiri sem tollarnir jykjust. Af þessum ástæðum hefði hann ásamt 5 öðrum þingmönnum komið með breytingaruppástungu um, að 3. grein fjelli burt.

Viðvíkjandi 7. grein skyldi hann geta þess, að hann gæti vel ímyndað sjer, að aukatekjur bæjarfógetans í Reykjavík yrðu svo háar, að hann yrði með öllu launalaus. Þótt ekki gæti verið um ferðakostnað að ræða fyrir þennan embættismann, þá væri alveg ógjörlegt, að láta þessa ákvörðun haldast. Úr þessu væri að vísu dálitið bætt, með því að hækka skrifstofufje hans upp í 1500 krónur.

Framsögumaður hefði ekki haft neitt á móti breytingunni við 9. grein, enda væri hún alveg samkvæm 7. grein hinna almennu launalaga, og eina ráðið til þess, að lögin gætu strax komizt á. Framsögumaður hefði kastað fram þeirri spurningu, hvort sýslumenn ættu að halda launaupp-

hæð þeirri, sem tiltekin væri í frumvarpinu, og aukatekjunum að auk, og hefði honum þótt launin verða þá of há, en jafnframt sagt, að þau yrðu misjöfn. Hann kvaðst ekki skilja í því, hvernig framsögumaður gæti álitið, að launin yrðu of há, og hvað það snerti, að þau yrðu misjöfn, þá væri fyrirhöfn og ómak sýslumanna líka mjög misjafnt. En hann hefði það traust til deildarinnar, að hún gjörði ekki einstökum sýslumönnum rangt til, með því að svipta þá því fje, sem þeir fengju fyrir aukaverk. Ef misfellurnar yrðu of miklar, þá treysti hann efri deildinni til að breyta því. Sjer væri þetta mál ekkert kappsmál, en hann hefði álitið skyldu sína, þar eð enginn annar sýslumaður væri hjer í deildinni, að sýna fram á, hve sumar ákvarðanir frumvarpsins væru óhafandi. 1. þingmaður Norður-Múlasýslu hefði um daginn haft rjett að mæla í því, að sýslumenn væru þjónar þjóðarinnar, en því fremur ætti þjóð og þing að finna til þeirrar skyldu sinnar, að fara eins að og góður húsbóndi við hjú sín, og launa þeim vel, eins og þeir ættu skilið.

Landshöfðingi kvaðst vera samdóma 1. þingmanni Árnessýslu um það, að launin væru of lág, eins og nefndin hefði sett þau, í samanburði við þann kostnað, sem fylgdi sýslumannaembættunum, og mundi hann því fyrirvaralaust mæla með breytingaratkvæðinu við 3. grein, ef hækkun sú, sem sú breyting hefði í för með sjer, eigi kæmi svo ójafnt niður. Hann og framsögumaður hefðu rjett fyrir sjer í því, að aukatekjurnar væru sumstaðar of miklar til þess að bæta þeim við hin föstu laun úr landssjóði, einkum t. d. í Suður-Múlasýslu, þar sem þær hefðu verið rúmar 1900 kr. árin 1871—1875, og í Reykjavík um 2200 kr., að frátöldum gjöldum fyrir innheimtu brennivíns- og tóbakstollsins; það yrði of mikill ójöfnuður milli sýslumannaembættanna. En hann ætlaði samt eigi að mæla í móti þessu breytingaratkvæði, því að hann gjörði sjer von um, að ójöfnurnar yrðu lagaðar í efri deildinni. Hann kvaðst aptur á móti ómögulega geta verið á vará-uppástungu nefndarinnar við 3. grein: að laun sýslumannsins í Vestmannaeyjum skyldi eigi vera nema 1500 kr. Hann væri samdóma þingmanni Vestmannaeyinga um það, að það væru allt of lág laun, og eigi samboðin jafnmikilsverðu embætti og sýslumannsembættið væri. Sameining Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýslu væri mjög ísjárverð vegna hinna örðugu samgangna milli lands og eyja. Að vísu væru eyjaskeggjar fáir og störf sýslumannsins sjálfsagt miklu færri og minni heldur en annara sýslumanna, en hann hjeldi samt, að nauðsynlegt væri, að hafa þar sjerstakan sýslumann, þó að hans þyrfti ekki beinlínis við vegna tollheimtunnar og umboðsins.

Varaforseti sagði, að sjer kæmu undarlega fyrir skoðanir sumra þingmanna á þessu máli, einkum að því er snerti aukatekjur sýslumanna. Það hefði verið fundið að því við nefndina, að aukatekjurnar væru látnar ganga upp í laun sýslumanna, en hann vildi spyrja, hvort þetta væri þá svo mikil breyting frá því, sem stjórnin hefði farið fram á í frumvarpi sínu. Hann fengi eigi betur sjeð, en að það væri æði-mun hægra fyrir sýslumanninn að hirða aukatekjurnar í sinn eiginn vasa, heldur en að senda þær allar í landssjóð, og líka æði-mun kostnaðar-minna fyrir landssjóðinn. Auk þess væri sjer kunnugt, að það væri eigi nóg, að senda peningana tóma í landssjóð; það mundi þurfa að fylgja þeim nokkrir pappírsmiðar, sem eigi væri vandalaust að semja og gjöra úr garði. Hann sagðist skírskota því til 1. þingmanns Árnesinga, sem væri hinn eini sýslumaður hjer á þingi, hvort hann hefði eigi rjett að mæla í því, að ef sýslumenn ættu að fara að gjöra landssjóðnum nákvæm reikningsskil fyrir hverjum eyri, sem þeir fengju í aukatekjur, mundu þessi reikningsskil eigi verða stórum minni en öll önnur reikningsskil við sýslumanns-embættið, og engu fyrirhafnar-minni; og virtist sjer það ónotalegur ábaggi fyrir sýslumenn. Nefndin hefði einmitt stungið upp á þessari

breytingu sýslumönnum til hægðarauka; þeir þyrftu eigi annað en rita aukatekjurnar inn í aukatekjubækurnar, sem svo væri endurskoðaðar af amtmanni á hverju ári, svo eigi væri hætt við þeir gætu dregið undan. 1, þingmaður Árnesinga hefði sagt, að aukatekjur sýslumanna væru eigi laun. Það kæmi sjer nú nokkuð spánskt fyrir; að minnsta kosti væru þó aukatekjur taldar með launum, þegar verið væri að telja laun aumingja-prestanna; hann vissi eigi betur, en að í brauðamatinu, sem staðfest væri af konungi sem eins konar launalög presta, væru til tíndar jafnvel smæstu aukatekjur þeirra, og taldar með í matsupphæðinni; aukatekjur sýslumanna væru þó mun meiri; þær væru sannarlega ekki svo smáar. Hann vildi taka til dæmis skiptalaun; það væru vissulega notalegar tekjur, sem sýslumaður þyrfti sjaldnast mikið fyrir að hafa; eða þá skipagjöldin. Þetta tvennt væri nú höfuðaukatekjurnar, enda munaði dável um þær. Uppboð gæfu og eigi svo lítið af sjer stundum; það bæri opt við, að sýslumenn hefðu kann ske 200—300 kr. í tekjur á dag fyrir að halda uppboð, og væri það þó allgóð daglaun. Hann kvað sjer þykja skoðanir sumra þingmanna á launum sýslumanna allundarlegar, einkum þingmanns Árnesinga. Þeir ættu ekkert að þurfa að gjöra, nema að fá ríflega borgun fyrir og launin að auki. Fyrst ættu þeir að fá borgaðan allan ferðakostnað, svo allan skrifstofukostnað, kostnað við hestahald o. fl., og svo þar að auki hefðu þeir sjerstaka borgun fyrir næstum hvert embættisverk, sem þeir gjörðu. Hann kvaðst vilja spyrja, fyrir hvað þeir hefðu þá launin? Sjer lægi við að segja, eins og 1. þingmaður Norður-Múlasýslu hefði sagt um daginn, fyrir að liggja upp í «Sopha» og sofa; svo þegar þeir vöknuðu, ætti gullstraumurinn að renna ofan í þá fyrirhafnarlaust. Nei, hitt væri sanngjarnt, og svo ætti það að vera, að embættismönnum væri launað sómasamlega, eptir því, hvað mikið þeir hefðu að gjöra, því sú regla gildir og á að gilda um allan heim og meðal allra manna: «verður er verkamaðurinn launanna». Eini munurinn í launum, sem að öðru leyti gæti eða ætti að eiga sjer stað, ætti að vera byggður á mismunandi ábyrgð og vanda, sem embættinu kynnu að fylgja. Nefndin hefði farið meðalveg í að ákveða launin, og sá vegur virtist sjer líka heppilegastur.

Hann sagðist optast hafa verið heldur sinnandi þingmanni Vestmannaeyinga; hann vonaði, að hann kannaðist við það. En nú gæti hann með engu móti verið honum meðmæltur. Vestmannaeyingar væru vanir að senda á hvert þing bænarskrár um ljetti á gjöldum, og í ár væru komnar 2—3 uppástungur frá þeim þar að lútandi, og sagðist hann optast hafa aumkvazt yfir þá og verið bænum þeirra hlynntur; en nú, þegar stungið væri upp á að minnka kostnað þann, er landssjóðurinn yrði að hafa af eyjunum, risi þingmaðurinn öndverður í móti, og þætti svo, sem eyjarskeggjar ómögulega mættu missa þennan sýslumann sinn, og eigi nóg með það: hann vildi endilega hafa hann í flokki hinna hálaunuðu sýslumanna. Það hefði verið satt, sem 2. þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu hefði sagt, að sýslumaður í Vestmannaeyjum hefði mjög lítið að gjöra; hann sagðist sjálfur hafa heyrt einn sýslumann Vestmannaeyinga segja, að sjer þætti það helzt að því, að vera þar, að hann hefði ekkert að gjöra. Hann kvaðst því eigi sjá, hvað ætti að gjöra með að vera að ala þar sýslumann með háum launum. Hann ljeti vera, þótt þar væri höfð einhver sýslumannsnefna, einhver pokasýslumaður, sem gjörði sig ánægðan með svo sem góð hreppstjóralaun. Sjer fyndist líka gjört heimskulega mikið úr vandkvæðunum á samgöngunum milli lands og eyja, Vestmannaeyja og Rangárvallasýslu. Hann fengi og eigi sjeð, að það þyrfti að vera sjerlega háskalegt, þótt sýslumaður kæmi þar eigi svo opt á ári. Hann hjeldi, að það væri margur hreppur á landinu, sem sýslumaður kæmi aldrei í árið um í kring eða jafnvel svo árum skipti, en Vestmannaeyjar væru eigi nema 1 hreppur. Hann kvaðst vilja spyrja hinn háttvirta 1. þingmann Árnes-

sýslu, hvað opt á ári sýslumaður Þingeyinga væri vanur að koma t. d. í Þönglabakkaprestakall eða á Langanes eða í Sauðaneshrepp. Hann efaðist líka um, að í Grímsey hefði sjezt sýslumaður í mörg ár, eða meira að segja í marga tugi ára, og þó væri Grímsey hreppur fyrir sig, eins og Vestmannaeyjar. Það væri sjálfsagt, að þar væri eigi kaupstaður, eins og á Vestmannaeyjum, en þar kæmi mikið af útlendu fólki við eyna á hverju ári, svo að viðskipti við útlenda menn væru eigi stórum minni þar en í meðalkaupstað. Það væri líka sannast að segja, að hann vissi eigi betur, en að Vestmannaeyjar hefðu opt legið undir Rangárvallasýslu við sýslumannaskipti (milli sýslumanna), og hefði hann eigi heyrt þess getið, að nokkur vandræði hefðu hlotizt út af því. Sýslumenn yrðu víða á landi að hafa umboðsmann í kaupstað til þess að afgreiða skip og þess konar, og væri sýslumanni Rangvellinga eigi vandara um að hafa þá aðferð með kaupstaðinn á Vestmannaeyjum, heldur en öðrum. Laun þau, er nefndin hefði stungið upp á handa sýslumanni Vestmannaeyinga, ef eyjarnar yrðu eigi sameinaðar við Rangárvallasýslu, nefnilega 1500 kr., sýndust sjer alls eigi of lág, heldur raunar miklu fremur of há, ef nokkuð væri.

Þorsteinn Jónsson sagði, að það væri eigi einungis Vestmannaeyinga vegna, að hann vildi, að þeir hefðu sýslumann út af fyrir sig, heldur af því, að það væri alveg ómögulegt, að reka Vestmannaeyjasýslu af landi af sýslumanni Rangæinga. Það gætu komið fyrir ýms vandaverk úti í eyjunum, sem þyrftu bráðra aðgjörða, svo sem t. d. strönd. Það væri mikill vandi að ráðstafa þeim fallega, og sig minnti líka eigi betur, en að sýslumanni væri gjört að skyldu í lögum, að vera viðstaddur, t. d. að sjá um björgun á strandi. Væri sýslumaður á landi, kynni að mega til að láta stranduppboð og jafnvel björgun bíða 4—5 mánuði eða lengur, og svo gæti verið um fleira, sem mikið lægi á. Það væri annað en gaman að fara milli Vestmannaeyja og lands, opt og tíðum, og embættismenn væru að jafnaði leiðisvandari en almúgamenn, sem náttúrlegt væri, því að þeir væru óvanari sjóferðum. Hann ímyndaði sjer líka, að sýslumaður Rangæinga mundi þakka fyrir að bæta við sig Vestmannaeyjasýslu gegn einum 500 kr. í launabót; hann mundi víst eigi vilja vinna það fyrir. Hitt væri heldur tiltökumál, að hann kynni að fást til þess gegn ½ launum (ef Vestmannaeyjar væru settar í þriðja flokk) samkvæmt hinum almennu launalögum. Sjer væri þetta raunar ekkert kappsmál fyrir Vestmannaeyjar, því þó Vestmannaeyingar væru ef til vill nokkuð þrætugjarnir, þá mundu þeir máske sætta sig við að nota því betur sættanefndina, ef þeir ættu óhægt með að ná í sýslumann, en hann áliti það hættulegt landssjóðsins vegna.

Benidikt Sveinsson kvað það auðsjeð, að varaforseti í þessu máli vildi beita þeim vopnum, er væru hvössust og skörpust; hann hefði borið það upp á sig, að hann hefði neitað því, að aukatekjur væru laun. Þessu kvaðst hann aldrei hafa neitað, en hann hefði einungis sagt, að þessar tekjur gætu ekki talizt laun, af því á þeim hvíldi mikill kostnaður. Síðustu árin hefðu aukatekjurnar af Þingeyjarsýslu verið í kringum 400 kr., og þessar 400 kr. áliti varaforseti svo ríflegt laun fyrir allt, sem sýslumaðurinn gjörði, að hann þyrfti ekki annað en liggja uppi í legubekk og sofa allan tímann. Ef hann mætti minna varaforseta á, hvað ferðir þingmanna til alþingis kostuðu, þá hlyti varaforseti að kannast við, að það væru ekki neinir virkilegir gullstraumar, sem rynnu ofan í sýslumenninna, heldur væru það að eins skáldaýkjur hans og fjarmæli. Varaforseti hefði sjálfur verið pottur og panna í því, að leggja sýslumönnum mikla ábyrgð á herðar; í skattalögunum væru þeir skyldaðir til þess, að taka landaura upp í skattana, en sjálfir yrðu þeir að greiða allt í peningum, og þætti sjer mikið, ef jafnvel nokkur pokasýslumaður vildi taka á sig þessa ábyrgð. Ef tollarnir jykjust, eins og líklegt væri, yrði ábyrgðin enn

meiri. Ef mönnum þætti sýslumannsembættið þýðingarlítið, þá vildi hann stinga upp á því, að alstaðar væru settir pokasýslumenn.

Hvað sameining Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjasýslu snerti, þá gæti hann ekki annað sjeð, en að með því væru Vestmannaeyjar sviptar allri þeirri lagavernd, sem þær ættu heimting á, og landssjóðurinn sviptur allri tryggingu fyrir tekjum sínum af Vestmannaeyjum. Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu mætti þá til að setja umboðsmann fyrir sína hönd í eyjunum, og hafa ábyrgð á öllum hans gjörðum; þetta hlyti varaforseti að sjá að væri fjarska-örðugt, því að allar misfellur við tollgreiðsluna og tollheimtuna lentu á sýslumanni. Eins og menn vissu, hefðu mörg vandasöm spursmál komið fyrir viðvíkjandi tollheimtunni þessi árin, og svo mundi verða framvegis.

Framsögumaður kvaðst ekki álíta þörf til, að svara landshöfðingja mörgum orðum; hann hefði álitið launin vera allt of lág, en nefndin hefði jafnmikinn rjett til þess að álíta þau nógu há, þegar þau væru borin saman við laun annara embættismanna. Landshöfðinginn hefði enn fremur sagt, að 1500 kr. væru ekki samboðin laun sýslumanninum í Vestmannaeyjum, en það væri aðgætandi, að nefndin vildi helzt engan sýslumann hafa í eyjunum, og ef hann væri, þá hefði einhver stungið upp á, að það væri einhver pokasýslunaður. Launin gætu ekki kallazt of lítil, þegar bættust við umboðslaun 450 kr., einkum fyrir þann sýslumann, sem hefði því nær ekkert að gjöra, og gæti haft hvað helzt annað starf á hendi, sem hann vildi, þó varaatkvæði nefndarinnar yrði samþykkt, og væri það að sínu áliti hið frekasta, er kosta ætti upp á einn hrepp. Þingmaður eyjaskjeggja hefði að vísu sagt, að þeir væru töluvert óskikkanlegir, en hann kvaðst verða að álíta það til mikilla bóta, ef þeir notuðu sáttanefndina því meir. 1. þingmanni Árnesinga væri þegar búið að svara mörgu. Hann hefði sagt, að ákvörðunin í 3. gr. væri ranglát, en honum hefði ekki tekizt að sanna það, því að hann yrði að kannast við, að aukatekjur væru líka tekjur. Það væri að vísu satt, að ekki væri hægt að ætlast til um aukatekjurnar upp á eyri, og yrði það því að verða sýslumönnum stundum í hag og stundum máske í lítinn óhag. Enn fremur hefði þingmaðurinn sagt, að fyrri liður 2. greinar væri ósameinanlegur 3. gr., en það kvaðst hann vona, að hverjum öðrum þingmanni tækist að sameina þessar greinir. Loksins hefði þingmaðurinn ekki getað skilið í því, að launin yrðu nógu há, þótt aukatekjurnar yrðu dregnar frá, en það væri hægt að sanna honum, að t. d. laun sýslumannsins í Rangárvallasýslu yrðu 300 kr. hærri, en þau nú væru.

Grímur Thomsen sagði, að hann væri samdóma varaforseta um það, að ákvörðun nefndarinnar um að draga aukatekjurnar, er sýslumenn hefðu samkv. reglug. 10. sept. 1830, frá launum þeirra, væri gild og góð, en það væru önnur gjöld, sem talað væri um í 2. gr., nefnil. þau gjöld, er sýslumenn hefðu fyrir innheimtu aðflutningsgjalds á brennivíni og tóbaki; þessi gjöld virtist sjer ekki sanngjarnt að dregin væru frá launum sýslumanna. Sá tími gæti komið, og það væri vonandi, að hann kæmi áður langt liði, að talsverðir tollar væru lagðir á ýmsar munaðarvörur, og þá væri auðsætt, að sýslumenn yrðu að hafa umboðsmenn til að hjálpa sjer að innheimta gjaldið. Við það mundu tekjur þeirra skerðast, og væri því ósanngjarnt að svipta þá þessum innheimtulaunum, eða að draga þau frá launum þeirra. Nú þegar skertust laun þeirra töluvert við það, að þeir yrðu að halda umsjónarmenn í þeim kauptúnum, sem þeir ekki byggju sjálfir í. Þannig yrði sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu að hafa menn í Hafnarfirði og Keflavík til þess að innheimta tolla fyrir sig, og væri ósanngjarnt, að hann yrði að launa þeim af sínum eigin launum, og ef tollar jykust, mundu laun hans rýrna að sama skapi. Hann kvaðst ekki sjá, að þetta yrði lagfært nú, en efri deildin gæti í öllu falli lagfært það. Hann mundi því gefa uppástungu

hinna 6 þingmanna, um að 3. grein falli alveg í burt, atkvæði sitt í þeirri von, að efri deildin lagfærði það, sem ábótavant væri.

Hvað snerti spurninguna um sameiningu Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjasýslu, þá kvaðst hann vera samdóma nefndinni um, að það væri vel gjörandi. Hann kvaðst ekki lá þingmanni Vestmannaeyinga það, þótt hann vildi hafa sýslumann á eyjunum, en eins og þingmaðurinn vissi, þá væru eyjarnar eins vel einn hreppur eins og ein sýsla, og með því nú væri verið að semja nýtt erindisbrjef fyrir hreppstjóra, sem sjálfsagt mundi auka verkahring þeirra, þá væri vel við það unandi fyrir eyjarmenn, að hafa hreppstjóra, sem um leið væri umboðsmaður sýslumanns. Að endingu mætti máske, ef hin viðkvæma sómatilfinnig Vestmannaeyinga skertist við það, að enginn sýslumaður væri á eyjunum, þá mætti máske fá stjórnina til að veita hreppstjóranum á Vestannaeyjum sýslumanns-nafnbót.

Halldór Kr. Friðriksson sagði, að frumvarp þetta væri nú orðið harðla merkilegt. Hann skildi sízt í varaforseta, að hann skyldi hafa verið með að umsteypa þessu máli þannig. Hann skildi eigi, hvaða ástæðu hann hefði haft til að breyta svona mjög skoðun sinni, síðan hann hefði setið með sjer í utanþingsnefndinni í skattamálinu. Þeir hefðu þó sannarlega hugsað þetta mál vandlega þá, og lagt sig í líma með að hafa tillögur sínar sem rjettastar. Hann yrði að segja, að annaðhvort hefðu honum verið mislagðar hendur þá, eða þá nefndinni núna og honum með. Eins og frumvarpið væri nú orðið, gæti það með engu móti staðizt; hann vildi eigi segja, að þetta hefði verið tilgangur þingnefndarinnar, en sú yrði nú samt niðurstaðan, að það gæti alls eigi orðið að lögum. Þótt nú nefndinni hefði þótt of há launin í stjórnarfrumvarpinu, hefði hún eigi þurft að umhverfa því öllu fyrir það; henni hefði verið hægt að færa launin að eins niður. Hann fyrir sitt leyti væri nú enn á sömu skoðun, og meðan hann hefði setið í utanþingsnefndinni, að launin væru alls eigi of há; því aðgætandi væri, að á sýslumanna- og bæjarfógeta-embættunum lægi mjög mikill kostnaður, svo að launin væru raunar eigi svona mikil nema á pappírnum. Hann skildi eigi í því, hvernig á því stæði, að varaforseta þætti nú svo fjarskalega örðugt, að gjöra reikningsskil fyrir aukatekjum sýslumanna, fremur en öðrum gjöldum til landssjóðsins. Hann fengi eigi sjeð, að hverju leyti væri örðugra að gefa skýrslur um aukatekjur en aðrar tekjur, úr því það væri lagaskylda sýslumanna og bæjarfógeta hvort sem væri, að halda aukatekjubók. Hvort sýslumaðurinn ætti að senda t. d. 2000 kr. suður í landssjóð eða 2400 kr. (þ. e. aukatekjunum, 400 kr., bætt við) munaði sannarlega minnstu eða jafnvel engu að fyrirhöfn. Hin heiðraða nefnd ætlaðist til, að aukatekjurnar væru taldar eptir meðaltali á árunum 1871—75. Ætti þá það meðaltal að gilda til eilífðar, hvernig sem aukatekjurnar breyttust? Hann vildi taka til dæmis sýslumanninn í Strandasýslu. Aukatekjur hans hefðu þessi ár verið að meðaltali 400 kr., og væri meiri hluti þeirra skipa- og verzlunargjöld. Nú skyldi t. d. aðalverzlunarstaðurinn í sýslunni, Borðeyri, leggjast niður, ætti þá enn að telja frá 400 kr. í hinum föstu tekjum hans, þótt bersýnilegt og auðvitað væri, að hann fengi ekki nema t. d. 100 kr. í aukatekjur. Eins væri það á hinn bóginn, ef aukatekjur yxu. Þær væru t. d. nú hjer í Reykjavík 2200 kr. Nú væri vel hugsandi, að þær kæmust upp í einar 3000 kr. á fáum árum og jafnvel 4000 kr. Ætti þá bæjarfógetinn að njóta þess? Þess væri og að gæta, að margar aukatekjur væru eigi reglulegar tekjur, þær væru eigi sýslumanninum neinn ábati, svo sem til dæmis aktaskriptir, sem hann yrði opt að kaupa aðra til að gjöra vegna annríkis; þær væru að eins lítilfjörleg þóknun fyrir verk, sem hann yrði annaðhvort sjálfur að gjöra eða kaupa aðra til fyrir fulla borgun þá, sem hann fengi eptir aukatekjureglugjörðinni.

Það væri búið að sýna og sanna nægi-

lega, að sameining Vestmannaeyja við Rangárvallasýslu væri öldungis ófær. Það væri engin sönnun á móti því, þótt sýslumaður Þingeyinga kæmi sjaldan í Þönglabakkasókn eða austur á Sljettu, því sá væri munurinn, að hann gæti komizt þangað, hvenær sem vildi og á lægi, en sýslumaður Rangvellinga gæti ekki komizt út í Vestmannaeyjar nema endrum og sinnum, hversu mikið sem á lægi. Þótt settur væri pokasýslumaður í Vestmannaeyjar, eins og varaforseti styngi upp á, þá mundi hann sannarlega vilja hafa eitthvað fyrir snúð sinn. Hagnaðurinn af sameiningunni mundi hvergi nærri nema því, sem þetta þras hjer í deildinni um það kostaði.

Varaforseti sagði, að það hefði verið stór skaði, að þingmaður Reykvíkinga hefði eigi verið kosinn í nefndina í sýslumannamálinu, því að þá mundu eigi hafa fundizt margir gallar á frumvarpinu, eptir það er hann hefði um það fjallað. En hann vildi spyrja þingmanninn, hvernig á því stæði, að hann hefði eigi bent á þessa galla á frumvarpinu fyr en nú við 3. umræðu málsins, svo menn hefðu getað hugsað um, hvort nauðsynlegt væri að ráða bót á þeim, því að það vissi þó þingmaðurinn, að ómögulegt væri að gjöra við þeim hjeðan af; það hefði verið bein skylda hans sem þingmanns, ef hann hefði sjeð svo verulega galla á frumvarpinu, sem hann ljeti á sjer heyra, að benda á þá í tíma, eða bæta úr þeim með breytingaratkvæðum. Nú væri það orðið um seinan. En það vildi nú svo vel til, að enginn þingmaður legði sama skilning í frumvarpið sem hann, hvort sem hann nú hefði verið að gjöra að gamni sínu, eða sagt það, sem hann sagði, í fullri alvöru. Hann ætlaði ekki að þrátta um aukatekjur sýslumanna meira, enda hefði þingmaðurinn eigi hrakið neitt af því, sem hann þegar hefði tekið fram þeim viðvíkjandi, en þessi launauppbæð, sem nefndin hefði stungið upp á handa sýslumönnum, hefði einmitt verið sett með tilliti til útgjalda þeirra og kostnaðar, sem samfara væri innheimtu tollgjalda og annara óvissra gjalda, sem sýslumönnum bæri að ganga eptir. Og hvað tollgjöldin sjer í lagi snerti, þá væri innheimta þeirra sem stæði engum sjerlegum erfiðleikum bundin, nema ef það kynni að vera hjer í Reykjavík, enda hefði nefndin og einmitt þess vegna stungið upp á 500 kr. viðbót til skrifstofukostnaðar við bæjarfógetaembættið hjer í Reykjavík. Þingmaður Reykvíkinga hefði brugðið sjer um ósamkvæmni í þessu máli, þar sem hann hefði áður í utanþingsskattanefndinni haft aðra skoðun á launaupphæðum sýslumanna og bæjarfógeta, en hann kvaðst ekkert fyrirverða sig að kannast við það, að hann hefði síðar sjeð og sannfærzt um, að sú skoðun hans hefði eigi verið rjett, en þingmaður Reykvíkinga hefði reyndar gjört sig sekan í samkynja og ekki minni ósamkvæmni, þar sem hann væri nú kominn á þá skoðun að lækka ábúðar- og lausafjárskattinn niður í 40 a., þar sem hann þó í utanþingsskattanefndinni sálugu hefði haldið fast fram með 1 al. af hundraði hverju, en hann áliti, að þeim ætti hvorugum að þykja minnkun að þessu, heldur áliti hann þá betri menn eptir en áður, því að það sýndi, að þeir gætu tekið sannfæringu.

Þá beiddust 9 þingmenn þess, að umræðunum væri hætt, og voru þeir þessir:

Tryggvi Gunnarsson,
Grímur Thomsen,
Einar Ásmundsson,
Stefán Stephensen,
Benidikt Sveinsson,
Einar Guðmundsson,
Snorri Pálsson,
Jón Blöndal,
Þorlákur Guðmundsson.

Var það samþykkt og síðan gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 1. gr. samþykkt með 21 atkvæði.
2. Breytingaruppástunga 6 þingmanna, að 3. gr. fjelli burtu, felld með 14 atkvæðum gegn 8. Við það var fallin breyting-

aruppástunga hinna 6 sömu þingmanna undir 4. tölulið.

3. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 5. gr., að við 1. flokk bætist Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýsla, samþykkt með 15 atkvæðum gegn 6; við það voru hinar uppástungur nefndarinnar við þessa grein samþykktar, en vara-uppástungan fallin.
4. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 7. gr. samþykkt[1] með 15 atkv. gegn 6.
5. Breytingaruppástunga 6 þingmanna við 7. gr. var talin fallin.
6. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 9. grein samþykkt með 13 atkvæðum.
7. Uppástunga nefndarinnar, að eptir 9. gr. komi ný grein: (Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1878) samþykkt með 16 atkvæðum, og var því uppástunga hinna 6 þingmanna þar við fallin.
8. Viðbót 6 þingmanna við 9. gr. felld með 14 atkvæðum gegn 6.
9. Frumvarpið í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt með 17 atkv. móti 1.

Kvað forseti frumvarpið nú mundu afgreitt til forseta efri deildarinnar, og var það nú þannig hljóðandi:

FRUMVARP
til laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta.

1. grein.

Sýslumönnum og bæjarfógetum skulu veitt ákveðin laun úr landssjóði, svo sem segir í lögum þessum. Aptur á móti renna afdráttarlaust í landssjóðinn tekjur þær, sem embættismenn þessir hafa hingað til að launum haft, hvort heldur eru manntalsbókargjöld eða skattur sá, sem í þeirra stað kemur, tekjur af ljensjörðum og umboðslaun.

2. grein.

Sýslumenn og bæjarfógetar skulu halda óskertum öllum tekjum þeim, er þeir hafa eptir aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830, og sömuleiðis gjöldum þeim, sem þeim bera fyrir innheimtu aðflutningsgjalds á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, samkvæmt tilsk. 26. dag febrúar 1872, 10. gr., sbr. lög 11. febrúar 1876, og á tóbaki samkvæmt lögum 11. dag febrúar 1876, 3. grein, svo og gjöldunum fyrir eptirlit með útlendum fiskiskipum samkvæmt lögum 17. desbr. 1875.

3. grein.

Tekjur þær, sem nefndar eru í næstu grein á undan, skulu taldar eptir 5 ára meðaltali, í fyrsta sinn eptir meðaltali þeirra 5 ára, 1871—1875, og dragast frá þeirri launa-upphæð, sem sýslumönnum og bæjarfógetum ber að fá úr landssjóði eptir lögum þessum.

4. grein.

Lögþingisskrifaralaun og lögrjettumannalaun þau, sem sýslumenn hafa hingað til greitt til landssjóðs, skulu af numin. Svo skal og af numinn hundraðsfiskur sá á Vestmannaeyjum, sem goldinn er sýslumanninum þar á eyjunum.

5. grein.

Sýslum landsins skal skipt í þrjá flokka. Laun sýslumanna í sýslum þeim, sem teljast til 1. flokks, eru 3500 kr. árlega; í sýslum þeim, sem teljast til 2. flokks, 3000 kr.; í sýslum þeim, sem teljast til 3. flokks, 2500 kr.

Í 1. flokki eru:
1. Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýsla.
2. Árnessýsla.
3. Húnavatnssýsla.
4. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.
5. Þingeyjarsýsla.

Í 2. flokki eru:
1. Skaptafellssýsla.
2. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.
3. Ísafjarðarsýsla.
4. Skagafjarðarsýsla.
5. Eyjafjarðarsýsla.
6. Norður-Múlasýsla.
7. Suður-Múlasýsla.
8. Dala- og Strandasýsla.

1) Þannig eptir gjörðabókinni.

Í 3. flokki eru:

1. Barðastrandarsýsla.
2. Gullbringu- og Kjósarsýsla.

6. grein.

Nú eru sýslur sameinaðar, meðan sami sýslumaður er í annari þeirra, skal hann þá annaðhvort hafa tekjur af þeim sameinuðu sýslum eptir 5. grein laga þessara, eða halda þeim launum, sem hann hafði, og fá þóknun fyrir að þjóna þeirri sýslu, sem við hann er bætt, og má þó sú þóknun eigi vera meiri en helmingur af launum þeim, sem sýslumaðurinn í þeirri sýslu hafði síðast.

7. grein.

Bæjarfógetinn hefur að launum 3000 kr. árlega og að auki 1000 kr. í skrifstofukostnað. Þar upp í teljast aukatekjur þær, sem honum bera eptir 2. og 3. grein laga þessara. Bæjarfógetarnir á Ísafirði og Akureyri hafa hvor í laun 500 krónur árlega.

8. grein.

Ráðgjafinn fyrir Ísland gjörir ráðstafanir þær, sem nauðsyn ber til, lögum þessum til framkvæmdar.

9. grein.

Hinar almennu ákvarðanir í lögum um laun embættismanna m. fl. 15. dag októbermánaðar 1875, 1.—7. gr., skulu einnig ná til sýslumanna og bæjarfógeta, að því leyti er snertir 7. grein tjeðra laga, þannig, að tekjur þær, sem þeir hafa haft hingað til, sjeu taldar eptir því, sem þær hafa verið að meðaltali um 5 ára bilið 1871—75, og verður hvorki tekið af launum þeirra, nje þau aukin, meðan þeir eru í sama embætti.

10. grein.

Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1878.

FYRSTA UMRÆÐA

í efri deild alþingis.

Á 38. fundi efri þingdeildarinnar, 17. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu *frumvarp til laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta.*

Eiríkur Kúld kvaðst að vísu eigi geta aðhyllzt málið, eins og það væri úr garði gjört, en þó vildi hann eigi fella það, nje heldur setja nefnd í það, af því að tíminn væri orðinn svo naumur og nóg fyrir hendi, og þar eð hann ætlaðist eigi til, að málið kæmi til nefndar, vildi hann stuttlega drepa á það, er sjer þætti þurfa breytingar og lagfæringar við. Það kvað hann mega sjá á frumvarpinu, að neðri deildinni hefði eigi nægt að færa öll launin niður frá því, sem stjórnin hefði til ætlazt, heldur hefði hún bætt inn í nýrri grein til að svipta þá aukatekjunum. Þessi breyting gjörði það að verkum, að hann gæti eigi fallizt á frumvarpið, en ef sýslumenn hefðu mátt halda aukatekjunum, hefði hann getað sætt sig við lækkun launanna eptir 5. grein. Viðvíkjandi skrifstofulaunum bæjarfógetans yrði hann að segja, að neðri deildin setti þau of lágt. Sjer væri kunnugt, að skrifstofukostnaður þess, er nú hefði bæjarfógetastörfin með Gullbringu- og Kjósarsýslu, væri um 2400 kr., og mundi hann eigi minnka svo við það, að aðskilin væru embættin, að skrifstofulaun bæjarfógetans mættu vera minni en 1500 kr. Flokkun sýslnanna þætti sjer og athugaverð; það mætti segja, að þar kæmi hver silkihúfan upp af annari frá neðri deildinni; sjer gæti eigi skilizt, hví hinar erfiðari sýslur væru hafðar tekjuminni, en þær, sem hægari væru, því að sjer fyndist, að erfiðleikar, sem vegalengd og torfærur hefðu í för með sjer, ættu að metast jafnt við ábyrgð þá, er meiri gjaldheimta í hinum tekjumeiri en hægri sýslum legði sýslumanni á herðar. Sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu mundi hafa eitthvert hið örðugasta umdæmi til yfirsóknar, og þyrfti að flytja gjald það, sem honum væri greitt í landaurum, yfir stórar og margar ár og torfærur, og gæti átt á hættu að missa það þá og þegar; sjer litizt því, sem hann hefði allmikla ábyrgð á herðum auk allra

örðugleika, sem ferðalög hefðu í för með sjer fyrir hann. Þætti sjer því sanngjarnt, að þessi sýsla væri tekin upp í 1. flokk. Barðastrandarsýsla væri að sínu áliti og eptir sinni þekkingu hjer um bil helmingi örðugri en Skagafjarðarsýsla, og jafnvel talsvert örðugri en Múlasýslurnar, hvor um sig, og þó væri hún sett í 3. flokk, en hinar í 2.; þætti sjer hjer rjettara að fara öfugt að, og setja Barðastrandarsýslu í 2. flokk, en hinar 3 aptur í 3. flokk. Það kynni og af sömu ástæðum að vera rjett, að taka Gullbringu- og Kjósarsýslu upp í 2. flokk. Að sameina Rangárvalla og Vestmannaeyjasýslur, eins og frumvarpið færi fram á, yrðu allir, sem til þekktu, að játa að væri mjög fjarstætt; þar sem eigi yrði komizt milli lands og eyja tímum saman. Hin heiðraða neðri deild hefði þurft að geta vísað á gufuskip til að flytja sýslumanninn milli lands og eyja, og það hefði þó eigi verið nóg, því svo væri sagt þar brimasamt, að opt mundi ómögulegt að flytja mann út í gufuskipið, þótt það lægi við land; ekki heldur hefðu þeir getað vísað á »Luftballon» til að ferja sýslumanninn milli lands og eyjanna. Allir sæju því, að sameiningin væri ómöguleg; og vonaði hann, að mönnum þætti eigi síður ástæða til að neita þeirri sameiningu, heldur en samsteypu Dala- og Strandasýslu. Það væri auðsætt, að sá sýslumaður, sem ætti að gegna bæði Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýslum, hlyti að hafa umboðsmann í báðum sýslunum með fullu valdi og fullum launum, og mundu þá fara að minnka launin, þegar þar á ofan yrði að taka af þeim uppeldi sýslumannsins og allan ferðakostnað hans milli lands og eyja.

Sighvatur Árnason gat þess, að sjer fyndist því óheppilegra að sameina Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýslur, en Dala- og Strandasýslur, sem sjór skildi hinar fyrri, og það væri vanalega mikill tími ársins og jafnvel hálfir vetrar, sem eigi yrði komizt milli lands og eyja. Sín tillaga væri því, að þær sýslur væru eigi sameinaðar, en þar á móti þætti sjer sanngjarnlegt, að Vestmannaeyjasýsla væri sett í 4. flokk., því að sá sýslumaður hefði bæði lítið að gjöra og hefði mjög hægt umdæmi og minni ábyrgð en aðrir embættisbræður hans.

Árni Thorsteinsson kvað bæði sjer og og öðrum þykja svo margt athugavert við frumvarp þetta, að nauðsynlegt væri að setja nefnd í málið, eða vísa því til einhverrar nefndar, t. a. m. nefndarinnar í tekjuskatts- og húsaskatts- málinu. Frumvarpið þyrfti ellaust lagfæringar og breytingar, en ef mörg breytingaratkvæði kæmu við það, væri hætt við, að það tefði meira tímann, en þótt nefnd væri sett, sem gæti íhugað málið í næði, og borið sig saman við aðra þingmenn.

Stefán Eiríksson kvaðst geta tekið undir það með varaforseta, að Skaptafellssýsla ætti að vera í 1. flokk, því að hún væri svo örðug til yfirsóknar, sem mönnum væri kunnugt, með meiri og minni stórvötnum og eyðisöndum, og mikil peninga-ábyrgð hvíldi á sýslumanninum, sem yrði að flytja allt, sem honum væri greitt í landaurum, en í skattalögunum væru gjöldin ráðgjörð í þeim aurum. Þetta yrði sýslumaðurinn að flytja yfir miklar torfærur, til að koma því í kaupstað, annaðhvort austur á Papós eða vestur á Eyrarbakka, yfir 6 áfanga leið, hvor leiðin sem farin væri, og þar að auki væri honum óumflýjanlegt, að hafa skrifara, sem væri til að auka honum kostnað. Aptur á móti væri hann ekki samþykkur varaforseta í því, að launin, sem frumvarp neðri deildarinnar ákvæði, væru of lítil, enda hefðu þeir sjaldan verið á sama bandi í því tilliti. Hann yrði að geta þess, að margir sýslumenn hefðu bú upp til sveita, sem væru þeim á við nokkrar tekjur, og þeir mundu vera færri, sem í kaupstöðum sætu. Þar að auki væru launin skoðuð út af fyrir sig fullviðunanleg. Enn fremur gat hann þess, að hann ekki sæi, að sameining Rangárvallasýslu og Vestmannaeyja væri tiltækileg, nema því að eins að sýslumaður þyrfti þar ekki annað að gjöra, en að eins að gegna dómarastörfum, en lögregla væri öðrum á hendur falin og umboðsstörfin, og þetta yrði

nefndin, ef hún yrði sett í þessu máli, að taka til greina.

Ásgeir Einarsson kvaðst eigi skilja, til hverrar nefndar ætti að vísa máli þessu, því að skattanefndin hefði lokið starfi sínu, svo því yrði eigi vísað til hennar; mundi því verða að kjósa sjerstaka nefnd.

Forseti bar þá undir atkvæði, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði.

Nefnd var samþykkt með 6 atkvæðum gegn 2, og voru kosnir:

Árni Thorsteinson með 9 atkvæðum,

Bergur Thorberg með 5 atkvæðum,

og eptir að tvisvar hafði verið kosið óbundnum kosningum og eitt sinn bundnum um hinn 3., hlaut:

Sighvatur Árnason kosningu með 6 atkv.

Í nefndinni var formaður og framsögumaður kosinn Árni Thorsteinson, og skrifari Sighvatur Árnason.

NEFNDARÁLIT

um frumvarp til laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta.

Eptir að efri deildin hefur kosið oss í nefnd, höfum vjer íhugað mál þetta vandlega, og er það álit vort, að launaákvörðunin sje allt of lág í 5. gr., þegar haldið er ákvörðun 2. gr. um, að gjaldheimtumenn skuli taka upp í þessi laun innkröfulaun af tollgjöldum á öltöngum og tóbaki. Nefndinni þykir og öll ástæða til að halda því fram, að innheimtulaunin sjeu bæði til þess að tryggja gjaldheimtumennina, sem bera fulla ábyrgð á því, að gjaldið renni í landssjóð, fyrir fjártjóni, er þeir kunna að verða fyrir, og svo til þess að gjöra þá árvakrari og eptirgangssamari. Þessu hefði ef til vill mátt kippa í lag með því að hækka laun þessara embættismanna nokkuð frá því, sem áformað er, en af því að vjer álítum, að það ekki sje til neins að raska launastigum þeim, sem neðri deildin hefur sett, höfum vjer komizt að þeirri niðurstöðu, að rjettara sje að stinga upp á breytingum við 2. gr., svo að atriði þetta ekki snerti aðra en þá, sem heimta gjöld þessi inn, eins og líka má virðast að vera eðlilegast. Á nokkuð líkan hátt er og varið gjöldum fyrir eptirlit með útlendum skipum samkvæmt lögum 17. des. 1875. Innheimtun á þessum gjöldum er svo erfið og hæpin, að rjettast virðist að láta hlutaðeigendur halda henni óskertri. Nefndin hefur því af ráðið að telja þessi skipagjöld frá, en láta þó af því leiða, að Suður-Múlasýsla verði talin í 3. launaflokki.

Nefndin verður að vísu að játa, að ákvörðun frumvarpsins að draga skuli aukatekjurnar frá hinum fast ákveðnu launum sýslumannanna, sje landssjóðnum mjög í hag, með því hann á þá að vísu að ganga, hversu miklar tekjur þessar eru, og engin reikningsleg skil þarf að gjöra fyrir þeim. En ef ákvörðun þessari á að halda, er nauðsyn til þess, að ákveða launin svo hátt, að þeir sem eiga að taka þau, geti borið halla þann, sem kann að leiða af því, að aukatekjurnar á einstaka árum eða árabilum kunna að verða minni, en ákveðið er. Öllum, sem þekkja til slíkra aukatekja, mun bera saman um, að hin árlega upphæð þeirra er mjög óviss, að hún að öllum jöfnuði getur orðið $^1/_4$ parti minni nokkur ár í röð, og jafnvel $^1/_2$ minni, en við má búast á einstöku ári, og er því næsta mikill hvikulleiki á gjöldum þessum. Þó að gjöldin þá sum árin sjeu nokkuð meiri en að meðaltölu, er ekki sagt, að það komi þeim til góða, sem fyrir hallanum hefur orðið, ef hann er farinn frá embættinu. Halli sá, sem af þessu leiðir, er með lágum launalögum svo hættumikill fyrir þá, er njóta launanna, að nefndin getur ekki ráðið til þessarar aðferðar. Það hefði að vísu mátt úr þessu ráða með því að lækka aukatekjurnar með nokkurri upphæð fyrir þessum vanhöldum, sem og þeim, sem koma af því, ef aukagjöld tapast eða dráttur verður á borgun þeirra í tækan tíma, en nefndinni hefur ekki blandazt hugur um, að máli þessu nú sem stendur er komið svo langt, að ekki sje rjett að gjöra nýja

uppástungu, og hefur hún þess vegna orðið að aðhyllast uppástungu stjórnarfrumvarpsins í 1. og 2. grein.

Nefndinni virðist ógjörlegt, að sameina Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjasýslu. Samgöngurnar milli eyja og lands eru svo stopular og óvissar, að hætta gæti orðið fyrir því, að sýslumaður sökum farartálma yrði að vanrækja landsýsluna. Fasteignir landssjóðsins á eyjunum þurfa líka stöðugra eptirlita. Sökum þessa virðist rjett að setja Rangárvallasýslu í 2. flokk og Vestmannaeyjasýslu í 4. flokk sjer með 2000 kr. launum.

Af því að uppástungan um sameining Dala- og Strandasýslu er felld, leiðir, að þær verður að setja í 3. flokk.

Í Gullbringu- og Kjósarsýslu eru rúm 5000 manns, mörg embættisstörf og miklar gjaldheimtur, og virðist hún því eiga að setjast í 2. flokk, og af líkum ástæðum álítur nefndin, að bæjarfógetinn í Reykjavík eigi að fá sömu laun og lögð eru sýslum í 1. flokki.

Af því að ekki er gjört ráð fyrir sameiningu á sýslum eptir frumvarpinu, verður 6. grein frumvarpsins að falla burt.

Eptir þessu verða breytingar þær, er nefndin stingur upp á við

1. grein.

Eptir orðið «ljensjörðum», komi: orðið «og» falli burt. Aptan við greinina bætist: «og aukatekjur, nema þær sem undanskildar eru í 2. grein laga þessara.

2. grein.

Að burtu falli: «öllum tekjum þeim — sömuleiðis».

3. grein falli burt.

5. grein.

Í stað orðanna: «í þrjá flokka» komi: «í fjóra flokka», eptir: «2500 kr.» komi: «og í fjórða flokki 2000 kr.»

að burt falli:

1. Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýsla (töluliðir 2—5 verða 1—4); að eptir orðin: «í 2. flokki eru» bætist: «Rangárvallasýsla, Gullbringu- og Kjósarsýsla»;

að burt falli:

7. Suður-Múlasýsla,

8. Dala- og Strandasýsla;

að eptir orðin: «í 3. flokki eru» bætist:

Suður-Múlasýsla,
Dalasýsla,
Strandasýsla;

töluliðirnir breytist í 1—4;

að við greinina sje bætt: «Í fjórða flokki er Vestmannaeyjasýsla».

6. grein falli burt.

7. grein.

Eptir «bæjarfógetinn» komi: «í Reykjavík», «3000 kr.» breytist í «3500 kr.».

Alþingi, 20. ágúst 1877.

Árni Thorsteinson, form. og framsögum.
Bergur Thorberg.
Sighvatur Árnason, skrifari.

ÖNNUR UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 44. fundi efri þingdeildarinnar, 22. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta.*

Framsögumaðnr kvað nefndina, eins og sjá mætti af áliti hennar, eigi hafa fundið ástæðu til að hækka launaupphæðir frumvarpsins, þó henni hefði fundizt þau heldur lág, en þar á móti hefði hún stungið upp á breytingum í aðra stefnu. Fyrst gat hann þess, að nefndin hefði talið Dalasýslu og Stranda hvora fyrir sig, með því frumvarp til laga um sameining þeirra hefði verið fellt. Svo minntist hann á flokkun sýslnanna eptir uppástungu nefndarinnar; í fyrsta flokki væri 4, í öðrum 8, í þriðja 4, og í fjórða 1; þannig væru jafnmargar í fyrsta og þriðja flokki, flestar í miðflokknum, og mundi þetta vera nær rjettu hlutfalli milli sýslnanna og þörfum þessara embættismanna. Að því er launin snerti, hefði nefndin haldið ákvörðun stjórnarfrumvarpsins um það, að taka eigi frá embættismönnum þessum viss hlunnindi, sem eigi væru laun, heldur þóknun fyrir gjaldheimtu, það er að segja prósentur af ölfanga- og tóbakstollinum, sem þeir ættu

að heimta, því bæði hefði innheimtunin í för með sjer talsverða fyrirhöfn og hins vegar ábyrgð, er svara yrði tollgjaldi þessu, sem væri býsna-mikil upphæð, líklega nálægt 100,000 kr., og fengju embættismenn þessir eptir því alls 2000 kr. fyrir innheimting tollsins, og þessu hefði nefndinni þótt rjett að láta þá halda, enda væri það í lögunum 26. febr. 1872 kölluð innkröfulaun, og sú skoðun væri óyggjandi, að þeim ekki hefði verið lagt fje þetta í launa-skyni, heldur sem borgun fyrir að innheimta fjeð, og einkum ábyrgð á því. Því næst gaf hann yfirlit yfir málið þannig:

Í stjórnarfrumvarpinu væru sýslurnar flokkaðar svo:

í 1. flokki	4 sýslur,	laun 4000 kr.	= 16000 kr.
í 2. —	9 —	— 3200 —	= 28800 —
í 3. —	4 —	— 2400 —	= 9600 —
		alls	54400 kr.
og að viðbættum launum bæjarfógetans í Reykjavík			4000 —
og skrifstofukostnaði öllum . .			2000 —
yrði það samtals			60400 —
Neðri deildin hefði farið fram á			49000 —
og að viðbættum launum bæjarfógetans			3000 —
og skrifstofukostnaði öllum . .			2000 —
		samtals	54000 —

Því næst bar hann þar saman við breytingaruppástungur nefndarinnar, þar sem Dalasýsla og Strandasýsla hvor um sig skyldi vera í 3. flokki, Rangárvallasýsla færast ofan í 2. flokk, Gullbringu- og Kjósarsýsla upp í 2. flokk, Vestmannaeyjasýsla í 4. flokk, Suður-Múlasýsla færast niður í 3. flokk, bæjarfógetaembættið í Reykjavík færast upp um 500 kr., og yrði eptir því alls eptir tillögum nefndarinnar upphæðin 55,500 kr.; og munurinn yrði þannig að eins 1,500 kr., sem hjer væri farið fram á meira en í frumvarpi neðri deildarinnar. Þar við bættist nú gjaldheimtulaun, sem þessir embættismenn fengju af tollum og eptirliti útlendra skipa, og matti hann upphæð þessa að sínu áliti til rúmra 3000 kr. Laun bæjarfógetans í Reykjavík hefði nefndin íhugað vandlega og komizt til þeirrar niðurstöðu, að gjöra þau jöfn launum fyrir embætti í 1. flokki. Það hefði reyndar getað komið til álita, að gjöra einhverja aðra ákvörðun um Vestmannaeyjar, t. d. að hafa þar mann, sem skyldi hafa þar á hendi umboð lögreglustjóra, en dómsvaldið hefði sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu, en nefndin hefði eigi getað tímans vegna leyst þetta spursmál nú, og væri því ráðlegast að samþykkja breytingu hennar í þessu tilliti, því það mætti, nær sem vildi, draga embætti þetta aptur inn, þó það yrði nú ekki gjört í þessum lögum. Nefndin hefði álitið, að heldur lítil laun væri ætluð bæjarfógetanum í Reykjavík með tilliti til þess, að hann þyrfti að hafa mann sjer til aðstoðar, og hefði því þótt rjettast að færa embætti hans upp í 1. flokk, og þá eigi þótt nein sjerstök ástæða til að hækka skrifstofufje hans. Einnig minntist hann á þá breytingu nefndarinnar, að láta gjald af eptirliti með útlendum skipum falla saman við hin tollgjöldin og renna til sýslumannsins; slíkt gjald væri erfitt innheimtu og hæpið, og fjelli að eins á fáa, einna mest á eina sýslu, Suður-Múlasýslu, sem fyrir það færðist í 3. flokk. Þetta gjald væri eigi mikið, á að gizka af 200 skipum á öllu landinu.

Eina breytingu hjeldi nefndin fast við; væri hún í þá átt, að sýslumenn og bæjarfógetar hefði laun óskert eða viss úr landssjóði, en skiluðu aptur óskertum tekjum, einkum aukatekjum. Þegar launin væru lág, þá væri áríðandi, að þau væru viss, en aukatekjur væru óvissar, og það enda mismunandi fyrir kafla eigi skemmri en 5 ár, t. d. skiptalaun, og mætti það sjá meðal annars af erfðafjárgjaldi, sem í 5 ár hefði verið lægst 933 kr., en mest 1549 kr. o. s. frv. Nefndinni hefði þótt rjett að setja Gullbringu- og Kjósarsýslu í 2. flokk, því það væri einhver fólksflesta sýsla á landinu, mikil gjaldheimta og talsverð ferðalög.

Sighvatur Árnason ætlaði alveg óþarft að hækka laun bæjarfógetans í Reykjavík úr því, sem neðri deildin hefði ætlað honum, því bæði væri honum ætlað ríflegt

skrifstofufje, og í annan stað hefði hann miklar prósentur af tollgjaldi af ölföngum og tóbaki o. fl., og væri laus við allt ferðalag og umstang, sem þar af leiddi. Fyrir því hefði mátt vel við una laun hans eptir frumvarpinu frá neðri deildinni, og af þessum ástæðum hefði hann ekki getað verið samdóma meðnefndarmönnum sínum um þetta eina atriði.

Eiríkur Kúld: Neðri deildin hefði ætlað bæjarfógetanum meiri laun en sýslumönnum í 1. flokki, nefnilega að viðbættu skrifstofufje 4,000 kr., en nefndin hjer 4,500 krónur. Þetta væri samkvæmt tillögum sínum við 1. umræðu; hann vissi eptir sögn kunnugra manna, að skrifstofukostnaður hans væri allt að 2400 kr., og væri öldungis sama, hvort hækkuð væri laun hans eða skrifstofufje. Nefndinni væri hann yfirhöfuð samþykkur, nema sjer þættu óþarflega margar sýslur í 2. flokki, t. d. Eyjafjarðar, Skagafjarðar og Norður-Múlasýslur. Að vísu hefðu þær í för með sjer kannske meiri ábyrgð, en þá aptur rúmlega þeim mun minni erfiðleika en sumar aðrar.

Stefán Eiríksson ætlaði, að Skaptafellssýsla ætti helzt að vera í 1. flokki, með því hún væri ein með erfiðustu sýslum á landinu, þar sem hún hefði þrjá hina vestu sanda til yfirferðar með stórvötnum á, og því furðaði sig á, að nefndin skyldi ekki flytja hana yfir í 1. flokk, því hún ætti öllu fremur að vera í 1. flokki en Þingeyjarsýsla. Að öðru leyti felldi hann sig við breytingar nefndarinnar, nema hvað honum þótti óþarft, að færa upp laun bæjarfógetans í Reykjavík, einkum þegar litið væri á aukatekjur, sem hann þar að auki fengi eptir 2. gr., því embætti þetta væri að því leyti hægt, að ekki þyrfti ferðalaga við það, og því væru full sómasamleg laun við það 4000 kr. með skrifstofufje, eins og neðri deildin hefði sett, og því væri hann móti því, að þeyta laununum upp í 4500. Að öðru leyti benti hann á, að 2. málsliður 7. greinar yrði að falla burt, ef breytingar nefndarinnar við 2. og 3. grein yrðu samþykktar.

Þar eð eigi fleiri tóku til máls, var gengið til atkvæða og fjellu þau þannig:

Breyting við 1. gr., samþykkt í einu hljóði.
1. gr. með áorðinni breytingu samþykkt í einu hljóði.
Breyting við 2. gr. samþykkt með 7 atkv.
2. gr. samþykkt í einu hljóði.
3. gr. felld burt með 10 atkvæðum.
4. gr. samþykkt í einu hljóði.
1. breyting við 5. gr. samþykkt í einu hljóði.
2. breyting — — — — —
3. breyting — — — — —
4. breyting — — — — —
5. breyting — — samþykkt með 10 atkv.
6. breyting — — — — 11 —
7. breyting — — — — 11 —
8.—9. breyt. — — — — 11 —
5. gr. með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.
Uppástunga nefndarinnar, að 6. grein falli burtu, samþykkt í einu hljóði.
1. breyting við 7. gr. samþykkt með 10 atkv.
2. breyting við 7. gr. (að 3000 kr. breytist í 3500 kr.) samþykkt með 6 atkv. gegn 5.
7. gr. samþykkt með 6 atkv. móti 5.
8. gr. samþykkt með 9 atkvæðum.
9.—10. gr. samþykktar með 11 atkvæðum.
Frumvarpið með áorðnum breytingum samþykkt með 9 atkvæðum. Að málið gengi til 3. umræðu, samþykkt í einu hljóði.

Þá gat forseti þess, að hann hefði fengið áskorun frá 4 deildarmönnum, að frumvarp til laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta yrði tekið til umræðu næsta dag, og kvað hann landshöfðingja eigi vera því mótfallinn, og bar það því næst undir atkvæði, og var það samþykkt með 10 atkvæðum, að það mál skyldi koma til 3. umræðu næsta dag.

Var frumvarpið nú þannig orðað:

FRUMVARP
til laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta.

1. grein.

Sýslumönnum og bæjarfógetum skulu veitt ákveðin laun úr landssjóði, svo sem segir í lögum þessum. Aptur á móti renna afdráttarlaust í landssjóðinn tekjur þær, sem embættismenn þessir hafa hingað til að launum haft, hvort heldur eru manntalsbókargjöld eða skattur sá, sem í þeirra stað kemur, tekjur af ljensjörðum, umboðslaun og aukatekjur, nema þær sem undanskildar eru í 2. grein laga þessara.

2. grein.

Sýslumenn og bæjarfógetar skulu halda óskertum tekjum þeim, sem þeim bera fyrir innheimtu aðflutningsgjalds á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, samkvæmt tilsk. 26. dag febrúarm. 1872, 10 gr., sbr. lög 11. febr. 1876, og á tóbaki samkvæmt lögum 11. dag febrúarm. 1876, 3. grein, svo og gjöldunum fyrir eptirlit með útlendum fiskiskipum samkvæmt lögum 17. desbr. 1875.

3. grein.

Lögþingisskrifaralaun og lögrjettumannalaun þau, sem sýslumenn hafa hingað til greitt til landssjóðs, skulu af numin. Svo skal og af numinn hundraðsfiskur sá á Vestmannaeyjum, sem goldinn er sýslumanninum þar á eyjunum.

4. grein.

Sýslum landsins skal skipt í fjóra flokka. Laun sýslumanna í sýslum þeim, sem teljast til 1. flokks, eru 3500 kr. árlega; í sýslum þeim, sem teljast til 2. flokks, 3000 kr., í sýslum þeim, sem teljast til 3. flokks, 2500 kr., og í 4. flokki 2000 kr.

Í 1. flokki eru:

1. Árnessýsla.
2. Húnavatnssýsla.
3. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.
4. Þingeyjarsýsla.

Í 2. flokki eru:

1. Skaptafellssýsla.
2. Rangárvallasýsla.
3. Gullbringu- og Kjósarsýsla.
4. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.
5. Ísafjarðarsýsla.
6. Skagafjarðarsýsla.
7. Eyjafjarðarsýsla.
8. Norður-Múlasýsla.

Í 3. flokki eru:

1. Dalasýsla.
2. Barðastrandarsýsla.
3. Strandasýsla.
4. Suður-Múlasýsla.

Í 4. flokki er:

Vestmannaeyjasýsla.

5. grein.

Bæjarfógetinn í Reykjavík hefur að launum 3500 kr. árlega, og að auki 1000 kr. í skrifstofukostnað. Bæjarfógetarnir á Ísafirði og Akureyri hafa hvor í laun 500 kr. árlega.

6. grein.

Ráðgjafinn fyrir Ísland gjörir ráðstafanir þær, sem nauðsyn ber til, lögum þessum til framkvæmdar.

7. grein.

Hinar almennu ákvarðanir í lögum um laun embættismanna m. fl. 15. dag októbermánaðar 1875, 1.—7. gr., skulu einnig ná til sýslumanna og bæjarfógeta, að því leyti er snertir 7. grein tjeðra laga, þannig, að tekjur þær, sem þeir hafa haft hingað til, sjeu taldar eptir því, sem þær hafa verið að meðaltali um 5 ára bilið 1871—75, og verður hvorki tekið af launum þeirra, nje þau aukin, meðan þeir eru í sama embætti.

8. grein.

Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1878.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 45. fundi efri þingdeildarinnar, 23. dag ágústm., kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu *frumvarp til laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta.*

Enginn tók til máls, og var þá gengið til atkvæða og frumvarpið samþykkt í einu hljóði, og vísað aptur til neðri deildarinnar.

Á 53. fundi neðri þingdeildarinnar, 23. dag ágústmán. kl. 6½ e. m., var *frumvarpi til laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta*, eins og það var samþykkt af efri þingdeildinni, útbýtt meðal þingdeildarmanna, og skoraði forseti á nefndina í því máli, að láta uppi álit sitt um það.

NEFNDARÁLIT

í málinu: Frumvarp til laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta.

Nefndin getur fallizt á breyting þá, er efri deildin hefur gjört á 2. grein frumvarpsins, en þó með því skilyrði, að laun sýslumanna og bæjarfógeta sjeu færð dálítið niður í 4. og 5. grein, í stað þess er þeir fá að halda aðflutningsgjöldum á brennivíni og tóbaki, svo og eptirlitsgjaldinu. Bæði sakir þessa, svo og hins, að nefndin álítur sjálfsagt að halda fast við sameining Rangárvallasýslu og Vestmannaeyja og einnig Strandasýslu og Dala, þá raskast talsvert flokkaskipun frumvarpsins. Nefndin ræður því til þess, að fyrir 4. grein frumvarpsins komi svo látandi:

4. grein.

Sýslum landsins skal skipt í 3 flokka. Laun sýslumanna í sýslum þeim, er taldar eru í 1. flokki, eru 3200 kr. ár hvert, í 2. flokki eru launin 2800 kr. og í 3. flokki 2400 kr.

Í 1. flokki eru:

1. Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýsla.
2. Árnessýsla.
3. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.
4. Stranda- og Dalasýsla.
5. Húnavatnssýsla.
6. Þingeyjarsýsla.
7. Skaptafellssýsla.

Í 2. flokki eru:

1. Gullbringu- og Kjósarsýsla.
2. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.
3. Ísafjarðarsýsla.
4. Skagafjarðarsýsla.
5. Eyjafjarðarsýsla.

Í 3. flokki eru:

1. Barðastrandarsýsla.
2. Norður-Múlasýsla.
3. Suður-Múlasýsla.

Við 5. grein.

Fyrir «3500 kr.» komi: «2800 kr.» og
— «500 kr.» komi: »400 kr.»

Alþingi, 23. ágúst 1877.

Þórarinn Böðvarsson, formaður og framsögum. Þórður Þórðarson.
Arnljótur Ólafsson, skrifari. Jón Sigurðsson. Guðmundur Ólafsson.

BREYTINGARUPPÁSTUNGUR

við frumvarp til laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta, eins og það var samþykkt af efri þingdeildinni.

I. Breytingartillaga

við breytingartillögu nefndarinnar.

Við 4. grein: Fyrir «3200 kr.» komi: «3400 kr.», og við fyrstu málsgrein bætist: «og í 4. flokki 1500 kr.».

Úr 1. flokki falli: »1. Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýsla» og «9. Stranda- og Dalasýsla».

Í 2. flokki komi: «Rangárvallasýsla».

Í 3. flokki komi: «Dalasýsla» og «Strandasýsla».

Við flokkana bætist:

Í 4. flokki er: Vestmannaeyjasýsla.

Við 5. grein: Fyrir «2800 kr.» komi: «3000 kr.».

Jón Sigurðsson. Þórarinn Böðvarsson.

II. Breytingartillaga

við breytingartillögu nefndarinnar frá Arnljóti Ólafssyni og Eggert Gunnarssyni.

Við 4. grein:

Gullbringu- og Kjósarsýsla falli úr 2. flokki, og setjist í 3. flokk.

III. Breytingartillaga

við breytingartillögu Jóns Sigurðssonar og Þórarins Böðvarssonar.

1. Við 4. grein: Fyrir «3400 kr.» komi: 3200 kr.
2. Við 5. grein: Fyrir «3000 kr.» komi: 2800 kr.

Arnljótur Ólafsson.

IV. Breytingaratkvæði
við breytingaratkvæði nefndarinnar
frá landshöfðingjanum.

Við 5. grein: Í stað «2800 kr.» komi: 3000 kr.

EIN UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 55. fundi neðri þingdeildarinnar, 25. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til einnar umræðu *frumvarp til laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta, með breytingaruppástungunum.*

Forseti gat þess, að hann gæti eigi sjeð, að breytingaruppástunga nefndarinnar við 4. gr. gæti komið til atkvæða, þar eð þar væru teknar upp ákvarðanir, sem þingið væri þegar búið að fella, t. d. sameining Dala- og Strandasýslna og Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýslna.

Framsögumaður kvað það vera fyrir ofan sinn skilning, að nefndarálitið gæti ekki komið til greina. Sameining Dala- og Strandasýslna og Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýslna hefði verið samþykkt af neðri deildinni við 3. umræðu, og sæi hann þess vegna ekkert því til fyrirstöðu, að taka þessar ákvarðanir upp aptur.

Arnljótur Ólafsson sagði, að nefndin miðaði sig við frumvarp efri deildarinnar, og styngi upp á, að í stað 4. gr. kæmi «svo látandi grein», eins og sagt væri seinast í nefndarálitinu. Nefndin hefði ekki þekkt þingsköpin betur en svo, að leyfilegt væri, að stinga upp á einni grein fyrir aðra, því að 23. gr. þingskapanna takmarkaði ekkert yfirgrip breytingaratkvæðanna.

Forseti sagði, að þingmenn yrðu að hafa það hugfast, að ekki væri leyfilegt, að taka upp aptur þær ákvarðanir, sem þingið væri þegar búið að fella. Frumvarpið um sameiningu Dalasýslu og Strandasýslu væri þegar fellt algjörlega af efri deildinni, og því ætti það ekki við, að skjóta ákvörðun um það inn í þetta frumvarp, því að með því móti gæti þingið aldrei lokið störfum sínum, ef önnur deildin tæki það upp, sem hin væri búin að fella.

Arnljótur Ólafsson sagði, að frumvarpið um sameining Dalasýslu og Strandasýslu hefði að vísu verið fellt af efri deildinni, en nefndin tæki ekki upp aptur það frumvarp, heldur að eins í breytingartillögu sinni sameininguna, eins og hún hefði verið ákveðin í þessu frumvarpi í neðri deildinni, áður það fór til efri deildarinnar. Þannig hefði efri deildin farið að í fjáraukalagamálinu, að hún hefði tekið upp aptur það frumvarp stjórnarinnar, sem neðri deildin var búin að fella, og hefðu allir tekið það gilt; þess vegna væri það alveg ný regla, sem aldrei áður hefði átt sjer stað, að 4. gr. nefndarálitsins gæti ekki komið til atkvæða.

Grímur Thomsen kvaðst vilja leyfa sjer að minna á, hvað fram fór í efri deildinni í málinu um fiskilóðalagnir. Nefndin í því máli hefði samið frumvarp, og sett þar inn í ákvörðun um það, sem stríddi á móti lögunum um þorskanetalagnir; en af því uppástunga þingmanns Reykvíkinga um breytingu á lögunum um þorskanetalagnir hefði verið felld af neðri deildinni, þá hefði þessi ákvörðun verið tekin burt aptur í efri deildinni. Þessu góða dæmi efri deildarinnar ætti nú neðri deildin að fylgja í þessu máli, því að sameining Dala- og Strandasýslu væri felld af efri deildinni, og þess vegna gagnstætt þingsköpunum að taka hana upp aptur.

Halldór Kr. Friðriksson kvaðst ekki geta sjeð, að 4. grein nefndarálitsins gæti komið til atkvæða, af því hún yrði ekki liðuð í sundur, og því yrði hið nýta í henni að falla með hinu ónýta. Sameining Dalasýslu og Strandasýslu væri einu sinni fallin, og því mætti ekki taka hana upp aptur í þessu frumvarpi, því að ef slíkt væri leyft, gæti

þingið aldrei orðið búið; breyting nefndarinnar við 5. gr. gæti þar á móti komizt að.

Arnljótur Ólafsson kvaðst ekki vita til, að nokkur grein eða ákvörðun í þingsköpunum nje í stjórnarskránni væri á móti því, að breytingartillagan gæti komið til atkvæða. Eins og hann áður hefði bent á, hefði efri deildin tekið upp aptur frumvarp stjórnarinnar um fjáraukalögin, án þess nokkur hefði álitið það á móti þingsköpunum, og líkt hefði neðri deildin gjört í kaupmannamálinu, þegar það kom sem nýtt frumvarp frá efri deildinni. Hann heimtaði því, að sjer yrði sýnt það annaðhvort af stjórnarskránni eða þingsköpunum, að þessi uppástunga nefndarinnar væri gegn þingsköpunum; en hann yrði fastlega að neita því, að svo væri, þangað til sjer yrði sýnt það svart á hvítu, er seint mundi verða.

Benidikt Sveinsson sagði, að þessi breyting á 4. greininni innihjeldi svo margar efnisbreytingar, að hann ímyndaði sjer, að enginn þingdeildarmanna gæti greitt atkvæði með henni, því að þótt hann gæti máske fallizt á sumar breytingarnar, þá gæti hann ómögulega fallizt á alla greinina, ef allur þessi fjöldi af breytingum yrði borin upp í einu lagi. Flokkaskipunin á sýslunum væri allri saman breytt innbyrðis, í 1. flokki væru 7 sýslur í staðinn fyrir 4, í öðrum flokki 5 í staðinn fyrir 8, og í 3. flokki 3 í staðinn fyrir 4. Þar að auki væru launin röskuð í principinu, því að nefndin tæki það sjálf fram sem grundvallarreglu: «nefndin getur fallizt á breyting þá, er efri deildin hefur gjört á 2. gr. frumvarpsins, en þó með því skilyrði, að laun sýslumanna og bæjarfógeta sjeu færð dálítið niður í 4. og 5. gr. í stað þess, er þeir fá að halda aðflutningsgjöldum á brennivíni og tóbaki, svo og eptirlitsgjaldinu». Samkvæmt þessum orðum nefndarinnar, hefði hún átt að draga frá launum svo mikið, sem svaraði innheimtulaunum, en hann skyldi biðja deildarmenn að bera saman það, sem nefndin drægi frá launum hvers sýslumanns við það, sem búast mætti við, að innheimtugjaldið næmi. Laun sýslumanna í 1. flokki lækkaði nefndin um 300 kr.; hvaða sýslur væru það á landinu, þar sem innheimtugjaldið næmi 300 kr.? Þegar það væri aðgætt, að 300 króna innheimtugjald svaraði til 15000 kr. tollgjalds, þá væri augljóst, að ekki væru margar sýslur, þar sem innheimtugjaldið næmi 300 kr. Þar að auki væru sumar sýslur, þar sem innheimtugjaldið væri alls ekkert eða mjög lítið, t. d. Rangárvallasýsla, Skaptafellssýsla, Dalasýsla. Hvaða ástæða væri þá til þess að lækka laun þeirra sýslumanna, sem engar tekjur hefðu fyrir innheimtu? Það væri sannarlega merkilegt, ef deildin sæi ekki, að þessar breytingar væru með öllu óaðgengilegar, og hann fyrir sitt leyti gæti ómögulega gefið þeim atkvæði sitt. Sig furðaði á því, ef þingdeildin í máli, sem hún væri búin að hugsa um í $1^1/_2$ mánuð, nú við eina umræðu allt í einu raskaði öllum efnisgrundvellinum. Hann gæti nú og eigi betur sjeð, en að það yrði formlaust, að bera svona margar sjálfstæðar efnisbreytingar upp undir eitt já eða nei, úr því ekki mætti liða greinina sundur.

Grímur Thomsen kvaðst aptur vilja taka það fram, að þar eð frumvarpið um sameining Dalasýslu og Strandasýslu væri fallið, þá væri ólöglegt, að taka þá uppástungu upp í þetta frumvarp, og því gæti 4. gr. í nefndarálitinu ekki komið til atkvæða, jafnvel þótt þetta væri hið eina óformlega atriði í henni, en hinar breytingar nefndarinnar gætu þar á móti komið til atkvæða.

Arnljótur Ólafsson sagði, að það væri óþarfi að tala um hinar breytingarnar, ef breytingin við 4. gr. kæmist ekki að, því að annaðhvort væri, að bera undir atkvæði breytingarnar allar, eða þá enga, því að hinar breytingarnar væru að eins breytingar við breytingartillögu nefndarinnar. Ef nefndarálitið gæti ekki komizt að, þá væri það ný regla, sem hann yrði að mótmæla.

Þorlákur Guðmundsson sagði, að eins og allir vissu, hefði frumvarp þetta farið svo frá neðri deildinni áður, að það hefði

verið lítt frambærilegt; nú hefði efri deildin lagað það svo, að ætla mætti, að það væri í viðunanlegu standi. Það væri máske helzt að því, að laun bæjarfógetans í Reykjavík væru of há, en það mundi lagast, ef deildin samþykkti breytingaratkvæði landshöfðingja. Menn yrðu að aðgæta það, að þetta mál væri einn liður í skattamálinu, og kvaðst hann ekki sjá, að skattamálið gæti komizt að, þótt það yrði samþykkt hjer á þingi, ef ekki yrði breytt launum sýslumanna, og ef breytingar nefndarinnar, eins margbrotnar og þær lægju fyrir, kæmust að, þá mundi málið ekki fram ganga á þessu þingi.

Halldór Kristján Friðriksson kvaðst ekki geta sjeð, að nein af breytingum nefndarinnar gæti komizt að, nema breytingin við 5. grein. Þar styngi nefndin upp á, að lækka laun bæjarfógetans i Reykjavík ofan í 2800 kr., og gjörði hún það af því, að innheimtugjaldið væri svo mikið í Reykjavík. Það væri undarlegt, að nefndin skyldi ekki hafa reynt, að gjöra sjer einhverja hugmynd um, hversu innheimtugjaldið væri mikið, áður en hún hefði farið að draga frá launum, það sem því svaraði. Þegar það væri aðgætt, að innheimtugjaldið af öllu landinu væri að eins 2000 kr., og því væri skipt niður á alla sýslumenn og bæjarfógeta á landinu, þá væri auðsjeð, hvort ástæða væri til, að lækka laun þeirra mikið fyrir þá sök, þegar þar að auki þess væri gætt, hvaða ábyrgð hvíldi á þeim í því, að innheimta gjaldið rjett og standa skil á því. Þetta innheimtugjald gæti því í raun og veru ekki álitizt nein ríkun á launum sýslumanna. Í Reykjavík væri innheimtugjaldið mest 400 kr., og væri það vissulega ekki of mikið fyrir þann embættismann, sem allir deildarmenn hlytu að óska að væri fær um, að leysa vel af hendi hið vandasama starf, sem hann hefði á hendi (*Arnljótur Ólafsson*: «mikil ósköp!»). Hann kvaðst reyndar vita, að 1. þingmaður Norður-Múlasýslu vildi helzt hafa eintóma hreppstjóra í stað sýslumanna, og gæti vel verið, að í hans sýslu væru svo duglegir og menntaðir hreppstjórar, að þeir væru færir til þess, en það væri óhætt að fullyrða, að slíkir hreppstjórar væru ekki til annarstaðar á landinu. Sumum nefndarmönnum hlyti þó að vera kunnugt, hve áríðandi það væri, að hafa duglegan, áreiðanlegan og menntaðan mann í þessari stöðu, og mann, sem gæti verið landinu til sóma gagnvart útlendum þjóðum. Það væri því engin ástæða til þess, að álíta 3500 kr. of há laun handa honum.

Framsögumaður sagði, að nefndarálitið væri nú komið til umræðu, en að sínu áliti ætti ekki að ræða um það, ef það mætti ekki koma til atkvæða. Hann kvaðst krefjast þess sem framsögumaður, að nefndarálitið væri tekið til umræðu og atkvæði greidd um það; væri það og hafið yfir allan efa, að það væri rjett, en hitt alveg rangt, að hrynda nefndarálitinu fyrir formgalla, því þeir væru á því engir; hitt kannaðist hann vel við, að breyting nefndarinnar við 4. grein yrði annaðhvort að standa eða falla, og væri bæði þingmanni Reykvíkinga og 1. þingmanni Árnesinga innan handar að gefa atkvæði sitt móti henni. En þó greinin fjelli sjálf fyrir atkvæðum, þá væri líklegt, að sumar breytingartillögur, sem hann hefði gjört við hana, mundu standa, og það væri einkum þeirra vegna, að hann vildi halda því fast fram, að greinin kæmi til atkvæða, og væri hinn háttvirti forseti á öðru máli, þá kvaðst hann krefjast þess, að hann ljeti þingdeildina greiða atkvæði um það.

Forseti kvaðst vera fús til, að skjóta því til deildarinnar, hvort breytingaruppástunga nefndarinnar mætti koma undir atkvæði eða ekki, og bar hann það undir atkvæði deildarinnar, sem samþykkti með meiri hluta atkvæða, að breytingaruppástungan gæti ekki komið til greina. 1. þingmaður Norður-Múlasýslu gekk þá af fundi, og bað hann um að bóka það, að hann mótmælti þessari aðferð deildarinnar.

Grímur Thomsen stakk þá upp á því, að samþykkja frumvarpið óbreytt, eins og það hefði komið frá efri deildinni.

Benidikt Sveinsson var á sama máli og 1. þingmaður Gullbringusýslu, og kvaðst álíta, að það ætti ekki við að færa laun bæjarfógetanna niður.

Með því ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. Breyting nefndarinnar við 5. gr. felld með 12 atkvæðum.
2. Breyting landshöfðingja við 5. gr. tók uppástungumaður aptur, en 2. þingmaður Húnvetninga tók hana upp aptur, og var hún samþykkt með 17 atkvæðum gegn 3.
3. Breyting nefndarinnar um, að 500 breytist í 400; vegna óglöggrar atkvæðagreiðslu var við haft nafnakall, og sögðu:

já:
Eggert Gunnarsson,
Einar Gíslason,
Einar Guðmundsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Jón Blöndal,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson.
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson.

nei:
Halldór Kr. Friðriksson,
Ísleifur Gíslason,
Benidikt Sveinsson,
Einar Ásmundsson,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Jón Sigurðsson,
Páll prestur Pálsson,
Páll bóndi Pálsson,
Snorri Pálsson,
Stephán Stephensen,
Þorsteinn Jónsson.

Var breytingin þannig felld með 12 atkvæðum gegn 10.

Frumvarpið í heild sinni með áorðinni breytingu samþykkt með 19 atkvæðum, og var það síðan sent efri deildinni aptur.

Á 49. fundi efri þingdeildarinnar, 27. dag ágústmánaðar, tilkynnti forseti þingdeildarmönnum, að neðri þingdeildin hefði við eina umræðu á fundi 25. sama mánaðar breytt *frumvarpi til laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta*, og ljet hann út býta því meðal þingdeildarmanna. Í lok fundarins gat forseti þess, að formaðurinn í nefndinni um þetta mál hefði óskað að mega gefa munnlega framhaldsálit um það, og var það samþykkt af deildinni; kvaðst formaðurinn þá vegna nefndarinnar ekkert skriflegt hafa að athuga um breytingar þær, er neðri deildin hefði gjört á frumvarpinu.

EIN UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 50. fundi efri þingdeildarinnar, 28. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til einnar umræðu *frumvarp til laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta.*

Enginn tók til máls, og var þá gengið til atkvæða, og frumvarpið samþykkt í einu hljóði, og afgreitt til landshöfðingja.

Var það nú svo hljóðandi:

LÖG
um laun sýslumanna og bæjarfógeta.

1. grein.

Sýslumönnum og bæjarfógetum skulu veitt ákveðin laun úr landssjóði, svo sem segir í lögum þessum. Aptur á móti renna afdráttarlaust í landssjóðinn tekjur þær, sem embættismenn þessir hafa hingað til að launum haft, hvort heldur eru manntalsbókargjöld eða skattur sá, sem í þeirra stað kemur, tekjur af ljensjörðum, umboðslaun og aukatekjur, nema þær, sem undanskildar eru í 2. grein laga þessara.

2. grein.

Sýslumenn og bæjarfógetar skulu halda óskertum gjöldum þeim, sem þeim bera fyrir innheimtu aðflutningsgjalds á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, samkvæmt tilsk. 26. dag febrúarm. 1872, 10. gr., sbr. lög 11. febrúar 1876, og á tóbaki

samkvæmt lögum 11. dag febrúarm. 1876, 3. grein, svo og gjöldunum fyrir eptirlit með útlendum fiskiskipum samkvæmt lögum 17. desbr. 1875.

3. grein.

Lögþingisskrifaralaun og lögrjettumannalaun þau, sem sýslumenn hafa hingað til greitt til landssjóðs, skulu af numin. Svo skal og af numinn hundraðsfiskur sá á Vestmannaeyjum, sem goldinn er sýslumanninum þar á eyjunum.

4. grein.

Sýslum landsins skal skipt í fjóra flokka. Laun sýslumanna í sýslum þeim, sem teljast til 1. flokks, eru 3500 kr. árlega; í sýslum þeim, sem teljast til 2. flokks, 3000 kr.; í sýslum þeim, sem teljast til 3. flokks, 2500 kr., og í 4. flokki 2000 kr.

Í 1. flokki eru:

1. Árnessýsla.
2. Húnavatnssýsla.
3. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.
4. Þingeyjarsýsla.

Í 2. flokki eru:

1. Skaptafellssýsla.
2. Rangárvallasýsla.
3. Gullbringu- og Kjósarsýsla.
4. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.
5. Ísafjarðarsýsla.
6. Skagafjarðarsýsla.
7. Eyjafjarðarsýsla.
8. Norður-Múlasýsla.

Í 3. flokki eru:

1. Dalasýsla.
2. Barðastrandarsýsla.
3. Strandasýsla.
4. Suður-Múlasýsla.

Í 4. flokki er:

Vestmannaeyjasýsla.

5. grein.

Bæjarfógetinn í Reykjavík hefur að launum 3000 kr. árlega, og að auki 1000 kr. í skrifstofukostnað. Bæjarfógetarnir á Ísafirði og Akureyri hafa hvor í laun 500 krónur árlega.

6. grein.

Ráðgjafinn fyrir Ísland gjörir ráðstafanir þær, sem nauðsyn ber til, lögum þessum til framkvæmdar.

7. grein.

Hinar almennu ákvarðanir í lögum um laun embættismanna m. fl. 15. dag októbermánaðar 1875, 1.—7. gr., skulu einnig ná til sýslumanna og bæjarfógeta, að því leyti er snertir 7. grein tjeðra laga, þannig, að tekjur þær, sem þeir hafa haft hingað til, sjeu taldar eptir því, sem þær hafa verið að meðaltali um 5 ára bilið 1871—75, og verður hvorki tekið af launum þeirra, nje þau aukin, meðan þeir eru í sama embætti.

8. grein.

Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1878.

VI.

Frumvarp

til

laga fyrir Ísland um skipti á dánarbúum og fjelagsbúum, o. fl.

---

1. ÞÁTTUR.

Um tilkynning andlátsins og hin almennu skilyrði fyrir því, að skiptaráðandi taki dánarbú til meðferðar.

1. kapítuli.

1. grein.

Ef maður andast, skal tafarlaust, eða að minnsta kosti sem bráðast verða má eptir því sem á stendur, skýra skiptaráðanda eða hreppstjóra frá, en hann gefur kauplaust vottorð um tilkynninguna, þegar þess er krafizt. Hafi látið verið tilkynnt hreppstjóra, skal hann þegar segja skiptaráðanda til þess.

Sje annað hjóna eptir á lífi og þar nærstatt, er það skylda þess að skýra frá látinu, en ella erfingja þeirra, sem forráða eru og nær staddir, en njóti eigi þeirra við, annast sá það, er hinn framliðni hefur verið til húsa hjá, eða heimilismenn hans, þeir sem forráða eru. Venjulega má prestur eigi kasta moldu á lík eður jarða það með öðrum greptrunarsið, fyr en honum hefur sýnt verið vottorð skiptaráðanda eða hreppstjóra um tilkynningu andlátsins. Út af þessu má þó bregða, ef þeir, er í hlut eiga, hafa með engu móti getað sagt til andlátsins, en þegar svo ber undir, skal prestur sá, er í hlut á, tafarlaust skýra hreppstjóra frá andláti því, sem að hefur borið, og jarðarför þeirri, sem fram hefur farið.

2. grein.

Sje það vanhirt að gjöra tilkynning þá, sem skipuð er fyrir í greininni á undan, varðar það 10—100 króna sekt, er rennur í landssjóð, og skal sækja mál það sem opinbert lögreglumál. Hin sama sekt liggur við fyrir þann prest, er vanrækir skyldur þær, sem honum eru á herðar lagðar eptir fyrirfarandi grein.

3. grein.

Um leið og skýrt er frá andlátinu, — en það má gjöra bæði skriflega og munnlega — skal tilgreint, að því framast er unnt, hvar sá andaði hafi átt heimili eða dvöl, hverjir erfingjar hans sjeu, og hvar fjármunir þeir sjeu niðurkomnir, er hann lætur eptir sig.

Það er skylda þess, sem skýrir frá látinu, og annara, er hafa leifða muni hins dána í vörzlum sínum, að varðveita þá með tilhlýðilegri aðgætni, unz nákvæmari ráðstöfun fæst hjá skiptaráðanda.

4. grein.

Sjerhverjum erfingja er heimilt að krefjast opinberra skipta, þótt hinir sjeu allir á það sáttir að skipta sjálfir. Þar á móti geta hvorki gjafþiggendur nje skuldeigendur heimtað, að búið sje lagt undir opinbera skiptameðferð.

5. grein.

Skiptaráðandi tekur sjálfkrafa dánarbú til meðferðar, hvort sem erfingjar æskja þess eða ekki, með þeirri takmörkun, er leiðir af 10. gr., þegar svo stendur á sem nú segir:

a. þegar nokkur af erfingjum er óforráða fyrir aldurs sakir, þá er skipti hefjast;
b. þegar nokkur af erfingjum er sviptur forráðum fjár síns, þá er skipti hefjast, nema sá sje giptur, og þau hjón eigi sambúð og tíðkanlegt fjelagsbú sín í milli, því þá skal fjárhaldsmaður með þessu hjóna mega taka við búinu fyrir hönd þess, er misst hefur forræðis síns;
c. þegar nokkur af erfingjum er staddur erlendis, þegar skipti hefjast, eða sje eigi kunnugt um, hvar hann sje staddur, og hefur hann eigi veitt öðrum umboð til að sjá um hag sinn á skiptum. Þótt eigi sje vissa fyrir því, að sá, er arftökurjett á í vændum og enginn veit hvar

niður er kominn, hafi lifað arfleifanda, mega erfingjar samt taka skipti að sjer, ef fimm ár eru liðin frá því, er síðast spurðist til hans.

Skiptaráðandi skal taka til meðferðar dánarbú eptir gjaldheimtumenn eða reikningshaldara, er hið opinbera eða þeir, sem óforráða eru, eiga hjá þeim forgöngurjett eða lögskilinn veðrjett, og má þá fyrst selja erfingjum búið í hendur, er fullnægt hefur verið kröfum þessara skuldeiganda.

6. grein.

Skiptaráðandi skal enn fremur, hvort sem erfingjar æskja þess eða eigi, taka til meðferðar dánarbú þau, er hinn látni hefur gjört löggilda ákvörðun um, að þau skuli ganga til opinberra skipta. Enda þótt arfleifandi láti eptir sig lífserfingja, skal honum heimilt í arfleiðsluskrá að ákveða, að opinber skipti verði haldin, eða að nefna til skiptareka, er eigi hafi dómsagnarvald. Getur það hjóna, er eptir lifir og í óskiptu búi situr, gjört slíka ákvörðun, er gildi fyrir allt fjelagsbúið.

7. grein.

Hafi erfingjar tekið að sjer búið til þess að skipta og úthluta því sjálfir, kemur það eigi til opinberra skipta, þótt síðar meir ráðist á þann veg, að opinber skipti hefði orðið að halda, ef málið hefði verið þannig vaxið við fráfall hins dána.

8. grein.

Nú kemur upp missætti meðal erfingja, sem tekið hafa að skipta sjálfir, og skal þá sjerhver þeirra eiga heimting á, að skiptaráðandi taki við búi, og skipti því eptir því sem mælt er fyrir að gjöra skuli um dánarbú, þegar gengizt er við arfi og skuldum.

9. grein,

Nú hefur skiptaráðandi byrjað á skiptum, en málsástæður hafa snúizt á annan veg, áður en út er gjört um búið, og mega erfingjar þá heimta, að búið sje fengið sjer í hendur til skipta og úthlutunar, sjeu þeir allir á eitt sáttir um það, þó einungis með því móti, að skuldheimtumenn samþykki, sem gefið hafa sig fram, nema þeim sje þegar fullnusta veitt eða ábyrgð gefin fyrir því, að svo verði, þegar að gjaldtíma kemur; hafi skuldheimtumönnum verið til stefnt, hljóta erfingjar auk þessa að láta þann frest líða, sem settur hefur verið, Með sama skilyrði getur það hjóna heimtað, er eptir lifir, að svo miklu leyti, sem það á kost á sitja í óskiptu búi, að það verði afsalað sjer í hendur til frjálsra yfirráða.

10. grein.

Þegar ætla má eptir því, sem fram er komið, þegar skýrt er frá látinu, að dánarfjeð hrökkvi eigi fyrir meiru en útfararkostnaði, þá skal skiptaráðandi mega þegar selja þeim í hendur það, sem til er í búinu, sem hefur kostað útförina eða vill kosta hana.

Virðist skiptaráðanda eptir því, sem komið hefur í ljós, þegar skýrt var frá andlátinu, að dánarbúið nemi eigi 200 krónum, og að engar skuldir sjeu umfram, þá gjörir hann eigi um búið, þótt annars beri nauðsyn til þess eptir 5. gr., sje einn eða fleiri erfingjar fyrir, sem komnir eru til forræðis, og bæði þeir og fjárhaldsmenn þeirra, sem eigi eru fjár síns ráðandi, kveðist þegar búnir til þess, að ganga við arfi og skuldum.

Ákvarðanirnar í 77.—80. grein skulu eigi til greina teknar í búum þessum.

11. grein.

Um aðferð þá, er erfingjar skulu við hafa, er þeir vilja neyta rjettar síns til þess að skipta sjálfir, svo og um skilríki þau, er þeim ber að inna í þessu efni, gilda að öðru leyti reglur þær, sem settar eru í 7. kapítula.

II. ÞÁTTUR.
Um opinber skipti.

2. kapítuli.
Um það, hvernig opinber skipti byrja, og hvað fyrst skuli taka fyrir á þeim.

12. grein.

Þegar skilyrðin fyrir því, að opinber skipti eigi fram að fara, eru fyrir hendi, og lög þessi ákveða eigi á annan veg, þá skal

skiptaráðandi hefja skiptagjörð sem fyrst að unnt er, eptir að honum hefur verið skýrt frá andlátinu, eða dauðafregnin hefur borizt honum á annan hátt, og tekur hann þá muni búsins undir varðveizlu sína, annaðhvort með því að innsigla þá eða á annan hagkvæman hátt; svo gætir hann þess og, að þeir munir búsins, sem finnast í öðrum lögdæmum, verði annaðhvort innsiglaðir eða teknir undir varðveizlu skiptaráðanda þess, er þar á hlut að máli.

Skiptaráðandi skal sjá svo um, að skuldabrjef þau, sem finnast og eru eignuð handhafanda, verði sem bráðast nafnfærð til bókar, ef þess háttar bókun verður við komið. Komi það í ljós, að hinn dáni hafi átt fje útistandandi hjá öðrum, þá skal um það sú ráðstöfun gjör, sem þörf er á. Muni þá skal eigi leggja undir skipti, sem ætla má að sjeu annara eign, og sem þeir geta þegar heimtað sjer afhenta.

13. grein.

Nú eru að vísu skilyrði fyrir því, að það hjóna, er eptir lifir, geti setið í óskiptu búi, eða að erfingjar geti tekið búið að sjer án meðalgöngu hins opinbera, eigi fyrir hendi, þá er frá andlátinu er skýrt, en þó þykir mega fyrir sjá, að þeim verði fullnægt innan skamms tíma, og má skiptaráðandi þá fresta gjörðinni um lítinn tíma, nema uggvænt þyki, að eigum búsins verði óráðvandlega raskað eða glatað.

14. grein.

Skiptaráðandi skal sem bráðast, eptir að hann hefur tekið búið til meðferðar, rannsaka, hverjir erfingjar sjeu og gjafþiggendur, svo og skýra hverjum þeirra sjerílagi frá látinu, ef á þarf að halda; má hann gjöra það á þann hátt, sem honum þykir bezt við eiga, eptir því sem ástendur, einkanlega má hann hafa til þess handfalið brjef. Sjeu nokkrir óforráða meðal þeirra, sem nefndir voru og eru hlutareigendur í búinu, þá gjörir skiptaráðandi ráðstafanir þær, sem þörf er á, til þess að fjárhaldsmenn verði sem bráðast skipaðir fyrir þeirra hönd, ef þess hefur eigi áður gætt verið. Nú eru erfingjar fjarri, og eigi kunnugt um vistarstað þeirra, eða svo langt til þeirra, að eigi þykir mega fresta skiptum, þar til ályktun þeirra er fengin, og mætir enginn með umboð af þeirra hálfu, þá annast einnig skiptaráðandi um, að kvaddir verði til handa þeim fjárhaldsmenn, og skulu þeir í öllum greinum hafa sama rjett og skyldu, svo og vera háðir sömu umsjón, sem fjárhaldsmenn þeirra, er eigi hafa fjárforráð.

15. grein.

Skiptaráðandi skal annaðhvort jafnframt því, er hann hefur gjörðina, eða sem bráðast þar á eptir, gjöra skrá yfir búið og láta meta það; svo skulu og skráð inngjöld og útgjöld búsins, ef þau eru þá kunn, nema haganlegra þyki, að því sje frestað, þangað til reikningsbækur og skjöl búsins hafa verið endurskoðuð, en skiptaráðandi sjer um, að það verði gjört sem bráðast þannig, að erfingjunum veitist tækifæri til að vera viðstaddir.

16. grein.

Skiptaráðandi heldur upphafsgjörðir og skrásetningar eða hreppstjóri fyrir hans hönd, sá er í hlut á, með tveim vottum, er meta skulu fjemuni búsins og bjóða við eið, nema sjerstakrar kunnáttu þurfi við; skal skiptaráðandi þá kveðja til þess metendur, sem til kunna. Verði þess síðar meir krafizt, meðan á skiptum stendur, lætur skiptaráðandi vottana leggja eið út á virðingargjörð þá, sem fram hefur farið, og tekur eiðinn af þeim á skiptasamkomu. Þegar upphafsgjörðir og skrásetningar verða framkvæmdar af hálfu hreppstjóra, skal færa þær inn í bók hans, sem amtið hefur löggilt, og sendir hann síðan skiptaráðanda eptirrit af henni, þá lokið er gjörðinni, sem bráðast unnt er.

Þegar gjörðir þær, sem þessi grein skilur, fara fram, skal kalla til erfingja og gjafþiggendur, ef því verður við komið án þess að valda drætti. Skiptaráðandi skal annaðhvort við lok skrásetningarinnar eða á sjerstakri skiptasamkomu, er haldin skal sem bráðast þar á eptir, semja við þá og leggja síðan úrskurð á um ráðstafanir þær

viðvíkjandi búinu, sem eigi verður frestað, svo og skora á þá, að þeir lýsi yfir, hvort þeir vilji taka að sjer ábyrgð á skuldum hins dána eða ekki. Þegar hreppstjóri heldur skrásetningargjörð, beinir hann áskorun þessari að erfingjum, og tekur við yfirlýsingu þeirra, er þar að lýtur. Má veita þeim skamman umhugsunarfrest til að gjöra uppskátt álit sitt. Nú eru erfingjar óforráða eða fjærstaddir, og láta þá fjárhaldsmenn þeir, sem þeim hafa settir verið eptir 14. gr., álit sitt í ljósi fyrir þeirra hönd, en þó fjárhaldsmenn kveðist fúsir á að gangast við arfi og skuldum, skal skiptaráðandi samt mega leggja sig því í mót, ef ætla má, að hinn óforráða eða fjærstaddi erfingi bíði tjón af því, að takast á hendur skuldábyrgð.

17. grein.

Nú hafa erfingjar, sem verið hafa viðstaddir gjörðir þær, sem getur í undanfarinni grein, lýst því yfir, að þeir takist á hendur ábyrgð á skuldum búsins, eða þeir hafa að minnsta kosti látið ógjört að lýsa yfir hinu gagnstæða, en aðrir erfingjar eru til, sem fjær eru staddir og eigi hafa látið uppi álit sitt, og skal skiparáðandi þá tafarlaust kalla saman á skiptafund erfingja alla og gjafþiggendur.

Þegar erfingjar og gjafþiggendur hafa heimili eða vistarstað á Íslandi, sem skiptaráðanda er kunnugt um, þá skal þeim skeyti gefið hverjum sjer í lagi, annaðhvort með handföldu brjefi, eða á annan þann hátt, er skiptaráðanda þykir við eiga; nú þekkjast eigi allir erfingjar eða gjafþiggendur, eða sá er nokkur þeirra, er eigi á heimili eða vistarstað á Íslandi, að menn viti til, og skal þeim þá fyrir sinn hluta gjör opinber stefna, sem tvisvar sinnum skal sett í blöð þau, sem ætluð eru til almennra auglýsinga um skipti.

Skiptaráðandi ákveður stefnufrestinn eptir því, sem hann ætlar að þörf sje á í hvert skipti.

18. grein.

Á skiptasamkomu þeirri, er getur í fyrirfarandi grein, skýrir skiparáðandi erfingjum og gjafþiggendum frá efnahag búsins, að því leyti um það verður sagt; síðan skal á erfingja skorað, að lýsa yfir, hvort þeir vilji taka að sjer skuldir hins dána eða eigi.

Nú fæst hvorki á erfingjasamkomu eptir 16. gr. nje á skiptasamkomu eptir 17. gr. yfirlýsing af hálfu allra erfingja um, að þeir vilji taka að sjer skuldir, og skal þá með búið farið eptir því sem segir í kapítulanum hjer á eptir, þannig að sneitt verði hjá allri skulda-ábyrgð fram yfir það, sem efni búsins hrökkva fyrir.

3. kapítuli.

Um meðferð á dánarbúum, þegar erfingjar takast eigi á hendur skulda-ábyrgð.

Fyrsta undirskipting.

Um meðferð þeirra yfir höfuð.

19. grein.

Nú er eigi tekið við arfi og skuldum, og ber skiptaráðanda þá sjer í lagi að taka til greina heimtur skuldeiganda um meðferð á búinu, þar til þeir hafa fullnustu fengið eða ábyrgð er sett fyrir því, að þeim verði tilhlýðilega fullnægt, en upp frá því ber aptur á móti að álíta erfingja sem rjetta búsráðendur.

Nú ber svo til, að nauðsyn er á að gjöra ráðstöfun á eigum búsins eða aðrar ráðstafanir í þarfir þess, samkvæmt því sem segir fyrir í 16. og 17. gr., áður út verði gjört um það, hvort tekið verði við erfðum og skuldum eða eigi, og má skiptaráðandi þá framkvæma það, sem þar að lítur, en þó þannig, að eigi verði með því á nokkurn hátt raskað rjettarstöðu skuldheimtumanna.

20. grein.

Þegar eigi er tekið við arfi og skuldum, skal stefna þegar gjör skuldheimtumönnum, og það atriði tekið þar fram með berum orðum, sbr. þó 43. gr. Skiptaráðandi skal hjer eptir sem hingað til sjá um, að einstökum skuldeigendum eða öðrum verði skýrt frá skiptum sjer í lagi.

21. grein.

Í stefnu til skuldheimtumanna skal einnig með sama fyrirvara skorað á erfingja og gjafþiggendur, að þeir gefi sig fram, nema kunnugt sje um þá og vistarstað þeirra þá þegar, þó getur stefnan eigi haft þá afleiðing fyrir þá, að þeir verði annaðhvort að gefa sig fram, eða hafa ella fyrirgjört rjetti sínum. Stefna þessi kemur að öllu leyti í stað stefnu þeirrar til erfingja með árs og dags fyrirvara, sem lögskipuð hefur verið hingað til, og ef löglega verður hjá henni sneitt (sbr. 43. gr.), þarf skiptaráðandi eigi að bíða með reikningsskil og lykting búsins um tiltekinn tíma.

22. grein.

Verði eigi álitið, að hinn dáni hafi staðið í skuldum eða átt erfingja nokkurstaðar erlendis, skal gjöra stefnu með 6 mánaða fyrirvara en ella með 12 mánaða fyrirvara, og skal fresturinn í hvert skipti talinn frá því auglýsing var síðast gjör. Auglýsa skal stefnu á þann hátt, er skipað er fyrir í opnu brjefi 4. jan. 1861, 2. grein, en þó má einnig birta hana á annan haganlegan hátt, ef skiptaráðanda þykir það vel til fallið.

Verði sú raun á, að hinn dáni hafi staðið í skuldum erlendis, skal þó eigi stefna gjör að nýju, en þeir, sem til skulda hafa að telja, geta heimtað, að kröfur þeirra verði teknar til greina, ef þeir bera þær upp, áður frestur sá hinn lengri er á enda, sem í stefnunni skyldi áskilinn hafa verið. Nú er slík krafa borin upp, áður fullnaðarreikningur yfir búið er saminn, en skiptaráðandi viðurkennir, að stefnufrestur sá, sem settur var, hafi verið of naumur, og má hann þá, ef þörf er á, taka fyrir á ný þá kafla skiptagjörðar, sem búið var að gjöra út um. Verði þá fyrst sagt til skulda, er skiptum er lokið, verður að áfrýja skiptagjörð þeirri, sem gengin er, til þess henni verði breytt, og skal þá er hin nýja skiptagjörð fer fram, meta tilhlýðilega kröfur þær, sem sagt er til á löglegan hátt, áður 12 mánuðir eru liðnir frá því stefnan var síðast auglýst.

Þau lög skulu haldast hjer eptir sem hingað til, að skuldheimtumenn, sem til hefur verið stefnt, sjeu skyldir að gefa sig fram eða hafi fyrirgjört heimtum sínum, svo og lög þau, sem eru um það, með hverjum hætti verkanir stefnu þrjóta.

23. grein.

Halda skal skiptasamkomur í búinu smámsaman eptir því, sem þörf þykir. Stefnir skiptaráðandi til þeirra með auglýsingu í blaði því, er ætlað er til auglýsinga á skiptum, eða — þegar svo er ástatt — einnig í öðrum blöðum, nema honum þyki betur til fallið að segja þeim til hverjum um sig, sem þangað eru boðaðir, og má hann gjöra það á þann hátt, er hann ætlar hentast í hvert skipti; skal mega hafa til þess handfalið brjef eða kaupa til þess boðbera. Fyrirvara, stund og stað ákveður skiptaráðandi.

24. grein.

Með málefni það, sem til umræðu er, og frekari meðferð búsins eptir því, sem fram er farið, skal jafnaðarlega farið eptir því, sem fundarmönnum semur um, þeim er atkvæðisrjett hafa um málefni búsins (smbr. 19. gr.), þó má skiptaráðandi synja um, að samþykkja tillögur fjárhaldsmanns, ef hann álítur, að ályktun sú, sem gjörð er, sje þeim í óhag, er hann er fjárhaldsmaður fyrir. Meðan hinn ákveðni frestur um tilsögn á skuldum eigi er á enda, má skiptaráðandi þó eigi taka ályktanir þær til greina, sem fara í bága við hag skuldheimtumanna, er eigi hafa enn gefið sig fram. Að öðru leyti leggur það sig sjálft, að skiptaráðandi má eigi leggja samþykkt sína á ályktanir, er skerða rjettindi nokkurs manns.

Nú eru fundarmenn ósamþykkir, og bera skiptaráðanda þá að skera úr um atriði þessi. Skal skiptaráðandi þá, að því er framast er unnt, taka skoðanir þær til greina, sem haldið hefur verið fram, þó er hann eigi við þær bundinn allskostar, heldur má hann fara eptir því, er hann ætlar haganlegast fyrir þá, er í hlut eiga, einkanlega ef þeir eru fjærstaddir eða óforráða, nema lög þessi ákveði á annan hátt.

25. grein.

Nú sækir maður eigi á skiptafund, er honum hefur löglega boðaður verið, og má hann þá eigi á síðan hefja mótmæli um, að ráðstafanir þær, sem gjörðar hafa verið á búinu, sjeu óhagkvæmar. Aptur á móti er það vitaskuld, að eigi má líta svo á, sem hinn fjærverandi hafi afsalað sjer neinum rjetti eða kröfu.

26. grein.

Nú sækir enginn á fund, er atkvæðisrjett hefur um málefni búsins, og leggur skiptaráðandi þá á málefni það, sem fyrir hendi er, úrskurð eptir því, sem hann bezt fær sjeð að hentast er. Þó má skiptaráðandi stefna til fundarhalds að nýju, áður fullnaðarályktun verður lögð á, ef atvik mæla með því.

27. grein.

Fjármuni búsins skal jafnaðarlega selja á uppboðsþingi, eptir þeim hætti og með þeim hinum sömu afdrifum, sem fyrir segir um þröngvunaruppboð. Þó má sala fara fram uppboðslaust, ef meginhluti þeirra, sem á fund sækja og atkvæðisrjett eiga um málefni búsins, er því hlynntur, og skiptaráðandi samsinnir því, og þess hefur þar hjá gætt verið, sem fyrir segir í 1. lið 24. greinar, sbr. 25. gr., eða ef skiptaráðandi ræður þannig af um muni þá, sem hætt er við að skemmist eða rjeni í verði, ef þeim verður haldið eptir.

28. grein.

Ríkisskuldabrjef, lánsfjelagaskuldabrjef, hlutabrjef í bönkum, í járnbrautum og önnur því um lík opinber ígildisskjöl, sem hafa gangverð á verzlunarhöllinni í Kaupmannahöfn, skal selja eptir gangverði á söludegi, og fyrir meðalgöngu víxlamiðils, ef þurfa þykir, nema skuldeigendur eða erfingjar vilji láta leggja sjer þau út eptir gangverði.

Nú á búið aðrar heimtur ógoldnar, sem eigi eru þess eðlis, að þær verði lagðar út skuldeigendum eða erfingjum eptir verðlagi því, er á þeim stendur, en óráðlegt þykir að kosta lögsókn þeirra vegna, annaðhvort af því, að krafan kann að vera óviss eða vegna tafar þeirrar, er búið yrði fyrir út af málssókninni eða annara orsaka vegna, og skulu þær þá seldar á uppboðsþingi, nema þeir, sem hlut eiga að búinu, vilji láta leggja sjer þær eptir því, sem þeim ber að tiltölu, eða þeir sættist á andvirði það, er einn eða fleiri þeirra vilja taka kröfurnar fyrir.

29. grein.

Selja skal fjemuni búsins eptir ráðstöfun skiptaráðanda, jafnskjótt og haganlegt þykir, eptir því sem á stendur, og meðan fullnustugjörð skuldeiganda eigi er borgið, eiga þeir sjer í lagi rjett á að heimta, að sem bráðast verði að því undið, og þarf jafnaðarlega eigi að bíða eptir því, að tilsagnarfrestur líði á enda. Nú er fullnustugjörð skuldeiganda borgið, og skulu þá annaðhvort erfingjar eptir samkomulagi, eða skiptaráðandi með ályktun eptir grundvallarreglum 51. gr., sbr. 47., 49., 60. og 63. gr., skera úr, nær fara eigi að afhenda fjemunina, eða að hve miklu leyti það skuli gjört.

30. grein.

Skiptaráðandi framkvæmir störf þau öll, er lúta að meðferð búsins, þó má hann heimta, að innheimtumaður verði skipaður. Kjósa hann þeir, er að búinu standa, eptir atkvæðafjölda á skiptasamkomu, sem boðað hefur verið til, en skiptaráðandi sjer svo um, að hinn kosni setji áreiðanlega vissu fyrir sig.

31. grein.

Innheimtumaður skal semja frumvarp til uppboðsskilmála á lausum aurum búsins og bera undir skiptaráðanda, Þegar lausafjáruppboð eru haldin á eigum búsins, ábyrgist hann sem sína eigin skuld, að upphæðir boða þeirra, er hann hefur tekið gild, verði goldnar skiptaráðanda innan 6 vikna frá því gjaldfrestur sá er á enda, sem uppboðsskilmálar setja. Svo má skiptaráðandi fela innheimtumanni á hendur að heimta inn skuldir búsins, og skal hann þá gjalda skiptaráðanda það fje jafnskjótt og það heimtist.

Þóknun innheimtumanns fyrir starfa þann, sem getið er að framan, skal ákveðin

eptir samkomulagi, eða eptir úrskurði skiptaráðanda, ef eigi hefur verið um samið.

32. grein.

Skipa má umsjónarmann í búinu, ef skiptaráðanda þykir ástæða til þess eptir stærð þess og ásigkomulagi. Skal sá venjulega kosinn, er meiri hluti þeirra, er atkvæðisrjett hafa um málefni búsins, leggur fram með á skiptasamkomu, nema skiptaráðanda þyki sjerstakleg ástæða til að synja kosningunni um samþykkt, og kýs hann þá sjálfur umsjónarmann eptir eigin álitum. Skal hann vera aðstoðarmaður skiptaráðanda í allri stjórn á skiptum, við brjefaskriptir, o. fl.; svo tekur hann og að sjer störf innheimtumanns, ef innheimtumaður hefur eigi skipaður verið sjer í lagi. Eigi má kjósa neinn þann til umsjónarmanns, sem er í þjónustu skiptaráðanda, eða taka hann til þess fyrir borgun að heimta inn ógoldnar skuldir búsins eða gegna störfum þeim, sem getur í 33. gr., nema allir þeir játi, er í hlut eiga.

33. grein.

Áður en þeim, er að búinu standa, hefur gefizt færi á að kjósa umsjónarmann, svo og er þeir, sem eiga í hlut, vilja eigi fallast á, að skipaður sje umsjónarmaður, skal skiptaráðanda heimilt, meðan á skiptameðferðinni stendur, að neyta annarar aðstoðar, sem þörf er á, til þess að gegna einstökum störfum, er búið snerta, og eigi verða skiptaráðanda á herðar lögð eptir lögum þeim, sem eru, svo sem eru málflutningur, stjórn og umsjón á fasteignum búsins, fullnaðargjörð á byrjuðum störfum, eptirlit á bókum og skjölum búsins, o. s. frv.

Þóknun þá, sem umsjónarmaður eða aðrir þeir eiga, er teknir verða til að framkvæma eitthvað fyrir búið, skal skiptaráðandi ákveða, ef ágreiningur verður um.

Önnur undirskipting.

Um áhrif hinnar opinberu skiptagjörðar á kjör skuldareiganda, þegar erfingjar takast eigi skulda-ábyrgð á hendur.

34. grein.

Upp frá þeim tíma, er dánarbú verður tekið til opinberrar skiptameðferðar, skulu allar þær kröfur, sem gjörðar verða til hins dána eða til muna þeirra, er hann lætur eptir sig, bornar upp fyrir skiptaráðanda. Þó á þetta sjer eigi stað, hafi lögsókn hafin verið í móti hinum dána, með því stefna hefur verið honum löglega birt; verður búið þá að láta sjer lynda, þótt málinu verði haldið áfram, og dómur í því kveðinn upp fyrir hinum sama dómi, þar er það hefur löglega verið höfðað.

35. grein.

Þegar dánarbú er lagt undir opinbera skiptameðferð, missir löghald, sem lagt hefur verið á muni þess, áhrif sín, og eigi skal neinn kostur gefinn framar á, að lagt verði löghald á búið eða að leitað verði fullnustu þaðan með aðför og þröngunaruppboði fyrir kröfur gegn hinum dána eða til muna þeirra, er hann hefur eptir sig látið.

Þó skal eigi niður falla rjettur sá, sem lögtak veitir, er numið var fyrir andlát hins fráfallna, til þess að leita sjer fullnustu í því, sem lögnumið hefur verið; einnig skal sá, sem kyrrsetning hefur öðlazt fyrir andlát hins dána, halda rjetti sínum til þess, þegar þar að kemur að ná lögtaki, og leita sjer síðan fullnustu í því, er kyrrsett hefur verið. Það leggur sig sjálft, að heldur eigi verður þeim, er selja mega muni þá, er þeir hafa að veði án fyrirfarandi lögsóknar, fyrirmunað að gjöra það, svo sem handveðseigendum eða veðeigendum eptir tilskipun um fjárforráð ómyndugra á Íslandi 18. febr. 1847, 10. gr., nje hinu opinbera, þegar svo stendur á, sem segir í lögum 15. apríl 1854, 9., og tilskipun 26. febr. 1872, 7. gr.

36. grein.

Skiptaráðandi ályktar um og leggur úrskurð á, hvað framkvæma skuli viðvíkjandi meðferð búsins og úthlutun á því, og þar á meðal einnig, að því undanskildu sem greinir í 34. gr., að hve miklu leyti taka skuli til greina mótmæli þau, sem fram hafa borin verið, eða eigi. Þar á móti á skiptaráðandi eigi með að skylda neinn til að gjalda nokk-

uð inn í búið, eða framkvæma í þágu þess, nje yfir höfuð að leggja dóm á kröfur búsins á hendur öðrum. En hafi nokkur talið til skuldar í búinu, þá skal skiptaráðandi mega leggja dóm á kröfur þær, er það hefur í móti, að því leyti þær geta komið upp í skuldina; svo má og skiptaráðandi, ef heimtað verður, að munir, sem í búinu finnast, sjeu látnir af hendi eða afsalaðir, gjöra það að skilyrði fyrir því, að munir þessir verði af hendi látnir eða afsalaðir, að sá, er í hlut á, efni skyldur sínar við búið, þær er þar að lúta. Nú hefur eitthvað goldið verið úr búinu gegn óhultri kvittun, og má skiptaráðandi þá einnig skera úr, hvort það skuli aptur goldið að öllu eða að nokkru leyti, eptir því sem síðar leiðist í ljós eða atvikast.

37. grein.

Nú hefur maður kröfu að gjöra eða til nokkurs að telja í búinu, og skal hann þá skýra frá því á skiptasamkomu, eða í brjefi til skiptaráðanda; lætur skiptaráðandi af hendi viðurkenning um skýrsluna, þegar þess er krafizt, og ritar það sem þurfa þykir um þetta efni í skiptabók eða aðra bók, sem þar til er ætluð.

Með boðaninni ávinnast rjettindi þau öll, viðvíkjandi vöxtum af fje, riptingu á hefð eða skuldarfyrningu og því um líkt, sem annars leiða af kæru eða stefnu til sáttanefndar eða höfðan á lögsókn.

38. grein.

Nú er liðinn boðunarfrestur sá, sem gefinn hefur verið skuldheimtumönnum, og skal skiptaráðandi þá, áður mánuður er liðinn þaðan í frá, semja skrá yfir heimtur þær, sem sagt hefur verið til, svo og greina til niðurröðun á þeim, ef þurfa þykir, og leggur hann síðan skrána og þar hjá tilkynningar skuldheimtumanna fram á skiptasamkomu, sem löglega hefur auglýst verið. Á samkomu þessari verður skráin endurskoðuð og svo athugasemdir þær, sem umsjónarmanni — ef til hefur verið nefndur — eða skiptaráðanda hefur þótt tilefni til að gjöra þar við, eða sem þeir hafa þá fram að bera, og skorað á hlutaðeigendur að láta álit sitt í ljósi um kröfurnar. Nú vefengja þeir skuld eða fara því fram, að hún sje á rangan stað í röðinni niður komin, og skulu þeir þá hafa borið upp kærur sínar á samkomunni, eða í síðasta lagi innan 4 vikna þar á eptir, og halda þeim síðan fram tafarlaust. Svo skal álíta, sem við sje gengið kröfum þeim, sem eigi hefur verið á móti borið, áður hinn tiltekni frestur er á enda liðinn. Á samkomu þeirri, sem hjer segir, skal einnig, að því framast unnt er, leggja fram yfirlit yfir fjárhag búsins.

39. grein.

Nú er borið í móti skuld, er frá hefur skýrt verið, og skal skiptaráðandi þá, er hann árangurslaust hefur leitað sáttamiðlunar, leggja úrskurð á um það samkvæmt málssóknarreglum þeim, sem hingað til hafa verið í gildi, hvort og með hverri fjárupphæð búinu skuli lögð skuldin til útgjalda. Á sama hátt skulu kljáðar þrætur um forgöngurjett og allar aðrar þrætur, er rísa af því, hvernig búinu skuli úthlutað. Skal skiptaráðandi, þegar þannig er ástatt, annast um, að annaðhvort gefi umsjónarmaður hag búsins gætur, eða að málaflutningsmaður verði til þess kvaddur, ef þurfa þykir.

40. grein.

Úrskurðir þeir, sem kveðnir eru upp, verða eigi lagðir til grundvallar fyrir frekari meðferð búsins, fyr en áfrýjunarfrestur er liðinn, án þess áfrýjan hafi verið gjör, sbr. 88. gr., nema málspartar gefi annaðhvort frá sjer áfrýjan, eða úrskurðinum verði eigi sakir efnisins áfrýjað.

Nú verður úrskurði breytt eða hann ónýttur eptir síðar gjörðri áfrýjan, og skal þá hafa þar á tilhlýðilega umsjón, er skipti fara fram þar á eptir, og ef þurfa þykir, breyta aptur því, sem gjört hefur verið, nema skipti sjeu á enda, því eptir þann tíma verður engin breyting á gjörð nema með áfrýjan á úthlutunargjörð.

Áþekkar reglur gilda um yfirrjettardóma þá, sem kveðnir verða upp, er áfrýjan hefur verið gjör.

41. grein.

Nú vill einn eða fleiri þeirra, er að búinu standa, áfrýja skiptaúrskurði eða dómi, sem kveðinn hefur verið upp í prætu, þar sem þeir eigi eru mótpartar búsins, en búið vill láta þar við lenda, og skal þeim það þá heimilt, nema búið og þeir, er í hlut eiga, hafi gjört samning sín á milli um prætuefnið, eða hætt sje við, að búið, ef áfrýjað verður málinu, missi rjett þann, er því er dæmdur í úrskurðinum eða dóminum.

42. grein.

Nú hafa þeir, er að búinu standa, aukið fjármagn búsins með áfrýjan eptir fyrirfarandi grein, og eiga þeir þá heimtur á, að búið bæti þeim upp það, er þeir hafa til þess kostað, að því leyti það eigi nemur meiru en ábata þeim, er búið hefur af því hlotið. Nú eru skipti á enda kljáð, er kveðinn hefur verið upp fullnaðardómur, og eignast þá sá eða þeir, sem áfrýjanina hafa gjört, það, er á henni hefur unnizt, unz þeir hafa fengið kostnað sinn bættan; en með það, sem umfram verður, skal farið eptir því, sem fyrir segir í þriðju undirskiptingu.

Þriðja undirskipting.

Um lykting og reikningsgjörð á dánarbúi.

43. grein.

Nú verður sú raun á, að dánarfjeð hrökkvi eigi fyrir meiru en útfararkostnaði, og má skiptaráðandi þá lykta búinu þá þegar, með því að borga eða úthluta þeim, sem útförina hefur kostað, það, sem til er í búinu. Ef ætla má, að það, sem afgangs verður, gjöri eigi betur en hrökkva fyrir kröfum þeim, sem forgöngurjett hafa, skal skiptaráðandi mega verja því til lúkningar skulda þessara eptir röð þeirra og ásigkomulagi, og slíta þar með skiptum.

44. grein.

Jafnskjótt og liðnar eru 4 vikur þær, sem 38. gr. getur, frá því skuldayfirlit hefur lagt verið fram, skal skiptaráðandi, ef fje er fyrir hendi, leggja skuldheimtumönnum það út, eptir þeim reglum, sem farið er eptir í þrotabúum.

45. grein.

Nú verður nokkuð afgangs til arfs, eptir að skuldheimtumönnum hefur fullnægt verið, skal þá skiptaráðandi fara til og skipta búinu upp meðal erfingja og gjafþiggenda, jafnskjótt og fjemunir búsins annars vegar eru heimtir saman, og goldnir inn í búið.

46. grein.

Eigi skal þurfa að fresta lykting á dánarbúi vegna skuldbindinga, sem bundnar eru slíkum skilyrðum, að vissa verður eigi, fyr en síðar meir, fengin fyrir því, hvort að þeim kunni að reka, heldur skal, þegar svo langt er komið, að búinu verði að öðru leyti skipt upp, leggja frá það, sem þarf til lúkningar þess konar kröfum. Verði þá síðar meir sú raun á, að nokkuð verður afgangs frá lúkningu skuldarinnar, skal því eptir á skipt upp milli þeirra, sem í hlut eiga.

Eigi skal það heldur standa í vegi fyrir lykting á dánarbúi, þótt hinn dáni hafi átt arf útistandandi í óskiptu búi, eða aðra þá kröfu, er eigi verður metin upphæð hennar, en hún verður að standa um óákveðinn tíma, heldur skal áskilið, að skipti verði tekin fyrir á ný einnig að því leyti.

47. grein.

Sjerhver einstakur erfingi á rjett á, að heimta erfðahluta sinn, og eins það hjóna, sem er á lífi, búshluta sinn, lagðan sjer eptir mati. Heimti fjárhaldsmaður slíkt fyrir hönd óforráða erfingja, skal skiptaráðandi leggja þar á samþykkt sína, ef ætla má, að þeim óforráða standi hagur af. Heimti fleiri erfingjar hinn sama hlut lagðan sjer, skal varpa hlutkesti um, hver forgöngu skuli hafa. Nú kemur upp missætti á milli þess hjóna, sem er á lífi, og erfingja um muni þá, er hver vill að sjer sjeu lagðir, og skal hinn fyrnefndi þá mega kjósa um.

Um rjett þess hjóna, sem er á lífi, til að halda öllu búinu eptir eða meginhluta þess, umfram það, sem búshluti og erfðahluti þess nemur, er erfingjar eiga í hlut annars vegar, skal eptir því farið, sem fyrir segir í 60. grein, sambr. 63. grein.

48. grein.

Nú vilja hluttakendur búsins, er útbýt-

ing eptir mati á öllu búinu eða á einstökum eignum þess á fram að fara, eigi una við mat það, sem sett hefur verið á eptir skrásetningu, og skal þá hverjum þeirra innan handar, að heimta muni þá reglulega metna, sem ranglega þykja verðsettir. Skulu þeir menn annast verðsetningu þessa, er skiptaráðandi kveður til, eptir að öllum þeim hefur verið gjört viðvart, er hlut eiga að máli, og skal síðan eið á leggja fyrir skiptaráðanda, ef krafizt verður.

49. grein.

Fje það, er óforráða manni hlotnast á skiptum, má eigi nema með leyfi landshöfðingja leggja honum í útlendum skuldabrjefum, sem eigi verður sett gangverð á á verzlunarhöllinni í Kaupmannahöfn, eða þeim getur orðið sagt upp til lúkningar á þann hátt, að örðugt veitir að fá vitneskju um gjalddaga, eða ef vöxtu verður að heimta af þeim utanríkis.

50. grein.

Leiða má bú til lykta á skiptasamkomu með reikningsgjörð í skiptabók, og gjöri þá allir hluteigendur sig ánægða með reikningsgjörðina, skal telja út fjeð samstundis.

Nú verður þessu eigi við komið eptir ásigkomulagi búsins, og skal skiptaráðandi þá, jafnskjótt og búið er komið svo langt á leið, taka það undir lyktargjörð, og semja frumvarp til reikningsgjörðar, og skal honum þar til veittur 6 vikna frestur í mesta lagi frá þeim degi, er hann tók búið undir lyktargjörð. Nú vilja eigi allir þeir, er í hlut eiga, lýsa því yfir, að þeir fallist á frumvarpið, og skal þá, er opinber auglýsing hefur um það gjör verið, láta það liggja hjá skiptaráðanda í 14 daga til endurskoðunar og yfirvegunar, og má hver og einn, er hlut á að máli, eiga kost á, meðan frestur sá er eigi á enda, að leiða athygli skiptaráðanda að því, er rangt kynni að vera eða ábótavant í frumvarpinu. Virðist skiptaráðanda, að athugasemd sú sje á rökum byggð, sem fram hefur verið borin, leiðrjettir hann frumvarpið samkvæmt því; en að öðrum kosti, svo og ef engin mótmæli verða hafin, áður fresturinn er liðinn, verður samin fullnaðarreikningsgjörð samkvæm frumvarpinu, og skiptum lokið, og má þá einungis þar á breytingu gjöra með áfrýjan.

Þá fyrst skal telja fje af hendi eptir útreikningsgjörð, er áfrýjunarfrestur (88. gr.) er út runninn, áu þess að áfrýjan hafi gjör verið, eða allir þeir, sem hlut eiga að máli, gefi hana frá sjer.

4. kapituli.

Um meðferð á dánarbúum, þegar tekið er við arfi og skuldum.

51. gr.

Þegar gengizt er við arfi og skuldum, skal meðferð búsins hagað eptir því, sem forráða erfingjum semur, og fjárhaldsmönnum hinna, sem óforráða eru eða fjærstaddir; þó má skiptaráðandi synja um að samþykkja tillögur fjárhaldsmanns, ef hann álítur, að ályktun sú, sem gjörð hefur verið, sje þeim í óhag, er hann er fjárhaldsmaður fyrir.

Nú eru erfingjar ósamþykkir, eða komi enginn þeirra til fundar, þegar ályktun skal gjöra á skiptasamkomu, og skal skiptaráðandi gjöra þá ákvörðun, er með þarf. Skal skiptaráðandi þá, að því framast er unnt, taka skoðanir þær til greina, sem haldið hefur verið fram; þó er hann eigi við þær bundinn, heldur má hann fara eptir því, er hann ætlar haganlegast fyrir þá, er í hlut eiga, einkanlega ef þeir eru fjærstaddir eða óforráða.

52. gr.

í búum þeim, er hjer ræðir um, þarf eigi að kalla skuldheimtumenn inn, nema einhver erfingi krefjist þess. Sjeu eigi allir erfingjar fjárforráða og nærstaddir, skal innköllun þó gjör, nema skiptaráðanda þyki það óþarfi, eptir því sem á stendur.

Búinu má eigi skipta með erfingjum án samþykkis skuldheimtumanna, sem gefið hafa sig fram, nema þeim sje fullnægt, eða þeir fái ábyrgð fyrir því, að þeim verði fullnægt á gjalddaga, og hafi innköllun verið út gefin, skulu þeir bíða þess, að frestur sá líði, sem þar hefur verið til tekinn.

53. gr.

Eptir að búinu er skipt upp og skiptum lokið, ábyrgjast erfingjar, einn sem allir og allir sem einn, skuldir þær, sem sagt hefur verið til, og búið krafið um, áður skipti fóru fram. Aðrar skuldir, sem eigi eru gengnar úr gildi, sökum þess, að eigi hefur verið til þeirra sagt, ábyrgjast erfingjar, einungis eptir því hlutfalli, er þeir hafa rjett til arftöku, nema þeir, eptir því sem samið er, sjeu skuldbundnir, einn sem allir og allir sem einn, eða hinn dáni hafi átt skil að gjöra fyrir konungsfje, ómyndugrafje, fátækrafje eða kirknafje, en erfingjar hafi skipt með sjer, án þess að gjöra reikningsskil fyrir.

54. gr.

Þegar tekið er við arfi og skuldum, má leggja löghald á fjemuni búsins, svo og leita sjer þaðan fullnustu með aðför og þröngunuppboði, ef lögmætrar undirstöðu fyrir aðför nýtur við. Löghald, sem lagt hefur verið á fjemuni búsins, áður að arfi var gengið, öðlast aptur gildi, eins og hafi það aldrei niður fallið.

55. gr.

Sá, sem skuld hefur að krefja eptir hinn dána, er hann vill ná með aðför í búinu, má höfða lögsókn á hendur erfingjum fyrir dómi, þar sem skipti fara fram.

Skyldir eru erfingjar að sækja til móts, eptir stefnu, sem verið hefur birt skiptaráðanda með fyrirvara, sem miða skal við ritstofu hans, og bæta þar við 4 vikum; er það skylda skiptaráðanda, að gjöra þeim vart við stefnuna.

56. gr.

Með bú þau, sem hjer greinir, skal að öðru leyti farið eptir því, sem telur í kapítulanum næst hjer á undan, nema þar sem lög þessi ákvarða á annan veg.

5. kapítuli.

Um meðferð á dánarbúum, þegar það hjóna, sem eptir er á lífi, ábyrgist skuldir búsins.

57. gr.

Nú ábyrgist það hjóna skuldir búsins, sem eptir er á lífi, og verði þá eigi með búið farið sem þrotabú, skal þess gætt, sem hjer á eptir segir, hvort heldur erfingjar eru útarfar eða lífserfingjar; aptur í móti skal beitt hinum almennu reglum um meðferð á dánarbúum, sem taldar eru að undanförnu, þegar búinu skal skipta, og það hjóna, sem eptir er á lífi, ábyrgist eigi skuldir búsins.

58. gr.

Nú skal skipt með því hjóna, sem eptir er á lífi og ábyrgist skuldir búsins, og erfingjum hins fyr dána, og sjer skiptaráðandi þá um, að með því verði gjör sem minnst fyrirstaða á því, að sá, sem í hlut á, hafi afnot af búinu.

Því að eins að sjerstaklega þyki uggvænt, að það hjóna, sem er eptir á lífi, muni ótilhlýðilega færa búið úr lagi, meðan á skiptum stendur, má skiptaráðandi annaðhvort af sjálfsdáðum, eða eptir áskorun erfingja eða fjárhaldsmanna þeirra gjöra þá ráðstöfun, er með þarf til þess, að það hjóna, sem eptir er á lífi, verði svipt búsforráðum, og þau fengin í hendur vönduðum manni, og gætir hann þá búsins sem fjárhaldsmaður þess, meðan á skiptum stendur.

Skal ráðstöfun þessi síðan birt á þingum, og auglýst í blöðum eða á kirkjufundum, ef ástæða er til.

59. gr.

Skiptaráðandi sjer um, að skipti verði eptir 14. og 23. gr. tilkynnt erfingjum þeim, er það hjóna hefur tilgreint, sem eptir er á lífi. Nú eru erfingjar eða gjafþiggendur fjærri, og er ekki kunnugt um vistarstað þeirra, eða svo langt er til þeirra, að eigi þykir mega draga skipti fyrir þeirra sök, og mætir enginn með umboð af þeirra hálfu, og annast þá skiptaráðandi um, að fjárhaldsmenn verði kvaddir til þess að gæta hagsmuna þeirra á skiptum.

60. gr.

Skipti skulu byggð á framtölu þeirri, er það hjóna, er eptir lifir, gjörir á heimtum og skuldum búsins, ef erfingjar og fjárhaldsmenn þeirra taka hana gilda, og þyki skiptaráðanda ekki sjerstakt tilefni til þess, að

vefengja hana fyrir hönd hinna óforráða eða fjærstöddu. Nú eru eigi allir á sama máli um, að framtalan sje rjett, og skal eigi fyrir þá sök selja fjármuni búsins, heldur að eins láta óvilhalla menn virða þá, eptir því sem í 48. gr. skilur, og skal venjulega eigi gjöra aðra rannsókn á því, hvort kröfur þær, er fram eru komnar, sjeu rjettar, en þá, sem skiptaráðanda þykir næg, svo sem, að þær sjeu bornar undir skuldheimtumenn, o. s. frv.

Það hjóna, sem eptir lifir, skal mega halda öllu búinu fyrir sig, eða taka út úr búinu fasteignir, skip eða aðra muni, jafnvel þótt þeir nemi meiru en búshluta og erfðahluta þess, sje það fúst á, ef til kemur, að leggja samerfingjum sínum andvirði fyrir í peningum, eptir því sem erfðahlutir þeirra verða metnir til.

61. grein.

Á meðan ekki er farið með búið sem þrotabú, þarf eigi það hjóna, sem eptir lifir, að kalla inn skuldeigendur, jafnvel þótt arfur verði umfram eptir reikningsskýrslu þess.

Erfingjar, sem taka í móti arfi eða andvirði arfs eptir það hjóna, sem fyr er dáið, hljóta eigi með því neina ábyrgð á skuldum búsins. En hafi það hjóna, sem eptir er á lífi, úthlutað eða goldið erfingjum þess hjóna, sem fyr er dáið, meira en þeim ber að rjettu lagi, og með því gjört á hluta skuldeiganda sinna, mega skuldeigendur heimta, að því sje aptur skilað, er þannig hefur úthlutað eða goldið verið, ef raun verður á, að bú þess, er lengur lifir, hrökkvi eigi til að fullnægja þeim.

Ef efasamt þykir, hvort skýrsla sú sje rjett, er sá, er eptir lifir, hefur gefið, og skipti búsins eru byggð á, mega skuldeigendur heimta, að það hjóna, er eptir lifir, staðfesti skýrslu sína með eiði.

62. grein.

Þó að það hjóna, sem eptir lifir, skipti með erfingjum hins fyr dána á þann hátt, sem hjer er sagt, þá bægir það eigi þeim frá, sem telja til skuldar í fjelagsbúinu, að neyta rjettar síns gagnvart því hjóna, sem eptir lifir, eins og engin skipti ættu sjer stað.

Þegar það hjóna, sem er eptir á lífi, hefur svipt verið búsforráðum samkvæmt 58. grein, skal stjórn búsins annast um, að lögmætum kröfum í búinu verði tilhlýðilega fullnægt, að öllu leyti eptir því, sem mælt er fyrir, þegar forráðasvipting verður.

63. grein.

Nú skipta börn eða barnabörn hins dána með foreldri því, eða afa eða ömmu, sem eptir er á lífi, eða börn og barnabörn skipta eptir dauða þess hjóna, er lifði eptir, með stjúpforeldri því, sem er á lífi, eða með stjúpafa eða stjúpömmu, og mega þá erfðahlutar hinna óforráða standa inni hjá því hjóna, er eptir lifir, gegn veði í gjörvöllu búinu, eptir þinglýstu ágripi af skiptagjörð, ef arfur barna eða barnabarna eigi verður greiddur af hendi, án þess að selt verði það af lausum eyri eða fasteignum búsins, sem það hjóna þarfnast, er á lífi er, hvort heldur til bjargræðisvegs, eða til daglegrar nauðþurftar.

6. kapituli.

Um skipti á fjelagsbúi, þegar hjónabandi eða sambúð hjóna slítur.

64. grein.

Nú skipta hjón fjelagsbúi í lifanda lífi með aðstoð skiptaráðanda, og sjer hann þá um, að búsafnot húsbónda hljóti eigi af því frekari tálmun, en brýn nauðsyn krefur, til þess að hag húsfreyju verði borgið.

Því að eins að sjerstaklega þyki uggvænt, að húsbóndi muni ótilhlýðilega færa búið úr lagi, má skiptaráðandi, annaðhvort af sjálfsdáðum eða eptir áskorun húsfreyju, gjöra þá ráðstöfun, er með þarf til þess, að húsbóndi samkvæmt 58. gr. verði sviptur búsforráðum, þar til skiptum er lokið.

65. grein.

Muni búsins skal skrifa upp og meta á vanalegan hátt, og skal síðan selja þá á þann hátt, sem til greint er í 27. og 28. gr., nema málspartar heimti hluta sinn í

búinu lagðan út eptir mati, hvort heldur hann er í fasteign eða lausum eyri. Nú verða málspartar eigi ásáttir um, hversu úthluta eigi, og skal þá hlutkesti ráða, hverjir munir skulu lagðir hvorum um sig; þó skal sá ganga fyrir að fá þann mun í sinn hluta, er hann hefur fært með sjer í búið.

66. grein.

Nú vefengir húsfreyja framtölu húsbónda á skuldum búsins, og leggur þá skiptaráðandi úrskurð á um það, hvort húsbóndi hafi gjört skilagrein þá, sem þörf er á fyrir því, að skuldakrafan verði talin með, þegar reikningsskýrsla er samin yfir búið.

67. grein.

Nú gjörir húsbóndi ráðstöfun á eigum búsins, eða heimtir inn skuldir þess, eptir að þau hjón eru skilin að fullu eða sambúð þeirra er slitið, og gjörir hann þá skiptaráðanda reikningsskil fyrir því, er hann hefur þannig viðtöku veitt.

68. grein.

Eigi skal kalla inn skuldheimtumenn, nema húsbóndi æski. Húsfreyja hlýtur eigi ábyrgð á skuldum búsins fyrir það, þótt hún veiti móttöku því, er henni verður lagt í hluta sinn úr búinu. Um það, hvort henni sje skylt að láta það aptur af hendi við skuldheimtumenn, er hún hefur tekið á móti, skal farið eptir því, sem fyrir er skipað í 61. gr. 2. lið.

69. grein.

Þótt húsbóndi skipti með húsfreyju eptir því, sem fyr er tjáð, er það eigi því til fyrirstöðu, að þeir, sem telja til skuldar í búinu, neyti rjettar síns gagnvart húsbónda, eins og ekki stæðu yfir nein skipti. Hafi húsbóndi sviptur verið búsforráðum eptir 58. og 64. grein, skal stjórn búsins annast um, að lögmætum kröfum í búinu verði tilhlýðilega fullnægt að öllu leyti eptir því, sem fyrir er mælt, þegar forráðasvipting verður.

70. grein.

Nú á húsfreyja að svara til nokkurs hluta af skuldum fjelagsbúsins, og skal þá farið eptir því, sem fyrir er mælt í 66., 68. og 69. grein með tilbreytingum þeim, sem þörf er á.

III. ÞÁTTUR
Um erfingjaskipti.

7. kapítuli.

71. grein.

Nú vilja erfingjar sjálfir taka við búi án meðalgöngu skiptaráðanda, eptir því sem að undanförnu segir, og sje það leyfilegt, þá tjái þeir honum fyrirætlun sína og gjöri grein fyrir því, er honum mætti þörf á þykja. Þó skal venjulega eigi krefja lögerfingja, sem gefið hafa sig fram, um skilríki fyrir því, er þeir hafa skýrt frá um það, hvernig á skyldugleika þeirra stendur, nema skiptaráðanda þyki ástæða til að efa frásögn þeirra, má hann þá heimta, að erfingjar útvegi skýrslur málstað sínum til styrktar. Nú er því haldið fram, að skilyrðin fyrir því, að gengið sje fram hjá nokkrum við skiptin, sem arftöku ætti, ef hann hefði lifað arfleifanda, eigi sjer stað, og prófar þá skiptaráðandi skýrslur þær, sem látnar hafa verið í tje, og sker síðan úr; veitist erfingjum þá leyfi til að skipta sjálfir; leggur hann þeim jafnframt fyrir að boða sem bráðast til fundar meðal erfingja með þeim fyrirvara, er hann ákveður sjálfur (22. grein). Leiði erfingjar fram menn, sem borið geta um málsatriði þau, sem skýringar þurfa við, áður erfingjum verði veitt skiptaleyfi, má skiptaráðandi láta þá bera vitni, og, ef þurfa þykir, sanna frásögn sína með eiði.

72. grein.

Nú fara erfingjar þess eigi á leit, að búið sje selt þeim í hendur, eða láti þeir eigi í tje skýrslur þær, er skiptaráðandi krefst í því skyni, eða láti þeir hjá líða að boða erfingja með tilteknum fyrirvara á erfðasamkomu, eptir því sem 71. gr. tekur til í næst seinasta lið, skal með búið farið eptir því, sem segir um opinber skipti. Virðist aptur á móti skiptaráðanda, að nægar skýrslur

sjeu fram komnar, eptir því sem á stendur, til þess, að búið verði fengið erfingjum í hendur, heldur hann sjer frá að byrja skiptagjörð. Nú gefa erfingjar sig síðar fram, og eiga þeir þá kost á að heimta, að búið sje tekið fyrir til opinberra skipta, þó einungis með því móti að þeir hafi áður fært sönnur á erfðatilkall sitt, ef hinir aðrir erfingjar vilja eigi við kannast.

73. grein.

Skiptaráðandi má eptir tilmælum erfingja, sem mætt hafa, skora á forráða erfingja, sem eigi hafa mætt, ef kunnugt er um bústað þeirra, að þeir lýsi yfir, hvort þeir æski opinberra skipta, og skal það með berum orðum tekið fram í áskoruninni, að láti þeir eigi í ljósi álit sitt, þá hafi það þá afleiðing, að álitið verði, að þeir sjeu fúsir á að veita móttöku búinu og gangast sjálfir fyrir skiptum á því, ásamt hinum erfingjum. Láti þeir hjá líða, sem í hlut eiga, þegar þannig er ástatt, að sækja skiptasamkomu, eða að senda annan mann í umboði sínu, nefnir skiptaráðandi vandaðan mann til að gæta hagsmuna þeirra á erfingjaskiptum. Erfingja skal skýrt frá ráðstöfun þeirri, er gjörð hefur verið. Nú sækir hann á fund sjálfur, eða fær til þess mann í sinn stað, og lýkur þá umboði þess, er til var kvaddur.

74. grein.

Nú er svo ástatt, sem segir í 71. grein næst seinasta lið, og mega skipti þá eigi fram fara, áður liðinn er boðunarfrestur, nema erfingi sá, er í hlut á, hafi látið mæta á skiptum. Verði eigi að síður út af því brugðið, ábyrgist erfingjar, sem skipt hafa með sjer, erfingja þeim, sem gengið hefur verið fram hjá, allir sem einn og einn sem allir, tjón það og missi, er hann bíður af.

75. grein.

Nú hefur skrá verið gjör yfir búið og það virt, eða framtala sú, er það hjóna, sem eptir er á lífi, hefur gjört á heimtum og skuldum búsins, hefur reynzt rjett samkvæmt 60. grein, og beiðist erfingjar þeir, er fjár síns eru ráðandi, eða fjárhaldsmenn hinna, sem óforráða eru eða fjærverandi, þess síðan hver með öðrum, að búið verði selt sjer í hendur til frekari meðferðar og skipta, þá má skiptaráðandi veita þeim það, hvort heldur búið er mikið eða lítið umfangs, nema sjerstök lög hamli, eða lögmæt ráðstöfun hins dána, enda virðist skiptaráðanda, eptir efnahag búsins, kjörum erfingja og öðrum kringumstæðum, er fyrir hendi eru, að hag þeirra, sem óforráða eru eða fjærstaddir, sje engin hætta búin af. Þyki tilefni til að útvega frekari skýrslur um málið, má skiptaráðandi leita álits sveitarráðs þess, er í hlut á, eða áreiðanlegra og kunnugra manna. Þó skal búið því að eins selt erfingjum í hendur, að skuldheimtumenn samþykki, nema þeim sje þegar fullnusta veitt eða ábyrgð fyrir því, að svo verði, þegar að gjaldtíma kemur, og hafi skuldheimtumenn verið kallaðir inn, verður frestur sá að vera liðinn, sem þeim hefur settur verið.

Þegar þannig hagar til, sem nú er sagt í greininni, skulu forráða erfingjar, einn sem allir og allir sem einn, ábyrgjast þeim, sem óforráða eru eða fjærstaddir, að fylgt sje fyrirmælum 78. greinar, og að fje það verði aptur skilvíslega goldið, sem greitt hefur verið af hendi, ef skiptaráðandi ákveður þannig samkvæmt 80. grein.

Því, sem fyrir er sagt í þessari grein, skal yfir höfuð eigi breytt, þar sem óforráða eða fjærstaddir erfingjar einir standa að búi.

76. grein.

Nú semur eigi erfingjum, sem tekið hafa að skipta og úthluta sjálfir, og má þá, ef hvorumtveggja málspörtum kemur saman um það, bera málið undir skiptaráðanda þann, sem búið hefði horfið undir, ef opinber skipti hefðu átt sjer stað, og leggur hann úrskurð á eptir aðalreglum um málfærslu í skiptamálum. Leitar þá skiptaráðandi um sættir með þeim, sem í hlut eiga.

77. grein.

Að því framast unnt er, skal, áður ár er liðið frá andláti arfleifanda, lokið sjerhverju búi, sem skipt er án meðalgöngu skiptaráðanda, þótt erfingjar sjeu eigi allir

forráða og nærstaddir innanríkis, annaðhvort sjálfir eða erindsrekar fyrir þeirra hönd (smbr. grr. 5 b, 7 og 75). Þótt það á erfingjaskiptum annars sje undir erfingjum komið, sem í hlut eiga, hvort þeir vilji kalla inn skuldheimtumenn, þá má slíkt ekki undanfella, þegar svo hagar til, sem hjer segir, nema því að eins að ekki sjeu líkindi til, að hinn dáni hafi átt nein sjerstakleg viðskipti í verzlunarefnum eða því um líku, eptir því sem lífskjör hans voru til.

78. grein.

Í búum þeim, sem getið er í fyrirfarandi grein, skal semja skjal, er hefur inni að halda skrá yfir tekjur og útgjöld búsins, útreikning á erfðahlutum og skýrslu um það, er hverjum verður lagt í sinn hluta; þó skal þess gætt, að eigi verði óforráða og fjærstöddum erfingjum lagt út í sinn hluta annað en reiðu-peningar, nema skiptaráðandi leggi þar á samþykki sitt, eða ef svo stendur á, sem getið er í 63. gr. Skjali þessu skulu fylgja skírteini um, að það fje, sem hlotnazt hefur þeim, er óforráða eru, sje afhent fjárhaldsmönnum þeirra. Rita allir erfingjar, eða fjárhaldsmenn þeirra, nöfn sín undir skjal þetta, og skal síðan senda það sem fyrst verða má skiptaráðanda til rannsóknar. Nú þykir skiptaráðanda eigi neitt athugavert fyrir hönd þeirra, er óforráða eru eða fjærstaddir, og leggur hann þá samþykkt sína á skjalið, en færir til af því eptirrit í skiptabók, eða leggur það með henni. Annars kostar kallar hann fyrir sig erfingja hvern með öðrum eða fjárhaldsmenn þeirra, eptir því sem í 17. gr. segir, og leggur þeim fyrir að gjöra betri skil á reikningsskýrslu sinni, og jafnvel leiðrjetta það í henni, sem miður þykir. Nú eru þeir ófúsir til þessa, og má skiptaráðandi þá eptir úrskurði lýsa reikningsskýrslu og úthlutun þeirra ómerka, og taka þá þegar til sín búið til afgreiðslu og úthlutunar eptir því, sem með skal farið í dánarbúum, þá tekið er við arfi og skuldum.

Þegar svo stendur á, sem getið er í 63. greinar 1. lið, skal þinglýsa ágripi af reikningsskýrslu þeirri, sem um getur í þessari grein, og fer um það sem um ágrip af skiptagjörð, svo og um það, er goldið skal fyrir.

79. grein.

Nú hafa erfingjar eigi lokið skiptum innan árs, og hafa eigi fullnæga afsökun fyrir sig að bera, og getur skiptaráðandi þá einnig tekið búið að sjer til afgreiðslu og úthlutunar, eptir því sem segir í fyrirfarandi grein.

80. grein.

Nú tekur skiptaráðandi að sjer bú og úthlutar því, eptir því sem fyr segir, og skulu erfingjar þá skila aptur munum þeim, er þeim hafa verið lagðir út, ef skiptaráðanda þykir þess við þurfa til þess, að skipti verði hæfilega gjör.

81. grein.

Þegar erfingjar skipta sjálfir sín á milli, eða það hjóna, sem á lífi er, skiptir með erfingjum hins fyr dána, eða hjón skipta sjálf sín á milli, skal um rjettarfar erfingja sín á milli eða gagnvart gjafþiggendum, eða skuldheimtumönnum, svo og um rjettarfar á milli þess hjóna, sem eptir er á lífi, og erfingja þess er fyr dó, og sömuleiðis um rjettarfar hjóna sín á milli, farið eptir því, sem gildandi lög mæla fyrir, jafnframt því sem ákveðið er í lögum þessum, að því leyti það á við.

IV. ÞÁTTUR.

Viðaukagreinir.

8. kapituli.

82. grein.

Þegar skipta á öðrum búum, t. a. m. hlutafjelagsbúum, og sje það eigi veruleg þrotabú, skal farið eptir því, sem fyrir er sagt um opinber skipti á dánarbúum, með þeim tilbreytingum, sem leiða af hlutarins eðli. Svo skal og einnig í þrotabúum farið eptir því, sem fyrir er skipað í 2. og 3. kapítula í lögum þessum, með þeim tilbreytingum, sem nauðsyn er á.

56

83. grein.

Bú, sem tekin verða til skipta, eptir að lög þessi eru leidd í gildi, verða eigi fengin skiptanefnd eða skiptarekum eptir erfðaskrá til meðferðar með dómsvaldi.

Skiptarekar, sem eigi hafa dómsvald og taka að sjer skipti, skulu áður hafa fengið umboðsskrá til að takast þann starfa á hendur.

Nú eru skiptarekar kvaddir til eptir lögmætri erfðaskrá, og er málinu að engu öðru leyti ábótavant, einkanlega þykja skiptarekar vandaðir menn og fullveðja, og veita þá amtmenn þeim umboð. En hafi engir verið kvaddir eptir lögmætri erfðaskrá til þess að reka skipti, svo og ef skiptareki sá er dáinn, sem nefndur hefur verið til eptir erfðaskrá, eða geti hann ekki sinnt eða vilji hann eigi sinna búinu, þá skal, þegar sótt er um að fá settan skiptareka, veitingin borin undir úrskurð landshöfðingja, nema erfðaskráin til vara hafi falið öðrum á hendur að annast skipti. Um sjerstaklegar skyldur og athafnir skiptareka skal að öðru leyti farið eptir reglum þeim, sem nú eru í gildi; þó skulu þeir jafnframt gæta þess, að skipti fari fram eptir því, sem lög þessi ákveða.

84. grein.

Nú er hafin lögsókn til arfs, eða til erfðagjafar og dánargjafar, eða til skuldar er talið hjá arfleifanda, og erfingjar lögsóttir fyrir, og má þá höfða það mál fyrir dómi þar, sem hinn dáni átti lögheimili í því bili, er hann andaðist.

85. grein.

Þegar lögsókn er hafin til þess, að erfingi eða skuldheimtumaður skili aptur því, er hann hefur móttöku veitt á opinberum skiptum eptir úthlutun, sem gjör hefur verið annaðhvort til bráðabyrgða eða til fullnaðar, en síðan reynist röng, annaðhvort algjörlega eða að nokkru leyti, þá má höfða það mál fyrir dómi, þar sem skipti fara fram.

86. grein.

Þegar lögsókn gegn erfingjum eða skuldheimtumönnum eptir 55. og 85. gr. er löglega höfðuð fyrir dómi, þangað sem skipti fara fram, svo og er lögsókn má höfða innan lögheimilis hins dána eptir 84. gr., þá skal sóknaraðili eiga kost á að kalla mótpart sinn fyrir sættanefnd þar á staðnum og leita við hann um sættir, þó svo að þeim, sem búa utan umdæmisins, sje veittur að minnsta kosti 4 vikna fyrirvari.

87. grein.

Um það, hver sje rjettur skiptaráðandi, skal eptir reglum þeim farið, sem fylgt hefur verið hingað til. En ef svo ber til, að íslenzkur maður, sem eigi hefur fast heimili á Íslandi, deyr utanríkis, og eigum hans verður eigi skipt á þeim stað, þá skal landshöfðingja heimilt að láta þann skiptaráðanda á Íslandi fá búið í hendur, sem bezt þykir til þess fallinn.

88. grein.

Áfrýja skal lokinni skiptagjörð innan 12 vikna frá því skiptum er lokið, samkvæmt því sem fyrir er mælt í 50. gr.

Úrskurðum eða ályktunum, sem gjörðar verða, meðan á skiptum stendur, má áfrýja út af fyrir sig, og skal það gjört innan 12 vikna frá því kveðin voru upp úrslit. Þó skal skiptum eigi síður haldið áfram, en skiptaráðanda ber þá að sjá svo um, að það spilli eigi rjetti áfrýjanda, hvernig búinu verður ráðstafað, meðan á áfrýjaninni stendur.

Uppreist skal eigi nokkru sinni veitt, úr því ár og dagur er liðinn, frá því áfrýjunarfrestur leið á enda.

89. grein.

Nú fylgir skiptaráðandi eigi tilhlýðilega fram skiptum, og hefur þó verið áminntur, og má þá landshöfðingi skipa í hans stað annan til þeirra starfa; skal skiptaráðandi þá tafarlaust selja fram búið í hendur þeim manni, sem þannig er til kvaddur, og þar við liggja, að honum verði vikið frá og hann lögsóttur um að hafa fyrirgjört embætti sínu, ef út af er brugðið, en fyrir starfa hans geldur hann honum þóknun, eptir því sem landshöfðingi til tekur, og skal hann auk þessa sæta sektum, svo og bæta skuldeigendum eða erfingjum þeim, er í hlut eiga, skaða þann, er þeir hafa orðið fyrir af vanhirðing hans.

Nú reka þeir skipti, sem nefndir hafa verið til eptir erfðaskrá, og nokkur, sem þar hefur hags síns að gæta, hefur upp kæru út af því, að skipti verði fyrir ótilhlýðilegum drætti, og skal þá skiptarekum gefið færi á að láta þar um álit sitt í ljósi, og þyki kæran á rökum byggð, má landshöfðingi skipa fyrir um, að meðferð búsins verði seld í hendur rjettum skiptaráðanda.

90. grein.

Skiptaráðendur skulu, eins og hingað til, vera undirgefnir ákvarðanir þær, sem nú eru í gildi um reikningamál í dánarbúum og þrotabúum, að því leyti sem þeir sitja inni með fjemuni búa; svo skulu og haldast ákvarðanir þær, sem eru um gæzlu á því, að flýtt verði fyrir skiptum, um endurskoðun á skiptagjörð og umsjón á fje þeirra, er óforráða eru.

Um atriði þessi svo og um það, er við skal lagt, ef út af er breytt, má gjöra nánari ákvörðun með konunglegri tilskipun.

91. grein.

Skiptaráðandi veitir hjer eptir leyfi til að sitja í óskiptu búi, þó skal sá, er um leyfið biður, eiga kost á að skjóta úrskurði þeim, er skiptaráðandi hefur lagt á málið, undir háyfirvaldið.

92. grein.

Nú verður embættismanni, er trúað er fyrir nokkru því, er viðvíkur skiptamálefnum eða gæzlu á þeim, gjört að skyldu að gjalda einstökum mönnum skaðabætur fyrir embættisgjörðir sínar, er þar að lúta, hvort sem er í dánarbúum eða í þrotabúum eða í öðrum búum, og skal landssjóður þá ábyrgjast, að bætur þær verði endurgoldnar, ef þær fást eigi hjá embættismanni þeim, er í hlut á, eða bú hans hrökkur eigi til.

93. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. dag ágústmán. 1878, og skal eptir þeim farið ekki einungis í búum þeim, sem tekin verða til meðferðar upp frá þeim degi, heldur einnig í dómstörfum þeim, sem upp frá þeim degi kunna að fyrir koma í búum, sem fyr hafa verið tekin til meðferðar, nema einhver málsatvik sjeu því til fyrirstöðu.

ATHUGASEMDIR
við lagafrumvarp þetta.

Þá er komin voru út í Danmörku lög 30. nóvbr. 1874 um skipti á dánarbúum og fjelagsbúum og fl., og um borgun fyrir störf áhrærandi skiptamálefni, var tekið til íhugunar, hvort tilefni væri til að fá lögleiddar viðlíkar ákvarðanir á Íslandi. Af yfirvöldum þeim, er leitað var álits hjá um þetta mál, lagði amtmaðurinn yfir norður- og austuramtinu og sýslumennirnir í Rangárvalla-, Eyjafjarðar-, og Skagafjarðarsýslum á móti því, að nokkurt þessara tveggja laga yrði heimfært til Íslands; landshöfðingi aptur á móti og landsyfirdómurinn, svo og amtmaðurinn yfir suður- og vesturamtinu og sýslumaðurinn í Dalasýslu hafa álitið æskilegt, að hin fyr nefndu lög yrðu lögleidd þar, með þeim nánari tilhliðrunum, sem til voru teknar, og sem hlytu að álítast nauðsynlegar sakir hins frábrugðna ásigkomulags Íslands; þar á móti hafa þeir jafnt og hinir 4 fyrnefndu embættismenn ráðið frá lögleiðslu laganna um borgun fyrir skiptastörf og fl., er þeir álitu, að reglugjörðin um gjöld þessi ætti að verða samfara endurskoðun hinnar íslenzku aukatekjureglugjörðar í heild sinni. Stjórnarráðið verður fyrir sitt leyti að hallast að því áliti hinna síðarnefndu yfirvalda, að Íslandi sje þörf á viðlíkum lögum og hin dönsku skiptalög 30. nóvbr. 1874. Það eru ekki einasta þær hinar sömu ástæður, er leiddu til, að lög þessi komu út í Danmörku, sem í öllu verulegu mæla fram með því, að þau verði heimfærð til Íslands, heldur ber einnig til þessa önnur ástæða, sem gjörir mjög svo æskilegt, að ákvörðunum þeim, sem eru um meðferð á dánarbúum, verði safnað í eina heild, sem sje sú, að menn eflaust eru í miklum vafa um, hvernig meðhöndla skuli skiptamálefni á Íslandi, þar eð nokkur hluti ákvarðana þeirra um skipti, sem lög

eru í Danmörku, hafa verið leidd í gildi á Íslandi, en aptur á hinn bóginn ekki sumar, þótt sumum þeirra virðist að minnsta kosti að nokkru leyti að hafa verið beitt þar, sbr. t. d. tilskipun 8. apríl 1768.

Stjórnarráðið hefur því látið semja frumvarp það til laga um skipti á dánarbúum og fjelagsbúum o. fl., sem hjer á undan er prentað, til þess það verði lagt fyrir alþingi, og er það lagað eptir lögunum 30. nóvbr. 1874.

Um aðalatriði þau, sem samkvæmt þessum lögum eru lögð til grundvallar fyrir reglum þeim, sem frumvarpið setur, skal gjöra þá athugasemd, að í fyrsta lagi er þar ætlazt til, að takmörkuð verði opinber skiptameðferð. Með henni veitist að vísu ágæt trygging erfingjum, einkum þeim, sem óforráða eru eða fjærstaddir, en á hinn bóginn hefur hún í för með sjer eigi all-lítinn kostnað; einnig fara skipti seint fram, að minnsta kosti þegar um mikil bú er að gjöra, og verður eigi ætíð við meðferðina á eignum búsins sem skyldi tekið tillit til kringumstæða þeirra, sem fyrir hendi eru. Regla sú, sem nú er í gildi, að opinber skipti eigi að fara fram, ef nokkur erfingja er fjærstaddur eða óforráða, er að vísu gjörð að aðalreglu í frumvarpinu, en þó hefur verið álitið, að gjöra megi þá undantekning frá meginreglu þessari, að í mörgum þeim tilfellum, er opinber skipti nú eiga sjer stað, mætti fela erfingjum á hendur að skipta sjálfir, án þess nokkur hætta standi þar af, þó svo að skiptaráðandi hafi umsjón með þeim (78. og 79. gr.). Í þessu efni skal vísað til reglunnar í 5. gr. b, þegar svo ber undir, að erfingi, sem sviptur hefur verið forráðum, er giptur, og þau hjón eiga sambúð sín í milli; svo og til 73. gr. sbr. 56. gr., um það, að opinber skipti skuli eigi fram fara, þótt erfingi sje fjærstaddur, svo framarlega sem kunnugt er um vistarstað hans á Íslandi. Það er jafnvel ákveðið í frumvarpinu, að opinber skipti skuli eigi skilyrðislaust fara fram fyrir það, þótt óforráða erfingjar eigi í hlut, sbr. 10. gr. um smábú, og 75. gr., er fer því fram, að skiptaráðandi skuli að vísu til bráðabyrgða taka að sjer búið, en að það síðar meir, þegar búið er að skrásetja það og virða, verði fengið í hendur erfingjum til frekari meðferðar, þótt þeir sjeu eigi allir forráða, þegar svo er ástatt, sem þar segir.

Jafnframt og frumvarpið hefur rýmkað um takmörkin á erfingjaskiptum á dánarbúum, hefur því næst verið leitazt við, svo sem unnt var, að bæta úr brestunum á tilhögun þeirri, sem nú er á opinberri skiptameðferð dánarbúa. Eptir eðli hlutarins verður að haga fyrirkomulaginu á þessu á ýmsan hátt eptir ásigkomulagi búanna; þannig verður að gjöra greinarmun á dánarbúum, þar sem lögsókn í þágu skuldheimtumanna er einkenni þeirra, og á þeim búum, er meðferð þeirra eingöngu miðar til þess, að gjöra búið upp, og skipta því þeirra á milli, er eiga hlut í búinu, annaðhvort sem erfingjar, eða það hjóna, sem eptir er á lífi. Kemur greinarmunur þessi að vísu þegar fram í lögum þeim, sem nú eru í gildi, en í frumvarpinu hafa takmörkin á milli þessara búa verið dregin enn skýrara, og áhrif þau, sem það hefur á meðferð búsins, hafa verið leidd með meiri samkvæmni út í æsar. Hvort hafa eigi við meðferð búsins lögsóknarformið í þágu skuldheimtumanna, er látið undir því koma, hvort erfingjar taka við erfðum og skuldum eða láta það ógjört, nema annað hjóna sje til á lífi, er ábyrgist skuldir búsins, þegar erfingjar taka eigi að sjer ábyrgð á skuldum hins dána, og skuldheimtumenn þannig einungis hafa aðgang að munum þeim, er hann lætur eptir sig, verður í öllu verulegu að hafa hag skuldheimtumanna fyrir augum við meðferð búsins. Í búum þessum verður því jafnaðarlega að gefa út stefnu; í stað venjulegrar lögsóknar kemur almenn reikningsgjörð, er nær til allra þeirra, er kröfur hafa að gjöra í búinu, og skal þá sjer í lagi atkvæði skuldheimtumanna tekið til greina. En taki erfingjar aptur á móti við skuldum — og er þetta eigi eptir frumvarpinu útilokað, þótt óforráða erfingjar eigi

í hlut — kemur skiptameðferðin, eins og erfingjaskiptin, eigi fram sem lögsókn í þágu skuldheimtumanna, en á þeirra valdi er þá aptur, að leita sjer fullnustu með málssókn, ef á þarf að halda. Af þessu leiðir, að eigi ber nauðsyn til að gefa út stefnu vegna skuldheimtumanna; erfingjar einir eiga atkvæðisrjett, og það er þeim í sjálfs vald sett, að takast sjálfir á hendur meðferð búsins í öllu verulegu. Öldungis einkennilega er að endingu varið opinberri skiptameðferð á dánarbúum, þegar það hjóna, sem eptir er á lífi, ber skulda-ábyrgð. Verði eigi farið með bú það sem þrotabú, má álíta þau skipti einungis sem viðskiptareikning á milli þess hjóna, er eptir lifir, og erfingja þess, er fyr dó, er eigi snerta skuldheimtumenn, og eigi leggja erfingjum þess hjóna, er fyr dó, neina ábyrgð á skuldum búsins á herðar. Á þessari nðalskoðun eru einnig byggðar þær reglur, sem frumvarpið setur um skipti á fjelagsbúum, þegar hjónaskilnaður verður, eða sambúð þeirra slítur.

Áður en vikið er til hinna einstöku þátta frumvarpsins, skal því við bætt, að eigi hefur þótt nauðsyn á, að færa til ýtarlegar ástæður fyrir hinum einstöku ákvörðunum, sem teknar eru úr hinum dönsku skiptalögum, en einungis að gjöra almennar athugasemdir um það sjónarmið, er gengið hefur verið út frá við fyrirkomulagið á einstökum köflum, og einnig að taka fram hin verulegri atriði, þar sem frumvarpið er frábruðið lögum þessum. Það, sem einkanlega hefur verið tekið til greina í þessu efni, kemur að nokkru leyti til af því, að lög 25. marz 1872 um gjaldþrot og nokkrar breytingar á ákvörðunum þeim, sem gilda um veð og lögtak, — en til þeirra laga vitna lög 30. nóvember 1874 um ýms atriði — hafa eigi verið heimfærð til Íslands, og að nokkru leyti af því, hvernig sjerstaklega hagar til á Íslandi, og af fjarlægð þess frá öðrum löndum, og hefur þetta einkum áhrif á það, hvernig frestirnir verði ákveðnir.

Í frumvarpinu er fylgt niðurröðuninni í hinum dönsku skiptalögum. Í fyrsta þætti eru taldar reglurnar um tilkynning andlátsins, og hin almennu skilyrði fyrir því, að skiptaráðandi taki bú til meðferðar (1. kap.). Því næst fylgja í 2. þætti reglurnar um hina opinberu skiptameðferð, eins og hún kemur fyrir í ýmsum myndum, eptir því, hvernig búin eru ýmislega á sig komin (2.—6. kap.). Í 3. þætti segir fyrir um erfingjaskipti (7. kap.). Loksins hefur safnað verið saman í 4. þátt ýmsum viðauka-ákvörðunum. Um hina einstöku kafla og greinir frumvarpsins skal að öðru leyti athugað það, sem hjer á eptir segir.

1. ÞÁTTUR.

Um tilkynning andlátsins og hin almennu skilyrði fyrir því, að skiptaráðandi taki dánarbú til meðferðar.

1. kapituli.

1.—11. gr.

Sakir víðáttu lögdæmanna á Íslandi, og af því ábótavant er um samgöngur á milli hinna einstöku hluta þeirra, yrði það optlega miklum erfiðleikum bundið, ef það væri gjört að skyldu, að skýra skiptaráðanda «tafarlaust» frá andlátinu. Samkvæmt tillögum landshöfðingja og landsyfirdómsins, hefur því tekin verið upp í 1. gr. ákvörðun um, að þar sem eigi verði við komið að tilkynna andlátið tafarlaust, skuli frá því skýrt jafnskjótt og kringumstæður leyfi, annaðhvort skiptaráðanda sjálfum eða hreppstjóra þeim, er í hlut á, og að hann skuli aptur segja skiptaráðanda til þess.

Þar eð við getur borið, að eigi sje auðið að útvega skírteini um, að andlátið sje tilkynnt, fyr en nauðsyn ber til þess, að greptrun fari fram, hefur sú undanþága verið veitt, að greptrun megi fram fara, þegar svo ber undir, en prestur skal þá skýra hreppstjóra frá andlátinu og greptruninni.

Bætur þær, sem við liggja eptir 2. gr., eru samkvæmt uppástungu landshöfðingja og yfirdómsins færðar niður um helming við það, sem ákveðið er í lögum 30. nóvember 1874.

Þar eð lög þau, sem á Íslandi gilda, veita eigi til þess heimild, eins og gjört er í 145. gr. laganna 25. marz 1772 fyrir Danmörku, að taka dánarbú undir skiptameðferð sem þrotabú, þegar eigi er tekið við erfðum og skuldum í því, hefur ákvörðun sú í 4. gr. laga 30. nóvbr. 1874, er hjer að lýtur, eptir uppástungu landshöfðingja og landsyfirdómsins verið felld úr 4. gr. þessa frumvarps.

Þar eð tilsk. 11. september 1839 er eigi lög á Íslandi, hefur tilvitnan sú, sem gjörð er þangað í lögum 30. nóvbr. 1874, 5. gr. c, að niðurlagi, eigi verið tekin upp í 5. gr. frumvarps þessa. Í sömu grein er «utanríkis» breytt í «erlendis». Í tilskipun um gjaldheimtu og reikningshald yfir höfuð að tala, 8. júlí 1840, er í 52. og 53. grein heimiluð opinber skiptameðferð á dánarbúum eptir gjaldheimtumenn, sem hið opinbera á hjá lögskilinn veðrjett, þannig að búið fyrst, þá er kröfum hins opinbera hefur verið fullnægt, verður selt erfingjum í hendur, og er til þessa vitnað í 13. gr. laga 30. nóvember 1874. En með því tilskipun sú eigi gildir á Íslandi, hefur verið tekin upp í 5. gr. frumvarpsins ákvörðun um, að dánarbú eptir gjaldheimtumenn, sem greinin nánar til tekur, skuli lögð undir opinbera skiptameðferð.

Eptir ásigkomulaginu á Íslandi virðast ákvarðanirnar í 2. lið 10. greinar einungis eiga að ná til búa, er eigi nema 200 kr., í stað þess að lög 30. nóvember 1874 taka til hina tvöföldu upphæð.

II. ÞÁTTUR.
Um opinber skipti.

2. kapituli.
Um það, hvernig opinber skipti byrja, og hvað fyrst skuli taka fyrir á þeim.

12.—18. grein.

Í stað þess að lög 30. nóvember 1874 segja svo fyrir, að hefja skuli skiptagjörð sem bráðast eptir að skýrt sje frá andlátinu, en þó þannig að undanþága veitist til þess, að gjörð þeirri, sem 13. gr. telur, megi fresta, þar til greptrun hefur fram farið, hefur hjer, eptir uppástungu landsyfirdómsins, eigi verið ákveðið á annan veg um upphafsgjörð, en að hún skuli haldin sem bráðast verða má eptir kringumstæðum, sbr. 12. gr. frumvarpsins, er ætla má, að það sje tíðast á Íslandi, að greptrun verði að fara fram, áður en skiptagjörð verði hafin.

Eptir 16. gr. í lögum 30. nóvbr. 1874 skal skiptaráðandi venjulega halda upphafsgjörð þá, er þar skilur, einnig skrifa upp og meta fjemuni búsins; einungis í tilteknum smábúum í sveit er hreppstjóra leyft að halda þessar gjörðir. Þar á móti er ákveðið í 16. gr. þessa frumvarps, eptir tillögum landshöfðingja, samkvæmt lagavenju þeirri, er tíðkast utan Reykjavíkur, að hreppstjóri megi halda þessar gjörðir fyrir hönd skiptaráðanda. Ákvarðanir 17. greinar í lögum 1874, um fasta virðingarmenn og virðingarkonur, hefur eigi þótt við eiga að heimfæra til Íslands.

Af því að minna er um póstgöngur á Íslandi, er það í 2. kafla 17. gr. lagt á vald skiptaráðanda, hvort hann vilji gefa erfingjum og gjafþiggendum skeyti það, sem greinin fyrirskipar, með handföldu brjefi, eða á annan hátt, er við þykir eiga.

Í lögum 30. nóvbr. 1874 er svo fyrir skipað, að erfingjum og gjafþiggendum skuli venjulega eigi veittur skemmri en viku frestur og eigi lengri en 6 vikna frestur; hefur landshöfðingi og landsyfirdómurinn stungið upp á, að lengja fresti þessa til 2 vikna og til 3 mánaða hvorn um sig. Eptir áliti stjórnarráðsins virðist þó jafnvel hinn síðartaldi frestur, þegar svo ber undir, einnig of skammur, en á hinn bóginn þykir samt óráðlegt, að veita með berum orðum lengri frest, sem þá yrði líkast til optlega hafður við, án þess að þörf ræki til; fyrir því hefur með 3. lið í 17. grein öldungis verið lagt skiptaráðanda á vald, að ákveða lengd frestsins, þegar boðaðir verða erfingjar og gjafþiggendur.

Þar eð lögin um gjaldþrot 25. marz 1872, svo sem á er vikið, eru eigi gild á Íslandi, hefur samkvæmt því, sem getið er

við 4. gr., verið felld úr tilvitnanin í 18. gr um að dánarbú eptir 45. grein þeirra laga, verði lagt undir skiptameðferð sem þrotabú. Af þessu leiðir, að jafnan verði farið með dánarbú — þegar eigi er tekið við skuldum — eptir reglum þeim, sem taldar eru í næsta kapítula.

3. kapítuli.

Um meðferð á dánarbúum, þegar erfingjar takast eigi á hendur skuldaábyrgð.

Fyrsta undirskipting.

Um meðferð þeirra yfir höfuð.

19.—33. grein.

Þar eð það, sem fyrir er mælt í 19. grein í lögunum 30. nóvember 1874, um atkvæðisrjett skuldeiganda um málefni búsins, er byggt á ákvörðunum hinna dönsku laga um gjaldþrot, er eigi eru gild á Íslandi, hefur þótt nauðsyn á, að draga úr þeirri ákvörðun, og svo er gjört í 19. grein, þar sem það að vísu er falið skiptaráðanda á hendur að gjöra út um málefni búsins, en þó þannig, að honum ber að taka sjer í lagi til greina heimtur skuldheimtumanna um meðferð á búinu, þar til þeir hafa fullnustu fengið eða ábyrgð er sett þeim fyrir því, að þeim verði fullnægt. Fyrirkomulag þetta mun einnig í öllu verulegu vera samhljóða því, sem í þeim efnum hefur verið farið eptir á Íslandi hingað til.

Af því hæglega má búast við, að eptir frumvarpinu líði nokkur tími, áður erfingjarnir ráða af, hvort þeir vilji taka að sjer skuldaábyrgð, sbr. það, sem hjer á undan er sagt um 3. kafla 17. gr., þá hefur sett verið ákvörðun sú í frumvarpinu (sbr. 2. kafla 19. gr.), sem eigi finnst í hinum dönsku skiptalögum, er veitir skiptaráðanda umboð til, ef við þarf, að ráðstafa eignum búsins, og gjöra aðrar ráðstafanir, meðan eigi er út um það gjört, hvort tekið verði við erfðum og skuldum eða eigi.

Reglurnar í 22. gr. um það, hvernig gjöra skuli stefnu skuldheimtumönnum, og um frest þann, er þeim skal veittur, eru samhljóða því, sem fyrir er sagt í opnu brjefi 4. janúar 1861, 1. og 2. gr. Að öðru leyti er 22. gr. samin eptir grein þeirri, sem þar á við í hinum dönsku skiptalögum, og gjörir hún þá breyting á lögum þeim, sem nú eru, eptir því sem þau verða almennast skilin, að úrlausn þeirrar spurningar, hvort það sje nægur frestur, sem veittur hefur verið, skuli undir því komið, hvort skuldheimtumenn eða erfingjar sjeu til erlendis eða eigi, en eptir núgildandi lögum hefur það verið látið ráða úrslitum, hvort skiptaráðandi eptir málsástæðum þeim, sem fyrir hendi eru, hafi haft ástæðu til að ákveða frestinn, eins og gjört hefur verið. Raunar ber skiptaráðanda framvegis að gjöra álit um, hvort ætla megi, að nokkrir sjeu erlendis, er til skuldar hafi að telja eða eigi; en á hversu góðum rökum álit dómarans kann að vera byggt eptir því, sem málið var á sig komið, þegar innköllun var gjörð, þá lokar það þó eigi úti skuldheimtumenn erlendis, að 6 mánaða frestur sá, er innköllunin setur, líði á enda, og segi þessir skuldeigendur til sín innan 12 mánaða, verður skiptaráðandi að taka þá til greina, án þess að gjöra þeim stefnu að nýju, sje eigi búið að semja niðurjöfnunargjörð. Þegar svo ber undir, verða hinir útilokuðu skuldheimtumenn að áfrýja skiptagjörðinni. Að öðru leyti er vitaskuld, að þótt þessir skuldheimtumenn segi til sín að umliðnum 6 mánaða boðunarfresti, þá veitir það eigi skuldheimtumönnum á Íslandi, sem vanhirt hafa að segja til sín, áður 6 mánaða frestur er liðinn, neinn kost á að heimta kröfur sínar teknar til greina, er þeir síðar meir gjöra við sig vart.

Það skal athugað um 23. gr., að það hefur þótt nægja, að innköllun til skiptasamkomu verði venjulega kunngjörð í íslenzkum blöðum. En hafi skiptaráðanda þótt ákjósanlegt, að segja þeim til sjer í lagi, er hlut á að máli, hefur honum verið leyft, sakir hinna fáu póstferða, að hafa til þess handfalið brjef eða leigðan boðbera.

Í 32.—33. grein er fyrir mælt, að skipa megi umsjónarmann, svo og um störf þau

er hann skal hafa á hendi og íl. Landsyfirdómurinn hefur þó stungið upp á, að fella úr ákvarðanirnar um umsjónarmann, af því þær ættu eigi við á Íslandi, en landshöfðingi hefur álitið, að halda ætti ákvörðunum þessum. Venjulega mun naumast vera þörf á umsjónarmanni í íslenzkum búum, en þetta getur samt að borið, einkanlega í búum kaupmanna, og þar eð vald það, sem skiptaráðanda er gefið, veitir fullnægjandi tryggingu fyrir því, að ákvörðunin verði eigi vanbrúkuð, getur ekkert verið því til fyrirstöðu, að henni sje haldið. Báðar greinir þessar eru í öllu verulegu lagaðar eptir greinum þeim í hinum dönsku skiptalögum, er að hinu sama efni lúta, nema 1. stafliður í 32. gr. Í stað þess, að hin dönsku skiptalög leggja úrskurðarvald um það, hvort setja eigi umsjónarmann, í hendur þeim, er mæta og atkvæðisrjett hafa, og skiptaráðanda í sameiningu, þá veitir frumvarpið skiptaráðanda einum úrskurðarvald um þetta atriði, en aptur á móti skulu þeir, er atkvæðisrjett hafa um málefni búsins, venjulega kjósa umsjónarmann, ef meiri hluti þeirra er á eitt sáttur um, hver verða skuli fyrir kosningu.

Önnur undirskipting.
Um áhrif hinnar opinberu skiptagjörðar á kjör skuldeiganda, þegar erfingjar takast eigi skulda-ábyrgð á hendur.
34. — 42. grein.

Af því, að skiptameðferðin á búum þessum að nokkru leyti kemur fram, sem meðferð á þrotabúi, þar sem gjört verður út að fullu um kröfur allra skuldheimtumanna, falla niður allar venjulegar lögsóknir upp frá því, er gjörðin hefst, og verður því að bera upp fyrir skiptaráðanda allar kröfur til hins dána, eða til muna þeirra, er hann hefur eptir sig látið. Frá þessu er þó gjörð undantekning um þau málefni, sem talin eru í 2. kafla 34. greinar, og 2. kafla 35. greinar. Þar sem á þeim síðarnefnda stað talin eru upp önnur dæmi en í hinum dönsku skiptalögum upp á það, hverjir, þrátt fyrir skiptagjörð, geti leitað sjer fullnustu í munum þeim, er þeir hafa að veði, þá kemur það til af því, að löggjöfin er frábrugðin í þessu efni.

Þriðja undirskipting.
Um lykting og reikningsgjörð á dánarbúi.
43. — 50. grein.

Í 44. grein í hinum dönsku skiptalögum er ákveðið, að þegar liðinn sje frestur sá, er 38. grein tekur til, skuli skiptaráðandi taka fyrir úthlutun til skuldheimtumanna eptir fyrirmælum gjaldþrotalaganna 25. marz 1872, 14. kap., og að ákvörðunum 1., 3. og 5. kap. tjeðra laga skuli einnig beitt í búum þeim, sem hjer ræðir um með tilhliðrunum þeim, sem fylgja af hlutarins eðli. Í því efni hefur landsyfirdómurinn álitið, að ákvarðanirnar í 14. kap. í lögum um gjaldþrot væru eigi vel fallnar til þess, að leiðast í lög á Íslandi; aptur á móti hefur dómurinn stungið upp á, að reglurnar um niðurröðun skuldheimtumanna eptir forgöngurjetti í 5. kap. laga þeirra yrðu heimfærðar til Íslands. Stjórnarráðið verður þó, ásamt landshöfðingja, að álíta, að eigi sje heldur næg ástæða til, að setja hina síðar töldu ákvörðun í lög þessi, þar eð reglurnar í lögum um gjaldþrot, er að efni þessu lúta, eigi eru verulega mismunandi við reglur þær, sem nú er farið eptir á Íslandi.

Þar sem landshöfðinginn auk þessa hefur stungið upp á, að úthlutun skuli fara fram í hvert skipti, er 10 af hundraði væru til staðar í búinu, skal það athugað, að ef þetta yrði lögboðið skilyrðislaust, mundi það að líkindum í allflestum tilfellum á Íslandi valda of miklum vafningi. Virðist því eigi ástæða til, að skipa nákvæmar fyrir um það efni, heldur má yfir höfuð álíta rjettast, að skuldheimtumönnum sje borgað eptir reglum þeim, sem nú tíðkast á Íslandi um meðferð á þrotabúum, að því leyti er þeim verður við komið í dánarbúum. Slík ákvörðun mun einnig veita næga leiðbeiningu til þess, ef á þarf að halda, að

beita reglunum um niðurröðun skuldheimtumanna í þrotabúi, og yfir höfuð vera náskyld andanum í ákvörðun þeirri í hinum dönsku skiptalögum, sem hjer á við.

Í stað þess, að 47. gr. í hinum dönsku skiptalögum ákveður, að eigi verði heimtað, að fasteignir búsins verði lagðar út eptir mati, fer þar á móti 47. grein þessa frumvarps eptir uppástungum landsyfirdómsinns og landshöfðingja, og samkæmt því, sem eru tíðkanleg lög á Íslandi, því fram, að veita bæði erfingjum fyrir erfðahluta sinn, og eins því hjóna, sem er á lífi, jafnan kost á, að þeim verði lagðar fasteignir sem lausir aurar.

Í stað ákvarðana þeirra, sem settar eru í 49. gr. í hinum dönsku skiptalögum um skuldabrjef, er nokkrum verða lögð á skipti, og sem lögð skulu undir ómyndugrastjórn, en eigi eiga við á Íslandi, af því öðruvísi hagar þar til, er svo ákveðið í samsvarandi grein þessa frumvarps, að án samþykkis landshöfðingja megi yfir höfuð eigi leggja óforráða manni skuldabrjef þau, er greinin um getur, er hinum óforráða gæti orðið það að tjóni, ef fjárhaldsmaður hefur umráð yfir þeim.

4. kapituli.

Um meðferð á dánarbúum, þegar tekið er við arfi og skuldum.

51.—56. gr.

Skipulag það, sem farið er fram á í þessum kapítula, er samkvæmt greinum þeim í hinum dönsku skiptalögum, er þar að lúta, og byggir á þeirri skoðun, að ákvörðunum þeim í kapítulanum hjer á undan, sem nálgast meðferð á þrotabúi, skuli eigi beitt í dánarbúum, þegar erfingjar vilja taka að sjer skulda-ábyrgð, og að skiptaráðandi skuli eigi taka sjer önnur ráð yfir þessum búum, heldur en sameinazt getur við óskir erfingja og þarfir hinna óforráða. Svo sem áður er á vikið, fylgja nokkur óhagræði opinberri skiptagjörð, er eigi verður öldungis hjá komizt. En verði skiptameðferð þessari hagað þannig, að hún verði í öllu verulegu ápekk erfingjaskipti undir umsjón hins opinbera, hefur þó stig verið fetað til þess, að af stýra vandkvæðum þessum, og í 51. gr. frumvarpsins er gjörð tilraun til þessa, er regla sú, sem þar er sett, bendir erfingjum til þess, að fá sjálfir tekið í hönd sjer meðferð búsins undir umsjón skiptaráðanda. Láti erfingjar aptur í mót fyrirberast, og gefi sig hvergi að, hlýtur skiptaráðandi sjálfsagt að sjá fyrir þessu, og eptir frumvarpinu getur það þannig komið fyrir, að skiptaráðandi framkvæmi og álykti, og að staða hans þannig að því leyti verði hin sama, eins og eptir ástandi því sem er. En eins og eigi að síður nokkuð er í það varið, að lögin sjálf bendi erfingjum til þess, að leggja erfingjaskipti undir umsjón hins opinbera, í stað þess, að hið opinbera haldi þau sjálft að öllu leyti, þannig er einnig mikið í það varið, að reglan í 51. gr. gildir, jafnvel þótt erfingjar sjeu óforráða eða fjærstaddir. En þegar svo stendur á, hefur samt þótt nauðsyn á, að skipað yrði fyrir að kalla inn skuldheimtumenn, nema skiptaráðanda þyki það óþarfi, sbr. 52. gr. Stefna þessi er þó í búum þeim, sem ræðir um í þessum kapítula, einungis gjörð í þarfir erfingja; hennar gjörist eigi þörf skuldheimtumannanna vegna, og sje hún látin hjá líða, leikur erfingjum á frjálsu valdi — án tillits til skuldanna — að heimta, að búinu verði lokið og skipt, sje það að öðru leyti undir lúkningu búið. Erfingjar verða, eins og á erfingjaskiptum, skyldir að ábyrgjast skuldir á þann hátt, sem fyrir segir í 53. gr. frumvarpsins, samkvæmt N. L. 5—2—84, og skal þess getið um þetta efni, að ef skuldin fellur á erfingja eptir hlutfalli því, er þeir eiga arftökurjett, fellur hver einstök skuld á sjerhvern erfingja eptir því, sem arftökurjettur hans rennur til. Á hinn bóginn veitir frumvarpið hverjum einum skuldheimtumanni sjer í lagi kost á, að neyta hinnar venjulegu lögsóknar, gjöra aðför, og, ef á þarf að halda, kyrrsetningu í búinu. Þar eð hin opinbera skiptagjörð, er segir um í þessum kapítula, eigi kemur fram sem rjettarneyzla til fullnustugjörðar skuld-

heimtumönnum, eins og í búum þeim, sem getur í 3. kapítula, heldur eingöngu í þarfir erfingja, á hún engu fremur en erfingjaskipti að vera því til fyrirstöðu, að skuldheimtumenn neyti við venjulegrar lögsóknar, er þeim hlýtur að vera frjáls, undir eins og kröfur þeirra eru komnar í gjalddaga. Engin ástæða er til þess, að skuldheimtumenn í búum þessum — þar sem rjettur hinna skuldheimtumannanna eigi krefur það — skuli þurfa að láta skuld sína standa í búinu, þegar hinn dáni átti eigi heimtu á því, sbr. nákvæmar 54. og 55. gr. frumvarpsins; og eru ákvarðanir þeirra um það, hvar skuldheimtumenn megi höfða lögsókn gegn erfingjum, svo og um frest og birting á stefnu, settar skuldeigendum til ljettis, er verða að höfða málsókn gegn öllum erfingjum.

Á hinn bóginn skal þess getið, að ákvarðanir frumvarpsins útiloka eigi, að skuldheimtumenn geti fallið frá venjulegri lögsókn, og valið í stað þess, að leggja kröfur sínar í búinu undir dómsúrskurð skiptaráðanda, og ef svo ber undir, leita liðveizlu hans til þess, að ná sjer fullnustu fyrir af eignum búsins.

Það kynni annars að þykja efa undirorpið, hvort eigi kostur sá, sem veittur er erfingjum á, eptir frumvarpi þessu, að heimta búið selt sjer í hendur til frjálsra yfirráða, gjöri opinbera skiptagjörð í þessari mynd óþarfa, þar eð hún, jafnt og erfingjaskipti, grundvallast á því, að erfingjar gangist við skuldum, og það því virðist liggja næst, að erfingjar, þegar þeir eru á eitt sáttir, og eigi óttast fyrir að taka að sjer skuldirnar, muni vilja fá búið til meðferðar, til þess að öðlast þann hinn frekari hagnað, er erfingjaskipti geta veitt, og að það á hinn bóginn sje ólíklegt, að þeir vilji taka að sjer skuldaábyrgð, ef þeir eru ósamþykkir, og þannig hvort sem er eigi geta vænzt þess, að hafa vilja sinn fram, að því leyti, er meðferð búsins snertir (51. gr.). Til þessa verður þó sagt, að kostur sá, sem erfingjum er veittur til þess, að taka sjálfir við búinu, eptir frumvarpinu er bundinn öðrum skilyrðum en þeim, er gjöra má ráð fyrir, þá tekið er við skuldum, og að búið því geti orðið selt skiptaráðanda í hendur, þrátt fyrir það, þótt erfingjar sjeu samþykkir, og engin hætta standi þeim af því, að taka að sjer skuldaábyrgð. Þannig er fyrir erfingjaskipti loku skotið, en eigi fyrir að gengizt verði við skuldum, ef erfingjar eru allir óforráða; þegar bæði eru til óforráða og forráða erfingjar, er að vísu eigi loku fyrir skotið, að erfingjaskipti geti orðið, sbr. 75. gr., en optlega mun þó standa svo á, að skiptaráðanda, eptir því sem hagar fyrir erfingjum eða annara kringumstæða vegna, þyki ástæða til, í þarfir þeirra, sem óforráða eru, að synja um, að búið verði selt þeim í hendur, þótt eigi sje ísjárvert, að láta hinn óforráða taka að sjer skuldaábyrgð, sbr. einnig 78. og 79. gr. um það, að bú, er eptir 75. gr. hefur verið selt í hendur erfingjum, geti aptur orðið lagt undir skiptaráðanda. Því næst verður eigi sagt, að erfingjar, þegar þeir eru ósamþykkir, fari á mis við allan þann hagnað, er annars getur af því flotið, að tekið sje við skuldum. Því það, að eignum búsins skuli einkanlega varið í þágu skuldheimtumanna, og að öllum skuldum, hvort heldur komið er að gjalddaga eða eigi, skuli fullnægt á skiptum, er óhagræði, sem erfingjar mættu óska að komast hjá, þótt þeir að öðru leyti eigi geti komið sjer saman um, hvernig fara skuli með búið, og fyrir því beiðast aðstoðar skiptaráðanda til þessa.

Um 56. gr. skal getið þess, að þegar hjer er ákveðið, að með bú þau, sem hjer greinir, skuli að öðru leyti farið eptir því, sem talið er í kapítulanum næst hjer á undan, nema þar, sem lög þessi ákvarði á annan veg, þá á þetta einkanlega við um innkallanir erfingja á hinar einstöku skiptasamkomur (23. gr.), um það, hvernig innkalla skuli skuldheimtumenn, og um áhrif þeirrar stefnu (22. gr.), um það er 27.—28.

gr. mæla fyrir um, hvernig afsala skuli eigur búsins, þó svo, að í búum þessum komi eigi til tals um áhrif þau, sem eru samfara þröngunaruppboði, og að gefnar eru ákvarðanir í 51. gr. um að skiptaráðandi sje ekki bundinn við ályktanir skiptasamkomunnar um það, hvernig gjöra skuli eignir búsins í peninga; enn fremur um aðstoð þá, er skiptaráðandi getur leitað sjer (30.—33.), um rjett þess hjóna, sem er á lífi eptir, og erfingjanna til þess, að lagður verði þeim hlutur þeirra í búinu eptir mati (47.—49. gr.), svo og um niðurjöfnun á erfðahlutum (45., 46. og 50. gr.). Loksins skal einnig um þrætur í búum þessum á milli erfingja og skuldheimtumanna, sem bornar verða undir skiptaráðanda, svo og um deilur erfingjanna sín á milli, farið eptir því, sem fyrir segir í 37. og 39.—42. gr.

5. kapítuli.

Um meðferð á dánarbúum, þegar það hjóna, sem eptir er á lífi, ábyrgist skuldir búsins.

57.—63. gr.

Þegar það hjóna, sem eptir er á lífi, ábyrgist eigi skuldir búsins, stendur það í öllu verulegu jafnt að vígi og erfingjar hins fyr dána. Skal þá með búið farið, svo sem fyrir segir í 4. eða 3. kapítula, eptir því, hvort tekið hefur verið við skuldum eða eigi, nema skilyrðanna fyrir erfingjaskipti njóti við. En ábyrgist það hjóna, sem eptir er á lífi skuldir búsins — en það mun jafnaðarlega eiga sjer stað, þegar maðurinn er sá, sem eptir lifir, og gildir skilmálalaust, þegar það hjóna, er eptir lifir, hefur setið í óskiptu búi, hvort heldur maðurinn eða konan á í hlut — verður það eigi umtalsmál, hvort taka skuli við skuldum eða eigi.

Eins og það er vitaskuld, að það hjóna, sem eptir er á lífi, fær eigi einhliða vikið sjer undan ábyrgð sinni, heldur hlýtur framvegis að ábyrgjast skuldirnar, eins hefur frumvarpið á hinn bóginn fram fylgt sjónarmiði því, er við hlutarins eðli hefur að styðjast, að erfingjar hins fyr dána hljóti eigi, með því að taka í móti arfi, neina ábyrgð á skuldum búsins, sbr. 61. gr.

Eins og húsfreyja getur eigi hlotið neina ábyrgð á skuldum fjelagsbúsins fyrir það, þótt búinu, þegar hjónaskilnaður verður eða sambúð hjóna slítur, sje skipt upp meðal hjónanna, án þess að skuldheimtumönnum sje á undan fullnusta gjör, eins er heldur eigi ástæða til að leggja erfingjum húsfreyju skuldaábyrgð á herðar, þótt maðurinn eptir andlát húsfreyju leggi þeim út hlut hennar í búinu í arf. Á sama hátt er því varið, þegar arfur eptir það hjóna, sem fyr er dáið, hefur staðið í búi hjá því, er eptir lifir, þótt það sje húsfreyja, því með því að sitja í óskiptu búi hefur hún gengizt sjálf undir einkaábyrgð á öllum skuldum búsins; þær snerta einungis erfingja mannsins að því leyti, að þeir verða að láta sjer lynda, að leitað verði fullnustu á skuldunum í gjörvöllu búinu, enda þótt nokkur hluti þess sje þegar í arf fallinn eptir það hjóna, sem fyr dó. Í engu af tilfellum þeim, sem talin eru, verður færð nokkur rjettarástæða fyrir því, að útborgun sú, er það hjóna, er skuldaábyrgð ber, gjörir á hluta hinna annara, er þátt eiga í búinu, skuli baka móttakendum ábyrgð á skuldum búsins, fremur en aðrar ráðstafanir, er skuldari gjörir, þá er fjemunir eru færðir úr búinu. Reyndar getur það við borið, að það hjóna, sem er á lífi eptir, með því að borga erfingjunum út arfinn, nái eigi að veita skuldheimtumönnum fullnustu, annaðhvort af því að eignir búsins hafa verið of hátt metnar, eða of lítið úr skuldum þess gjört. En skuldheimtumönnum stendur eigi meiri hætta af því, þótt skuldari leggi út arf á skiptum erfingjum þess hjóna, er fyr dó, heldur en þegar hann, án þess að skipti fari fram, selur fjemuni af hendi í þágu þeirra. Eigi að síður hefur í 2. lið 61. gr. verið gjörð ákvörðun, er miðar til þess að vernda

skuldeigendur, þegar þannig er ástatt, sem nú var sagt, og er þar samkvæmt hinum gildandi lögum, smbr. tilsk. 25. septbr. 1850 11. gr., farið fram á, að eigna-afsali megi kollvarpa, ef það hjóna, sem er á lífi eptir, hefur með því gjört á hluta skuldeiganda, og er þar að auki ákveðið, að vilji skuldheimtumenn eigi viðurkenna, að skýrsla sú sje rjett, er sá, er eptir lifir, hefur gefið um fjárhag sinn, þá er skipti fóru fram, þá eigi þeir heimting á, að það hjóna, er eptir lifi, staðfesti skýrslu sína með eiði.

Af stöðu þeirri, er það hjóna, sem eptir er á lífi, og erfingjar hins fyr dána eru látnir hafa gagnvart skuldurum í búum þessum, leiðir, að fullnægja má til hins ítrasta heimtingu þeirri, er það hjóna, sem eptir er á lífi, á á hlíðarsamri meðferð við skiptin. Ekki að eins verður í þessum búum, þar sem skuldeigendur geta neytt rjettar síns gagnvart því hjóna, sem eptir er á lífi, þótt skipti fari fram, smbr. 62. gr., einungis umtalsmál um að taka bú undir meðferð sem þrotabú, þegar eins stendur á, og þegar gjaldþrot í lifanda lífi ber að, heldur má einnig takmarka skiptin þannig, að þau verði eingöngu í því fólgin að komast eptir, hvað erfingjar hins fyr dána muni eiga tilkall til, með því að leggja til grundvallar þá framtölu á skuldum og heimtum búsins, er það hjóna sjálft gjörir, sem eptir er á lífi, og að skiptaráðandi hafi varlega gætur á því; en þó hafa verið gjörðar sjerstakar ákvarðanir um það, þegar svo er ástatt, að óttast má fyrir, að það hjóna, sem er á lífi eptir, muni ótilhlýðilega raska eignum búsins smbr. 58. gr., 2. og 3. kafla.

6. kapituli.
Um skipti á fjelagsbúi, þegar hjónabandi eða sambúð hjóna slítur.

64.—70. gr.

Einnig um þessi bú hefur þeirri skoðun verið framfylgt, að skipti varði að engu skuldheimtumenn, og tekst húsfreyja eigi á hendur skuldaábyrgð fyrir það, þótt hún láti leggja sjer hluta sinn úr búinu, en hún getur að eins, þegar svo stendur á, verið skyld til að selja aptur af hendi það, er hún hefur móttöku veitt, sbr. 68. gr. Af þessu leiðir, að skiptameðferðin á búum þessum verður mjög áþekk skipun þeirri, sem fyrir er sagt um í hinum undanfarna kapítula, og einkanlega samsvara reglurnar í 64., 68. og 69. gr. ákvörðunum þeim í 5. kap., sbr. 58., 61. og 62. gr., sem við það efni eiga. Þó er sá mismunurinn, að húsbóndi í þessum búum stendur gagnvart hlutareiganda í búinu, er sama rjett hefur og hann. Eins og hann því ekki getur heimtað, að hinn málspartur inn skuli una við framtölu þá, er hann gjörir á skuldum og heimtum búsins, en má heimta, að regluleg skrásetning og virðingargjörð fari fram, þannig getur hann eigi heldur krafizt þess, að njóta neinnar forgöngu fyrir húsfreyju til þess að láta leggja sjer út búið, eða einstaka muni þess.

III. ÞÁTTUR.
Um erfingjaskipti.

71.—81. grein.

Ákvarðanirnar í 71. gr. eru í öllu verulegu samkvæmar þeirri rjettarvenju, sem ætla má að fylgt sje á Íslandi í þeim efnum; einungis hefur í niðurlagi greinarinnar verið bætt við nýrri ákvörðun um, að skiptaráðandi megi taka í mót vitnisburðum og eiðstaf þeirra votta, er erfingjar leiða fram fyrir hann.

Við 72. gr. þykir tilefni til að leiða gætur að ákvörðuninni um, að erfingjar þeir, er síðar gefi sig fram, eigi kost á að heimta, að búið verði tekið fyrir til opinberra skipta, er þeir færa fullar sönnur á erfðatilkall sitt, vilji hinir aðrir erfingjar eigi við það kannast. Þegar erfingjar þeir, er fyrstir mæta, hafa tekið búið að sjer, myndast nefnilega

rjettarástand, sem eigi má raskast, nema sönnur fáist fyrir því, að aðrir sjeu til, er eigi þann rjett, sem heimilar þeim að krefjast þessa. Bætist þar við einnig, að erfingjar fá eigi fríað sig undan skuldaábyrgð, jafnvel þótt skiptaráðandi taki þá að sjer búið.

Eins og getið er að framan, hefur það verið haldið, að þegar skilyrði þau, sem nefnd eru í 75. gr., eru til staðar, mætti veita erfingjum kost á, að fá bú selt sjer í hendur, þótt nokkrir erfingjar sjeu óforráða eða fjærstaddir. Því verður nefnilega eigi neitað, að optlega geti orðið mjög ósanngjarnt fyrir hina óforráða erfingja, að leggja á þá útgjöld og önnur óhagræði þau, sem samfara eru opinberri skiptagjörð, eingöngu fyrir þá sök, að einn eða fleiri af samerfingjum eru óforráða, og því er ástæða til að takmarka þessa skiptameðferð, sem mest verða má, þótt eigi verði hún öldungis felld í burt. Hin verulegasta hætta, sem búin er þeim óforráða eptir þessari tilhögun, er í því fólgin, að þeir takast skuldaábyrgð á hendur, með því að taka í móti búinu, en í því efni kemur fram hið sama, er til þess hefur leitt, að fjárhaldsmaður hins óforráða geti, með samþykki skiptaráðanda á opinberum skiptum, lýst því yfir, að hann taki við skuldum; og bætist þar við einnig, að einmitt það atriði, að einn eða fleiri forráða erfingjar hafa eigi vílað fyrir sjer að gangast undir ábyrgð á skuldum, er veruleg trygging í þessu efni. Þegar opinber skipti eiga fram að fara vegna hinna óforráða erfingja, ber þó til þessa ekki einungis, að hinir óforráða skulu eigi látnir eiga undir þeirri hættu, sem er samfara því, að taka að sjer skulda-ábyrgð, þar sem efi leikur á um, að búið hrökkvi til, heldur verður einnig með þessu móti sjeð fyrir því, að þeir fái allt það, er þeim ber með rjettu. Það er því heldur ekki meining frumvarpsins, að það skuli umsjónarlaust lagt á vald fjárhaldsmanna, að jafna niður og skipta búinu ásamt hinum forráða erfingjum, heldur skal skiptaráðandi, er skipti eru á enda, sjá um, að hinir óforráða hafi náð rjetti sínum. Til þessa verður dómurinn að leggja til grundvallar skrásetning þá og virðingargjörð á búinu, sem farið hefur fram, áður það var fengið erfingjum í hendur, og kemur hjer að góðu haldi.

Um hinar nánari reglur fyrir meðferðinni á þessum búum skal vísað til 77.—80. gr.; og eiga þessar greinir að öðru leyti eigi einungis við það, sem getið er í 75. gr., heldur einnig við það, sem tekið er fram í 7., 10. og 5. gr. b, að því leyti er erfingjaskipti verða haldin, eptir hinni síðustu ákvörðun.

Viðvíkjandi ákvörðun 78. gr. um, þegar leggja skal út óforráða eða fjærstöddum erfingjum í sinn hluta, skal þess getið, að yfirdómurinn hefur álitið, að leyfa mætti, að leggja hinum óforráða út erfðahluta sinn í fasteign án samþykkis skiptaráðanda, en landshöfðingja hefur þótt rjettara, að halda ákvörðun hinna dönsku skiptalaga um, að leyfi skiptaráðanda útheimtist til þess, að leggja út annað en reiðu-peninga, nema þar sem 63. gr. á við, og hefur stjórnarráðið aðhyllzt þessa skoðun.

Þar eð þrætur erfingja á milli optlega varða umboðsleg efni, er eigi eru til þess fallin, að út af þeim verði hafin málssókn, hefur 76. gr. mælt svo fyrir, að þau mál megi bera undir þann skiptaráðanda, sem búið hefði horfið undir, ef opinber skipti hefðu átt sjer stað. Komist skiptaráðandi með úrskurði sínum að niðurstöðu, er erfingjum þeim, sem fengið hafa krafur sínar til greina teknar, er fyrirmunað að framkvæma sjálfir, þá koma að vísu fram nokkur vandræði, ef erfingjar þeir, er borið hafa lægra hlut, vilja eigi hegða sjer eptir úrskurðinum. Þegar svo er ástatt, getur að vísu að því rekið, að erfingjar neyðist til, af því úrskurði skiptaráðanda verður eigi fullnægt með aðför að lögum, og geti þeir eigi útvegað úrskurðinum dómsatkvæði með því að leita til hins vanalega dómstóls eptir 8. gr., að heimta, að skiptaráðandi taki að sjer búið, og verður hann þá fær um að framkvæma úrskurðinn. En erfingjar þeir, sem vegna þess, að samerfingjar þeirra hafa

neitað að hlýðnast úrskurði skiptaráðanda, hafa neyðzt til að neyta rjettar síns með því, að selja fram búið til opinberrar skiptagjörðar, mega þá einnig geta krafizt skaðabóta fyrir kostnað þann, er þeim hefur orsakazt af þessu.

Að því leyti sem það, er fyrir er mælt í hinum öðrum kapítulum frumvarpsins, eptir eðli sínu á við um erfingjaskipi, skal því fylgt við skipti þessi, sem segir í 81. gr. Í þessu efni hafa einkanlega ákvarðanirnar í 47., 49., 53., 60., 61., 63., 65., 66. og 68. gr. verið hafðar fyrir augum.

IV. ÞÁTTUR.

Viðaukagreinir.

82.—93. grein.

Eptir 82. gr. skal farið eptir því, sem fyrir er sagt um opinber skipti á dánarbúum, með þeim tilbreytingum, sem leiða af hlutarins eðli, þegar skipta á öðrum búum, t. a. m. hlutafjelagsbúum, og sjeu það eigi veruleg þrotabú.

Samkvæmt því, sem landshöfðingi hefur látið í ljósi, hefur þótt við eiga, að reglum þeim, sem upp eru taldar í 3. kapítula um opinbera skiptameðferð á búum, þegar erfingjar takast eigi á hendur skuldaábyrgð, verði einnig beitt, þá er farið skal með þrotabú, og að það hið sama verði einnig að nokkru leyti ákveðið um ákvarðanirnar í 2. kapítula, sjálfsagt þó með þeim tilbreytingum, sem leiða af því, að efnin eru frábrugðin. Ákvörðun, er hjer að lýtur, hefur fyrir því tekin verið upp í 2. lið 82. gr., og hafa einkum verið hafðar hugstæðar í því efni greinirnar: 12., 15., 16. 1. kafli, 19. 1. liður, 20. 2. kafli, 22.—28., 29. 1. liður, 30.—42., 43. 2. liður, 44., 46. og 50.

84. gr. (sbr. 86. gr.) setur ákvarðanir, er menn hingað til hafa saknað, og sem miða til þess, að gjöra hægra fyrir að höfða lögsókn, þegar mál skal hafið gegn öllum erfingjum í einu lagi, þar eð málsókn sú, eptir lögum þeim, sem nú eru, verður einungis hafin gegn þeim eptir sjerskildri veitingu á leyfisbrjefi, nema erfingjar eigi allir eitt og hið sama varnarþing; 85. gr. (sbr. 86. gr.) mælir og fyrir á líkan hátt um lögsóknir til apturskila á því, er erfingi eða skuldheimtumaður hefur fengið ofborgað á skiptum, og er ákvörðun þessi einkum áríðandi, þegar fleiri skuldheimtumenn eða erfingjar eru, og eins atvikast og sagt er.

Þar eð eigi hefur verið leitt í lög á Íslandi opið brjef 21. apríl 1824, sem í 1. gr. leggur við hegningu og bætur, ef skiptaráðandi gjörir sig sekan að ólöglegum drætti á skiptum, hefur í stað þess, eins og gjört er í 89. gr. í hinum dönsku skiptalögum, að vísa til þessarar tilskipunar, verið tekin upp í 89. gr. frumvarps þessa bein ákvörðun um hegningu og bætur fyrir yfirsjón þessa.

Að lokum skal þess getið, að yfirráð þau, sem hin dönsku skiptalög leggja dómsmálastjórninni í hendur, hefur frumvarp þetta fengið á vald landshöfðingja.

FYRSTA UMRÆÐA

í efri deild alþingis.

Á 3. fundi efri þingdeildarinnar, 5. dag júlímánaðar, kom *frumvarp til laga fyrir Ísland um skipti á dánarbúum og fjelagsbúum o. fl.* samkvæmt dagskránni til fyrstu umræðu; og með því að enginn tók til máls, áleit forseti fyrstu umræðu lokið, og leitaði atkvæða um það, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt. Því næst bar hann það undir atkvæði, hvort kjósa skyldi nefnd í málið, og fjellust allir á það; stakk þá forseti upp á þriggja manna nefnd, en Bergur Thorberg hreifði því, hvort eigi mundi betra að kjósa 5 menn í nefnd, en Eiríkur Kúld áleit heppilegra að kjósa 3 menn, bæði af því, hve fámenn deildin væri, ef margar nefndir skyldi kjósa, og sakir þess, að ef valið tækist eigi sem heppilegast, mætti eptir þingsköpunum síðar bæta tveim mönnum við, ef þurfa þætti. Forseti ljet þá greiða atkvæði um 5 manna

nefnd, og var það fellt, en þriggja manna nefnd síðan samþykkt; voru í hana nefndir:

Árni Thorsteinson með 8 atkvæðum.
Bergur Thorberg — 7 —
Magnús Stephensen — 5 —

Í nefndinni var formaður og framsögumaður kosinn Bergur Thorberg og skrifari Magnús Stephensen.

Á 6. fundi efri þingdeildarinnar, 9. dag júlímánaðar, bar formaður nefndarinnar í máli þessu upp þá ósk af hálfu nefndarinnar, að tveim mönnum væri bætt í nefndina, og nefndi til þess Ásgeir Einarsson og Benidikt Kristjánsson, og gaf þingdeildin samþykki sitt til þess í einu hljóði.

NEFNDARÁLIT
um frumvarp til laga fyrir Ísland um skipti á dánarbúum og fjelagsbúum o. fl.

Hin háttvirta efri deild alþingis hefur kosið oss, sem hjer ritum nöfn vor undir, í nefnd til að íhuga frumvarp til laga um skipti á dánarbúum og fjelagsbúum og fl., sem lagt hefur verið fyrir deildina af hálfu stjórnarinnar. Nú er vjer höfum vandlega íhugað frumvarp þetta og rætt það á mörgum fundum, skulum vjer leyfa oss, að láta uppi álit vort um það á þessa leið.

Það er samhuga álit vort, að frumvarpið, ef það verður að lögum, muni verða mikilsvarðandi rjettarbót fyrir landið. Það hlýtur að vera mjög svo áríðandi, að ekki að eins þeir, sem eiga að fram fylgja lögunum, geti vitað, hvað eru lög í hverju efni, heldur og að þeim, sem lögunum eiga að hlýða, veitist auðvelt færi á að kynna sjer, hverjar skyldur lögin leggi þeim á herðar, og hver rjettindi þau veita þeim; en hingað til mun þessu hvorutveggja hafa verið næsta ábótavant, að því er til skiptamálefna kemur. Ef nú þetta frumvarp verður að lögum, þá mun það taka af marga óvissu, sem hingað til hefur átt sjer stað um það, hvað sjeu gildandi lög í skiptamálefnum, þar að auki safnar það saman á einn stað lagaákvörðunum, sem áður hafa verið á víð og dreif, og veitir lagagildi mörgum rjettarreglum, sem áður að eins hafa haft venju við að styðjast. Loks mun það, eins og sýnt er fram á í ástæðum stjórnarfrumvarpsins, gjöra skipti á dánarbúum í mörgum greinum frjálslegri, þar sem að einu leytinu erfingjaskipti verða miklu tíðari eptir frumvarpinu en áður, og að öðru leytinu mjög er rýmkað um atkvæðisrjett erfingja og skuldheimtumanna í meðferðinni á þeim búum, þar sem opinber skipti eiga fram að fara.

Eins og fyrirsögn frumvarpsins ber með sjer, er aðalefni þess um skipti á dánarbúum og fjelagsbúum, en þó að eins þeim búum, sem hrökkva fyrir skuldum, aptur á móti nær það eigi til skipta á þrotabúum, að öðru leyti en því, að í 82. grein frumvarpsins er svo fyrirmælt, að í þrotabúum skuli fara eptir því, sem fyrir er skipað um skipti á dánarbúum, þegar erfingjar ekki gangast við arfi og skuldum, með þeim tilbreytingum, sem nauðsyn er á. Eptir því hvernig til hagar hjer á landi, þarf nú að vísu ekki að búast við, að opt muni koma fyrir þrotabú flóknari en svo, að þangað til að úthlutuninni kemur, megi fara með þau á sama hátt og dánarbú þau, sem nú voru nefnd; en þá hefur nefndinni virzt nauðsynlegt, að lögin einnig segðu fyrir um, eptir hvaða reglum úthlutunin til skuldheimtumannanna eigi fram að fara, eða með öðrum orðum, í hverri röð skuldheimtumennirnir eigi að koma til greina, til að fá skuldir sínar borgaðar, því að reglur þær, sem hingað til hefur verið farið eptir í því efni, hafa sumpart ekki náð nógu mikilli festu, sumpart verða þær ekki álitnar alls kostar rjettlátar nje samsvarandi hugsunarhætti vorra tíma, og má í því efni sjerstaklega nefna þá reglu, að skuldakröfur þær, sem brjef er fyrir («handskriptarkröfur»), gangi fyrir reikningsskuldum og öðrum skuldum, sem ekkert brjef er fyrir, sbr. DL. 5.—14.

—38. Nefndin hefur því bætt inn í frumvarpið nýjum þætti (fjórða þætti), þar sem mælt er fyrir um niðurröðun skulda í þeim búum, sem ekki hrökkva fyrir skuldum, og hefur nefndin þar haft hliðsjón af hinum nýju dönsku lögum um gjaldþrot, 25. marz 1872. Auk þess sem nefndin í þessum þætti hefur safnað saman á einn stað öllum þeim reglum, sem hingað til hefur verið fylgt um niðurröðum skulda í þrotabúum, og leitazt við að taka þau skýrar og skarpar fram, hefur hún stungið upp á þeirri aðalbreytingu frá því sem nú er, að forgöngurjettur sá, sem brjeflegum skuldum hefur verið veittur fyrir reikningsskuldum og öðrum skuldum, sem ekki er brjef fyrir, skuli afnuminn (smbr. 85. gr.), og þykir ekki þörf á að til færa neinar sjerstæðar ástæður fyrir þeirri breytingu, en einungis benda á, hversu ósanngjarnt það er, að munnleg, en vottanleg skuldbinding skuli standa á baki annarar brjeflegrar, sem máske engin önnur sönnun er fyrir en brjefið sjálft. Önnur nýmæli, sem nefndin hefur stungið upp á í þessum þætti, eru sjer í lagi: ákvörðunin í 83. gr. b. 3., að gjöld til prests og kirkju skuli standa jafnfætis gjöldum til landssjóðs og sveitar; ákvörðunin í sömu grein b. 5., að kaup daglaunamanna og handverkssveina, sem og kaup kennslupilta hjá iðnaðarmönnum skuli njóta sama forgöngurjettar sem vinnufólkskaup (tilsk. 26. jan. 1866, 31. gr.), og ákvörðunin í sömu grein staflið c, um forgöngurjett allra þeirra skulda, er heimfærðar verða undir «sjúkdóms- og legukostnað».

Þessi viðauki um skuldaröðina í þrotabúum er aðalbreyting sú, sem nefndin leyfir sjer að stinga upp á við frumvarp stjórnarinnar, en þar að auki hefur nefndinni virzt nauðsynlegt að laga allt frumvarpið að formi og orðfæri, og hefur hún því orðið að semja alveg nýtt frumvarp, sem að efninu til er samkvæmt frumvarpi stjórnarinnar, en þó með þeim smábreytingum, sem nú skal greina.

Í 2. grein er lægsta stig sektanna látið vera óákveðið, þar sem það er 10 kr. í frumvarpiuu, svo að dómstólarnir eigi kost á að velja lægri sekt, ef málavextir mæla með því.

Í 16. grein er ákveðið, að skiptaráðandi löggildi uppskriptar- og virðingarbækur hreppstjóra, en ekki amtmaður, eins og segir í stjórnarfrumvarpinu, með því þetta þótti umsvifa-minna.

Í 21. grein er sleppt að skírskota til lögskipaðrar innköllunar til erfingja með árs og dags fyrirvara, eins og gjört er í stjórnarfrumvarpinu, fyrir þá sök að tilskipun 5. júlí 1822, sem mælir fyrir um slíka innköllun, eigi hefur verið lögleidd hjer á landi.

22. grein er nokkuð stytt, án þess þó að gjörð hafi verið efnisbreyting á ákvörðunum hennar.

Með því fyrimæli 23. gr. um það, hvernig boða skuli til skiptafunda, ekki virðast eiga við eptir því, sem hjer hagar til, einkum að því er snertir auglýsingu í blöðum, hefur nefndin breytt þeim þannig, að skiptaráðandi skuli boða til skiptafunda á þann hátt, sem bezt á við á hverjum stað.

Í 28 grein er «gangverð innanríkis» sett í staðinn fyrir «gangverð á verzlunarhöllinni í Kaupmannahöfn», án þess með því virðist gjörð nein efnisbreyting.

Í 30. grein þótti ísjárvert, að halda óbreyttri ákvörðuninni um, að innheimtumaður skilyrðislaust skuli setja áreiðanlega vissu fyrir sig, með því af þessu kynni að leiða, að stundum yrði mjög erfitt að fá innheimtumann, og virtist nægja að fyrir skipa þetta, þegar skiptaráðanda þætti þörf á því.

Með því skiptaráðanda eptir 33. gr. frumvarpsins er heimilt, að neyta þeirrar aðstoðar, er hann kynni þurfa, til að gegna þeim störfum í búinu, sem hann eigi sjálfur að lögum er skyldur að gegna, virtist nefndinni ákvarðanirnar í 32. gr. um skipun umsjónarmanns eigi nauðsynlegar, eptir því sem hjer hagar til, og hefur sú grein því verið felld úr, og eins aðrar ákvarðanir í frumvarpinu, er gjöra ráð fyrir umsjónarmanni.

Í 37. gr. stjórnarfrumvarpsins (36. gr. nefndarfrumv.) er sleppt orðinu «hefð», með því það þótti eigi eiga við í þessu sambandi eptir þeim reglum, sem gilda um hefð hjer á landi.

Í niðurlagi 44. gr. stjórnarfrumv. (43. gr. nefndarfrumv.) er sleppt orðunum: «eptir þeim reglum, sem farið er eptir í þrotabúum», með því þetta virðist vera skírskotun til hinna dönsku laga um þrotabú, 25. marz 1872, sem ekki gilda hjer á landi.

Um 49. gr. stjórnarfrumv. (48. gr. nefndarfrumv.) skal vísað til þess, sem sagt er um 28. gr.

Af sömu ástæðum, sem teknar eru fram við 23. gr., er felld úr 50. gr. stjórnarfrumv. (49. gr. nefndarfrv.) ákvörðun um opinbera auglýsingu, en sett í staðinn, að skiptaráðandi skuli kveðja hlutaðeigendur til fundar.

64. gr. stjórnarfrumv. og nokkrar aðrar greinir 6. kap. virðast gjöra ráð fyrir, að það ávallt sje maðurinn, sem haldi áfram að hafa afnot af búinu, þegar hjón slíta sambúð; en með því það getur komið fyrir, að konan haldi búskapnum áfram, og að það sje maðurinn, sem yfirgefur búið, hefur nefndin í staðinn fyrir orðið «húsbóndi» sett: «það hjóna, sem eptir býr» bæði í þessari grein (63. gr. nefndarfrumv.) og annarstaðar, þar sem eins er ásett.

Í 77. gr. og 87. gr. stjórnarfrumv. (76. gr. og 95. gr. nefndarfrumv.) er «innanríkis» og »utanríkis» breytt í «innanlands» og «erlendis», sbr. 5. gr. c. og ástæður stjórnarfrumvarpsins fyrir þeirri grein.

81. gr. stjórnarfrumv. (80. gr. nefndarfrumv.) er nokkuð stytt, án þess að ætlazt væri til, að þar með væri gjörð efnisbreyting á ákvörðunum stjórnarfrumvarpsins.

Að síðustu skal þess getið, að orðin: «kyrrsetning» (kyrrsetja) «fjárnám» og «löggeymsla», sem ekki virðast enn hafa fengið öldungis fasta og einskorðaða þýðingu í íslenzku lagamáli, eru höfð í frumvarpi nefndarinnar um það, sem í dönskum lögum er nefnt: «Arrest, »Udlæg» (Exekution) og «Afsætning». Sömuleiðis athugast, að orðið: «nauðungaruppboð» er haft um «Tvangsauktion», það eru þau uppboð, sem haldin eru eptir kröfu annars manns en eiganda þess, sem upp er boðið, og orðið «ábyrgðarkvittun» um «skaðeslös Kvittering», eða kvittun með skuldbindingu um, að borga aptur fje það, sem kvittunin hljóðar um, eða nokkurn hluta þess, ef síðar reynist, að það hefði eigi átt að greiðast, eða að of mikið hafi verið greitt.

Alþingi, 11. dag ágústm. 1877.

Árni Thorsteinson. Ásgeir Einarsson.
Benidikt Kristjánsson. Bergur Thorberg,
Magnús Stephensen, form. og framsögum.
skrifari.

FRUMVARP
til laga um skipti á dánarbúum og fjelagsbúum, o. fl.

FYRSTI ÞÁTTUR.
Um tilkynning andlátsins og hin almennu skilyrði fyrir því, að skiptaráðandi skipti dánarbúi.

1. kapituli.
1. grein.

Þegar maður deyr, skal tafarlaust, eða að minnsta kosti svo fljótt sem unnt er, tilkynna það skiptaráðanda eða hreppstjóra, en hann gefur ókeypis vottorð um tilkynninguna, þegar þess er krafizt. Hafi látið verið tilkynnt hreppstjóra, skal hann þegar skýra skiptaráðanda frá því.

Ef annað hjóna er eptir á lífi og viðstatt, er það skylda þess, að tilkynna látið, ella erfingja þeirra, sem komnir eru til lögaldurs, ef viðstaddir eru; en að öðrum kosti er það skylda þess, er hinn framliðni var til húsa hjá, eða heimilismanna hans, þeirra sem til lögaldurs eru komnir.

Eigi má prestur jarða lík fyrri, en honum hefur verið sýnt vottorð skiptaráðanda eða hreppstjóra um tilkynningu látsins. Þó má út af þessu bregða, ef eigi hefur verið unnt að tilkynna látið; en þegar svo er, skal presturinn tafarlaust

skýra hreppstjóra frá látinu og greptruninni.

2. grein.

Ef vanrækt er að tilkynna lát, svo sem mælt er fyrir í 1. grein, varðar það sekt, allt að 100 kr., er rennur í landssjóð, og skal sækja mál það sem opinbert lögreglumál. Hin sama sekt liggur við, ef prestur vanrækir skyldur þær, er honum ber að gæta eptir sömu grein.

3. grein.

Lát má tilkynna bæði skriflega og munnlega, og skal þá, ef unnt er, tilgreina, hvar hinn framliðni hafi átt heimili eða dvöl, hverjir erfingjar hans sjeu, og hvar fjármunir hans sjeu niður komnir.

Það er skylda þess, sem skýrir frá látinu, og annara, er hafa eigur hins dána í vörzlum sínum, að gæta þeirra vandlega, þangað til skiptaráðandi ráðstafar þeim.

4. grein.

Rjett er, að einn erfingja krefjist þess, að skiptaráðandi skipti búi, þótt allir hinir sjeu á það sáttir, að skipta sjálfir. Þar á móti geta hvorki þeir, er eiga gjafir, nje þeir, er eiga skuldir að heimta í búinu, krafizt opinberra skipta.

5. grein.

Skiptaráðandi tekur dánarbú til skipta, hvort sem erfingjar æskja þess eða ekki:

a, þegar einhver erfingjanna eigi er kominn til lögaldurs, þá er skipti byrja;

b, þegar einhver erfingjanna er sviptur fjárforræði, þá er skiptin byrja. En ef það er kvæntur maður, er býr saman við konu sína, og þau eiga fjelagsbú saman, þá má fjárhaldsmaður hans ásamt konunni taka þátt í erfingjaskiptum fyrir hönd þess, er sviptur hefur verið fjárforræði;

c, þegar einhver erfingjanna er erlendis, þá er skipti byrja, eða eigi er kunnugt, hvar hann er, og hann hefur eigi veitt öðrum manni umboð til að gæta hags síns við skiptin. Nú er eigi kunnugt, hvar erfingi er niður kominn, og engin vissa fyrir, að hann hafi lifað arfleifanda, og mega erfingjar samt sjálfir skipta með sjer, ef fimm ár eru liðin frá því, er síðast spurðist til hans.

Skiptaráðandi skal og taka til skipta dánarbú eptir gjaldheimtumenn og reikningshaldara, þegar hið opinbera eða ómyndugir eiga forgöngurjett eða lögboðinn veðrjett í eigum þeirra, og má þá eigi selja erfingjunum búið í hendur fyrri, en sjeð hefur verið borgið kröfum hins opinbera eða hinna ómyndugu.

6. grein.

Hvort sem erfingjar æskja þess eða ekki, skal skiptaráðandi enn fremur taka til skipta dánarbú þau, er hinn látni hefur löglega ákveðið að þannig skuli skipta. Jafnvel þó arfleifandi láti eptir sig arfgenga niðja, skal honum heimilt að ákveða með gjörningi, í því formi sem fyrir skipað er um arfleiðsluskrár, að búinu skuli skipt af skiptaráðanda, eða tilnefndum skiptaforstjórum, er eigi hafi dómsvald. Sömu ákvörðun getur það hjóna, er eptir lifir og situr í óskiptu búi, gjört um allt fjelagsbúið.

7. grein.

Nú hafa erfingjar sjálfir tekið bú til skipta, og kemur eigi til opinberra skipta, þó slík breyting verði á, meðan á skiptum stendur, að skiptaráðandi hefði átt að skipta búi, ef þannig hefði verið ástatt frá fyrstu.

8. grein.

Ef erfingjar, er sjálfir skipta, verða missáttir, er hverjum þeirra heimilt að krefjast, að skiptaráðanda sje selt búið í hendur til skipta samkvæmt því, sem fyrir er mælt um dánarbú, þegar gengizt er við arfi og skuldum.

9. grein.

Nú hefur skiptaráðandi byrjað á skiptum, en nauðsyn til opinberra skipta hefur horfið, áður en skiptum er lokið, og geta erfingjar þá krafizt, að búið sje fengið sjer í hendur, ef þeir allir eru á eitt sáttir um það. Til þessa þarf þó samþykki skuldheimtumanna þeirra, er hafa gefið sig fram, nema skuldir þeirra sjeu þeim borgaðar, eða þeir fái fulla tryggingu fyrir greiðslu skuldanna á gjalddaga. Ef innköllun til skuldheimtu-

manna hefur verið út gefin, má eigi selja erfingjum bú í hendur fyrri, en innköllunarfresturinn er liðinn.

Sama er og um skilyrðin fyrir því, að það hjóna, sem eptir lifir og má sitja í óskiptu búi, geti heimtað búið sjer fram selt til frjálsra umráða.

10. grein.

Þegar ætla má eptir því, sem fram er komið, þegar látið er tilkynnt, að dánarfje sje eigi meira en fyrir útfararkostnaði, má skiptaráðandi þá þegar selja það þeim í hendur, sem kostar útförina.

Nú hyggur skiptaráðandi, eptir því sem honum er þannig kunnugt orðið, að dánarfjeð nemi eigi 200 krónum, og hrökkvi þó fyrir skuldum, og fara þá eigi fram opinber skipti, þó annars bæri nauðsyn til þess eptir fyrirmælum 5. greinar, a—c, ef einn eða fleiri af erfingjum eru myndugir, og bæði þeir og fjárhaldsmenn hinna ómyndugu lýsa því yfir þá þegar, að þeir gangist við arfi og skuldum.

Ákvarðanirnar í 76.—79. grein ná eigi til þessara búa.

11. grein.

Að öðru leyti ber að fara eptir því, sem fyrir er mælt í 7. kapítula laga þessara, um það, hvers erfingjum ber að gæta, þá er þeir vilja neyta rjettar síns til að skipta sjálfir búi, og um það, hver skilríki þurfi af þeirra hálfu í þessu efni.

ANNAR ÞÁTTUR.

Um opinber skipti.

2. kapituli.

Um byrjun og fyrstu aðgjörðir á opinberum skiptum.

12. grein.

Þegar skilyrðin fyrir opinberum skiptum eiga sjer stað, og lög þessi ákveða eigi öðruvísi, þá skal skiptaráðandi byrja skiptagjörð eins fljótt, og því verður við komið, eptir að látið hefur verið tilkynnt honum, eða honum á annan hátt hefur orðið það kunnugt, og tekur hann þá eigur búsins undir umsjón sína, annaðhvort með því að innsigla þær, eða á annan hagkvæman hátt; svo ber honum og að sjá um, að þeir munir búsins, sem eru í öðrum lögsagnarumdæmum, verði annaðhvort innsiglaðir, eða að skiptaráðandinn þar taki þá undir sína umsjón.

Að svo miklu leyti, sem því verður við komið, ber skiptaráðanda að sjá um, að bókað sje nafn eiganda og ritað á skuldabrjef þau, er finnast í búinu, og bera með sjer að vera handhafa-eign. Verði skiptaráðandi þess vísari, að hinn framliðni hafi átt fje á skuldastöðum, ber honum að gjöra um það þá ráðstöfun, sem þörf er á.

Þessi gjörð skiptaráðanda nær eigi til þeirra muna, sem ætla má að sjeu annara eign, og þeir þegar geta heimtað sjer selda í hendur.

13. grein.

Nú eru skilyrðin fyrir því, að það hjóna, sem eptir lifir, megi sitja í óskiptu búi, eða að erfingjar megi taka bú til skipta án íhlutunar skiptaráðanda, að vísu eigi fyrir hendi, þá er látið er tilkynnt, en þó þykir mega sjá fyrir, að þeim verði fullnægt innan skamms tíma, og má skiptaráðandi þá fresta gjörðinni um hríð, nema honum þyki hætt við, að eigum búsins sje spillt, eða að þær misfarist.

14. grein.

Skiptaráðanda ber, sem fyrst eptir að hann hefur tekið við búinu, að rannsaka, hverjir eigi arf og gjafir að taka, svo og tilkynna þeim látið hverjum um sig, ef á þarf að halda; ber honum að gjöra það á þann hátt, sem honum þykir bezt við eiga eptir því sem á stendur, og má hann til þess hafa handfalið brjef. Sje einhver erfingja eða gjaftökumanna ómyndugur, á skiptaráðandi að sjá um, að honum sje skipaður fjárhaldsmaður sem fyrst, ef það ekki þegar hefur verið gjört. Nú er erfingi fjarstaddur og ókunnugt um verustað hans, eða hann er í þeirri fjarlægð, að eigi þykir mega fresta skiptum, þangað til ráðstöfun hans er fengin, enda mætir enginn með

umboð af hans hálfu, og ber skiptaráðanda einnig að sjá um, að honum sje skipaður fjárhaldsmaður, og hefur hann í öllum greinum sömu rjettindi og skyldur og er háður sama eptirliti sem fjárhaldsmenn ómyndugra.

15. grein.

Jafnsnemma þessu, eða svo fljótt, sem því verður við komið, ber skiptaráðanda að láta upp skrifa og virða dánarbúið; svo skal og tilgreina kröfur og skuldir búsins, eptir því sem þá er kunnugt, nema haganlegra þyki að fresta þessu, þangað til farið hefur verið yfir reikningsbækur búsins og skjöl þess, en það ber skiptaráðanda að gjöra sem fyrst, þó svo að erfingjunum gefist kostur á að vera viðstaddir.

16. grein.

Gjörðir þær, sem nú hafa verið nefndar, framkvæmir skiptaráðandi eða hreppstjóri fyrir hans hönd með tveimur vottum, er virða skulu eignir búsins og leggja eið við; en ef sjerstakrar þekkingar þarf við, til nefnir skiptaráðandi virðingarmenn, sem til þess eru hæfir. Skiptaráðandi lætur vottana vinna eið að virðingunni á skiptafundi, ef þess er krafizt, áður skiptum er lokið. Þegar hreppstjóri framkvæmir gjörðir þessar, ritar hann þær í bók, er skiptaráðandi löggildir, og sendir honum eptirrit sem fyrst, eptir að gjörðinni er lokið.

Þegar gjörðir þessar eiga fram að fara, skal kalla til erfingja og þá, er til gjafa eiga að telja, ef því verður við komið, án þess að það valdi drætti. Annaðhvort við lok uppskriptarinnar, eða á skiptasamkomu, er haldin sje sem fyrst þar á eptir, ber skiptaráðanda að fá tillögur erfingjanna um ráðstafanir þær á búinu, sem eigi má fresta, og ráða síðan af, hvað gjöra skuli; svo skal hann og skora á þá að lýsa yfir, hvort þeir vilji taka að sjer ábyrgð á skuldum hins framliðna eða ekki. Sama er og um hreppstjóra, þegar hann skrifar upp bú. Veita má erflngjum stuttan umhugsunarfrest til þessarar yfirlýsingar. Nú er erfingi ómyndugur eða fjarstaddur, og hefur honum verið skipaður fjárhaldsmaður eptir 14. grein, og lýsir fjárhaldsmaður því þá yfir fyrir hönd erfingja, hvort hann taki ábyrgð á skuldum. Rjett er að skiptaráðandi varni því, að fjárhaldsmaður gangist við arfi og skuldum, þótt hann vilji, ef skiptaráðandi álítur, að erfingi bíði tjón af því.

17. grein.

Nú hafa erfingjar, sem verið hafa viðstaddir gjörð þá, sem um er getið í næstu grein á undan, lýst því yfir, að þeir takist á hendur ábyrgð á skuldum búsins, eða að minnsta kosti eigi skorast undan slíkri ábyrgð, en sumir erfingja eru fjarstaddir og hafa eigi látið í ljósi vilja sinn, og ber skiptaráðanda þá tafarlaust að kveðja á skiptafund alla þá, er til arfs og gjafa eiga að telja í búinu.

Þegar þeir, er arf eða gjafir eiga að taka, allir eru innanlands og skiptaráðanda er kunnugt um heimili þeirra eða verustaði, skal hann gjöra þeim aðvart hverjum fyrir sig, annaðhvort með handföldu brjefi, eða á annan hátt, er honum þykir við eiga.

Nú er eigi kunnugt um alla þá, er arf eða gjafir eiga að taka, eða hvort þeir sjeu innanlands, eða hvar þeir sjeu, og skal boða þá á skiptafund með auglýsingu, sem tvisvar sinnum sje birt í blöðum þeim, sem ætluð eru til almennra auglýsinga.

Skiptaráðandi til tekur boðunarfrestinn eptir atvikum.

18. grein.

Á skiptafundi þeim, sem um er rætt í 17. grein, ber skiptaráðanda að skýra erfingjum og gjaftökumönnum frá efnahag búsins, að því leyti kunnugt er; síðan skal hann skora á erfingja að lýsa yfir, hvort þeir vilji taka að sjer ábyrgð á skuldum hins dána eða ekki.

Nú fæst eigi á fundum þeim, sem um er rætt í 16. og 17. grein, yfirlýsing af hálfu allra erfingja um, að þeir vilji taka að sjer ábyrgð á skuldum búsins, og skal þá fara með búið, svo sem segir í 3. kapítula laga þessara, þannig að ábyrgð á skuldum þess nái eigi lengra, en efni þess hrökkva til.

3. kapítuli.

Um skipti á dánarbúum, þegar erfingjar taka eigi að sjer ábyrgð á skuldum.

I.

Almennar ákvarðanir.

19. grein.

Nú hafa erfingjar eigi gengizt við arfi og skuldum, og ber skiptaráðanda þá að fara sem mest eptir tillögum skuldheimtumanna um meðferð á búinu, þangað til skuldir þeirra hafa verið þeim goldnar, eða þeir hafa fengið tryggingu fyrir greiðslu þeirra; en upp frá því ber að telja erfingjana rjetta umráðamenn búsins.

Ef nauðsyn ber til að láta af hendi fjármuni úr búinu, eða gjöra aðra samninga í þarfir þess, áður en útgjört er um það eptir fyrirmælum 16. og 17. greinar, hvort erfingjar gangist við arfi og skuldum eða ekki, þá er skiptaráðanda þetta heimilt; en gæta skal hann þess, að rjettur skuldheimtumanna sje í engu skertur.

20. grein,

Þegar erfingjar gangast eigi við arfi og skuldum, skal tafarlaust gefa út innköllun til skuldheimtumanna, og taka það með berum orðum fram í henni, að erfingjar hafi eigi tekið að sjer ábyrgð á skuldum búsins, sbr. þó 42. grein.

Ákvæði eldri laga um, að skiptaráðanda beri sjerstaklega að skýra sumum skuldheimtumönnum eða öðrum frá skiptum, skulu standa óbreytt.

21. grein.

Í innköllun til skuldheimtumanna skal og með sama fyrirvara skora á þá, er arf og gjafir eiga að taka, ef eigi er þegar kunnugt, hverjir þeir eru og hvar þeir eru, að gefa sig fram; en eigi hafa þeir misst rjettar síns, þó þeir eigi gefi sig fram eptir innköllueinni. Annarar eða frekari innköllunar til erfingja þarf eigi við, og þegar innköllun til skuldheimtumanna löglega hefur verið sleppt (sbr. 42. gr.), þarf skiptaráðandi eigi að bíða með skipti á búinu lengur, en annara orsaka vegna er nauðsynlegt.

22. grein.

Ef ekki eru líkindi til, að hinn framliðni hafi átt skuldaskipti erlendis eða eigi þar erfingja, er innköllunarfresturinn 6 mánuðir, en ella 12 mánuðir, og ber frest þennan ávalt að telja frá síðasta birtingardegi; en innköllunina ber að birta á þann hátt, er segir í opnu brjefi 4. jan. 1861, 2. grein. Rjett er að skiptaráðandi þar að auki birti innköllun á annan hagkvæman hátt, ef honum þykir við eiga.

Nú verður síðar sú raun á, að hinn framliðni hafi staðið í skuldum erlendis, og skal eigi fyrir þá sök gefa út nýja innköllun, en erlendir skuldheimtumenn geta heimtað, að kröfur þeirra sjeu teknar til greina, ef þeir að eins gefa sig fram, áður 12 mánuðir eru liðnir frá síðasta birtingardegi innköllunarinnar. Ef slíkir skuldheimtumenn gefa sig fram, áður en úthlutunargjörðin hefur verið samin, má skiptaráðandi, ef þörf gjörist, breyta því, sem gjört hefur verið við skiptin. En ef þeir gefa sig eigi fram fyr, en skiptum er lokið, verður að áfrýja skiptagjörðinni til breytingar, og ber þá, er skipti fara fram á ný, að taka til greina skuldir þær, sem lýst hefur verið innan 12 mánaða frá síðasta birtingardegi innköllunarinnar.

Um fyrningu skulda eptir innköllun fer eptir eldri lögum.

23. grein.

Halda skal skiptafundi í búum svo opt, sem þurfa þykir, og boðar skiptaráðandi til þeirra á þann hátt, sem bezt á við á hverjum stað. Svo ákveður hann og fyrirvara, stund og stað.

24. grein.

Um málefni þau, sem til umræðu koma á skiptafundi, og um meðferð búsins, skal fara eptir tillögum fundarmanna þeirra, er atkvæðisrjett hafa (19. gr.); þó má skiptaráðandi hafna tillögum fjárhaldsmanns, ef hann ætlar, að þær sjeu skjólstæðing hans í óhag. Meðan innköllunarfresturinn eigi er liðinn, á skiptaráðandi eigi heldur að taka til greina ályktanir þær, er gætu kom-

ið í bága við hag skuldheimtumanna, er eigi hafa enn gefið sig fram, eða skerða rjettindi nokkurs manns.

Nú greinir fundarmenn á, og sker skiptaráðandi úr ágreiningi þeirra, og ber honum, svo sem unnt er, að taka tillögur þeirra til greina, en þó má hann ráða ágreiningnum til lykta á annan hátt, en tillögurnar hafa orðið, og fara eptir því, er hann ætlar haganlegast fyrir alla hlutaðeigendur, einkum þá, sem ómyndugir eru og fjarstaddir, nema öðruvísi sje ákveðið í lögum þessum.

25. grein.

Nú sækir maður eigi skiptafund, er honum hefur verið löglega boðaður, og hefur hann þá fyrirgjört rjetti símum til að mótmæla ályktunum þeim, er þar hafa gjörðar verið um stjórn búsins; en eigi hefur hann fyrir þá sök afsalað sjer neinum rjetti eða kröfu.

26. grein.

Nú kemur enginn þeirra á skiptafund, er atkvæðisrjett hafa um málefni búsins, og gjörir skiptaráðandi út um málefni þau, er til umræðu áttu að koma á þeim fundi, á þann hátt, er hann ætlar bezt henta. Þó ber skiptaráðanda, ef um áríðandi málefni er að gjöra og því verður við komið, að kveðja til fundar af nýju, áður en því sje ráðið til lykta.

27. grein.

Þegar selja á fjármuni bús, skal það gjört á almennu uppboðsþingi, er fram fer samkvæmt fyrirmælum laganna um nauðungaruppboð. Selja má þó fjármuni án uppboðs, ef meiri hluti þeirra, er koma á fund og atkvæðisrjett hafa, samþykkir, og skiptaráðandi er á sama máli, og þess hefur þar að auki gætt verið, sem fyrir er mælt í fyrra kafla 24. gr., sbr. 25. gr. Sama er og, ef skiptaráðandi ræður af að selja muni, sem hætt er við að skemmist eða rýrni í verði, ef þeir eru geymdir.

28. grein.

Ríkisskuldabrjef, skuldabrjef lánsfjelaga, hlutabrjef í bönkum og í járnbrautum og önnur slík ígildisskjöl, sem gangverð hafa innanríkis, skal selja eptir gangverði, nema skuldheimtumenn eða erfingjar vilji láta leggja sjer þau út eptir gangverði.

Nú á bú skuldakröfur, sem eigi eru þess eðlis, að þær verði lagðar út skuldheimtumönnum eða erfingjum með fullri upphæð þeirra, en eigi þykir tiltækilegt að kosta málssókn fyrir þeirra sakir, annaðhvort af því að krafan sje óvís, eða vegna tafar þeirrar, er hlytist af málssókninni, eða annara orsaka vegna, og skulu þær þá seldar á uppboðsþingi, nema erfingjar eða skuldheimtumenn vilji láta leggja sjer þær út eptir tiltölu, eða einn þeirra eða fleiri bjóðist til að taka þær fyrir ákveðið verð, og hinir samþykki.

29. grein.

Skiptaráðandi sjer um, að fjármunir búsins sjeu seldir, jafnskjótt og haganlegt þykir; eiga skuldheimtumenn, meðan greiðslu á skuldum þeirra eigi er borgið, rjett á að heimta, að sem bráðast verði að því undið, og þarf eigi að bíða eptir því, að innköllunarfresturinn sje liðinn. Nú er greiðslu skulda borgið, og er það þá komið undir erfingjum eða úrskurði skiptaráðanda eptir grundvallarreglum 50. gr., sbr. 46., 48., 59. og 62. gr., hvort og hvenær selja skuli fjármunina.

30. grein.

Skiptaráðandi framkvæmir öll þau störf, er lúta að meðferð búsins; en krefja má hann þess, að innheimtumaður sje fenginn, og skal hann kosinn með atkvæðafjölda á skiptafundi, sem kvatt hefur verið til, af þeim, er þar eiga atkvæðisrjett; en skiptaráðandi sjer um, að sá, sem kosinn er, setji veð eða aðra ábyrgð, ef þurfa þykir.

31. grein.

Þegar selja á lausafje búsins á uppboðsþingi, semur innheimtumaður frumvarp til söluskilmála og ber undir skiptaráðanda. Ræður hann, hver boð skuli taka gild, og ábyrgist sem sína skuld, að uppboðsandvirði verði greitt skiptaráðanda innan 6 vikna, frá því gjaldfrestur sá er liðinn, sem

settur er í uppboðsskilmálunum. Svo má skiptaráðandi og fela innheimtumanni á hendur að heimta inn skuldir búsins, og skal hann þá greiða skiptaráðanda það fje, jafnskjótt sem það heimtist.

Þóknun innheimtumanns fyrir starfa hans skal ákveða með samningi, eða með úrskurði skiptaráðanda, ef eigi hefur verið um samið.

32. grein.

Meðan á skiptum stendur, er skiptaráðanda heimilt að neyta þeirrar aðstoðar, er hann kynni þurfa til að gegna þeim störfum í búinu, sem hann eigi sjálfur að lögum er skyldur að gegna, svo sem er málaflutningur, stjórn og umsjón á fasteignum, rannsókn á bókum og skjölum, svo og að ljúka við fyrirtæki, er hinn framliðni hefur byrjað á.

Þóknun þeirra, sem hafa störf á hendi í þarfir búsins, ákveður skiptaráðandi, ef ágreiningur verður um.

II.

Um stöðu skuldheimtumanna.

33. grein.

Upp frá því, er dánarbú er tekið til opinberra skipta, skal bera upp fyrir skiptaráðanda allar kröfur á hendur hinum framliðna og til epirlátinna muna hans.

Nú hefur málssókn verið hafin gegn hinum framliðna og stefna verið honum löglega birt, og er þá rjett, að því máli sje haldið áfram gegn búinu til dóms á því varnarþingi, þar sem það var löglega höfðað.

34. grein.

Þegar dánarbú er tekið til opinberra skipta, fellur kyrrsetning á munum þess úr gildi, og eigi má framar kyrrsetja muni þess nje gjöra fjárnám í því og halda nauðungaruppboð til greiðslu skuldakröfum. En eigi breytist fyrir þá sök í neinu rjettur þeirra, sem fyrir lát hins dána hafa gjört fjárnám í eigum hans, eða fengið fjármuni setta í löggeymslu. Rjett er og, að menn selji muni, sem eru til tryggingar og selja má án undanfarandi lögsóknar, svo sem er um þá, er hafa handselt veð, eða veð samkvæmt tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr., eða hið opinbera samkvæmt lögum 15. apr. 1854, 9. gr. og tilsk. 26. febr. 1872, 7. grein.

35. grein.

Skiptaráðandi ákveður og úrskurðar, hvernig fara skuli með búið og úthluta því; hann sker úr, hvort kröfur gegn búinu verði teknar til greina eða ekki, . sbr. þó 33. gr. Þar á móti getur hann eigi skyldað neinn til að greiða búinu fje, eða leysa verk af hendi fyrir það, eða að öðru leyti lagt dóm á kröfur búsins gegn öðrum. Nú hefur verið lýst til skuldar í búinu, en búið hefur skuldakröfu á móti, og úrskurðar skiptaráðandi þá, að hve miklu leyti hún megi koma upp í skuldina. Ef heimtað er, að fram seldir sjeu munir úr búinu eða afsalaðir, má skiptaráðandi binda það því skilyrði, að efndar sjeu við búið skuldbindingar þær, er þar af leiða. Nú hefur fje verið greitt úr búinu gegn ábyrgðar-kvittun, og sker skiptaráðandi þá einnig úr, hvort það skuli aptur goldið að nokkru eða öllu sökum nýrra sannana eða atvika.

36. grein.

Hver, sem á til skuldar eða annarar kröfu að telja í búi, skýri frá því á skiptafundi eða í brjefi til skiptaráðandn, er lætur í tje vottorð um það, ef þess er krafið, og getur þess í skiptabókinni eða annari bók, sem til þess er ætluð.

Sá, er segir til skuldar á þennan hátt, verður aðnjótandi allra þeirra rjettinda, sem kæra til sáttanefndar eða málshöfðun hefur í för með sjer, að því er snertir borgun á vöxtum, riptingu á skuldafyrningu og fleira þess konar.

37. grein.

Þegar innköllunarfrestur til skuldheimtumanna er liðinn, ber skiptaráðanda innan mánaðar að semja skrá um skuldir þær, sem sagt hefur verið til, og raða þeim niður, ef þess gjörist þörf; síðan leggur hann fram skrána á skiptafundi, sem löglega hefur verið boðaður, ásamt skírteinum skuldheimtumanna.

Á fundi þessum ber að yfirskoða skrána ásamt athugasemdum skiptaráðanda um hana, og skora á hlutaðeigendur að láta í ljósi álit sitt um skuldakröfurnar. Nú vefengja þeir skuld eða halda því fram, að hún sje ekki á rjettum stað í skuldaröðinni, og skulu þeir þá bera upp mótmæli sín á fundinum, eða í síðasta lagi áður fjórar vikur eru liðnar frá fundardegi, og þar eptir fram fylgja þeim tafarlaust. Skuld, sem eigi hefur verið mótmælt innan þess tíma, ber að telja samþykkta. Á fundi þeim, sem hjer er um rætt, skal einnig, ef verða má, leggja fram yfirlit yfir fjárhag búsins.

38. grein.

Nú er skuldakröfu mótmælt, og skal þá skiptaráðandi leita um sættir, en ef sættum eigi verður á komið, leggur hann úrskurð á, hvort taka skuli kröfuna til greina að nokkru eða öllu leyti, og skal fara með það mál eptir rjettarfarsreglum þeim, sem í gildi eru. Á sama hátt skal ráða til lykta ágreiningi um forgöngurjett skulda, og hverjum öðrum ágreiningi um úthlutun búsins. Skiptaráðandi útvegar búinu talsmann í slíkum málum, ef þurfa þykir.

39. grein.

Eigi má leggja úrskurði skiptaráðanda til grundvallar fyrir meðferð búsins, fyr en áfrýjunarfrestur er liðinn, án þess áfrýjað hafi verið (96. gr.), nema málspartar lýsi því yfir, að þeir uni úrskurðinum, eða honum eigi verði áfrýjað að lögum.

Nú er úrskurði áfrýjað, og honum breytt eða hann ónýttur, og skal þá taka það til greina við skiptin, og, ef þörf gjörist, breyta því, sem gjört hefur verið, ef skiptum eigi er lokið; en sje skiptum lokið, verður þeim í engu breytt, nema úthlutunargjörðinni sje áfrýjað.

Sama er um yfirrjettardóma, sem kveðnir hafa verið upp, er úrskurði skiptaráðanda hefur verið áfrýjað.

40. grein.

Nú vill einhver þeirra, er atkvæðisrjett hafa í búinu, áfrýja skiptaúrskurði eða dómi, enda hafi hann eigi í því máli verið mótpartur búsins, en búið vill una úrslitum málsins, og er honum það heimilt, nema málspartar hafi sín á milli gjört samning um ágreiningsefnið, eða málskotið geti valdið missi rjettinda, er úrskurðurinn eða dómurinn heimilar búinu.

41. grein.

Hafi búinu grœðzt fje við málskotið, eiga áfrýendurnir rjett á að krefja þess, að búið endurgjaldi þeim það, er þeir hafa til kostað, þó eigi fram yfir það, er búinu hefur grœðzt. Ef skiptum er lokið, þegar fullnaðardómur er upp kveðinn, fá áfrýendur kostnað sinn borgaðan af því, er grœðzt hefur. Með það, sem umfram kann að verða, skal fara á þann hátt, er segir í 45. grein.

III.
Um lok skipta.

42. grein.

Ef eigur búsins nema eigi meiru en útfararkostnaði, má skiptaráðandi láta þær upp í útfararkostnaðinn og lúka þar með skiptunum. Nú verður eigi meira afgangs útfararkostnaði, en þarf til greiðslu á kröfum skuldheimtumanna, þeirra er forgöngurjett hafa, og má skiptaráðandi leggja þeim út fjármuni búsins eptir skuldaröð rjettri, og lúka þar með skiptunum.

43. grein.

Þegar liðnar eru þær 4 vikur, sem getið er um í 37. gr., frá því skuldayfirlit hefur verið lagt fram, ber skiptaráðanda, ef fje er fyrir hendi, að greiða skuldheimtumönnum skuldir þeirra.

44. grein.

Nú er fje umfram, þá er skuldum er lokið, og ber skiptaráðandanum að skipta því meðal erfingja og gjaftökumanna, þá er eigur búsins eru saman komnar og innheimtar.

45. grein.

Eigi þarf að fresta skiptalokum sökum skuldbindinga, sem bundnar eru óvissum skilyrðum, en þegar svo langt er komið, að búinu fyrir annara hluta sakir má skipta, skal taka frá það, sem þurfa kann, til að fullnægja

þessum skuldbindingum. Ef síðar verður sú raun á, að eigi þarf alls þess, sem frá hefur verið tekið, til að fullnægja skuldbindingunum, skal því, sem umfram er, skipt milli erfingja og gjaftökumanna.

Svo má og lúka skiptum, þótt hinn framliðni hafi átt arf í óskiptu búi, eða aðra kröfu, sem óvís er að upphæð og standa verður ógreidd um óákveðinn tíma, en þegar þar að kemur, skulu skiptin tekin fyrir af nýju.

46. grein.

Hver erfingja á heimtingu á, að arfahluti hans sje lagður honum út eptir virðingu, og hið sama er um búshluta þess hjóna, er eptir lifir; en sje erfingi ófullтíða, og fjárhaldsmaður hans vilji neyta þessa rjettar fyrir hans hönd, þarf til þess samþykki skiptaráðanda. Ef fleiri en einn erfingja krefja þess, að hinn sami hlutur sje þeim út lagður, skal hlutkesti ráða; en það hjóna, sem eptir lifir, gengur ávallt fyrir.

Um rjett þess hjóna, sem eptir lifir, gagnvart erfingjum til að halda öllu búinu, eða meira af búinu en nemur búshluta þess og erfðahluta, skal fara eptir því, sem fyrir er mælt í 59. og 62. gr. laga þessara.

47. grein.

Þegar leggja á út eptir virðingu alla fjármuni búsins eða nokkra þeirra, og hlutaðeigendur ekki vilja una við virðinguna, er hverjum þeirra heimilt að heimta nýja virðingu á þeim hlutum, er hann eigi álítur rjett virta. Kveður þá skiptaráðandi menn til að virða af nýju, og gjöra áður viðvart öllum hlutaðeigendum. Þegar virðingargjörð er lokið, skal vinna eið að henni fyrir skiptaráðanda, ef krafið er.

48. grein.

Eigi má, nema með samþykki landshöfðingja, leggja ófullтíða erfingja út erlend skuldabrjef, sem eigi ganga kaupum og sölum innanríkis, eða eru þeim annmörkum bundin, að erfitt er að fá vitneskju um gjalddaga, er þeim er sagt upp, eða vextir af þeim eru greiddir utanríkis.

49. grein.

Skiptum ber að lúka á skiptafundi, ef því verður við komið, og ef allir hlutaðeigendur lýsa því yfir, að þeir uni við þau, á úthlutun þegar fram að fara.

Ef skiptum af einhverjum orsökum ekki verður lokið á skiptafundi, en allt að öðru leyti er undir búið, ber skiptaráðanda að taka búið til fullnaðarskipta, og, áður sex vikur eru liðnar, semja frumvarp til úthlutunargjörðar. Að því búnu kveður hann hlutaðeigendur af nýju á fund, og ef þeir þá eigi allir lýsa því yfir, að þeir fallist á frumvarpið, eða eigi allir koma á fundinn, skal frumvarpið vera enn tvær vikur til sýnis hjá skiptaráðanda, og verða þeir, er mótmæli vilja hefja, að koma fram með þau, áður sá tími er liðinn. Virðist skiptaráðanda aðfinning við frumvarpið til greina takandi, leiðrjettir hann frumvarpið, en að öðrum kosti, eða hafi engin mótmæli fram komið í tækan tíma, verður frumvarpið óbreytt að fullnaðarskiptum, er eigi verður breytt, nema þeim sje áfrýjað. Ef allir hlutaðeigendur eigi hafa lýst því yfir, að þeir uni við skiptin, má úthlutun eigi fram fara, fyr en áfrýjunarfrestur (96. gr.) er liðinn og hafi eigi verið áfrýjað.

4. kapítuli.

Um skipti á dánarbúum, þegar gengizt er við arfi og ábyrgð skulda.

50. grein.

Þegar gengizt er við arfi og ábyrgð skulda, ber að haga skiptum á búinu eptir því, sem fulltíða erfingjum og fjárhaldsmönnum þeirra, sem ófullтíða eru og fjarstaddir, um semur; þó má skiptaráðandi neita, að samþykkja tillögur fjárhaldsmanns, ef hann hyggur, að þær sjeu skjólstæðing hans í óhag.

Nú eru erfingjar ósamþykkir, eða koma eigi á skiptafund, þegar gjöra skal út um eitthvert máleíni, og skal þá skiptaráðandi gjöra út um málið, og meta tillögur þær, sem fram hafa komið, og líta á hag allra

hlutaðeiganda, einkum þeirra, sem ófulltíða eru eða fjarstaddir.

51. grein.

Við skipti á þessum búum þarf eigi að gefa út innköllun til skuldheimtumanna, þegar allir erfingjar eru fulltíða og viðstaddir, nema einhver erfingja krefji þess; en sje einhver þeirra ófulltíða eða fjarstaddur, skal gefa út innköllun, nema skiptaráðanda þyki þess eigi þörf.

Eigi má skipta búinu með erfingjum nema með samþykki skuldheimtumanna þeirra, er gefið hafa sig fram, eða ef skuldheimtumenn hafa fengið skuldir sínar goldnar eða tryggingu fyrir greiðslu þeirra á gjalddaga. Hafi innköllun verið útgefin, má eigi skipta, fyrri en innköllunarfresturinn er liðinn.

52. grein.

Eptir að skiptum er lokið, ábyrgjast erfingjar, einn sem allir og allir sem einn, skuldir þær, sem lýst hefur verið og búið krafið um, áður en skipti fóru fram. Skuldir þær, sem búið ekki hefur verið krafið um, en ekki eru fyrir þá sök gengnar úr gildi, ábyrgjast erfingjar að tilltölu við arftökurjett, nema þeir eptir samningi sjeu skuldbundnir einn sem allir og allir sem einn, eða hinn framliðni hafi átt að gjöra skil fyrir konungsfje, ómyndugrafje, fátækrafje eða kirknafje, en erfingjar hafi skipt með sjer án þess að gjöra reikningsskil fyrir.

53. grein.

Þegar gengizt er við arfi og ábyrgð skulda, má kyrrsetja eigur búsins, svo og taka þær fjárnámi og selja við nauðungaruppboð, ef lögboðin skilyrði eru fyrir því. Nú hafa eigur búsins verið kyrrsettar, áður en erfingjar tóku að sjer skulda-ábyrgð, og fer þá um kyrrsetninguna, sem hún aldrei hefði misst gildi sitt.

54. grein.

Nú vill skuldheimtumaður hins framliðna öðlast fjárnámsrjett fyrir skuld sinni, og má hann þá hefja málssókn á hendur erfingjunum á varnarþingi því, er skipti fara fram.

Rjett er að stefna til erfingjanna sje birt fyrir skiptaráðanda einum, og að stefnufrestur sje ákveðinn eptir heimili hans, að við bættum 4 vikum, en skylt er skiptaráðanda að gjöra erfingjum aðvart um stefnuna.

55. grein.

Að öðru leyti skal fara með bú þessi á þann hátt, er segir í 3. kap., nema öðruvísi sje ákveðið í lögum þessum.

5. kapítuli.

Um skipti á dánarbúum, þegar það hjóna, er eptir lifir, ábyrgist skuldir.

56. grein.

Þegar það hjóna, sem eptir lifir, ábyrgist skuldir búsins, enda sje búinu eigi skipt sem þrotabúi, skal gæta þess, sem segir hjer á eptir, hvort sem erfingjar eru útarfar eða afkvæmi hins látna; en ábyrgist það eigi skuldir, fer um skiptin, sem hjer á undan segir.

57. grein.

Þegar skipta á með erfingjum hins framliðna, og því hjóna, sem eptir lifir og ábyrgist skuldir, ber skiptaráðanda að sjá um, að því sje sem minnst tálmun gjör í afnotum búsins.

Nú þykir mjög hætt við, að það hjóna, sem eptir lifir, muni fara illa með eigur búsins, meðan á skiptum stendur, og má skiptaráðandi annaðhvort ótilkvaddur, eða eptir áskorun erfingja eða fjárhaldsmanna, svipta það forráðum búsins og fá þau í hendur vönduðum manni, sem á að gæta búsins sem fjárhaldsmaður þess, meðan á skiptum stendur.

Ráðstöfun þessa skal birta á þingum, og einnig auglýsa hana í blöðum eða á kirkjufundum, ef þurfa þykir.

58. grein.

Hið eptirlifandi hjóna til greinir, hverjir erfingjar sjeu, en skiptaráðandi sjer um, að þeim verði tilkynnt skiptin samkvæmt 14. og 23. gr. Ef erfingi eða gjaftökumaður er fjarstaddur, og ókunnugt um verustað hans, eða hann er í þeirri fjarlægð, að eigi þykir mega draga skiptin fyrir hans sakir, enda mætir enginn með umboð af hans hálfu,

annast skiptaráðandi um, að fjárhaldsmaður verði kvaddur til að gæta hagsmuna hans við skiptin.

59. grein.

Skiptin skal byggja á framtölu hins eptirlifanda á eigum og skuldum búsins, ef erfingjar og fjárhaldsmenn taka hana gilda, og skiptaráðanda eigi þykir ástæða til að rengja hana fyrir hönd ófulltíða eða fjarstaddra erfingja, og þótt framtalan þyki ekki í alla staði rjett, ber samt eigi að selja fjármuni búsins, heldur láta virða þá af óvilhöllum mönnum samkvæmt 47. grein. Eigi þarf heldur að rannsaka, hvort skuldir þær, sem fram hafa verið taldar, sjeu sannar, fremur en skiptaráðanda þykir nægja, svo sem að þær sjeu bornar undir skuldheimtumenn o. s. frv.

Hið eptirlifandi hjóna má halda öllu búinu eða nokkru af því, hvort sem eru fasteignir, skip eða aðrir munir, þó meira nemi en búshluta þess og arfi, enda skuldbindi það sig til, ef til kemur, að greiða samerfingjum sínum í peningum það, sem umfram er.

60. grein.

Nú er fje umfram skuldir eptir framtölu hins eptirlifanda, og þarf eigi fyrir þá sök að gefa út innköllun til skuldheimtumanna, nema búið verði síðar tekið til skipta sem þrotabú.

Þótt erfingjar taki við arfi eða andvirði arfs eptir það hjóna, sem dáið er, lendir eigi á þeim nein ábyrgð á skuldum búsins. En hafi hið eptirlifandi úthlutað eða greitt erfingjum hins framliðna meira, en þeim ber að rjettu, og þannig gjört á hluta skuldheimtumanna sinna, geta skuldheimtumennirnir krafið þess, að því sje aptur skilað, ef sú verður raun á, að bú hins eptirlifanda hrökkvi eigi fyrir skuldum. Ef skuldheimtumenn þá rengja framtölu hins eptirlifandi hjóna, sem farið hefur verið eptir við úthlutunina, geta þeir heimtað, að hið eptirlifandi vinni eið að henni.

61. grein.

Þótt hið eptirlifandi hjóna skipti með erfingjum hins framliðna á þennan hátt, geta skuldbeimtumenn fjelagsbúsins eins fyrir það fylgt fram rjetti sínum gagnvart hinu eptirlifanda.

Þegar hið eptirlifandi hjóna hefur verið svipt búsforráðum samkvæmt 57. grein, annast fjárhaldsmaður um, að skuldir búsins verði greiddar, eins og þegar maður annars er sviptar búsforráðum.

62. grein.

Nú skipta börn eða barnabörn hins framliðna með foreldri því, afa eða ömmu, sem eptir lifir, eða börn og barnabörn skipta eptir lát hins eptirlifanda með stjúpforeldri, eða með stjúpafa eða stjúpömmu, og mega þá erfðahlutir hinna ómyndugu standa inni hjá því hjóna, sem eptir lifir, gegn veði í gjörvöllu búinu eptir þinglýstu ágripi af skiptagjörð, ef arfur barna eða barnabarna eigi verður greiddur af hendi, án þess að selja verði það af lausafje eða fasteignum búsins, sem hið eptirlifandi með þarf til atvinnu sinnar eða til daglegra nauðsynja.

6. kapítuli.

Um skipti á fjelagsbúi, þegar hjón skilja.

63. grein.

Þegar hjón skipta fjelagsbúi í lifanda lífi með aðstoð skiptaráðanda, sjer hann um, að búsafnot þess hjóna, er eptir býr, bíði eigi af því meiri tálmun, en brýn nauðsyn krefur til þess, að hag hins verði borgið. Ef mjög þykir uggvænt, að það hjóna, sem eptir býr, muni fara illa með fjármuni búsins, má skiptaráðandi annaðhvort ótilkvaddur eða eptir áskorun hins hjónanna svipta það hjóna, er eptir býr, búsforráðum samkvæmt 57. grein, þar til skiptum er lokið.

64. grein.

Muni búsins skal skrifa upp og virða á vanalegan hátt, og ef málspartar eigi heimta hluta sinn úr búinu lagðan sjer út eptir virðingu, hvort heldur í fasteign eða lausafje, skal selja fjármunina samkvæmt 27. og 28. grein. Nú verða málspartar eigi ásáttir um, hvernig úthluta skuli, og

59*

gengur sá fyrir, er fært hefur inn í búið þann hlut, sem ágreiningur er um, ella ræður hlutkesti.

65. grein.

Ef konan rengir framtölu mannsins á skuldum búsins, leggur skiptaráðandi úrskurð á, hvort taka skuli til greina við skiptin þær kröfur, sem rengdar eru.

66. grein.

Ef maðurinn fargar eigum búsins eða heimtir inn útistandandi skuldir þess, eptir að hann hefur skilið við konu sína að fullu og öllu eða að borði og sæng, ber honum að gjöra skiptaráðanda skil fyrir því, er honum hefur greitt verið.

67. grein.

Eigi skal gefa út innköllun til skuldheimtumanna, nema maðurinn æski þess. Konan hefur eigi ábyrgð á skuldum búsins, þó hún taki við því, sem henni er lagt út í búshluta hennar. Um það, hvort henni sje skylt að láta það aptur af hendi við skuldheimtumenn, skal farið eptir því, sem fyrir er mælt í 2. lið 60. greinar.

68. grein.

Þótt hjón skipti með sjer búi, geta skuldheimtumenn engu að síður fylgt fram rjetti sínum gagnvart manninum, eins og skipti ekki stæðu yfir. Ef það hjóna, sem eptir býr, hefur verið svipt búsforráðum eptir 57. og 63. grein, annast fjárhaldsmaður um, að skuldir búsins verði greiddar, eins og þegar maður annars er sviptur fjárforráðum.

69. grein.

Nú hefur konan ábyrgð á nokkrum hluta af skuldum fjelagsbúsins, og skal þá fara eptir því, sem fyrir er mælt í 65., 67. og 68. grein, með þeim breytingum, sem þörf er á.

ÞRIÐJI ÞÁTTUR.

Um erfingjaskipti.

7. kapituli.

70. grein.

Ef erfingjar vilja sjálfir skipta búi án íhlutunar skiptaráðanda, enda sje það leyfilegt eptir því, sem að framan segir, ber þeim að skýra skiptaráðanda frá því, og láta honum í tje skilríki þau, er honum þykja nauðsynleg. Þó ber eigi að heimta af lögerfum sannanir fyrir skýrslu þeirra um skyldugleika við arfleifanda, nema skiptaráðanda þyki ástæða til að rengja sögusögn þeirra, og getur hann þá krafið þess, að þeir útvegi skýrslur henni til styrkingar. Ef farið er fram á, að þau skilyrði sjeu fyrir hendi, er heimila að ganga fram hjá manni við skiptin, sem arf ætti að taka, ef hann hefði lifað arfleifanda, þá ber skiptaráðanda að prófa skírteinin fyrir því og leggja síðan úrskurð á; og ef erfingjum þá veitist leyfi til að skipta sjálfir, býður hann þeim að gefa sem fyrst út innköllun til erfingja (22. grein) með þeim fyrirvara, er hann sjálfur ákveður. Ef erfingjar vilja leiða vitni um málsatriði þau, er skýra þarf, áður en þeim verði veitt skiptaleyfi, má skiptaráðandi taka móti framburði vitnanna og láta þau vinna eið að honum, ef þurfa þykir.

71. grein.

Nú fara erfingjar þess eigi á leit, að skipta sjálfir, eða láta eigi í tje skýrslur þær, er skiptaráðandi krefst, eða gefa eigi út innköllun til erfingja innan þess tíma, er skiptaráðandi hefur ákveðið, smbr. 3. málsgrein í næstu grein á undan, og skal fara með búið, svo sem segir um opinber skipti. En ef skiptaráðanda þykja næg skilríki vera fram komin fyrir því, að selja megi erfingjunum búið í hendur, byrjar hann eigi á skiptum. Nú gefa sig síðar fram fleiri erfingjar, og geta þeir þá krafið þess, að búið sje tekið til opinberra skipta; þó ber þeim áður að sanna að fullu arftökurjett sinn, ef hinir erfingjarnir vilja eigi við hann kannast.

72. grein.

Skiptaráðandi má eptir tilmælum erfingja þeirra, sem mætt hafa, skora á fulltíða erfingja, sem eigi hafa mætt, ef kunnugt er um bústað þeirra, að lýsa yfir, hvort þeir æski opinberra skipta, og skal með berum orðum taka fram í áskoruninni, að ef

þeir lýsi eigi yfir vilja sínum um þetta, þá verði það skilið á þann hátt, að þeir vilji skipta búinu með hinum erfingjunum. Nú koma þeir eigi á skiptafund, og senda eigi annan mann með umboð sitt, og skipar skiptaráðandi vandaðan mann til að gæta hagsmuna þeirra við erfingjaskiptin, og skýrir þeim síðan frá. Nú kemur erfingi síðar sjálfur á skiptafund, eða sendir mann með umboð sitt, og lýkur þá umboði þess, er skiptaráðandi skipaði.

73. grein.

Þegar svo er ástatt, sem segir í þriðju málsgrein 70. greinar, má eigi lúka skiptum, fyr en innköllunarfresturinn er liðinn, nema erfingi, sá er gengið hefur verið fram hjá, hafi látið mæta fyrir sína hönd við skiptin. En ef út af því er brugðið, ábyrgist hinir erfingjarnir honum, allir sem einn og einn sem allir, tjón það og skaða, er hann bíður af því.

74. grein.

Nú hefur bú verið skrifað upp og virt, eða framtala hins eptirlifandi hjóna á eigum og skuldum búsins hefur reynzt rjett samkvæmt 59. gr., og fulltíða erfingjar og fjárhaldsmenn ófulltíða og fjarstaddra erfingja allir samt beiðast þess, að búið verði selt sjer í hendur til umráða og skipta, og má skiptaráðandi veita þeim það, hvort sem búið er stórt eða lítið, nema sjerstök lög hamli eða lögmæt ráðstöfun hins framliðna, enda virðist skiptaráðanda, eptir efnahag búsins, högum erfingja og öðrum atvikum, að hag þeirra, sem ófulltíða eru eða fjarstaddir, sje engin hætta búin af því. Ef skiptaráðanda þykir þörf á því, getur hann áður leitað álits sveitarstjórnar eða áreiðanlegra og kunnugra manna. Þó má því að eins selja búið erfingjunum í hendur, að skuldheimtumenn þeir samþykki, er gefið hafa sig fram, nema skuldir þeirra sjeu þeim borgaðar eða þeir fái tryggingu fyrir greiðslu þeirra á gjalddaga, og hafi verið gefin út innköllun til skuldheimtumanna, verður innköllunarfresturinn að vera liðinn.

Þegar bú þannig er selt erfingjum í hendur, skulu fulltíða erfingjar ábyrgjast hinum, sem ófulltíða eru eða fjarstaddir, að farið sje eptir fyrirmælum 77. gr., og að skilað verði aptur því, sem úthlutað hefur verið, ef skiptaráðandi ákveður svo samkvæmt 79. gr.

Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við, þar sem erfingjar allir eru ófulltíða eða fjarstaddir.

75. grein.

Nú kemur erfingjum eigi saman um skiptin, og geta þeir, ef þeir verða ásáttir um það, borið ágreininginn undir skiptaráðanda þann, er búinu hefði átt að skipta, ef opinber skipti hefðu fram farið, og sker hann úr eptir rjettarfarsreglum í skiptamálum, en leita skal hann fyrst um sættir.

76. grein.

Nú er búi skipt án íhlutunar skiptaráðanda, þótt erfingjar ekki sjeu allir fulltíða eða sjeu ekki innanlands (sbr. 5. gr. b, 7. gr. og 74. gr.), og skal þá lúka skiptum, ef unnt er, áður en ár er liðið frá láti arfleifanda. Við erfingjaskipti er það undir erfingjum komið, hvort gefa skuli út innköllun til skuldheimtumanna; en í búum þeim, sem um er rætt í þessari grein, skal þó gefa út innköllun til skuldheimtumanna, ef líkindi eru til, að hinn framliðni hafi átt óvanaleg skuldaskipti út af verzlun eða öðru þess konar.

77. grein.

Í þeim búum, sem um er rætt í 76. gr., ber eigi að leggja út annað en peninga í erfðahlut ófulltíða erfingja og fjarstaddra, nema skiptaráðandi samþykki, eða þannig sje ástatt, sem um er getið í 62. gr. Þegar þeim er skipt, skal rita á eitt skjal skrá yfir eigur og skuldir búsins, útreikning á erfðahlutum, og hvað hverjum hafi verið lagt út í hans hluta. Skjali þessu skulu fylgja skírteini um, að fjárhaldsmenn hafi tekið við fjármunum þeim, er skjólstæðingum þeirra hafa hlotnazt; rita erfingjar og fjárhaldsmenn nöfn sín undir skjalið, og skal síðan senda skiptaráðanda það sem fyrst til endurskoðunar. Nú þykir skiptaráðanda ekkert athugavert við skiptin, að því er snertir hagsmuni ófulltíða og fjarstaddra erfingja, og ritar hann þá samþykki sitt á skjalið, og færir

það síðan inn í skiptabókina eða lætur eptirrit af því fylgja henni. Að öðrum kosti boðar hann alla erfingja og fjárhaldsmenn á fund með sjer, á þann hátt sem segir í 17. gr., og skorar á þá, að gjöra betur grein fyrir skiptunum, og, ef til kemur, leiðrjetta þau samkvæmt aðfinningum hans; en ef þeir skorast undan því, getur skiptaráðandi ónýtt skiptin með úrskurði sínum, og þá þegar tekið búið til skipta samkvæmt fyrirmælum laga þessara um skipti á dánarbúum, þegar tekið er við arfi og skuldum.

Þegar svo stendur á, sem um er getið í 62. gr., skal þinglýsa útdrætti úr skjali því, sem um er rætt í þessari grein, og skal hann þinglesinn á sama hátt og fyrir sama gjald, sem útdráttur úr skiptagjörð.

78. grein.

Ef erfingjar eigi lúka skiptum innan árs, og hafa eigi nægar afsakanir fyrir sig að bera, getur skiptaráðandi einnig tekið búið til skipta á þann hátt, er segir í 77. gr.

79. grein.

Nú tekur skiptaráðandi bú til skipta, og úthlutar því samkvæmt fyrirmælum undanfarandi greina, og eru erfingjar þá skyldir að skila aptur fjármunum þeim, er þeim kunna að hafa verið úthlutaðir, ef skiptaráðanda þykir það nauðsynlegt til þess að skiptin verði leiðrjett.

80. grein.

Um rjettindi hjóna, erfingja, gjaftökumanna og skuldheimtumanna við skipti á búum þeim, sem skipt er án íhlutunar skiptaráðanda, fer að öðru leyti eptir ákvæðum eldri laga og fyrirmælum þessara laga, að því leyti sem þau eiga við.

FJÓRÐI ÞÁTTUR.

Um skiptíngu á dánarbúum, sem eigi hrökkva fyrir skuldum.

8. kapituli.

A.

Almenn ákvörðun.

81. grein.

Um skipti á dánarbúum, sem eigi hrökkva fyrir skuldum, skal fara eptir því, sem fyrir er mælt í 2. og 3. kapítula laga þessara, með þeim breytingum, sem nauðsynlegar eru, og þeim ákvörðunum, sem hjer fara á eptir um niðurröðun skulda.

B.

Um niðurröðun skulda.

I.

Um niðurröðun skulda þeirra, er lúkast eiga úr búinu sem heild.

82. grein.

Á undan öllum öðrum skuldum búsins ganga:

a. Útfararkostnaður hins framliðna eptir reikningi úrskurðuðum af skiptaráðanda.
b. Skiptakostnaður, það er gjöld, sem rísa af skiptunum sjálfum og löglegum samningum, sem skiptaráðandi eða aðrir umráðamenn búsins gjöra vegna skiptanna.
c. Skiptalaun.

Kröfur þær sem nefndar eru í staflið a og b ganga fyrir skiptalaunum (staflið c).

83. grein.

Næstar þessum kröfum ganga þær, er nú skal greina og í þessari röð:

a. Skuldir, sem rísa af því, að hinn framliðni hefur haft undir höndum fje landsins, kirkna, sveitarfjelaga, stofnana, ómyndugra eða annara einstakra manna, annað hvort sem embættismaður, sýslunarmaður, eða í umboði af hálfu hins opinbera.
b. Þessu næst ganga jafnhliða hverjar öðrum þær kröfur, er nú skal greina.
   1. Leiga af híbýlum og öðru húsrúmi, þó eigi fyrir lengri tíma en eitt ár á undan síðasta fardegi fyrir lát hins framliðna.
   2. Landskuld, leigur af innstæðukúgildum, og önnur jarðarafgjöld.
   3. Skattar og gjöld til landssjóðs, sveitarfjelaga, prests og kirkju, þó eigi fyrir lengri tíma en 2 ár á undan síðasta gjalddaga fyrir lát hins framliðna.
   4. Ofanálag á jarðir, jarðarhús og innstæðu, er jörðu fylgir, eptir löglegri úttektargjörð.

5. Kaup og matarverð vinnuhjúa og annara þjónustumanna fyrir eitt ár, svo og kaup daglaunamanna og sveina, og kennslupilta hjá iðnaðarmönnum fyrir vinnu síðasta árið.

c. Næstar þar á eptir koma skuldir til lyfsölumanna og lækna fyrir læknislyf, gjald til lækna fyrir lækningar og ferðir og til yfirsetukvenna, og fyrir hjúkrun í veikindum, fyrir það ár, sem yfir stendur, og næsta ár á undan.

84. grein.

Næstar á eptir skuldum þeim sem nefndar eru í 83. gr., koma þær skuldir, sem tryggðar eru með veðrjetti í öllu lausafje búsins, hvort sem veðrjetturinn er lögákveðinn eða byggður á samningi, og gengur hin eldri veðskuldin fyrir hinni yngri.

85. grein.

Þegar lokið er öllum þeim skuldum, sem til greindar eru í 82.—84. gr., skal verja því, sem eptir er af fje búsins, til greiðslu allra annara skulda þess að rjettri tiltölu við upphæð hverrar skuldar. Gjafir, sem eigi hafa verið af hendi leystar fyrir lát hins framliðna, verða eigi heimtaðar úr búinu, nema skuldheimtumenn bíði engan halla af greiðslu þeirra.

II.

Um rjett þeirra skuldheimtumanna, er hafa tryggingu fyrir greiðslu skulda sinna í einstökum hlutum eða rjettindum, sem eru eign búsins.

86. grein.

Um hlutfallið milli skuldheimtumanna, er kröfur þeirra veita þeim umráð yfir eða forgöngurjett í einstökum hlutum eða rjettindum, sem eru eign búsins, skal fara eptir því, sem lög ákveða, þó skal þess einnig gætt, sem hjer á eptir segir.

87. grein.

Þá fjármuni búsins, sem veðbundnir eru, skal selja á löglegan hátt eptir ráðstöfun skiptaráðanda, hvort sem veðrjetturinn er lögákveðinn eða byggður á samningi; síðan skal greiða veðhafanda skuld hans af andvirði veðsins, en afgangurinn rennur saman við aðrar tekjur búsins. Sama er ef skuldheimtumaður hefur önnur rjettindi í einstökum hlutum búsins til tryggingar fyrir kröfu sinni.

88. grein.

Fyrir kröfum þeim, sem nefndar eru í 87. gr., ganga:

a. Útfararkostnaður (82. gr. a.).

b. Skiptakostnaður og skiptalaun (82. gr. b og c), að því leyti sem gjöld þessi að öllu eða nokkru snerta hina veðbundnu hluti eða rjettindi.

89. grein.

Skuldir þær, sem nefndar eru í 83. gr., ganga fyrir sjálfsvörzluveði í einstökum lausum aurum, er veðrjetturinn er byggður á samningi.

FIMMTI ÞÁTTUR.

Viðaukagreinir.

9. kapituli.

90. grein.

Um skipti á öðrum búum en dánarbúum, t. a. m. samlagsbúum, er hrökkva fyrir skuldum, fer sem um opinber skipti á dánarbúum, með þeim breytingum, sem leiða af eðli þeirra. Svo skal einnig við skipti á þrotabúum, sem ekki eru dánarbú, fara eptir fyrirmælum 8. kapítula, sem og öðrum ákvörðunum í lögum þessum, með þeim breytingum, sem nauðsynlegar eru.

91. grein.

Eptir að lög þessi hafa öðlazt gildi, geta eigi skiptanefndarmenn eða skiptaforstjórar með dómsvaldi til nefndir í erfðaskrá tekið bú til skipta.

Til þess að skiptaforstjórar án dómsvalds geti tekið bú til skipta, þurfa þeir að hafa löggilding yfirvalds.

Amtmaður veitir umboðið, þegar skiptaforstjórarnir eru tilnefndir í löglegri erfðaskrá, enda sje því að öðru leyti ekkert til fyrirstöðu, og menn þeir, er til nefndir hafa verið, áreiðanlegir og fullveðja. Þar á móti veitir landshöfðingi umboðið, þegar beðið er um að skipa skiptaforstjóra, sem eigi eru til

nefndir í löglegri erfðaskrá, og þegar skiptaforstjóri, sem til nefndur er í löglegri erfðaskrá, er fallinn frá, eða getur eða vill eigi skipta búinu, og enginn annar hefur verið til nefndur í erfðaskránni til að ganga í hans stað. Skiptaforstjórum ber að haga sjer eptir lögum þessum, en að öðru leyti fer um skyldur þeirra og störf eptir þeim reglum, sem nú eru í gildi.

92. grein.

Nú er hafin lögsókn til arfs eða gjafar úr dánarbúi, eða mál höfðað gegn erfingjum til greiðslu skulda hins framliðna, og má höfða slík mál á því varnarþingi, er hinn framliðni átti á dánardægri.

93. grein.

Þegar lögsókn er hafin til þess, að erfingi eða skuldheimtumaður skili aptur því, er honum hefur verið úthlutað við opinber skipti, af því að sú úthlutun síðar reynist röng, þá má höfða það mál í þeirri þinghá, er skiptin fara fram.

94. grein.

Mál þau, sem um er rætt í 54., 92. og 93. gr., má kæra fyrir sáttanefnd í þeirri þinghá, þar sem hefja má lögsókn eptir fyrirmælum nefndra greina, þó skal veita þeim, er búa utan sáttaumdæmisins, að minnsta kosti fjögra vikna frest á undan sáttaumleitun.

95. grein.

Um það, hver sje rjettur skiptaráðandi, fer eptir gildandi lögum. En ef íslenzkur maður, sem eigi á fast heimili á Íslandi, deyr erlendis, og búi hans eigi er skipt þar, ákveður landshöfðingi, hver skiptaráðandi á Íslandi skuli skipta búinu.

96. grein.

Skiptagjörð verður að áfrýja innan 12 vikna, frá því skiptum er lokið (49. gr.).

Úrskurðum, sem upp eru kveðnir, meðan á skiptunum stendur, má áfrýja út af fyrir sig, og skal það þá gjört innan 12 vikna, frá því úrskurðurinn var kveðinn upp. Hið sama er um aðrar ályktanir skiptaráðanda. Þó skal eigi að síður halda skiptunum áfram, en skiptaráðanda ber að sjá um, að þau raski eigi rjetti áfrýjanda, meðan á áfrýjuninni stendur.

Eigi skal veita uppreist, úr því ár og dagur er liðinn, frá því áfrýjunarfrestur var á enda.

97. grein.

Nú heldur skiptaráðandi eigi tilhlýðilega áfram skiptum á búi, og skal þá amtmaður áminna hann, en ef sú áminning verður árangurslaus, má landshöfðingi skipa annan mann til að skipta búinu í hans stað. Skal skiptaráðandi þá tafarlaust selja búið í hendur þeim, er skipaður hefur verið; ella skal víkja honum frá embætti um stundarsakir og lögsækja hann til að hafa fyrirgjört embætti sínu; þar að auki skal hann sæta sektum og bæta skuldheimtumönnum og erfingjum skaða þann, er þeir hafa beðið af vanhirðingu hans. Skiptaráðandi greiðir þeim, er skipaður hefur verið, þóknun fyrir starfa hans, en landshöfðingi til tekur upphæð hennar.

Nú er búi skipt af skiptaforstjórum, er til nefndir hafa verið í erfðaskrá, og það kært, að skipti dragist um of, og skal þá fyrst gefa skiptaforstjórum kost á að svara kærunni; en reynist hún síðan á rökum byggð, má landshöfðingi skipa svo fyrir, að búið verði selt í hendur skiptaráðanda þeim, er skiptin bera undir.

98. grein.

Að því leyti er skiptaráðendur hafa undir höndum fjármuni dánarbúa og þrotabúa, ber þeim að gjöra reikningsskil á sama hátt og hingað til; svo skulu og haldast óbreytt ákvæði laganna um eptirlit með því, að skipti sjeu eigi dregin um skör fram, um endurskoðun skipta, og um eptirlit með fjárforráðum ómyndugra.

Með konunglegri tilskipun má setja nákvæmari ákvæði um þessi atriði, svo og um það, hverri þvingun skuli beita, ef eigi er hlýtt.

99. grein.

Skiptaráðandi veitir leyfi til, að sitja í óskiptu búi; þó á sá, er um leyfið biður,

kost á, að skjóta úrskurði skiptaráðanda undir háyfirvaldið.

100. grein.

Ef embættismaður er skyldaður til, að greiða skaðabætur fyrir aðgjörðir sínar við skipti, eða fyrir skort á eptirliti með þeim, hvort sem er í dánarbúum, þrotabúum eða öðrum búum, ábyrgist landssjóðurinn greiðslu skaðabótanna, ef þær fást eigi hjá embættismanninum eða úr búi hans.

101. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúarmán. 1879, og ná þau ekki einungis til þeirra búa, sem eptir það verða tekin til skipta, heldur ber skiptaráðendum einnig upp frá því að hegða sjer eptir þeim við skipti á eldri búum, sem þá eigi eru leidd til lykta, að því leyti, sem því eptir atvikum verður við komið.

ÖNNUR UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 35. fundi efri þingdeildarinnar, 14. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til laga um skipti á dánarbúum og fjelagsbúum o. fl.*

Framsögumaður ætlaði, að óhætt væri að segja, að þetta mál væri hið stærsta og yfirgripsmesta, sem komið hefði fyrir alþingi í þetta skipti, og væri því eigi furða, þótt nefndin hefði þurft alllangan tíma til að íhuga það og komast til fastrar niðurstöðu um meðferð þess og til að gjöra grein fyrir breytingum sínum, og yfir höfuð fyrir áliti sínu um málið, og í því efni vísaði hann til nefndarálitsins. Kvað hann nefndina hafa aðhyllzt hið upphaflega frumvarp í öllum verulegum atriðum, og teldi hún þetta mál mjög mikilsvert, og eigi alllitla rjettarbót í rjettarfarslögum landsins. Hinar helztu breytingar frumvarpsins væru taldar upp í nefndarálitinu, og sömuleiðis væri þar gjörð grein fyrir aðal-breytingu frumvarpsins, nl. viðauka þeim, sem nefndin hefði bætt inn í það, um skuldaröð í þrotabúum, sem nefndin hefði álitið rjett og nauðsynlegt að taka inn í frumvarp þetta. Að öðru leyti sýndi nefndarfrumvarpið sig sjálft, og mundu deildarmenn hafa getað borið það saman við fyrra frumvarpið, sem það væri í öllu verulegu samhljóða. Breytingar nefndarinnar væru, eins og hann hefði sagt, fáar efnisbreytingar, en þar á móti væru á því gjörðar margar orðabreytingar, og hefði nefndin gjört sjer far um, að hafa orðfærið sem liðlegast, ljósast og ótvíræðast, og ef nefndinni hefði heppnazt þetta, sem hún vonaði, þá mundi mega telja það mikinn kost á jafnmerkilegu máli, sem því, er hjer væri um að gjöra.

Sighvatur Árnason kvaðst eigi ætla að fara að álasa nefndinni fyrir það, þótt hún hefði varið löngum tíma til að íhuga og undirbúa mál þetta, því hann kannaðist við, að verk hennar hefði verið mjög vandasamt. En hann yrði hins vegar að játa það, að hann hefði eigi fengið nægan tíma til að bera saman frumvörpin og glöggva sig á málinu til hlítar. Þó ætlaði hann að gjöra fáeinar athugasemdir um frumvarp nefndarinnar, og þá byrja á 1. gr. þess. Þar stæði, að tafarlaust skyldi tilkynna skiptaráðanda eða hreppstjóra, er maður dæi; og eptir því, sem hjer á landi hagaði, mundi það optast verða hreppstjórinn, sem látið yrði fyrst tilkynnt. Nú stæði svo, að hreppstjóri, ef honum væri tilkynnt andlátið, skyldi þegar skýra skiptaráðanda frá því. Það gæti að vísu komið fyrir, að það væri nauðsynlegt vegna dánarbúsins, að hraða tilkynningunni með því að hreppstjórinn sendi strax með hana til sýslumanns, en opt væri það óþarft, og því þætti sjer óþarflega hart gengið að hreppstjórunum, eptir því sem hagaði til hjer á landi, ef meiningin væri sú, að hreppstjóri skyldi senda í hvert skipti með tilkynninguna, ef hann hefði ekki vissa ferð fyrir hendi, og vildi hann því skjóta því til nefndarinnar, hvort hún fyndi eigi ástæðu til að færa þetta atriði í mildari búning. Það væri vitaskuld, að aðhald nokkurt þyrfti að vera, þegar nauðsyn bæri til, en alloptast mætti láta nægja, að hrepp-

60

stjóri tilkynnti látið skiptaráðanda brjeflega við tækifæri. Svo væri nú 14. gr. Þar væri talað um, að skiptaráðandi mætti tilkynna lát hlutaðeigendum með handföldu brjefi, er hann felldi sig nú vel við, en þó ekki mundi þurfa að óttast, að slík brjef kæmust ekki til skila, þá kynni svo að fara, að hlutaðeigánda hlekktist á á einhvern hátt frá að mæta, þó hann hefði ásett sjer það, og þætti sjer því ástæða til, að skipaður yrði fjárhaldsmaður þeim, er kynnu að vera hindraðir frá því að neyta rjettar síns, eins og hverjum öðrum, sem ekki getur mætt á skiptafundi. Að öðru leyti hefði hann ekkert móti því, að slíkt væri gjört með handföldu brjefi. Enn væri 83. gr., þar er talað væri um förgöngurjett í þrotabúum. Ætlaði hann, að nefndinni hefði gleymzt þar við staflið b. 3. að tilgreina sýslusjóð, en ef það álitist, að það gæti innibundizt í orðinu «sveitarsjelög», þá mundi hann eigi halda því fram til breytingar.

84. gr. nefndi eigi, að því er hann fengi sjeð, skuldir þær, sem tryggðar væru með veðrjetti í fasteign, heldur í lausafje búsins, og í 87. gr. sýndist sjer það eigi heldur vera tekið nógu ljóst fram. En ef svo væri, að það mætti álítast tekið fram í 87. gr., þá mundi hann falla frá breytingu um það atriði.

Þetta væri að eins sagt nefndinni til bendingar, og sumar þessar bendingar væru að sínu áliti íhugunarverðar. Að síðustu vildi hann geta þess, að eigi væru ljósar ákvarðanir um sektir, ef brotið væri gegn þeirri skyldu, að gæta vandlega eigna hins dána, unz skiptaráðandi ráðstafaði þeim. Í þessu atriði þætti sjer vanta nægilega áherzlu eða aðhald, því það væri næsta áríðandi, að allrar ráðvendni væri gætt á því tímabili, er síðari liður 3. gr. ræddi um.

Jón Pjetursson kvaðst reyndar hafa haft lítinn tíma til að íhuga nefndarfrumvarp þetta, en þó væri hann sannfærður um það, að nefndin hefði bætt mikið, lagað orðfærið, og gjört það skýrt og ljóst. Þannig hefði nefndin með frumvarpi sínu 22. gr. tekið það skýrt fram, að þar væri að eins meint til erlendra skuldheimtumanna, sem og væri rjett eptir ástæðunum til stjórnarfrumvarpsins, en eptir stjórnarfrumvarpinu sjálfu (ɔ: því íslenzka) næði ákvörðunin til allra skuldheimtumanna, bæði erlendra og hjerlendra. Enn fremur hefði nefndin kippt burt skírskotun til laga, er eigi væru gildandi hjer á landi, enda ætti það alls eigi við að vitna í íslenzkum lögum til laga, sem eigi væru gildandi hjer á landi, sízt nú, er alþingi hefði löggjafarvald, því slík lög, er eigi væru gildandi hjer á landi, yrðu fyrst að leggjast fyrir alþingi á reglulegan hátt til að ná hjer lagagildi. Alþingið yrði að vaka yfir því, að slíkt væri eigi gjört framvegis. Viðvíkjandi orðinu «niður» þá væri það nú búið að ná sömu merkingu og orðið «afkomandi»; þetta væri að vísu með öllu satt, en til forna hefði það þýtt «ættingi», svo sem sjá mætti af fornum ritum t. d. Skáldu, þar kallaðist ættingi niður; Grágás segði í erfðatali sínu, þegar hún væri búin að telja upp afkomendur manns og forfeður og nokkra úr síðulínum, og síðan «hinn nánasti niður». Eins væri í Hávamálum sagt, að þeir bautasteinar væru varanlegastir, er «niðr setr nið». Fyrir því þætti sjer betur tilfallið að hafa orðið «afkomendur» í 6. gr. Það væri enn fremur vel til fallið og nauðsynlegt, að taka upp í lögin viðauka nefndarinnar um skuldaröð í þrotabúum. En það væri eigi ljóslega tekið fram, hvort innstæðukúgildi mætti taka út úr þrotabúi á undan skiptagjörð, en það ætti svo að vera, því að landsdrottinn ætti innstæðukúgildin í búinu, þó þau væru kannske eigi mörkuð honum, þar sem leiguliða væri skylt að yngja þau upp. 83. grein b 4 nefndi að eins ofanálag á innstæðu, er jörðu fylgdi, sem opt gæti komið til greina, t. d. er kýr væru eigi í góðu standi. En innstæðan sjálf væri eigi nefnd, og ætti eigi að vera nefnd, því landsdrottinn á hana, hvort sem hún er mörkuð honum eða eigi, og það hefur án efa verið meining nefndarinnar.

Sighvatur Árnason sagði, að það væri

sitt hvað þær greinir, er ræddu um niðurröðun skulda til forgöngurjettar í þrotabúi, og hinar, er væru um trygging skulda með veðrjetti, og í því tilliti þætti sjer ekki 84. grein vera nógu ljóslega orðuð.

Framsögumaður kvaðst fús á að taka til íhugunar athugasemdir þingmanns Rangæinga, og sama mundi hann mega segja um samnefndarmenn sína, þótt sjer að vísu sýndist svo, sem hann hefði eigi neinar verulegar ástæður fyrir sjer. Það, sem honum hefði þótt athugavert við 1. gr., fyndist sjer ekki standa á neinu, nje vera ísjárvert, þó að hreppstjórunum væri boðið, að skýra skiptaráðanda þegar frá látinu; hann gæti ekkert sjeð móti því, að hreppstjórum væri gjört að skyldu að semja strax skýrsluna um látið, þótt þeir sendu hana eigi undir eins, ef hentugleikar leyfðu eigi, og það ekki að öðru leyti væri áríðandi, því að það væri engan veginn ákveðið í lögunum. Ákvörðunin um, að hafa handfalið brjef til tilkynningar, eins og stæði í 14. gr., væri sett til að veita heimild til að greiða af fje búsins þann kostnað, sem það hefur í för með sjer að senda svo kallað handfalið brjef með pósti; það mætti álíta víst, að þessi brjef kæmu til skila, og þyrfti eigi að gjöra ráð fyrir öðru, og þess vegna væri óþarft að setja þeim, er eigi kæmu, fjárhaldsmenn, þar eð öllum hlutaðeigendum væri á tilhlýðilegan hátt gefinn kostur á að koma. Athugasemdum þingmannsins við 83. gr. þyrfti eigi að svara öðru en því, að með sveitarfjelögum væri átt við ekki einungis hreppa, heldur einnig sýslur og ömt; þetta væri allt sveitir, og sjóðir þeirra væru sveitarsjóðir. Þingmanninum hefði þótt það athugavert við 84. gr., eptir því sem sjer skildist, að eigi væri til tekið, hvernig fara skyldi um veðskuldir, ef bú væri þrotabú, en það, sem ákveðið væri í greininni, gylti eins, hvort sem um þrotabú væri að ræða eða eigi, og hjer væri einmitt að ræða um þrotabú. Að hann vildi herða á ábyrgð þeirra, er hefðu í vörzlum sínum fje hins dána, eins og gjört væri ráð fyrir í 3. gr. síðari lið, þætti sjer óþarfi, því að ef umsjónarmennirnir færu sviksamlega eða á einhvern hátt óráðvandlega með fjeð, þá fjellu þeir undir almennar lagaákvarðanir um þess konar athæfi; svo væri og ákveðið síðar í frumvarpinu, að skiptaráðandinn stæði undir eptirliti, og hverri ábyrgð hann ætti að sæta, ef hann ekki gætti skyldu sinnar við skiptin. Athugasemdir hins 3. konungkjörna um orðið «niðjar» mundi varla þurfa að taka til greina, því að enginn mundi nú skilja það orð öðruvísi en sem «afkomendur» eða «afkvæmi», þótt það kynni áður að hafa þýtt annað, eins og þingmaðurinn hefði sýnt fram á. Viðvíkjandi «Separatistum» er ættu inni í búi hins dána, sem sami þingmaður hefði talað um, væri það að segja, að nefndinni hefði eigi þótt ástæða til, að taka þá upp í frumvarpið, því að það, sem þeir ættu tilkall til í búinu, væri þeirra eign, sem ekki væri að telja með skuldum, heldur strax að reikna frá búinu, en til þess konar eigna hefði nefndin álitið að naumast bæri að telja innstæðukúgildin; en með tilliti til þess, að þau skyldu alveg vanta í búi einhvers, hefði nefndin ætlazt til, að í ofanálagi á innstæðu, er jörðu fylgdi (83. gr. b 4.), skyldi einnig falið andvirði fyrir innstæðukúgildi, ef þau vantaði að nokkru eða öllu leyti, svo að jarðeigendur virtust hafa viðunandi tryggingu fyrir innstæðunni með forgöngurjetti þeim, er ofanálagskröfunni væri veittur.

Eiríkur Kúld kvað þetta frumvarp eflaust verða einhverja hina mestu rjettarbót, er frá þessu þingi kæmi í sumar, og ætti nefndin mikið lof skilið fyrir starfa sinn, því að þótt hann að vísu hefði haft næsta lítinn tíma til að kynna sjer nefndarálitið, hefði sjer þó sýnzt við hraðan yfirlestur, sem allar efnisbreytingar nefndarinnar væru til bóta, og sama væri að segja um orðabreytingarnar, nema að því leyti að sumstaðar kæmu fyrir óvanalegir nýgjörvingar, sem hann hefði varla skilið, og sem hann því efaðist um að alþýðumenn úti um landið skildu án upplýsingar; því að þeim mundi eigi öllum gefast færi á, að hafa nefndarálitið fyrir sjer, sem kannaðist við, að nýgjörvingarnir væru

sumir eigi sem skiljanlegastir, og þýddi ýmsa þeirra, enda væru þessir nýgjörvingar ekki allir taldir upp eða þýddir í nefndarálitinu, t. d. í 36. gr. «ripting á skuldafyrningu»; það er óvíst, að bændur út um landið, sem lögin ná til, viti, að þetta er sama og «Afbrydelse af Præscription.» Hann vildi því sjerstaklega skora á þingmann Þingeyinga, sem jafnan væri svo fús á að lagfæra málið, þar sem því væri ábótavant, hjer á þinginu og sjálfsagt út um landið líka, að gjöra skýrara orðfærið sumstaðar, og líka á 91. gr., sem sjer hefði þótt fremur ógreinilega orðuð, svo að hann hefði átt bágt með að skilja hana strax. Hann kvaðst og vona, að sami þingmaður teldi eigi eptir sjer að auglýsa hina helztu nýgjörvinga í frumvarpi þessu í blöðunum almenningi til skilningsauka.

Forseti spurði þá landshöfðingja, hvort hann hefði nokkuð á móti því, að frumvarpið væri borið upp til atkvæða í köflum, þar eð annars mundi verða mjög löng atkvæðagreiðsla, og öll líkindi væru til að hver grein yrði samþykkt í einu hljóði.

Landshöfðinginn kvaðst fyrir sitt leyti ekkert hafa á móti því, að efnisbreytingar nefndarinnar væru bornar upp sjer, og síðan hver kapituli frumvarpsins í einu lagi, þannig að greidd væru atkvæði um frumvarp nefndarinnar svo, að þær greinir, er hún hefði breytt að efninu til, væru lesnar upp og samþykktar sjer, en aðrar greinir eigi lesnar.

Síðan var gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. grein frumvarps nefndarinnar var samþykkt í einu hljóði.

2. grein, sem nefndin hafði breytt að nokkru, var einnig samþykkt í einu hljóði.

Síðan bar forseti undir atkvæði það, er eptir var af 1. kapítulanum, 3.—11. gr., og nefndi hverja þeirra fyrir sig, og voru greinir þessar samþykktar í einu hljóði.

16. grein var lesin upp sjerstaklega og samþykkt í einu hljóði, og síðan allur annar kap., 12.—18. gr., samþykktur í einu hljóði.

Í 3. kap. var 21. og 30. gr. lesnar upp og samþykktar hvor um sig í einu hljóði, og síðan var 1. kafli af 3. kap., 19.—32. gr., samþykktur í einu hljóði.

Þá var 37. grein lesin upp og samþykkt í einu hljóði, og svo á sama hátt 2. kafli 3. kapítula, 33.—41. gr., samþykktur í einu hljóði.

Þá var lesin upp 43. gr. og hún samþykkt í einu hljóði, og síðan allur 3. kafli 3. kapítula, 12.—49. gr., samþykktur í einu hljóði.

4. og 5. kapítulinn, 50.—55. gr. og 56.—62. gr., hvor um sig samþykktur í einu hljóði.

Þá var lesin upp 63. gr. og hún samþykkt í einu hljóði og síðan allur 6. kap., 63.—69. gr., samþykktur í einu hljóði.

Þar eptir var 7. kap., 70.—80. gr., samþykktur í einu hljóði; og síðan A liðurinn og 1. kafli af B liðnum í 8. kap., 81.—85. gr., samþykktur í einu hljóði, og 2. kafli 8. kap., 85.—89. gr., sömuleiðis samþykktur í einu hljóði.

Loks var 9. kap., 90.—101. gr., einnig samþykktur í einu hljóði.

Þá var sjálft frumvarpið samþykkt í einu hljóði, og málinu vísað til 3. umræðu með öllum atkvæðum.

BREYTINGARATKVÆÐI
við frumvarp til laga um skipti á dánarbúum og fjelagsbúum o. fl.,
frá nefndinni.

Við 6. grein. Í stað orðanna: «arfgenga niðja» komi: «arfgengt afkvæmi».

Í 91 gr. orðist fyrsta málsgrein þannig:

> «Eptir að lög þessi hafa öðlast gildi, má eigi skipa skiptanefndarmenn nje veita skiptastjórum, sem til nefndir eru í erfðaskrá, dómsvald».

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 37. fundi efri þingdeildarinnar, 16. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni

til 3. umræðu *frumvarp til laga um skipti á dánarbúum og fjelagsbúum o. fl.*

Framsögumaður benti á, að nefndin hefði eptir bendingu tveggja þingmanna komið fram með tvö breytingaratkvæði eptir 2. umræðu, það er að segja breytingu við 6. gr. «arfgengt afkvæmi» í staðinn fyrir »arfgenga niðja« og væri það einungis orðbreyting; og breytingu við 91. gr. þannig, að fyrsti kaflinn yrði orðaður öðruvísi og ljósar. Máli þessu hefði verið tekið vel og engar breytingar gjörðar við það, og því vildi hann eigi tefja tímann með frekari umræðum.

Þá er enginn annar tók til máls, bar forseti undir atkvæði breytinguna við 6. gr., og var hún samþykkt með 10 atkvæðum, og breytingin við 91. gr. í einu hljóði, og sömuleiðis frumvarpið í heild sinni; kvað forseti það mundu nú sent neðri deildinni.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 48. fundi neðri þingdeildarinnar, 20. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni *frumvarp til laga um skipti á dánarbúum og fjelagsbúum o. fl.* til 1. umræðu. Varð engin umræða um málið, en samþykkt í einu hljóði, að það skyldi ganga til 2. umræðu.

BREYTINGARATKVÆÐI
við frumvarp til laga um skipti á dánarbúum og fjelagsbúum o. fl.,
frá Grími Thomsen, 1. þingmanni Gullbringusýslu.

Við 98. grein síðari lið:

Fyrir: «konunglegri tilskipun» komi: «lögum».

Við 100. grein.

Fyrir «embættismaður» komi: «skiptaráðandi» og eptir: «skipti, eða» komi «háyfirvaldið».

ÖNNUR UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 51. fundi neðri þingdeildarinnar, 22. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til laga um skipti á dánarbúum og fjelagsbúum. o. fl.*

Benidikt Sveinsson kvaðst gjöra ráð fyrir, að þingdeildarmenn mundu hafa sannfærzt um, að veruleg rjettarbót væri að frumvarpi þessu, og vildi hann í því tilliti skírskota til nefndarálitsins í efri deildinni. Sjer hefði reyndar dottið í hug, að stinga upp á nokkrum breytingum við það, en hvorki hefði hann haft nægan tíma til þess, og svo hefði hann og sjeð, að slíkt gæti orðið til, að tefja fyrir málinu, svo að það kæmizt eigi áfram á þessu þingi, en það áliti hann mjög óheppilegt, en aptur á móti mætti síðar gjöra breytingar á lögunum, ef mönnum sýndist það nauðsynlegt, þegar menn rækju sig á einhverja galla, sem reyndar eigi mundu nema smágallar, því að frumvarpið væri yfir höfuð vandað og vel úr garði gjört.

Grímur Thomsen kvaðst standa upp af því, að hann ætti 2 lítil breytingaratkvæði; þau væru engan veginn sprottin af óánægju með frumvarpið, heldur þætti sjer það í alla staði vel vandað og veruleg rjettarbót að því, eins og 1. þingmaður Árnesinga hefði sagt. Orsökin til þess, að hann hefði komið með breytingaratkvæði við 98. gr., væri sú, að sjer hefði þótt undarlegt og óviðkunnanlegt, að þar sem löggjafandi þing væri, skyldi þurfa konungstilskipun til þess að setja nánari atkvæði um ýms atriði í frumvörpum, en síðar hefði hann komizt að því, að þetta væri svo annarstaðar, og tæki hann því aptur breytingaratkvæði sitt við 98. gr. Hvað hið síðara breytingaratkvæði sitt við 100 gr. snerti, þá ímyndaði hann sjer, að ef þingmenn vildu bera saman íslenzka textann við hinn danska í þessari grein stjórnarfrumvarpsins, þá mundu þeir sjá, að danski textinn væri þar að mun skýrari og glöggari, en íslenzka

stjórnarfrumvarpið væri í því engu betra, en heldur verra. Í danska textanum í stjórnarfrumvarpinu í þessari grein stæði »Embeðsmænd», í fleirtölu, og væri auðsjáanlega meint með því bæði sýslumenn, þ. e. skiptaráðendur, og þeir, sem ættu að hafa eptirlit með skiptaráðendum, þ. e. amtmenn og landshöfðingi. En eptir því, sem grein þessi væri nú orðuð frá efri deildinni, væri vafasamt, hvort meint væri sýslumenn eingöngu eða bæði sýslumenn og háyfirvöldin, því að sýslumenn væru bæði skiptaráðendur og ættu líka að hafa eptirlit með ómyndugra fje. Fyrir þessar sakir hefði sjer þótt glöggara að taka þetta fram ljóslega með breytingaratkvæðinu, en ef þingmenn vildu láta í ljósi skýra meiningu sína um, að þeir væru sjer í þessu efni samdóma, svo að það sæist ljóslega af umræðunum, hvaða þýðingu menn legðu í þetta orð »embættismaður», þá væri hann fús á að taka þetta breytingaratkvæði sitt aptur, því að hann játaði, að það tefði fyrir málinu, en sjer hefði eigi gengið annað til, en að fá skýringu um þetta atriði, og viljað, að það yrði bert og ljóst, að ábyrgðin hvíldi á sýslumönnum og því næst á amtmönnum og landshöfðingja, ef þeir eigi hefðu nægilegt eptirlit með sýslumönnum. Hann tæki það aptur fram, að langt væri frá því, að hann vildi gjöra nokkrar vífilengjur eða tefja fyrir málinu, því að sjer þætti veruleg rjettarbót að þessu frumvarpi.

Páll Pálsson prestur sagði, að skoðun sín á þessu atriði væri sú, að með orðinu »embættismaður» í 100 gr. væri ekki að eins átt við sýslumenn, heldur líka amtmenn eða háyfirvaldið yfir höfuð, og jafnvel hreppstjóra, og væri því að sínu áliti 100. gr. í frumvarpinu fullkomlega ljós og þyrfti engra umbóta við.

Arnljótur Ólafsson kvaðst vera samdóma 1. þingmanni Gullbringusýslu um, að nauðsynlegt væri, að 100. gr. væri ljóslega orðuð, en eins og þegar væri tekið fram, lægi í orðinu »embættismaður» allir embættismenn bæði æðri og lægri. Ef deildin þess vegna sökum naumleika tímans og kostnaðarins við að prenta frumvarpið aptur vildi heldur komast hjá breytingum við frumvarpið, þá væri að sínu áliti hægt að innifela amtmennina, sem eptirlitið ættu að hafa, inn undir þessa ákvörðun, því þeir væru embættismenn. Ef skilningur sinn á upphafi 100. gr. væri rjettur, þá væri skylda embættismanna til þess að greiða skaðabætur ekki byggð á 100. gr., en hvort sú skylda væri byggð á eldri lögum, skyldi hann sem ólöglesinn maður reyndar láta ósagt, þó hann ætlaði, að það væri eigi. Sje nú svo, og þó bætt væri inn í 100. gr. orðinu: »háyfirvaldið», þá væri fyrir það ekkert afgjört um skyldu háyfirvaldsins til að greiða skaðabætur, og eigi væri heldur skylda þess til að hafa eptirlit með skiptaráðanda byggð á þessari 100. gr., þess vegna væri eptir sínum skilningi eiginlega ekkert unnið með þessu breytingaratkvæði.

Benidikt Sveinsson sagði, að það væri reyndar að bera í bakkafullan lækinn, að tala frekar um þetta atriði, en sitt álit væri, að enginn vafi gæti verið um, að bæði sýslumenn og amtmenn væru innifaldir í orðinu: »embættismaður» í 100. gr. Lög þessi innihjeldu reglur um, að amtmenn og landshöfðingi skyldu vera skyldir til að hafa eptirlit með skiptaráðendum, og því gæti enginn vafi verið um, að þeir einnig ættu að skiljast með orðinu: »embættismaður». Hann kvaðst þess vegna helzt óska, að 1. þingmaður Gullbringusýslu tæki aptur breytingaruppástungu sína.

Grímur Thomsen sagði, að af því að hann sæi, að þingdeildarmenn skildu grein þessa eins og sjálfur hann, að greinin gæti gripið yfir fleiri embættismannaflokka, þá kvaðst hann ánægður með þessa skoðun þingmanna, og kvaðst hann því einnig mundu

taka aptur breytingaratkvæði sitt við þessa grein.

Varaforseti sagði, að með því að enginn hefði getið þess, þá vildi hann benda þingdeildinni á, að efri deildin ætti að njóta þeirra sannmæla, að hún hefði bætt inn í frumvarp þetta nýjum lið eða þætti, þar sem mælt er fyrir um niðurröðun skulda í þrotabúum, og væri það góð rjettarbót, þar sem áður hefði verið farið eptir dönskum reglum í því efni. En að öðru leyti yrði hann að segja það, hvort sem það svo væri efri deildinni til hróss eða ekki, að sjer virtist svo, sem efri deildin hefði að mörgu leyti slegið sig til riddara á frumvarpi stjórnarinnar, því að svo liti út, að sumar þær breytingar, er efri deildin hefði gjört við frumvarp stjórnarinnar, hefðu fremur verið gjörðar til þess að breyta, en til þess að bæta, og kvað hann sjer þykja sem hið sama mætti segja um breytingaratkvæði 1. þingmanns Gullbringusýslu. Hann sagði, að menn yrðu reyndar að fyrirgefa efri deildinni, þótt hún hefði breytt frumvarpi stjórnarinnar svona mikið; hún hefði haft svo lítið að gjöra í sumar, að hún hefði orðið að hafa sjer eitthvað til dægrastyttingar. Hann kvaðst þakka deildinni fyrir þær breytingar hennar, er til bóta hefðu verið, en hinar kvaðst hann láta liggja millum hluta.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og bar forseti því frumvarpið undir atkvæði deildarinnar, og fjell atkvæðagreiðslan þannig:

1. kapítuli	1.—11. gr.	samþykktur	í einu hljóði.	
2. —	12.—18. gr.	—	- —	—
3. —	19.—32. gr.	—	með	21 atkv.
3. —	33.—41. gr.	—	—	20 —
3. —	42.—49. gr.	—	—	19 —
4. —	50.—55. gr.	—	—	19 —
5. —	56.—62. gr.	—	—	21 —
6. —	63.—69. gr.	—	—	21 —
7. —	70.—80. gr.	—	—	21 —
8. —	81.—89. gr.	—	—	22 —
9. —	90.—101. gr.	—	í einu hljóði.	

Breytingatkvæði þau, er 1. þingmaður Gullbringusýslu hafði gjört við 98. og 100. gr., tók höfundur þeirra aptur, og komu þau því eigi til atkvæða.

Að frumvarpið skyldi ganga til 3. umræðu, var samþykkt í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 54. fundi neðri þingdeildarinnar, 24. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu *frumvarp til laga um skipti á dánarbúum og fjelagsbúum og fl.* Varð engin umræða um málið, og var því gengið til atkvæða; var frumvarpið óbreytt samþykkt í einu hljóði, og kvað forseti það mundu nú verða afgreitt, og sent landshöfðingja sem lög, og var það nú þannig hljóðandi.

LÖG
um skipti á dánarbúum og fjelagsbúum, o. fl.

FYRSTI ÞÁTTUR.
Um tilkynning andlátsins og hin almennu skilyrði fyrir því, að skiptaráðandi skipti dánarbúi.

1. kapítuli.
1. grein.

Þegar maður deyr, skal tafarlaust, eða að minnsta kosti svo fljótt sem unnt er, tilkynna það skiptaráðanda eða hreppstjóra, en hann gefur ókeypis vottorð um tilkynninguna, þegar þess er krafizt. Hafi látið verið tilkynnt hreppstjóra, skal hann þegar skýra skiptaráðanda frá því.

Ef annað hjóna er eptir á lífi og viðstatt, er það skylda þess, að tilkynna látið, ella erfingja þeirra, sem komnir eru til lögaldurs, ef viðstaddir eru; en að öðrum kosti er það skylda þess, er hinn framliðni var til húsa hjá, eða heimilismanna hans, þeirra sem til lögaldurs eru komnir.

Eigi má prestur jarða lík fyrri, en honum hefur verið sýnt vottorð skiptaráðanda eða hreppstjóra um tilkynningu látsins. Þó má út af þessu bregða, ef eigi hefur verið unnt að tilkynna látið; en þegar svo er, skal presturinn tafarlaust skýra hreppstjóra frá látinu og greptruninni.

2. grein.

Ef vanrækt er að tilkynna lát, svo sem mælt er fyrir í 1. grein, varðar það sekt, allt að 100 kr., er rennur í landssjóð, og skal sækja mál það sem opinbert lögreglumál. Hin sama sekt liggur við, ef prestur vanrækir skyldur þær, er honum ber að gæta eptir sömu grein.

3. grein.

Lát má tilkynna bæði skriflega og munnlega, og skal þá, ef unnt er, tilgreina, hvar hinn framliðni hafi átt heimili eða dvöl, hverjir erfingjar hans sjeu, og hvar fjármunir hans sjeu niður komnir.

Það er skylda þess, sem skýrir frá látinu, og annara, er hafa eigur hins dána í vörzlum sínum, að gæta þeirra vandlega, þangað til skiptaráðandi ráðstafar þeim.

4. grein.

Rjett er, að einn erfingja krefjist þess, að skiptaráðandi skipti búi, þótt allir hinir sjeu á það sáttir, að skipta sjálfir. Þar á móti geta hvorki þeir, er eiga gjafir, nje þeir, er eiga skuldir að heimta í búinu, krafizt opinberra skipta.

5. grein.

Skiptaráðandi tekur dánarbú til skipta, hvort sem erfingjar æskja þess eða ekki:

a, þegar einhver erfingjanna eigi er kominn til lögaldurs, þá er skipti byrja;

b, þegar einhver erfingjanna er sviptur fjárforræði, þá er skiptin byrja. En ef það er kvæntur maður, er býr saman við konu sína, og þau eiga fjelagsbú saman, þá má fjárhaldsmaður hans ásamt konunni taka þátt í erfingjaskiptum fyrir hönd þess, er sviptur hefur verið fjárforræði;

c, þegar einhver erfingjanna er erlendis, þá er skipti byrja, eða eigi er kunnugt, hvar hann er, og hann hefur eigi veitt öðrum manni umboð til að gæta hags síns við skiptin. Nú er eigi kunnugt, hvar erfingi er niður kominn, og engin vissa fyrir, að hann hafi lifað arfleifanda, og mega erfingjar samt sjálfir skipta með sjer, ef fimm ár eru liðin frá því, er síðast spurðist til hans.

Skiptaráðandi skal og taka til skipta dánarbú eptir gjaldheimtumenn og reikningshaldara, þegar hið opinbera eða ómyndugir eiga forgöngurjett eða lögboðinn veðrjett í eigum þeirra, og má þá eigi selja erfingjunum búið í hendur fyrri, en sjeð hefur verið borgið kröfum hins opinbera eða hinna ómyndugu.

6. grein.

Hvort sem erfingjar æskja þess eða ekki, skal skiptaráðandi enn fremur taka til skipta dánarbú þau, er hinn látni hefur löglega ákveðið að þannig skuli skipta. Jafnvel þó arfleifandi láti eptir sig arfgengt afkvæmi, skal honum heimilt að ákveða með gjörningi í því formi, sem fyrir skipað er um arfleiðsluskrár, að búinu skuli skipt af skiptaráðanda, eða tilnefndum skiptaforstjórum, er eigi hafi dómsvald. Sömu ákvörðun getur það hjóna, er eptir lifir og situr í óskiptu búi, gjört um allt fjelagsbúið.

7. grein.

Nú hafa erfingjar sjálfir tekið bú til skipta, og kemur eigi til opinberra skipta, þó slík breyting verði á, meðan á skiptum stendur, að skiptaráðandi hefði átt að skipta búi, ef þannig hefði verið ástatt frá fyrstu.

8. grein.

Ef erfingjar, er sjálfir skipta, verða missáttir, er hverjum þeirra heimilt að krefjast, að skiptaráðanda sje selt búið í hendur til skipta samkvæmt því, sem fyrir er mælt um dánarbú, þegar gengizt er við arfi og skuldum.

9. grein.

Nú hefur skiptaráðandi byrjað á skiptum, en nauðsyn til opinberra skipta hefur horfið, áður en skiptum er lokið, og geta erfingjar þá krafizt, að búið sje fengið sjer í

hendur, ef þeir allir eru á eitt sáttir um það. Til þessa þarf þó samþykki skuldheimtumanna þeirra, er hafa gefið sig fram, nema skuldir þeirra sjeu þeim borgaðar, eða þeir fái fulla tryggingu fyrir greiðslu skuldanna á gjalddaga. Ef innköllun til skuldheimtumanna hefur verið út gefin, má eigi selja erfingjum bú í hendur fyrri, en innköllunarfresturinn er liðinn.

Sama er og um skilyrðin fyrir því, að það hjóna, sem eptir lifir og má sitja í óskiptu búi, geti heimtað búið sjer fram selt til frjálsra umráða.

10. grein.

Þegar ætla má eptir því, sem fram er komið, þegar látið er tilkynnt, að dánarfje sje eigi meira en fyrir útfararkostnaði, má skiptaráðandi þá þegar selja það þeim í hendur, sem kostar útförina.

Nú hyggur skiptaráðandi, eptir því sem honum er þannig kunnugt orðið, að dánarfjeð nemi eigi 200 krónum, og hrökkvi þó fyrir skuldum, og fara þá eigi fram opinber skipti, þó annars bæri nauðsyn til þess eptir fyrirmælum 5. greinar, a—c, ef einn eða fleiri af erfingjum eru myndugir, og bæði þeir og fjárhaldsmenn hinna ómyndugu lýsa því yfir þá þegar, að þeir gangist við arfi og skuldum.

Ákvarðanirnar í 76.—79. grein ná eigi til þessara búa.

11. grein.

Að öðru leyti ber að fara eptir því, sem fyrir er mælt í 7. kapítula laga þessara, um það, hvers erfingjum ber að gæta, þá er þeir vilja neyta rjettar síns til að skipta sjálfir búi, og um það, hver skilríki þurfi af þeirra hálfu í þessu efni.

ANNAR ÞÁTTUR.

Um opinber skipti.

2. kapítuli.

Um byrjun og fyrstu aðgjörðir á opinberum skiptum.

12. grein.

Þegar skilyrðin fyrir opinberum skiptum eiga sjer stað, og lög þessi ákveða eigi öðruvísi, þá skal skiptaráðandi byrja skiptagjörð eins fljótt, og því verður við komið, eptir að látið hefur verið tilkynnt honum, eða honum á annan hátt hefur orðið það kunnugt, og tekur hann þá eigur búsins undir umsjón sína, annaðhvort með því að innsigla þær, eða á annan hagkvæman hátt; svo ber honum og að sjá um, að þeir munir búsins, sem eru í öðrum lögsagnarumdæmum, verði annaðhvort innsiglaðir, eða að skiptaráðandinn þar taki þá undir sína umsjón.

Að svo miklu leyti, sem því verður við komið, ber skiptaráðanda að sjá um, að bókað sje nafn eiganda og ritað á skuldabrjef þau, er finnast í búinu, og bera með sjer að vera handhafa-eign. Verði skiptaráðandi þess vísari, að hinn framliðni hafi átt fje á skuldastöðum, ber honum að gjöra um það þá ráðstöfun, sem þörf er á.

Þessi gjörð skiptaráðanda nær eigi til þeirra muna, sem ætla má að sjeu annara eign, og þeir þegar geta heimtað sjer selda í hendur.

13. grein.

Nú eru skilyrðin fyrir því, að það hjóna, sem eptir lifir, megi sitja í óskiptu búi, eða að erfingjar megi taka bú til skipta án íhlutunar skiptaráðanda, að vísu eigi fyrir hendi, þá er látið er tilkynnt, en þó þykir mega sjá fyrir, að þeim verði fullnægt innan skamms tíma, og má skiptaráðandi þá fresta gjörðinni um hríð, nema honum þyki hætt við, að eigum búsins sje spillt, eða að þær misfarist.

14. grein.

Skiptaráðanda ber, sem fyrst eptir að hann hefur tekið við búinu, að rannsaka, hverjir eigi arf og gjafir að taka, svo og tilkynna þeim látið hverjum um sig, ef á þarf að halda; ber honum að gjöra það á þann hátt, sem honum þykir bezt við eiga eptir því sem á stendur, og má hann til þess hafa handfalið brjef. Sje einhver erfingja eða gjaftökumanna ómyndugur, á skiptaráðandi að sjá um, að honum sje

skipaður fjárhaldsmaður sem fyrst, ef það ekki þegar hefur verið gjört. Nú er erfingi fjarstaddur og ókunnugt um verustað hans, eða hann er í þeirri fjarlægð, að eigi þykir mega fresta skiptum, þangað til ráðstöfun hans er fengin, enda mætir enginn með umboð af hans hálfu, og ber skiptaráðanda einnig að sjá um, að honum sje skipaður fjárhaldsmaður, og hefur hann í öllum greinum sömu rjettindi og skyldur og er háður sama eptirliti sem fjárhaldsmenn ómyndugra.

15. grein.

Jafnsnemma þessu, eða svo fljótt, sem því verður við komið, ber skiptaráðanda að láta upp skrifa og virða dánarbúið; svo skal og tilgreina kröfur og skuldir búsins, eptir því sem þá er kunnugt, nema haganlegra þyki að fresta þessu, þangað til farið hefur verið yfir reikningsbækur búsins og skjöl þess, en það ber skiptaráðanda að gjöra sem fyrst, þó svo að erfingjunum gefist kostur á að vera viðstaddir.

16. grein.

Gjörðir þær, sem nú hafa verið nefndar, framkvæmir skiptaráðandi eða hreppstjóri fyrir hans hönd með tveimur vottum, er virða skulu eignir búsins og leggja eið við; en ef sjerstakrar þekkingar þarf við, til nefnir skiptaráðandi virðingarmenn, sem til þess eru hæfir. Skiptaráðandi lætur vottana vinna eið að virðingunni á skiptafundi, ef þess er krafizt, áður skiptum er lokið. Þegar hreppstjóri framkvæmir gjörðir þessar, ritar hann þær í bók, er skiptaráðandi löggildir, og sendir honum eptirrit sem fyrst, eptir að gjörðinni er lokið.

Þegar gjörðir þessar eiga fram að fara, skal kalla til erfingja og þá, er til gjafa eiga að telja, ef því verður við komið, án þess að það valdi drætti. Annaðhvort við lok uppskriptarinnar, eða á skiptasamkomu, er haldin sje sem fyrst þar á eptir, ber skiptaráðanda að fá tillögur erfingjanna um ráðstafanir þær á búinu, sem eigi má fresta, og ráða síðan af, hvað gjöra skuli; svo skal hann og skora á þá að lýsa yfir, hvort þeir vilji taka að sjer ábyrgð á skuldum hins framliðna eða ekki. Sama er og um hreppstjóra, þegar hann skrifar upp bú. Veita má erfingjum stuttan umhugsunarfrest til þessarar yfirlýsingar. Nú er erfingi ómyndugur eða fjarstaddur, og hefur honum verið skipaður fjárhaldsmaður eptir 14. grein, og lýsir fjárhaldsmaður því þá yfir fyrir hönd erfingja, hvort hann taki ábyrgð á skuldum. Rjett er að skiptaráðandi varni því, að fjárhaldsmaður gangist við arfi og skuldum, þótt hann vilji, ef skiptaráðandi álítur, að erfingi bíði tjón af því.

17. grein.

Nú hafa erfingjar, sem verið hafa viðstaddir gjörð þá, sem um er getið í næstu grein á undan, lýst því yfir, að þeir takist á hendur ábyrgð á skuldum búsins, eða að minnsta kosti eigi skorast undan slíkri ábyrgð, en sumir erfingja eru fjarstaddir og hafa eigi látið í ljósi vilja sinn, og ber skiptaráðanda þá tafarlaust að kveðja á skiptafund alla þá, er til arfs og gjafa eiga að telja í búinu.

Þegar þeir, er arf eða gjafir eiga að taka, allir eru innanlands og skiptaráðanda er kunnugt um heimili þeirra eða verustaði, skal hann gjöra þeim aðvart hverjum fyrir sig, annaðhvort með handföldu brjefi, eða á annan hátt, er honum þykir við eiga.

Nú er eigi kunnugt um alla þá, er arf eða gjafir eiga að taka, eða hvort þeir sjeu innanlands, eða hvar þeir sjeu, og skal boða þá á skiptafund með auglýsingu, sem tvisvar sinnum sje birt í blöðum þeim, sem ætluð eru til almennra auglýsinga.

Skiptaráðandi til tekur boðunarfrestinn eptir atvikum.

18. grein.

Á skiptafundi þeim, sem um er rætt í 17. grein, ber skiptaráðanda að skýra erfingjum og gjaftökumönnum frá efnahag búsins, að því leyti kunnugt er; síðan skal hann skora á erfingja að lýsa yfir, hvort þeir vilji taka að sjer ábyrgð á skuldum hins dána eða ekki.

Nú fæst eigi á fundum þeim, sem um er rætt í 16. og 17. grein, yfirlýsing af

hálfu allra erfingja um, að þeir vilji taka að sjer ábyrgð á skuldum búsins, og skal þá fara með búið, svo sem segir í 3. kapítula laga þessara, þannig að ábyrgð á skuldum þess nái eigi lengra, en efni þess hrökkva til.

3. kapituli.

Um skipti á dánarbúum, þegar erfingjar taka eigi að sjer ábyrgð á skuldum.

I.

Almennar ákvarðanir.

19. grein.

Nú hafa erfingjar eigi gengizt við arfi og skuldum, og ber skiptaráðanda þá að fara sem mest eptir tillögum skuldheimtumanna um meðferð á búinu, þangað til skuldir þeirra hafa verið þeim goldnar, eða þeir hafa fengið tryggingu fyrir greiðslu þeirra; en upp frá því ber að telja erfingjana rjetta umráðamenn búsins.

Ef nauðsyn ber til að láta af hendi fjármuni úr búinu, eða gjöra aðra samninga í þarfir þess, áður en útgjört er um það eptir fyrirmælum 16. og 17. greinar, hvort erfingjar gangist við arfi og skuldum eða ekki, þá er skiptaráðanda þetta heimilt; en gæta skal hann þess, að rjettur skuldheimtumanna sje í engu skertur.

20. grein,

Þegar erfingjar gangast eigi við arfi og skuldum, skal tafarlaust gefa út innköllun til skuldheimtumanna, og taka það með berum orðum fram í henni, að erfingjar hafi eigi tekið að sjer ábyrgð á skuldum búsins, sbr. þó 42. grein.

Ákvæði eldri laga um, að skiptaráðanda beri sjerstaklega að skýra sumum skuldheimtumönnum eða öðrum frá skiptum, skulu standa óbreytt.

21. grein.

Í innköllun til skuldheimtumanna skal og með sama fyrirvara skora á þá, er arf og gjafir eiga að taka, ef eigi er þegar kunnugt, hverjir þeir eru og hvar þeir eru, að gefa sig fram; en eigi hafa þeir misst rjettar síns, þó þeir eigi gefi sig fram eptir innkölluninni. Annarar eða frekari innköllunar til erfingja þarf eigi við, og þegar innköllun til skuldheimtumanna löglega hefur verið sleppt (sbr. 42. gr.), þarf skiptaráðandi eigi að bíða með skipti á búinu lengur, en annara orsaka vegna er nauðsynlegt.

22. grein.

Ef ekki eru líkindi til, að hinn framliðni hafi átt skuldaskipti erlendis eða eigi þar erfingja, er innköllunarfresturinn 6 mánuðir, en ella 12 mánuðir, og ber frest þennan ávallt að telja frá síðasta birtingardegi; en innköllunina ber að birta á þann hátt, er segir í opnu brjefi 4. jan. 1861, 2. grein. Rjett er að skiptaráðandi þar að auki birti innköllun á annan hagkvæman hátt, ef honum þykir við eiga.

Nú verður síðar sú raun á, að hinn framliðni hafi staðið í skuldum erlendis, og skal eigi fyrir þá sök gefa út nýja innköllun, en erlendir skuldheimtumenn geta heimtað, að kröfur þeirra sjeu teknar til greina, ef þeir að eins gefa sig fram, áður 12 mánuðir eru liðnir frá síðasta birtingardegi innköllunarinnar. Ef slíkir skuldheimtumenn gefa sig fram, áður en úthlutunargjörðin hefur verið samin, má skiptaráðandi, ef þörf gjörist, breyta því, sem gjört hefur verið við skiptin. En ef þeir gefa sig eigi fram fyr, en skiptum er lokið, verður að áfrýja skiptagjörðinni til breytingar, og ber þá, er skipti fara fram á ný, að taka til greina skuldir þær, sem lýst hefur verið innan 12 mánaða frá síðasta birtingardegi innköllunarinnar.

Um fyrningu skulda eptir innköllun fer eptir eldri lögum.

23. grein.

Halda skal skiptafundi í búum svo opt, sem þurfa þykir, og boðar skiptaráðandi til þeirra á þann hátt, sem bezt á við á hverjum stað. Svo ákveður hann og fyrirvara, stund og stað.

24. grein.

Um málefni þau, sem til umræðu koma á skiptafundi, og um meðferð búsins,

61*

skal fara eptir tillögum fundarmanna þeirra, er atkvæðisrjett hafa (19. gr.); þó má skiptaráðandi hafna tillögum fjárhaldsmanns, ef hann ætlar, að þær sjeu skjólstæðing hans í óhag. Meðan innköllunarfresturinn eigi er liðinn, á skiptaráðandi eigi heldur að taka til greina ályktanir þær, er gætu komið í bága við hag skuldheimtumanna, er eigi hafa enn gefið sig fram, eða skerða rjettindi nokkurs manns.

Nú greinir fundarmenn á, og sker skiptaráðandi úr ágreiningi þeirra, og ber honum, svo sem unnt er, að taka tillögur þeirra til greina, en þó má hann ráða ágreiningnum til lykta á annan hátt, en tillögurnar hafa orðið, og fara eptir því, er hann ætlar haganlegast fyrir alla hlutaðeigendur, einkum þá, sem ómyndugir eru og fjarstaddir, nema öðruvísi sje ákveðið í lögum þessum.

25. grein.

Nú sækir maður eigi skiptafund, er honum hefur verið löglega boðaður, og hefur hann þá fyrirgjört rjetti sínum til að mótmæla ályktunum þeim, er þar hafa gjörðar verið um stjórn búsins; en eigi hefur hann fyrir þá sök afsalað sjer neinum rjetti eða kröfu.

26. grein.

Nú kemur enginn þeirra á skiptafund, er atkvæðisrjett hafa um málefni búsins, og gjörir skiptaráðandi út um málefni þau, er til umræðu áttu að koma á þeim fundi, á þann hátt, er hann ætlar bezt henta. Þó ber skiptaráðanda, ef um áríðandi málefni er að gjöra og því verður við komið, að kveðja til fundar af nýju, áður en því sje ráðið til lykta.

27. grein.

Þegar selja á fjármuni bús, skal það gjört á almennu uppboðsþingi, er fram fer samkvæmt fyrirmælum laganna um nauðungaruppboð. Selja má þó fjármuni án uppboðs, ef meiri hluti þeirra, er koma á fund og atkvæðisrjett hafa, samþykkir, og skiptaráðandi er á sama máli, og þess hefur þar að auki gætt verið, sem fyrir er mælt í fyrra kafla 24. gr., sbr. 25. gr. Sama er og, ef skiptaráðandi ræður af að selja muni, sem hætt er við að skemmist eða rýrni í verði, ef þeir eru geymdir.

28. grein.

Ríkisskuldabrjef, skuldabrjef lánsfjelaga, hlutabrjef í bönkum og í járnbrautum og önnur slík ígildisskjöl, sem gangverð hafa innanríkis, skal selja eptir gangverði, nema skuldheimtumenn eða erfingjar vilji láta leggja sjer þau út eptir gangverði.

Nú á bú skuldakröfur, sem eigi eru þess eðlis, að þær verði lagðar út skuldheimtumönnum eða erfingjum með fullri upphæð þeirra, en eigi þykir tiltækilegt að kosta málssókn fyrir þeirra sakir, annaðhvort af því að krafan sje óvís, eða vegna tafar þeirrar, er hlytist af málssókninni, eða annara orsaka vegna, og skulu þær þá seldar á uppboðsþingi, nema erfingjar eða skuldheimtumenn vilji láta leggja sjer þær út eptir tiltölu, eða einn þeirra eða fleiri bjóðist til að taka þær fyrir ákveðið verð, og hinir samþykki.

29. grein.

Skiptaráðandi sjer um, að fjármunir búsins sjeu seldir, jafnskjótt og haganlegt þykir; eiga skuldheimtumenn, meðan greiðslu á skuldum þeirra eigi er borgið, rjett á að heimta, að sem bráðast verði að því undið, og þarf eigi að bíða eptir því, að innköllunarfresturinn sje liðinn. Nú er greiðslu skulda borgið, og er það þá komið undir erfingjum eða úrskurði skiptaráðanda eptir grundvallarreglum 50. gr., sbr. 46., 48., 59. og 62. gr., hvort og hvenær selja skuli fjármunina.

30. grein.

Skiptaráðandi framkvæmir öll þau störf, er lúta að meðferð búsins; en krefja má hann þess, að innheimtumaður sje fenginn, og skal hann kosinn með atkvæðafjölda á skiptafundi, sem kvatt hefur verið til, af þeim, er þar eiga atkvæðisrjett; en skiptaráðandi sjer um, að sá, sem kosinn er, setji veð eða aðra ábyrgð, ef þurfa þykir.

31. grein.

Þegar selja á lausafje búsins á uppboðsþingi, semur innheimtumaður frumvarp til söluskilmála og ber undir skiptaráðanda. Ræður hann, hver boð skuli taka gild, og ábyrgist sem sína skuld, að uppboðsandvirði verði greitt skiptaráðanda innan 6 vikna, frá því gjaldfrestur sá er liðinn, sem settur er í uppboðsskilmálunum. Svo má skiptaráðandi og fela innheimtumanni á hendur að heimta inn skuldir búsins, og skal hann þá greiða skiptaráðanda það fje, jafnskjótt sem það heimtist.

Þóknun innheimtumanns fyrir starfa hans skal ákveða með samningi, eða með úrskurði skiptaráðanda, ef eigi hefur verið um samið.

32. grein.

Meðan á skiptum stendur, er skiptaráðanda heimilt að neyta þeirrar aðstoðar, er hann kynni þurfa til að gegna þeim störfum í búinu, sem hann eigi sjálfur að lögum er skyldur að gegna, svo sem er málaflutningur, stjórn og umsjón á fasteignum, rannsókn á bókum og skjölum, svo og að ljúka við fyrirtæki, er hinn framliðni hefur byrjað á.

Þóknun þeirra, sem hafa störf á hendi í þarfir búsins, ákveður skiptaráðandi, ef ágreiningur verður um.

II.

Um stöðu skuldheimtumanna.

33. grein.

Upp frá því, er dánarbú er tekið til opinberra skipta, skal bera upp fyrir skiptaráðanda allar kröfur á hendur hinum framliðna og til epirlátinna muna hans.

Nú hefur málssókn verið hafin gegn hinum framliðna og stefna verið honum löglega birt, og er þá rjett, að því máli sje haldið áfram gegn búinu til dóms á því varnarþingi, þar sem það var löglega höfðað.

34. grein.

Þegar dánarbú er tekið til opinberra skipta, fellur kyrrsetning á munum þess úr gildi, og eigi má framar kyrrsetja muni þess nje gjöra fjárnám í því og halda nauðungaruppboð til greiðslu skuldakröfum. En eigi breytist fyrir þá sök í neinu rjettur þeirra, sem fyrir lát hins dána hafa gjört fjárnám í eigum hans, eða fengið fjármuni setta í löggeymslu. Rjett er og, að menn selji muni, sem eru til tryggingar og selja má án undanfarandi lögsóknar, svo sem er um þá, er hafa handsalt veð, eða veð samkvæmt tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr., eða hið opinbera samkvæmt lögum 15. apr. 1854, 9. gr. og tilsk. 26. febr. 1872, 7. grein.

35. grein.

Skiptaráðandi ákveður og úrskurðar, hvernig fara skuli með búið og úthluta því; hann sker úr, hvort kröfur gegn búinu verði teknar til greina eða ekki, sbr. þó 33. gr. Þar á móti getur hann eigi skyldað neinn til að greiða búinu fje, eða leysa verk af hendi fyrir það, eða að öðru leyti lagt dóm á kröfur búsins gegn öðrum. Nú hefur verið lýst til skuldar í búinu, en búið hefur skuldakröfu á móti, og úrskurðar skiptaráðandi þá, að hve miklu leyti hún megi koma upp í skuldina. Ef heimtað er, að fram seldir sjeu munir úr búinu eða afsalaðir, má skiptaráðandi binda það því skilyrði, að efndar sjeu við búið skuldbindingar þær, er þar af leiða. Nú hefur fje verið greitt úr búinu gegn ábyrgðar-kvittun, og sker skiptaráðandi þá einnig úr, hvort það skuli aptur goldið að nokkru eða öllu sökum nýrra sannana eða atvika.

36. grein.

Hver, sem á til skuldar eða annarar kröfu að telja í búi, skýri frá því á skiptafundi eða í brjefi til skiptaráðanda, er lætur í tje vottorð um það, ef þess er krafið, og getur þess í skiptabókinni eða annari bók, sem til þess er ætluð.

Sá, er segir til skuldar á þennan hátt, verður aðnjótandi allra þeirra rjettinda, sem kæra til sáttanefndar eða málshöfðun hefur í för með sjer, að því er snertir borgun á vöxtum, riptinga á skuldafyrningu og fleira þess konar.

37. grein.

Þegar innköllunarfrestur til skuldheimtumanna er liðinn, ber skiptaráðanda innan mánaðar að semja skrá um skuldir þær, sem sagt hefur verið til, og raða þeim niður, ef þess gjörist þörf; síðan leggur hann fram skrána á skiptafundi, sem löglega hefur verið boðaður, ásamt skírteinum skuldheimtumanna. Á fundi þessum ber að yfirskoða skrána ásamt athugasemdum skiptaráðanda um hana, og skora á hlutaðeigendur að láta í ljósi álit sitt um skuldakröfurnar. Nú vefengja þeir skuld eða halda því fram, að hún sje ekki á rjettum stað í skuldaröðinni, og skulu þeir þá bera upp mótmæli sín á fundinum, eða í síðasta lagi áður fjórar vikur eru liðnar frá fundardegi, og þar eptir fram fylgja þeim tafarlaust. Skuld, sem eigi hefur verið mótmælt innan þess tíma, ber að telja samþykkta. Á fundi þeim, sem hjer er um rætt, skal einnig, ef verða má, leggja fram yfirlit yfir fjárhag búsins.

38. grein.

Nú er skuldakröfu mótmælt, og skal þá skiptaráðandi leita um sættir, en ef sættum eigi verður á komið, leggur hann úrskurð á, hvort taka skuli kröfuna til greina að nokkru eða öllu leyti, og skal fara með það mál eptir rjettarfarsreglum þeim, sem í gildi eru. Á sama hátt skal ráða til lykta ágreiningi um forgöngurjett skulda, og hverjum öðrum ágreiningi um úthlutun búsins. Skiptaráðandi útvegar búinu talsmann í slíkum málum, ef þurfa þykir.

39. grein.

Eigi má leggja úrskurði skiptaráðanda til grundvallar fyrir meðferð búsins, fyr en áfrýjunarfrestur er liðinn, án þess áfrýjað hafi verið (96. gr.), nema málspartar lýsi því yfir, að þeir uni úrskurðinum, eða honum eigi verði áfrýjað að lögum.

Nú er úrskurði áfrýjað, og honum breytt eða hann ónýttur, og skal þá taka það til greina við skiptin, og, ef þörf gjörist, breyta því, sem gjört hefur verið, ef skiptum eigi er lokið; en sje skiptum lokið, verður þeim í engu breytt, nema úthlutunargjörðinni sje áfrýjað.

Sama er um yfirrjettardóma, sem kveðnir hafa verið upp, er úrskurði skiptaráðanda hefur verið áfrýjað.

40. grein.

Nú vill einhver þeirra, er atkvæðisrjett hafa í búinu, áfrýja skiptaúrskurði eða dómi, enda hafi hann eigi í því máli verið mótpartur búsins, en búið vill una úrslitum málsins, og er honum það heimilt, nema málspartar hafi sín á milli gjört samning um ágreiningsefnið, eða málskotið geti valdið missi rjettinda, er úrskurðurinn eða dómurinn heimilar búinu.

41. grein.

Hafi búinu græðzt fje við málskotið, eiga áfrýendurnir rjett á að krefja þess, að búið endurgjaldi þeim það, er þeir hafa til kostað, þó eigi fram yfir það, er búinu hefur græðzt. Ef skiptum er lokið, þegar fullnaðardómur er upp kveðinn, fá áfrýendur kostnað sinn borgaðan af því, er græðzt hefur. Með það, sem umfram kann að verða, skal fara á þann hátt, er segir í 45. grein.

III.

Um lok skipta.

42. grein.

Ef eigur búsins nema eigi meiru en útfararkostnaði, má skiptaráðandi láta þær upp í útfararkostnaðinn og lúka þar með skiptunum. Nú verður eigi meira afgangs útfararkostnaði, en þarf til greiðslu á kröfum skuldheimtumanna, þeirra er forgöngurjett hafa, og má skiptaráðandi leggja þeim út fjármuni búsins eptir skuldaröð rjettri, og lúka þar með skiptunum.

43. grein.

Þegar liðnar eru þær 4 vikur, sem getið er um í 37. gr., frá því skuldayfirlit hefur verið lagt fram, ber skiptaráðanda, ef fje er fyrir hendi, að greiða skuldheimtumönnum skuldir þeirra.

44. grein.

Nú er fje umfram, þá er skuldum er

lokið, og ber skiptaráðananum að skipta því meðal erfingja og gjaftökumanna, þá er eigur búsins eru saman komnar og innheimtar.

45. grein.

Eigi þarf að fresta skiptalokum sökum skuldbindinga, sem bundnar eru óvísum skilyrðum, en þegar svo langt er komið, að búinu fyrir annara hluta sakir má skipta, skal taka frá það, sem þurfa kann, til að fullnægja þessum skuldbindingum. Ef síðar verður sú raun á, að eigi þarf alls þess, sem frá hefur verið tekið, til að fullnægja skuldbindingunum, skal því, sem umfram er, skipt milli erfingja og gjaftökumanna.

Svo má og lúka skiptum, þótt hinn framliðni hafi átt arf í óskiptu búi, eða aðra kröfu, sem óvís er að upphæð og standa verður ógreidd um óákveðinn tíma, en þegar þar að kemur, skulu skiptin tekin fyrir af nýju.

46. grein.

Hver erfingja á heimtingu á, að arfahluti hans sje lagður honum út eptir virðingu, og hið sama er um búshluta þess hjóna, er eptir lifir; en sje erfingi ófulltíða, og fjárhaldsmaður hans vilji neyta þessa rjettar fyrir hans hönd, þarf til þess samþykki skiptaráðanda. Ef fleiri en einn erfingja krefja þess, að hinn sami hlutur sje þeim út lagður, skal hlutkesti ráða; en það hjóna, sem eptir lifir, gengur ávallt fyrir.

Um rjett þess hjóna, sem eptir lifir, gagnvart erfingjum til að halda öllu búinu, eða meira af búinu en nemur búshluta þess og erfðahluta, skal fara eptir því, sem fyrir er mælt í 59. og 62. gr. laga þessara.

47. grein.

Þegar leggja á út eptir virðingu alla fjármuni búsins eða nokkra þeirra, og hlutaðeigendur ekki vilja una við virðinguna, er hverjum þeirra heimilt að heimta nýja virðingu á þeim hlutum, er hann eigi álítur rjett virta. Kveður þá skiptaráðandi menn til að virða af nýju, og gjöra áður viðvart öllum hlutaðeigendum. Þegar virðingargjörð er lokið, skal vinna eið að henni fyrir skiptaráðanda, ef krafið er.

48. grein.

Eigi má, nema með samþykki landshöfðingja, leggja ófulltíða erfingja út erlend skuldabrjef, sem eigi ganga kaupum og sölum innanríkis, eða eru þeim annmörkum bundin, að erfitt er að fá vitneskju um gjalddaga, er þeim er sagt upp, eða vextir af þeim eru greiddir utanríkis.

49. grein.

Skiptum ber að lúka á skiptafundi, ef því verður við komið, og ef allir hlutaðeigendur lýsa því yfir, að þeir uni við þau, á úthlutun þegar fram að fara.

Ef skiptum af einhverjum orsökum ekki verður lokið á skiptafundi, en allt að öðru leyti er undir búið, ber skiptaráðanda að taka búið til fullnaðarskipta, og, áður sex vikur eru liðnar, semja frumvarp til úthlutunargjörðar. Að því búnu kveður hann hlutaðeigendur af nýju á fund, og ef þeir þá eigi allir lýsa því yfir, að þeir fallist á frumvarpið, eða eigi allir koma á fundinn, skal frumvarpið vera enn tvær vikur til sýnis hjá skiptaráðanda, og verða þeir, er mótmæli vilja hefja, að koma fram með þau, áður sá tími er liðinn. Virðist skiptaráðanda aðfinning við frumvarpið til greina takandi, leiðrjettir hann frumvarpið, en að öðrum kosti, eða hafi engin mótmæli fram komið í tækan tíma, verður frumvarpið óbreytt að fullnaðarskiptum, er eigi verður breytt, nema þeim sje áfrýjað. Ef allir hlutaðeigendur eigi hafa lýst því yfir, að þeir uni við skiptin, má úthlutun eigi fram fara, fyr en áfrýjunarfrestur (96. gr.) er liðinn og hafi eigi verið áfrýjað.

4. kapítuli.

Um skipti á dánarbúum, þegar gengizt er við arfi og ábyrgð skulda.

50. grein.

Þegar gengizt er við arfi og ábyrgð skulda, ber að haga skiptum á búinu eptir því, sem fulltíða erfingjum og fjárhaldsmönn-

um þeirra, sem ófulltíða eru og fjarstaddir, um semur; þó má skiptaráðandi neita, að samþykkja tillögur fjárhaldsmanns, ef hann hyggur, að þær sjeu skjólstæðing hans í óhag.

Nú eru erfingjar ósamþykkir, eða koma eigi á skiptafund, þegar gjöra skal út um eitthvert málefni, og skal þá skiptaráðandi gjöra út um málið, og meta tillögur þær, sem fram hafa komið, og líta á hag allra hlutaðeiganda, einkum þeirra, sem ófulltíða eru eða fjarstaddir.

51. grein.

Við skipti á þessum búum þarf eigi að gefa út innköllun til skuldheimtumanna, þegar allir erfingjar eru fulltíða og viðstaddir, nema einhver erfingja krefji þess; en sje einhver þeirra ófulltíða eða fjarstaddur, skal gefa út innköllun, nema skiptaráðanda þyki þess eigi þörf.

Eigi má skipta búinu með erfingjum nema með samþykki skuldheimtumanna þeirra, er gefið hafa sig fram, eða ef skuldheimtumenn hafa fengið skuldir sínar goldnar eða tryggingu fyrir greiðslu þeirra á gjalddaga. Hafi innköllun verið útgefin, má eigi skipta, fyrri en innköllunarfresturinn er liðinn.

52. grein.

Eptir að skiptum er lokið, ábyrgjast erfingjar, einn sem allir og allir sem einn, skuldir þær, sem lýst hefur verið og búið krafið um, áður en skipti fóru fram. Skuldir þær, sem búið ekki hefur verið krafið um, en ekki eru fyrir þá sök gengnar úr gildi, ábyrgjast erfingjar að tilltölu við arftökurjett, nema þeir eptir samningi sjeu skuldbundnir einn sem allir og allir sem einn, eða hinn framliðni hafi átt að gjöra skil fyrir konungsfje, ómyndugrafje, fátækrafje eða kirknafje, en erfingjar hafi skipt með sjer án þess að gjöra reikningsskil fyrir.

53. grein.

Þegar gengizt er við arfi og ábyrgð skulda, má kyrrsetja eigur búsins, svo og taka þær fjárnámi og selja við nauðungaruppboð, ef lögboðin skilyrði eru fyrir því. Nú hafa eigur búsins verið kyrrsettar, áður en erfingjar tóku að sjer skulda-ábyrgð, og fer þá um kyrrsetninguna, sem hún aldrei hefði misst gildi sitt.

54. grein.

Nú vill skuldheimtumaður hins framliðna öðlast fjárnámsrjett fyrir skuld sinni, og má hann þá hefja málssókn á hendur erfingjunum á varnarþingi því, er skipti fara fram.

Rjett er að stefna til erfingjanna sje birt fyrir skiptaráðanda einum, og að stefnufresturinn sje ákveðinn eptir heimili hans, að við bættum 4 vikum, en skylt er skiptaráðanda að gjöra erfingjum aðvart um stefnuna.

55. grein.

Að öðru leyti skal fara með bú þessi á þann hátt, er segir í 3. kap., nema öðruvísi sje ákveðið í lögum þessum.

5. kapítuli.

Um skipti á dánarbúum, þegar það hjóna, er eptir lifir, ábyrgist skuldir.

56. grein.

Þegar það hjóna, sem eptir lifir, ábyrgist skuldir búsins, enda sje búinu eigi skipt sem þrotabúi, skal gæta þess, sem segir hjer á eptir, hvort sem erfingjar eru útarfar eða afkvæmi hins látna; en ábyrgist það eigi skuldir, fer um skiptin, sem hjer á undan segir.

57. grein.

Þegar skipta á með erfingjum hins framliðna, og því hjóna, sem eptir lifir og ábyrgist skuldir, ber skiptaráðanda að sjá um, að því sje sem minnst tálmun gjör í afnotum búsins.

Nú þykir mjög hætt við, að það hjóna, sem eptir lifir, muni fara illa með eigur búsins, meðan á skiptum stendur, og má skiptaráðandi annaðhvort ótilkvaddur, eða eptir áskorun erfingja eða fjárhaldsmanna, svipta það forráðum búsins og fá þau í hendur vönduðum manni, sem á að gæta búsins sem fjárhaldsmaður þess, meðan á skiptum stendur.

Ráðstöfun þessa skal birta á þingum,

og einnig auglýsa hana í blöðum eða á kirkjufundum, ef þurfa þykir.

58. grein.

Hið eptirlifandi hjóna til greinir, hverjir erfingjar sjeu, en skiptaráðandi sjer um, að þeim verði tilkynnt skiptin samkvæmt 14. og 23. gr. Ef erfingi eða gjaftökumaður er fjarstaddur, og ókunnugt um verustað hans, eða hann er í þeirri fjarlægð, að eigi þykir mega draga skiptin fyrir hans sakir, enda mætir enginn með umboð af hans hálfu, annast skiptaráðandi um, að fjárhaldsmaður verði kvaddur til að gæta hagsmuna hans við skiptin.

59. grein.

Skiptin skal byggja á framtölu hins eptirlifanda á eigum og skuldum búsins, ef erfingjar og fjárhaldsmenn taka hana gilda, og skiptaráðanda eigi þykir ástæða til að rengja hana fyrir hönd ófulltíða eða fjarstaddra erfingja, og þótt framtalan þyki ekki í alla staði rjett, ber samt eigi að selja fjármuni búsins, heldur láta virða þá af óvilhöllum mönnum samkvæmt 47. grein. Eigi þarf heldur að rannsaka, hvort skuldir þær, sem fram hafa verið taldar, sjeu sannar, fremur en skiptaráðanda þykir nægja, svo sem að þær sjeu bornar undir skuldheimtumenn o. s. frv.

Hið eptirlifandi hjóna má halda öllu búinu eða nokkru af því, hvort sem eru fasteignir, skip eða aðrir munir, þó meira nemi en búshluta þess og arfi, enda skuldbindi það sig til, ef til kemur, að greiða samerfingjum sínum í peningum það, sem umfram er.

60. grein.

Nú er fje umfram skuldir eptir framtölu hins eptirlifanda, og þarf eigi fyrir þá sök að gefa út innköllun til skuldheimtumanna, nema búið verði síðar tekið til skipta sem þrotabú.

Þótt erfingjar taki við arfi eða andvirði arfs eptir það hjóna, sem dáið er, lendir eigi á þeim nein ábyrgð á skuldum búsins. En hafi hið eptirlifandi úthlutað eða greitt erfingjum hins framliðna meira, en þeim ber að rjettu, og þannig gjört á hluta skuldheimtumanna sinna, geta skuldheimtumennirnir krafið þess, að því sje aptur skilað, ef sú verður raun á, að bú hins eptirlifanda hrökkvi eigi fyrir skuldum. Ef skuldheimtumenn þá rengja framtölu hins eptirlifandi hjóna, sem farið hefur verið eptir við úthlutunina, geta þeir heimtað, að hið eptirlifandi vinni eið að henni.

61. grein.

Þótt hið eptirlifandi hjóna skipti með erfingjum hins framliðna á þennan hátt, geta skuldheimtumenn fjelagsbúsins eins fyrir það fylgt fram rjetti sínum gagnvart hinu eptirlifanda.

Þegar hið eptirlifandi hjóna hefur verið svipt búsforráðum samkvæmt 57. grein, annast fjárhaldsmaður um, að skuldir búsins verði greiddar, eins og þegar maður annars er sviptur búsforráðum.

62. grein.

Nú skipta börn eða barnabörn hins framliðna með foreldri því, afa eða ömmu, sem eptir lifir, eða börn og barnabörn skipta eptir lát hins eptirlifanda með stjúpforeldri, eða með stjúpafa eða stjúpömmu, og mega þá erfðahlutir hinna ómyndugu standa inni hjá því hjóna, sem eptir lifir, gegn veði í gjörvöllu búinu eptir þinglýstu ágripi af skiptagjörð, ef arfur barna eða barnabarna eigi verður greiddur af hendi, án þess að selja verði það af lausafje eða fasteignum búsins, sem hið eptirlifandi með þarf til atvinnu sinnar eða til daglegra nauðsynja.

6. kapituli.

Um skipti á fjelagsbúi, þegar hjón skilja.

63. grein.

Þegar hjón skipta fjelagsbúi í lifanda lífi með aðstoð skiptaráðanda, sjer hann um, að búsafnot þess hjóna, er eptir býr, bíði eigi af því meiri tálmun, en brýn nauðsyn krefur til þess, að hag hins verði borgið. Ef mjög þykir uggvænt, að það hjóna, sem eptir býr, muni fara illa með fjármuni búsins, má skiptaráðandi annaðhvort ótilkvadd-

ur eða eptir áskorun hins hjónanna svipta það hjóna, er eptir býr, búsforráðum samkvæmt 57. grein, þar til skiptum er lokið.

64. grein.

Muni búsins skal skrifa upp og virða á vanalegan hátt, og ef málspartar eigi heimta hluta sinn úr búinu lagðan sjer út eptir virðingu, hvort heldur í fasteign eða lausafje, skal selja fjármunina samkvæmt 27. og 28. grein. Nú verða málspartar eigi ásáttir um, hvernig úthluta skuli, og gengur sá fyrir, er fært hefur inn í búið þann hlut, sem ágreiningur er um, ella ræður hlutkesti.

65. grein.

Ef konan rengir framtölu mannsins á skuldum búsins, leggur skiptaráðandi úrskurð á, hvort taka skuli til greina við skiptin þær kröfur, sem rengdar eru.

66. grein.

Ef maðurinn fargar eigum búsins eða heimtir inn útistandandi skuldir þess, eptir að hann hefur skilið við konu sína að fullu og öllu eða að borði og sæng, ber honum að gjöra skiptaráðanda skil fyrir því, er honum hefur greitt verið.

67. grein.

Eigi skal gefa út innköllun til skuldheimtumanna, nema maðurinn æski þess. Konan hefur eigi ábyrgð á skuldum búsins, þó hún taki við því, sem henni er lagt út í búshluta hennar. Um það, hvort henni sje skylt að láta það aptur af hendi við skuldheimtumenn, skal farið eptir því, sem fyrir er mælt í 2. lið 60. greinar.

68. grein.

Þótt hjón skipti með sjer búi, geta skuldheimtumenn engu að síður fylgt fram rjetti sínum gagnvart manninum, eins og skipti ekki stæðu yfir. Ef það hjóna, sem eptir býr, hefur verið svipt búsforráðum eptir 57. og 63. grein, annast fjárhaldsmaður um, að skuldir búsins verði greiddar, eins og þegar maður annars er sviptur fjárforráðum.

69. grein.

Nú hefur konan ábyrgð á nokkrum hluta af skuldum fjelagsbúsins, og skal þá fara eptir því, sem fyrir er mælt í 65., 67. og 68. grein, með þeim breytingum, sem þörf er á.

ÞRIÐJI ÞÁTTUR.

Um erfingjaskipti.

7. kapítuli.

70. grein.

Ef erfingjar vilja sjálfir skipta búi án íhlutunar skiptaráðanda, enda sje það leyfilegt eptir því, sem að framan segir, ber þeim að skýra skiptaráðanda frá því, og láta honum í tje skilríki þau, er honum þykja nauðsynleg. Þó ber eigi að heimta af lögerfum sannanir fyrir skýrslu þeirra um skyldugleika við arfleifanda, nema skiptaráðanda þyki ástæða til að rengja sögusögn þeirra, og getur hann þá krafið þess, að þeir útvegi skýrslur henni til styrkingar. Ef farið er fram á, að þau skilyrði sjeu fyrir hendi, er heimila að ganga fram hjá manni við skiptin, sem arf ætti að taka, ef hann hefði lifað arfleifanda, þá ber skiptaráðanda að prófa skírteinin fyrir því og leggja síðan úrskurð á; og ef erfingjum þá veitist leyfi til að skipta sjálfir, býður hann þeim að gefa sem fyrst út innköllun til erfingja (22. grein) með þeim fyrirvara, er hann sjálfur ákveður. Ef erfingjar vilja leiða vitni um málsatriði þau, er skýra þarf, áður en þeim verði veitt skiptaleyfi, má skiptaráðandi taka móti framburði vitnanna og láta þau vinna eið að honum, ef þurfa þykir.

71. grein.

Nú fara erfingjar þess eigi á leit, að skipta sjálfir, eða láta eigi í tje skýrslur þær, er skiptaráðandi krefst, eða gefa eigi út innköllun til erfingja innan þess tíma, er skiptaráðandi hefur ákveðið, smbr. 3. málsgrein í næstu grein á undan, og skal fara með búið, svo sem segir um opinber skipti. En ef skiptaráðanda þykja næg skilríki vera fram komin fyrir því, að selja megi erfingjunum búið í hendur, byrjar hann eigi á skiptum. Nú gefa sig síðar fram fleiri

erfingjar,og geta þeir þá krafið þess, að búið sje tekið til opinberra skipta; þó ber þeim áður að sanna að fullu arftökurjett sinn, ef hinir erfingjarnir vilja eigi við hann kannast.

72. grein.

Skiptaráðandi má eptir tilmælum erfingja þeirra, sem mætt hafa, skora á fulltíða erfingja, sem eigi hafa mætt, ef kunnugt er um bústað þeirra, að lýsa yfir, hvort þeir æski opinberra skipta, og skal með berum orðum taka fram í áskoruninni, að ef þeir lýsi eigi yfir vilja sínum um þetta, þá verði það skilið á þann hátt, að þeir vilji skipta búinu með hinum erfingjunum. Nú koma þeir eigi á skiptafund, og senda eigi annan mann með umboð sitt, og skipar skiptaráðandi vandaðan mann til að gæta hagsmuna þeirra við erfingjaskiptin, og skýrir þeim síðan frá. Nú kemur erfingi síðar sjálfur á skiptafund, eða sendir mann með umboð sitt, og lýkur þá umboði þess, er skiptaráðandi skipaði.

73. grein.

Þegar svo er ástatt, sem segir í þriðju málsgrein 70. greinar, má eigi lúka skiptum, fyr en innköllunarfresturinn er liðinn, nema erfingi, sá er gengið hefur verið fram hjá, hafi látið mæta fyrir sína hönd við skiptin. En ef út af því er brugðið, ábyrgist hinir erfingjarnir honum, allir sem einn og einn sem allir, tjón það og skaða, er hann bíður af því.

74. grein.

Nú hefur bú verið skrifað upp og virt, eða framtala hins eptirlifandi hjóna á eigum og skuldum búsins hefur reynzt rjett samkvæmt 59. gr., og fulltíða erfingjar og fjárhaldsmenn ófulltíða og fjarstaddra erfingja allir samt beiðast þess, að búið verði selt sjer í hendur til umráða og skipta, og má skiptaráðandi veita þeim það, hvort sem búið er stórt eða lítið, nema sjerstök lög hamli eða lögmæt ráðstöfun hins framliðna, enda virðist skiptaráðanda, eptir efnahag búsins, högum erfingja og öðrum atvikum, að hag þeirra, sem ófulltíða eru eða fjarstaddir, sje engin hætta búin af því. Ef skiptaráðanda þykir þörf á því, getur hann áður leitað álits sveitarstjórnar eða áreiðanlegra og kunnugra manna. Þó má því að eins selja búið erfingjunum í hendur, að skuldheimtumenn þeir samþykki, er gefið hafa sig fram, nema skuldir þeirra sjeu þeim borgaðar eða þeir fái tryggingu fyrir greiðslu þeirra á gjalddaga, og hafi verið gefin út innköllun til skuldheimtumanna, verður innköllunarfresturinn að vera liðinn.

Þegar bú þannig er selt erfingjum í hendur, skulu fulltíða erfingjar ábyrgjast hinum, sem ófulltíða eru eða fjarstaddir, að farið sje eptir fyrirmælum 77. gr., og að skilað verði aptur því, sem úthlutað hefur verið, ef skiptaráðandi ákveður svo samkvæmt 79. gr.

Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við, þar sem erfingjar allir eru ófulltíða eða fjarstaddir.

75. grein.

Nú kemur erfingjum eigi saman um skiptin, og geta þeir, ef þeir verða ásáttir um það, borið ágreininginn undir skiptaráðanda þann, er búinu hefði átt að skipta, ef opinber skipti hefðu fram farið, og sker hann úr eptir rjettarfarsreglum í skiptamálum, en leita skal hann fyrst um sættir.

76. grein.

Nú er búi skipt án íhlutunar skiptaráðanda, þótt erfingjar ekki sjeu allir fulltíða eða sjeu ekki innanlands (sbr. 5. gr. b, 7. gr. og 74. gr.), og skal þá lúka skiptum, ef unnt er, áður en ár er liðið frá láti arfleifanda. Við erfingjaskipti er það undir erfingjum komið, hvort gefa skuli út innköllun til skuldheimtumanna; en í búum þeim, sem um er rætt í þessari grein, skal þó gefa út innköllun til skuldheimtumanna, ef líkindi eru til, að hinn framliðni hafi átt óvanaleg skuldaskipti út af verzlun eða öðru þess konar.

77. grein.

Í þeim búum, sem um er rætt í 76. gr., ber eigi að leggja út annað en peninga í erfðahlut ófulltíða erfingja og fjarstaddra, nema skiptaráðandi samþykki, eða þannig sje ástatt, sem um er getið í 62. gr. Þegar þeim er skipt, skal rita á eitt skjal skrá yfir eigur og skuldir búsins, útreikning á erfðahlutum,

62*

og hvað hverjum hafi verið lagt út í hans hluta. Skjali þessu skulu fylgja skírteini um, að fjárhaldsmenn hafi tekið við fjármunum þeim, er skjólstæðingum þeirra hafa hlotnazt; rita erfingjar og fjárhaldsmenn nöfn sín undir skjalið, og skal síðan senda skiptaráðanda það sem fyrst til endurskoðunar. Nú þykir skiptaráðanda ekkert athugavert við skiptin, að því er snertir hagsmuni ófullтíða og fjarstaddra erfingja, og ritar hann þá samþykki sitt á skjalið, og færir það síðan inn í skiptabókina eða lætur eptirrit af því fylgja henni. Að öðrum kosti boðar hann alla erfingja og fjárhaldsmenn á fund með sjer, á þann hátt sem segir í 17. gr., og skorar á þá, að gjöra betur grein fyrir skiptunum, og, ef til kemur, leiðrjetta þau samkvæmt aðfinningum hans; en ef þeir skorast undan því, getur skiptaráðandi ónýtt skiptin með úrskurði sínum, og þá þegar tekið búið til skipta samkvæmt fyrirmælum laga þessara um skipti á dánarbúum, þegar tekið er við arfi og skuldum.

Þegar svo stendur á, sem um er getið í 62. gr., skal þinglýsa útdrætti úr skjali því, sem um er rætt í þessari grein, og skal hann þinglesinn á sama hátt og fyrir sama gjald, sem útdráttur úr skiptagjörð.

78. grein.

Ef erfingjar eigi lúka skiptum innan árs, og hafa eigi nægar afsakanir fyrir sig að bera, getur skiptaráðandi einnig tekið búið til skipta á þann hátt, er segir í 77. gr.

79. grein.

Nú tekur skiptaráðandi bú til skipta, og úthlutar því samkvæmt fyrirmælum undanfarandi greina, og eru erfingjar þá skyldir að skila aptur fjármunum þeim, er þeim kunna að hafa verið úthlutaðir, ef skiptaráðanda þykir það nauðsynlegt til þess að skiptin verði leiðrjett.

80. grein.

Um rjettindi hjóna, erfingja, gjaftökumanna og skuldheimtumanna við skipti á búum þeim, sem skipt er án íhlutunar skiptaráðanda, fer að öðru leyti eptir ákvæðum eldri laga og fyrirmælum þessara laga, að því leyti sem þau eiga við.

FJÓRÐI ÞÁTTUR.

Um skiptingu á dánarbúum, sem eigi hrökkva fyrir skuldum.

8. kapítuli.

A.

Almenn ákvörðun.

81. grein.

Um skipti á dánarbúum, sem eigi hrökkva fyrir skuldum, skal fara eptir því, sem fyrir er mælt í 2. og 3. kapítula laga þessara, með þeim breytingum, sem nauðsynlegar eru, og þeim ákvörðunum, sem hjer fara á eptir um niðurröðun skulda.

B.

Um niðurröðun skulda.

I.

Um niðurröðun skulda þeirra, er lúkast eiga úr búinu sem heild.

82. grein.

Á undan öllum öðrum skuldum búsins ganga:

a. Útfararkostnaður hins framliðna eptir reikningi úrskurðuðum af skiptaráðanda.
b. Skiptakostnaður, það er gjöld, sem rísa af skiptunum sjálfum og löglegum samningum, sem skiptaráðandi eða aðrir umráðamenn búsins gjöra vegna skiptanna.
c. Skiptalaun.

Kröfur þær sem nefndar eru í staflið a og b ganga fyrir skiptalaunum (staflið c).

83. grein.

Næstar þessum kröfum ganga þær, er nú skal greina og í þessari röð:

a. Skuldir, sem rísa af því, að hinn framliðni hefur haft undir höndum fje landsins, kirkna, sveitarfjelaga, stofnana, ómyndugra eða annara einstakra manna, annaðhvort sem embættismaður, sýslunarmaður, eða í umboði af hálfu hins opinbera.
b. Þessu næst ganga jafnhliða hverjar öðrum þær kröfur, er nú skal greina.

1. Leiga af híbýlum og öðru húsrúmi, þó eigi fyrir lengri tíma en eitt ár á undan síðasta fardegi fyrir lát hins framliðna.
2. Landskuld, leigur af innstæðukúgildum, og önnur jarðarafgjöld.
3. Skattar og gjöld til landssjóðs, sveitarfjelaga, prests og kirkju, þó eigi fyrir lengri tíma en 2 ár á undan síðasta gjalddaga fyrir lát hins framliðna.
4. Ofanálag á jarðir, jarðarhús og innstæðu, er jörðu fylgir, eptir löglegri úttektargjörð.
5. Kaup og matarverð vinnuhjúa og annara þjónustumanna fyrir eitt ár, svo og kaup daglaunamanna og sveina, og kennslupilta hjá iðnaðarmönnum fyrir vinnu síðasta árið.

c. Næstar þar á eptír koma skuldir til lyfsölumanna og lækna fyrir læknislyf, gjald til lækna fyrir lækningar og ferðir og til yfirsetukvenna, og fyrir hjúkrun í veikindum, fyrir það ár, sem yfir stendur, og næsta ár á undan.

84. grein.

Næstar á eptir skuldum þeim sem nefndar eru í 83. gr., koma þær skuldir, sem tryggðar eru með veðrjetti í öllu lausafje búsins, hvort sem veðrjetturinn er lögákveðinn eða byggður á samningi, og gengur hin eldri veðskuldin fyrir hinni yngri.

85. grein.

Þegar lokið er öllum þeim skuldum, sem til greindar eru í 82.—84. gr., skal verja því, sem eptir er af fje búsins, til greiðslu allra annara skulda þess að rjettri tiltölu við upphæð hverrar skuldar. Gjafir, sem eigi hafa verið af hendi leystar fyrir lát hins framliðna, verða eigi heimtaðar úr búinu, nema skuldheimtumenn bíði engan halla af greiðslu þeirra.

II.

Um rjett þeirra skuldheimtumanna, er hafa tryggingu fyrir greiðslu skulda sinna í einstökum hlutum eða rjettindum, sem eru eign búsins.

86. grein.

Um hlutfallið milli skuldheimtumanna, er kröfur þeirra veita þeim umráð yfir eða forgöngurjett í einstökum hlutum eða rjettindum, sem eru eign búsins, skal fara eptir því, sem lög ákveða, þó skal þess einnig gætt, sem hjer á eptir segir.

87. grein.

Þá fjármuni búsins, sem veðbundnir eru, skal selja á löglegan hátt eptir ráðstöfun skiptaráðanda, hvort sem veðrjetturinn er lögákveðinn eða byggður á samningi; síðan skal greiða veðhafanda skuld hans af andvirði veðsins, en afgangurinn rennur saman við aðrar tekjur búsins. Sama er ef skuldheimtumaður hefur önnur rjettindi í einstökum hlutum búsins til tryggingar fyrir kröfu sinni.

88. grein.

Fyrir kröfum þeim, sem nefndar eru í 87. gr., ganga:

a. Útfararkostnaður (82. gr. a.).
b. Skiptakostnaður og skiptalaun (82. gr. b og c), að því leyti sem gjöld þessi að öllu eða nokkru snerta hina veðbundnu hluti eða rjettindi.

89. grein.

Skuldir þær, sem nefndar eru í 83. gr., ganga fyrir sjálfsvörzluveði í einstökum lausum aurum, er veðrjetturinn er byggður á samningi.

FIMMTI ÞÁTTUR.

Viðaukagreinir.

9. kapítuli.

90. grein.

Um skipti á öðrum búum en dánarbúum, t. a. m. samlagsbúum, er hrökkva fyrir skuldum, fer sem um opinber skipti á dánarbúum, með þeim breytingum, sem leiða af eðli þeirra. Svo skal einnig við skipti á þrotabúum, sem ekki eru dánarbú, fara eptir fyrirmælum 8. kapítula, sem og öðrum ákvörðunum í lögum þessum, með þeim breytingum, sem nauðsynlegar eru.

91. grein.

Eptir að lög þessi hafa öðlazt gildi, má eigi skipa skiptanefndarmenn nje veita

skiptaforstjórum, sem til eru nefndir í erfðaskrá, dómsvald.

Til þess að skiptaforstjórar án dómsvalds geti tekið bú til skipta, þurfa þeir að hafa löggilding yfirvalds.

Amtmaður veitir umboðið, þegar skiptaforstjórarnir eru tilnefndir í löglegri erfðaskrá, enda sje því að öðru leyti ekkert til fyrirstöðu, og menn þeir, er til nefndir hafa verið, áreiðanlegir og fullveðja. Þar á móti veitir landshöfðingi umboðið, þegar beðið er um að skipa skiptaforstjóra, sem eigi eru til nefndir í löglegri erfðaskrá, og þegar skiptaforstjóri, sem til nefndur er í löglegri erfðaskrá, er fallinn frá, eða getur eða vill eigi skipta búinu, og enginn annar hefur verið til nefndur í erfðaskránni til að ganga í hans stað. Skiptaforstjórum ber að haga sjer eptir lögum þessum, en að öðru leyti fer um skyldur þeirra og störf eptir þeim reglum, sem nú eru í gildi.

92. grein.

Nú er hafin lögsókn til arfs eða gjafar úr dánarbúi, eða mál höfðað gegn erfingjum til greiðslu skulda hins framliðna, og má höfða slík mál á því varnarþingi, er hinn framliðni átti á dánardægri.

93. grein.

Þegar lögsókn er hafin til þess, að erfingi eða skuldheimtumaður skili aptur því, er honum hefur verið úthlutað við opinber skipti, af því að sú úthlutun síðar reynist röng, þá má höfða það mál í þeirri þinghá, er skiptin fara fram.

94. grein.

Mál þau, sem um er rætt í 54., 92. og 93. gr., má kæra fyrir sáttanefnd í þeirri þinghá, þar sem hefja má lögsókn eptir fyrirmælum nefndra greina, þó skal veita þeim, er búa utan sáttaumdæmisins, að minnsta kosti fjögra vikna frest á undan sáttaumleitun.

95. grein.

Um það, hver sje rjettur skiptaráðandi, fer eptir gildandi lögum. En ef íslenzkur maður, sem eigi á fast heimili á Íslandi, deyr erlendis, og búi hans eigi er skipt þar, ákveður landshöfðingi, hver skiptaráðandi á Íslandi skuli skipta búinu.

96. grein.

Skiptagjörð verður að áfrýja innan 12 vikna, frá því skiptum er lokið (49. gr.).

Úrskurðum, sem upp eru kveðnir, meðan á skiptunum stendur, má áfrýja út af fyrir sig, og skal það þá gjört innan 12 vikna, frá því úrskurðurinn var kveðinn upp. Hið sama er um aðrar ályktanir skiptaráðanda. Þó skal eigi að síður halda skiptunum áfram, en skiptaráðanda ber að sjá um, að þau raski eigi rjetti áfrýjanda, meðan á áfrýjuninni stendur.

Eigi skal veita uppreist, úr því ár og dagur er liðinn, frá því áfrýjunarfrestur var á enda.

97. grein.

Nú heldur skiptaráðandi eigi tillhlýðilega áfram skiptum á búi, og skal þá amtmaður áminna hann, en ef sú áminning verður árangurslaus, má landshöfðingi skipa annan mann til að skipta búinu í hans stað. Skal skiptaráðandi þá tafarlaust selja búið í hendur þeim, er skipaður hefur verið; ella skal víkja honum frá embætti um stundarsakir og lögsækja hann til að hafa fyrirgjört embætti sínu; þar að auki skal hann sæta sektum og bæta skuldheimtumönnum og erfingjum skaða þann, er þeir hafa beðið af vanhirðingu hans. Skiptaráðandi greiðir þeim, er skipaður hefur verið, þóknun fyrir starfa hans, en landshöfðingi til tekur upphæð hennar.

Nú er búi skipt af skiptaforstjórum, er til nefndir hafa verið í erfðaskrá, og það kært, að skipti dragist um of, og skal þá fyrst gefa skiptaforstjórum kost á að svara kærunni; en reynist hún síðan á rökum byggð, má landshöfðingi skipa svo fyrir, að búið verði selt í hendur skiptaráðanda þeim, er skiptin bera undir.

98. grein.

Að því leyti er skiptaráðendur hafa undir höndum fjármuni dánarbúa og þrotabúa, ber þeim að gjöra reikningsskil á sama hátt

og hingað til; svo skulu og haldast óbreytt ákvæði laganna um eptirlit með því, að skipti sjeu eigi dregin um skör fram, um endurskoðun skipta, og um eptirlit með fjárforráðum ómyndugra.

Með konunglegri tilskipun má setja nákvæmari ákvæði um þessi atriði, svo og um það, hverri þvingun skuli beita, ef eigi er hlýtt.

99. grein.

Skiptaráðandi veitir leyfi til, að sitja í óskiptu búi; þó á sá, er um leyfið biður, kost á, að skjóta úrskurði skiptaráðanda undir háyfirvaldið.

100. grein.

Ef embættismaður er skyldaður til, að greiða skaðabætur fyrir aðgjörðir sínar við skipti, eða fyrir skort á eptirliti með þeim, hvort sem er í dánarbúum, þrotabúum eða öðrum búum, ábyrgist landssjóðurinn greiðslu skaðabótanna, ef þær fást eigi hjá embættismanninum eða úr búi hans.

101. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúarm. 1879, og ná þau ekki einungis til þeirra búa, sem eptir það verða tekin til skipta, heldur ber skiptaráðendum einnig upp frá því að hegða sjer eptir þeim við skipti á eldri búum, sem þá eigi eru leidd til lykta, að því leyti, sem því eptir atvikum verður við komið.

VII.

Frumvarp

til

laga um kosningar til alþingis.

Kosningarrjettur og kjörgengi.

1. grein.

Með þeim takmörkunum, sem nákvæmar eru teknar fram hjer á eptir (1.—5. gr.), hafa kosningarrjett til alþingis:

a. allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stjetta; þó skulu þeir, sem með sjerstaklegri ákvörðun kynnu að vera undan skildir einhverju þegnskyldugjaldi, ekki fyrir það missa kosningarrjett sinn;
b. kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 8 kr. á ári;
c. þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 12 kr. á ári;
d. embættismenn, hvort heldur þeir hafa konunglegt veitingarbrjef, eða þeir eru skipaðir af því yfirvaldi, sem konungur hefur veitt heimild til þess;
e. þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er, eða kann að verða sett, þó ekki sjeu þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þar að auki getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram.

2. grein.

Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð; en sá verður eigi talinn að hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins, að hann hafi fengið

uppreist æru sinnar, samkvæmt tilskipun 12. marz 1870.

3. grein.

Enginn getur átt kosningarrjett, sem eigi er fjár síns ráðandi, eða sem orðinn er gjaldþrota.

4. grein.

Enginn getur átt kosningarrjett, sem þiggur af sveit eða hefur þegið sveitarstyrk, nema hann sje annaðhvort endurgoldinn, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

5. grein.

Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann, þá er kosningin fer fram, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár. Sá, sem hefur fast aðsetur á fleiri stöðum, segir sjálfur til, á hverjum staðnum hann vilji neyta kosningarrjettar síns.

6. grein.

Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt greinunum að framan, ef hann

1. ekki er þegn annars ríkis, eða er í þjónustu þess;
2. hefur að minnsta kosti í síðustu fimm ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi, og
2. er orðinn fullra 30 ára að aldri, þegar kosningin fer fram.

Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið þar skemur en eitt ár.

Kjörskrár.

7. grein.

Hlutaðeigandi hreppsnefnd, eða bæjarstjórn, skal semja og halda kjörskrár yfir þá menn í hverjum hreppi eða bæ, sem kosningarrjett hafa.

8. grein.

Á kjörskrárnar skal setja í sjerstaka dálka fullt nafn kjósanda, aldur þeirra, stjett og heimili, og skal á skránum vera rúm, þar sem rituð verður atkvæðagreiðsla kjósanda. Á hverri kjörskrá skal raða niður nöfnum kjósanda eptir stafaröð.

9. grein.

Kjörskrárnar skulu samdar einu sinni á ári hverju; skulu þær kjörskrár lagðar til grundvallar, sem þá eru í gildi, en þeir kjósendur úr felldir, sem síðan eru dánir eða hafa flutzt burtu eða misst kosningarrjett sinn (2., 4. og 5. gr.), og þeim bætt við, sem síðan hafa öðlazt kosningarrjett eða sem fyrir 1. júlímán. fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Enn fremur skulu þeir, sem að vísu enn þá ekki hafa fullnægt þeim skilyrðum, sem síðast var getið, en sem vænta má að muni hafa fullnægt þeim einhvern tíma á því ári, er kjörskrárnar skulu gilda fyrir, teknir upp á skrá sjer, og skal um leið tilgreina þann dag í árinu, er þeir annaðhvort verða fullra 25 ára að aldri, eða hafa verið heimilisfastir í kjördæminu eitt ár.

10. grein.

Kjörskrárnar skulu leiðrjettar í marzmánuði ár hvert. Efasemdum þeim, sem þá kunna að koma fram, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr, þá er búið er að fá skýringar um málið.

11. grein.

Frá 1. til 21. apríl, að báðum þessum dögum meðtöldum, skulu kjörskrárnar liggja öllum til sýnis á þeim stað, sem er hentugur fyrir hrepps- eða bæjarbúa, eða eptir atvikum á fleiri slíkum stöðum. Staðfest eptirrit af skránum má hafa til þess að leggja fram. Hvenær og hvar skrárnar verða lagðar fram, skal birta með að minnsta kosti 14 daga fyrirvara við kirkjufund eða á annan þann hátt, sem vant er að birta almennar auglýsingar þar á staðnum.

12. grein.

Áður en 8 dagar eru liðnir frá þeim tíma, er kjörskrárnar hafa legið til sýnis, skal hver sá, er ætlar, að sjer sje ranglega sleppt á skránni, eða einhver sje þar, sem eigi hafi rjett til þess að standa þar, bera upp fyrir oddvita hlutaðeigandi sveitar- eða bæjar-

stjórnar tilmæli sín um, að verða tekinn upp á skrárnar, eða krǫfu sína um, að nafn hins verði dregið út, og skulu tilfærðar ástæður þær, sem krafan er byggð á.

13. grein.

Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru komnar fram, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem skal haldinn, áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningar, og þeir, sem mælt er á móti, og skal hinum síðar nefndu um leið skýrt frá, hver mótmæli sjeu komin fram gegn þeim. Samkvæmt þeim skjölum, sem málspartarnir leggja fram, og framburði þeirra vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreining þann, sem fram er kominn, og hann ritaður með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar. Þegar búið er að leiðrjetta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal oddviti hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar rita nafn sitt undir þær. Eptir þetta verður á því ári engin breyting gjörð á kjörskránum, nema dómur sje á undan genginn (16. grein).

14. grein.

Þá er búið er að leiðrjetta kjörskrárnar, skulu þær alstaðar, nema í Reykjavík, samdar í tvennu lagi, og skal oddviti hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar tafarlaust senda aðra skrána oddvita þeirrar sýslunefndar, sem í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag júlímán. skýra hlutaðeigandi amtmanni frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, en ef svo er ekki, hverjar vanti. Amtmaður skal þá sjá um, að þær skrár, sem vantar, verði útvegaðar tafarlaust, og beita hæfilegum þvingunarsektum, ef á þarf að halda.

Í Reykjavík skal oddviti bæjarstjórnarinnar fyrir þann tíma, sem getið var, skýra amtmanninum yfir suðuramtinu frá, hvort búið er að leiðrjetta kjörskrána.

15. grein.

Verði það uppvíst, að kjörskrárnar sjeu eigi leiðrjettar á lögskipaðan hátt, skal skýra landshöfðingja frá því, og skal þá þegar ákveðið, hvort höfða skuli lögsókn, og skal amtmaður þar að auki skipa hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn að gjöra tafarlaust þær ráðstafanir, sem fyrirskipaðar eru í lögunum, og leggja við hæfilega þvingunarsekt, ef á þarf að halda. Amtmaður skal, þegar svo á stendur, hafa vald til að stytta hvern þann frest, sem ákveðinn er í lögunum.

16. grein.

Sá, sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarrjettar, má heimta, að sjer verði fengið eptirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann látið málið ganga til dóms og laga. Mál út af þessu skal farið með sem gestarjettarmál. Málspartarnir eru fyrir undirrjetti undanþegnir því, að greiða rjettargjöld, og skal hið opinbera skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnarinnar, sem stefnt er. Verði það dæmt, að sá, sem í hlut á, eigi kosningarrjett, skal taka hann upp á kjörskrána, jafnskjótt og hann leggur fram eptirrit af dóminum.

17. grein.

Kjörskrárnar gilda frá 1. júlí til 30. júní árið eptir. Samkvæmt þessum skrám skulu allar kosningar til alþingis fram fara á því ári, þó þannig, að þess verði gætt, að þeir menn, sem á aukaskránni eru (9. gr.), að eins hafa rjett til þess að greiða atkvæði, ef þeir fyrir kosningardaginn hafa fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Ef kosning kemur fyrir fleiri sinnum á árinu, skal eptirrit af skránum, sem staðfest sje af hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjóru, vera til reiðu til afnota við hina nýju kosningu.

Kjördæmi og kjörstjórnir.

18. grein.

Sjerhver sýsla á landinu skal vera eitt

kjördæmi, að undanteknum Skaptafells- og Þingeyjarsýslum, sem hvorri um sig skal skipt í 2 sjerstök kjördæmi með þeim takmörkum, sem hingað til hafa verið. Kaupstaðurinn Reykjavík með því nágrenni, sem heyrir undir lögsagnarumdæmi bæjarins, skal vera kjördæmi fyrir sig.

Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna, sem ákveðin er í stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands, 5. janúar 1864, 14. gr., skal skipt niður á þann hátt, að 2 alþingismenn sjeu kosnir í sjerhverju af kjördæmum þeim, sem hjer skulu talin: Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Ísafjarðarsýslu ásamt Ísafjarðarkaupstað, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu ásamt Akureyrarkaupstað, Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu, en í hverju hinna kjördæmanna, sem eru hin 2 kjördæmi í Skaptafells- og Þingeyjarsýslum, hvorri um sig, Vestmannaeyjasýsla, Reykjavíkurkaupstaður, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Barðastrandarsýsla og Strandasýsla, skal kjósa einn alþingismann.

19. grein.

Fyrir hvert kjördæmi skal setja kjörstjórn. Skal í Reykjavík oddviti bæjarstjórnarinnar vera oddviti kjörstjórnarinnar, og skulu að auki vera í henni 4 menn, sem bæjarstjórnin kveður til, 2 úr sínum flokki, og 2 úr flokki kjósanda í kaupstaðnum; en í hinum kjördæmunum er sýslumaður oddviti kjörstjórnarinnar, og eru í henni að auki 2 aðrir af sýslunefndarmönnum, sem sýslunefndin sjálf kýs.

20. grein.

Oddviti kjörstjórnarinnar stendur fyrir öllum undirbúningi undir sjálfa kosninguna, og sjer um, að kjörskrárnar sjeu við á kjörþinginu.

21. grein.

Kjörstjórnin heldur kjörbók, þar sem bókað skal, að fram hafi verið lagðar kjörskrárnar og þau brjef, sem til hennar eru komin. Í kjörbókina skal rita það helzta af því, sem fram fer á kjörþinginu, en þar með skal þó eigi telja ræður þær, sem haldnar verða. Kjörstjórnin skal rita nöfn sín undir kjörbókina, og skal í Reykjavík bæjarstjórnin geyma hana, en annarstaðar sýslunefndirnar.

Í síðasta lagi 8 dögum eptir kosninguna skal oddviti kjörstjórnarinnar senda landshöfðingja staðfest eptirrit af því, sem ritað er í kjörbókina um kosninguna þá, sem fram hefur farið. Landshöfðingi fær síðan alþingi, er það kemur saman, eptirrit þetta, ásamt þeim skýrslum, sem honum hefur þótt ástæða til að útvega.

Þingmannaefni.

22. grein.

Enginn getur orðið fyrir kosningu, þegar kjósa á þjóðkjörna alþingismenn, nema einn eða fleiri af kjósendum í kjördæminu í síðasta lagi fyrir náttmál kvöldinu fyrir þann dag, er kosningin skal fram fara, hafi skriflega skýrt oddvita kjörstjórnarianar frá, að hann taki við kosningu, og lýsi því yfir, að þeir vilji mæla fram með honum til þeirrar kosningar, sem til stendur, og skal þar með fylgja skrifleg yfirlýsing frá þeim, sem í hlut á, um, að hann sje fús til að taka á móti kosningunni í hlutaðeigandi kjördæmi, og að hann eigi hafi látið bjóða sig fram til kosningar á sama tíma í nokkru öðru kjördæmi.

23. grein.

Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sönnuð fyrir kjörstjórninni. Komi fram við kosninguna mótmæli eða jafnvel sannanir gegn kjörgengi þeirra, getur kjörstjórnin að vísu eigi bannað umræður um það, en heldur eigi fyrir þá sök skorazt undan, að bjóða þá fram til kosningar. Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

24. grein.

Verði það uppvíst, að eitthvert þingmannsefni hafi gefið kost á sjer í fleirum en einu kjördæmi, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, sem hann kann að verða fyrir.

Kosningarnar.

25. grein.

Hinar almennu kosningar á þjóðkjörnum alþingismönnum eiga venjulega fram að fara 6. hvert ár.

Þegar slíkar kosningar eiga fram að fara, annaðhvort fyrir þá sök, að kjörtíminn er á enda, eða vegna þess, að alþingi er roflð, verður gefið út um það opið brjef, þar sem konungur skipar fyrir, að kosningar skuli fram fara.

Kosningarnar skulu venjulega haldnar í septembermánuði árið áður en alþingi skal koma saman.

26. grein.

Kjörtíminn fyrir allar kosningar skal talinn frá 1. september, ef ákveðið er samkvæmt greininni á undan, að kosningar skuli fram fara á þeim mánuði, en ef það kynni að verða ákveðið, að kosningarnar skuli fram fara á öðrum tíma ársins, skal nákvæmar sagt fyrir um það í fyrnefndu opnu brjefi, frá hvaða degi kjörtíminn skuli talinn.

27. grein.

Ef kjósa þarf einstakan þjóðkjörinn alþingismann, gildir hin nýja kosning fyrir svo langan tíma, sem sá átti eptir, er frá fór.

Þegar einstakar kosningar skulu fram fara, gjörir landshöfðinginn fyrirskipun um það.

28. grein.

Kosningarnar fram fara í kjördæmi hverju á kjörþingi, og má hver koma þar, er vill.

29. grein.

Kosningarnar skulu haldnar á þeim þingstað, sem næstur er miðju kjördæminu; en sje hann óhentugur, þá á öðrum stað sem amtmaður til tekur eptir uppástungu sýslunefndarinnar.

30. grein.

Oddviti kjörstjórnarinnir skal til taka dag og klukkustund, er kjörþingið skal haldið, og auglýsa með 4 vikna fyrirvara á kirkjufundum, eða á annan venjulegan hátt, kjörþingisstaðinn, og nær kjörþingið skal haldið.

31. grein.

Oddviti kjörstjórnarinnar setur kjörþingið, og er hann hefur lesið upp hið konunglega opna brjef, eða þann úrskurð landshöfðingja, er fyrirskipar kosninguna, leiðir hann athygli kjósandanna að því, hver tilgangurinn sje með kosninguna, og hve mikils varðandi hún sje. Hann nefnir síðan nöfn þess eða þeirra þingmannaefna, sem boðið hafa sig fram, og svo þeirra kjósanda, sem mæla fram með kosningu þeirra, og skorar á þá, að ganga fram og kannast við meðmælingu sína. Sjeu þeir eigi komnir á fund, og hafi eigi tjáð forföll, sem kjörstjórnin álítur gild, eða ef þeir skorast undan að standa við hina skriflegu meðmælingu sína, verður hún eigi tekin til greina, og ef þannig má álíta, að einhver af þeim, sem gefið hafa til kynna, að þeir tækju við kosningu, hafi eigi lengur meðmæling til kosningar frá neinum kjósanda í kjördæminu, getur hann eigi orðið boðinn fram til kosningar.

Kjósendur þeir, sem eru á fundi og standa þar við meðmæling sína með einhverju þingmannsefni, eiga rjett á að taka til máls, og hið sama er um þau þingmannaefni, sem boðnir eru fram til kosningar. Að öðru leyti má bjóða þingmannsefni fram til kosningar, þótt eigi sje hann sjálfur á kjörþingi. Enn fremur er sjerhverjum kjósanda, sem er viðstaddur, heimilt að leggja spurningar fyrir þá kjósendur, sem mæla fram með einhverjum til kosningar, og eins fyrir þingmannaefni þau, sem eru á

63*

fundinum, og er þeim sömuleiðis heimilt, að svara spurningunum. Samt má eigi bera upp neina slíka spurningu, fyr en meðmælendunum og þeim þingmannaefnum, sem eru viðstaddir, hefur verið gefinn kostur á að taka til máls. Kjósendur þeir, er mæla fram með einhverjum til kosningar, og þingmannaefni skulu látnir taka til orða eptir upphafsstaf í nöfnum þingmannaefnanna.

Oddviti stýrir umræðunum, og skal sjá um, að bæði þær og öll kosningin fari fram í góðri reglu. Enginn af kjörstjórunum má tala með eða móti kosningu nokkurs þingmannsefnis.

Oddviti slítur umræðunum, þegar honum þykir það við eiga, og skorar hann síðan á kjósendur að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt einum, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, tveimur af þeim þingmannaefnum, sem boðnir hafa verið fram til kosningar. Þótt eigi sjeu fleiri þingmannaefni, en kjósa skal í kjördæminu, skal atkvæðagreiðsla samt fram fara (smbr. 34. gr.).

32. grein.

Kjörstjórnin ákveður, í hvaða röð hreppparnir kjósa; kjósendur úr hverjum hreppi greiða atkvæði eptir stafaröð á kjörskránni. Enginn getur neytt kosningarrjettar síns, nema hann sjálfur komi á kjörþing.

33. grein.

Oddviti kjörstjórnarinnar á eigi þátt í því að taka við atkvæðum. Einn af hinum, sem í kjörstjórninni eru, ritar, eptir að hann hefur kannazt við kjósendurna, nafn þess, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, nöfn þeirra tveggja þingmannaefna, sem kjósandi greiðir atkvæði sitt, við hliðina á hans eigin nafni á sjálfri kjörskránni. Annar úr kjörstjórninni ritar á sjerstaka atkvæðaskrá nafn kjósanda við hliðina á nafni þess eða þeirra þingmannaefna, sem hann hefur gefið atkvæði sitt. Áður en kjósandinn gengur frá, skal lesa upp fyrir honum bæði hans eigið nafn, og þess eða þeirra nöfn, sem hann hefur kosið, til tryggingar því, að rjett sje ritað á báðar skrárnar, og að því beri saman hverju við annað.

Þegar engir fleiri kjósendur gefa sig fram, til þess að greiða atkvæði, skal oddviti hátt og snjallt skora á þá kjósendur, sem eigi hafa greitt atkvæði, að gjöra það, og skal hann um leið setja stuttan frest til þess, en frestur þessi má samt ekki, hvernig sem á stendur, vera skemmri en svo, að 2 klukkustundir líði frá því, að kosningargjörðin byrjaði, og þótt sá frestur sje liðinn, skal eigi atkvæðagreiðslu lokið, meðan kjósendur gefa sig fram til hennar, án þess að hlje verði á.

Þegar engir fleiri kjósendur æskja að taka þátt í kosningunni, samkvæmt því, sem sagt er, færa kjörstjórarnir (ef þeir hafa kosningarrjett), inn atkvæði sjálfra sín, og rita nöfn sín bæði undir kjörskrána og atkvæðaskrána, og er þá atkvæðagreiðslu lokið.

34. grein.

Eptir að búið er að bera saman kjörskrárnar og atkvæðaskrána, skal telja saman atkvæði. Sá, eða þeir tveir í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, sem hlotið hafa flest atkvæði, eru þá kosnir alþingismenn fyrir kjördæmið. Samt er enginn rjett kjörinn alþingismaður, nema hann hafi hlotið meira en helming þeirra atkvæða, sem greidd eru. Hljóti enginn, eða, eptir því sem á stendur, einungis annar þeirra, sem boðnir eru fram til kosningar, svo mörg atkvæði, skal aptur kjósa óbundnum kosningum; fái þá enn enginn þann atkvæðafjölda, sem með þarf, skal kjósa enn á ný, en að eins milli þeirrra tveggja — eða, ef kjósa skal tvo, milli þeirra fjögra —, sem við hina seinni kosningu höfðu flest atkvæði. Sje svo, að fleiri hafi við aðra kosningu fengið jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða, hvor þeirra geti orðið boðinn fram til hinnar

bundnu kosningar. Sömuleiðis skal hlutkesti ráða, ef atkvæði eru jöfn við þriðju kosningu.

35. grein.

Í kjörbókinni skal bóka, hvernig kosningin hafi farið, og skal oddviti kjörstjórnarinnar lýsa því yfir fyrir þingheiminum; sömuleiðis skal hann, svo fljótt sem verða má, tilkynna kosninguna þeim, sem kjörinn er, sje hann eigi viðstaddur. Atkvæðaskrárnar skal leggja við kjörbókina, og skal öll kjörstjórnin rita nöfn sín undir hana.

36. grein.

Kjörstjórnin fær hverjum þjóðkjörnum alþingismanni kosningarbrjef; skal það samið samkvæmt fyrirmynd, sem stjórnarráðið fyrir Ísland segir fyrir um, og skal kjörstjórnin rita undir það nöfn sín.

Kostnaður, ábyrgð og um það, hvenær lögin skuli öðlast gildi.

37. grein.

Alþingismenn fá í endurgjald 6 krónur um hvern dag, bæði fyrir þann tíma, sem þeir þurfa til ferðarinnar til alþingis og frá því, og fyrir þann tíma, sem þeir eru á alþingi. Sömuleiðis fá þeir endurgoldinn ferðakostnað eptir reikningi, sem forseti í hlutaðeigandi þingdeild samþykkir og ávísar. Þessi útgjöld greiðast úr landssjóðnum.

38. grein.

Annarstaðar en í Reykjavík mega kjörstjórarnir reikna sjer fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað, samkvæmt tilskipun um sveitastjórn á Íslandi, 4. maí 1872, 33. grein, þannig að útgjöldin greiðist úr sýslusjóðnum. Ef annar kostnaður verður við kosningarnar, t. a. m. til prentunar kjörskránna, til auglýsinga, o. fl., skal einnig greiða hann úr sýslusjóðnum. Í Reykjavík skal greiða útgjöld þau, sem síðast voru nefnd, úr sjóði bæjarins.

39. grein,

Vanræki nokkur störf þau, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, skal hann sæta 10—200 króna sektum, ef þyngri hegning eigi liggur við samkvæmt lögum.

40. grein.

Lög þessi öðlast gildi við lok kjörtíma þeirra alþingismanna, sem nú eru. En ef nýjar almennar kosningar fara fram fyr, sökum þess, að alþingi sje rofið, skulu þær fram fara eptir lögum þessum.

Frá sama tíma falla þær ákvarðanir úr gildi, sem tilsk. 8. marz 1843 og tilsk. 6. janúar 1857 hafa inni að halda um kosningar til alþingis, og sömuleiðis opið brjef 6. júlí 1848, um kostnað við kosningar til alþingis.

ATHUGASEMDIR
við lagafrumvarp þetta.

Eptir að frumvarp það til laga um kosningar til alþingis, sem lagt var fyrir alþingi 1875, var samþykkt í neðri deild þingsins að eins með 2 smábreytingum, og sömuleiðis var búið að samþykkja það, eins og það kom frá neðri deildinni, við aðra umræðu í efri þingdeildinni, var frumvarpið alveg fellt við 3. umræðu í nefndri deild.

Af því, sem fram kom við umræðurnar í efri deildinni, má samt ráða, að málalok þessi einkum hafi orsakazt af því, að tíminn var of naumur til þess að ræða frumvarpið eins ítarlega og æskilegt þótti, og var það einnig látið í ljósi, að menn væntu þess, að málið yrði aptur lagt fyrir næsta alþingi, ef það eigi yrði leitt til lykta þá á þingi. Fyrir þessar sakir, og svo af því, hve áríðandi málið er í sjálfu sjer, hefur stjórnarráðið fundið hvöt til, að leggja það aptur fyrir alþingi.

Frumvarpið kemur þess vegna fram hjer, eins og neðri deild alþingis hafði samþykkt það við 3. umræðu.

FYRSTA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 4. fundi efri þingdeildarinnar, 6. dag

júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til fyrstu umræðu *frumvarp til laga um kosningar til alþingis.*

Torfi Einarsson tók það fram, að frumvarp þetta kæmi nú fyrir þingið, eins og það hefði verið samþykkt við 3. umræðu í neðri deild alþingis 1875, en kunnugt væri, að það hefði verið fellt frá þriðju umræðu í efri deildinni sama ár, sakir þess, að ýmsir þingmenn hefðu eigi getað fellt sig við ýmsar greinir þess, og eigi hefði verið tími til, að fá breytingar gjörðar á því það ár. Kvaðst hann þá hafa verið einn af þeim mönnum, er hefðu viljað breyta frumvarpinu, og væri hann enn á sömu skoðun, og sama gæti hann sagt um ýmsa málsmetandi bændur í sínu kjördæmi. Óskaði hann því, að nefnd yrði sett í málið.

Stefáni Eiríkssyni þótti og sjálfsagt að setja nefnd í málið, með því að aðalástæðan fyrir því, að það hefði verið fellt frá 3. umræðu 1875, hefði verið sú, að tíminn hefði verið of naumur til að yfirvega málið og gjöra við það nauðsynlegar breytingar, sem ættu vel við hjer á landi.

Forseti bar þá undir atkvæði, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði. Síðan ljet hann greiða atkvæði um, hvort nefnd skyldi kjósa, og var það samþykkt með 9 atkvæðum gegn 2; stakk hann síðan upp á 3 manna nefnd, og mælti enginn móti, og voru þá kosnir.

1. Eiríkur Kúld með 6 atkvæðum
2. Torfi Einarsson — 5 ——
3. Benidikt Kristjánsson með 5 atkv.

Í nefndinni var formaður kosinn Benidikt Kristjánsson, en Eiríkur Kúld skrifari og framsögumaður.

NEFNDARÁLIT

í málinu um kgl. frumvarp til laga um kosningar til alþingis.

Hin heiðraða efri deild hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd til að segja álit vort um frumvarp til laga um kosningar til alþingis. Eptir að vjer höfum ítarlega rætt frumvarp þetta, leyfum vjer oss að gjöra grein fyrir áliti voru um það á þessa leið:

Frumvarp þetta er — eins og getið er um í athugasemdum stjórnarinnar við það — lagt fyrir þingið, eins og það var samþykkt í neðri deild alþingis 1875.

Eins og kunnugt er, hafði nefnd sú, er efri deildin hafði í hitt eð fyrra kosið í málinu, stungið upp á nokkrum breytingum við frumvarpið, eins og það þá kom frá neðri deild þingsins. Þó nú tíminn 1875 entist ekki til að ráða málinu til lykta, og þó að stjórnin ekki hafi í frumvarpi því, sem nú liggur fyrir, fundið ástæðu til að taka breytingaruppástungur nefndarinnar til greina, eins og eðlilegt var, þar eð þær komust eigi til atkvæðagreiðslu, hefur nefndin álitið, að breytingaruppástungur þessar sjeu yfir höfuð málinu til bóta, og leyfir sjer að ráða deildinni til að taka þær sjerstaklega til yfirvegunar. Breytingar þessar eru að miklu leyti fremur orða- en efnisbreytingar, nema við greinarnar 1., 19., 22. og 23.

Við 1. grein virtist nefndinni rjettara að til taka læknaskólann, úr því hann nú er kominn á stofn, þó auðsjáanlega megi sjá, að ætlazt sje til, að þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við þann skóla, sjeu kjörgengir.

Við 19. grein virðist nefndinni eðlilegra, að sömu reglu sje fylgt með tölu kjörstjóranna um allt land, og nefndin fær eigi skilið, hvers vegna að ástæða hefur þótt til að kjörstjórar væru fleiri í Reykjavík en annarstaðar, því nefndin ætlar, að hvergi hjer á landi muni hægra að finna næga menn, sem þeim störfum sjeu vaxnir.

Við 22. grein. Nefndin álítur, að nauðsyn beri til að bæta við þeirri ákvörðun, er hún þar stingur upp á, með því svo geti að borið, að enginn hafi kvöldinu fyrir kjördag boðið sig skriflega fram til kosningar, eins og til er ætlazt.

Við 23. gr. Nefndin játar að vísu, að alþingi einu er gefið úrskurðarvald um gildi kosninganna til alþingis, en álítur samt ekki ráðlegt, að gjöra kjörstjórninni að

skyldu, að bjóða þann mann fram til kosningar, sem sannað er fyrir henni að ekki sje kjörgengur.

Að svo mæltu leyfir nefndin sjer að ráða hinni heiðruðu efri deild til, að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum, sem nú skal greina:

Við 1. gr. stafl. e. bætist við eptir orðin: «við prestaskólann» «og læknaskólann».

Við 11. gr. í stað orðanna: «skal birta með að minnsta kosti 14 daga» komi: «að minnsta kosti með 14 daga».

Við 19. gr. Fyrir «4» komi «2», fyrir «2» komi «1» tvívegis. Eptir orðin «2 aðrir» komi «1», og eptir «sýslunefndarmönnum» komi: «og 1 af kjósendunum».

Við 22. gr. Eptir «Enginn» í byrjun greinarinnar komi: «sem ekki mætir sjálfur á kjörfundi, hvort heldur hann á heimili innan kjördæmis eða utan». Orðið: «þjóðkjörna» falli burt. Orðin: «í hlutaðeigandi kjördæmi» falli burt, og sömuleiðis: «á sama tíma». Aptan við greinina bætist: «sem eigi hafi þá þegar hafnað framboði hans».

«Nú vilja nokkrir kjósendur kjósa til alþingismanns einhvern þeirra, sem á kjörþingi eru; skal hann þá gefa kost á sjer, áður en kosning byrjar, svo oddviti kjörstjórnarinnar viti, að hann vill við kosningu taka, og geti boðið hann fram».

Við 23. gr. Orðin: «eða jafnvel sannanir» falli burt».

Við 24. gr. Við enda greinarinnar bætist: «nema því að eins, að skilyrði því, sem sett er í 22. gr., sje fullnægt».

Við 29. gr. Fyrir «kosningar skulu haldnar» komi: «Kjörþing skal halda».

Alþingi 12. júlí 1877.

Eiríkur Kúld, skrifari og framsögum. Benidikt Kristjánsson, formaður.

Torfi Einarsson.

ÖNNUR UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 12. fundi efri þingdeildarinnar, 16. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til laga um kosningar til alþingis*.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld) kvaðst eigi mundu þurfa að fara mörgum orðum um breytingar þær, er nefndin í máli þessu hefði stungið upp á. Í nefnd þessa hefðu verið kosnir hinir sömu og 1875, er mál þetta var til meðferðar í efri deildinni, og hefðu þeir nú, eptir að hafa ítarlega íhugað frumvarpið, eigi fundið ástæðu til að gjöra verulegar breytingar, aðrar en þær, sem þeir hefðu komið fram með 1875, enda væru og ástæðurnar þær sömu, og þá hefðu verið teknar fram. Efnisbreytingar væru litlar, en mest orðabreytingar einar. Einn þingmaður hefði minnzt á það við sig, að æskilegt mundi að breytt væri síðari hluta 37. greinar um ferðakostnað, og kvaðst hann hafa talað um það við samnefndarmenn sína, og hefði þeim komið saman um, að ástæða væri til að gjöra breytingar í því efni, þannig, að í staðinn fyrir orðin «sömuleiðis fá þeir endurgoldinn ferðakostnað eptir reikningi, sem forseti í hlutaðeigandi deild samþykkir og ávísar», komi: «sömuleiðis fá þeir endurgoldinn ferðakostnað eptir reikningi, sem nefnd, er til þess hefur verið kosin af sameinuðu alþingi, úrskurðar og forseti í hlutaðeigandi deild ávísar». Það hefði áður brytt á því, að sumum hefði þótt nokkuð hár ferðakostnaður einstakra alþingismanna og eigi sanngjarn.

Sighvatur Árnason kvaðst yfir höfuð fallast á nefndarálitið, en sjer þætti þó eitt athugandi við 1. gr. frumvarpsins, þar væru hin sömu skilyrði sett fyrir kosningarrjetti og kjörgengi, sem verið hefðu að undanförnu, frá því að alþingi hefði fyrst myndazt. En þar væri eigi minnzt handiðnamanna, sem sjer sýndist þó að ætti að taka sem sjerstakan lið í 1. grein, með því þeir hefðu talsvert aukizt á síðustu tímum, og væru margir búlausir upp til sveita, svo þeir eigi

næðu kosningarrjetti eptir þessu frumvarpi, en stæðu þó að öðru leyti jafnfætis þeim, er þar væru tilgreindir í 1. gr.; kvað hann sjer því hafa komið til hugar að gjöra breytingaratkvæði í þessa stefnu. Hann hefði og ætlað sjer að koma með líka breytingu, eins og varaforseti hefði minnzt á við 37. gr. viðvíkjandi ferðakostnaði alþingismanna, en fyrst nefndin hefði tekið það að sjer, þyrfti hann þess eigi.

Stefán Eiríksson kvað sjer þykja breyting sú, er nefndin hefði gjört við 22. gr., miða til bóta. Sömuleiðis áliti hann að sumu leyti breytingu nefndarinnar við 19. grein eiga allvel við, að í kjörstjórninni skyldi vera 1 af sýslunefndarmönnum og einn af kjósendum, sem sýslunefndin á að kjósa, en eins og til hagar í Skaptafellssýslu, gæti það átt illa við þar, með því sýslunefndarfundum væri hagað svo þar, að nálega heilt ár gæti liðið milli sýslunefndarfundar og kjörfundar, og gætu því þeir, er á sýslunefndarfundi væru kosnir í kjörstjórn, verið dauðir, annar eða báðir, er að kjörfundi kæmi, og þetta sýndi meðal annars, hversu nauðsynlegt væri að skipta Skaptafellssýslu í tvö sýslufjelög, því ef svo færi, sem nú var sagt, þá yrði að stofna aptur til nýs sýslufundar, og yrði það mjög mikill kostnaðarauki fyrir sýslufjelagið. Breyting sú, er varaforseti hefði minnzt á við 37. gr., þætti sjer yfir höfuð mjög góð, en athugavert þætti sjer það, ef í þessa nefnd, er hann gat um, skyldi kjósa þá menn, er yrðu að rannsaka sína eigin reikninga, og vissi hann eigi, hvernig nefndin hefði hugsað sjer það.

Landshöfðinginn kvað sjer þykja óþarfa viðbót nefndarinnar í 1. grein, er hún vildi bæta aptan við «prestaskólann» «og læknaskólann» því það væri að eins til skýringar, er í raun og veru þyrfti eigi með. En það, sem þingmaður Rangæinga hefði tekið fram um handiðnamenn sem viðauka við 1. grein, þá væri það breyting á stjórnarskránni, og gæti því eigi orðið tekið hjer til greina.

Framsögumaður kvað það satt vera, að viðbótin «og læknaskólinn» væri að eins til skýringar, og mundi því eigi verða haldið fast fram. Hann kvað og nefndinni hafa gleymzt að geta þess við 19. gr., að orðið »sjálf» í enda hennar skyldi falla burt, og mundi hann stinga upp á að svo yrði, ef nefndin samþykkti. Breytingu þeirri, er þingmaður Rangæinga hefði talað um, væri svarað af landshöfðingja. Þar sem þingmaður Skaptfellinga hefði efazt um, að rjettur yrði úrskurður nefndar þeirrar, er rannsaka skyldi ferðareikninga alþingismanna, ef nefndarmenn kynnu að þurfa að rannsaka sína eigin ferðareikninga, þá væri það ekki að óttast, þar sem nefndin yrði kosin af sameinuðu alþingi, og nefndarmenn mundu verða svo margir, að aðrir, en sá, sem í hlut á, þyrfti að úrskurða sinn eiginn ferðareikning.

Jón Pjetursson kvað viðbótina í 1. gr. «og læknaskólann» vera óþarfa, því í orðunum «eitthvert annað opinbert próf» væri þetta einnig innibundið, og væri viðbótin því þýðingarlaus, en ef viðbótina skyldi hafa, yrði að fella burt orðin «nú er, eða» og láta að eins vera: «sem kann að verða sett».

Sighvatur Árnason kvaðst eigi hafa nýlega borið saman við stjórnarskrána breytingu þá, er hann hefði talað um, og mundi hann eigi halda henni fast fram, og kvaðst hann trúa landshöfðingja, að svo væri, sem hann hefði sagt, en allt fyrir það áliti hann þó jafnóeðlilegt að handiðnamenn væru að nokkru leyti útilokaðir frá kosningum, að minnsta kosti ef lagastaðurinn væri strangt tekinn.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða um breytingar nefndarinnar við hinar einstöku greinir, og var viðbótin í 1. gr. felld með 6 atkvæðum gegn 4.

Breyting við 11. gr. samþykkt með 10 atkv.
—— — 19. gr. —— — 9 —
—— — 22. gr. —— — 11 —
—— — 23. gr. —— — 11 —
—— — 24. gr. —— — 11 —
—— — 29. gr. —— — 10 —

Síðan ljet forseti ganga til atkvæða um hinar einstöku greinir frumvarpsins, og var hver þeirra samþykkt í einu hljóði með þeim

breytingum, sem orðnar voru á frumvarpinu. Síðan var samþykkt í einu hljóði, að frumvarpið gengi til 3. umræðu.

BREYTINGARUPPÁSTUNGUR

nefndarinnar í málinu: frumvarp til laga um kosningar til alþingis.

Við 19. gr. Orðið »sjálf» í enda greinarinnar falli hurt.

Við 37. gr. Eptir orðin: «ferðakostnað eptir reikningi sem» bætist: «nefnd, kosin af hinu sameinaða alþingi, úrskurðar og».

Orðin «samþykkir og» falli burt.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 15. fundi efri þingdeildarinnar, 19. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu *frumvarp til laga um kosningar til alþingis.*

Framsögumaður kvaðst eigi þurfa að ræða mál þetta að sinni, með því að engar breytingaruppástungur við frumvarpið, eða mótbárur gegn því, hefðu komið fram, nema breytingaruppástunga frá nefndinni sjálfri, sem við 19. gr. væri eigi annað en orðabreyting, en við 37. gr. reyndar efnisbreyting. Ástæður fyrir þeirri breytingu væri bæði það, að meiri trygging fengist fyrir því, að ferðareikningar yrðu eigi of háir, ef nefnd væri sett til að skoða þá, og svo það, að það liti betur út í augum almennings, að sjá, að reikningarnir væru rannsakaðir af fleirum en einum manni.

Með því að engir fleiri tóku til máls, ljet forseti ganga til atkvæða um breytingu nefndarinnar við 19. gr., og var hún samþykkt með 10 atkv.; síðan um breytinguna við 37. gr., og var hún samþ. í einu hljóði.

Þá bar forseti undir atkvæði frumvarpið í heild sinni með áorðnum breytingum, og var það samþykkt í einu hljóði; kvað forseti það þá verða afgreitt og sent forseta neðri deildarinnar, og hann beðinn að leggja það fyrir þá deild.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 19. fundi neðri þingdeildarinnar, 24. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu *frumvarp til laga um kosningar til alþingis,* eins og það var samþykkt af efri deildinni.

Benidikt Sveinsson kvað 2 vegi liggja fyrir viðvíkjandi frumvarpi þessu; það er annaðhvort, sagði hann, að fallast á frumvarpið umræðulaust og breytingalaust, eða þá að setja nefnd til að íhuga það nákvæmlega; hinn síðari vegur sýndist sjer rjettari, því að kosningarlög væru í sjerhverju landi álitin mjög umvarðandi málefni, sem þyrfti nákvæmrar íhugunar og yfirvegunar við, og vonaðist hann til, að hin háttvirta þingdeild þyrfti eigi frekari útlistunar eða röksemda við, en þetta, til þess að fara svo með mál þetta, sem því og henni bezt sæmdi.

Þórarinn Böðvarsson kvaðst ekki sjá, að nauðsynlegt væri að setja nefnd til að yfirvega þetta frumvarp, því að í hitt eð fyrra hefði verið sett nefnd í þetta mál í neðri deild alþingis, og væri þetta frumvarp hjer um bil orðrjett, eins og bæði nefndin og þingdeildin hefði fallizt á það, enda gæti það orðið óheppilegt, ef nefndin yrði svo lengi með það, að frumvarpið gæti ekki orðið að lögum í þetta skipti. Að vísu væru einstöku orðatiltæki í frumvarpinu, sem ekki væru viðkunnanleg, en þau væru alls eigi svo, að það væri leggjandi á hættu, til að breyta þeim, að frumvarpið yrði í þriðja sinn að koma fyrir þingið. Frumvarpið væri yfir höfuð aðgengilegt og vel hafandi og tæki mikið fram þeim kosningarlögum, sem hingað til hefðu verið brúkuð. Hann vildi því mæla móti því, að nefnd væri kosin, en mælti með því, að málið væri látið ganga til annarar umræðu.

Grímur Thomsen sagði, að frumvarp þetta hefði tekið góðum umbótum hjá efri

deildinni, nfl. þar sem um 37. gr. væri að ræða, og væri það því enn aðgengilegra en í hitt eð fyrra; hann væri því samdóma 2. þingmanni Gullbringusýslu um, að æskilegast væri, að frumvarpið án umræðu og nefndarkosningar gengi gegn um deildina; það væru máske einstakar ákvarðanir, t. d. um kjörskrár, sem mætti finna að, en hætt væri við, að þó nefnd yrði kosin, þá mundi hún ekki mikið bæta úr því.

Arnljótur Ólafsson kvaðst verða að styrkja tillögu 1. þingmanns Árnesinga, að nefnd yrði kosin; þótt nefndin kannske hefði lítið að athuga við frumvarpið, og það væri æskilegt, að svo væri, þá sýndist sjer þó deildin ómögulega geta leitt hjá sjer að setja nefnd í annað eins mál og þetta, þar sem kosningarlögin væru fóturinn undir þjóðfrelsi voru, eða hinn breiði grundvöllur, er stjórnfrelsið væri á reist. Þótt nefndarkosning yrði til þess, að málið yrði ekki útkljáð á þessu þingi, sem hann þó engan veginn gæti álitið, þá væri það ekki svo hættulegt, því að ekki yrði kosið að nýju til alþingið fyr en til þingsins 1881.

Grímur Thomsen sagði, að störf þingsins væru nú svo mikil, og flestir þingmenn væru nú í svo mörgum nefndum, að varla mundi kleyft, að menn gætu rætt og íhugað þetta mál fullkomlega, ef frumvarpið þyrfti umbóta við. Hann kvaðst þekkja frumvarpið, og flestir deildarmenn mundu líka vera því kunnugir; það væri allbrúkanlegt og fullnægjandi. Efri deildin hefði sett nefnd til að íhuga frumvarpið og hefði gjört eina breytingu við það; ef nógur tími væri, þá skyldi hann játa, að æskilegt væri að setja nefnd, en eins og nú stæði á, væri hætt við að þetta járn mundi brenna í eldinum, ef nefnd yrði kosin. Þingmaður Norður-Múlasýslu hefði sagt, að ekki væri þörf á þessum lögum fyr en 1881, en jafnvel þó hann hvorki vonaði nje óttaðist, að slíkt kæmi fyrir, þá gæti þó þinginu orðið hleypt upp áður, og væri þá gott að þurfa ekki að fara eptir hinum gömlu kosningarlögum.

Ísleifur Gíslason sagði, að reyndar hefði þingdeildinni bætzt miklir kraptar síðan í hitt eð fyrra, þar sem 1. þingmaður Norður-Múlasýslu væri, en að honum undanteknum hefðu allir deildarmenn fengið gott tækifæri til að kynna sjer frumvarp þetta, og í hitt eð fyrra hefði málið verið ítarlega yfirvegað af nefnd í þeirri deild, og væri nú lagt fyrir þingið alveg í sama sniði, að 37. gr. undantekinni. Mundi því málið nú lítið græða á því, að ganga til nefndar, og það einungis verða til tímatafar fyrir þingið. Vildi hann því mæla á móti nefnd.

Arnljótur Ólafsson kvaðst vona, að deildinni hefðu ekki einungis bætzt þeir kraptar síðan í hitt eð fyrra, sem þingmaður Rangæinga hefði talað um, heldur einnig að hver þingmaður fyrir sig í neðri deildinni hefði tekið framförum í þekkingu og reynslu, eigi síður en þingmenn efri deildar, er kosið hefðu nefnd í málið og rætt það með miklum virktum. Hann vildi einungis leyfa sjer að spyrja deildina, hvort hún gæti forsvarað það fyrir sjálfri sjer og þjóðinni, að hún þættist ekki hafa tíma til að íhuga þau lög nákvæmlega, er kjósa ætti eptir fulltrúa þjóðarinnar til alþingis.

Benidikt Sveinsson sagði, að 1. þingmaður Norður-Múlasýslu hefði einmitt tekið það fram, sem hann hefði viljað segja. Hann yrði að neita því, að nokkur gild eða góð ástæða væri til þess fyrir hina háttvirtu þingdeild, að smokra því fram af sjer, að skipa nefnd í þetta mál nú, þótt nefnd hefði verið kosin til að íhuga það í hitt eð fyrra. Hann vonaðist þó eptir, að þingdeildin gætti sóma síns gagnvart þessu máli, og öðru eins, og gæfi ekki atkvæði sitt um helgasta rjett þjóðarinnar í eins konar blindni.

Þá var gengið til atkvæða um, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði; en nefndarkosningu var hafnað með 12 atkv. gegn 10.

ÖNNUR UMRÆÐA
í neðri deild alþingis

Á 22. fundi neðri þingdeildarinnar, 27.

dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til laga um kosningar til alþingis;* var engin umræða um málið, og var þá gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. kafli 1.—6. gr. samþykkt með 19 samhljóða atkvæðum.
2. kafli 7.—17. gr. samþykkt með 21 atkv.
3. kafli 18.—21. gr. samþyktt með 21 atkv.
4. kafli 22.—24. gr. samþykkt með 20 atkv,
5. kafli 25.—36. gr. samþykkt með 21 atkv.
6. kafli 37.—40. gr. samþykkt með 21 atkv.

Að frumvarpið skyldi ganga til 3. umræðu, var samþykkt í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 24. fundi neðri þingdeildarinnar, 30. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu *frumvarp til laga um kosningar til alþingis.* Varð engin umræða um málið; las þá varaforseti upp frumvarpið, og var það samþykkt í einu hljóði. Kvað varaforseti það mundu verða afgreitt til landshöfðingja sem lög þannig hljóðandi:

LÖG
um kosningar til alþingis.

Kosningarrjettur og kjörgengi.

1. grein.

Með þeim takmörkunum, sem nákvæmar eru teknar fram hjer á eptir (1.—5. gr.), hafa kosningarrjett til alþingis:

a. allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stjetta; þó skulu þeir, sem með sjerstaklegri ákvörðun kynnu að vera undan skildir einhverju þegnskyldugjaldi, ekki fyrir það missa kosningarrjett sinn;
b. kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 8 kr. á ári;
c. þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 12 kr. á ári;
d. embættismenn, hvort heldur þeir hafa konunglegt veitingarbrjef, eða þeir eru skipaðir af því yfirvaldi, sem konungur hefur veitt heimild til þess;
e. þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er, eða kann að verða sett, þó ekki sjeu þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þar að auki getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram.

2. grein.

Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð; en sá verður eigi talinn að hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins, að hann hafi fengið uppreist æru sinnar, samkvæmt tilskipun 12. marz 1870.

3. grein.

Enginn getur átt kosningarrjett, sem eigi er fjár síns ráðandi, eða sem orðinn er gjaldþrota.

4. grein.

Enginn getur átt kosningarrjett, sem þiggur af sveit eða hefur þegið sveitarstyrk, nema hann sje annaðhvort endurgoldinn, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

5. grein.

Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann, þá er kosningin fer fram, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár. Sá, sem hefur fast aðsetur á fleiri stöðum, segir sjálfur til, á hverjum staðnum hann vilji neyta kosningarrjettar síns.

6. grein.

Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt greinunum að framan, ef hann

1. ekki er þegn annars ríkis, eða er í þjónustu þess;

2. hefur að minnsta kosti í síðustu fimm ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi, og
3. er orðinn fullra 30 ára að aldri, þegar kosningin fer fram.

Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið þar skemur en eitt ár.

Kjörskrár.

7. grein.

Hlutaðeigandi hreppsnefnd, eða bæjarstjórn, skal semja og halda kjörskrár yfir þá menn í hverjum hreppi eða bæ, sem kosningarrjett hafa.

8. grein.

Á kjörskrárnar skal setja í sjerstaka dálka fullt nafn kjósanda, aldur þeirra, stjett og heimili, og skal á skránum vera rúm, þar sem rituð verður atkvæðagreiðsla kjósanda. Á hverri kjörskrá skal raða niður nöfnum kjósanda eptir stafaröð.

9. grein.

Kjörskrárnar skulu samdar einu sinni á ári hverju; skulu þær kjörskrár lagðar til grundvallar, sem þá eru í gildi, en þeir kjósendur úr felldir, sem síðan eru dánir eða hafa flutzt burtu eða misst kosningarrjett sinn (2., 4. og 5. gr.), og þeim bætt við, sem síðan hafa öðlazt kosningarrjett eða sem fyrir 1. júlímán. fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Enn fremur skulu þeir, sem að vísu enn þá ekki hafa fullnægt þeim skilyrðum, sem síðast var getið, en sem vænta má að muni fullnægja þeim einhvern tíma á því ári, er kjörskrárnar skulu gilda fyrir, teknir upp á skrá sjer, og skal um leið tilgreina þann dag í árinu, er þeir annaðhvort verða fullra 25 ára að aldri, eða hafa verið heimilisfastir í kjördæminu eitt ár.

10. grein.

Kjörskrárnar skulu leiðrjettar í marzmánuði ár hvert. Efasemdum þeim, sem þá kunna að koma fram, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr, þá er búið er að fá skýringar um málið.

11. grein.

Frá 1. til 21. apríl, að báðum þessum dögum meðtöldum, skulu kjörskrárnar liggja öllum til sýnis á þeim stað, sem er hentugur fyrir hrepps- eða bæjarbúa, eða eptir atvikum á fleiri slíkum stöðum. Staðfest eptirrit af skránum má hafa til þess að leggja fram. Hvenær og hvar skrárnar verði lagðar fram, skal birta að minnsta kosti með 14 daga fyrirvara við kirkjufund eða á annan þann hátt, sem vant er að birta almennar auglýsingar þar á staðnum.

12. grein.

Áður en 8 dagar eru liðnir frá þeim tíma, er kjörskrárnar hafa legið til sýnis, skal hver sá, er ætlar, að sjer sje ranglega sleppt á skránni, eða einhver sje þar, sem eigi hafi rjett til þess að standa þar, bera upp fyrir oddvita hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar tilmæli sín um, að verða tekinn upp á skrárnar, eða kröfu sína um, að nafn hins verði dregið út, og skulu tilfærðar ástæður þær, sem krafan er byggð á.

13. grein.

Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru komnar fram, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem skal haldinn, áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningar, og þeir, sem mælt er á móti, og skal hinum síðar nefndu um leið skýrt frá, hver mótmæli sjeu komin fram gegn þeim. Samkvæmt þeim skjölum, sem málspartarnir leggja fram, og framburði þeirra vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreining þann, sem fram er kominn, og hann ritaður með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar. Þegar búið er að leiðrjetta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal oddviti hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn-

ar rita nafn sitt undir þær. Eptir þetta verður á því ári engin breyting gjörð á kjörskránum, nema dómur sje á undan genginn (16. grein).

14. grein.

Þá er búið er að leiðrjetta kjörskrárnar, skulu þær alstaðar, nema í Reykjavík, samdar í tvennu lagi, og skal oddviti hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar tafarlaust senda aðra skrána oddvita þeirrar sýslunefndar, sem í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag júlímán. skýra hlutaðeigandi amtmanni frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, en ef svo er ekki, hverjar vanti. Amtmaður skal þá sjá um, að þær skrár, sem vantar, verði útvegaðar tafarlaust, og beita hæfilegum þvingunarsektum, ef á þarf að halda.

Í Reykjavík skal oddviti bæjarstjórnarinnar fyrir þann tíma, sem getið var, skýra amtmanninum yfir suðuramtinu frá, hvort búið er að leiðrjetta kjörskrána.

15. grein.

Verði það uppvíst, að kjörskrárnar sjeu eigi leiðrjettar á lögskipaðan hátt, skal skýra landshöfðingja frá því, og skal þá þegar ákveðið, hvort höfða skuli lögsókn, og skal amtmaður þar að auki skipa hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn að gjöra tafarlaust þær ráðstafanir, sem fyrirskipaðar eru í lögunum, og leggja við hæfilega þvingunarsekt, ef á þarf að halda. Amtmaður skal, þegar svo á stendur, hafa vald til að stytta hvern þann frest, sem ákveðinn er í lögunum.

16. grein.

Sá, sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarrjettar, má heimta, að sjer verði fengið eptirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann látið málið ganga til dóms og laga. Mál út af þessu skal farið með sem gestarjettarmál. Málspartarnir eru fyrir undirrjetti undanþegnir því, að greiða rjettargjöld, og skal hið opinbera skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnarinnar, sem stefnt er. Verði það dæmt, að sá, sem í hlut á, eigi kosningarrjett, skal taka hann upp á kjörskrána, jafnskjótt og hann leggur fram eptirrit af dóminum.

17. grein.

Kjörskrárnar gilda frá 1. júlí til 30. júní árið eptir. Samkvæmt þessum skrám skulu allar kosningar til alþingis fram fara á því ári, þó þannig, að þess verði gætt, að þeir menn, sem á aukaskránni eru (9. gr.), að eins hafa rjett til þess að greiða atkvæði, ef þeir fyrir kosningardaginn hafa fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Ef kosning kemur fyrir fleiri sinnum á árinu, skal eptirrit af skránum, sem staðfest sje af hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn, vera til reiðu til afnota við hina nýju kosningu.

Kjördæmi og kjörstjórnir.

18. grein.

Sjerhver sýsla á landinu skal vera eitt kjördæmi, að undanteknum Skaptafells- og Þingeyjarsýslum, sem hvorri um sig skal skipt í 2 sjerstök kjördæmi með þeim takmörkum, sem hingað til hafa verið. Kaupstaðurinn Reykjavík með því nágrenni, sem heyrir undir lögsagnarumdæmi bæjarins, skal vera kjördæmi fyrir sig.

Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna, sem ákveðin er í stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands, 5. janúar 1874, 14. gr., skal skipt niður á þann hátt, að 2 alþingismenn sjeu kosnir í sjerhverju af kjördæmum þeim, sem hjer skulu talin: Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Ísafjarðarsýslu ásamt Ísafjarðarkaupstað, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu ásamt Akureyrarkaupstað, Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu, en í hverju hinna kjördæmanna, sem eru hin 2 kjördæmi í Skaptafells- og Þingeyjarsýslum, hvorri um sig, Vestmannaeyjasýsla, Reykjavíkurkaupstaður, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsness- og Hnappadalssýsla,

Dalasýsla, Barðastrandarsýsla og Strandasýsla, skal kjósa einn alþingismann.

19. grein.

Fyrir hvert kjördæmi skal setja kjörstjórn. Skal í Reykjavík oddviti bæjarstjórnarinnar vera oddviti kjörstjórnarinnar, og skulu að auki vera í henni 2 menn, sem bæjarstjórnin kveður til, 1 úr sínum flokki, og 1 úr flokki kjósanda í kaupstaðnum; en í hinum kjördæmunum er sýslumaður oddviti kjörstjórnarinnar, og eru í henni að auki 1 af sýslunefndarmönnum, og 1 af kjósendunum, sem sýslunefndin kýs.

20. grein.

Oddviti kjörstjórnarinnar stendur fyrir öllum undirbúningi undir sjálfa kosninguna, og sjer um, að kjörskrárnar sjeu við á kjörþinginu.

21. grein.

Kjörstjórnin heldur kjörbók, þar sem bókað skal, að fram hafi verið lagðar kjörskrárnar og þau brjef, sem til hennar eru komin. Í kjörbókina skal rita það helzta af því, sem fram fer á kjörþinginu, en þar með skal þó eigi telja ræður þær, sem haldnar verða. Kjörstjórnin skal rita nöfn sín undir kjörbókina, og skal í Reykjavík bæjarstjórnin geyma hana, en annarstaðar sýslunefndirnar.

Í síðasta lagi 8 dögum eptir kosninguna skal oddviti kjörstjórnarinnar senda landshöfðingja staðfest eptirrit af því, sem ritað er í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið. Landshöfðingi fær síðan alþingi, er það kemur saman, eptirrit þetta, ásamt þeim skýrslum, sem honum hefur þótt ástæða til að útvega.

Þingmannaefni.

22. grein.

Enginn, sem ekki mætir sjálfur á kjörfundi, hvort heldur hann á heimili innan kjördæmis eða utan, getur orðið fyrir kosningu, þegar kjósa á alþingismenn, nema einn eða fleiri af kjósendum í kjördæminu í síðasta lagi fyrir náttmál kvöldinu fyrir þann dag, er kosningin skal fram fara, hafi skriflega skýrt oddvita kjörstjórnarinnar frá, að hann taki við kosningu, og lýsi því yfir, að þeir vilji mæla fram með honum til þeirrar kosningar, sem til stendur, og skal þar með fylgja skrifleg yfirlýsing frá þeim, sem í hlut á, um, að hann sje fús til að taka á móti kosningunni, og að hann eigi hafi látið bjóða sig fram til kosningar í nokkru öðru kjördæmi, sem eigi hafi þá þegar hafnað framboði hans.

Nú vilja nokkrir kjósa til alþingismanns, einhvern þeirra, sem á kjörþingi eru; skal hann þá gefa kost á sjer, áður en kosning byrjar, svo að oddviti kjörstjórnarinnar viti, að hann vill við kosningu taka, og geti boðið hann fram.

23. grein.

Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sönnuð fyrir kjörstjórninni. Komi fram við kosninguna mótmæli gegn kjörgengi þeirra, getur kjörstjórnin að vísu eigi bannað umræður um það, en heldur eigi fyrir þá sök skorazt undan, að bjóða þá fram til kosningar. Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

24. grein.

Verði það uppvíst, að eitthvert þingmannsefni hafi gefið kost á sjer í fleirum en einu kjördæmi, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, sem hann kann að verða fyrir, nema því að eins, að skilyrði því, sem sett er í 22. grein, sje fullnægt.

Kosningarnar.

25. grein.

Hinar almennu kosningar á þjóðkjörnum alþingismönnum eiga venjulega fram að fara 6. hvert ár.

Þegar slíkar kosningar eiga fram að fara, annaðhvort fyrir þá sök, að kjörtíminn er á enda, eða vegna þess, að alþingi er

rofið, verður gefið út um það opið brjef, þar sem konungur skipar fyrir, að kosningarnar skuli fram fara.

Kosningarnar skulu venjulega haldnar í septembermánuði árið áður, en alþingi skal koma saman.

26. grein.

Kjörtíminn fyrir allar kosningar skal talinn frá 1. september, ef ákveðið er samkvæmt greininni á undan, að kosningar skuli fram fara á þeim mánuði, en ef það kynni að verða ákveðið, að kosningarnar skuli fram fara á öðrum tíma árs, skal nákvæmar sagt fyrir um það í fyrnefndu opnu brjefi, frá hvaða degi kjörtíminn skuli talinn.

27. grein.

Ef kjósa þarf einstakan þjóðkjörinn alþingismann, gildir hin nýja kosning fyrir svo langan tíma, sem sá átti eptir, er frá fór.

Þegar einstakar kosningar skulu fram fara, gjörir landshöfðinginn fyrirskipun um það.

28. grein.

Kosningarnar fram fara í kjördæmi hverju á kjörþingi, og má hver koma þar, er vill.

29. grein.

Kjörþing skal halda á þeim þingstað, sem næstur er miðju kjördæminu; en sje hann óhentugur, þá á öðrum stað, sem amtmaður til tekur eptir uppástungu sýslunefndarinnar.

30. grein.

Oddviti kjörstjórnarinnir skal til taka dag og klukkustund, er kjörþingið skal haldið, og auglýsa með 4 vikna fyrirvara á kirkjufundum, eða á annan venjulegan hátt, kjörþingisstaðinn, og nær kjörþingið skal haldið.

31. grein.

Oddviti kjörstjórnarinnar setur kjörþingið, og er hann hefur lesið upp hið konunglega opna brjef, eða þann úrskurð landshöfðingja, er fyrirskipar kosninguna, leiðir hann athygli kjósandanna að því, hver tilgangurinn sje með kosninguna, og hve mikils varðandi hún sje. Hann nefnir síðan nöfn þess eða þeirra þingmannaefna, sem boðið hafa sig fram, og svo þeirra kjósanda, sem mæla fram með kosningu þeirra, og skorar á þá, að ganga fram og kannast við meðmælingu sína. Sjeu þeir eigi komnir á fund, og hafi eigi tjáð forföll, sem kjörstjórnin álítur gild, eða ef þeir skorast undan að standa við hina skriflegu meðmælingu sína, verður hún eigi tekin til greina, og ef þannig má álíta, að einhver af þeim, sem gefið hafa til kynna, að þeir tækju við kosningu, hafi eigi lengur meðmæling til kosningar frá neinum kjósanda í kjördæminu, getur hann eigi orðið boðinn fram til kosningar.

Kjósendur þeir, sem eru á fundi og standa þar við meðmæling sína með einhverju þingmannsefni, eiga rjett á að taka til máls, og hið sama er um þau þingmannaefni, sem boðnir eru fram til kosningar. Að öðru leyti má bjóða þingmannsefni fram til kosningar, þótt eigi sje hann sjálfur á kjörþingi. Enn fremur er sjerhverjum kjósanda, sem er viðstaddur, heimilt að leggja spurningar fyrir þá kjósendur, sem mæla fram með einhverjum til kosningar, og eins fyrir þingmannaefni þau, sem eru á fundinum, og er þeim sömuleiðis heimilt, að svara spurningunum. Samt má eigi bera upp neina slíka spurningu, fyr en meðmælendunum og þeim þingmannaefnum, sem eru viðstaddir, hefur verið gefinn kostur á að taka til máls. Kjósendur þeir, er mæla fram með einhverjum til kosningar, og þingmannaefni skulu látnir taka til orða eptir upphafsstaf í nöfnum þingmannaefnanna.

Oddviti stýrir umræðunum, og skal sjá um, að bæði þær og öll kosningin fari fram í góðri reglu. Enginn af kjörstjórunum má tala með eða móti kosningu nokkurs þingmannsefnis.

Oddviti slítur umræðunum, þegar honum þykir það við eiga, og skorar hann síðan á kjósendur að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt einum, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, tveimur af þeim þingmannaefnum, sem boðnir hafa verið fram til kosningar. Þótt eigi sjeu fleiri þingmannaefni, en kjósa skal í kjördæminu, skal atkvæðagreiðsla samt fram fara (smbr. 34. gr.).

32. grein.

Kjörstjórnin ákveður, í hvaða röð hreppar nir kjósa; kjósendur úr hverjum hreppi greiða atkvæði eptir stafaröð á kjörskránni. Enginn getur neytt kosningarrjettar síns, nema hann sjálfur komi á kjörþing.

33. grein.

Oddviti kjörstjórnarinnar á eigi þátt í því að taka við atkvæðum. Einn af hinum, sem í kjörstjórninni eru, ritar, eptir að hann hefur kannazt við kjósendurna, nafn þess, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, nöfn þeirra tveggja þingmannaefna, sem kjósandi greiðir atkvæði sitt, við hliðina á hans eigin nafni á sjálfri kjörskránni. Annar úr kjörstjórninni ritar á sjerstaka atkvæðaskrá nafn kjósanda við hliðina á nafni þess eða þeirra þingmannaefna, sem hann hefur gefið atkvæði sitt. Áður en kjósandinn gengur frá, skal lesa upp fyrir honum bæði hans eigið nafn, og þess eða þeirra nöfn, sem hann hefur kosið, til tryggingar því, að rjett sje ritað á báðar skrárnar, og að því beri saman hverju við annað.

Þegar engir fleiri kjósendur gefa sig fram, til þess að greiða atkvæði, skal oddviti hátt og snjallt skora á þá kjósendur, sem eigi hafa greitt atkvæði, að gjöra það, og skal hann um leið setja stuttan frest til þess, en frestur þessi má samt ekki, hvernig sem á stendur, vera skemmri en svo, að 2 klukkustundir líði frá því, að kosningargjörðin byrjaði, og þótt sá frestur sje liðinn, skal eigi atkvæðagreiðslu lokið, meðan kjósendur gefa sig fram til hennar, án þess að hlje verði á.

Þegar engir fleiri kjósendur æskja að taka þátt í kosningunni, samkvæmt því, sem sagt er, færa kjörstjórarnir (ef þeir hafa kosningarrjett), inn atkvæði sjálfra sín, og rita nöfn sín bæði undir kjörskrána og atkvæðaskrána, og er þá atkvæðagreiðslu lokið.

34. grein.

Eptir að búið er að bera saman kjörskrárnar og atkvæðaskrána, skal telja saman atkvæði. Sá, eða þeir tveir í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, sem hlotið hafa flest atkvæði, eru þá kosnir alþingismenn fyrir kjördæmið. Samt er enginn rjett kjörinn alþingismaður, nema hann hafi hlotið meira en helming þeirra atkvæða, sem greidd eru. Hljóti enginn, eða, eptir því sem á stendur, einungis annar þeirra, sem boðnir eru fram til kosningar, svo mörg atkvæði, skal aptur kjósa óbundnum kosningum; fái þá enn enginn þann atkvæðafjölda, sem með þarf, skal kjósa enn á ný, en að eins milli þeirrra tveggja — eða, ef kjósa skal tvo, milli þeirra fjögra —, sem við hina seinni kosningu höfðu flest atkvæði. Sje svo, að fleiri hafi við aðra kosningu fengið jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða, hvor þeirra geti orðið boðinn fram til hinnar bundnu kosningar. Sömuleiðis skal hlutkesti ráða, ef atkvæði eru jöfn við þriðju kosningu.

35. grein.

Í kjörbókinni skal bóka, hvernig kosningin hafi farið, og skal oddviti kjörstjórnarinnar lýsa því yfir fyrir þingheiminum; sömuleiðis skal hann, svo fljótt sem verða má, tilkynna kosninguna þeim, sem kjörinn er, sje hann eigi viðstaddur. Atkvæðaskrárnar skal leggja við kjörbókina, og skal öll kjörstjórnin rita nöfn sín undir hana.

36. grein.

Kjörstjórnin fær hverjum þjóðkjörnum alþingismanni kosningarbrjef; skal það samið samkvæmt fyrirmynd, sem stjórnarráðið fyrir

Ísland segir fyrir um, og skal kjörstjórnin rita undir það nöfn sín.

Kostnaður, ábyrgð og um það, hvenær lögin skuli öðlast gildi.

37. grein.

Alþingismenn fá í endurgjald 6 krónur um hvern dag, bæði fyrir þann tíma, sem þeir þurfa til ferðarinnar til alþingis og frá því, og fyrir þann tíma, sem þeir eru á alþingi. Sömuleiðis fá þeir endurgoldinn ferðakostnað eptir reikningi, sem nefnd, kosin af hinu sameinaða alþingi, úrskurðar, og forseti í hlutaðeigandi þingdeild ávísar. Þessi útgjöld greiðast úr landssjóðnum.

38. grein.

Annarstaðar en í Reykjavík mega kjörstjórarnir reikna sjer fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað, samkvæmt tilskipun um sveitastjórn á Íslandi, 4. maí 1872, 33. grein, þannig að útgjöldin greiðist úr sýslusjóðnum. Ef annar kostnaður verður við kosningarnar, t. a. m. til prentunar kjörskránna, til auglýsinga, o. fl., skal einnig greiða hann úr sýslusjóðnum. Í Reykjavík skal greiða útgjöld þau, sem síðast voru nefnd, úr sjóði bæjarins.

39. grein,

Vanræki nokkur störf þau, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, skal hann sæta 10—200 króna sektum, ef þyngri hegning eigi liggur við samkvæmt lögum.

40. grein.

Lög þessi öðlast gildi við lok kjörtíma þeirra alþingismanna, sem nú eru. En ef nýjar almennar kosningar fara fram fyr, sökum þess, að alþingi sje rofið, skulu þær fram fara eptir lögum þessum.

Frá sama tíma falla þær ákvarðanir úr gildi, sem tilsk. 8. marz 1843 og tilsk. 6. janúar 1857 hafa inni að halda um kosningar til alþingis, og sömuleiðis opið brjef 6. júlí 1848, um kostnað við kosningar til alþingis.

VIII.

Frumvarp

til

laga um breyting á þeirri tilhögun, sem hingað til hefur verið á birting laga og tilskipana á Íslandi.

1. grein.

Frá 1. ágúst 1878 skal þinglýsing sú á lögum og tilskipunum fyrir Ísland, sem nú er í gildi, vera af tekin, og frá sama tíma skal birting sú á lögum og tilskipunum, hvort heldur þær eru konunglegar eða út gefnar af stjórnarráðunum (en þar með eru talin opin brjef, auglýsingar, reglugjörðir, erindisbrjef og samþykktir, o. s. frv.), sem á sjer stað í Stjórnartíðindunum fyrir Ísland (deildinni A), vera skuldbindandi fyrir alla. Að svo miklu leyti sem eigi er sagt sjerstaklega fyrir um það í sjálfum lögunum eða tilskipununum, hvenær þau skuli öðlast gildi, þá verður það þann dag, þegar tveir mánuðir eru liðnir frá þeim degi, er það tölublað kom út af Stjórnartíðindunum (deildinni B), er það er birt í, að lögin eða

tilskipunin sje út komin. Á sjerhverju tölublaði skal tilgreindur sá dagur, er það kemur út.

2. grein.

Hreppstjórar skulu lesa upp á kirkjufundum lög þau og tilskipanir, sem getið er í 1. gr., án þess þó að þetta skuli vera skilyrði fyrir því, að þau sjeu skuldbindandi; en um birting þeirra tilskipana, sem yfirvöld á Íslandi sjálfu samkvæmt lögum geta gefið út, skulu þær reglur haldast, sem hingaðtil hafa gilt.

ATHUGASEMDIR
við lagafrumvarp þetta.

Eins og drepið er á í athugasemdunum við frumvarp það til laga, sem lagt var fyrir alþingi 1875, um breyting á þeirri tilhögun, sem hingað til hefur verið á birting laga og tilskipana á Íslandi, má álíta, að birting laga á manntalsþingum sje mjög illa til þess fallin, að lögin verði öllum kunn, og er sá annmarki þar að auki á þessu, að þinglýsing annarstaðar en í Reykjavík að eins getur átt sjer stað einu sinni á ári, en af því leiðir, að lagaboðin ekki geta öðlazt gildi fyr en löngu eptir að þau eru út komin, og er það sjer í lagi óheppilegt, þegar um lög er að ræða, sem leggja á nýja skatta eða hækka eldri skatta, eins og raun mun hafa borið vitni um, að því leyti er snertir þau tvö lagaboð, er út komu 11. febr. 1876, um breyting á tilsk. 26. febrúar 1872 um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, og um aðflutningsgjald á tóbaki. Má enn fremur bæta því við, að þinglýsing eigi fer fram á sama tíma í öllum lögsagnarumdæmum landsins, þar sem sjer í lagi má koma henni við í Reykjavík löngu fyr en í hinum lögsagnarumdæmunum, en þetta hefur þau miklu vandkvæði í för með sjer að því leyti, er snertir þau lög, sem eigi ákveða neinn tiltekinn dag, er þau skuli öðlast gildi, að slík lög ná gildi á ýmsum tímum í hinum ýmsu lögsagnarumdæmum landsins. Vandkvæði þessi komu sjer í lagi í ljós að því leyti, er snertir hin fyrnefndu tvö lagaboð 11. febrúar 1876, þar sem sú ósanngirni kom fram við það, að þeim var þinglýst á ýmsum tímum í hinum ýmsu lögsagnarumdæmum, að heimta mátti inn aðflutningsgjald á nokkrum stöðum, sem aðrir voru lausir við, enda þótt þeir byggju þar í nágrenninu.

Þessi vandkvæði eru svo þýðingarmikil, að stjórnarráðið hefur haldið, að leggja ætti aptur lagafrumvarp fyrir alþingi, sem eins og hið fyrra frumvarp stjórnarinnar færi fram á, að þinglýsing eigi framar skuli við höfð, sem sú birting laga og tilskipana, hvort heldur þær eru konunglegar eða út gefnar af stjórnarráðunum, sem sje skuldbindandi fyrir alla, og að koma skuli í staðinn prentun lagaboðsins í Stjórnartíðindum Íslands, og hefur stjórnarráðinu því fremur virzt ástæða til þessa, sem hjá því má komast, er alþingi helzt hafði fundið að hinu fyrra frumvarpi stjórnarinnar, að óheppilegt væri, að telja frestinn, er þau lög skyldu ná lagagildi, sem eigi beinlínis taka það fram, hve nær þau skuli öðlast gildi, frá þeim degi, er hlutaðeigandi tölublað kæmi út af þeirri deild Stjórnartíðindanna (A), sem kemur út hjer í landi, þar sem með því móti engin trygging væri fyrir því, að lögin yrðu almenningi kunn á Íslandi í tækan tíma; en þetta mætti gjöra með því að setja tiltekinn frest, er slík lög skyldu ná gildi, frá því að það er birt í þeirri deild Stjórnartíðindanna, sem kemur út á Íslandi (B), að lögin sjeu út gengin.

Þessari breytingu fylgir þar að auki það hagræði, að ákveða má frestinn til 2 mánaða frá birtingunni í Stjórnartíðindunum, deildinni B, en frestur þessi mun jafnaðarlega verða styttri, en þegar reiknaðir væru 4 mánuðir frá þeim degi, er hlutaðeigandi tölublað af Stjórnartíðindunum, deildinni A, er komið út, eins og fyrir var mælt í hinu fyrra frumvarpi stjórnarinnar.

Að endingu skal því við bætt, að samkvæmt því, sem stungið var upp á í efri deild alþingis, er í 2. gr. tekin upp ákvörð-

un*um, að hreppstjórarnir skuli lesa upp á kirkjufundi lagaboð, án þess þetta þó sje skilyrði fyrir gildi laganna.

FYRSTA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 4. fundi efri þingdeildarinnar, 6. dag júlímán., kom *frumvarp til laga um breytingu á þeirri tilhögun, sem hingað til hefur verið á birtingu laga og tilskipana á Íslandi* samkvæmt dagskránni til 1. umræðu.

Eiríkur Kúld kvað mönnum kunnug afdrif þessa máls í neðri deildinni 1875, og þar sem það hefði þá verið ítarlega rætt í þessari deild, mundi vera óþarfi að setja nefnd í það nú, og óskaði, að málið gengi svo búið til 2. umræðu.

Jón Hjaltalín kvað mönnum kunnar hinar mismunandi skoðanir, er komið hefðu fram á síðasta þingi, og mundi því heppilegra, að nefnd yrði kosin, ef ske kynni, að eitthvað lagaðist.

Torfi Einarsson kvaðst eigi skilja, að nefnd þyrfti að kjósa í svo umfangslítið mál, enda litist sjer vel á frumvarpið, að undanteknum nokkrum smágöllum, sem mundi mega lagfæra, þótt nefnd væri eigi sett.

Stefán Eiríksson kvað málið svo rækilega rætt 1875 í þessari deild, að eigi mundi nefndar við þurfa, enda hefði þetta mál gengið í gegnum all-heitan hreinsunareld beggja deildanna í hitti-eð-fyrra, en vera kynni, að neðri deildin fyndi ástæðu til að láta það ganga til nefndar, eptir því, sem hún tók í þetta mál síðast.

Því næst leitaði forseti atkvæða um, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt, svo hvort nefnd skyldi kjósa, og var það fellt.

BREYTINGARUPPÁSTUNGUR
við frumvarp til laga um breyting á þeirri tilhögun, sem hingað til hefur verið á birting laga og tilskipana á Íslandi.

I. Breytingaratkvæði
frá Eiríki Kúld, Árna Thorsteinson og Magnúsi Stephensen.

Í stað orðanna í 1. grein: «þegar tveir mánuðir eru liðnir», komi: «þegar 12 vikur eru liðnar».

II. Breytingaratkvæði
frá Sighvati Árnasyni, 1. þingmanni Rangæinga.

Í stað orðanna í upphafi 2. gr. «á kirkjufundum» komi: «á hreppskilaþingum og öðrum mannfundum».

III. Breytingaratkvæði
frá Benidikt Kristjánssyni, 1. þingmanni Þingeyinga.

1. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig: «Frumvarp til laga um birtingu laga og tilskipana».
2. 1. grein og 2. grein breytist og orðist þannig:

1. grein.

Lög og tilskipanir, hvort heldur þær eru konunglegar eða settar af stjórninni (opin brjef, auglýsingar, reglugjörðir, erindisbrjef, o. s. frv.) öðlast gildi, er 12 vikur eru liðnar frá því, að Stjórnartíðindin (deildin B) hefur skýrt frá því, að lögin og tilskipanirnar sjeu út komnar. Skulu bæjarfógetar á bæjarþingum og sýslumenn á sveitafundum hafa látið birta lögin, áður en frestur þessi er liðinn. Rjett er og, að lög og tilskipanir ákveði sjálf, hve nær þau öðlist gildi, en birta skal þau, sem fyr segir.

2. grein.

Sýslumenn skulu skýra frá því á manntalsþingum, hver lög og tilskipanir hafi út komið milli þinga, og grennslast eptir, að þau hafi verið birt á sveitafundum, eins og segir í lögum þessum.

3. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. dag ágústmánaðar 1878.

65*

ÖNNUR UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 8. fundi efri þingdeildarinnar, 11. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til laga um breyting á þeirri tilhögun, sem hingað til hefur verið á birting laga og tilskipana á Íslandi,* og gat forseti þess, að rjettast mundi, að ræða hverja grein fyrir sig, og kæmi þá fyrst til umræðu 1. gr. frumvarpsins.

Bergur Thorberg kvað sjer þykja 1. gr. í stjórnarfrumvarpinu betri en 1. gr. í breytingaruppástungu 1. þingmanns Þingeyinga, því að eptir grein frumvarpsins mætti sjá, hvar lögin væri að finna, en það yrði eigi sjeð eptir breytingaruppástungunni, hvort lögin kæmu út í Stjórnartíðindunum, eða á lausum blöðum eða hvar; en þetta væri þó áríðandi að vita, og eptir grein frumvarpsins væri þeirra eigi að leita annarstaðar en í Stjórnartíðindunum, deildinni A, og væri sú birting betri en áður. Í sambandi við þetta væri ákveðið í grein frumvarpsins, að birta skyldi í Stjórnartíðindunum, deildinni B, að lögin eða tilskipunin væri út komin, og ætti þar frá að reikna, hve nær lögin næðu gildi, og væri því alveg nauðsynlegt, að tilgreina daginn á tölublaði því, er lögin væru birt í, eins og gjört væri í grein frumvarpsins, en það væri eigi gjört í breytingaruppástungunni, og mætti þó sú ákvörðun sem sagt alls eigi missast. Yfir höfuð væru verulegir kostir á grein frumvarpsins. Í breytingaruppástungunni væri það eitt betra, að gildi laganna væri miðað við 12 vikur, en það hefði þegar komið annað breytingaratkvæði, er færi fram á hið sama, og lægi fullt eins nærri að taka það. Enn fremur væri það eigi tiltekið í breytingaruppástungunni, hvort lögin ættu að öðlast gildi, ef það kynni að koma fyrir, að bæjarfógetar eða sýslumenn vanræktu að birta þau, en þetta væri ljóslega tekið fram í frumvarpinu.

Benidikt Kristjánsson kvaðst mundu reyna, að verja uppástungu sína, meðan þýðingarmeiri mótmæli kæmu eigi fram gegn henni, en enn hefðu komið, með því að hún færi lengra en önnur breytingaratatkvæði, og fælu þau einnig í sjer. Gallar þeir, er hinn 2. konungkjörni þingmaður hefði talið á breytingaruppástungu sinni. væru fremur ljettvægir. Í fyrsta lagi mundi öllum kunnugt, að lög og tilskipanir væru prentaðar í Stjórnartíðindunm (deildinni A.), og þyrfti því eigi að til taka í þessum lögum, hvar þau skyldi prenta, eða segja til, hvar þau væru að finna. Í öðru lagi væri það lítill galli, þótt eigi væri skýlaust tekið fram, að dagsetning skyldi setja á blöð Stjórnartíðindanna (deildina B.). Það fjelli af sjálfu sjer, úr því miða ætti við útkomu þess og þess blaðs, enda væri og hægt að bæta þessari ákvörðun inn í, ef hennar þætti þörf. Þar sem þingmanninum hefði þótt það galli, að eigi væri skýlaust ákveðið, hvort lögin ættu eins að öðlast gildi, ef vanrækt væri að birta þau, þá fyndist sjer það liggja í hlutarins eðli, að þeirrar ákvörðunar þyrfti eigi, með því það væri greinilega tekið fram, að lögin skyldu öðlast gildi, er 12 vikur væru liðnar frá því, er skýrt væri frá þeim í Stjórnartíðindunum (deildinni B.), og gildi þeirra þar að auki væri bundið við auglýsingar á mannfundum. Að því er snerti þá ákvörðun í frumvarpinu, að birta skyldi lög á kirkjufundum, þá þætti sjer óviðkunnanlegt, að einskorða birtinguna við þá.

Það mundi og eigi vera svo mjög hætt við, að embættismenn, er hlut ættu að máli, vanræktu að birta lög þau, er nauðsynlega þyrfti að birta bráðlega, þótt það kynni að geta komið fyrir um þau lög, er auðsætt væri að alls eigi þyrftu bráðrar birtingar við. Ef eitthvert yfirvald byggist við, að brotið yrði mót lögum, er nýprentuð væru, mundi það gjöra sjer far um að birta þau í tækan tíma. Eins og nú væri ástatt, þá væru Stjórnartíðindin eigi send prestum eða hreppsnefndum til þess að birta lög þau, er í þeim kynnu að vera, enda mundu þeir heldur eigi gjöra það, nema ef svo atvikaðist, heldur leggja þau við skjöl sín. Nú kvaðst hann vilja tala um frumvarpið í heild sinni og ástæður sínar fyrir breytingaruppástung-

unni. Fyrst hefði sjer eigi þótt íslenzkulegt orðfæri á frumvarpinu; þótt það þyrfti eigi að valda misskilningi, hefði hann viljað reyna til þess að bæta málið á því, svo að það yrði viðunandi. Í sambandi við þessar breytingar á orðfærinu stæði það, að það, sem fyrst væri í frumvarpinu, stæði síðast í sínum breytingum. Hann kvaðst áður hafa talað um breytingar sínar á efninu, en kvaðst vilja bæta því einu við, að sjer fyndist engin ástæða til, að tortryggja embættismennina um birtingu á lögum, enda væri og svo, að ef lögin á annað borð hefðu verið send embættismönnum til birtingar, þá hefði stjórnin gjört nóg, og þá gætu þau orðið að lögum, þegar sá ákveðni tími væri kominn, er þau ættu að ganga í gildi, hvort sem þau hefðu þá verið birt eða eigi, og stæði eins á með það, eins og ef bóndi vanrækti að hlýða á birtingu laga einhverra, en yrði þó að hlýða þeim, eins og þó hann hefði verið við birtinguna.

Eiríkur Kúld kvað breytingaratkvæði meðuppástungumanna og sitt eigi mundu þurfa varnar við; þeim hefði þótt nauðsynlegt að lengja frestinn, af því að 8 vikna tími mundi hæglega geta orðið of stuttur til þess að lögin yrðu birt nógu snemma á afskekktum útkjálkum landsins, einkum ef litið væri til þeirra laga, er kynnu að koma með síðustu ferð póstskipsins. Þess væri og getandi, að danska textanum á frumvarpinu bæri eigi saman við íslenzkuna, með því að í dönskunni stæði: «sker dette Tomaanedersdagen efter den Dag», en í íslenzkunni: «þegar tveir mánuðir eru liðnir frá þeim degi». Hjer sæist eigi, hvort átt væri við vikumánuðir eða almanaksmánuðir, og væri því betra að tiltaka vissan viku-fjölda. Að því er snerti breytingaruppástungu 1. þingmanns Þingeyinga, væri hann alveg samþykkur því, er hinn 2. konungkjörni þingmaður hefði sagt, og þætti sjer sú breytingaruppástunga ekki bæta frumvarpið. Hann kvaðst játa, að hann hefði ei skilið alla hina löngu tölu, er þingmaðurinn hefði haldið til varnar óskabarni sínu (breytingaruppástungunni), en þó hefði hann skilið það, að hann meðal annars hefði talið henni það til gildis, að málið á henni væri betra en á frumvarpinu, en ef allar ástæður þingmannsins væru eins góðar og hreinar eins og málið á breytingaruppástungunni, þá væri sannarlega eigi mikið í þær varið, því að það væri kölluð fullkomin málvilla, að minnsta kosti í skóla, að segja «Stjórnartíðindin hefur o. s. frv.» í staðinn fyrir «hafa» (*Benidikt Kristjánsson* kvað það vera prentvillu).

Landshöfðinginn kvað fyrirkomulagið á póstgöngum hjer á landi vera svo gott nú sem stæði, að það mætti eiga það víst, að lögin gætu verið komin innan tveggja mánaða um allt landið, og yrði hann því að álíta breytingaratkvæði varaforseta og meðuppástungumanna hans ónauðsynlegt, en ef deildin samt skyldi samþykkja það, mundi hann ekki leggja á móti því, en þar sem frumvarpið að öðru leyti væri samhljóða því, sem deildin hefði samþykkt í hitt-eð-fyrra með 8 atkvæðum gegn 2, þætti sjer óþarft, að teknar væru upp aptur þær umræður, er þá hefðu farið fram um mál þetta, og væri líklegt, að deildin samþykkti frumvarpið, eins og það lægi fyrir, eða að minnsta kosti með breytingu varaforseta.

Forseti bar þá undir atkvæði, hvort breyta skyldi 1. gr. frumvarpsins þannig, að í stað orðanna: «þegar 2 mánuðir eru liðnir» komi «þegar 12 vikur eru liðnar», og var það samþykkt með 9 atkvæðum gegn 2.

Síðan var borið undir atkvæði 1. gr. í breytingaruppástungu 1. þingmanns Þingeyinga, og var hún felld með 8 atkvæðum gegn 2.

Síðan var 1. gr. frumvarpsins samþykkt í einu hljóði með breytingunni: «þegar 12 vikur eru liðnar».

Því næst ljet forseti ræða 2. grein frumvarpsins.

Sighvatur Árnason kvaðst eigi kunna við, að binda birtingu laga og tilskipana við kirkjufundi; gæti það bæði verið örðugt

fyrir hreppstjóra, þar sem útkirkjur væru, og enda lakara fyrir almenning, því opt væru aðrir fundir fjölsóttari, en kirkjufundir, að minnsta kosti við smákirkjur. En ef 2. gr. væri orðuð, eins og breytingaratkvæði sitt færi fram á, þá væri þar með skilið eigi að eins hreppskilaþing og aðrir sveitarfundir, heldur einnig kirkjufundir, þeir væru þá alls ekki undanskildir. Þannig væri þá að miklu leyti ljett af hreppstjórunum þeirri þarflausu fyrirhöfn og ónæði, sem birting laga á kirkjufundum hefði í för með sjer, þar sem margar kirkjur væru í sveit og sumar langt frá hreppstjóranum. Að vísu kynnu menn að segja, að hreppstjórar gætu látið meðhjálparana birta slík mál á aukaeða útkirkjum, en hann yrði að álíta það óþægilegt fyrir þá, að þurfa að senda hinum og þessum út um sveitina slík málefni til birtingar.

Eiríkur Kúld kvaðst eigi vera samdóma hinum háttvirta þingmanni um það, að þetta væri neinum sjerlegum örðugleikum bundið fyrir hreppstjórana. Það væri og kunnugt, að starfi þeirra væri miklu minni nú en áður, þar sem hreppsnefndirnar hefðu ljett svo miklu af þeim. Ónæði það, sem leiddi af ákvörðun frumvarpsins fyrir þá, væri einungis það, að þeir yrðu ef til vill að fara optar til kirkju, og mundi stjórnin eigi hafa álitið það neinn ókost við frumvarpið, og sæist það, að hún hefði gjört ráð fyrir meiri kirkjurækni á Íslandi en hann, og álitið, að kirkjufundir væru fremur fjölsóttir en fámennir. Það yrði hann og að segja, að hreppskilaþing, þar sem hann þekkti til, væru ver sótt, en kirkjufundir; hvort svo væri fyrir austan, ætlaði hann að láta ósagt, því sjer væri það ekki kunnugt. Svo vildi hann og geta þess, að það væri nauðsynlegt fyrir hjú og aðra fleiri en bændur, að heyra birtingu laga og þess konar mála, og til þess væru kirkjufundir bezt fallnir og vissastir, og langtum vissari en hreppskilaþing, hvar að eins kæmu búendur og tíundargjörendur.

Stefán Eiríksson kvaðst vera samdóma varaforseta um það, að breytingaratkvæði þingmanns Rangvellinga væri óþarft. Hefði það og verið skoðun sín á síðasta þingi, að kirkjufundir mundu hjer til bezt lagaðir, og svo væri enn. Þar að auki væri það mjög óhentugt, að láta birtingu laga bíða hreppaþinga, sem að eins kæmu saman haust og vor, og aðrir mannfundir væru optast mjög fámennir. Hefði slík einskorðun við kirkjufundar-birtingu, og frumvarpið til tekur, verið komin á, þegar lögin um brennivínstollinn hefðu verið á ferðinni í fyrra-vetur, mundi meiri samhljóðun hafa komizt á tollgreiðsluna í hinum einstöku hjeruðum landsins, heldur en þá átti sjer stað, þar sem toll-lögin komu í gildi miklu fyr sumstaðar, en sumstaðar, og fyrir það sama misstist töluvert af tóbaks- og vín-tolli; því flestir kaupmenn kepptust við að vera komnir til lands, áður toll-lögin væru þinglesin. Svo væri og þess að gæta, að kirkjufundir væru venjulega betur sóttir en aðrir sveitafundir. Fyrir þessar sakir sæi hann enga verulega þörf á breytingaratkvæði þessu.

Sighvatur Árnason kvað varaforseta hafa misskilið breytingaratkvæði sitt, því eptir því væru kirkjufundir engan veginn undanskildir. Sama væri og að segja um þingræðu sína, er hann hefði minnzt á meðhjálparana, því meining sín hefði verið sú, að það gæti að eins komið til greina um útkirkjur, sem bæði væru langt frá hreppstjórunum og fámennar, að meðhjálparar birtu lögin fyrir hreppstjóra, en ætti eigi við aðra fundi. Það, sem hann hefði beint að sjer um ókirkjurækni þar eystra, þætti sjer eigi eiga við að fara að svara því hjer, því þó slíkt kynni að eiga sjer stað sumstaðar eystra, þá mundi víðar vera pottur brotinn í því tilliti, en vildi biðjast undan því eptirleiðis, að orð sín væru rangfærð. Sömuleiðis hefði þingmaður Skaptfellinga misskilið breytingaratkvæði sitt; það legði mönnum í sjálfsvald að nota alla mannfundi til birtingar laga, eptir því sem ástatt væri og hentast þætti, til þess að lögin yrðu sem flestum kunn fyrir upplesturinn, sem væri mergur málsins í þessu atriði frumvarpsins.

Þá ljet forseti greiða atkvæði um breytingaratkvæði þingmanns Rangæinga, og var það fellt með 7 atkvæðum móti 4.

Síðan voru greidd atkvæði um 2. gr. frumvarpsins, og var hún samþykkt í einu hljóði.

Síðan bar forseti undir atkvæði breytingaratkvæði þingmanns Þingeyinga um fyrirsögn frumvarpsins, og var það samþykkt í einu hljóði.

Og að síðustu voru greidd atkvæði um það, hvort frumvarpið með hinum samþykktu breytingum skyldi ganga til 3. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði.

BREYTINGARATKVÆÐI

við frumvarp til laga um birting laga og tilskipana.

Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild alþingis,

frá Sighvati Árnasyni, Stefáni Eiríkssyni, Ásgeiri Einarssyni og Torfa Einarssyni.

Við 2. grein, að eptir orðin: »á kirkjufundum» komi: »eða hreppaskilaþingum».

ÞRIÐJA UMRÆÐA

í efri deild alþingis.

Á 11. fundi efri þingdeildarinnar, 13. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu *frumvarp til laga um birtingu laga og tilskipana.*

Forseti kvað það þingmönnum kunnugt, að breytingaratkvæði hefði komið við 2. gr. þess svo hljóðandi, að aptan við orðin »á kirkjufundum» komi: »eða hreppskilaþingum».

Sighvatur Árnason kvað hið sama liggja til grundvallar fyrir þessari breytingu sinni, sem þeirri breytingu, er hann hefði lagt fram við 2. umræðu þessa máls, nefnilega að birtingunni væri svo hagað, að lögin yrðu öllum sem bezt kunn, sem líka væri tilgangurinn í frumvarpsgreininni sjálfri, og þætti sjer því vel eiga við, að lögin mætti einnig birta á hreppskilaþingum, með því að þeir fundir væru opt fjölsóttir. Það væri enn, að ný tíundarlög mundu vera á ferðinni, og eptir þeim yrðu líklega hreppskilaþing bæði haust og vor, og mundi því fremur vera heppilegt, að þessum fundum væri bætt við, að minnsta kosti til að birta þau lög, er þá væru nýkomin. Kvaðst hann vænta þess, að varaforseti yrði þessu eigi mótfallinn.

Eiríkur Kúld kvaðst mundu verða að gjöra það fyrir tilmæli þingmanns Rangæinga, að leiða hjá sjer breytingu hans, þótt hún í raun og veru væri óþörf, en sjer sýndist hún vera svo meinlaus, að hún gæti hvorki gjört til nje frá, en það væri eins og hann hefði áður sagt, að þó að hreppskilaþingin væru fjölsótt, þá kæmu eigi aðrir á þau, en búendur, en fleiri þyrftu að vita, hvað lög væri en þeir; hjúin þyrftu einnig að vita slíkt, og þeim gæfist færi á því á kirkjufundum, en það mundi annars eigi skaða, þótt þau væru lesin á hreppskilaþingunum líka.

Stefán Eiríksson kvaðst eigi hafa verið meðmæltur breytingaratkvæði þingmanns Rangæinga við 2. umræðu máls þessa, en af því að þetta breytingaratkvæði, sem hjer um ræddi, ljeti kirkjufundina sitja í fyrirrúmi, og það væri að því leyti meinlaust, væri rjett að gefa mönnum kost á að heyra lögin, ef hreppstjórum þætti það hentugra, einnig á hreppaþingum, og af þessari ástæðu hefði hann verið með þingmanni Rangæinga með þetta viðauka-atkvæði.

Landshöfðinginn kvað breytingaratkvæði þetta miða einungis til hægðarauka fyrir hreppstjórana, ef orðið »eða» væri haft, því að þeir mættu þá gjöra hvort sem þeir vildu, að birta lögin á kirkjufundum eða hreppskilaþingum, og gæti það leitt til þess, að lögin yrðu að eins birt á hreppskilaþingum, en eigi kirkjufundum, en þessa hægðarauka þyrfti eigi með, því að hreppstjórarnir gætu haft meðhjálparana til að birta lögin á kirkjufundunum; hann kvaðst því vilja leggja það til, að þessu »eða» væri breytt í »og», svo að lögin yrðu bæðu lesin á kirkjufundum og hreppskilaþingum.

Eiríkur Kúld kvað auðvelt að fyrir-

byggja þennan hægðarauka með því að breyta orðinu »eða» í »og», því að þingmaður Rangæinga mundi líklega eigi vera mjög á móti því, ef breyting hans annars næði framgangi.

Sighvatur Árnason kvaðst vera mótfallinn þessari breytingu, því þá lægi næst fyrir að álíta, að hreppstjórar ættu að lesa upp lögin tvisvar þau sömu, nefnilega bæði á kirkjufundum og hreppskilaþingum, sem hann vildi ekki leggja þeim á herðar, en orðin »á kirkjufundum eða hreppskilaþingum» mundu eigi verða skilin öðruvísi en svo, að lögin yrðu birt á þeim fundinum, er betur lægi við í það og það skipti, til þess að lögin yrðu sem fyrst kunn.

Forseti spurði þá, hvort þingmaðurinn vildi taka til greina þá breytingu, er borin hefði verið upp, og neitaði hann því. Forseti bar þá undir atkvæði, hvort menn samþykktu, að aptan við orðin »á kirkjufundum» í 2. grein frumvarpsins kæmi: »eða hreppskilaþingum», og var það samþykkt með 9 atkv. Síðan var frumvarpið samþykkt í heild sinni í einu hljóði, og gat forseti þess, að það yrði þá sent forseta neðri deildarinnar.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 15. fundi neðri þingdeildarinnar, 19. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu *frumvarp til laga um birtingu laga og tilskipana.*

Benidikt Sveinsson sagði, að ef ástæða hefði verið til að orðlengja um frumvarp það, er fellt hefði verið næst á undan, þá væri að sinni ætlun miklu meiri spurning um, hvort það frumvarp, er nú lægi fyrir, ætti að ganga óbreytt gegnum deildina. Reyndar væri svo, að frumvarp þetta væri nokkru nær uppástungu þeirri, er neðri deildin í hitt eð fyrra hefði gjört við sams konar frumvarp, er þá hefði legið fyrir henni, en samt sem áður þætti sjer vafasamt, hvort eigi ætti að gjöra breytingar við frumvarp þetta enn á ný. Þó vildi hann ráða til, að mál þetta yrði látið ganga til 2. umræðu.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og ljet því forseti ganga til atkvæða um, hvort frumvarpið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði.

ÖNNUR UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 17. fundi neðri þingdeildarinnar, 21. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til laga um birtingu laga og tilskipana.* Varð engin umræða um málið, og var því gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. gr. samykkt með 17 atkvæðum.
2. gr. — — 18 —

Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Að frumvarpið gengi til 3. umræðu, samþykkt með 19 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 19. fundi neðri þingdeildarinnar, 24. dag júlímánaðar, kom *frumvarp til laga um birting laga og tilskipana* samkvæmt dagskránni til 3. umræðu.

Engin umræða varð um málið, og frumvarpið óbreytt samþykkt með 21 atkvæði. Kvað forseti, að það yrði nú afgreitt til landshöfðingja sem lög, og voru þau þannig hljóðandi:

LÖG
um birting laga og tilskipana.
1. grein.

Frá 1. ágúst 1878 skal þinglýsing sú á lögum og tilskipunum fyrir Ísland, sem nú er í gildi, vera aftekin, og frá sama tíma skal birting sú á lögum og tilskipunum, hvort heldur þær eru konunglegur eða útgefnar af stjórnarráðunum (en þar með eru talin opin brjef, auglýsingar, reglugjörðir,

erindisbrjef og samþykktir o. s. frv.), sem á sjer stað í Stjórnartíðindunum fyrir Ísland (deildinni A), vera skuldbindandi fyrir alla. Að svo miklu leyti sem eigi er sagt sjerstaklega fyrir um það í sjálfum lögunum eða tilskipununum, hvenær þau skuli öðlast gildi, þá verður það þann dag, þegar 12 vikur eru liðnar frá þeim degi, er það tölublað kom út af Stjórnartíðindunum (deildinni B), er það er birt í, að lögin eða tilskipunin sje út komin. Á sjerhverju tölublaði skal tilgreindur sá dagur, er það kemur út.

2. grein.

Hreppstjórar skulu lesa upp á kirkjufundum eða hreppskilaþingum lög þau og tilskipanir, sem getið er í 1. gr., án þess þó að þetta skuli vera skilyrði fyrir því, að þau sjeu skuldbindandi; en um birting þeirra tilskipana, sem yfirvöld á Íslandi sjálfu samkvæmt lögum geta gefið út, skulu þær reglur haldast, sem hingað til hafa gilt.

IX.

Frumvarp

til

laga um bæjargjöld í Reykjavíkur-kaupstað.

1. grein.

Fje það, er útheimtist til þess að standa straum af útgjöldum Reykjavíkur-kaupstaðar til bæjarþarfa, skal að svo miklu leyti, sem hinar sjerstöku tekjur kaupstaðarins eigi hrökkva til, fengið með því, að leggja lóðargjald á fasteignir í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, og, ef með þarf, einnig með því, að leggja skatt á kaupstaðarbúa sjálfa.

2. grein.

Lóðargjald, sem kemur í staðinn fyrir húsaskatt þann og lóðargjöld, sem ákveðin eru með reglug. 27. nóvember 1846 og opnu brjefi 26. september 1860, skal greiða:

a. af öllum húsum, hvort sem þau eru byggð úr steini, timbri torfi eða öðru efni, og hvort sem þau eru ætluð til íveru eða til annars, með 3 aurum af hverri ferhyrningsalin af flatarrúmi hússins, og

b. af öllum óbyggðum lóðum, sem útmældar eru til þess að fylgja húsum — nema öðruvísi sje um samið við kaupstaðinn í því tilliti —, með $^1/_4$ af eyri fyrir hverja ferhyrningsalin.

Dómkirkjan er undanþegin lóðargjaldi.

3. grein.

Gjald það, er bæjarbúar sjálfir greiða, er sumpart skattur eptir efnum og ástandi, sem samkvæmt tilskipun 20. apríl 1872, 22. gr., er jafnað niður á alla, sem hafa fast aðsetur í kaupstaðnum, og sumpart samsvarandi skattur, sem jafnað er niður á þá, sem eigi hafa fast aðsetur í kaupstaðnum, en samt að minnsta um 4 mánuði á gjaldárinu reka verzlun þar eða stunda einhverja aðra borgaralega atvinnu eða sýslu, sem er þess eðlis, að hún sje eða geti verið atvinnuvegur út af fyrir sig, og hafa sölubúð, iðnaðarhús eða híbýli fyrir atvinnu sína; gjaldið er eingöngu talið eptir þeim tekjum, sem atvinnan gefur af sjer, án þess að tillit sje tekið til annara tekja eða eigna þess, sem í hlut á.

4. grein.

Um niðurjöfnun þessara gjalda, ef til

þess kemur, borgun og gjaldheimtur, skal farið eptir reglunum í tilskipun 20. apríl 1872.

5. grein.

Þessi lög öðlast gildi 1. janúar 1878.

ATHUGASEMDIR
við lagafrumvarp þetta.

Tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 20. apríl 1872, fylgir að því leyti, er bæjargjöld snertir, reglum þeim, sem voru í gildi, er tilskipunin kom út, og sem reglug. 27. nóvember 1846 19. gr., og opið brjef 26. september 1860 hafa inni að halda. En eins og vakið var máls á því þegar við umræðurnar á alþingi um tjeða tilskipun, að endurskoða skatta-ákvarðanir þessar, þannig hefur það reynzt síðar meir, að slík endurskoðun væri æskileg, og bæjarstjórnin í Reykjavík hefur því hreift máli þessu.

Samkvæmt því, sem fyrir er mælt í tjeðum lagaboðum, er lóðargjaldinu jafnað niður á þá leið:

að $^1/_3$ af því, sem útheimtist til þess að borga kostnaðinn við stjórn hinna almennu bæjarmálefna, sje jafnað niður á timburhús og múrhús, sem standa innan takmarka lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, eptir því hvað undirflötur húsanna er stór að ferhyrningsmáli;

að greiða skuli af öllum tómthúsum innan sömu takmarka, sem eigi var goldið neitt lóðargjald af til eigandans fyrir 1. janúar 1861, og af þeirri lóð, er þeim fylgir, frá 6 til 16 áln. eptir meðalverði verðlagsskrárinnar;

að jafnað sje niður á allar lóðir, sem eru í landi kaupstaðarins, eins og það var ákveðið með mælingunni 22. og 23. maí 1792, og sem ekki eru tómthúslóðir, lóðargjaldi, sem sje fyrir hverja ferhyrningsalin $^1/_6$ af því gjaldi, sem lagt er á hverja ferhyrningsalin í kaupstaðarhúsum.

Þessi skatta-álaga virðist samt sem áður fremur óhentug, og er í því tilliti sjer í lagi tekið fram, að með því tilskipunin 20. apríl 1872 eigi gjörir neinn mun á kostnaðinum við stjórn hinna eiginlegu bæjarmálefna, sem bæjarfulltrúarnir beinlínis höfðu umsjón yfir, og kostnaðinum við bæjarmálefni, sem aðgreind voru frá hinni almennu bæjarstjórn, og lögð eru undir sjerstaka stjórnendur, til dæmis fátækramál og skólamál, þá virðist ekki nein ástæða vera til þess, að láta greinarmun þennan framvegis hafa áhrif á niðurjöfnun lóðargjalds á kaupstaðarhús.

Þar að auki er það tekið fram, að eigi virðist ástæða til að leggja gjöld á tómthús eptir öðrum reglum en á önnur hús, sjer í lagi eptir að tómthúsmönnum eru veitt hin sömu rjettindi með tilliti til bæjarmálefna og öðrum kaupstaðarbúum. Reyndar eru tómthúsin venjulega minna virði en timburhúsin og múrhúsin; en bæði er það, að eins mikill munur getur verið á verði þessara húsa, þegar hvort er borið saman við annað, og verði þeirra í samanburði við tómthúsin, enda þykir það illa tilfallið, að leggja vægara gjald á tómthúsin, en á önnur hús, með því að það mundi styðja að því, að slík hús yrðu byggð, en menn ættu fremur smámsaman að leitast við að útrýma þessum óheilnæmu og ófögru húsum. Loksins hafa fyrnefndar reglur um gjöld á húsum þessum þann annmarka í för með sjer, að það veitir örðugt sökum þess, hvað mikill munur er á tómthúsunum með tilheyrandi lóðum, að leggja gjaldið með sanngirni á hin einstöku hús innan þeirra takmarka, sem sett eru.

Bæjarstjórnin hefur enn fremur álitið það ósanngjarnt, að tekið sje tillit til þess, þá er jafnað væri gjaldi niður á lóðir, sem fylgja eiginlegum kaupstaðarhúsum, hvort þær lægju innan þeirra takmarka á lóð kaupstaðarins, sem áður var getið, eða ekki, en þó í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, og sömuleiðis virðist ekki vera næg ástæða til, að gjald á lóð, sem fylgir tómthúsi, skuli talið

öðruvísi en gjald, sem jafnað er niður á óbyggða lóð, sem fylgir múrhúsum og timburhúsum.

Að því leyti, er snertir gjöld þau, sem jafnað er á kaupstaðarbúa sjálfa, hefur það þótt æskilegt, að jafnframt og gjald það eptir efnum og ástandi, sem fyrir er mælt um í tilskipun 20. apríl 1872, haldist, sje fengin skýlaus heimild fyrir því, sem hefur tíðkazt bæði fyrir og eptir tjeða tilskipun, að jafna gjaldi eptir álitum á þá menn, sem hafa fasta verzlun í Reykjavík, án þess þó að hafa fast aðsetur þar.

Eptir að landshöfðinginn og bæjarstjórnin höfðu rætt málið sín á milli, hefur hvor um sig samið sjerstakt frumvarp um tilhögunina á því. Eins og sjá má í 1. og 2. fylgiskjali, fara bæði frumvörpin í fyrsta lagi fram á, að lóðargjaldi sje jafnað niður sumpart á öll hús í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins þannig, að hin sama upphæð komi á hverja ferhyrningsalin af flatarrúminu í húsinu, sumpart á allar óbyggðar lóðir innan sömu takmarka, sem mældar eru út til þess að fylgja húsi, en samt þannig, að gjaldið sje látið vera minna en af húsunum. Aptur á móti eru frumvörpin einkum frábrugðin hvort öðru í því, að svo er ákveðið í frumvarpi landshöfðingja, að bæjarstjórnin skuli til taka upphæð gjaldsins með samþykkt, sem hann staðfesti, og skuli hún gilda 20 ár um sinn; hefur landshöfðingi haldið, að með þessu yrði skatturinn stöðugri, en það væri æskilegt með tilliti til verðsins á fasteignum bæjarins; aptur á móti er í frumvarpi bæjarstjórnarinnar beinlínis tekið til, hvað gjaldið skuli vera mikið, án þess að binda það við nokkurn tíma, og hefur bæjarstjórnin álitið, að það mundi óþarfi, að taka til ákveðinn tíma, er gjalda-upphæðir þær, sem stungið er upp á, skuli haldast. En þar eð frumvarp landshöfðingja ákveður, að þegar gjaldið verði til tekið með samþykkt, þá skuli tekið tillit til þess, sem gjaldið hefur verið að meðaltali um hin síðustu 10 ár, og með þessu ásamt þeim reglum, sem hann að öðru leyti setur um það, hvernig gjaldið skuli koma niður á byggðar og óbyggðar lóðir, kemst að sömu niðurstöðunni að því leyti, er snertir gjalda-upphæðirnar, sem uppástunga bæjarstjórnarinnar, hefur hann til vara fallizt á uppástungu hennar um þetta atriði. Að því leyti er snertir gjaldið á kaupstaðarbúum sjálfum, eru frumvörpin aptur á móti í aðalefninu samhljóða, og fer frumvarp bæjarstjórnarinnar að eins lengra, er það nær til hvers og eins, sem, án þess að hafa bústað í Reykjavík, stundar þar atvinnu, auk þeirra, sem hafa þar fasta verzlunarstaði.

Samkvæmt þessari undirstöðu hefur stjórnarráðið látið semja frumvarp þetta til laga um bæjargjöld í Reykjavíkur-kaupstað, til þess það verði lagt fyrir alþingi.

Að því leyti, er snertir það atriði, hvernig lóðargjaldið skuli ákveðið, hefur stjórnarráðið haldið, að fylgja mætti uppástungu bæjarstjórnarinnar, með nokkrum breytingum að forminu til. Eins og það í sjálfu sjer virðist eðlilegast og mest samhljóða hinum venjulegu reglum, að gjaldupphæðirnar sjeu ákveðnar með lögum, þannig mun eigi vera nein ástæða til að óttast það, að lóðargjaldið fyrir þá sök yrði síður stöðugt, en ef gjaldupphæðirnar yrðu settar með samþykkt fyrir langan tíma, og svo endurskoðaðar. Slík ákvörun mundi bæði vera óþörf og til engra nota, með því að ganga má út frá því annars vegar, að eigi verði optsinnis gjörðar breytingar á gjaldupphæðinni með lögum, ef það þykir æskilegt, að nokkur stöðugleiki sje á því, en á hinn bóginn liggur það í augum uppi, að löggjafarvaldið gæti neytt sín, hve nær sem skyldi, og látið endurskoðun fram fara fyr, en ákveðið væri í lögunum. með tilliti til þess, hver undirstaða skuli viðhöfð við niðurjöfnun gjalds á fasteign, gæti það komið til yfirvegunar, hvort ekki skyldi miða gjaldið við verðlag, sem sett væri á hverja eign. En bæði mundi slík virðingargjörð bundin miklum örðugleikum og kostnaði, enda hefur landshöfðingi álitið, að engin nauðsyn sje á því, að byggja niðurjöfnina á verði

því, sem sett væri á hverja eign. Svo má ætla, að eigi sje neinn verulegur munur á verði lóðanna, eptir því hvar þær liggja, og til hvers þær eru notaðar, en það eina, sem gjörir nokkurn mun, er það, hvort þær eru byggðar eða ekki. Bæði landshöfðinginn og bæjarstjórnin hafa því álitið, að telja mætti upphæð lóðargjaldsins eptir flatarrúmi lóðanna, og leggja meira á byggðar lóðir, og minna á þær, sem óbyggðar eru.

Bæjarstjórnin hefur samkvæmt þessu stungið upp á, að upphæð lóðargjaldsins af húsum sjeu látnir vera 3 aurar af hverri ferhyrningsalin í húsunum, og $^1/_4$ af eyri af hverri ferhyrningsalin af óbyggðri lóð, sem fylgir húsum, en eins og getið er, hafði þetta orðið niðurstaðan, samkvæmt þeim reglum, sem landshöfðingi hafði stungið upp á, að ákveða gjaldið með samþykkt.

Undantekning sú, sem sett er í 2. gr. frumvarpsins, staflið b., frá því að greiða lóðargjald af óbyggðum lóðum, er að mestu leyti tekin eptir opnu brjefi 26. september 1860; sbr. hina samsvarandi ákvörðun í 2. grein brjefsins.

Samkvæmt því, sem landshöfðingi hefur lagt til, er stungið upp á því, að dómkirkjan skuli alveg vera undanþegin lóðargjaldi.

Eins og bæði landshöfðinginn og bæjarstjórnin hafa stungið upp á, fer 3. grein frumvarpsins fram á, að gjaldið eptir efnum og ástandi, sem samkvæmt tilskipun 20. apríl 1872 skal jafnað niður á alla, sem hafa fast aðsetur í Reykjavík, skuli framvegis haldast, og að þeir, sem eigi hafa fast aðsetur í kaupstaðnum, en hafa einhverja atvinnu um hönd, skuli jafnframt greiða samsvarandi gjald. Hefur stjórnarráðinu því fremur virzt ástæða til að setja þessa ákvörðun, sem þeir verzlunarmenn, sem þetta gjald yrði lagt á, draga allan arð af verzlun sinni út úr landinu. Þess vegna er það og rjett, er farið er fram á, að skatturinn sje lagður á allar tekjurnar af atvinnunni, en á hinn bóginn verður ekki tekið tillit til þeirra tekja, sem þeir, er í hlut eiga, hafa annarstaðar en í Reykjavík. Eins og bæjarstjórnin hefur stungið upp á, skal eigi að eins leggja gjaldið á þá, sem hafa eiginleg verzlunarhús, heldur yfir höfuð á sjerhvern, sem stundar þess konar atvinnu, til dæmis rekur verzlun í leigðu húsi, eða hefur verksmiðju o. s. frv., en þá verður aptur á móti að gjöra það að skilyrði, að atvinnan sje höfð um hönd ákveðinn tíma árs, að minnsta kosti um 4 mánuði. Að því leyti, er snertir útreikning þessa gjalds, skal þess getið, að menn þekkja ekki annað sveitargjald á Íslandi, sem hvílir á gjaldþegnum sjálfum, en gjald eptir efnum og ástandi, og eptir uppástungu landshöfðingja og bæjarstjórnarinnar má svo álíta, að ætlazt sje til, að gjald það, sem hjer er greint, verði talið á sama hátt. Gjaldið verður því ekki ákveðið þannig, að tekinn verði ákveðinn hluti af hverju hundraði af tekjunum, sem sje eins fyrir alla hlutaðeigendur, heldur skal það ákveðið eptir áætlun um, hvað mikill arðurinn af atvinnunni muni vera í samanburði við aðra samkynja bjargræðisvegi, sem búsettir borgarar í kaupstaðnum hafa um hönd, sbr. orðin »samsvarandi gjald», sem tekið er upp eptir frumvarpi landshöfðingja.

Þar sem bæjarstjórnin hefur stungið upp á, að sá skuli greiða gjaldið af hendi, sem standi fyrir verzlun þess, er í hlut á, þá virðist þessi ákvörður óþörf, þegar gætt er að því, að samkvæmt 4. grein frumvarpsins skuli fara eptir reglunum í tilskipun 20. apríl 1872, 25. gr. 2. staflið, með tilliti til gjaldsins.

Að endingu hefur stjórnarráðið verið landshöfðingja samdóma um það, að það væri óþarft, að taka upp ákvörðun um, að opinberar stofnanir skyldu vera undanþegnar gjaldþegnaskatti til kaupstaðarins, með því þetta þegar leiðir af því, að skattgjald þetta, samkvæmt tilskipun 20. apríl 1872, að eins hvílir á kaupstaðarbúum.

Fylgiskjal I.

FRUMVARP

til laga um niðurjöfnun bæjargjalda í Reykjavíkurkaupstað.

(Samið af landshöfðingja).

1.

Að því leyti gjöld þau, sem á ári hverju eru áætluð til bæjarþarfa, eða í þarfir stofnana þeirra, sem eru bænum áhangandi, eigi fá fullnustu af sjerstaklegum tekjum bæjarins, skulu þau lögð, 1. sem lóðargjald á allar fasteignir í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, og 2. með eins konar árlegri niðurjöfnun á alla gjaldþegna og fastar verzlanir kaupstaðarins.

2.

Bæjarstjórnin til tekur upphæð lóðargjaldsins með samþykkt, er landshöfðingi staðfestir; skal sú samþykkt gilda 20 ár um sinn. Til þess að ákveða upphæðina, skal leggja saman gjald það af byggðri og óbyggðri lóð, sem goldið hefur verið í bæjarsjóð á árunum 1868 til 1877, báðum meðtöldum, samkvæmt reglugjörð 27. nóvember 1846 og opnu brjefi 26. september 1860, en meðaltöluna úr þessu skal leggja við tómthúslóðagjaldið, sem runnið hefur í bæjarsjóð eptir nefndu opnu brjefi árið 1877, og skal þá gjald það, er á fasteignir skal leggja um ofangreint tímabil, miðað við þessa upphæð; þó má aðalupphæð lóðargjaldsins eigi vera minni en sjöttungur af meðaltölu allra gjalda, sem á greindum 10 árum hefur verið jafnað niður til bæjarþarfa á fasteignir og gjaldþegna kaupstaðarins. Nú er hin fundna meðaltala meira en fjórðungur allra þeirra gjalda, og má þá færa hana niður um svo mikið.

Í samþykktinni skal ákveðið, hve marga aura og eyrisbrot skuli leggja á hverja □ alin byggðrar og hverja □ alin óbyggðrar lóðar um ofangreint tímabil.

Samþykktin skal endurskoðuð tuttugasta hvert ár, og skal þá farið eptir ofangreindum reglum, þannig að tekjur og gjöld síðustu 10 ára ráði úrslitum.

3.

Þrjá fjórðunga lóðargjaldsins skulu húsin í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins greiða, steinhús, timburhús og torfhús, hvort sem þau eru til íbúðar eða annars, svo sem vöruhús, heyhlöður, hesthús, fjós, móhús, hjallar og þess konar. Ræður □ álnatal grunnflatarins niðurjöfnun þessa hluta lóðargjaldsins á byggðar lóðir.

Sá fjórðungur lóðargjaldsins, sem þá er eptir, skal greiddur af útmældum óbyggðum lóðum, sem húsum fylgja í landeign kaupstaðarins, svo sem húsagörðum, kálgörðum, stakkstæðum og þess konar — þó að yrktum túnum undanskildum — og skal gjaldið einnig lagt á þessar lóðir eptir □ álnatali.

Ofannefndu hlutfalli milli lóðargjaldsins af byggðri og óbyggðri lóð í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins má breyta, þá er samþykktin er endurskoðuð; þó má eigi gjald af óbyggðri lóð verða undir sjöttungi og eigi yfir þriðjung alls lóðargjaldsins.

4.

Í gjaldi því, sem nefnt er í 1. gr. 2, og ætlað er til að standast útgjöld bæjarins, að því leyti sjerstakleg gjöld hans og lóðargjöldin eigi hrökkva til, eru fólgin útsvörin eptir efnum og ástandi, eptir tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík 20. apríl 1872, 22. grein, og gjald á föstum verzlunum og öðrum arðsömum stofnunum og fyrirtækjum í kaupstaðnum, þó eigendur þeirra eigi hafi þar fast aðsetur. Á þessa stofna skal gjald lagt, er samsvari útsvörunum eptir efnum og ástandi, samkvæmt því er hæfa virðist árlegri veltu á kaupum og sölum, og þeim arði, sem eigandi þykir af hafa, og sje þá eigi litið til annara eigna hans.

Fylgiskjal 2.

FRUMVARP

til

laga um bæjargjöld í Reykjavík.

1. grein.

Inngjöld þau, er Reykjavíkur-kaupstað-

ur þarf á ári hverju, auk hinna sjerstaklegu tekja, til að standa straum af útgjöldum sínum, skal greiða:

1. Með lóðargjaldi, sem lagt er eptir □ máli á öll hús í lögsagnarumdæmi bæjarins undantekningarlaust, svo og allar óbyggðar lóðir í landareign kaupstaðarins, sem eru í haldi einstakra manna, og eigi verða síðar frá skildar.
2. Með gjaldi á bæjarbúa eptir efnum og ástandi samkvæmt fyrirmælum tilskipunar 20. apríl 1872, svo og atvinnu annara, er eigi búa í kaupstaðnum, eins og síðar segir í 3. grein hjer á eptir.

2. grein.

Af hverri □ alin í lögsagnarumdæmi bæjarins undir húsum, sem þak er yfir, til hverra afnota sem höfð eru, og úr hverju sem helzt efni sem þau eru byggð, skal á ári hverju greiða 3 aura til bæjarsjóðs.

Af hverri □ alin óbyggðrar lóðar úr sjálfri landareign Reykjavíkur-kaupstaðar, sem er í haldi einstakra manna eða stofnana, skal á ári hverju greiða $^1/_4$ eyris til bæjarsjóðs. Undanskildar frá gjaldi eru allar þær lóðir, sem greitt er af árgjald eða annað gjald eptir samningi við bæjarstjórnina, svo og túnblettir þeir eða svæði, er bæjarstjórnin hefur veitt stofnunum eða ýmsum mönnum án eptirgjalds að staðaldri eða um tiltekið árabil. Skal með slíkar lóðir eða lóðarparta farið eptir því, sem samningar eða heimild er til.

3. grein.

Gjöldum bæjarins, að því leyti sem lóðargjöldin og sjerstakar tekjur bæjarins eigi hrökkva til, skal jafna á bæjarbúa eptir efnum og ástæðum, samkvæmt tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík 20. apríl 1872, 22. gr., svo og á fastar verzlanir, arðsamar stofnanir og fjelög og aðra atvinnu í kaupstaðnum, að svo miklu leyti sem arðurinn eigi rennur til einstakra manna, sem þar eru búsettir, og skal gjaldið lagt á eptir arði þeim, sem atvinnan gefur af sjer, og greitt af hendi af þeim, sem veitir henni forstöðu.

Undanskildar þessu gjaldi eru allar þær stofnanir, sem eru til almennra þarfa, og sem eigendurnir engan beinlínis arð hafa af.

4. grein.

Með útreikning, álögu og innheimtu gjalda þessara, sem koma í stað gjalda þeirra, sem ákveðin eru í reglugjörð 27. nóv. 1846 og opnu brjefi 26. sept. 1860, skal farið, svo sem fyrir er mælt í tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, dagsettri 20. apríl 1872.

5. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1878.

Fyrir hönd bæjarstjórnarinnar.

Skrifstofu bæjarfógetans í Reykjavík, 2. nóvember 1876.

L. E. Sveinbjörnsson.

FYRSTA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 4. fundi efri þingdeildarinnar, 6. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu *frumvarp til laga um bæjargjöld í Reykjavíkur kaupstað.*

Gekk það umtalslaust til 2. umræðu og nefndarkosningar, og var hvorttveggja samþykkt; voru í nefnd kosnir:

Bergur Thorberg með 10 atkv.
Árni Thorsteinson — 9 —
M. Stephensen — 8 —

Í nefndinni var Magnús Stephensen kosinn formaður, Bergur Thorberg skrifari, og Árni Thorsteinson framsögumaður.

NEFNDARÁLIT
um kgl. frumvarp til laga um bæjargjöld í Reykjavíkurkaupstað.

Vjer, sem höfum verið kosnir í nefnd til að íhuga málefni þetta, leyfum oss að skýra frá því áliti voru, að öll nauðsyn beri til þess, að lagafrumvarpi þessu verði framgengt, þar eð með því verður meiri jöfnuður milli greiðanda, en áður hefur verið gjörður, þar sem ósamkynja gjöld hafa verið á þá lögð eptir misjöfnum mælikvarða, og skírskotum

vjer í því efni til ástæða þeirra, er stjórnin hefur látið fylgja frumvarpi þessu.

En þá er kemur til þeirra ákvarðana, er frumvarpið inniheldur, verðum vjer að gjöra fáeinar athugasemdir, sem eru mjög verulegar.

Hvort heldur litið er á frumvarp bæjarstjórnarinnar eða landshöfðingja, þá er þar svo ráð fyrir gjört (sbr. frumv. landsh. 3. gr., bæjarstjórnarinnar 2. gr.), að gjalda skuli af flatarmáli undir húsum í öllu kaupstaðarumdæminu, og af óbyggðum lóðum á sjálfri landareign kaupstaðarins. En á hinn bóginn virðist í ástæðunum fyrir frumvarpinu talið, að þessi frumvörp fari fram á gjald af húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins og af óbyggðum lóðum innan sömu takmarka, og er þetta ekki rjett hermt, nje heldur eru talin í ástæðunum rök að því, að þessari síðari reglu skyldi fylgja, en allt fyrir það er svo ákveðið í 2. gr. b, að af öllum óbyggðum lóðum, sem útmældar eru til að fylgja húsum, skuli greiða 1/4 eyris fyrir hverja □ al., og verður eptir því að greiða toll af óbyggðri lóð í öllu lögsagnarumdæmi bæjarins.

Auk þess að hvorki bæjarstjórn eða landshöfðingi hafa farið fram á, að gjaldið af óbyggðri lóð næði yfir svo langt svið, þá eru svo margar ástæður á móti því, að þessi ákvörðun geti staðizt, að nefndin eigi getur fallizt á hana, en heldur því fast fram, að gjaldið á óbyggðri lóð nái einungis yfir landareignina, það er þann hluta Reykjavíkurlands, er kaupstaðurinn sjálfur er eigandi að. Það væri mjög svo ósanngjarnt, að þeir, sem búa á jörðum hjer í umdæminu, sem ekki eru eign kaupstaðarins, t. a. m. Seli, Rauðará eða Arnarhól, skyldu auk þess gjalds, er þeir greiða eiganda, einnig svara lóðarskatti til kaupstaðarins, og þannig borga tvöfalt eptir lóð þá, sem bæjarstjórnin ekki hefur út hlutað þeim og hún engin ráð hefur yfir. Nefndin verður því að aðhyllast þessa skoðun landshöðingja og bæjarstjórnarinnar, að gjaldið af óbyggðri lóð ekki verði lagt á lóð fyrir utan landamerki þeirra fasteigna, er kaupstaðurin sjálfur á, og enn fremur, að allt öðru máli sje að gegna um skatt af byggðum húsum, því þar er húseignin sjálf eða sá höfuðstóll, sem settur er í húsið, aðalgrundvöllurinn fyrir gjaldinu, enda sjer og kaupstaðurinn í ýmsum sjerstökum þörfum húseigendunum borgið.

Ákvörðunin í 2. gr. b, er og ónákvæm í öðru, þar sem gjaldið er lagt á lóðir, sem út mældar eru til þess að fylgja húsum. Eins og kunnugt er, hefur kaupstaðurinn myndazt á rúmri öld, og voru lóðir í fyrstu alls ekki út mældar, þangað til um 1792, að kaupstaðurinn fjekk hina eiginlegu kaupstaðarlóð afmarkaða. Eptir þann tíma voru margar lóðir eða allflestar útvísaðar, en útmælingargjörðir þær sumar hverjar eru nú glataðar, þar sem útmælingarbækur nú ekki eru lengur til fyrir meira en hjer um bil 50 ár. Enda þótt útmælingarnar sjeu til fyrir þetta síðasta tímabil, þá hafa samt margar lóðir ummyndazt og að skilizt, og svo eru og margir lóðarblettir skildir frá húsum eða fylgja þeim ekki, og verður ekki lagt gjald á þá eptir frumvarpinu. Þar eð þessi annmarki er á frumvarpsins 2. gr. b, og þar ekki er haft nægilegt tillit til, hvernig hagar til sjerstaklega hjer í kaupstaðnum, verður nefndin að leggja til, að í staðinn fyrir þennan kafla verði settur annar kafli inn í 2. gr. frumvarps bæjarstjórnarinnar. Þar er, að því er nefndin frekast fær sjeð, haft tillit til, hvernig til hagar með hina ýmsu óbyggðu bletti hjer í bænum, hvort heldur þeir fylgja húsum eða eru sjerstakir út af fyrir sig.

Þá er kemur að 3. grein frumvarpsins, virðist í ástæðum þess beinlínis fallizt á skoðun landshöfðingja og bæjarstjórnarinnar, að þeir einnig skuli greiða til bæjarsjóðs, sem eigi hafa fast aðsetur, en þar á móti atvinnu í kaupstaðnum; hefur stjórnin því fremur fallizt á þetta, sem slíkir menn, einkum erlendir verzlunarmenn, dragi «allan arð af verzlun sinni út úr landinu». Allt fyrir það virðist 3. gr. frumvarpsins gjöra ráð fyrir eins konar persónulegum skatti,

þar sem gjaldið er kallað samsvarandi skattinum eptir efnum og ástandi, og á að jafna niður á þá, sem ekki eiga fast aðsetur í kaupstaðnum, en samt reka þar verzlun, og virðist þetta hvorki liggja eins beint við, eða vera eins hreint aðgöngu og uppástunga landshöfðingja og bæjarstjórnarinnar, sem gjörir ráð fyrir gjaldi af föstum verzlunum, stofnunum, arðsömum fyrirtækjum o. s. frv., þó eigendurnir eigi sjeu hjer. Aðalatriðið er ekki, að gjaldið sje persónulegt, heldur sje lagt á sjerstaka atvinnustofna, og að það einungis hvað upphæðina snertir fari, eins og greint er í frumvarpinu, eptir tekjunum, eða samsvari sem mest má verða gjaldi eptir efnum og ástandi. Af því að gjaldið ekki er skoðað sem persónulegt, virðist eigi ástæða til, að binda atvinnuna við 4 mánaða tíma.

Nefndin ræður því til þess, að 3. grein frumvarpsins verði orðuð sem næst 4. grein í frumvarpi landshöfðingja.

Auk þessara aðalbreytinga eru og ýmsar breytingar, er nefndin mælir fram með, og þykir eigi þurfa að færa ástæður fyrir þeim, þar þær ekki raska efninu, en miða til, að gjöra ákvarðanirnar ljósari. Nefndin leyfir sjer því að stinga upp á þessum breytingum á frumvarpinu:

1. grein.

Í stað: «og ef með þarf» komi: «þar næst», og að aptan við greinina á eptir orðunum: «á kaupstaðarbúa sjálfa» sje bætt: «stofnanir og arðsöm fyrirtæki».

2. grein.

a, «af öllum húsum hvort» orðist þannig: «af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins»
«torfi eða öðru efni» orðist: «torfi eða hverju sem helzt öðru efni»,
«flatarrúmi hússins« orðist: «flatarrúmi undir húsinu;

b, «af öllum — ferhyrningsalin» falli burt», en í stað þess komi: «af hverri □ alin óbyggðrar lóðar úr sjálfri landareign Reykjavíkur-kaupstaðar, sem er í haldi einstakra manna eða stofnana, skal á ári hverju greiða $^1/_4$ eyris til bæjarsjóðs. Undanskildar gjaldi þessu eru allar þær lóðir, sem greitt er af árgjald eða annað gjald eptir samningi við bæjarstjórnina, svo og túnblettir þeir eða svæði, er bæjarstjórnin hefur veitt stofnunum eða ýmsum mönnum án eptirgjalds að staðaldri, eða um tiltekið árabil. Skal með slíkar lóðir eða lóðarparta farið eptir því, sem samningur eða heimild er til».

3. grein.

Að 3. grein frumvarpsins falli burt, en í stað þess komi: «Í gjaldi því, sem nefnt er í 1. grein og ætlað er til að standast útgjöld bæjarins að því leyti, sem sjerstaklegar tekjur hans og lóðargjöldin eigi hrökkva til, eru fólgin útsvörin eptir efnum og ástandi samkvæmt tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík 20. apríl 1872, 22. grein, og gjald á föstum verzlunum og öðrum arðsömum stofnunum og fyrirtækjum í kaupstaðnum, þó eigendur þeirra eigi hafi þar fast aðsetur. Á þessa stofna skal gjald lagt, er samsvari (sem mest) útsvarinu eptir efnum og ástandi, samkvæmt því, er hæfa virðist eptir árlegri veltu og arði.

Undanskildar þessu gjaldi eru allar þær stofnanir, sem eru til almennra þarfa og eigendurnir engan beinlínis arð hafa af.

Alþingi 14. júlí 1877.

Magnús Stephensen, formaður. Árni Thorsteinson, framsögumaður.

Bergur Thorberg, skrifari.

ÖNNUR UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 14. fundi efri þingdeildarinnar, 18. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til laga um bæjargjöld í Reykjavíkur-kaupstað.*

Framsögumaður (Árni Thorsteinson) gat þess, að nefnd sú, er kosin var í þessu máli, hefði eptir nákvæma íhugun fundið ástæðu til, að stinga upp á nokkrum breytingum við frumvarp þetta. Nefndarálitið bæri með sèr ástæðurnar fyrir breytingum þessum, og áliti hann því eigi þörf að útlista hin einstöku atriði, er breytingar nefndarinnar lytu að, fyr en tilefni gæfist til þess frá hálfu þingmanna.

Eiríkur Kúld kvaðst kunna betur við 3. grein frumvarpsins, heldur en grein þá, er nefndin hefði stungið upp á að sett yrði í stað 3. greinar, af því að nefndin hefði sleppt skilyrði frumvarpsins, 4 mánaða dvöl, fyrir gjaldi því, er þar um ræddi. Væri því skilyrði sleppt eptir uppástungu nefndarinnar, þá mætti leggja gjald þetta á alla, sem koma, t. a. m. kolaskip frá Englandi, og mundi það þó óneitanlega þykja hart. Sama væri að segja um það, að hann kynni betur við seinasta kafla 3. greinar frumvarpsins, heldur en þar að lútandi tillögu nefndarinnar, þar sem hún sleppti orðum frumvarpsins «án þess tillit sje tekið til annara tekja eða eigna þess, sem í hlut á» og þar með einskorðun gjaldsins við tekjur af atvinnu og efnum þess, er hlut ætti að. Ef þetta væri eigi svo að skilja, óskaði hann skýringar í þessu efni.

Framsögumaður kvaðst eigi þurfa mörgum orðum að svara því, er varaforseti hefði mælt, enda bæri 3. grein nefndarálitsins ljóslega með sjer, að hjer væri eigi að ræða um stuttan tíma, nje að leggja þess konar gjald, og hjer ræddi um, á þá, er að eins koma í svip og hafa hjer persónulega dvöl. Einmitt orð 3. greinar í nefndarálitinu «fastar verzlanir» fyrirbyggðu það, að gengið væri of nærri nokkrum í þessu efni. Þar sem varaforseti hefði tekið fram, að eptir breytingaruppástungum nefndarinnar vantaði glögga ákvörðun um það, að eigi væri tekið tillit til eigna þeirra, er sá, er í hlut ætti, kynni að eiga annarstaðar, þá hefði nefndinni eigi þótt ástæða til, að taka slíkt fram, því það væri sjálfsagt, með því enginn lagastafur væri fyrir því, hvorki eptir bæjarstjórnarlögum nje sveitastjórnarlögum, að leggja þess konar gjald á með tilliti til eigna þeirra, er menn, sem eigi hefðu hjer fast aðsetur, kynnu að eiga fyrir utan lögsagnarumdæmið.

Eiríkur Kúld kvað sjer eigi þykja skýring þessi nægileg, svo hann ef til vildi mundi áskilja sjer rjett til breytingaratkvæðis við 3. grein.

Framsögumaður kvaðst vilja geta þess, áður en til atkvæða yrði gengið, að orðið «hvort» á eptir «af öllum húsum» í nefndarálitinu ætti að falla burt.

Með því að eigi tóku fleiri til máls, ljet forseti ganga til atkvæða, og fjell atkvæðagreiðslan þannig:

1. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 1. grein frumvarpsins var samþykkt sem orðabreyting án atkvæðagreiðslu.
2. Viðauka-uppástunga sömu við sömu grein samþykkt með 8 atkvæðum.
3. 1. grein frumvarpsins með áorðnum breytingum var samþykkt með 9 atkvæðum.
4. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 2. grein, staflið a, samþykkt með 9 atkvæðum, og orðabreytingarnar án atkvæðagreiðslu.
5. Breytingaruppástungan við sömu grein, staflið b, var samþykkt með 8 atkvæðum.
6. 2. grein frumvarpsins með áorðnum breytingum var samþykkt með 9 atkvæðum.
7. 3. grein nefndarinnar var samþykkt með 8 atkvæðum, og var 3. grein frumvarpsins þar með fallin.
8. 4. og 5. grein frumvarpsins voru samþykktar hvor um sig með 10 atkvæðum, og að frumvarpið þannig breytt gengi til 3. umræðu, var samþykkt í einu hljóði.

BREYTINGARATKVÆÐI
við frumvarp til laga um bæjargjöld í Reykjavíkur kaupstað.
Frá landshöfðingjanum, samþykkt af nefndinni.

Við 3. grein.

Á eptir orðunum: «og fyrirtækjum í kaupstaðnum» komi: «er sjeu rekin að minnsta kosti um 4 mánuði á gjaldárinu».

Á eptir orðunum: árlegri veltu og arði» komi: «án þess að tillit sje tekið til annara tekja eða eigna þess, sem í hlut á».

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 18. fundi efri þingdeildarinnar, 23. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu *frumvarp til laga um bæjargjöld í Reykjavíkur kaupstað.*

Landshöfðingi kvaðst eigi hafa verið við, er 2. umræða um mál þetta fór fram, og bæri hann því nú upp breytingaratkvæði þessi, og væru þau að eins til skýringar á frumvarpinu, eins og það hefði verið samþykkt við 2. umræðu, enda færu þau fram á það, sem framsögumaður hefði sagt að verið hefði tilgangur nefndarinnar. Varaforseti hefði og áður áskilið sjer rjett til breytingar í þessa stefnu. Vonaði hann því, að deildin mundi fallast á breytingar þessar.

Síðan voru greidd atkvæði um breytingarnar, og þær samþykktar í einu hljóði, og sömuleiðis frumvarpið allt með áorðnum breytingum. Kvað þá forseti mál þetta mundu verða afgreitt og sent forseta neðri deildarinnar.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 22. fundi neðri þingdeildarinnar, 27. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu *frumvarp til laga um bæjargjöld í Reykjavíkur kaupstað.* Varð engin umræða um málið, en samþykkt með 20 atkvæðum, að málið skyldi ganga til 2. umræðu.

ÖNNUR UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 28. fundi neðri deildar alþingis, 2. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til laga um bæjargjöld í Reykjavíkur-kaupstað.* Engar breytingaruppástungur voru fram komnar.

Guðmundur Einarsson sagðist eigi vera nægilega kunnugur þessu máli, og langaði sig því til að fá skýringar um ýms atriði þess, er sjer virtust ískyggileg. Hann treysti raunar vel hinni heiðruðu efri deild, en hann væri þó eigi óhræddur um, að hún hefði sleppt þessu frumvarpi fram hjá sjer með talsverðum annmörkum. Hann kvaðst vilja spyrja, hvort það væri alvara að hafa sama skatt á torfbæjum og timburhúsunum. Það hlytu þó að jafnaði að vera miklu fátækari menn, sem byggju í torfbæjum, en í timburhúsunum. Væri skattur þessi því að ætlun sinni hinn mesti ójöfnuður. Timburhúsin væru margfalt meira virði og stæðu margfalt lengur. Væri tilgangurinn sá, að neyða menn til að hætta að búa í torfbæjum, þá væri það mjög óeðlileg hvöt og mundi naumast koma að haldi, eða samsvara því, sem ætlazt væri til.

Arnljótur Ólafsson kvaðst samdóma þingmanni Dalamanna. Sjer fyndist hússtæðisskatturinn — sem hann vildi kalla hann — er um væri rætt í 3. grein, svo ójafnaðarlegur, að sig furðaði á, að þingmaður Reykvíkinga hefði verið með að leggja hann á. Hann ætti eptir 3. gr. frumvarpsins að vera 3 aurar af hverri □ alin undir húsinu, hvernig sem húsin væri, hvort sem húsið væri ómerkilegur hjallur, húskofi eða dýrlegasta íbúðarhús. Skatturinn væri eingöngu látinn fara eptir jarðarskikanum undir húsinu, en ekkert skipt sjer af, hvers virði húsið væri, eða hvort það væri hátt eða lágt. Í öðrum löndum væri hússtæðisskattur að

ganga úr gildi, þar sem hann þekkti til; hann væri þar að eins notaður sem götuskattur nú orðið, og dæmi þess væri t. a. m. í lögum um hússtæðisskatt fyrir Kaupmannahöfn 19. febr. 1861. Sjer væri ómögulegt að greiða atkvæði með öðrum eins ójöfnuði, og hjer væri farið fram á. Væri nú frumvarpi þessu hrundið, sem hann óskaði, og kæmust hin fyrirhuguðu nýju skattalög á bráðlega, yrðu öll hús í Reykjavík virt samkvæmt þeim, og þá væri hægurinn hjá að bæta um hin eldri gjaldalög af tómthúsum hjer í Reykjavík, og mundi þá rjettast að leggja hússtæðisskattinn á eingöngu eptir virðingarverði húsanna. Þá væri hann lagður á eign, eins og vera ætti, en að leggja hann á eptir flatarrúmi, væri raunar sama sem að leggja skatt á enga eign, á ekkert. Hann vildi biðja þingmann Reykvíkinga að segja sjer verð á t. d. □ faðmi lóðar í umdæmi kaupstaðarins fyrir utan hina eiginlegu bæjarlóð. Hún mundi varla vera mikils virði, og ímyndaði hann sjer, að yzt út við landamerki kaupstaðarumdæmisins mundi verðið naumast fara fram úr 3 aurum fyrir hvern ferhyrndan faðm, og þó væri í frumvarpinu lagður 3 aura skattur á hverja alin ferhyrnda, og yrði þá skatturinn 243 kr. á vallardagsláttunni. 6—16 álna tómthúsgjaldið, sem nú væri í lögum, væri miklu lægra (þingmaður Reykvíkinga: «nei»). Þingmaður Dalamanna hefði haft rjett að mæla: það væri sannarlega ekki að hvetja menn til að byggja vel, byggja steinhús og timburhús í stað moldarbæja, að taka frá þeim máttinn til þess með ósanngjarnlega háum sköttum. Það væri ómögulegt að neyða vilja manna með skattalögum, slíkt væri eigi á þingsins valdi; en hitt gæti það og ætti að gjöra: að svipta menn eigi mættinum til að byggja vel, en mátturinn væri fjeð, eða fjáraflið, í þessu sem öðru.

Halldór Kr. Friðriksson sagði, að munurinn á fyrirkomulagi bæjargjaldanna eptir frumvarpi þessu og hinum eldri lögum væri einkum sá, að eptir þeim væri ákveðinn hluti hinna eiginlegu bæjargjalda lagður á hús bæjarins, en hinu síðan jafnað á bæjarbúa eptir efnum og ástæðum, en eptir þessu frumvarpi ætti að leggja tiltekna fasta upphæð á allar lóðir í bænum, og jafna síðan því, sem þá vantaði til, niður eptir efnum og ástæðum bæjarbúa. Hinir heiðruðu þingmenn, sem talað hefðu í þessu máli í dag, væru báðir mótfallnir því, að leggja jafnt gjald á torfbæi og timburhús, af því að torfbæirnir væru miklu ódýrari. En þess væri gætandi, að torfbæirnir væru þó æði-dýrir bænum að mörgu leyti, þar á meðal vegna ristunnar, sem til þeirra færi. Það væri þýðingarlaust að vera að tala um, hvort skattur þessi yrði móthvöt móti því að fjölga torfbæjunum eða ekki, eða að leggja út af því, hversu óeðlileg sú móthvöt væri, því að bæjarstjórnin hefði það alveg á sínu valdi, hvað sem þessum lögum liði, hvort torfbæjum væri fjölgað eða eigi; hún mundi og banna beinlínis að reisa nýja torfbæi á kaupstaðarlóðinni. Það væri og skökk ímyndun hjá þingmönnunum, að hið nýja gjald, 3 a. af □ alin, yrði að jafnaði þyngra en tómthúsgjaldið, sem nú lægi á torfbæjunum. Það væri minnst 6 álnir, hversu lítill sem bærinn væri eða bæjarstæðið. Af þeim bæjarstæðum, sem væru ekki nema 100 □ álnir eða minna, og þeir væru margir hjer í kaupstaðnum — yrði gjaldið eptir þessu frumvarpi 3 kr. og þaðan af minna, og það væri minna en 6 álnir eptir verðlagsskránni. Hann sagðist hafa í hitt eð fyrra, er mál þetta hefði verið hjer til umræðu, nefnt dæmi þess, að ríkismaður gyldi minna lóðargjald eptir ferfalt stærri lóð en fátæklingur í timbur- eða steinhúsi; en hvaða sanngirni eða jöfnuður væri það? Eða hvaða sanngirni eða jöfnuður væri það yfir höfuð að tala, að láta menn gjalda þess, er menn kostuðu kapps um að koma sjer upp almennilegum híbýlum í stað moldarkofanna. Það væri aðgætandi, að fátæklingarnir byggju líka margir í timburhúsum eða steinhúsum, en ríkismenn aptur í torfbæjum. Landið utan hinnar eiginlegu kaupstaðarlóðar, en í lögsagnarumdæmi bæjarins, væri mestallt eign

sjálfs kaupstaðarins, og þar lenti lóðargjaldið ekki nema á hinum byggðu lóðarskikum; en vildu menn taka blett til yrkingar umfram það, sem húsinu fylgdi og þyrfti að fylgja, væri hann ekki látinn gjalda lóðargjald af honum, heldur eitthvert eptirgjald samkvæmt sjerstökum samningi við bæjarstjórnina. Þannig væri t. d. um túnin. Þau væru leigð gegn ákveðnu árlegu eptirgjaldi til bæjarsjóðs. Bæjarstjórninni hefði aldrei til hugar komið að gjöra breytingu á því fyrirkomulagi með þessum lögum. Lóðargjaldið ætti að eins að leggjast á hússtæðin eða bæjarstæðin sjálf og þann lóðarskika, sem nauðsynlegt væri að fylgdi hverjum bæ eða hverju húsi. Hann sagði, að deildinni væri óhætt að hallast að þessu frumvarpi. Það væri svo rækilega íhugað og undirbúið, er það hefði nú legið á döfinni í 3 ár, síðan 1874, og gengið fram og aptur milli bæjarstjórnarinnar, landshöfðingja og ráðgjafans, og nú loks gegnum efri deildina, þar sem 3 bæjarfulltrúar ættu sæti, og hefði, meira að segja, einn þeirra upphaflega verið mótfallinn frumvarpinu, en hefði síðan komizt til þeirrar sannfæringar, að eigi væri kostur á öðru betra, enda væri upphæð gjaldsins, eins og hún væri nú í frumvarpinu, einmitt samkvæm hans uppástungu. Hann sagði sjer sýndist óhætt að lofa Reykvíkingum að ráða, hvernig þeir vildu leggja á sig skatta, sem þeir væru einir við riðnir, og eigi væri vert fyrir þingið, að taka fram fyrir hendur þeirra í því efni.

Guðmundur Einarsson kvað það vel geta verið, að það væri satt, er þingmaður Reykvíkinga hefði sagt; en úr því að mál þetta hefði verið borið undir deildina á annað borð, þá ætti hver deildarmaður að tala eptir sinni sannfæringu. Það væri að sínu áliti munur á, hvort ræða væri um ferhyrnda alin undir húsi landshöfðingjans eða undir einhverju koti; en væri þá gjaldþolið hið sama? mundi torfkofinn þola sama gjald og steinhúsið? það væri þó vel að gæta þess, að það gjald, er hjer um ræddi, væri sveitargjald, er samkvæmt tilskipuninni ætti að jafna niður eptir ástæðum og efnum, en eigi eptir eins konar reglu, er hann kvaðst verða að álíta mjög svo óeðlilega. Þess vegna yrði hann að vera á því, að máli þessu væri skotið á frest, þangað til skattalögin væru komin í kring, til þess að vita, hvort bæjarstjórnin gæti eigi fundið neinn eðlilegri gjaldstofn en þennan, er kæmi svo ósanngjarnt niður. Þar sem þingmaður Reykvíkinga hefði skírskotað til þess, að mál þetta hefði gengið gegnum hendur landshöfðingjans, ráðgjafans, o. s. frv., þá væri það að vísu satt; en ef hann ætti að segja sína meiningu um mál þetta, þá felldi hann sig betur við uppástungu landshöfðingjans, en það frumvarp, er komið hefði fyrir deildina. Annars kvaðst hann eigi ætla að gjöra mál þetta að neinu kappsmáli, því að hann hefði hvorki krapt eða þekkingu til að fram fylgja skoðun sinni, svo sem hann vildi.

Landshöfðinginn kvaðst vilja bæta því við athugasemd þingmanns Reykvíkinga um undirbúning máls þessa, að eins og þingmönnum væri kunnugt, hefði þingmaður Reykvíkinga borið mál þetta upp á þinginu í hitt-eð-fyrra, en deildin hefði fellt málið eptir upplýsingum sínum um, hvernig málið hefði verið undir búið. Hann kvaðst hafa skýrt frá því, að bæjarstjórnin hefði gjört uppástungu um mál þetta, og hefði hún því næst rætt málið við sig, en hann síðan borið það undir stjórnarráðið, og sæi hann eigi, að undirbúningur málsins hefði getað verið betri, og eptir því valdi sem bæjarstjórninni væri gefið með tilskipun 20. apríl 1872, þá ætlaði hann það eiga vel við, að alþingi eigi í detaillinu skipti sjer af þesskonar spurningum, sem þetta mál væri. Þingmaður Dalamanna hefði misskilið gjald það, er hjer væri um að ræða; því að þar sem þingmaðurinn hefði tekið fram, hvort gjaldþolið mundi eins mikið hjá torfbænum eins og landshöfðingjahúsinu, þá vildi hann geta þess, að þetta gjald væri mjög lítið í samanburði við þau bæjargjöld, er samkvæmt tilskipuninni ætti að jafna niður eptir efn-

um og ástæðum; lóðargjaldið af landshöfðingjahúsinu mundi eptir frumvarpinu nema 18—20 krónum; en ætlaði þingmaðurinn, að þessar 18—20 kr. væru öll þau bæjargjöld, er landshöfðinginn greiddi? það væri mjög lítill hluti af bæjargjaldinu, sem yrði jafnað niður eptir þessu. Með því að hann nú sæi, að frumvarp þetta væri Reykjavíkurbúum hið hagfelldasta, og í sjálfu sjer rjettlátt og æskilegt, þá yrði hann að vera því meðmæltur.

Halldór Kr. Friðriksson kvaðst ímynda sjer, að þingmaður Dalamanna gæti eigi verið á þeirri skoðun, að öllum bæjargjöldum ætti að jafna niður eptir efnum og ástæðum. Það, sem landshöfðingjanum og bæjarstjórninni einkum hefði borið á milli í máli þessu, hefði verið það, að landshöfðinginn hefði eigi viljað, að lóðargjaldið væri þannig fast ákveðið, heldur skyldi það fara hækkandi og lækkandi eptir því, sem bæjargjaldið breyttist, og að lóðargjaldið þannig skyldi miðast við bæjargjöldin yfir höfuð. En með þessu móti yrði lóðargjaldið að líkindum töluvert hærra, því að eins mundi verða fyrir Reykjavík og landssjóðnum, að gjöld hennar mundu fremur fara hækkandi en lækkandi. Þessi hefði nú verið hinn helzti ágreiningur milli bæjarstjórnarinnar og landshöfðingjans; en hann vonaði, að hver, sem þekkti til, mundi játa, að lagaboð þetta væri mikil bót. Þar sem þingmaður Dalamanna hefði verið að tala um gjaldþol, þá hefði sjer þótt það skrítið, því að eigi væri að ræða um gjaldþol hjá húsum, heldur hjá þeim, er gjaldið skyldi greiða; hann vildi og geta þess, að hjer í Reykjavík byggju fleiri en einn ríkisbóndi í torfbæjum; það væri því eigi húsið, heldur eigandi þess, er gjaldið greiddi, og ætlaði hann eigi, að rjett væri fyrir þingmann Dalamanna að vitna til þessa, og það því fremur sem svo lítill hluti bæjargjaldsins legðist á lóðirnar, eins og hinn háttvirti landshöfðingi hefði tekið fram. Hann ætlaði, að það væri rjett, að minnsta kosti þegar um sveitargjöld væri að ræða, að miða gjöldin eigi eingöngu við efni og ástæður, heldur og við það, er greiðandinn hefði undir höndum af almanna eign, eins og þær lóðir væru, er hjer væri um að ræða. Mál þetta hefði nú verið á döfinni síðan árið 1874, og vissi hann eigi til, að frá bæjarbúa hálfu hefði komið fram nein umkvörtun yfir aðgjörðum bæjarstjórnarinnar í því; og fyndist sjer því sannarlega óeðlilegt, ef deildin nú færi að hafna þessum lögum, er allir þeir, er hlut ættu að máli, hefðu komið sjer saman um; en hin eldri lög um þetta efni væru sannarlega óeðlileg, auk þess sem gjald það, er þau ákvæðu, væri töluvert hærra. Hjer væri því um sjerstakt mál að ræða, er að eins snerti Reykjavík, og sæi hann engan hagnað í því, að mál þetta biði eptir skattamálinu, því að það væri allt annað mál og því með öllu óviðkomandi.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og bar því forseti frumvarpið undir atkvæði deildarmanna, og fjell atkvæðagreiðslan þannig:

1. gr. samþykkt með 18 atkvæðum.
2. gr. —— — 15 ——
3. gr. —— — 17 ——
4. gr. —— — 17 ——
5. gr. —— — 16 ——

Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Að málið gengi til 3. umræðu, samþykkt með 19 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 32. fundi neðri þingdeildarinnar, 7. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu *frumvarp til laga um bæjargjöld í Reykjavíkur kaupstað.*

Guðmundur Einarsson sagðist hafa tekið það fram við fyrri umræðurnar um málið, að sjer fyndist ósanngjarnt að hafa jafnan skatt á torfbæjum, og timbur- eða steinhúsum. En eins og hann hefði sagt þá, vantaði sig nægilega þekkingu eða kunnugleik til þess að geta dæmt um málið til hlít-

ar upp á sitt eindæmi, og ætlaði hann því ekki að halda lengra út í að mæla á móti frumvarpinu, allra helzt úr því eigi bæri á öðru, en að hlutaðeigendur, sem undir lögunum ættu að búa, sem sje Reykjavíkurbúar, væru ánægðir með frumvarpið. Þeir hefðu eigi komið fram með neinar kvartanir út af því, eða gjört neina tilraun til að fá þingmenn til að breyta því. Væri því eigi annað að sjá, en að almenningur væri ánægður með þetta frumvarp, og þá væri engin ástæða til fyrir þingið að vera að breyta því.

Þá var gengið til atkvæða, og var frumvarpið samþykkt óbreytt með 18 atkvæðum, og kvað forseti það þá mundu afgreitt og sent landshöfðingja, og var það þannig hljóðandi:

LÖG
um bæjargjöld í Reykjavíkur-kaupstað.

1. grein.

Fje það, er útheimtist til þess að standa straum af útgjöldum Reykjavíkur-kaupstaðar til bæjarþarfa, skal að svo miklu leyti, sem hinar sjerstöku tekjur kaupstaðarins eigi hrökkva til, fengið með því að leggja lóðargjald á fasteignir í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, og þar næst einnig með því að leggja skatt á kaupstaðarbúa sjálfa, stofnanir og arðsöm fyrirtæki.

2. grein.

Lóðargjald, sem kemur í staðinn fyrir húsaskatt þann og lóðargjöld, sem ákveðin eru með reglugjörð 27. nóvember 1846 og opnu brjefi 26. september 1860, skal greiða:

a, af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, hvort sem þau eru byggð úr steini, timbri, torfi eða hverju sem helzt öðru efni, og hvort sem þau eru ætluð til íveru eða til annars, með 3 aurum af hverri ferhyrningsalin af flatarrúmi undir húsinu, og

b, af hverri □ alin óbyggðrar lóðar úr sjálfri landareign Reykjavíkur-kaupstaðar, sem er í haldi einstakra manna eða stofnana, skal á ári hverju greiða 1/4 eyris til bæjarsjóðs. Undanskildar gjaldi þessu eru allar þær lóðir, sem greitt er af árgjald eða annað gjald eptir samningi við bæjarstjórnina, svo og túnblettir þeir eða svæði, er bæjarstjórnin hefur veitt stofnunum eða ýmsum mönnum án eptirgjalds að staðaldri, eða um tiltekið árabil. Skal með slíkar lóðir eða lóðarparta farið eptir því, sem samningur eða heimild er til.

Dómkirkjan er undanþegin lóðargjaldi.

3. grein.

Í gjaldi því, sem nefnt er í 1. grein og ætlað er til að standast útgjöld bæjarins, að því leyti sjerstaklegar tekjur hans og lóðargjöldin eigi hrökkva til, eru fólgin útsvörin eptir efnum og ástandi samkvæmt tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík 20. apr. 1872, 22. gr., og gjald á föstum verzlunum og öðrum arðsömum stofnunum og fyrirtækjum í kaupstaðnum, er sjeu rekin að minnsta kosti um 4 mánuði á gjaldárinu, þó eigendur þeirra eigi hafi þar fast aðsetur. Á þessa stofna skal gjald lagt, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástandi, samkvæmt því er hæfa virðist eptir árlegri veltu og arði, án þess að tillit sje tekið til annara tekja eða eigna þess, sem í hlut á,

4. grein.

Um niðurjöfnun þessara gjalda, ef til þess kemur, borgun og gjaldheimtur, skal farið eptir reglunum í tilskipun 20. aprílm. 1872.

5. grein.

Þessi lög öðlast gildi 1. janúar 1878.

X.

Frumvarp

til

laga, er nema úr lögum, að skírn sje nauðsynleg sem skilyrði fyrir erfðarjetti.

1. grein.

Ákvörðun sú, sem N. L. 5—2—30 og 31, sbr. tilskipun 4. júní 1828, hafa inni að halda um það, að skírnin skuli vera skilyrði fyrir erfðarjetti, skal úr lögum numin.

2. grein.

Þessum lögum verður eigi beitt, þegar gjöra skal út um það, hvort maður eigi erfðatilkall eptir menn, sem þegar eru látnir, eða erfðatilkall, sem byggist á erfðarjetti manna, sem þegar eru dánir.

ATHUGASEMDIR

við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt N. L. 5—2—30 og 31, sbr. tilskipun 4. júní 1828, er skírnin skilyrði fyrir því að öðlast erfðarjett. Reyndar má svo álíta, sem ákvörðun þessi að eins eigi við þá, sem eru kristinnar trúar, en ekki við þá, sem eigi eru kristnir, en þótt þessi takmörk sjeu sett, virðist það ekki allskostar eðlilegt eptir því, sem nú hagar til, að binda alveg borgaraleg rjettindi við það, að maður sje tekinn í trúarbragðafjelag með kirkjulegri athöfn. Hjer við bætist það, að frumvarp það til laga, sem nú er lagt fyrir alþingi, um stofnun borgaralegs hjónabands og uppfræðslu barna í trúarefnum, er eigi hvorttveggja foreldra þeirra hafa þjóðkirkjutrú, í 10. gr. gengur út frá því, að það eigi verði gjört kristnum mönnum, sem ekki eru í þjóðkirkjunni, að lagaskyldu, að láta skíra börn sín, og þegar þetta er til greina tekið, þykir því fremur eiga við, að taka af samband þetta milli skírnar og erfðarjettar.

Lagafrumvarp þetta fer því fram á, að nema úr gildi fyrnefnda ákvörðun í N. L. 5—2—30 og 31, og þykir það leggja sig sjálft, að þessi breyting eigi skuli ná til þeirra erfða, sem til hafa fallið, á meðan núgildandi lög standa.

FYRSTA UMRÆÐA

í efri deild alþingis

Á 5. fundi efri þingdeildarinnar, 7. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til fyrstu umræðu *frumvarp til laga, er nema úr lögum, að skírn sje nauðsynleg sem skilyrði fyrir erfðarjetti.* Máli þessu var í einu hljóði vísað til 2. umræðu, en fellt frá nefnd með 10 atkvæðum gegn einu.

ÖNNUR UMRÆÐA

í efri deild alþingis.

Á 6. fundi efri þingdeildarinnar, 9. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til laga, er nema úr lögum, að skírn sje nauðsynleg sem skilyrði fyrir erfðarjetti.*

Sighvatur Árnason kvaðst vilja styðja frumvarp þetta; því að þótt dæmi þau kynnu að vera fá, er sú breyting kæmi til greina, er frumvarp þetta færi fram á, þekkti hann þó eitt. Þar hefði svo atvikazt, að kona, er nýlega hafði barn alið, hefði dáið, og síðan barnið, áður en það hafði hlotið skírn. Þar hefðu því útarfar, eptir nú gildandi lögum, erft í stað barnsins, en ef fæðingin hefði veðið skilyrði fyrir erfðarjettinum, þá hefði barnið þarna náð erfðum, og maðurinn aptur erft það, en sem sagt þekkti hann að eins eitt dæmi, þar sem erfðir barns hefðu fallið niður fyrir þá sök, að erfðarjetturinn væri bundinn við skírn, en eigi fæðingu, og að þetta eina dæmi gæfi sjer hvöt til að styðja frumvarpið.

Því næst voru greidd atkvæði um, hvort málið skyldi ganga til 3. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði. Forseti vildi þá láta samþykkja hverja grein fyrir sig, en skaut því þó til landshöfðingja, sem áleit þess eigi þörf, nema þingdeildin vildi óska þess, en atkvæði hennar fjellu svo, að þessa mundi engin þörf.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 8. fundi efri þingdeildarinnar, 11. dag júlímán., kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu *frumvarp til laga, er nema úr lögum, að skírn sje nauðsynleg sem skilyrði fyrir erfðarjetti*, og er enginn tók til máls um það, ljet forseti greiða atkvæði um það, og var það samþykkt í einu hljóði, og lýsti forseti því yfir, að það yrði sent til forseta neðri deildarinnar

---

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 11. fundi neðri þingdeildarinnar, 14. dag júlímán., kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu konunglegt *frumvarp til laga, er nema úr lögum, að skírn sje nauðsynleg sem skilyrði fyrir erfðarjetti*, og var það umræðulaust samþykkt í einu hljóði, að málið gengi til 2. umræðu.

ÖNNUR UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 13. fundi neðri þingdeildarinnar, 17. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni konunglegt *frumvarp til laga, er nema úr lögum, að skírn sje nauðsynleg sem skilyrði fyrir erfðarjetti* til 2. umræðu.

Urðu engar umræður um málið, og var því þegar gengið til atkvæða og fjellu þau þannig:

1. gr. samþykkt í einu hljóði.
2. — — - — —.

Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpið í heild sinni samþykkt í einu hljóði, og sömuleiðis að málið gengi til 3. umræðu.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 15. fundi neðri þingdeildarinnar, 19. dag júlímán., kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu *frumvarp til laga, er nema úr lögum, að skírn sje nauðsynlegt skilyrði fyrir erfðarjetti.* Með því að enginn tók til máls, ljet forseti ganga til atkvæða um mál þetta, og fjellu atkvæði á þessa leið:

1. gr. samþykkt í einu hljóði.
2. — — - — —.

Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpið í heild sinni samþykkt í einu hljóði.

Kvað forseti nú frumvarp þetta mundu verða afgreitt til landshöfðingja.

Var það nú þannig orðað:

LÖG,
er nema úr lögum, að skírn sje nauðsynleg sem skilyrði fyrir erfðarjetti.

1. grein.

Ákvörðun sú, sem N. L. 5—2—30 og 31, sbr. tilskipun 4. júní 1828, hafa inni að halda um það, að skírnin skuli vera skilyrði fyrir erfðarjetti, skal úr lögum numin.

2. grein.

Þessum lögum verður eigi beitt, þegar gjöra skal út um það, hvort maður eigi erfðatilkall eptir menn, sem þegar eru látnir, eða erfðatillkall, sem byggist á erfðarjetti manna, sem þegar eru dánir.

XI.

Frumvarp

til

laga um breyting á tilskipun fyrir Ísland um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 26. febr. 1872, 2. gr., að því leyti, er snertir borgun gjaldsins af þeim vörum, sem flytjast til landsins með gufuskipum.

Þegar vörur, sem gjald skal greiða af samkvæmt tilskipun fyrir Ísland um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 26. febrúar 1872, sbr. lög 11. febrúar 1876, verða fluttar á íslenzka höfn á gufuskipi, skal um borgun gjaldsins farið eptir því, sem fyrir er mælt í 4. gr. tjeðrar tilskipunar, en samt skal hlutaðeigandi skipstjórnarmaður auk þeirra hleðsluskjala, sem sagt er fyrir um í nefndri grein, senda lögreglustjóranum vöruskrá eða tollskrá skipsins til eptirlits.

Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1878.

ATHUGASEMDIR
við lagafrumvarp þetta.

Í tilsk. fyrir Ísland um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 26. febr. 1872, 2. grein, er svo fyrir mælt, að eigi megi byrja að afferma skip, sem eiga að kaupa leiðarbrjef eða greiða lestagjald það, sem ákveðið er með lögum 15. apríl 1854, og sem koma á íslenzka höfn með vörur, sem greiða á gjald af samkvæmt 1. grein tilskipunarinnar, áður en búið sje að greiða gjaldið, og er þar að auki ákveðið, að eigi ekki að afferma skipið á þeim stað, þar sem á að sýna lögreglustjóranum leiðarbrjefið og hin önnur skipaskjöl, sem getið er um í tjeðum lögum, þá skuli samt greiða tjeðum embættismanni gjaldið af öllum þeim vörum, sem í skipinu eru af því tagi, sem um er rætt, áður en skipaskjölunum sje skilað aptur. Sú raun hefur samt sem áður orðið á, að ákvörðun þessi hefur ýms vandkvæði í för með sjer að því leyti, er snertir póstgufuskipin. Þetta hefur þegar átt sjer stað um póstgufuskipið »Arcturus», sem þó einungis hefur komið við á einstöku höfn á Íslandi, þar sem það tefur meir en skyldi fyrir afgreiðslu skipsins, að affermingunni er frestað, þangað til búið er að greiða gjaldið af öllum þeim vörum í skipinu, sem gjalda skal toll af. Enn meir kveður þó að þessu að því leyti, er snertir póstgufuskipið »Diana», sem á að koma svo víða við, og hjer á ofan bætist það, sem hefur mikla þýðingu, að skipstjórnarmaður hvorki mun vera fær um nje þykist skyldur til að greiða fyrir fram á þeirri höfn, sem fyrst er hleypt inn á, gjaldið af þeim vörum í skipinu, sem eiga að fara á aðrar hafnir, og svo heimta inn aptur það, sem hann hefur goldið fyrir hvern um sig, hjá þeim, sem taka við vörunum á hinum ýmsu stöðum, sem skipið á að koma við á. Þessi óþægindi komu þegar í ljós á ferðum skipsins árið sem leið, og kom því uppástunga frá landshöfðingja til stjórnarráðsins um, að heimta mætti inn tollinn af áfengum drykkjum, að svo miklu leyti sem vörurnar flyttust til landsins með póstgufuskipunum, samkvæmt reglunum í 4. grein tjeðrar tilskipunar, í stað þess að fara eptir 2. grein.

Að svo vöxnu máli, og með því innanríkisstjórnin, sem stjórnarráðið hefur skrifazt á við út af þessu máli, einnig hefur mælt fram með því, að uppástunga landshöfðingja yrði tekin til greina, að því leyti, er snertir hin konunglegu póstgufuskip, áleit stjórnarráðið, að ástæða væri til að koma til leiðar breytingu á 2. grein í tilskipunni á þann hátt, sem getið er, og skyldi þessi breyting eigi að eins ná til póstgufuskipanna, heldur einnig til allra gufuskipa, þar sem það er áríðandi, að þau verði affermd á stuttum tíma, og jafnan má við því búast, að farmurinn eigi

að fara á ýmsar hafnir; en seglskip, sem koma til Íslands, eiga venjulega að koma við að eins á einni höfn eða að minnsta kosti á mjög fáum höfnum, og er það optast sami maðurinn, sem hefur allt skipið á leigu.

Með því þessari breytingu eigi verður komið á nema með lagaboði, og lög, sem væru látin ganga út á venjulegan hátt, eigi gætu öðlazt gildi fyr en sumarið 1878, — en það þótti nauðsynlegt, að hinar nýju ákvarðanir þegar yrðu við hafðar að því leyti er snertir póstferðirnar á yfirstandandi ári, — eru samkvæmt stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, 11. grein, 21. dag febrúarmán. þ. á. útgengin meðfylgjandi lög til bráðabyrgða um breyting á tilskipun fyrir Ísland um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 26. febrúar 1872, 2. grein, að því leyti, er snertir borgun gjaldsins af þeim vörum, sem flytjast til landsins með gufuskipum; eru lög þessi alveg samhljóða lagafrumvarpi þessu.

LÖG TIL BRÁÐABYRGÐA

um breytingu á tilskipun fyrir Ísland um gjald á brennivíni og öðrum áfengjum drykkjum, 26. febr. 1872, 2. gr., að því leyti, er snertir borgun gjaldsins af þeim vörum, sem flytjast til landsins með gufuskipum.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því það hefur verið borið upp fyrir oss, að reglur þær, sem gæta skal samkvæmt tilskipun 26. febr. 1872, 2. gr., um borgun gjalds þess, sem fyrir er mælt um í tjeðri tilskipun, sbr. lög 11. febr. 1876, af áfengjum drykkjum, sem flytjast til Íslands með skipum, sem eiga að taka leiðarbrjef, eru miklum vandkvæðum bundnar að því leyti, er snertir afgreiðslu gufuskipa, og sjer í lagi afgreiðslu póstgufuskipanna, viljum Vjer samkvæmt stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, 11. gr., allramildilegast skipa fyrir:

Þegar vörur, sem gjald skal greiða af samkvæmt tilskipun fyrir Ísland, um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 26. febrúar 1872, sbr. lög 11. febrúar 1876, verða fluttur á íslenzka höfn á gufuskipi, skal um borgun gjaldsins farið eptir því, sem fyrir er mælt í 4. gr. tjeðrar tilskipunar, en samt skal hlutaðeigandi skipstjórnarmaður auk þeirra hleðsluskjala, sem sagt er fyrir um í nefndri grein, senda lögreglustjóranum vöruskrá eða tollskrá skipsins til eptirlits.

Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1877.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 21. dag febrúarm. 1877.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

FYRSTA UMRÆÐA

í neðri deild alþingis.

Á 4. fundi neðri þingdeildarinnar, 6. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu *frumvarp til laga um breyting á tilskipun fyrir Ísland um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 26. febr. 1872, 2. gr., að því leyti sem snertir borgun gjaldsins af þeim vörum, sem flytjast til landsins með gufuskipum*, og þar með bráðabyrgðalög um sama efni, 21. febrúarm. 1877, og var málinu umræðulaust vísað til 2. umræðu.

ÖNNUR UMRÆÐA.

í neðri deild alþingis.

Á 6. fundi neðri þingdeildarinnar, 9. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til laga um breyting á tilskipun fyrir Ísland um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 26. febr. 1872, 2. gr., að því leyti, er snertir borgun gjaldsins af þeim vörum, sem flytjast til landsins með gufuskipum*, og þar með bráðabyrgðalög um sama efni, dags. 21. febr. 1877.

Með því að engin umræða varð um málið, bar forseti frumvarpið undir atkvæði deildarinnar, og var frumvarpið og lögin samþykkt með 22 atkvæðum, og fyrirsögnin án atkvæðagreiðslu; sömuleiðis var með 22 atkvæðum samþykkt, að frumvarpið skyldi ganga til 3. umræðu.

BREYTINGARATKVÆÐI

við frumvarp til laga um breyting á tilskipun fyrir Ísland um gjald á brennivíni og öðrum áfengjum drykkjum 26. febr. 1872, 2. gr., að því leyti, er snertir borgun gjaldsins af þeim vörum, sem flytjast til landsins með gufuskipum.

Frá Páli Pálssyni, þingmanni Skaptfellinga, Arnljóti Ólafssyni, Eggert Gunnarssyni, Þórði Þórðarsyni, Einari Gíslasyni og Þorsteini Jónssyni.

Orðin: «Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1878» falli burt.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 8. fundi neðri þingdeildarinnar, 11. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu *frumvarp til laga um breyting á tilskipun fyrir Ísland um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 26. febr. 1872, 2. gr., að því leyti, er snertir borgun gjaldsins af þeim vörum, sem flytjast til landsins með gufuskipum*, og þar með breytingaratkvæði frá 6 þingmönnum, og jafnframt bráðabyrgðalög um sama efni, dags. 21. d. febrúarm. 1877.

Páll Pálsson prestur sagði, að það, sem sjer og hinum 5 öðrum uppástungumönnum hefði gengið til að koma með þetta breytingaratkvæði, hefði verið það, að þeim hefði sýnzt lögin ekki geta orðið lögleidd á þessum tiltekna tíma, nefnilega 1. marz 1878, þótt þau öðluðust bæði samþykki þingsins og konungs, sökum þess hvernig á stæði með þinglestur hjer á landi; en þar eð bráðabyrgðalögin giltu þangað til, þá þyrfti þessi breyting ekki að spilla neitt til.

Grímur Thomsen óskaði að heyra álit landshöfðingja um þetta breytingaratkvæði.

Landshöfðingi sagði, að þar eð bráðabyrgðalögin væru í gildi, þar til þetta frumvarp öðlaðist lagagildi, væri ekkert því til fyrirstöðu að fella burtu þennan lið frumvarpsins.

Var þá gengið til atkvæða og var breytingaruppástunga hinna 6 þingmanna samþykkt með 16 atkvæðum gegn 1. Frumvarpið var þá með þessari breytingu samþykkt í einu hljóði með 21. atkv., og kvað forseti það mundu nú verða sent forseta efri deildarinnar.

FYRSTA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 10. fundi efri þingdeildarinnar, 13. dag júlím., kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu *frumvarp til laga um breyting á tilskipun fyrir Ísland um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 26. febr. 1872, 2. gr., að því leyti, er snertir borgun gjaldsins af þeim vörum, sem flytjast til landsins með gufuskipum*, ásamt bráðabyrgðalögum um sama efni, 21. dag febrúarmánaðar 1877.

Forseti kvað þetta frumvarp eiginlega vera staðfestingu á bráðabyrgðalögunum um þetta efni, þótt þau hefðu eigi verið tilgreind á dagskránni. Frumvarp þetta gekk umræðulaust til 2. umræðu eptir samþykki allra þingmanna.

ÖNNUR UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 12. fundi efri þingdeildarinnar, 16. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til laga um breyting á tilskipun um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 26. febr. 1872, 2. gr., að því leyti, er snerti borgun gjaldsins af þeim vörum, sem flytjast til landsins*

með gufuskipum, og bráðabyrgðarlög um sama efni, dagsett 11. dag febrúarmánaðar 1877.

Var frumvarpið umræðulaust samþykkt í einu hljóði, og eins að það skyldi ganga til 3. umræðu.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 14. fundi efri þingdeildarinnar, 18. dag júlímánaðar, kom *frumvarp til laga um breyting á tilskipun fyrir Ísland um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 26. dag febrúarmánaðar 1872, 2. gr., að því leyti, er snertir borgun gjaldsins af þeim vörum, sem flytjast til landsins með gufuskipum*, ásamt bráðabyrgðalögum um sama efni, dagsettum 21. dag febrúarmánaðar 1877, samkvæmt dagskránni til 3. umræðu.

Með því enginn tók til máls, ljet forseti greiða atkvæði um frumvarp þetta ásamt bráðabyrgðalögunum, og var hvorttveggja samþykkt í einu hljóði. Lýsti forseti þá yfir, að málið yrði því næst afgreitt til landshöfðingja, sem lög þannig hljóðandi:

LÖG
um breyting á tilskipun fyrir Ísland um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 26. febr. 1872, 2. gr., að því leyti, er snertir borgun gjaldsins af þeim vörum, sem flytjast til landsins með gufuskipum.

Þegar vörur, sem gjald skal greiða af samkvæmt tilskipun fyrir Ísland, um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 26. febrúar 1872, sbr. lög 11. febrúar 1876, verða fluttar á íslenzka höfn á gufuskipi, skal um borgun gjaldsins farið eptir því, sem fyrir er mælt í 4. gr. tjeðrar tilskipunar, en samt skal hlutaðeigandi skipstjórnarmaður auk þeirra hleðsluskjala, sem sagt er fyrir um í nefndri grein, senda lögreglustjóranum vöruskrá eða tollskrá skipsins til eptirlits.

Konungleg frumvörp,
felld af þinginu.

XII.
Frumvarp
til
fjáraukalaga fyrir árin 1876 og 1877.

Í viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1876 og 1877, skulu veittar 2,600 kr.:

1. viðbót við skrifstofukostnaðar-endurgjöld þau, sem ákveðin eru með fjárlögunum, 10. gr. A. 2, sbr. 18. gr. 1., og lög um laun íslenzkra embættismanna og fl. 15. október 1875, 14. gr.,

		kr.	kr.
	handa amtmanninum yfir suður- og vesturumdæminu	400	
	handa amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu	400	800
2.	viðbót við þóknun þá, sem talin er í fjárlögunum, 10. gr. A. 3, fyrir endurskoðun íslenzkra reikninga .		800
3.	viðbót við 10. gr. fjárlaganna, C., sem laun handa dýralækni . . .		1000

ATHUGASEMDIR
við lagafrumvarp þetta.

Um 1. Eins og getið er í frumvarpi til fjárlaga fyrir 1878 og 1879, hefur stjórnarráðið eptir umræðunum á alþingi þótzt geta gengið út frá því, að það hafi eigi verið tilgangur þingsins, að lækkun sú, sem gjörð var með lögum um laun íslenzkra embættismanna o. fl., 15. október 1875, 14. gr., á skrifstofukostnaðar-endurgjöldum þeim, sem veitt voru amtmönnunum með fyrri ákvörðunum, skyldi gilda um þá amtmenn, sem nú eru. Eins og skrifstofukostnaðar-endurgjöldin handa nefndum embættismönnum í tjeðu frumvarpi því eru talin, eins og þau áður voru ákveðin, þannig hefur stjórnarráðið, í von um samþykki alþingis, leyft, að hið venjulega skrifstofukostnaðar-endurgjald sje þeim útborgað á árunum 1876 og 1877, þannig að hvor af hinum nefndu embættismönnum fái 200 kr. á ári fram yfir þá upphæð, sem tiltekin er í lögum 15. október 1875, 14. gr.

Um 2. Samkvæmt bænarskrá frá landfógeta, sem falið er á hendur að endurskoða reikningana frá hinum einstöku gjaldheimtumönnum á Íslandi, hefur landshöfðingi lagt til, að honum sje veitt 1200 kr. viðbót fyrir árin 1876 og 1877, auk þeirrar þóknunar upp á 1200 kr. á ári, sem honum var veitt með fjárlögunum 1876—1877. Er það í því skyni tekið fram, að þá er endurskoðun íslenzkra reikninga fluttist frá fyrstu endurskoðunar-stjórnardeild í fjárhagsstjórninni til Íslands 1. jan. 1876, þá voru eigi að eins reikningarnir fyrir 1875, heldur einnig reikningarnir fyrir 1874, látnir fara til Íslands, sökum þess, að endurskoðunin í tjeðri stjórnardeild eptir þeirri skrifstofutilhögun, sem þar var höfð, einlægt var einu ári á eptir, og kom þetta einkum til af því, að reikningarnir frá Íslandi bárust stjórnardeildinni svo seint. Þótt endurskoðunarmennirnir á Íslandi með þessu móti yrðu að taka að sjer í einu til endurskoðunar tveggja ára reikninga, vonar landshöfðinginn samt, að þeim muni takast að ljúka af bæði reikningunum fyrir tjeð tvö ár og reikningunum fyrir árið 1876 á yfirstandandi fjárhagstimabili, en með þessu móti hafa endurskoðunarmennirnir haft til meðferðar þriggja ára reikninga á hinum 2 árum fjárhagstímabilsins, þar sem venjulega að eins munu fyrir liggja tveggja ára reikningar til endurskoðunar á einu fjárhagstímabili. Þótt nú þóknun sú, sem ákveðin er fyrir eitt ár, eigi beinlínis sje bundin við endurskoðun reikninga fyrir einstakt ár, hefur stjórnarráðið samt haldið, að ástæða kynni að vera til, að veita aukaþóknun fyrir vinnuauka þann, sem leiðir af því, að flýtt verður fyrir endurskoðuninni, eins og til ætlazt er, en þetta á sjer þá eigi að eins stað um landfógetann, heldur einnig um landsyfirrjettardómanda Magnús Stephensen, sem falið er á hendur að endurskoða jarðabókarsjóðsreikninginn; virðist stjórnarráðinu það hæfilegt, að láta þóknunina handa þeim samsvara helmingnum af hinni venjulegu þóknun fyrir eitt ár, sem sje handa landfógetanum 600 kr. og yfirdómara Magnúsi Stephensen 200 kr.

Um 3. Eptir að amtsráðið í suðurumdæminu hafði sagt dýralækni Snorra Jónssyni upp þjónustu frá 1. maí 1876, — en hann hafði á seinni árum haft dýralæknisstörf á hendi í suðurumdæminu, og haft 1200 kr. styrk á ári, sem landssjóðurinn hafði borgað annan helminginn af, af því fje, sem veitt er til óvissra útgjalda, sem upp á kunna að koma, en amtsjafnaðarsjóðurinn hinn helminginn, — sótti hann um það hjá landshöfðingja, að hann yrði skip-

aður dýralæknir á Íslandi með 1200 kr. launum á ári úr landssjóðnum. Bæði landshöfðinginn og amtmaðurinn yfir suður- og vesturumdæminu álitu það mjög æskilegt, að dýralæknir Snorri Jónsson, sem er sá eini dýralæknir á Íslandi, sem hefur tekið próf, gæti komizt í slíka stöðu, með því búast mætti við, að hann að öðrum kosti mundi leita sjer atvinnu annarstaðar eða með öðru móti, af því lækningar þær, er hann hefur um hönd fyrir einstaka menn, gefa svo lítið sem ekkert af sjer. Að svo vöxnu máli hefur stjórnarráðið, til þess að Ísland framvegis gæti haft gagn af kunnáttu Snorra Jónssonar í dýralækningum, haldið, að það ætti að reyna til, að koma því til leiðar með frumvarpi þessu, að hann fái 400 kr. laun frá 1. maí til 31. desember 1876, og 600 kr. fyrir árið 1877.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 3. fundi neðri þingdeildarinnar, 5. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu *frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1876 og 1877.*

Halldór Kr. Friðriksson gat þess, að sjer virtist óþarft að beiðast þess sums, sem stæði í frumvarpi þessu, einkum tölulið 1. þar sem talað væri um skrifstofukostnaðarendurgjöld amtmannanna. Í launalögunum væri beinlínis á kveðið, að hinir eldri embættismenn skyldu einskis í missa af launum sínum, sem þeim áður hefði verið heitið, og væri því engin ástæða fyrir stjórnarráðið til þess að álíta, að amtmennirnir ættu fremur en aðrir embættismenn að hafa skaða af hinum nýju launalögum. Kvaðst hann gjarnan vilja fá upplýsingu frá landshöfðingja um, hvað til þess kæmi, að þessar gjaldagreinir þættu vafasamari en aðrar.

Landshöfðingi áleit ónauðsynlegt að gefa þingmanni Reykvíkinga nokkrar upplýsingar um þessa gjaldagrein að svo stöddu; ef þinginu seinna, eptir að hafa yfirvegað þetta málefni, virtist sjálfsagt, að amtmennirnir ættu að hafa þessa viðbót, þá væri því innanhandar að sleppa umræðum um það.

Því næst var gengið til atkvæða um, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt nálega í einu hljóði. Forseti stakk upp á að vísa málinu til fjárlaganefndarinnar, og var það í einu hljóði samþykkt.

NEFNDARÁLIT
í málinu: Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1876 og 1877.

Nefndin leyfir sjer að gjöra fyrst þá almennu athugasemd, að hún telur skylt að ráða þinginu til að halda fast við það áform sitt, að vera framvegis svo sparsamt og varkárt í fjárveitingum til hinna æðri embættismanna, sem það 1875 með ásettu ráði var ríft og örlátt við þá.

Nefndin álítur því rjett að ráða ekki til nokkurra þeirra fjárveitinga, er skoðazt geti sem rýmkun eða viðauki við launalögin 15. oktbr. 1875, nje heldur við þær fjárveitingar í fjárlögunum, er ganga í sömu eða líka stefnu, nema brýn nauðsyn krefji.

Um 1. tölulið frumvarpsins, er fer því fram, að endurgjald fyrir skrifstofukostnað amtmannanna sje aukið um 200 kr. ár hvert hjá hvorum þeirra, samtals 800 kr. um hið liðna fjárhagstímabil, er þess þá sjer í lagi að geta, að nefndin hefur eigi getað fundið í umræðunum um launalögin í neðri deild alþingis, svo sem þó bent er til í ástæðum frumvarpsins, að deildin hafi ætlazt til, að amtmenn þeir, er þá sátu í embættunum, skyldu halda endurgjaldi því fyrir skrifstofukostnað, er þeir áður höfðu, því meining eins eða tveggja þingmanna getur eigi komið til greina.

Í annan stað er það ljóst, að endurgjald skrifstofukostnaðar í 14. grein launalaganna getur engan veginn talizt með embættistekjum eða launum, svo 1. og 3. málsgrein 7. greinar geta eigi heimfærzt til þessara endurgjalda (sbr. 15. grein), svo það væri breyting á 14. grein, ef þessi endurgjöld væru

færð úr 1400 og 1000 kr. upp í 1600 og 1200 kr. Nefndin hlýtur því að ráða frá því, að fjárbæn þessi verði veitt.

Um 2. tölulið er það að segja, að þóknun sú 1200 og 400 kr., er talin er í fjárlögunum 10. greinar A. 3., er veitt einmitt eptir uppástungu sjálfrar stjórnarinnar, er sjálfsagt hlaut að vera, þá er hún ákvað upphæð þessarar þóknunar, fullkunnugt um »skrifstofutilhögun» þá, er höfð hefur verið í »fyrstu endurskoðunar-stjórnardeild í fjárhagsstjórninni», áður en landshöfðinginn tók þessa tilhögun fram eða skýrði ráðgjafanum frá henni. Nefndin finnur því enga ástæðu til þess, að aukið sje við þóknun þessa, er stjórnin hefur sjálf ákveðið, og alþingi 1875 hefur veitt afdráttarlaust. Nefndin veit og eigi betur, en að þóknun þessi hafi verið nægileg. Svo verður og nefndin að álíta það eigi rjett í sjálfu sjer, að landfógetinn sje látinn rannsaka reikninga undirmanna sinna, heldur ætti annar maður öldungis óviðkomandi að hafa það starf á hendi, enda mun það skjótt verða nauðsynlegt, að settur sje sjerstakur endurskoðunarmaður eða endurskoðunardeild yfir alla landsreikninga. Nefndin ræður því þinginu frá, að veita þessa umbeðnu aukaþóknun.

Um 3. Nefndin finnur eigi næga ástæðu til þess, að viðbót sú 1000 kr. laun til dýralæknis sje veitt, og það því síður, sem hún telur víst, að landstjórnin, þó hún nú þegar kunni að hafa greitt þessar 1000 kr., geti fengið þær endurgreiddar af 15. gjaldagrein fjárlaganna.

Reykjavík, 12. júlí 1877.

Grímur Thomsen, formaður. Arnljótur Ólafsson, framsögumaður.
Snorri Pálsson. J. A. Blöndal. Ís]. Gíslason. Tryggvi Gunnarsson. Eggert Gunnarsson.

VIÐAUKA-UPPÁSTUNGUR
við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1876 og 1877,
frá landshöfðingjanum.

I.

a (samþykkt af nefndinni).

4. til hluttekningar Íslands í minningarhátíð háskólans í Uppsölum . . 2000 kr.

b

5. viðbót við 12. grein fjárlaganna tölulið 3, sem endurgjald handa póstmeistaranum og póstafgreiðslumönnunum fyrir halla þann, er þeir hafa beðið af póstmerkjasölunni frá 1. janúar 1875 til 1. ágúst 1876, 169 kr.

II.

6. viðbót við 13. grein fjárlaganna B. II. c, 3: til þess að stofna 10 ný heimasveinsplöss í hinum lærða skóla . . 1300 kr.

ÖNNUR UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 14. fundi neðri þingdeildarinnar, 18. dag júlímánaðar kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1876 og 1877*, ásamt 2 viðaukauppástungum frá landshöfðingja. Skipti forseti málinu í tvo kafla, og kom fyrst til umræðu frumvarpið sjálft ásamt nefndarálitinu

Framsögumaður (*Arnljótur Ólafsson*) las upp nefndarálitið, og kvaðst ekki hafa miklu við það að bæta. Viðvíkjandi 1. tölulið skyldi hann að eins minnast á það, að sagt væri í ástæðunum fyrir frumvarpinu: «stjórnarráðið hefur þótzt geta gengið út frá því eptir umræðunum á alþingi 1875, að það hafi ekki verið tilgangur þingsins, að lækkun sú, sem gjörð var með lögum um laun íslenzkra embættismanna 15. október 1875, 14. gr., á skrifstofukostnaðarendurgjöldum þeim, sem veitt voru amtmönnunum með fyrri ákvörðunum, skyldi gilda um þá amtmenn, sem nú eru». Nefndin hefði því gaumgæfilega rannsakað umræðurnar í neðri deild alþingis, og hefði hún ekki getað fundið ástæðu til að skilja þær á þann veg.

Framsögumaðurinn í málinu hefði að vísu sagt við aðra umræðu: «Það væri

sjálfsagt, að enginn yrði sviptur því, sem hann þegar hefði í tekjur, hvort sem það væri laun eða skrifstofukostnaður» (alþingist. 1875, 155. bls.), og hefði enginn tekið undir þetta álit hans af þingdeildarmönnum. Litlu síðar (alþingist. 1875, 156.) hefði framsögumaður stungið upp á, að skrifstofufje biskupsins yrði hækkað úr 1000 kr. upp í 1200 kr., og bætt því við, að álíta mætti, að amtmaðurinn yfir suður- og vesturamtinu mundi halda þeim skrifstofukostnaði, er hann hingað til hefði haft». Hann skyldi nú eigi fara út í það, að orðið «skrifstofukostnaður» hjá framsögumanni þýddi allt annað en endurgjald skrifstofukostnaðar, heldur að eins benda til þess, sem hjer væri um að ræða, að vildu menn vita, hvern róm deildin hefði gefið máli þessu, þá hefði hún fellt breytingaruppástungu framsögumanns um hækkun á skrifstofufje biskupsins, en um skrifstofukostnað amtmannsins hefði hann aldrei komið fram með breytingaruppástungu. Nefndin hefði því, að sjer fyndist, haft fullan rjett til að álíta, að eins manns skoðun gæti ekki orðið tekin til greina, og hana hefði í rauninni furðað mjög svo á því, að hin glöggskyggni ráðgjafi Íslands, sem hefði verið svo skarpvitur í því að útleggja launalögin, og jafnvel skilið þau og umræðurnar um þau betur en enda landshöfðingi sjálfur, að hann skyldi misskilja þessar umræður svona.

Um 2. tölulið, þá hefði nefndin ekki fundið ástæðu til að bæta við þá þóknun, sem stjórnin hefði sjálf stungið upp á að greiða fyrir endurskoðun reikninganna í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1876 og 1877, og bæri hún fyllilega það traust til ráðgjafans, að hann hefði fullvel vitað, þegar hann hefði ákveðið þessa þóknun, hversu »tilhögunin hefði verið í endurskoðunar-stjórnardeildinni», og hefði því naumast þurft að halda á fræðslu landshöfðingjans utan af Íslandi í því efni. Í annan stað hefði og nefndin heldur enga skýrslu fengið um það, að þóknunin hefði eigi hrokkið til.

Um 3. tölulið væri þess að geta, að uppástungan um laun handa dýralækni Snorra Jónssyni, væri byggð á því, að landshöfðinginn og amtmaðurinn í suður- og vesturamtinu hefðu að vísu álitið æskilegt, að hann hefði þessi laun. Þetta álit hlyti að líkindum að vera byggt á þeirri reynslu þeirra, að hann hefði reynzt duglegur í kláðalækningum sínum á Suðurlandi. En ef svo hefði verið, þá væri það harðla undarlegt, að þeir hefðu sent hann norður í land, einmitt meðan kláðinn geisaði hjer svo mjög. Hann skyldi að endingu gjöra þá almennu athugasemd, að það hefði ekki dulizt nefndinni, hve fjarska-linlega stjórnin hefði farið fram á þessar fjárveitingar, þar sem hún kæmist svo að orði: «að ástæða kynni að vera til» og «hefur stjórnarráðið haldið, að það ætti að reyna til» o. s. frv. Nefndin hefur því ráðið frá fjárveitingunum bæði af þeirri ástæðu, að henni hefði ekki þótt þær nauðlegar, og einnig af því, að stjórnin hefði krafizt þeirra svo linlega.

Landshöfðingi vildi leyfa sjer að fara fáeinum orðum um nefndarálitið. Hann gat þess, að þar sem nefndin við 1. tölulið hefði byggt uppástungu sína á því, að hún hefði ekki í umræðunni um launalögin í neðri deildinni í hitt eð fyrra getað fundið, að deildin hefði ætlazt til, að hinir núverandi amtmenn skyldu halda endurgjaldi því fyrir skrifstofukostnað, er þeir áður hefðu haft, »því meining eins eða tveggja þingmanna gæti ekki komið til greina», þá vildi hann þessu til skýringar geta þess, að það hefði ekki verið, eins og nefndin og framsögumaður virtist benda að, einn eða tveir þingmenn svona lauslega, er hefðu tekið það fram, sem bent væri til í athugasemdum frumvarpsins, heldur hefði það verið framsögumaður nefndarinnar í launalagamálinu fyrir hönd nefndarinnar, er hefði tekið þetta fram fleirum sinnum, bæði við 2. og 3. umræðu í neðri deildinni. Við þau ummæli úr þingtíðindunum, sem framsögumaður hefði lesið upp, vildi hann bæta orðum framsögumannsins við 3. umræðu (Alþingistíð. bls. 161). Nefndin ætlaðist þar á móti til þess, að amtmað-

urinn yfir suður- og vesturamtinu hjeldi hinu sama skrifstofugjaldi og áður, og væri það samkvæmt því, sem stæði í frumvarpinu, að enginn mætti missa í af tekjum, sem honum bæru. Þannig hefði framsögumaðurinn fyrir hönd nefndarinnar skýrt og skorinort lýst því yfir, að þessi væri meining deildarinnar, og deildin hefði mótmælalaust samþykkt þetta. Hann skyldi þess vegna halda því fastlega fram, að stjórnin hefði haft fullkomna ástæðu til að ganga út frá því, að alþingi í hitt eð fyrra hefði verið þeirrar meiningar, er bent var til í athugasemdunum; og vildi hann skjóta því til deildarinnar, hvort hún nú vildi gefa atkvæði móti því, sem framsögumaður fyrir hönd nefndarinnar hefði lýst yfir að væri tilgangur nefndarinnar, og sem deildin mótmælalaust hefði samþykkt.

Hann vildi bæta því við, að einnig þinginu væri það mjög áríðandi, að stjórnin gæti treyst því, að umræður þingsins væru þess eðlis, að orð framsögumanns, ef engin mótmæli koma fram á móti þeim, mætti skoða sem meining þingsins; og ef stjórnin í því trausti hefði þýtt lögin samkvæmt því, sem framsögumaður, fyrir hönd nefndarinnar, hefði lýst yfir að vera meining þingsins, og þar á eptir kæmi til þingsins með þeirri áskorun, að það veitti í fjáraukalögum fje það, sem stjórnin samkvæmt umræðunum á þinginu hefði ávísað úr landssjóðnum, þá væri sjer ekki neitt dæmi kunnugt frá öðrum «konstitútionelle» löndum, að þing hefði neitað að samþykkja þess konar fjárbæn; hann vildi af virðingu fyrir þinginu leyfa sjer að vona, að hin fyrstu fjáraukalög, er lögð væru fyrir alþingi Íslendinga, ekki yrðu auðkennd með þessu eindæmi.

Hann skoraði á 2. þingmann Gullbringu- og Kjósarsýslu, er í hitt eð fyrra hefði verið framsögumaður í launalagamálinu, að skýra deildinni frá, hvort hann hefði hermt orð og meining hans rjettilega.

Ástæður þær, er mæltu með 2. tölulið, væru, eins og tekið væri fram í athugasemdunum, sanngirnisástæður, en það ætti að sínu áliti vel við einnig frá þingsins hálfu að taka þær til greina. Þóknun sú, sem í fjárlögunum fyrir 1876 og 1877 væri ákveðin fyrir endurskoðun allra landsreikninga, væri sannarlega ekki ríflег, þó hún væri miðuð við eins árs reikninga. En nú hefðu embættismenn þeir, sem endurskoðunin hefði verið falin á hendur, haft tveggja ára reikninga til endurskoðunar í stað eins árs, sem sjálfsagt væri gjört ráð fyrir i fjárlögunum; ástæða nefndarálitsins í formála þess gæti að minnsta kosti ekki heimfærzt til þessa töluliðs, þar sem hjer ekki ræddi um há embættislaun, heldur um þóknun fyrir aukaverk; sjerhver þingmaður gæti vissulega dæmt um það, hvort þessi fjárveiting væri sanngjörn eða ekki.

Hann hefði skilið uppástungu eða bending nefndarinnar við 3. tölulið á þann hátt, að nefndin samþykkti útborgun þá, er hefði átt sjer stað, en vildi ekki ávísa henni úr annari útgjaldagrein en 15. gr. fjárlaganna; og þar sem upphæð þessarar greinar væri kalkulatorisk, hefði hann fyrir sitt leyti ekkert á móti, að fjárveitingin yrði samþykkt á þennan hátt.

Halldór Kr. Friðriksson sagði, að viðvíkjandi 1. tölulið væru tvö atriði, sem þyrfti að íhuga; í fyrsta lagi, hver hefði verið skoðun þingsins 1875, og í öðru lagi hver væru orð lagaboðsins. Landshöfðingi hefði þegar tekið það fram, að framsögumaðurinn í launalagamálinu 1875 hefði lýst því yfir sem skoðun nefndarinnar, að amtmennirnir ættu að halda því skrifstofufje, sem þeir hefðu áður haft, og enginn nefndarmaður hefði mótmælt því, þess vegna væri auðsjeð, að það hefði verið einhuga skoðun allra nefndarmanna; ekki hefði heldur neinn deildarmanna mótmælt því; þvert á móti hefði 1. þingmaður Gullbringusýslu tekið það skýrt fram, að enginn eldri embættismaður ætti neins í að missa af tekjum sínum. Bæði nefndin og öll deildin hefðu því verið á sama máli í því, að amtmennirnir ættu að halda því skrifstofufje, sem þeir hefðu áður haft. Hitt atriðið, sem bæri að íhuga, væri það, hvort launalögin hefðu nokk-

uð það orð í sjer fólgið, sem bæri á móti því, að amtmennirnir ættu að halda skrifstofufje því, er þeir hefðu áður haft; eptir sínu áliti væri það ekki. Í 14. gr. væru þeim ætlaðar öðrum 1400 kr., en hinum 1000 kr.; en í 7. grein væri sagt: »því sem einhverjum samkvæmt fyrri launa-ákvörðunum hefur verið lagt meira í tekjur, en lagt er embætti því eða sýslan, sem hann hefur á hendi, í þessum eða öðrum launalögum, heldur hann sem viðbót, er honum sje veitt fyrir sjálfan hann»; endurgjald fyrir skrifstofukostnað gæti ekki skoðazt öðruvísi en sem tekjur, er lagðar væru embættinu; það, sem amtmennirnir kostuðu til skrifstofu sinnar, væri ekki endurgoldið þeim eptir reikningi, heldur hefðu þeir tiltekið fje til þess, að standast þann kostnað, og ef það fje hrykki ekki til, yrðu þeir sjálfir að leggja til af launum sínum. Ráðgjafinn hefði reyndar verið í vafa um, hvort skilja mætti 7. greinina á þennan veg, en það sýndi einungis, að honum gæti einnig yfirsjezt, þó lögfróður væri; eptir sínum skilningi heyrði skrifstofufje til hreinna tekja embættisins, og yrði hann því að álíta, að þingið gjörði ekki rjett í, að nota sjer það, að ráðgjafinn væri í vafa um þetta; ráðgjafinn vildi ekki fara lengra, en að lýsa því yfir, að það hefði reyndar verið tilætlun þingsins, og það væri enginn efi á, að það veitti þetta fje, og þess vegna hefði hann líka látið borga það út, en af því að honum hefði þótt það eigi nógu skýrt tekið fram í lagaboðinu, þá vildi hann þó leita samþykkis þingsins, en reiddi sig á, að þingið mundi ekki synja um það, er hefði verið eindregin skoðun þess 1875. Hann væri fyrir sitt leyti sannfærður um, að hver dómstóll mundi dæma amtmönnunum rjett til þessa viðauka.

Að því er snertir endurgjaldið til landfógeta fyrir endurskoðunina, þá væri það að sínu áliti ekki einungis sanngirniskrafa heldur og rjettarkrafa. Landfógetinn hefði tekið að sjer endurskoðun hvers árs reikninga fyrir 1200 kr. um árið, og hefði samið um það við yfirboðara sína, en nú hefði bætzt á hann reikningarnir frá árinu 1874, og væri það starfsauki, sem hann ekki hefði verið skyldur til að taka að sjer eptir samningnum, nema fyrir sjerstaka þóknun; hann hefði orðið að taka sjer mann til aðstoðar, og þeim manni hefði hann sjálfsagt orðið að gjalda meira fyrir að endurskoða tveggja ára reikninga, heldur en að eins eins árs reikninga. Hann hefði því að sínu áliti beinlínis rjettarkröfu til sjerstakrar þóknunar fyrir endurskoðun reikninganna frá 1874.

Að því er snerti 3. tölulið, þá hefði hann ekki vel skilið orð framsögumannsins; hann hefði lagt áherzlu á það, að dýralæknirinn hefði ekki þetta tímabil verið á Suðurlandi; en hann sæi eigi betur, en að hann ætti að fá launin, hvar svo sem hann hefði verið, ef hann hefði einungis staðið í þjónustu landsins. Hitt atriðið þætti sjer undarlegt, að þótt nefndin vildi ekki veita fje þetta til dýralæknisins, þá vildi hún þó gefa landshöfðingja heimild til að taka það af öðru fje. Þetta þætti sjer að leggja of mikið vald upp í hendurnar á landshöfðingja, að gefa honum vald til að taka þessa peninga og fara með þá eptir eigin vild. Annaðhvort væri, að veita dýralækninum þessar 1000 kr. hreinlega eða neita um þær með öllu.

Framsögumaður kvaðst þrátt fyrir ræðu landshöfðingja verða að leggja aðra þýðingu í orð framsögumanns í launalagamálinu 1875, heldur en landshöfðingi hefði gjört.

Landshöfðingi vitnaði enn fremur til þessara orða framsögumanns (á 161. bls. alþ.tíð. 1875: «Nefndin ætlast þar á móti til þess, að amtmaðurinn yfir suður- og vesturamtinu hjeldi hinu sama skrifstofufje og áður, og væri það samkvæmt því, er stæði í frumvarpinu». En nú væri þessi sögn framsögumanns ósönn, því amtmaðurinn hefði haft 1600 kr. í skrifstofufje, en í frumvarpi nefndarinnar 15. gr. stæði 1400 kr. (alþ.t. 1875, 154. bls.), eins og nú væri í 14. gr. laganna. Og þó menn bættu við fylgjandi orðum framsögumanns: «að enginn mætti missa í af tekjum, sem honum bæru», þá bætti það eigi úr skák, því hvorki væri endurgjald

skrifstofukostnaðar embættistekjur, eins og bæði ráðgjafinn og landshöfðingi væru sjer samdóma um, og í annan stað bæri engum embættismanni meiri laun nje endurgjöld, en honum væru heimiluð í lögum. Svo væri og enn fremur þess að gæta, að framsögumaður hefði aldrei komið 1875 fram með breytingaratkvæðið við nefndarfrumvarpið til hækkunar á endurgjaldi skrifstofufjár amtmannsins, heldur haft þessa fullyrðing sína sem víggarð eða skjólgarð til að þoka skrifstofufje biskups upp í 1200 kr. Eða getur landshöfðinginn fallizt á þá skoðun framsögumanns, er felst í þessari röksemdafærslu hans á hinum tilvitnaða stað í þingtíðindunum: «en sá, sem legði af sínu eigin fje til opinberra þarfa, hefði rjett til endurgjalds úr landssjóði?» Eða með öðrum orðum, ætli skrifstofukostnaður heyri undir 50. grein í stjórnarskránni? (*Landshöfðingi*: Nei). Framsögumaður kvaðst því af virðingu við framsögumann í launamálinu 1875 hafa viljandi hlaupið fram hjá þessum stað í ræðu hans; en hversu mikil sem virðing þessi væri og rótgróin hjá sjer, þá hlyti hann þó að álíta þessi orð framsögumannsins og önnur ummæli sem ekkert hjá samhuga atkvæði neðri deildarinnar í málinu 1875.

Þingmaður Reykvíkinga hefði blandað saman tekjum og skrifstofufje; en það væri sitt hvað, eins og alkunnugt væri, og svo opt tekið fram. Það vildi og svo vel til, að bæði ráðgjafinn og landshöfðingi hefðu verið í því samdóma nefndinni, að skrifstofufje gæti eigi talizt með embættistekjum, og kvaðst hann játa, að hann væri hróðugur af því að hafa hinn sama skilning sem þeir. Þar eð nú bæði þingið 1875 og ráðgjafinn væru á sama máli um það, að amtmennirnir ættu enga lagaheimting á því, að halda því skrifstofufje, sem þeir hefðu áður haft, þá gæti ekki verið umtalsmál að bæta þeim það upp eptir 7. gr. launalaganna. Það, sem því þingmaður Reykvíkinga og landshöfðingi færu fram á, væri því lagabreyting á 14. grein launalaganna, og gæti því eigi komið til umræðu í fjáraukalögum.

Landshöfðingi hefði sagt, að sanngirniskröfur mæltu fyrir 2. tölul., en af því nefndin gæti ekki kannazt við þær sanngirniskröfur, sízt svona blátt áfram, með því að engar skýrslur lægju fyrir um, hvað endurskoðunin hefði kostað landfógetann, þá yrði nefndin að neita þessari fjárveitingu. Þingmaður Reykvíkinga hefði misskilið tillögur nefndarinnar viðvíkjandi 3. tölulið. Nefndin hefði haldið, að það yrði óþægilegt fyrir landshöfðingja að krefja bláfátækan manninn um þessar 1000 kr. aptur, ef þegar væri búið að borga honum þær út, og því ímyndað sjer eptir gamalli venju í þess konar atvikum, að þær yrðu, hvort sem væri, fyr teknar af því fje, sem ætlað væri til óvissra útgjalda, heldur en að landshöfðingi færi til og greiddi þær úr sínum eigin vasa. Nefndin hefði því í góðu gamni bent á þetta vanaúrræði landstjórnarinnar, en enga heimild viljað gefa til að nota það; en því vildi hann við bæta, að verið gæti, að eitthvað fyndist borgað af þessum gjaldlið, sem landið hefði ekki meira gagn af, en þó dýralæknirinn fengi þessar 1000 kr. í þetta sinn.

Grímur Thomsen kvaðst ekki hafa neinu að bæta við vörn framsögumanns fyrir nefndinni, en af því þingmaður Reykvíkinga hefði haft upp orð sín í launalagamálinu 1875 og lagt í þau ranga þýðingu, þá skyldi hann reyna að koma honum í skilninginn um, hvað hann hefði sagt. Landshöfðingi hefði áður verið búinn að segja, að eptir frumvarpi nefndarinnar ættu núverandi embættismenn, sem ættu von á meiri launum, ekki að fá þessi laun; þessu hefði hann svarað (Alþingistíðindi 1875 bls. 168), að hið gagnstæða væri sagt í frumvarpinu, því að eldri embættismenn ættu einskis að missa í; þetta læsi þingmaður Reykvíkinga svo, að hann hefði sagt, að eldri embættismenn ættu einskis í að missa af embættistekjum sínum, og þá ekki heldur af skrifstofufje því, er þeir hefðu áður haft. Svona ætti enginn þingmaður að tilfæra orð annars, því að það væri raugt.

Þingmaður Reykvíkinga hefði sagt, að

69*

skrifstofufje heyrði til embættistekjum, en það væri ekki rjett. Fyrir aldamótin hefði enginn embættismaður haft skrifstofufje, heldur hefðu þeir orðið að borga skrifstofukostnað sinn af launum sínum; svo hefði seinna, þegar örðugt var að útvega þeim launaviðbót með öðru móti, verið notaður þessi vegur til þess; þetta væri uppruni skrifstofustyrksins og væri hann í raun og veru ekki annað en endurgjald fyrir það, sem embættismenn legðu út fyrir skriptir, sem embættið hefði í för með sjer. Þegar nú launalögin frá 15. okt. 1875 væru skoðuð, þá útheimtist samkvæmt 6. gr. þeirra, til þess að breyting yrði gjörð á skrifstofufje embættismanna, að þeir sendu stjórnarráðinu við lok hvers reikningsárs nákvæma skýrslu um þau skrifstofugjöld, sem þeir hefðu haft það ár; þessar skýrslur væru alveg nauðsynlegar, og furðaði sig sannarlega á því, að engar skýrslur skyldu liggja fyrir frá amtmönnunum, því að hann væri viss um, að svo framarlega sem það væri fullsannað, að skrifstofufje þeirra ekki hrykki til, þá mundi þingið fúslega bæta þeim upp þann halla, sem þeir yrðu fyrir.

Varaforseti sagði, að það hlyti að gleðja alla deildina að sjá, hvílíkur sparnaðarandi væri drottnandi hjá nefndinni, því að það væri ágætur kostur hjá hverri fjárlaganefnd, að hún væri sparsöm, ef sparnaðar-reglan væri sprottin af haganlegri framsýni, og styddist á hina hliðina við sanngirni, en hann kvaðst í efa um, hvort hin heiðraða nefnd hefði alls kostar gætt sanngirni og hagnaðar í þessu tilfelli. Hann kvaðst ætla einungis að tala um 2. tölulið, því nóg væri búið að tala með og móti um 1. tölulið. Það væri þegar búið að taka það fram, að þessar 1600 kr. hefðu verið veittar fyrir endurskoðun eins árs reikninga, og væri það auðsjáanlegt af ástæðunum fyrir fjárlagafrumvarpinu 1875. Þetta gæti enginn talið of háa þóknun, og væri sjer nær að halda, að meira mundi kosta, ef sjerstakur maður væri skipaður til þess að endurskoða reikningana eða sjerstök endurskoðunardeild, eins og nefndin benti á í áliti sínu. En nú væri þess að gæta, að stjórnin mundi naumast hafa hugsað, eða ætlazt til, að endurskoðunin byrjaði fyrri en með reikningunum 1875, og þá hefði hin ákveðna þóknun verið nægileg. En sú raun hefði á orðið, að reikningarnir fyrir árið 1874 hefðu komið óendurskoðaðir. Að vísu hefði þetta verið helber ójöfnuður gegn þinginu, en það kæmi eigi þessu máli við að ræða um það. Nú kvaðst hann vilja spyrja, hvort nefndin ætlaðist til, að 2 ára reikningar yrðu endurskoðaðir fyrir þá þóknun, sem ætluð væri fyrir 1 árs endurskoðun, (1600 kr.); það virtist sjer helber ósanngirni. Ef þingið nú fjellist á uppástungu nefndarinnar, að fella þessa aukaþóknun úr fjáraukalögunum, þá ætti það ekki heimting á, að reikningarnir fyrir 1876 yrðu endurskoðaðir fyr en á fjárhagstímabilinu 1878—79, því að endurskoðunarmennirnir gætu ekki verið skyldugir til að fara að endurskoða þá, fyr en þóknunin fyrir endurskoðunina er fallin í gjalddaga, og farið að borga hana út. Af þessu mundi það leiða, að endurskoðunin yrði ávallt einu ári á eptir tímanum, og væri það að sínu áliti mjög óhagfellt og óheppilegt.

Framsögumaður sagði, að annaðhvort væri sjer mál þetta ókunnugt, eða þá hefði varaforseti komizt ógreinilega að orði. Hann vissi ekki betur, en að endurskoðunarmennirnir hefðu einungis lokið við 2 ára reikninga á þessum 2 síðustu árum, það er fyrir árin 1874 og 1875 og hefðu þeir fengið 1600 kr. fyrir hvort árið. Nú yrðu þeim veitt í næstu fjárlögum sama þóknun fyrir að endurskoða reikningana um árin 1876 og 1877. Varaforseti hefði verið að hræða þingið með því, að endurskoðun reikninganna mundi ekki verða búin í tæka tíð, ef það ekki veitti þessar 800 kr., sem stjórnin beiddi um undir 2. tölul.; en hvenær þyrfti þessari endurskoðun reikninganna að vera lokið? Að sínu áliti væri það nóg, ef þessir endurskoðunarmenn væru búnir að endurskoða reikningana um árin 1876 og 1877 svo snemma, að yfirskoðunarmenn þingsins, er nú yrðu kosnir,

gætu þess vegna verið búnir með yfirskoðun sína á þeim reikningum, áður en alþingi kæmi saman 1879. Sjer gæti því ekki skilizt, að það gjörði neitt til, þó endurskoðunin yrði einlægt einu ári á eptir; það er að skilja, að endurskoðunarmennirnir yrðu 1879 komnir lengra eða skemmra með að yfirfara reikningana um árið 1878, svo sem þeir væru nú komnir fram í ársreikningana 1876.

Varaforseti sagðist vel skilja meiningu framsögumanns, þótt hann skildi sig ekki; það, sem þeim bæri á milli, væri einungis það, að þeir hefðu mismunandi skoðun um, hvenær endurskoðun reikninganna ætti að vera lokið; framsögumaður áliti nóg, að endurskoðun reikninganna fyrir 1876 og 1877 væri að eins fyrir alþingi 1879, og ef svo væri, skyldi hann játa, að þessar 800 kr. undir 2. tölulið væru óþarfar, en sjer sýndist, að endurskoðuninni þyrfti og ætti að vera fyrri lokið, og hún þyrfti vissulega að ganga fljótar fyrir sjer, en framsögumaður gjörði ráð fyrir. Endurskoðunin væri eigi að eins gjörð þingsins vegna og í þess þarfir, heldur vegna þeirra embættis- og umboðsmanna, sem aflegðu reikningana. Það væri rekið eptir þeim að senda reikningana í tæka tíð, en þar af leiddi, að endurskoðun þeirra þyrfti að fara fram jafnóðum og þeir eru sendir, svo að þeir, sem afleggja reikningana, gætu fengið þær útásetningar og aðfinningar, sem gjörðar kunna að verða við þá, sem allrafyrst. Það væri því að sínu áliti bein skylda þingsins, að styðja að því, að endurskoðun reikninganna geti fram farið sem fyrst, og til þess útheimtist, að það veitti hina umræddu aukaþóknun 800 kr., sem raunar væri smáræði.

Halldór Kr. Friðriksson sagði, að það, sem 1. þingmaður Gullbringusýslu hefði sagt um uppruna skrifstofustyrksins, sannaði ekkert af því, sem hann hefði ætlað að sanna. Tekjur embættismannsins væru öll laun þau, sem hann fengi, hvort heldur væru launin sjálf eða endurgjald fyrir skrifstofukostnað, og þegar hann hefði ekkert sjerstaklegt endurgjald fyrir skrifstofukostnað, ætti hann að standast sjálfur allan kostnað þann, sem af skrifstofu hans leiddi, af tekjunum; eða væri það skoðun 1. þingmanns Gullbringusýslu, að taka ætti af amtmönnunum, ef þeir hefðu ekki varið 1400 kr. til skrifstofu sinnar, það, sem af gengi, og aptur á móti bæta við þá, ef 1400 kr. hefðu ekki hrokkið til, því sem á vantaði? Sú skoðun væri ekki rjett; amtmannsembættunum væri lagt víst endurgjald fyrir skrifstofukostnað, og ef það endurgjald væri ónóg, þá yrðu amtmennirnir sjálfir að skjóta til fje úr eigin sjóði, en ef eitthvað yrði afgangs, þá rynni það í hans sjóð, og væri því auðsjeð, að skrifstofufjeð væri ekki nema annað nafn á launum embættisins; þannig skyldi hann nefna til dæmis, að þegar bæjarfógetaembættinu í Reykjavík hefði verið slegið upp sem lausu, þá hefðu tekjur þess verið taldar 2800 rd.; en talsvert af því fje gengi til skrifstofukostnaðar. Að því er 2. tölulið snerti, yrði hann enn að halda fast við þá skoðun sína, að endurskoðunarmennirnir, bæði landfógeti og assessor Magnús Stephensen, hefðu beinlínis rjettarkröfu til endurgjalds fyrir endurskoðun reikninganna fyrir árið 1874.

Grímur Thomsen sagði, að ef það væri satt, sem þingmaður Reykvíkinga hefði sagt, að rjettarkrafa mælti fyrir 2. tölulið, þá þætti sjer undarlegt, að annar endurskoðunarmaðurinn skyldi ekki hafa farið fram á neitt endurgjald, því að sá maður hefði víst að minnsta kosti eins gott vit á, hvort þetta væri rjettarkrafa, eins og þingmaður Reykvíkinga sjálfur. Ef þetta væri rjettarkrafa, þá hefði stjórnin ekki komizt svo að orði í ástæðunum: að hún hefði haldið, að það kynni að vera ástæða til að veita aukaþóknun o. s. frv; það væri auðsjeð, að stjórnin væri í vafa um, hvort þetta væri einusinni sanngirniskrafa. Hvað það snerti, að endurskoðunin mundi verða 1 ári á eptir, ef þetta ekki yrði veitt, þá sæi hann ekki, að það gæti gjört nokkuð til; ef reikningarnir væru einungis búnir í tæka tíð, þá væri það nóg, ef t. a. m. reikningarnir fyrir 1876 og 1877 væru endurskoðaðir og lægju fyrir,

þegar þingið kæmi saman 1879. Hann yrði að taka það fram og biðja þingmenn að taka eptir því, að nú kæmu bænir um launahækkun úr öllum áttum, og yrði því þingið að vera mjög varkárt í að taka þessar bænir til greina, einkum þegar þær væru eins linlega uppbornar, eins og þessar fjárbænir stjórnarinnar; deildin ætti yfir höfuð að vera mjög deig á, að veita embættismönnum launaviðbætur, nema að nægar skýrslur væru fyrir hendi um, að það, sem áður hefði verið veitt, væri ónóg.

Þórarinn Böðvarsson kvaðst ekki mundu hafa talað í þessu máli, ef landshöfðingi hefði ekki skorað á sig, að skýra deildinni frá, hvort hann (landsh.) hefði hermt orð sín rjett; hann kvaðst verða að vísa til orða sinna í þingtíðindunum, og hvorki vildi hann nje gæti tekið þau aptur nje breytt þeim. Ekki vildi hann heldur nje gæti lagt í þau aðra þýðingu, en þá, sem virtist vera augljós, að enginn embættismaður ætti neins í að missa af launum eða skrifstofufje, sem þeir hefðu áður haft; sú hefði verið meining sín í hitt eð fyrra, og hefði enginn nefndarmaður og heldur enginn deildarmaður mótmælt því þá; þó breytingaruppástunga sín um að hækka skrifstofuendurgjald biskups, sem framsögumaður hefði tekið fram, sem sönnun fyrir því gagnstæða, hefði verið felld, þá sannaði það ekkert. Þar sem hinn háttvirti framsögumaður hefði gjört svo vel að taka fram nokkur orð úr framsögu launamálsins 1875, og meðal annars þau orð, að þar stæði skrifstofukostnaður fyrir endurgjald fyrir skrifstofukostnað, þá ætlaði hann ekki að svara þessu neinu. Hann og aðrir þingmenn hefðu þá verið svo óheppnir, að hafa ekki framsögumanninn á þingi, svo hann hefði eigi getað þá þegar leiðrjett þetta og fleira áfátt, þó þingmenn hefðu almennt óskað þess, og framsögumaður sjálfur kannske líka. En til merkis um, að það rættist enn þetta gamla: «hominis est errare», væri það, að hinn háttvirti framsögumaður hefði núna sjálfur nefnt 14. gr. fjáraukalaganna, sem hann ekki þekkti að væri til, og í nefndarálitinu, sem framsögumaður væri sjálfur undirskrifaður, stæði, að sýslumenn væru undirmenn landfógeta, en hann vissi ekki til, að svo væri.

Hvað annan tölulið, um viðbót fyrir endurskoðun landsreikninganna snerti að öðru leyti, að fje það, sem lagt hefði verið til þessa, hefði reynzt ónógt, þá virtist sjer full ástæða til að veita þá umbeðnu viðbót. Til endurskoðunarinnar þyrfti duglegan lögfræðing og töluvert húsrúm, en fje það, sem ætlað hefði verið, væri til þess ónógt.

Landshöfðinginn kvaðst vilja geta þess, út af ræðu varaforseta, að sjálfsagt væri, að láta sjer annt um, að endurskoðun reikninganna færi fram í tíma; en samkvæmt því, er 1. þingmaður Gullbringusýslu og framsögumaður hefðu sagt, þá yrði endurskoðun 2 ára reikninga að fara fram á einu ári, til þess að reikningarnir fyrir 1876 og 1877 yrðu lagðir fyrir þingið 1879. Tilgangurinn með 6. gr. launalaganna, er þingmaður Reykvíkinga og 1. þingmaður Gullbringusýslu hefðu rætt um, væri sá, að þegar launalögin ætti að endurskoða, þá væru skýrslur fyrir hendi um útgjöld og annan kostnað embættismanna. Hann vildi enn taka það fram, að spurning sú, er við 1. tölulið lægi fyrir, væri, hvort ástæða hefði verið fyrir stjórnina til þess að ganga út frá því, að það hefði verið meining þingsins 1875, að amtmennirnir skyldu halda endurgjaldi því fyrir skrifstofukostnað, er þeir hingað til hefðu haft, eða eigi? og ef stjórnin hefði haft ástæðu til að ætla, að sú hefði verið meining þingsins, hvort þingið nú vildi greiða atkvæði á móti því, sem það eða framsögumaður þess í hitt eð fyrra hefði lýst yfir að væri meining þingsins.

Benidikt Sveinsson kvaðst vilja taka það fram viðvíkjandi 1. tölulið, að í 14. gr. launalaganna stæði, hve mikið skrifstofufje skyldi veita amtmönnum og biskupi; hjer væri því spurningin, að hve miklu leyti þessi ákvörðun næði til þeirra embættismanna, sem sátu og sitja enn þá í þessum embættum; næði ákvörðunin til þeirra, þá væri það auðvitað vafalaust, að launalögin

hefðu upphafið hinar eldri reglur um skrifstofufje. En væri það aptur vafasamt, að hún ætti við þá, þá væri það einnig í sama mæli vafasamt, hvort þinginu bæri nokkur skylda til að veita hina umræddu fjárupphæð, er þeir áður hafa haft. Hann hefði verið einn af nefndarmönnum 1875 í launamálinu, og yrði hann að lýsa því yfir, að hann fyrir sitt leyti hefði álitið, að 14. gr. ekki ætti að ná til hinna eldri embættismanna; en að öðru leyti hefði hann viljað halda fast við þá grundvallarreglu, að ákveða launin föst og óbifanleg, og af því að hann yrði að skoða skrifstofufjeð sem nokkurs konar laun, eða í öllu falli viðbót við embættislaunin, þá hefði hann álitið, að sá kostnaður einnig ætti að vera fast ákveðinn, að minnsta kosti allt þangað til að það væri sannað með skýrslum, að embættismennirnir kostuðu meiru skrifstofufje til, eða með öðrum orðum, legðu fje til úr sínum eigin vasa, og til þessa hefði 6. gr. launalaganna tillit, eins og líka til hins, að færa mætti fjeð niður, reyndist það óparflega hátt. En í því tilfelli, er hjer væri um að ræða, vildi svo illa til, að engar skýrslur lægju fyrir um það, hvort hlutaðeigandi embættismenn hefðu lagt fje til úr sínum vasa, því að, ef svo væri, ætlaði hann það ekkert vafamál, að veita skyldi fjárauka þennan samkvæmt 6. gr. Þingmaðurinn kvaðst að vísu eptir þessu eigi mundu hafa verið ófús á, að greiða atkvæði með frumvarpinu, hefði hann sjeð, að þingdeildinni væri það ljúft, en þar sem hann sæi af ræðum þingmanna, að hið gagnstæða ætti sjer stað, sæi hann eigi næga ástæðu til að styðja frumvarpið, því mál þetta væri að rjettu lagi dómsmál, og rjettarspurningin, er á ljeki, væri sú, hvort embættismenn þessir hefðu rjettarheimtingu á, að skrifstofufje þeirra væri aukið eins og frumvarpið fer fram á. Hann vildi gjarnan lofa þessari rjettarspurningu að standa opinni.

Framsögumaður kvaðst samdóma hinum hæstvirta landshöfðingja um það, er hann hefði sagt um 1. tölul., að einungis væri um það að gjöra, hvort ráðgjafinn hefði haft fulla ástæðu til að byggja það á umræðunum í launamálinu hjer á þingi 1875, að embættismenn þeir, er hjer væri um að ræða, skyldu hafa skrifstofukostnað sinn endurgoldinn afdráttarlaust, því að þá sæi hann, að hann væri nefndinni samdóma um, að 14. gr. heyrði eigi undir 7. gr., heldur að hún ætti að lesast og skiljast út af fyrir sig. Um orð framsögumannsins í launamálinu, er stæðu á 161. bls. í alþingistíðindunum 1875, ætlaði hann eigi að tala meir, því að höfundur orðanna hefði sjálfur fallizt á sína skoðun um þau. En það gæti hann eigi sjeð, er sumir þingmenn hefðu látið í veðri vaka, að eigi gæti verið ágreiningur um rjettan skilning orða þeirra, er framsögumaðurinn 1875 hefði haft. Það væri annars fremur óheppilegt, að þessi 14. gr. skyldi vera til í lögunum, fyrir þá, er fá skulu skrifstofukostnaðinn endurgoldinn, einkum þegar þessir menn eru svo gjörðir, að þeir þykjast aldrei fá hann nógsamlega endurgoldinn, hversu hálaunaðir sem þeir annars eru. En hitt væri og eigi síður undarlegt, að hinir þegja, er engan skrifstofukostnað fá endurgoldinn, svo sem væri landlæknirinn, sýslumenn og prófastar, og þætti sjer undrum sæta, að 2. þingmaður Gullbringusýslu skyldi hafa gleymt sjer núna, því að hann hefði þó munað eptir sjer í gær, þegar um prestakallafrumvarpið hefði verið að ræða.

Eggert Gunnarsson sagði, að af því hann hefði verið einn af nefndarmönnum í launamálinu 1875, vildi hann geta þess, að sú hefði verið meining nefndarinnar, að þessi lög skyldu gilda um tekjur embættismanna þeirra, er nú væru, ekki einungis að því er til launa þeirra kæmi, heldur og skrifstofufjár, sem mætti álítast fast ákveðið með lögunum, og þyrði hann að fullyrða, að það hefði verið meining nefndarinnar þá, að skrifstofulaunin eigi ættu að fara hækkandi; en það vildi hann taka fram, að framsögumaður nefndarinnar, 2. þingmaður Gullbringusýslu, hefði verið í minni hluta.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og ljet forseti greiða atkvæði um þennan kafla; fóru atkvæði þannig:

1. töluliður felldur með 19 atkv. gegn 2.
2. — — — 17 — — 4.
3. — — — 21 atkvæði.

Því næst voru teknar til umræðu uppástungur landshöfðingjans, tölul. 4.—6.

Landshöfðingi. Hvað snertir uppástungu mína, sem stendur á atkvæðaskránni 4. tölul., og borin er upp af mjer eptir áskorun af og samkomulagi við hina heiðruðu nefnd, gjöri jeg ráð fyrir, að öllum deildarmönnum sje þetta mál svo kunnugt, að ekki þurfi það neinna meðmæla frá minni hálfu; en jeg treysti því, að hin heiðraða deild samþykki þessa uppástungu í einu hljóði, og jeg skal bæta því við, að jeg samkvæmt því, sem við gengst á öðrum löggjafarþingum í álíkum tilfellum, og vegna þess að það er sóma þingsins samkvæmt, verð að vona, að umræðurnar um þetta mál verði lausar við allan persónulegan blæ, og einungis taki tillit til þess máls, er liggur fyrir, hvort þingið vilji veita fje til hluttekningar Íslands í endurminningarhátíð háskólans í Uppsölum á þann hátt, sem afráðið er af báðum forsetum þingdeildanna í sameiningu við mig.

Tölul. 5. Hinum heiðruðu deildarmönnum er það kunnugt, að póstsýslunarmenn landsins samkvæmt tilskipun um póstmál 26. febrúar 1872, 11. grein, sem ákveður, að fyrir hvert fullt hundrað af frímerkjum, sem keypt eru í einu, borgar kaupandi 4 % minna en þau hljóða upp á, hafa haft dálítinn ágóða á frímerkjasölunni þegar póstmerki eru seld, eins og optast á sjer stað, í smáskömtum, því þá hafa þessi 4% sjálfsagt fallið til hlutaðeigandi póstsýslunarmanns. Í tilefni af peningabreytingunni var ákveðið, að selja skyldi póstmerkin fyrir 8 aura, þar sem þau hljóða upp á 4 skild., fyrir 16 aura þau, sem hljóða upp á 8 skild o. s. frv., en með þessu var Rabat sá, sem eptir því, sem jeg hef sagt, var skoðaður sem ágóði, er bar póstsýslunarmönnum, horfinn, og þetta fyrirkomulag stóð frá 1. janúar 1875 til 1. ágúst 1876, þegar lögin frá 11. oktbr. 1875 náðu lagagildi. Á þessu tímabili voru seld af póstafgreiðslumönnum merki samtals fyrir 4569 kr. og í póststofu Reykjavíkur fyrir 7760 kr.; og frá fleirum póstafgreiðslumönnum komu kröfur upp á þá umgetnu 4% eða beiðni um, að þeir yrðu þeim endurgoldnir. Þar sem laun þessara póstþjóna, eins og deildinni er kunnugt, eru mjög lítil, virðist mjer sanngjarnt, að þeim verði veitt nokkur þóknun í endurgjaldsskyni, og að mínu áliti eru 2 % handa póstafgreiðslumönnum og 1 % handa póstmeistaranum, þegar tillit er tekið til allra kringumstæðna, hæfileg þóknun; þess vegna hef jeg stungið upp á þessari upphæð 169 kr., og leyfi mjer að mæla með, að hún verði veitt.

Í brjefi til mín frá 12. þ. mán. hafa stiptsyfirvöldin skýrt frá því, að í skólahúsi hins lærða skóla sjeu nú sem stendur ekki fleiri regluleg heimasveinspláss en 40, en að stiptsyfirvöldin um nokkur undangengin ár með ráði rektors og læknis hafa leyft, að við hin reglulegu heimasveinspláss hafi verið bætt nokkrum — allt að 13 — plássum fyrir aukaheimasveina. Nú stendur svo á, að tala skólapiltanna hefur fjölgað þannig, að menn vita með vissu, að þeir á næsta skólaári munu verða minnst 85, en að öllum líkindum ekki færri en 90. En þingmönnum mun það vera kunnugt, hvaða vandræðum það hefur verið bundið að útvega skólapiltum húsrúm hjer í bænum, og þessi vandkvæði munu sjálfsagt vaxa með fjölgun þeirri á skólapiltum, sem nú á sjer stað; stiptsyfirvöldin álíta þess vegna nauðsynlegt að fjölga heimasveinsplássum skólans að svo miklu leyti, sem kringumstæðurnar leyfa, og það því fremur, sem æskilegt mun vera fremur að takmarka en auka tölu aukaheimasveinsplássa þeirra, sem stiptsyfirvöldin hafa leyft. En að áliti stiptsyfirvaldanna mun húsrúm handa 10 heimasveinum vera til í herbergi einu í skólahúsinu, en það er kvistherbergi það, sem áður hefur verið notað til bókasafns skólans, en sem, frá því að bókasafnið var flutt í hina nýju bókhlöðu, hefur verið

notað af rektor skólans, án þess að heyra til þeirra herbergja, sem eru ætluð rektor í skólanum. Stiptsyfirvöldin hafa látið búa til áætlun yfir kostnað þann, sem útvegun á rúmstæðum þeim og rúmfatnaði, er útheimtast til að stofna 10 ný heimasveinspláss, mun hafa í för með sjer, og nemur þessi áætlun 1300 krónum. Samkvæmt þessu hef jeg undir 6. tölulið við frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, borið upp þá viðaukauppástungu, að veitt verði þessi upphæð, og jeg skal leyfa mjer að mæla sem bezt með þessari uppástungu.

Halldór Kr. Friðriksson sagði, að viðvíkjandi 4. tölulið, þar sem beðið væri um 2000 kr. til kostnaðar við ferðina til Uppsalahátíðarinnar, væri það að segja, að hann vonaði, að menn mundu bregðast vel við því, að einhver væri sendur. En sjer fyndist mikið komið undir þeirri spurningu, hvort senda skyldi 1 eða 2 menn til hátíðarinnar. Ef að eins einn væri sendur, fyndist sjer það full-ríflegt, er farið væri fram á, en ef þeir væru tveir, þá mundi varla veita af þessu fje. Hann óskaði því ljósrar skýringar um, hvort senda ætti einn eða tvo, áður en hann gæfi atkvæði í máli þessu, enda þótt sjer virtist nóg vera að senda einn, og eigi vert að verja meiru fje til þeirrar farar, en sem einn maður þyrfti. Um 5. tölulið væri það að segja, að sjer virtist rjett og sanngjarnt það, er þar væri farið fram á, og eptir sinni ætlun ættu póstafgreiðslumennirnir alls engan halla að bíða í þessu efni, og það því fremur, sem laun þeirra væru mjög svo lítil.

Það er til 6. töluliðs kæmi, þá yrði hann mjög að mæla með þeim tölulið. Skólapiltar væru nú fleiri en að undanförnu, en rúm eigi nema fyrir 40; þess vegna yrðu yfir 40 að útvega sjer húsrúm út um bæinn, og mundi það erfitt, enda væri það óþægilegt, að piltar byggju úti í bæ, og hefði skólastjórnin sjálf fundið til þess, og fyrir því leyft, að 12 lærisveinum hefði verið veitt húsrúm í skólanum sem óreglulegum, en þessir piltar hefðu þá orðið að sofa hjá öðrum, og væri það einnig óþægilegt. Auk þess væri það mjög svo kostnaðarsamt fyrir piltana, að búa út um bæinn, og vildi hann því fastlega mæla með því, að skólapiltum væri gjört svo ljett fyrir í þessu efni sem unnt væri, en þá mundi naumast veita af því, að 10 heimasveinsplássum yrði enn bætt við, þannig að þau yrðu samtals 20. Uppástungu til þessarar breytingar mundi hann gjöra, því að sjer fyndist satt að segja litlu bættara með þessum 10 rúmum, og fyndist sjer þingið eiga að styðja að því, að $^2/_3$ hlutar skólapilta að minnsta kosti gætu sofið í skólanum. Hann mundi því fara fram á, að þessum 1300 kr. í 6. tölulið yrði breytt í 2600 kr.

Landshöfðinginn sagði, að út af áskorun þingmanns Reykvíkinga vildi hann geta þess, að svo sem deildarmönnum mundi kunnugt, væri það enn eigi með öllu útkljáð, hvort 2 menn skyldi senda eða að eins einn, en af því engar breytingar lægju nú fyrir, vildi hann skora á þingmanninn, að gefa tölulið þessum atkvæði sitt nú, en gjöra heldur breytingu sína við 3. umræðu, því að þá mundi ákveðið um þetta efni.

Framsögumaður sagði, að í 4. tölulið væri stungið upp á 2000 krónum til Uppsalahátíðarinnar. Eptir því sem hann hefði skilið hinn hæstvirta landshöfðingja, þá kæmi eigi annað til atkvæða deildarinnar, en þessi upphæð; eigi væri heldur að vita, hver kostnaðurinn við þessa ferð mundi verða, því að eigi væri víst, hvort 1 eða 2 yrðu sendir, nje heldur hvaðan sent yrði. Framsögumaður kvaðst því skilja þetta svo, sem það væri óbeinlínis tilmæli landshöfðingja til deildarinnar, að jafnframt því, er hún gæfi atkvæði sitt með upphæðinni, þá fæli hún landshöfðingjanum á hendi, að kjósa manninn eða mennina til fararinnar, og væri einnig nokkuð í því, þar sem brjefið frá Uppsölum hefði verið stýlað til landshöfðingjans, enda væri hann og fyrir sitt leyti eigi ótilleiðanlegur til þess að treysta landshöfðingjanum til að velja þann mann til fararinnar, er væri manna færastur til

að sýna, að landi voru væri eigi enn mjög aptur farið í sagnfræði og þó einkum skáldskaparlist, og líklegast mundu menn eiga örðugt með að finna annan hæfari mann en landshöfðingjann sjálfan til þess að velja slíkan mann eða menn til farar þessarar. 5. tölul. áliti hann sjálfsagt að samþykkja. En hvað 6. tölul. snerti, þá hefði nefndin tekið hann til gaumgæfilegrar íhugunar. Stiptsyfirvöldin hefðu sent nefndinni yfirlit yfir kostnaðinn, en í yfirlitinu hefði komið fram nokkurs konar tvöföld áætlun frá umsjónarmanni skólans, þar sem önnur áætlunin ætlaðist til, að hvert rúm kostaði 134 kr., en hin, að hvert rúm kostað 123 kr., og yrði það af öllu sjeð, að stiptsyfirvöldin hefðu farið eptir hærri áætluninni, og ætlazt til, að hærukoddar og hærusængur væru hafðar í rúmunum. Í sinni tíð hefðu eigi verið hesthárskoddar í rúmunum; en öllu færi nú fram, að minnsta kosti hvað tilkostnaðinn snerti, og þess vegna einnig rúmfatnaðinum. Nefndinni þótti að vísu áætlun þessi of há, og mun hún gjöra breytingu á henni við 3. umræðu. En annars væri æskilegt, að nefndin fengi skýrslu frá rector eða yfirkennaranum um, hve margir skólapiltar væru úr sveitum, og hve margir hjeðan úr bænum, til þess að nefndin gæti um það dæmt, hve mörg rúm þyrfti.

Landshöfðinginn þakkaði framsögumanni fyrir traust það, er hann bæri til sín, en þingmanninum mundu undirtektir sínar fullkunnar, þar sem hann hefði haft þá ánægju, að ræða mál þetta í heild sinni við hina heiðruðu fjárlaganefnd.

Grímur Thomsen kvaðst játa, að hinn hæstvirti landshöfðingi hefði satt að mæla, og hefði hann skýrt nefndinni frá öllum ástæðum, og nefndin verið honum fullkomlega samdóma, og væri því engin spurning um, að nefndin yrði að greiða atkvæði fyrir uppástungu þessari. En þar sem þingmaður Reykvíkinga hefði sagt, að eigi mundi veita af, þótt aukið væri helmingi fleiri rúmstæðum við, en uppástungan hefði farið fram á, og þess vegna mundi eigi veita af 2600 kr., þá gæti vel verið, að hann hefði satt að mæla, en það hefði verið skylda nefnarinnar, þegar umboðsstjórnin eigi bæði um neina vissa upphæð, að taka þá lægstu upphæð, er farið hefði verið fram á. En hann vonaði, að ef vjer lifðum til næsta þings, þá yrði ekkert því til fyrirstöðu, er þingmaðurinn nú hjeldi fram; en nú hefði nefndin við engar skýrslur að styðjast, nema brjef stiptsyfirvaldanna. Hvað 5. lið snerti, þá áliti hann sjálfsagt, að deildin veitti honum samþykki sitt.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og ljet forseti því ganga til atkvæða um uppástungurnar, og fjellu atkvæði þannig:

4. liður: samþykktur með 23 atkvæðum.
5. — — — 23 —
6. — — — 15 atkv. gegn 1.

Upphaf lagaboðsins var samþykkt án atkvæðagreiðslu með breyting á töluupphæðinni, og sömuleiðis fyrirsögnin. Því næst var samþykkt í einu hljóði, að málið gengi til 3. umræðu, og var frumvarpið nú þannig orðað:

FRUMVARP
til fjáraukalaga fyrir árin 1876 og 1877,
eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild alþingis.

Í viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1876 og 1877, skulu veittar 3469 krónur:

1. Til hluttekningar Íslands í minningarhátíð háskólans í Uppsölum . 2000 kr.
2. Viðbót við 12. grein fjárlaganna tölulið 3, sem endurgjald handa póstmeistaranum og póstafgreiðslumönnunum fyrir halla þann, er þeir hafa beðið af póstmerkjasölunni frá 1. janúar 1875 til 1. ágúst 1876 . . . . . 169 —
3. Viðbót við 13. gr. fjárlaganna B. II. c, 3: til þess að stofna 10 ný heimasveinspláss í hinum lærða skóla . . . . . 1300 —

BREYTINGARUPPÁSTUNGUR
við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1876—77.

I. Breytingaratkvæði
frá fjárlaganefndinni.

Við 3. tölulið: fyrir «1300 kr.» komi: «1000 kr.».

II. Breytingaruppástunga
frá 6 þingmönnum,
Halldóri Kr. Friðrikssyni,
Guðmundi Einarssyni, Jóni Sigurðssyni,
Einari Ásmundssyni, Stefáni Stephensen
og Þorláki Guðmundssyni.

Í 1. tölulið fyrir aptan «Uppsölum», bætist inn í «allt að».

Í 3. tölulið breytist «10» í «allt að 20» og «1300 kr.» í «allt að 2000 kr.».

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 17. fundi neðri þingdeildarinnar, 21. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu *frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1876 og 1877*, ásamt 2 breytingaruppástungum.

Landshöfðinginn gjörði athugasemdir við breytingaratkvæðin. Hvað snerti breytingaruppástungu hinna 6 þingmanna við 1. tölulið um, að bæta inn í orðunum «allt að», þá gat hann þess, að ekki væri enn afgjört um, hvort 1 eða 2 menn færu hjeðan til Uppsala, en eins og deildinni væri kunnugt, væri í ráði — ef annar þeirra manna, sem kjörinn væri til ferðar þessarar, gæti ekki tekizt hana á hendur, — að skora á einn frægan og merkan landa vorn í Kaupmannahöfn að takast á hendur ásamt þeim, er hjeðan færi, að «repræsentere» Ísland við minningarhátíð háskólans í Uppsölum, og skyldi hann bæta því við, að hvort sem einn eða tveir yrðu sendir, væri sjálfsagt, að brúka ekki meira af þessari upphæð en þyrfti; upphæðin væri að sínu áliti alveg «kalkulatorisk», og mundi engu af þessu fje verða ávísað nema samkvæmt reikningi hlutaðeiganda. Þess vegna væri hann þessari breytingaruppástungu ekkert mótmæltur.

Hann væri samdóma hinum 6 þingmönnum, viðvíkjandi breytingaruppástungu þeirra við 3. tölulið, að æskilegra væri að stofnuð yrðu 20 heimasveinspláss í hinum lærða skóla, heldur en 10, en hann fengi ekki sjeð, hvernig því yrði við komið með því húsrúmi, sem til væri, en ef alþingi aðhylltist breytingaruppástungu þessa, þá skyldi hann láta rannsaka þetta mál ítarlegar, og ef það reyndist, að mögulegt væri að stofna 20 heimasveinspláss, þá skyldi hann láta gjöra þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar væru.

Hvað snerti breytingaruppástungu fjárlaganefndarinnar við 3. tölulið, þá gat hann þess, að hann skoðaði upphæð þá, sem áætlunin til tæki, alveg «kalkulatoriska», og skyldi hann sjá um, að sem minnst fje færi til þessa; áætlun stiptsyfirvaldanna væri má ske nokkuð rífleg, en á hinn bóginn væri hann hræddnr um, að áætlun fjárlaganefndarinnar mundi reynast of lág; en hann skoðaði samt uppástunguna sem bendingu frá nefndinni um, að við hafa sem mestan sparnað að mögulegt væri, og af því hann væri sömu skoðunar, þá áliti hann sjer skylt að taka þessa bendingu til greina.

Halldór Kr. Friðriksson kvaðst álíta skyldu sína, að skýra þinginu frá ástæðum þeim, sem hefðu knúð sig til að koma fram með breytingaruppástungu um að fjölga heimasveinsplássunum. Við vorprófið hefðu verið eptir í skólanum 65 piltar; af þeim væru 20 úr Reykjavík, en 3 af þessum piltum úr bænum ættu ekkert heimili hjer, og hefðu við ekkert að styðjast nema þann styrk, sem þeim væri veittur frá skólanum. Í vor hefðu 18 nýsveinar bæzt við og hefðu 3 af þeim verið úr bænum; í haust væri von á að minnsta kosti 3 nýjum í skólann; næsta ár yrðu þá í skólanum alls 86 piltar, eða að frádregnum piltum úr Reykjavík, 63 piltar ofan úr sveit, sem þyrftu að fá heima-

70*

sveinspláss, og 3 úr Reykjavík, en nú sem stæði væru einungis til heimasveinspláss handa 40 piltum. Hann kvaðst vera sannfærður um, að allir þingmenn væru samdóma sjer um, að hlynna ætti að skólanum og piltum þeim, sem ættu eigi heima hjer í Reykjavík, og sjá um, að sem flestir fengju húsrúm í skólanum ekki einungis vegna kostnaðarins, sem það hefði í för með sjer, að útvega sjer húsnæði niðri í bænum, heldur einnig annara orsaka vegna, einkum vegna eptirlitsins. Landshöfðingi hefði haldið, að ekki yrði nóg húsrúm í skólahúsinu til að stofna 20 ný heimasveinspláss. Í herbergi því, sem nú væri til, væru að vísu ekki pláss nema fyrir 10 rúm, en á loptinu bæði fyrir sunnan og norðan mætti búa til allgóð svefnherbergi áföst við þetta herbergi; kostnaðurinn yrði þá eðlilega meiri en við rúmin sjálf, og veitti því ekki af 2000 kr. Hann vonaði því, að þingið mundi veita þetta fje, því að ef stiptsyfirvöldin sæju sjer ekki fært að búa herbergi til, sem hann gæti ekki sjeð neina ástæðu til, þá væru þeir peningar eins og óveittir.

Framsögumaður kvaðst hafa lítið að athuga við þessar breytingaruppástungur, einkum af því að landshöfðingi hefði svo lítið að þeim fundið. Það væri einungis 3. tölul., sem ágreiningur væri um, þar sem nefndin hefði lagt það til að færa 1300 kr. ofan í 1000 kr., en aptur 6 þingmenn farið því fram, að færa þær 1300 kr. upp í 2000 kr. Þessi mismunur væri sprottinn af því, að landshöfðingi hefði eptir áskorun stiptsyfirvaldanna einungis beðið um rúm handa 10 piltum, en þessir 6 þingmenn um rúm handa allt að 20 piltum. Gleðilegt væri það fyrir nefndina, að þessi uppástunga þingmanna styrkti hana í því, að 100 kr. væri nægilegt fyrir hvert rúm, því ef fyrir 2000 kr. mætti fá 20 rúm, þá mætti fá 10 rúm fyrir 1000 kr. En í einu gæti hann ekki verið þingmönnum þessum samdóma, það er að segja í því, að þeir vildu stofna fleiri heimasveinsrúm, en stiptsyfirvöldin færu fram á, því að það þætti sjer ísjárvert, að veita meira fje en beðið væri um af yfirvöldunum, rjett eins og þinginu þættu stiptsyfirvöldin vera ofspör á fje því, er til skólans væri veitt. Sjer mundi vera óhætt að fullyrða, að hversu margt sem finna mætti að stjórn stiptsyfirvaldanna og eptirliti þeirra á skólanum og skólans fje, þá yrði þó aldrei það að þeim fundið, að þau væru ofspör á fjenu. Það ætti og að vera aðalregla fjárlaganefndarinnar sjer í lagi og allrar neðri deildarinnar yfir höfuð, að leggja aldrei meira fje fram, en brýn þörf væri á, eða beðið væri um af umboðsstjórninni, en hjer í uppástungu þingmannanna væri upphæðin færð upp um helming. Allt annað mál væri, ef um það er að ræða, að veita fje til nýrra gagnlegra og þjóðlegra fyrirtækja, sem umboðsstjórnin eða þá landsstjórnin lætur sig engu skipta. Svo mikla virðingu sem hann bæri fyrir hinum góða vilja þingmannanna, þá yrði hann þó að segja, að þessi 10 pláss væru nægileg viðbót til þess, að allir fátækir skólapiltar úr sveit gætu fengið heimasveinsrúm í skólanum, því að ekki gæti verið umtalsmál að veita piltum úr Reykjavík eða kringum hana heimasveinsrúm. Reykvíkingar ættu að fæða sonu sína og ljá þeim hús og rúm, hvort sem þeir væru í skóla eða heima hjá þeim, því að það væri víst undantekning, að þeir gætu gjört nokkuð gagn til að vinna ofan af fyrir sjer, þó þeir væru ekki í skóla; en hitt væri á að líta, að til sveita munaði menn minnst um að gefa börnum sínum mat heima, en hitt væri svo miklu kostnaðarmeira og optlega ómögulegt, að kaupa þeim eða útvega kennslu, því að kennari væri ófáanlegur til sveita, og þó ekki væri nema um eitt eða tvö börn að gjöra, þá yrði að taka kennara og láta hann hafa fæði og töluvert kaup. Allir vissu nú, að svo hefði gengið til í skólanum, að margir synir auðugra manna og háttlaunaðra embættismanna hefðu fengið ölmusu og heimasveinsrúm, en hann gæti ómögulega vorkennt þeim að kaupa húsrúm handa börnum sínum. Þingmenn yrðu vel að gá að því, að þegar 65 piltar væru í skólanum, kostaði landið 523 krónum upp á

hvern þeirra, það land, sem ætti mýmarga, já allflesta bændur svo fátæka, að þeir gætu ekki komið efnilegustu og gáfuðustu sonum sínum til náms. Engum gæti verið meir annt um að styðja andlegar framfarir í landinu en sjer, en það hlytu allir að kannast við, að á fleira þyrfti að líta, til þess að því máli yrði framgengt, en á rúm handa 10 skólapiltum.

Einar Ásmundsson kvaðst vera framsögumanni samdóma um, að það ætti að vera aðalregla þingsins, að færa ekki upp fjárveitingar þær, sem beðið væri um. Hinir 6 uppástungumenn hefðu verið nefndinni samdóma um, að 1000 kr. nægðu til að stofna 10 heimasveinspláss, en þeim hefði þótt æskilegra að stofna fleiri heimasveinspláss, og hefðu þeir því stungið upp á að veita enn fremur allt að 1000 kr. til annara 10 rúma, og þessi viðbættu 10 rúm mætti skoða sem nýtt fyrirtæki. Uppástungumennirnir hefðu álitið æskilegt, að sem flestir sveitapiltar fengju húsrúm í skólanum (æskilegast væri áu efa, að allir piltar gætu fengið bæði fæði og húsnæði í skólanum, en þess væri nú eigi kostur); þar eð nú þingmaður Reykvíkinga, sem kunnugastur væri þessu máli, áliti nóg rúm fyrir 10 heimasveinspláss um fram þau, er landshöfðinginn hefði stungið upp á, þá hefði sjer og hinum öðrum uppástungumönnum þótt ráðlegt, að nota þetta húsrúm, svo að ekki þyrfti að úthýsa nema sem allra-fæstum skólapiltum úr skólanum, og reka þá út í bæ á hverju kveldi, hvernig sem viðraði; og þar eð það væri nú fullsannað, að piltar í skólanum yrðu með flesta móti, þá vonaði hann, að deildin sæi, að þessi fjárveiting væri á rökum byggð. Það væri gott að vera sparsamur; en sparsemin mætti ekki koma þar niður, sem sízt skyldi, þar sem menntunarstofnanir landsins ættu í hlut.

Halldór Kr. Friðriksson kvaðst ekki vilja þrátta um það við framsögumann, hvað hvert einstakt rúm kostaði, því að þau gætu orðið misjafnlega dýr, en hann ímyndaði sjer, að fá mætti allgott rúm fyrir 100 kr. En að því leyti að ísjárvert væri að veita meira fje, en stjórnin bæði um, þá væri hann framsögumanni samdóma í því yfir höfuð; en þar sem hann hefði sagt, að annað mál væri að veita fje til nýrra fyrirtækja, þá skyldi hann benda honum á, að menntunin væri ekkert nýtt; ef stofnaður væri skóli á Möðruvöllum, þá væri það ekki að veita fje í neinu nýju augnamiði, því að menntunin væri hin sama, hvort heldur þar eða í skólanum hjer; hvort sem fje væri veitt til að bæta skóla þá, sem áður hefðu verið, eða stofna nýja skóla, þá væri það fje veitt til eflingar menntuninni. Hann vonaði, að framsögumaður sæi, að það væri ólíkur skattur, að leggja eitt skipti fyrir öll 100—125kr. á landssjóð fyrir eitt rúm, eða að leggja á hverju ári 40 kr. á hvern mann, sem ætti son í skóla, til þess að útvega honum húsrúm.

Öðru, sem framsögumaður hefði sagt, þyrfti hann ekki að svara mörgum orðum. Hann hefði sagt, að háttlaunaðir embættismenn hefðu fengið ölmusu fyrir syni sína í skólanum. Þessir háttlaunuðu embættismenn mundu flestir vera í Reykjavík, og gæti hann frætt framsögumann um það, að enginn af þeim hefði fengið styrk handa sonum sínum frá skólanum; en ef framsögumaður kallaði presta háttlaunaða embættismenn, þá væri honum víst kunnugt um, að þeir þættust ekki oflaunaðir. Að því er sýslumenn snerti, þá væru einungis 3 sýslumannasynir í skólanum, og einn þeirra fengi alls engan styrk. Það væru þess vegna að eins tveir piltar, sem væru synir «háttlaunaðra embættismanna», er fengju nokkurn styrk. Hann vonaði, að allir þingmenn könnuðust við, að æskilegt væri, að þeir skólapiltar, sem á unga aldri væru langt frá foreldrum sínum og umsjón þeirra, gætu fengið húsrúm og hliðsjón í skólahúsinu, hvort sem þeir væru synir efnaðra eða fátækra foreldra. Framsögumaður hefði álitið, að þeir piltar, sem heima ættu í grennd við Reykjavík, ættu að sitja á hakanum með heimasveinspláss, en hann gæti eigi

sjeð, að það væri rjett; foreldrar þeirra væru ekkert betur færir um að hafa eptirlit með þeim; piltar t. a. m. sunnan úr Gullbringusýslu væru allt eins eptirlitslausir hjer í Reykjavík, eins og piltur að vestan og norðan. Hann játaði, að töluverður kostnaður væri fyrir bændur í sveit, að kosta syni sína í skóla, einkum ferð þeirra fram og aptur, en það væri líka kostnaðarsamt fyrir menn í Reykjavík, því að eins yrðu þeir að fæða syni sína og klæða, og meðan þeir væru í skólanum, gætu þeir ekki unnið fyrir sjer, heldur en piltar úr sveit. Kennslan væri dýr til sveita, en hún væri alveg eins dýr í og umhverfis Reykjavík, og jafnvel í Reykjavík sjálfri væri það engan veginn svo lítið, sem kennslan kostaði, þegar borga ætti fyrir hverja stund. Hann vonaði að endingu, að þingdeildin athugaði mál þetta hlutdrægnislaust, og sæi ekki svo mjög í peningana, að henni væri ekki meira annt um, að efla og styðja menntunina í landinu.

Framsögumaður kvaðst vera í vanda staddur, að skera úr þessu máli, þar sem þekking og tillögur þingmanns Reykvíkinga væru á aðra hliðina, en áætlun stiptsyfirvaldanna og landshöfðingja á hina hliðina. Stiptsyfirvöldin og landshöfðingi hefðu álitið nóg, að stofna 10 ný heimasveinsrúm, og beðið um 1300 kr. til þess, en þingmaður Reykvíkinga og nokkrir þingmenn með honum hefðu stungið upp á að stofna 20 ný heimasveinsrúm, og veita til þess 2000 kr. Nú væri því að skera úr, hvort þessir þingmenn mundu þekkja betur þarfir skólans, heldur en umsjónarmenn skólans sjálfir með landshöfðingja í broddi fylkingar. Uppástunga fjárlaganefndarinnar færi einungis fram á, að 1000 kr. væru nóg til að stofna 10 ný heimasveinsrúm, og væri því ekki nein spurning um, hvort hún hefði betur vit á, hvers skólinn þyrfti með, heldur en aðrir; allur metningur frá hennar hlið fjelli burt; hún segði eingöngu, að 10 rúm kostuðu eigi meira en 1000 kr. Frá sjónarmiði fjárlaganefndarinnar gæti ekki annað komið til skoðunar, heldur en hvað umsjónarmenn skólans álitu nauðsynlegt fyrir skólann; þingmanni Reykvíkinga hefði og verið nær, að benda stiptsyfirvöldunum á það í tíma, að þörf væri á fleiri heimasveinsrúmum en 10, svo þau hefðu beðið um meira fje, heldur en nú fyrst að koma með þessa uppástungu. Hann kvaðst verða að halda fast við þá sannfæringu sína, að ef 10 ný heimasveinsrúm væru stofnuð, þá væri búið að útvega öllum hinum fátækustu skólapiltum húsrúm, er þess nauðsynlega þyrftu, þótt 20 piltar bættust við.

Grímur Thomsen sagði, að sjer þætti óheppilegt, að þessi uppástunga hefði komið fram, áður en fjárlagamálið í heild sinni hefði legið fyrir, en fyrst þetta væri nú svo, þá skyldi hann leyfa sjer að taka fram eitt atriði úr ræðu þingmanns Reykvíkinga. Hann hefði sagt, að enn væri ekki til herbergi, nema fyrir 10 ný rúm, en til þess að útvega meira pláss, mætti búa til nýtt herbergi á loptinu. Kostnaður sá, sem þetta nýja herbergi hefði í för með sjer, heyrði undir þá útgjaldagrein, sem nefnd væri: «til skólhússins utanstokks og innan», og því hjeldi hann, að uppástungan yrði að orðast nokkuð öðruvísi. Eptir því sem uppástungan væri orðuð, þá ætti að verja þessum 2000 kr. til að útvega 20 ný rúm (heimasveinspláss), en nú færi töluvert til að búa til nýtt herbergi. Reynslan væri búin að sýna, að allt, sem skólahúsinu við kæmi, kostaði mjög mikið, þannig hefði t. d. á umliðnu ári einungis 100—200 kr. verið varið til að kaupa við til aðgjörðar í skólanum, en til verkalauna hefðu verið útborguð 700 kr. Af þessu sæist, að nýtt herbergi í skólanum mundi kosta mikið, og þessar 2000 kr. mundu ekki nægja, til þess að stofna 20 ný heimasveinspláss. Ef þörf væri á fleiri plássum, en stiptsyfirvöldin og landshöfðingi hefðu álitið nauðsynleg, væri sanngjarnt að veita fje til þess, en hann áliti, að ekki riði á því nú þegar.

Guðmundur Einarsson kvað 1. þingmann Gullbringusýslu hafa misskilið uppástunguna; það væri ekki meiningin að út-

vega 20 rúm einungis fyrir þessar 2000 kr., heldur að stofna allt að 20 ný heimasveinsplass, og yrði hann að vera þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt væri að útvega sem flestum skólapiltum húsrúm í skólahúsinu.

Einar Ásmundsson sagði, að þingmaður Reykvíkinga, sem bezt allra deildarmanna þekkti til í skólanum, hefði sagt, að von væri á, að hjer um bil 20 fleiri piltar yrðu nú í vetur í skólanum, heldur en að jafnaði hefði verið hjer á undan; þess vegna væri þörf á að útvega þessum piltum húsrúm í skólanum, og ætti fremur að líta á þörfina í þessu tilliti, heldur en á lítilfjörlega peningaupphæð. Hann vildi því vona, að þingið veitti það, sem uppástungumennirnir hefðu farið fram á.

Framsögumaður sagði, að þó það væri fullsannað, að 20 skólapiltum yrði fleira í skólanum nú en endrarnær, þá leiddi alls eigi af því, að 20 rúmum þyrfti við að bæta, heldur væri hitt víst, að fyrst 40 rúm hefðu nægt handa 65, þá mættu og 50 rúm nægja handa 80 eða 85. Hann áliti, síðan hann heyrt hefði skýringar 1. þingmanns Gullbringusýslu, að uppástunga þeirra 6 þingmanna ætti heima í fjárlögunum í gjaldagreininni til skólans utanstokks og innan, því að þessar 2000 kr. gengju einungis til þess að byggja svefnherbergið, en eigi til hins, að útvega rúmin. Eða ættu rúmin að standa á auðu loptinu til nýárs, eða hefði skólasjóðurinn peninga fyrirliggjandi til smíðis herberginu? Hann vildi þó ekki gjöra ráð fyrir, að uppástungumennirnir væru að biðja um fje til þess, sem þeir ekki þyrðu að nefna, það er til þess að byggja eingöngu svefnherbergi.

Hann kvaðst verða að álíta það rangt, að herbergi skólans væru notuð til þess, sem skólanum væri alveg óviðkomandi; þannig væri nú eitt af herbergjum þeim, sem áður hefði verið haft sem svefnherbergi handa skólapiltum á fyrstu árum skólans í Reykjavík, gengið til rektors, og svo væri um fleira. Þetta þætti sjer undarlegt að stiptsyfirvöldin ljetu við gangast, þá er ekki væru nóg herbergi til handa skólapiltum.

Grímur Thomsen sagði, að þegar rannsókn hefði fram farið um, hvort uppástunga þessi gæti náð tilgangi sínum, þá væri nógur tími fyrir hendi til að ákveða vissa upphæð í fjárlögunum þessu til framkvæmdar, en það væri mjög varúðarvert rannsóknarlaust að fara fram yfir þá upphæð, sem stiptsyfirvöldin beiddu um, því að þótt skólapiltar yrðu margir í ár, þá gætu þeir fækkað næsta ár, og þá væru rúmin og herbergið til einkis.

Þorlákur Guðmundsson sagði, að uppástungan færi fram á, að fjölga rúmum handa piltum ofan úr sveit, en ekki handa Reykjavíkur-piltum, og skyldi hann bæta við þeirri athugasemd, að einn fjárhaldsmaður skólapilta hefði sagt sjer, að þegar veikindi kæmu upp í skólanum, yrðu margir piltar að kaupa sjer húsrúm í bænum. Þess vegna væri alveg nauðsynlegt að fjölga heimasveinsplássum svo mjög, að slíkt þyrfti ekki framar að koma fyrir.

Þá var gengið til atkvæða og fjellu þau þannig:

1. Breytingaruppástunga 6 þingmanna við 1. tölul. samþykkt með 21 atkvæði.
2. Uppástunga hinna 6 þingmanna við 3. tölul., að »10« breytist í »allt að 20«, fellt með 12 atkvæðum gegn 10.
3. Breytingaruppástunga hinna 6 þingmanna, að fyrir »1300« kæmi »allt að 2000 kr.«, var þá álitin fallin,
4. Breytingaruppástunga nefndarinnar, að í stað »1300« komi: »1000«, samþykkt með 14 atkvæðum.

Frumvarpið í heild sinni með breytingu á tölunni, að í staðinn fyrir 3469kr. komi 3169 kr. samþykkt í einu hljóði, og kvað forseti frumvarpið mundu verða afgreitt til efri deildarinnar.

FYRSTA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 20. fundi efri þingdeildarinnar, 25. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu *frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1876 og 1877*.

Landshöfðinginn kvaðst eigi mundu þurfa að mæla með þeim þrem töluliðum, sem neðri deildin hefði samþykkt, því hann vonaðist þess fastlega, að þeim mundu heldur eigi mæta mótbárur í þessari deild. En þar á móti kvaðst hann mundu fara nokkrum orðum um þau þrjú atriði stjórnarfrumvarpsins, sem neðri deildin hefði hrundið. Því þar eð sjer sýndist mótbárur neðri deildarinnar í þessu efni eigi á rökum byggðar, þá vonaði hann, að þessi deild mundi taka aptur inn í frumvarpið hin þrjú umgetnu atriði. Kvaðst hann í þessu efni skírskota til athugasemda stjórnarinnar við frumvarpið sjálft, og síðan fara nokkrum orðum um þessi einstöku atriði. Viðbót þeirri við skrifstofugjöld, er nefnd væri í tölulið 1., hefði ráðgjafinn ávísað í trausti til þess, er fram hefði komið í umræðunum á alþingi 1875, með tilliti til launalaga 15. okt. 1875, og síðan borið undir alþingi í þeirri von, að það mundi samþykkja þessa viðbót. Hann fyrir sitt leyti kvaðst halda því fastlega fram, að ráðherrann hefði haft fulla ástæðu til að ætla, að sá hefði verið tilgangur alþingis 1875, að embættismenn ættu einskis í að missa af því, sem þeir hefðu haft aðgang að eptir hinum eldri launaákvörðunum. Það hefði og varaforseti og þingmaður Þingeyinga tekið fram, að þessi hefði verið tilgangur þingsins, og enginn hefði mælt móti því, hvorki í þessari deild nje hinni. Þess vegna hefði ráðherrann haft fulla ástæðu til að gjöra þessa ráðstöfun. Enda væri eigi líklegt, að alþingi synjaði samþykkis síns um þetta, sem gjört væri einmitt til þess, að tilgangi þeim, sem alþingi hefði haft, yrði náð. Eptir skýrslu amtmannsins í suður- og vesturumdæminu samkvæmt 6. gr. launalaga hefði skrifstofukostnaður hans verið 1726 kr. 29 a. Þá væri að minnast á 2. tölulið frumvarpsins, um viðbót þóknunar fyrir reikninga endurskoðun. Deildinni væri kunnugt, að í fjárlögunum, 10. gr. A. 3., hefði verið ákveðin þóknun fyrir endurskoðun 2 ára reikninga, eða eins fjárhagstímabils. Nú til þess að koma mætti endurskoðuninni í gott horf, svo lagðir yrðu fyrir alþingi 1879 reikningar áranna 1876 og 1877, þá yrði að taka fyrir á þessu fjárhagstímabili þriggja ára reikninga nefnilega 1874—76, og ef svo yrði, þá mælti öll sanngirni með því, að tiltöluleg þóknunarviðbót væri veitt fyrir þetta. 3. tölulið hefði neðri deildin vísað til 15. gr. fjárlaganna, og kvaðst hann að sínu leyti eigi hafa verið móti því.

Eiríkur Kúld kvaðst hafa glaðzt af því að heyra, hvernig landshöfðingi hefði tekið í þetta mál, enda mundi hann sjálfur hafa vakið máls á ýmsu því, er landshöfðingi hefði hreift, Hann vildi að eins víkja þeirri spurningu til landshöfðingja, hvort eigi væri heldur lág upphæð sú, er veita ætti fyrir halla þann, er leitt hefði af póstmerkjasölunni. Sjer hefði skilizt svo á orðum hans um daginn í neðri deildinni, að póstmeistarinn ætti að hafa af þessari upphæð 1%, en póstafgreiðslumenn 2%, en hann sæi eigi, því póstmeistarinn ætti að vera rjettarlægri.

Viðvíkjandi þeim atriðum, sem neðri deildin hefði hrundið, þá yrði hann að geta þess, að orð þau, sem stæðu í athugasemdum frumvarpsins í 2. línu o. s. frv., hefði hneykslað sig, því það væri kunnugt, að ráðherrann hefði eigi þótzt geta kynnt sjer umræður alþingis 1875 í öðru máli, nefnilega í læknalaunamálinu. En hvað sem því liði, áliti hann það rjett skilið af ráðherranum og eins landshöfðingja, að sá hefði verið tilgangur þingsins 1875, að enginn skyldi neins í missa við hin nýju launalög, enda væri það skýrt tekið fram í 7. gr. nefndra laga. Þetta væri svo sjálfsagt, að óþarfi hefði verið fyrir ráðherrann að leggja fyrir þingið fjáraukalög um þetta atriði, heldur hefði hann gjört rjettara í því, að

setja það inn í fjárlögin. Það væri og ótilhlýðilegt fyrir þingið að nota sjer þetta, einkum er um slíkt lítilræði væri að gjöra, og það væri líka varlega gjörandi, því afleiðingin gæti orðið sú, að ef amtmönnunum væri gjört að skyldu að skila aptur fje þessu, sem hann áliti að þeir hefðu rjett til og heimting á, þar sem þeim hefði verið veitt embættið með þessum launum, færu þeir í mál við landssjóðinn og fengju gjafsókn, og gæti svo farið, að landssjóðurinn auk málskostnaðar yrði að borga upphæðir þær, er hjer um ræddi, og væri það heldur en ekki óleikur fyrir hann. Hann yrði að taka það aptur fram, að það væri misskilningur að álíta, að skrifstofufje væri eigi embættislaun, eins og sýndi sig af dæmi því, er landshöfðingi hefði getið um, þar sem skrifstofukostnaður amtmannsins hefði farið fram úr skrifstofulaunum, og mundi engum koma til hugar annað, en að amtmaðurinn yrði að horga það, sem til vantaði, úr sínum eigin vasa eða af embættistekjum sínum. Það, sem stæði í 2. tölulið, virtist sjer mjög sanngjarnt, enda þó það kynni að vera vafasamt, hvort það væri bein rjettarkrafa. Hann kvaðst því fús að styðja það; ráðherrann hefði hjer sagt «a» o: með því að lækka viðbótina, og neðri deildin sagt «b» o: og tekið hana alla burtu, og væri þetta smámunasemi. Bæði sómi þingsins og sanngirni og rjettlæti mælti fram með að taka þessi atriði upp aptur í fjáraukalögin.

Landshöfðingi kvaðst ætla að taka það fram, út af fyrirspurn varaforseta um prósentumuninn á endurgjaldi fyrir halla á póstmerkjasölunni, að í póststofunni í Reykjavík seldist meira í heilum örkum, og þá kæmi eigi fram þessi halli, og þess vegna fengju aðrir póstafgreiðslumenn 1% meira rabat en «póstmeistarinn»; það væri annars eigi unnt að reikna nákvæmlega þennan halla. Hefði hann gjört áætlun, sem næst því, er hann hugði rjett vera og sanngjarnt.

Jón Hjaltalín kvað það skyldu þingsins, að standa við það, sem það hefði farið á flot 1875, og þessir menn ættu heldur eigi að missa neins í. Landshöfðingi hefði tekið fram, að póstmeistarinn yrði harðara úti en aðrir, og það þætti sjer eigi sanngjarnt.

Ásgeir Einarsson kvaðst eigi vita, við hvaða skugga varaforseti væri að berjast, því hjer lægi ekkert fyrir nema frumvarp neðri deildarinnar með engum breytingum. Þó varaforseti færi að koma með breytingaratkvæði, þá væri óvíst, hvernig það færi á endanum. Hjer væru optast 5 atkvæði á móti 6, og ef svo yrði í þessu máli, væri auðsjeð, hver afdrif það fengi í sameinuðu alþingi.

Eiríkur Kúld kvaðst eigi mundu fara að svara spásögum þingmanns Húnvetninga. Sjer þætti það eigi þess vert. Kvaðst hann ætla, að landshöfðingi mundi sjálfsagt taka sjer breytingaratkvæði um þessi atriði; annars mundi hann hafa gjört það.

Bergur Thorberg sagðist ætla að taka til máls um að eins eitt atriði frumvarps neðri deildarinnar, nefnilega um fjölgun 10 heimasveinsplássa í hinum lærða skóla; sjer væri nokkuð kunnugt um þetta mál, þar sem uppástunga þessi væri borin fram af landshöfðingja eptir tillögum stiptsyfirvaldanna. Áætlun sú, sem gjörð hefði verið um kostnað þann, er þetta hefði í för með sjer, færi fram á eigi minna en 1300 kr., og væri þó þessi áætlun heldur lág. Þessi upphæð væri nú af neðri deild þingsins færð niður í 1000 kr., og mundi þessi upphæð ómögulega geta orðið nóg. Ef nú þingið samþykkti bæði, að fjölgað yrði heimasveinsplássunum um 10, og þessi upphæð, 1000 kr., lögð til þess, mundi það ætlast til, að þetta væri fremur að álíta sem áætlun um kostnaðinn, en fasta upphæð, sem eigi mætti frá víkja; kvaðst hann vilja taka þetta fram, af því eigi mundi hægt að takmarka kostnaðinn við þessa upphæð. Og ef þingið vildi fjölga heimasveinaplássum, þá mundi það og vilja leggja fram til kostnaðar þess, sem nauðsynlegur væri til að koma því á. Kvaðst hann því eigi vilja taka sjer breytingaratkvæði um að hækka þessa upphæð, að hann skoðaði lækkun þeirrar upp-

sjerstaklega og eigi í sambandi við launahæðar, sem stungið var upp á, fremur sem áætlun og bending um það að halda spart á, en sem fasta bindandi upphæð.

Ásgeir Einarsson kvaðst hafa verið við, þegar mál þetta var rætt í neðri deildinni, og hefði sig furðað á því, hvað daufar undirtektir það hefði fengið þar. Kvaðst hann þó eigi vita, hvað menn ættu að hafa sjer hugfastara í þessu efni, en það, að piltar gætu sem flestir fengið rúm og húsnæði í skólanum. Hann myndi og eigi betur, en landshöfðingi hefði stutt þetta mál og viljað gjöra hið bezta því til framkvæmda, enda snerti það og eflingu menntunar, sem menn ljetu sem sjer væri áhugamál í orði, hvað sem verða mundi á borði.

Að frumvarpið gengi til 2. umræðu, var samþykkt í einu hljóði.

BREYTINGARATKVÆÐI
við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1876 og 1877.
Frá landshöfðingjanum.

Á eptir orðunum: »skulu veittar 3169 kr.» bætist inn:

1. Viðbót við skrifstofukostnaðar-endurgjöld þau, sem ákveðin eru með fjárlögunum 10. gr. A 2., sbr. 18. gr. 1, og lög um laun íslenzkra embættismanna og fl. 15. október 1875, 14. gr.:

handa amtmanninum yfir suður- og vesturumdæminu	400 kr.
handa amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu . .	400 —
	800 —

2. Viðbót við þóknun þá, sem talin er í fjárlögunum 10. gr. A fyrir endurskoðun íslenzkra reikninga . . . . . 800 kr.

Talan við töluliðina 1, 2 og 3, samt upphæðin 3169 kr. breytist samkvæmt atkvæðagreiðslunni.

ÖNNUR UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 23. fundi efri þingdeildarinnar, 28. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1876 og 1877.*

Landshöfðingi kvaðst samkvæmt því, sem hann hefði látið í ljósi við 1. umræðu, leyfa sjer að bera undir atkvæði þingdeildarinnar sem breytingaratkvæði 1. og 2. tölul. stjórnarfrumvarpsins. Að öðru leyti skírskotaði hann til 1. umræðu máls þessa, og tók það aptur fram, að viðvíkjandi 1. tölul. væri að ræða um það, hvort þingið vildi samþykkja ráðstöfun þá, sem ráðherrann hefði gjört í trausti til þess, að þingið mundi vera á sama máli nú og 1875, og til þess að ná tilgangi þeim, sem þingið hefði haft þá. Sjerhver þingmaður gæti bezt um það dæmt sjálfur, hvort hann hefði verið þeirrar skoðunar 1875, að embættismenn ættu einskis í að missa af tekjum þeim, er þágildandi launaákvarðanir heimiluðu þeim, eða hvort hann þá hafi álitið leyfilegt og æskilegt, að skerða rjettindi þau, er embættismönnum voru heimil eptir þágildandi launaákvörðunum. Ef þingmaðurinn hefði haft þá skoðun 1875, að embættismenn ættu einskis í að missa — og það kvaðst hann viss um að hefði verið ætlun þingsins alls yfir höfuð — þá væri sjálfsagt, að sá þingmaður mundi greiða atkvæði með 1. tölul. Og þó nú einhvern þingmann mynti eigi glöggt, hvaða skoðun hann hefði haft um þetta 1875, þó vonaði hann, að þingmaðurinn mundi sjá, að stjórnin hefði af umræðum alþingis 1875 haft fulla ástæðu til að ganga út frá þeirri skoðun, sem ráðstöfun sú, er hjer ræddi um, væri byggð á. Og eptir því, sem sjer væri kunnugt, væri það eindæmi, ef þingið eigi samþykkti 1. tölul.

Benidikt Kristjánsson kvaðst hafa tekið það fram áður hjer á þinginu, að hann gæti eigi álitið svo, að skoðanir einstakra þingmanna væri að álíta sem sameiginlegar fyrir alla þingdeildina; eins yrði hann að álíta það vafasamt, hvort skilningur laganna ætti að vera bundinn við umræðu eins manns á þingi. Hann fengi eigi betur sjeð, en að skrifstofufje væri eigi skoðað sem laun í sjálfum launalögunum, úr því það væri tiltekið

upphæðirnar sjálfar. 6. grein ákvæði, að samin væri skýrsla um skrifstofugjöldin ár hvert, en það sæist eigi á henni, hvaða áhrif eða verkun það hefði, hvort skrifstofugjöldin væru of lág eða of há. En öll skipun laganna sjálfra benti á strangan mismun á skrifstofufje og föstum embættislaunum, og að það væri sitt hvað, að lækka skrifstofufje og embættislaun. 7. gr. veitti tryggingu fyrir því, að embættismenn skyldu einskis í missa af launum sínum, þeim er þeir áttu aðgang að eptir eldri launaákvörðunum, en bannaði alls eigi að lækka skrifstofufje. Þingið segir með því að lækka skrifstofufjeð, að því sýnist, að hafa megi meiri sparnað á skrifstofunni; það þurfi eigi svo mikið, sem áður hafi verið ákveðið. Þó svo væri, að þessi spurning geti verið vafamál, kallaði hann það þó óheppilegt og óhugsandi, ef þingið eigi að fara að skera úr vafa um skilning laganna, og ekki dómstólarnir, sem það heyri þó undir að rjettu lagi. Enginn mundi því taka sjer það illa upp, þó hann greiddi atkvæði eptir sannfæring sinni.

Eiríkur Kúld kvaðst eigi ætla að gjöra sjer far um að verka á atkvæði þingmanns Þingeyinga, en hann yrði að drepa á fátt eitt í ræðu hans. Hann hefði lagt mikla áherzlu á mismuninn á skrifstofufje og launum. En lögin segja, að skrifstofufje sje tekjur, að því leyti sem þau spara launin. Þingmanninum kæmi víst eigi til hugar að ætla, að amtmanni suður- og vesturumdæmisins hafi verið bættur upp hallinn, er hann hafi beðið af því, að skrifstofugjöldin fóru fram úr upphæð þeirri, er þar til var ákveðin. Hann vildi enn fremur, að þetta mál gengi til úrskurðar dómstólanna. En ef það gengi eigi fram hjer, þyrfti hann víst eigi að óska þess; það mundi þá koma fyrir dómstólana, og væri það óhappalegt, ef ríkisrjettarmál þyrfti að leiða út af einum 400 kr., og þar sem þetta mætti laga, og væri sanngjarnt og rjett, vildi hann spyrja þingmanninn, hvort hann hefði íhugað, hvað af því leiddi fyrir landssjóðinn, ef hann færi í mál og tapaði bæði fje þessu og yrði síðan að borga málskostnað. Sjer fyndist sómi þingsins krefja það, að það gjörði eigi neinum rangt til, en það ætti sjer stað, ef manni væri synjað um það, sem honum ber að lögum. Eigi væri það heldur sómi fyrir þingið, að nota sjer kurteisi ráðgjafans, að hann hefði eigi sett þetta á fjárlagafrumvarpið, sem hann hefði þó haft fyllstu heimild til.

Sighvatur Árnason kvaðst skilja 7. gr. launalaganna svo, að «enginn skyldi neins í missa«, en það ætti við laun embættismanna en ekki skrifstofufje, en með 14. gr. væri skrifstofukostnaðinum slegið föstum, eða að minnsta kosti hefði hann ekki vitað betur, en það hefði verið meining þingsins í hitt eð fyrra, og hefði legið til grundvallar fyrir launalögunum yfir höfuð. Þess vegna gæti hann eigi fylgt því fram, að breytt yrði skrifstofukostnaðinum, sem væri fastákveðinn að lögum. En þar sem sagt hefði verið, að sómi þingsins heimtaði, að það samþykkti mál þetta, þá kvaðst hann álíta það mestan sóma fyrir sig að fylgja sannfæringu sinni, hvað sem öðrum dómum liði.

Stefán Eiríksson kvaðst standa upp af því sjer hefði skilizt af ræðu landshöfðingja, að hann skoraði á menn að segja, hvern skilning þeir hefðu haft á lögunum 1875. Kvaðst hann vilja hreinskilnislega láta þá meiningu sína í ljósi, að hann hefði svo skilið launalögin af 15. október 1875, 14. gr., sem amtmennirnir fyrir sunnan og norðan ættu einungis að fá í skrifstofufje, hinn fyrnefndi 1400 kr., og hinn síðarnefndi 1000 kr., enda hefðu flestir, ef ekki allir, þingmenn verið á þeirri skoðun, að skrifstofufje væri eigi að álíta sem laun, og því ekki eiga neitt skylt við 7. gr. laganna, og það hefðu hinir skarpvitrustu menn neðri deildar skýrt tekið nú fram, að þetta hefði verið meining laganna, en alls ekki sú, sem ráðgjafinn hefði lagt í skilning 14. gr. Hann hefði og sömu skoðun nú og 1875 í máli þessu, og þætti sjer því eigi ástæða til að fara að hræra í nýjum lögum þing eptir þing og ár frá ári, hvað sem svo varaforseti segði um það nú; honum hefði verið innan handar að skíra þetta

í hitt eð fyrra, heldur en að vilja telja mönnum nú trú um rangan skilning 14. gr.

Jón Hjaltalín kvaðst ætla, að menn væru farnir að álíta, að þingið væri óskeikandi eins og páfinn. En sjer fyndist eigi sú raun á verða, ef þingið hefði nú allt aðra skoðun en 1875, og þá færi að skekkjast festan. Sjer fyndist sómi þingsins krefja það, að þingmenn gengju eigi á bak orða sinna í þessu efni.

Eiríkur Kúld kvaðst taka það fram, út af orðum þingmanns Skaptfellinga, að hjer væri eigi verið að breyta lögum, heldur væri farið eptir ákvörðun 7. gr., sem þingmaður Þingeyinga hefði hraparlega misskilið, því þar væru nefndar tekjur, og 7. gr. innibyndi þannig í sjer allt, sem á eptir kæmi, og þess hefði þingmaðurinn eigi gætt.

Landshöfðinginn kvaðst ætla, að ef þingmaður Þingeyinga hefði skilið ræðu sína, og skilið frumvarpið, sem væri frumvarp til *fjáraukalaga*, þá hefði orðið önnur niðurstaða hjá honum en sú, að ráða til, að leggja málið undir dómstólana. Stjórnin hefði nú, eins og sjá mætti af ástæðum frumvarpsins, í stað þess að leggja mál þetta undir dómstólana, sem hún hefði getað, í trausti til þess, er fram fór á alþingi 1875 um skilning 14. gr., borið skilning sinn á þessari ákvörðun undir þingið. Það væri eigi umræður einstakra þingmanna, sem hann hefði skírskotað til. Það hefði einmitt verið framsögumaður nefndarinnar í lannalagamálinu, sem hefði tekið fram þessa skoðun, sem hann og ráðherrann hefðu aðhyllzt, og ef framsögumanni væri eigi mótmælt, þá mætti álíta svo, sem þingið væri samþykkt. En þingmaður Þingeyinga hefði einmitt tekið það fram 1875, að þingið gæti eigi og ætlaði eigi að svipta neinn þeim rjettindum til launa, er þá gildandi lög hefðu heimilað honum. Vildi hann því skjóta því til sannfæringar og sómatilfinningar þingmanna, hvort hann, er stjórnin hefði skilið þetta þannig, fyndi eigi fremur ástæðu til að fallast á þessa skýringu stjórnarinnar, en að mótmæla henni.

Forseti gat þess, að áður en umræður hefðu byrjað, hefðu fjórir þingmenn óskað, að höfð væri sjerstök atkvæðagreiðsla um hverja tölu í breytingaratkvæðinu.

Var þá gengið til atkvæða og

1. tölul. fyrri tala samþykkt með 6 atkvæðum mót 5.
   síðari tala samþykkt með 6 atkvæðum móti 5.
2. tölul. samþykktur með 6 atkv. móti 5,

og síðan hinar einstöku greinir frumvarpsins samþykktar í einu hljóði, og frumvarpið með áorðnum breytingum samþykkt með 7 atkvæðum móti 4, og að það gengi til 3. umræðu samþykkt með 10 atkvæðum.

Var frumvarpið nú svo hljóðandi:

FRUMVARP

til fjáraukalaga fyrir árin 1876 og 1877, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild alþingis.

Í viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1876 og 1877, skulu veittar 4769 kr.:

		kr.
1.	Viðbót við skrifstofukostnaðar-endurgjöld þau, sem ákveðin eru með fjárlögunum 10. gr. A 2, sbr. 18. gr. 1, og lög um laun íslenzkra embættismanna og fl. 15. október 1875, 14. gr.:	
	handa amtmanninum yfir suður- og vesturumdæminu . . 400 kr.	
	handa amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu . . . . . 400 —	800
2.	Viðbót við þóknun þá, sem talin er í fjárlögunum 10. gr. A, fyrir endurskoðun íslenzkra reikninga .	800
3.	Til hluttekningar Íslands í minningarhátíð háskólans í Uppsölum, allt að	2000
4.	Viðbót við 12. gr. fjárlaganna, tölul. 3., sem endurgjald handa póstmeistaranum og póstafgreiðslumönnum fyrir halla þann, er þeir hafa beðið af póstmerkjasölunni frá 1. janúar 1875 til 1. ágúst 1876 . .	169

5. Viðbót við 13. gr. fjárlaganna B. II. c, 3: til þess að stofna 10 ný heimasveinspláss í hinum lærða skóla 1000

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 25. fundi efri þingdeildarinnar, 31. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu *frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1876—1877.*

Forseti kvaðst hafa fengið uppástungu frá 4 þingmönnum þess efnis, að frumvarpið yrði rætt í tveim köflum, 1. og 2. töluliður sjer, og 3.—5. töluliður sjer, og síðan höfð sjerstakleg atkvæðagreiðsla um hvern kafla fyrir sig.

Benidikt Kristjánsson kvaðst að eins ætla að vekja máls á einu atriði viðvíkjandi þessu framvarpi. Öllum þingmönnum mundi víst kunnugt brjef ráðherrans 28. febr. 1876, þar sem ráðherrann tæki það skýrt fram, að hann skyldi svo, sem þessi viðbót við skristofufjeð gæti eigi staðið í sambandi við launalögin, eða að eptir launalögunum geti hún eigi átt sjer stað. Nú væri því gefið, að ef þessi viðaukalög væru samþykkt, þá væri með því breytt launalögunum. Þess vegna yrði að koma fram sjerstakt frumvarp um þetta efni. Hjer gæti eigi verið að tala um skilning launalaganna, þar sem ráðherrann hefði lýst yfir þeim skilningi sínum, að viðbótin við skrifstofufjeð gæti eigi átt sjer stað eptir launalögunum. Sumir hefðu hreift því, að skoðanir einstakra þingmanna mætti álíta sem meining þingsins yfir höfuð, en landshöfðinginn hefði takmarkað þetta þannig, að það, sem framsögumaður segði, mætti álíta sem skýringu frá þingsins hálfu um þýðing laganna. Hann kvaðst eigi muna til þess, að nefnd væri sett í þetta mál í þessari deild 1875, en í neðri deildinni hefði nefnd verið kosin, og eins og þingtíðindin bæru með sjer, hefði það eigi verið álit meiri hluta nefndarinnar, sem framsögumaður hefði þá tekið fram, heldur minni hlutans. Og þó þingið hefði nú haft þessa skoðun 1875, þá verkaði það eigi neitt á lög þau, er nú væru út komin. Þess væri og að minnast, að það væri eigi þingið eitt, sem hefði löggjafarvaldið, heldur í sameiningu við konunginn. Ráðherrann hefði nú fyrir hönd konungs þýtt lögin þannig, að þau heimiluðu eigi þessa viðbót. Þingið gæti sagt: «Þessa meiningu hef jeg», og þar með búið. En er konungur hefur staðfest lögin, þá er þingið eigi lengur dómari í því efni. Þá ætti það einnig að koma til ráðherrans, að þýða lögin. En eptir stjórnarskránni væru það dómararnir, sem ættu að leggja úrskurð á um þýðingu laganna, en eigi aðrir. Kvaðst hann eigi geta sjeð annað, en að sjerstakt frumvarp þyrfti að bera upp til að breyta launalögunum, þá væri formið rjett, annars eigi. Það, sem komið gæti fram í því formi, er hjer lægi fyrir, yrði að vera þess eðlis, að það ætti að veitast í fjárlögunum og gilda að eins um eitt fjárhagstímabil.

Eiríkur Kúld kvaðst álíta, að þingmaðurinn, er síðast mælti, skildi eigi enn, eða öllu heldur, vildi eigi skilja það, að tekjur heyrðu undir embættislaun. 7. grein launalaganna talaði eigi um laun, heldur tekjur embættisins, það ætti þingmaðurinn að aðgæta. Væri nú eigi skrifstofufje tekjur lagðar embættinu? Þingmaðurinn mundi segja jú. Ef þingið lækkaði skrifstofufje eða tekjur, þá gjörði það lögbrot, því að þingið og konungur hefðu löggjöfina, en konungur veitti embættin og í veitingarbrjefi amtmanns, sem hann nú hefði í höndum, og gæti sýnt þingmanninum, stæði: «lagt til skrifstofukostnaðar 800 rd.», sem þingmaðurinn mundi játa að væri sama sem 1600, en ekki 1400 kr. Ef nú mál þetta kæmi fyrir dómstólana, þá væri fróðlegt að vita, hvort veitingarbrjef konungs yrði rýrt um 200 kr.; það væri þá nýtt, ef svo yrði. Hann gæti eigi, og vildi eigi greiða atkvæði með því, sem væri gagnstætt sanngirni og rjetti. Hvað ynni nú landssjóðurinn við þóf þetta? málskostnað, ef til málshöfðunar kæmi, og þar á ofan að öllum líkindum töpun málsins, eyddi miklu fje,

glataði sóma sínum, hallaði rjetti annara. Af því sjer væri annt um sóma sinn og þingsins og rjettindi annara, gæti hann eigi annað en aðhyllzt frumvarpið í þessu efni. Um 2. tölulið frumvarpsins væri að vísu nokkuð öðru máli að gegna, og væri nokkuð meiri vafi á því, hvort það mál ynnist fyrir dómstólunum; þar væri ákveðin viss borgun fyrir viss störf. Nú segði hlutaðeigandi: «Þetta væri eigi áskilið í samningnum. Jeg verð að fá sjerstaka þóknum fyrir það, sem meira var sett upp á mig, en tiltekið var í fyrstu». Þetta væri og sanngjarnt. Stjórnin færi fram á minna, en þeir menn, er hlut ættu að máli, hefðu heimtað; neðri deildin notaði sjer það, og legði alls ekkert til. Það væri fjærri sanngirni og rjettsýni, og því yrði hann að aðhyllast það, sem frumvarpið færi fram á í þessu efni.

Benidikt Kristjánsson kvað þingmann Barðstrendinga hafa sparað sjer allar umræður um misskilning sinn í þessu efni. Því hann væri á sama máli og ráðherrann í brjefi sínu 28. febrúar 1876, þar sem hann segði skýlaust, að viðbótin gæti eigi átt sjer stað eptir launalögunum. Enda færi lögspekingunum að fjölga, er þingmanninum þykir ráðherrann fara með heimsku eina.

Ásgeir Einarsson kvaðst eigi þurfa neinu að bæta við það, er þingmaður Þingeyinga hefði tekið fram. Hins vegar hefði varaforseti sagt, að enginn mætti taka sjer það illa upp, þó hann fylgdi sannfæringu sinni. Sama kvaðst hann verða að segja fyrir sitt leyti. Eins og hann hefði fylgt sannfæringu sinni 1875, eins yrði hann að fylgja sömu sannfæring sinni nú. Af því hjer lægi ekki fyrir neitt reglulegt lagafrumvarp, þætti sjer vafasamt, hvort breytingaratkvæði landshöfðingja, sem færi fram á að breyta lögum, væri rjett upp borið, eins og það nú kæmi fram. Annað mál væri það, ef hjer væri að ræða um styrk um eitt fjárhagstímabil, en það væri ekki meiningin. Þyrfti hann því síður að fjölyrða um þetta, sem hann sæi fyrir forlög Kartagóborgar, þegar til neðri deildarinnar kæmi. Það væri verið að hafa málssókn sem grýlu á menn, en ef lögin væru skýlaus í þessu efni, þá væri undarlegt að bera þetta undir þingið; ef ráðherrann hefði eigi verið í vafa, sem hann þó væri, eins og sjá mætti af orðum hans til þingsins «í þeirri von, að þingið samþykki» o. s. frv., þá hefði hann útborgað upphæð þá, er hjer ræddi um, upp á sitt eigið eindæmi, án þess að spyrja þingið að. Því það hefði honum verið óhætt, þar sem hann væri ábyrgðarlaus eða verra en ábyrgðarlaus.

Það hefði verið minnzt á kostnað þann, sem leiddi af málssókn í þessu máli, en sjer væri spurn, hvort umræðurnar um mál þetta nú mundu ekki kosta eins mikið. Það væri einmitt þeim að kenna, sem komið hefðu með breytingarnar. Þær yrðu þýðingarlausari, því þessi deild hefði engan krapt móti neðri deildinni, sem sjálfsagt mundi fella þessar breytingar. Þetta gæti þannig orðið tilefni til óvildar milli deildanna. Það hefði og verið sagt, að skrifstofufje væri sama sem laun, en það væri eigi svo, heldur væri því eins háttað og t. d. borðfje, sem stundum væri reiknað meira, stundum minna. Það hefði og verið minnzt á konunglegt veitingarbrjef eða úrskurð, er þetta snerti, en það væri þó tæplega að skoða sem lagaboð, eða að það stæði yfir lögunum, er síðar væru gefin út. Kvaðst hann eigi vilja tala margt um þetta mál, en sig grunaði, að þetta yrði frækorn til annars meira. Slíkt mundi verða óvinsælt hjá alþýðu manna, að fara að rífa upp aptur það, sem hefði verið gjört 1875, og telja mætti vel viðunanleg kjör.

Eiríkur Kúld kvað það enga grýlu vera fyrir sig, þá hótun, sem þingmaður Húnvetninga hefði sagt um kosningar til alþingis næst, og fældi sig alls eigi frá að fylgja sannfæringu sinni, því að hún væri hvorki föl fyrir þingmennsku nje annað. Það kvað hann sjer undarlegt þykja, að þingmaðurinn skyldi enn eigi hafa skilið, að skrifstofufje væri ekkert annað en tekjur, og yrði eigi greint frá þeim; hann mundi og muna eptir reikningi þeim, sem landshöfðinginn hefði minnzt á, frá amtmanninum í suður- og

vesturamtinu, og eigi treystast að vefengja hann, en á honum mætti bezt sjá, hve sanngjarnt væri, að láta amtmanninn eigi hafa meiri skrifstofulaun, en ákveðin væru í launalögunum. Þar sem þingmaður Húnvetninga hefði búizt við óvild milli deildanna út af þessu, þá varðaði sig ekkert um það; sig varðaði að eins um sína eigin sannfæringu. Aðalástæða hans hefði verið sú, að ráðherrann hefði lagt það fyrir þingið, af því að hann hefði eigi verið viss um, að hann mætti breyta skrifstofufjenu upp á sitt eindæmi, en hann mundi víst hafa gleymt ræðu landshöfðingjans, sem þó hefði ljóslega sýnt, að ráðgjafinn hefði gjört það af kurteisi og eigi öðru, og væri svo að sjá, sem þingmanninum væri minna gefið um þá kurteisi af ráðgjafans hendi við alþingi.

Torfi Einarsson kvaðst reyndar eigi mundi skýra mál þetta meir en búið væri, en hann yrði að segja skoðun sína á máli þessu, svo að eigi þyrfti að segja á næsta þingi, að hann hefði verið samdóma þeim, sem samþykktu þetta, af því að hann hefði eigi komið fram með mótbárur í orðum. Meiningu sína um mál þetta á síðasta þingi mætti lesa í þingtíðindunum 1875 á bls. 177, og mundi sjer eigi takast að skýra hana betur nú en þá, enda sýndi 14. og 15. gr. launalaganna fullkomlega ljóst, að sínu áliti, að meining þingsins 1875 hefði verið sú, að fast-ákveða skrifstofulaunin. Það mundi og að sinni ætlun hafa verið gengið svo frá launalögunum síðast, að embættismennirnir skyldu einskis í missa af launununm og skrifstofufjenu til samans; launin mundu þeim mun hærri, sem skrifstofufjeð væri minna en áður, og það hefði verið yfirsjón lagamannanna og varaforseta þá, að leiðbeina eigi, ef þetta væri rangt. Hann kvaðst þá hafa viljað gjöra laun embættismannanna viðunanleg og sómasamleg í þeirri von, að eigi þyrfti að fara að hræra í launalögunum þegar á næsta þingi, og því væri hann enn mótfallinn og þar af leiðandi einnig hækkun á skrifstofufjenu, eins og öðrum tekjum embættismanna.

Af því að 4 þingmenn: Bergur Thorberg, Eiríkur Kúld, Jón Hjaltalín og Magnús Stephensen, beiddust þess, að umræðunum væri hætt, ljet forseti ganga til atkvæða, en gat þess jafnframt, að þótt 4 þingmenn að vísu hefðu óskað, að greidd væru atkvæði um hverja einstaka upphæð í frumvarpinu, þá þætti sjer eigi næg ástæða til að víkja frá hinni almennu reglu í 14. grein þingskapanna, en bar það þó undir atkvæði deildarinnar, og var áskoruninni neitað með 6 atkvæðum gegn 5, og frumvarpið síðan samþykkt með 6 atkvæðum gegn 5.

Forseti kvað það þá verða afgreitt, og sent aptur neðri deildinni.

Á 27. fundi neðri þingdeildarinnar, 1. dag ágústmánaðar, var *frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1878—79*, eins og það hafði verið samþykkt við 3. umræðu í efri þingdeildinni, útbýtt meðal þingdeildarmanna, og skoraði forseti á fjárlaganefndina að láta uppi álit sitt um það.

NEFNDARÁLIT
í málinu um fjáraukalög fyrir árin 1876 og 1877, eins og þau voru samþykkt í efri deild alþingis.

Nefndin hefur að nýju íhugað frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1876—77, eins og það er komið aptur frá efri deild alþingis, og hefur einnig kynnt sjer umræðurnar um málið í tjeðri deild.

Nefndin skoðar málið þannig:

Við 1. Annaðhvort ræðir hjer um að veita fje í viðbót við það, sem amtmennirnir eptir lögum eiga rjett á, og vantar þá skýringar þær, sem 6. gr. launalaganna 15. okt. 1875 gjörir ráð fyrir, því til sönnunar, að tjeðir embættismenn með hæfilegri sparsemi ekki komist út af með það skrifstofufje, sem þeim ber að lögum.

Eða meiningin er sú, að þingdeildin

þýði launalögin og undir eins gefi vottorð sitt um það, hvort hún 1875 skildi launalögin svo, að einnig væri meint skrifstofufje í 7. grein laganna, þar sem svo segir: «Því, sem einhverjum samkvæmt fyrri launaákvörðunum hefur verið lagt meira í tekjur, en lagt er embætti því eða sýslan, sem hann hefur á hendi, í þessum eða öðrum launalögum, heldur hann sem viðbót, sem honum sje veitt fyrir sjálfan hann», og að «þeir embættismenn, sem eptir eldri ákvörðunum hafa aðgang til að fá hærri embættislaun, en ákveðin eru í lögum þessum, skuli einskis í missa við þau». Hvað fyrri part spurningarinnar snertir, sem sje þýðingu laganna, þá gæti það komið til mála, að þingið þýddi þau lög, sem það hefur haft til meðferðar, ef þingið hefði allt löggjafarvaldið; en af því þetta er ekki svo og af því konungur hefur sinn part löggjafarvaldsins, þá er þingið ekki bært um upp á sitt eindæmi að þýða lögin. Yfir höfuð eru löggjafarþing ekki lagaþýðarar. Þýðing laga er falin sumstaðar lögvitringum krónunnar, eins og á Englandi, og alstaðar dómstólunum, og væri það hættulegt fyrir álit þingsins, ef það hrapaði að lagaþýðingum, sem dómstólarnir á síðan gætu ónýtt. Hjer ofan á bætist í því efni, sem hjer ræðir um, að þeir tveir menn, sem eptir stöðu sinni halda svörum uppi fyrir konungsins löggjafarvald, sem sje ráðherra Íslands og landshöfðinginn, þegar eru búnir að kveða upp álit sitt um skilning launalaganna (sjá brjef ráðherrans til landshöfðingjans 8. nóv. 1875, Stjórnartíðindi B, 1875, bls. 102—104; sbr. brjef sama til sama 28. febr. 1876, Stjórnartíð. B, 1876, bls. 34), og er það á þá leið, að orðin í lögunum «þýðist» ekki þann skilning, að skrifstofufje amtmannanna sje óbreytt frá því, sem það var áður en launalögin komu út. Virðist og auðsætt, að skrifstofufje líkt og borðfje hvergi reiknast með «tekjum, sem embættum eru lagðar», því í eptirlaunalögunum er það undanskilið því fje, sem eptirlaun reiknast af, og í Danmörku t. d. veitist skrifstofufje ekki nema fyrir 5 ár í senn, af því það skoðast sem endurgjald fyrir útlagða peninga, en skrifstofukostnaður getur, eins og allir sjá, breytzt svo á 5 ára tíma, að ástæða verði annaðhvort til að hækka endurgjaldið eða lækka. Til þessa lítur og einmitt 6. grein launalaganna, 15. okt. 1875, sem heimtar skýrslur frá embættismönnum um skrifstofukostnað þeirra á hverju reikningsári.

Er nú að eins eptir að rannsaka, hvort ráðherrann hafi rjett að mæla, þar sem hann í síðara brjefi sínu segir svo: «að sjá má á umræðum þingsins, að sú hafi verið tilætlun þess», að amtmennirnir hjeldu skrifstofufje sínu óbreyttu, eins og það var fyrir 15. okt. 1875. Nefndin hefur í umræðunum í neðri deild alþingis leitað þessum orðum ráðherrans stað, en hefur ekki getað fundið nema nokkur orð í ræðu eins þingmanns, sem reyndar var að nafninu til framsögumaður þingnefndarinnar um launalagafrumvarpið, en í raun og veru að eins framsögumaður minni hluta sömu nefndar, er klofnaði, eins og menn muna. Nefndin getur því eigi sannfærzt um, að þetta sje rjett hermt, en verður að álíta, að engin sönnun finnist í umræðunum á þingi 1875.

Af þessum ástæðum, og af því málið er þannig fram borið, getur nefndin ekki fremur en fyr lagt það til, að sú upphæð, sem ræðir um undir tölulið 1., sje veitt. Þingið verður eptir áliti nefndarinnar, að fylgja stranglega 25. grein stjórnarskrárinnar, 2. lið, er skipar svo fyrir, að gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum (í þessu tilfelli launalögunum), skuli, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, færð til með þeim upphæðum, sem einu sinni eru ákveðnar». Með öðrum orðum: nefndin sjer ekki neinn veg til að veita það fje, sem hjer ræðir um, í fjárlögum eða fjáraukalögum, heldur að eins með nýrri laga-ákvörðun, er breyti lögum 15. okt. 1875, 14. grein, og skal nefndin einnig geta þess, að henni virðist stjórnin sjer í lagi eiga að fylgja þessari reglu stranglega fram, því hvar mundi staðar nema, ef hún

gæfi það eptirdæmi, að breyta launalögum með fjárlögum? Mundi þá ekki þinginu vorkunn, þó það, þegar því væri ljúft, fetaði í fótspor stjórnarinnar?

Um hina liði frumvarpsins skal nefndin ekki orðlengja, en að eins vísa til síns fyrra nefndarálits.

Þó væri, ef til vill, vegna þingtímans hagfelldast, að fella allt frumvarpið, en taka upphæðina undir tölulið 3., 4., 5., upp í fjárlögin 1878—1879, sem eptir á veitt (Efterbevilling). Með því mundi sparast lengri rekstur málsins milli beggja deilda og máske í sameinuðu þingi, og komizt hjá, að eyða tíma þingsins frá meir umvarðandi málum.

Arnljótur Ólafsson, framsögumaður. Grímur Thomsen, formaður.
Eggert Gunnarsson. Ísl. Gíslason.
Jón A. Blöndal. Snorri Pálsson.
Tryggvi Gunnarsson.

EIN UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 38. fundi neðri þingdeildarinnar, 11. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til einnar umræðu *frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1876 og 1877.*

Landshöfdinginn sagði, að vegna þess að sjer hefði virzt ákvörðun þessarar heiðruðu deildar um frumvarp það, er hjer lægi fyrir, eigi á nægilegum rökum byggð, en mjög æskilegt að lagfæra hana á þann hátt, sem stjórnarskráin gjörði ráð fyrir, hefði hann álitið sjer skylt, að bera 1. og 2. tölul. frumvarpsins undir atkvæðagreiðslu efri deildarinnar, til þess að hinni heiðruðu neðri deild veittist tækifæri til enn einu sinni að íhuga þetta mál, sem að vísu í fjárhagslegu tilliti væri lítilræði eitt, en sem á hinn bóginn hefði ekki svo litla þýðingu með tilliti til hins innbyrðis trausts milli stjórnarinnar og alþingis, með því að stjórnin í trausti til þess, sem fram hefði farið á alþinginu í hitt eð fyrra, væri búin að ávísa upphæðum þeim, er ræddi um í 1. tölul., af landssjóði, og hefði þess vegna nú beiðzt samþykkis þingsins til þessa. Eptir að efri deildin hefði samþykkt breytingaruppástungur sínar, lægi málið nú í annað skipti fyrir þessari heiðruðu deild til ítrekaðrar yfirvegunar og atkvæðagreiðslu, og kvaðst hann vona, að hinir heiðruðu þingdeildarmenn án kapps ræddu málið og greiddu atkvæði um það. Frá sinni hálfu ætlaði hann eigi að gjöra kappsmál úr þessu frumvarpi, en yrði að biðja hina heiðruðu þingdeildarmenn enn einu sinni að skoða huga sinn, og þá greiða atkvæði eptir sannfæringu sinni, en það hefði einmitt verið tilgangur stjórnarskrárinnar með því að innleiða tvær málstofur, að gefa þingdeildinni kost á þessu. Hann kvaðst eigi ætla að fara í orðakast um þetta mál við hina heiðruðu nefnd, en kvaðst að eins ætla að bæta fáeinum athugasemdum við nefndarálitið. Þar sem nefndin hefði kynnt sjer umræðurnar í efri deildinni, mundi henni vera kunnugt, að hann í efri deildinni hefði skýrt frá skrifstofugjaldi amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu á árinu 1876, en það hefði verið 1726 kr. 29 a.; frá amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu væri samsvarandi skýrsla ekki enn komin til sín. Sjerhver þingmaður, er verið hefði á þinginu 1875, gæti sjálfur dæmt um það, hvort það þá hefði verið meining hans, að embættismenn þeir, er þá hefðu verið, skyldu missa í af tekjum þeim, sem eptir hinum þá gildandi launaákvörðunum bæru þeim, að meðtöldu endurgjaldi fyrir skrifstofukostnað; hann kvaðst að minnsta kosti hafa skilið tilgang þingsins á þann hátt, að sú hefði verið meining alþingis í hitt eð fyrra, að þeir skyldu einskis missa í af þeim tekjum.

Það væri misskilningur frá hálfu hinnar heiðruðu nefndar, þegar hún benti að því, að stjórnin með þessu frumvarpi reyndi til að breyta launalögunum með fjárlögum, því að hjer ræddi einungis um persónulegt tillag, sem eptir hlutarins eðli yrði að veita með hinum árlegu fjárlögum, af því að það lægi fyrir utan launalögin.

Hann kvaðst svo eigi ætla að fara fleiri orðum um þetta mál, en leggja það þannig undirbúið frá sinni hálfu undir atkvæða-

greiðslu hinnar heiðruðu deildar, og skyldi hann bæta því við, að ef deildin felldi 1. og 2. tölul. frumvarpsins, þá ætlaði hann ekki að bera þá upp optar í efri deild þingsins, svo að ekki væri nauðsynlegt að búast við, að málareksturinn yrði lengri með því að samþykkja hina þrjá töluliðina. Af því að hann hefði borið 3. töluliðinn upp eptir áskorun hinnar heiðruðu nefndar, og þingið í einu hljóði hefði samþykkt hann, og af því að hann þegar væri búinn að ávísa nokkru fje upp í þennan tölulið, kvaðst hann gjöra ráð fyrir, að eigi yrði umtalsmál nú að fella þennan tölulið.

Arnljótur Ólafsson kvaðst hafa litlu að svara, einkum sakir þess, að deildinni væri kunnug sín eigin skoðun í málinu, og sú atkvæðagreiðsla, er fram hefði farið í málinu við 3. umræðu þess áður í deildinni, svo og sakir þess, að hann hefði eigi heyrt neinar þær raddir koma frá deildinni, er vottuðu, að deildin væri nú komin á aðra skoðun en þá, er hún hefði áður haft. Það atvik, að landshöfðinginn hefði lagt þessa tvo töluliði, er neðri deildin hefði fellt, undir efri deildina, og fengið þá samþykkta þar með eins atkvæðis mun, væri eigi þannig lagað, að það gæti fengið á sannfæringu neðri deildarinnar eða haft áhrif á hana, og einkum af því, að þetta hefði landshöfðingi gjört einmitt af því, að hann hefði álitið það skyldu sína, að leita einnig álits efri deildarinnar um þetta efni, og hefði hann engan veginn gjört það í nokkru stríði við neðri deildina, heldur væri slíkt beinn stjórnlagarjettur hans. En eins og hann væri samdóma þessari aðferð landshöfðingjans, eins þætti sjer sú yfirlýsing hans vera mildileg, að hann mundi eigi gjöra mál þetta að kappsmáli, ef það yrði nú fellt hjer í deildinni. Þessi ummæli landshöfðingjans væru svo mildileg, að hann kvaðst eigi þurfa mörgum orðum um þetta efni að fara, og væri óþarfi fyrir sig, að bæta nokkru við ástæður þær, er teknar væru fram í nefndarálitinu. Hann kvaðst enn sem fyr verða að álíta, að það væri á góðum rökum byggt, að 1. tölul. yrði felldur; því að öðrum kosti yrði gjörð breyting á launalögunum, ef skrifstofukostnaðurinn væri tiltekinn hærri, en launalögin ákvæðu, enda væri í 15. grein launalaganna skýrt tekið fram, að lagaboðið 21. janúar 1857 um skrifstofupeninga amtmannsins fyrir norðan skyldi úr gildi numið. Landshöfðinginn hefði að vísu sagt, að persónuleg tillög væru eigi beinlínis lög, heldur veitti þingið þau árlega í fjárlögunum; en þótt svo væri, þá fyndist sjer engin sanngirni vera fyrir því, að auka þetta skrifstofufje, og það sízt skrifstofufje amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, einkum þar sem laun hans hefðu verið hækkuð um 700 krónur við hin nýju launalög. Í annan stað vantaði skýrslu frá amtmanni þessum um, að skrifstofukostnaður hans væri eins mikill, hvað þá meiri, en kostnaðurinn væri ákveðinn í 14. grein launalaganna, enda mundu flestir þeir, er til þekktu, og kunnugt væri um skrifstofustörf amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, líta svo á, að amtmaðurinn þar væri fyllilega skaðlaus með það skrifstofufje, er honum væri veitt í launalögunum. En þegar nú þannig væri farið með annan þeirra embættismanna, er hjer um ræddi, þá mundi eigi full ástæða til, að gjöra hinum svo hátt undir höfði, því að þótt svo væri, sem hann heldur alls eigi efaðist um, að þessi kostnaðarreikningur amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu væri rjettur, þá yrði hann að ætla, að auðvelt væri fyrir amtmanninn, að bera minna í kostnaðinn, án þess að nokkuð misstist af tign þeirri og háa gildi, er fylgja ætti brjefum þeim, er færu frá skrifstofu hans. Hann kvaðst fela deildinni á hendur, hvort hún vildi heldur fella 1. og 2. tölulið frumvarpsins, er samkvæmt skoðun sinni gæti komið sjerstakt til atkvæða sem breytingaratkvæði við frumvarpið áður, eða hvort deildin vildi fella frumvarpið allt. Hann kvaðst fyrir sitt leyti heldur vilja leggja það til, að eingöngu tvær fyrstu greinirnar yrðu felldar, með því að landshöfðinginn hefði látið það uppskátt, að hann mundi eigi optar leggja töluliði þessa

fram fyrir efri deildina, því að nú mundi landshöfðinginn geta sagt, að «hann hefði sjeð forlög Kartagóborgar«.

Halldór Kr. Friðriksson kvað sjer eigi virðast það gjöra neitt til, hvort töluliðir þessir hefðu verið samþykktir með litlum eða miklum atkvæðafjölda í efri deildinni, heldur væri undir því komið, hvort þetta væri rjett eða ekki. Það væri vitanlegt, að þingdeildin rjeði atkvæðum sínum, en hún yrði þá einnig að kenna sjer um afleiðingarnar. Sjer gæti eigi þótt það rjett af deildinni, að hún legði slíkt smámál, sem þetta væri, í kapp við stjórninina. Það gæti vel verið, að ráðherra Íslands hefði farið fullvarlega eða jafnvel of varlega í mál þetta, þar sem hann einu sinni hefði borið það undir þingið, en sjer fyndist það eigi rjett af þinginu, að nota sjer af því, að ráðherrann hefði borið það undir þingið, þótt hann hefði álitið sjálfur, að amtmennirnir ættu rjett til þessara uppbótar, sem hjer ræddi um, en hefði þó eigi viljað ganga fram hjá þinginu með þetta. Hann kvaðst því vona, að deildin ljeti sannfærast um þetta efni, enda væri það eigi samboðið deildinni, að taka öfugt í mál þetta, þegar ráðherrann hefði tekið svona vel í það. Þar sem 1. þingmaður Norður-Múlasýslu hefði vitnað til 15. greinar í launalögunum, að með þeirri grein væru hin fornu skrifstofulaun úr lögum numin, þá yrði þingmaðurinn að gá að því, að aðrir konungsúrskurðir væru til um þetta efni, er eigi væru úr lögum numdir, og eigi væru nefndir með einu orði í grein þessari; ef í greininni hefði staðið: «og allir aðrir konungsúrskurðir», þá hefði öðru máli verið að gegna, en í greininni væri að eins getið lagaboðsins 21. janúar 1857; 15. gr. upphæfi því alls eigi þessa konungsúrskurði. Það væri og ljóst, þegar litið væri til þingtíðindanna fyrir árið 1875, að þá hefði þetta verið skoðun framsögumannsins í launamálinu og nefndarinnar yfir höfuð, og hefði enginn þingdeildarmaður þá mótmælt því; gæti hann því eigi gjört mikið úr skilningi eins af nefndarmönnum á þessu nú 1877. Hann kvaðst því ætla, að full ástæða væri til að halda, að skilningur þessi væri rjettur, og ef þingið sjálft hefði eigi haft þá rjett til að skýra sín eigin orð, þá vissi hann eigi, hver hefði rjett til þess; en það dygði eigi fyrir þingið, að koma með aðrar skýringar á orðum sínum árið 1877 en 1875, og gæti hann eigi betur sjeð, en að þingið 1875 hefði fyllilega skýrt sín eigin orð. Þar sem þingmaður Norður-Múlasýslu hefði komið með þá ástæðu gegn máli þessu, að laun amtmannsins yfir norður- og austuramtinu hefðu hækkað við launalögin 1875, þá kæmi það eigi þinginu við í þessu efni; hjer væri að eins að gæta þess, hvort amtmaðurinn hefði sannan rjett til þess, að skrifstofukostnaður hans hjeldist óbreyttur, eða ekki; ef þingið 1875 hefði gjört skakkt í því, að hækka laun amtmannsins, þá ætti að koma með lög um að breyta því aptur í einhverja aðra átt. Þar sem þingmaðurinn hefði vitnað til þess, að skýrslu hefði vantað frá amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu um það, hve mikill skrifstofukostnaður hans væri, þá kæmi slíkt máli þessu ekkert við, og yrði ekkert byggt á því, því að þar sem í launalögunum væri svo ákveðið, að embættismenn þeir, er skrifstofukostnaður væri endurgoldinn, ættu að leggja fram greinilega skýrslu um skrifstofugjöld sín, þá væri það í allt öðrum tilgangi, og væri það til þess, að stjórnin gæti fengið skýrt yfirlit yfir, hver kostnaðurinn væri, og ef þá kæmi til þess, að skrifstofufjenu ætti að breyta, að hún þá gæti sjeð, upp á hverju hún ætti að stinga. Að því er það snerti, er framsögumaður hefði ráðið til, að fyrri hluti frumvarpsins skyldi felldur, en síðari hluti þess samþykktur, þá væri slík aðferð beint á móti þingsköpunum, og væri hjer því eigi um annað að ræða, en annaðhvort að fella allt frumvarpið, eins og það væri, eða þá að taka það; það dygði eigi að velja hjer á milli.

Grímur Thomsen kvaðst vona, að þingmaður Reykvíkinga yrði að játa það, að með lögum mætti konungsúrskurði breyta, því að það þyrftu lög til að breyta lögum. En í sjálfum launalögunum í 2. grein

væri gjört ráð fyrir, «að embættismenn væru skyldir að láta sjer lynda breytingar á embættisstörfum þeirra, þótt eigi væri áskilið neitt um það í veitingabrjefum þeirra»; þannig væri í embættisbrjefum þeirra mælt fyrir um, hversu yfirgripsmikill starfi þeirra skyldi vera, en í launalögunum væri aptur svo ákveðið, að þeir væru skyldir að láta sjer lynda, þótt breyting væri gjörð á verkahring þeirra. Að öðru leyti kvaðst hann eigi ætla að ítreka það, er í nefndarálitinu stæði um þetta efni, því að hann væri sannfærður um, að þetta væri rjett; eigi kvaðst hann heldur ætla að leggja áherzlu á það, þótt kjör annars amtmannsins hefðu batnað töluvert, en hinn amtmaðurinn hefði misst nokkuð af sínu skrifstofufje, heldur kvaðst hann að eins ætla að minna þingmann Reykvíkinga á, að þýðing 6. greinar í launalögunum væri skýrt og greinilega tekin fram í athugasemdum stjórnarinnar við lögin á bls. 150 í alþingistíðindunum 1875: þar segði svo: »þótt eigi sje fundin ástæða til, að stinga upp á, að reglurnar um skrifstofufje skuli almennt endurskoðaðar 5. hvert ár, hefur samt þótt við eiga, að taka upp í greinina ákvörðun, sem er samsvarandi fyrsta lið í 8. grein í tilskipuninni frá 1870, með því það er nytsamt, að stjórninin hafi til skýrslur þær, sem með þarf til að koma endurskoðun við, ef til þess kemur». Af þessu gæti þingmaðurinn sjeð, að skrifstofufje væri allt öðruvísi varið en tekjum, því að skrifstofufje gæti hver stungið upp á að breytt yrði eptir skýrslum, vegna þess að skrifstofufjeð væri eigi svo fast-ákveðið sem tekjurnar, því að það væri eigi annað en endurgjald á útgefnum peningum. Hann kvaðst nú eigi skyldu rengja það, að embættismaður sá, er hjer um ræddi, hefði gefið út meira fje nú hið síðast liðna árið, en hin árin, en það væri hans eigin sök, ef hann vildi vera svo örlátur og höfðinglyndur, en kæmi fjárlaganefndinni alls eigi neitt við, eða þinginu í heild sinni. Hann kvað það ómögulegt, er landshöfðinginn hefði stungið upp á, að deildin gæti fellt 1. og 2. tölul. en látið hina síðari töluliðina standa, því að það kæmi í bága við 14. og 17. grein þingskapanna. Að endingu kvaðst hann vilja láta það í ljósi, að sú hefði verið meining sín á síðasta þingi, að breyta skrifstofufje amtmannanna.

Halldór Kr. Friðriksson kvaðst eigi þurfa að minna þingmanninn á það, að þótt vjer gætum breytt lögum, þá þyrftum vjer þó að taka fram, hverju breytt væri, því að eigi væri nóg, að breyta þeim að eins í huga sínum. Amtmaðurinn yfir suður- og vesturumdæminu hefði áður verið búinn að fá með konungsúrskurði 1600 kr. í skrifstofufje; hjer væri því eigi um það að ræða, að konungsúrskurði þessum væri breytt með launalögunum, þar sem hann hvergi væri nefndur í 15. grein launalaganna, og þótt svo kynni að hafa staðið í veitingarbrjefi amtmannsins, að hann skyldi undirorpinn öllum þeim breytingum, er verða kynnu á embættisstörfum hans, þá næði þessi orð eigi til launa hans; það lægi beint við, að eptir skoðun nefndarinnar mætti taka helminginn af störfum eins embættismanns frá honum, og minnka svo laun hans einnig um helming, og það ímyndaði hann sjer, að 1. þingmaður Gullbringusýslu mundi eigi gjöra sig ánægðan með, að minnsta kosti kvaðst hann með engu móti mundi geta fellt sig við slíkt.

Grímur Thomsen kvað sjer þykja gaman að sjá, hvernig ætti að fara að nema úr lögum allar þær ákvarðanir, er stæðu í embættisveitingabrjefum allra embættismanna; það mundi verða all-umfangsmikill starfi, og flestum of vaxinn, nema ef vera kynni þingmanni Reykvíkinga, er væri svo starfsamur.

Landshöfðinginn kvaðst vilja geta þess, að sjer hefði yfir sjezt í því, að uppástunga hinnar heiðruðu nefndar væri þannig stýluð, að hún kæmi í stríð við það, að hinir 3 síðari töluliðir yrðu samþykktir; en hann hefði með því að bera tölul. 3. upp fyrir hönd nefndarinnar, orðið að ganga út frá því, að nefndin sæi um, að þetta væri óhætt.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og bar forseti því frumvarpið undir atkvæði deildarmanna; fjell atkvæðagreiðslan þannig, að frumvarpið í heild sinni var fellt með 13 atkvæðum gegn 4.

XIII.

Frumvarp

til

laga um endurskoðun jarðabókarinnar frá 1861.

1. grein.

Jarðabókin frá 1861 skal tekin undir gagngjörða endurskoðun.

2. grein.

Það skal falið á hendur nefnd, sem landshöfðingi skipar, og sem 3 menn eru í, einn úr hverju amti, að standa fyrir endurskoðun þessari. Um aðferð þá, sem nefndin skal við hafa við starf það, sem henni er á hendur falið, skal það, sem frekara með þarf, sagt fyrir í erindisbrjefi, sem landshöfðinginn gefur út.

3. grein.

Sýslunefndir og hreppsnefndir skulu láta í tje aðstoð sína við framkvæmd endurskoðunarinnar á þann hátt og samkvæmt þeim reglum, sem nákvæmar verður sagt fyrir um í reglugjörðum, er endurskoðunarnefndin býr til handa þeim. Reglugjörðir þessar skulu vera svo skýrar og greinilegar, að svo mikil trygging sem unnt er fáist fyrir því, að hinni sömu aðferð verði fylgt við framkvæmdina á starfi þessu um allt land.

4. grein.

Þegar annaðhvort endurskoðunarnefndin eða sýslunefnd sú, sem í hlut á, álítur, að nauðsyn sje á því, að ein eða fleiri jarðir sjeu metnar á ný, skal sýslunefndin annast um, að slík virðingargjörð fari fram. Það skal þar að auki frjálst hverjum jarðeiganda eða ábúanda, innan þriggja mánaða frá því að lög þessi öðlast gildi, að bera upp fyrir sýslunefndinni eða endurskoðunarnefndinni umkvartanir sínar yfir því mati, sem nú er á eignum þeirra. Verði þessi umkvörtun eigi tekin til greina, og sýslunefndin eða endurskoðunarnefndin heldur ekki finna ástæðu til, að láta meta jörðina á ný, getur hlutaðeigandi samt krafizt þess, að þetta verði gjört, en verði hin nýja virðing eigi að minnsta kosti $^1/_{10}$ lægri en virðing sú, er á sínum tíma var lögð til grundvallar, þegar dýrleiki jarðarinnar var ákveðinn, skal sá, sem hefur beiðzt nýrrar virðingar, borga kostnað þann, er af henni hefur hlotizt.

5. grein.

Í sýslu hverri skulu 3 greindir menn, sem til eru kvaddir af hlutaðeigandi sýslunefnd, framkvæma virðingargjörðir; skulu þeir leysa starf þetta af hendi samkvæmt þeim reglum, sem endurskoðunarnefndin í því tilliti segir fyrir um, og vera við því búnir, að staðfesta gjörðir sínar með eiði. Sýslumaðurinn stendur fyrir virðingargjörðinni, en tekur eigi þátt í virðingunni. Eiganda jarðarinnar eða ábúanda skal tilkynnt, að virðingargjörð eigi fram að fara, og skal það gjört svo tímanlega, að hann geti verið þar viðstaddur. Sje hann óánægður með verð það, sem sett er á jörðina, getur hann

borið málið upp fyrir endurskoðunarnefndinni, sem leggur úrskurð sinn á það, eptir að hún hefur leitað álits hlutaðeigandi sýslunefndar.

6. grein.

Álíti endurskoðunarnefndin nauðsynlegt, að hún sjálf kynni sjer, hvernig ástatt er, eða hvernig jarðamatið fyr hefur fram farið í hinum ýmsu hjeruðum landsins, eða henni virðist þörf á að eiga fundi við hlutaðeigandi sveitastjórnar-nefndir, til þess að bera sig saman við þær um þau málefni, er fyrir liggja til úrskurðar, skal hún takast á hendur ferðir þær um landið, sem þörf er á í því skyni, einkum á þá leið, að hver nefndarmaður ferðist um sitt amt.

7. grein.

Endurskoðunarnefndin getur krafizt þess bæði af öllum embættis- og sýslunarmönnum og af einstökum mönnum, að þeir láti til allar þær skýrslur, sem hún kann að álíta nauðsynlegar til leiðbeiningar við framkvæmdina á störfum þeim, sem henni er á hendur falin.

8. grein.

Þegar endurskoðunarnefndin á fyr nefndan hátt hefur safnað skýrslum þeim, sem með þarf, skal hún semja uppástungu um þær breytingar á jarðabókinni, sem virðast nauðsynlegar, og skal uppástungan síðan send landshöfðingja til frekari framkvæmda.

9. grein.

Fyrir þá daga, sem ganga til virðingargjörða þeirra, sem getið er að framan, skal veita sýslumanni 6 kr. daglega í fæðispeninga, og hverjum virðingarmanni 4 kr., en eigi skal þeim endurgoldinn sjer í lagi ferðakostnaður.

Þeim, sem sitja í endurskoðunarnefndinni, skal fyrir þann tíma, er gengur til ferða þeirra, goldnar 6 kr. daglega í fæðispeninga, og skal þeim þar að auki endurgoldinn ferðakostnaður eptir reikningi. Þegar nefndin hefur lokið verki sínu, skal enn fremur veita nefndarmönnum þóknun fyrir starf þeirra, og skal ráðgjafinn fyrir Ísland til taka hana.

10. grein.

Allur kostnaður, sem endurskoðun jarðabókarinnar hefur í för með sjer, skal goldinn úr landssjóði, að því undanteknu, sem leiðir af því, sem fyrir er sagt í 4. grein þessara laga, síðasta lið.

ATHUGASEMDIR
við lagafrumvarp þetta.

Eins og drepið er á í athugasemdunum við frumvarp til fjárlaga fyrir 1876 og 1877 15. gr., var skorað á nefnd þá, sem sett var samkvæmt allrahæstum úrskurði 29. oktbr. 1875 til þess að semja ný skattalög og fl., að segja álit sitt um, hvort ástæða væri til að endurskoða jarðabókina frá 1861 jafnframt því, er gjörðar yrðu endurbætur á skattamálunum, og ef svo væri, hvort lagaheimild þyrfti til þess að undir búa slíka endurskoðun. Nefndin hefur nú kveðið já við báðum þessum spurningum, og um leið komið fram með nokkrar bendingar um, hvernig rjettast væri að framkvæma tjeða endurskoðun; skal í því tilliti vísað til álitsskjals nefndarinnar VII. kafla, sem landshöfðingi að mestu leyti hefur aðhyllzt.

Uppástunga nefndarinnar fer einkum fram á, að falið verði hreppsnefndum og sýslunefndum á hendur, að undirbúa þær lagfæringar á jarðabókinni, sem gjöra þarf, og að síðan skuli skipa 3 manna nefnd, til þess að leggja síðustu hönd á verkið.

Reyndar verður eigi við því búizt, að með þessari aðferð verði ráðin fullkomin bót á göllum þeim, sem eru á jarðabókinni, þar sem ávallt mun koma fram nokkur ójöfnuður á mati, sem ýmsir virðingarmenn framkvæma víðs vegar um landið, en með því það bæði mundi taka of mikinn tíma og hafa of mikinn kostnað í för með sjer, ef hin sama jarðamatsnefnd, sem fleiri menn væru í, ferðaðist um allt landið til að meta allar jarðir, hefur stjórnarráðið álitið rjettast, að fylgja tillögum nefndarinnar.

Að því leyti, sem hjer yfir höfuð eingöngu er að gjöra um ráðstafanir til undir-

búnings, væri að vísu í sjálfu sjer ekkert því til fyrirstöðu, að umboðsstjórnin annaðist um undirbúning þennan. En með því að búast má við, að nauðsyn verði á að meta á ný fleiri jarðir, sumpart eptir tilhlutun hlutaðeigandi endurskoðunarnefndar eða sýslunefndar, sumpart eptir beiðni jarðeiganda þess eða ábúanda, sem í hlut á, og virðingar þessar jafnaðarlega hljóta að hafa mikilvægar afleiðingar fyrir hlutaðeigendur, hefur stjórnarráðið einnig fallizt á uppástungu nefndarinnar um, að búa endurskoðunina undir með lagaboði, og hefur því látið semja frumvarp það, sem prentað er að framan, til þess það verði lagt fyrir alþingi.

Lagafrumvarp þetta er byggt á þeirri aðalreglu, að endurskoðunarnefndinni skuli falið á hendur að standa fyrir allri endurskoðuninni, og að hún að vísu megi nota aðstoð hreppsnefnda og sjer í lagi sýslunefnda við störf sín, en þær mega að eins fara eptir þeim reglugjörðum, sem endurskoðunarnefndin hefur gefið þeim til leiðbeiningar. Í þessu tilliti hefur stjórnarráðið haft það fyrir augum, að eigi að ná aðaltilganginum með endurskoðuninni — að koma meiri jöfnuði á jarðamatið — þá verði þetta að eins gjört á þann hátt, að gefnar verði greinilegar, skýrar og samkynja reglur fyrir hinum nýju virðingargjörðum, og þar eð endurskoðunarnefndin verður að semja þessar reglur, flýtur af því, að hana verður að skipa, áður en hrepps- og sýslunefndirnar byrja á störfum sínum, og ekki síðar, eins og skattmálanefndin virðist að gjöra ráð fyrir, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Þar sem það er lagt bæði sýslunefndunum og hreppsnefndunum fyrir í 3. grein frumvarpsins, að láta í tje aðstoð sína við endurskoðunina, skal þess getið, að venjulega muni eigi verða nauðsyn á, að leita til hreppsnefndanna, með því sýslunefndarmenn eru teknir úr hverjum hreppi sýslunnar, og að sýslunefndir ávallt eiga sjer í lagi að annast um virðingargjörðirnar, sbr. 4. grein frumvarpsins, en af því það gæti komið fyrir stöku sinnum, að leita þyrfti til hreppsnefndanna, hefur stjórnarráðið haldið, að einnig ætti að gjöra þeim að skyldu, að láta til aðstoð sína, ef svo ber við, að endurskoðunarnefndin krefst þess, samkvæmt því, sem skattmálanefndin hefur bent til.

Jarðeigendum þeim og ábúendum, sem eru óánægðir með mat það, sem nú er á jörðum þeirra, virðist eiga að gefa kost á, að fá því breytt. Reglurnar um það eru því teknar upp í 4. grein frumvarpsins, og er niðurlagið samhljóða uppástungu landshöfðingja í því tilliti.

5. grein hefur inni að halda ákvarðanir um, hverjir eigi að framkvæma virðingargjörðina, en hinar nákvæmari reglur um framkvæmd á þeim virðast eiga heima í reglugjörðinni. Svo er til ætlazt, að hinir sömu menn skuli framkvæma allar virðingargjörðir, sem koma fyrir í sýslu, til þess hin sama aðferð verði viðhöfð, að svo miklu leyti sem unnt er. Að sýslumaður standi fyrir gjörðinni, er samhljóða þeirri reglu, sem fylgt var við hina fyrri virðingu, sbr. tilsk. 27. maí 1848, 2. og 4 grein. Þeim, sem eru óánægðir með virðingargjörðina, virðist eiga að gefa kost á að bera upp umkvörtun sína fyrir endurskoðunarnefndinni, er leggur endilegan úrskurð á málið, sem sje á rökum byggður.

Ákvarðanirnar í 6. og 7. gr. eru samhljóða uppástungu skattmálanefndarinnar.

Það virðist eigi geta komið til tals, að veita hreppsnefndunum og sýslunefndunum þóknun fyrir störf þeirra, en í 9. gr. frumvarpsins er stungið upp á því, að sýslumönnum sje veitt hin sama þóknun, sem ákveðin er í tilsk. 27. maí 1848, en aptur á móti er borgunin, sem þar er ákveðin handa virðingarmönnunum hækkuð um $^1/_3$. Fyrir ferðir þeirra, sem eru í endurskoðunarnefndinni, um landið, verður að veita þeim endurgjald fyrir ferðakostnað auk fæðispeninga, og að lokum þóknun fyrir starfa þeirra, sem ætla má að eigi verði alllítill.

Að endingu skal þess getið, að það þykir leggja sig sjálft, að hin endilega uppástunga endurskoðunarnefndarinnar um breytingar á

jarðabókinni verði, þegar að því kemur, birt almenningi, áður en hún verður lögð fyrir alþingi, til þess öllum, sem í hlut eiga, verði gefinn kostur á að kynna sjer hana, og, ef til vill, bera upp umkvartanir sínar fyrir alþingi.

FYRSTA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 4. fundi efri þingdeildarinnar, 6. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu *frumvarp til laga um endurskoðun jarðabókarinnar frá 1861*.

Eiríkur Kúld kvað frumvarp þetta í vissum skilningi nauðsynlegt, sökum galla þeirra, er væru á jarðabókinni 1861, en við þá galla hefðu menn nú þegar búið í 16 ár, og ef litið væri til kostnaðar þess, er endurskoðunin mundi hafa í för með sjer, mundu menn, ef til vildi, heldur kjósa að búa við það jarðamat, sem er. Nauðsyn þessa frumvarps væri komin undir því, hverja stefnu skattamálið tæki, að því er fasteign snerti. Hann gæti að vísu hugsað sjer endurskoðun á kostnaðarminni hátt, en farið er fram á í frumvarpinu, en mundi geyma á þessu stigi málsins, að bera fram uppástungu sína um það. Óskaði hann, að málið gengi til 2. umræðu, og að nefnd væri kosin.

Tóku þá eigi fleiri til máls, og áleit því forseti fyrstu umræðu lokið, og ljet forseti ganga til atkvæða um, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt; sömuleiðis, hvort nefnd skyldi kosin, og var það einnig samþykkt; nefndi hann þá til 3 manna nefnd, og voru í hana kosnir:

Jón Pjetursson . með 6 atkv.
Sighvatur Árnason — 6 —
Eiríkur Kúld . . — 5 —

Í nefndinni var formaður kosinn Jón Pjetursson, og Eiríkur Kúld skrifari og framsögumaður.

Var svo málið afhent Jóni Pjeturssyni.

NEFNDARÁLIT
í málinu: konunglegt frumvarp til laga um endurskoðun jarðabókarinnar frá 1861.

Hin heiðraða efri deild alþingis hefur kosið oss í nefnd, til að segja álit vort um frumvarp til laga um endurskoðun jarðabókarinnar frá 1861. Vjer höfum nú nákvæmlega íhugað frumvarp þetta, og er álit vort um það, sem nú skal greina.

Það er óhætt að fullyrða, að mjög miklar misfellur eru á tjeðu jarðamati, sumpart sprottnar af grundvelli þeim, er það var byggt á, þar meta átti hverja jörð eptir því, sem hún sanngjarnlega gengi í kaupum og sölum, en söluverð jarða var mjög misjafnt í hinum ýmsu hjeruðum landsins, þar menn sumstaðar gjörðu sig ánægða með að fá 4% af jörðum sínum eða og minna, en annarstaðar með eigi minna en 6% eða jafnvel meira; sumpart skekktist jarðamatið í meðferðinni, hvað bændakirkjur snerti, og jarðir þær, er sjerstakt gjald liggur á til presta, þar eð matið á þeim var hækkað vegna tollsins, sem þó auðsjáanlega er rangt. Og loksins hafa ýmsar jarðir síðan 1861 mjög breytzt af náttúrunnar völdum, eða og af því, hvernig þær á þessum tíma hafa verið setnar, svo sumar hafa talsvert batnað, og sumar aptur gengið mjög úr sjer.

Allt þetta gjörir það, að endurskoðun á gjörvöllu jarðamatinu frá 1861 ekki að eins er æskileg í sjálfu sjer, heldur og með öllu nauðsynleg, ef nýr skattur verður lagður á jarðagózið hjer á landi.

Vjer álítum það vafalaust, að það eigi að vera mark og mið endurskoðunarinnar, að laga jarðamatið svo, að dýrleiki jarðanna fari eptir gæðum þeirra; en við það hlýtur hún að verða nokkuð torveld, einkum þar jarðamatið var byggt yfir höfuð að tala á söluverði jarðanna, sem, eins og áður var drepið á, eigi getur verið nokkur almennur mælikvarði fyrir gæðum þeirra, sízt ef jöfnuður á að fást á jarðamatinu um allt land. Það kynni nú og að virðast ókljúfandi verk, að ætla sjer að finna gæði hverrar jarðar,

eða hvað lægi í henni, því að rannsaka nákvæmlega jarðveginn á hverri jörðu, er hreinn og beinn ógjörningur eptir því, er hjer á landi til hagar, en vjer álítum, að þessa engan veginn þurfi með, og að nóg sje, að menn mestmegnis fari eptir því, hvern arð hver jörð geti álitizt af skynsömum og kunnugum mönnum að gefa af sjer með góðri ábúð, svo sem hve margar kýr og annar nautpeningur verði þar hafður, hve mikill sauðpeningur og geitpeningur, og hve mörg hross, og eins hve mikinn árlegan arð önnur hlunnindi geti gefið af sjer, sjeu þau nokkurn veginn notuð; að leggja síðan peninginn í hundruð og eins hlunnindin eptir arðinum, er víst hægt; aptur eru það sumar jarðir, einkum þær, er til sjávar liggja, er eigi verða fyllilega metnar á þennan hátt, og þar virðist rjettast, að farið sje eptir leigumálanum, að því leyti hinu eigi verður við komið, eða, ef eigandi býr þar sjálfur, eptir því, hvað jörðin mætti leigjast í samanburði við aðrar jarðir þar, er líkt stendur á með. Skýrslur um allt þetta álítum vjer bezt að hver hreppsnefnd gæfi, að því er jarðir þær snertir, er þar liggja, og hlyti þetta að vera hægðarleikur fyrir hreppsnefndarmenn, og þeir naumast þurfa að ferðast nokkuð til þess.

Eptir að hafa gjört þessar almennu athugasemdir um málið sjálft, skulum vjer nú snúa oss til frumvarpsins, og virðast oss þá reglur þess og ákvarðanir yfir höfuð vel lagaðar og hagkvæmar, til að koma jöfnuði á jarðamatið um allt land með mjög litlum kostnaði. Vjer álítum þannig, að ákvörðunin í 2. gr. um það, að setja 3 manna nefnd, einn úr hverju amti, til að stjórna endurskoðuninni, í alla staði vel lagaða hjer til, eins og það líka á vel við, að nefnd þessi fái erindisbrjef sitt frá landshöfðingja.

Að sýslunefndir og hreppsnefndir láti nefnd þessari í tje aðstoð sína, sem boðið er í 3. gr., er og víst með öllu nauðsynlegt, og eins að nefndin gefi þeim erindisbrjef. Vjer höldum, að betra væri, að sýslunefndum eigi væri yfirlátið, að láta meta upp jarðir, nema ef endurskoðunarnefndin óskaði þess, eða einhver jarðareigandi, því að það gæti vel að borið, að endurskoðunarnefndin eigi hefði fundið ástæðu til slíks endurmats, og að forna matið eigi breytist við hina nýju matsgjörð, og væri þá þetta ónauðsynja-kostnaður. Vjer álítum og, að rjett sje, að lofa eiganda að fá jörð sína endurmetna, ef hann óskar þess, eins og í frumvarpinu stendur, en vjer finnum enga ástæðu til, að gefa leiguliðum slíkan rjett yfir annars manns eign. Svo höldum vjer og, að betra væri að lengja tímann, sem eigandi má bera sig upp um matið, til 6 mánaða, og finnst oss, að 4. grein eigi að breytast þessu samkvæmt. 6. greinin álítum vjer að ætti að falla burtu; vjer skiljum alls eigi, að nokkur þörf geti borið til þess, að endurskoðunarnefndin í heild sinni eða einstakir menn í henni takist á hendur ferðalög þau, er þar eru nefnd, þar sem hún getur fengið allar þær skýrslur og skilríki, er hún með þarf, hjá hlutaðeigendum. Slíkt ferðalag gæti valdið miklum og ónauðsynlegum kostnaði.

Oss virðist, að endurskoðunin gæti vel fram farið þannig, að endurskoðunarnefndin kæmi fyrst saman, þegar landshöfðinginn hefði út nefnt menn í hana og gefið henni erindisbrjef sitt, til þess að semja erindisbrjef handa sýslunefndunum og hreppsnefndunum; síðan sendi hún sýslunefndunum þessi erindisbrjef, er þá aptur sendu hreppsnefndunum erindisbrjef þeirra.

Þegar hreppsnefndirnar hefðu lokið starfa sínum, sendu þær hver sinni sýslunefnd hinar nauðsynlegu skýrslur um hverja jörð í hreppnum; þessar skýrslur hreppsnefndanna sendu aptur sýslunefndirnar með athugasemdum sínum endurskoðunarmanni þeim, er í því amti væri. Þegar skýrslurnar frá öllum sýslunefndunum væru inn komnar, ætti endurskoðunarnefndin aptur fund með sjer, gegnumgengi skýrslurnar og heimtaði af sýslunefndunum frekari upplýsingar, þar sem henni þætti þess þörf; og loksins, þegar skýrslur þær væru inn komnar, kæmi endurskoðunarnefndin saman í síðasta sinn til að semja uppástungur sínar um þær breyt-

ingar á jarðabókinni, er henni virðast nauðsynlegar, sem segir í frumvarpsins 8. grein. Á þennan hátt ímyndum vjer oss að endurskoðunin á jarðabókinni 1861 yrði að verða mjög kostnaðarlítil, en nægilega tryggjandi.

Þessu samkvæmt skulum vjer leyfa oss, að stinga upp á breytingum þeim við frumvarpið, er nú skal greina:

Við 1. grein.

Að orðin «gagngjörða» falli burt, og aptan við greinina sje bætt: «í heild sinni», og er þetta að eins orðabreyting.

Við 4. grein.

1. að orðin: «Annað hvort» og «eða sýslunefnd sú, sem í hlut á» falli burt.
2. Orðin: «eða ábúandi» falli burt.
3. Í stað: «þriggja» komi: «sex».
4. Fyrir orðin: «sem nú eru á eignum þeirra», komi: »sem nú eru á jörð hans», (orðabreyting).
5. Orðin: »á sínum tíma var lögð til grundvallar», falli burt, en aptan við orðin: »var ákveðinn» bætist: »við jarðamatið 1861».

Við 5. grein.

Eptir orðin: »tilkynnt að» komi: »og hve nær».

Við 6. grein.

Grein þessi falli burt.

Talan við greinirnar, sem á eptir koma, breytist þessu samkvæmt.

Reykjavík, 20. júlí 1877.

Jón Pjetursson, formaður. Eiríkur Kúld, skrifari og framsögum. Sighvatur Árnason.

ÖNNUR UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 19. fundi efri þingdeildarinnar, 24. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til laga um endurskoðun jarðabókarinnar frá 1861.*

Framsögumaður (Eiríkur Kúld) gat þess fyrst, að prentvilla væri í breytingunum við 4. gr. 4. staflið: «sem nú eru á» fyrir; «sem nú er á», Síðan minntist hann á, að nefndinni hefði þótt þörf á að íhuga mál þetta, þótt menn enn þá eigi vissu, að hverri niðurstöðu nefndin í skattamálinu mundi komast; hefði henni þótt sú aðferð til að endurskoða jarðabókina 1861, sem bent væri til í frumvarpinu, of kostnaðarsöm, og hefði hún því tekið þá stefnu, sem hún hefði tekið, til þess að kostnaðurinn geti orðið sem minnstur; henni hefði því þótt ráð, að ætla eigi nefnd þeirri, er hún gjörði ráð fyrir að sett yrði, nein ferðalög um landið, nema til þess að halda fund sín á milli, enda mundi eigi tilgangurinn nást með því betur en á þann hátt, sem nefndin ætlaðist til.

Sighvatur Árnason kvað sjer þykja nauðsynlega endurskoðun á jarðabókinni 1861, en það væri ein breyting hjá nefndinni, sem hann hefði eigi getað fellt sig við, þótt hann eigi hefði látið prenta sjerstakt álit sitt um það, og væri það breyting nefndarinnar við 1. lið í 4. gr. frumvarpsins. Hann kvaðst vilja halda þar frumvarpinu óbreyttu, og þykja fullkomin þörf á, að hver sýslunefnd segði álit sitt um, hvort jarðir í hennar umdæmi ættu að metast eða eigi, og hverjar meta skyldi, ef nokkrar væru. Annars mundi endurskoðunarnefndin hafa svo mikinn grúa af skýrslum að skoða, að það yrði ókljúfandi verk fyrir hana að dæma eptir þeim, hvað meta skyldi og hvað eigi. Þótti honum því bezt, að sýslunefndir fengju fyrst allar skýrslur og álit hreppanefnda, og að því yfirveguðu í sýslunefndinni segði hún fyrir um, hvaða jarðir skyldi meta, eptir þeim reglum, sem settar verða um það. Kvað hann sýslunefndunum hljóta að vera hægra, að fá ljósa hugmynd um hverja jörð í sýslunni en yfirskoðunarnefndinni, enda væri og hart, ef svipta ætti sýslunefndirnar atkvæðisrjetti í þessu máli um það, hvort nokkra jörð eða enga skuli meta í sýslunni, sem engum ætti að vera kunnugra eða hægra að dæma um en þeim. Þegar yfirskoðunarnefndin hefði skoðað álit sýslunefndanna og það mat, sem fram væri farið, þá gæti hún tekið til greina umkvartanir einstakra manna, og látið meta

það, er henni sýndist við eiga. Það kvað hann sjer þykja mjög miklu varða, hvernig erindisbrjef yfirnefndarinnar, sýslunefnda og matsmanna yrði úr garði gjört; reyndar vantreysti hann eigi landshöfðingjanum í því efni, en sjer þætti vel eiga við, að þingið gæfi ljósar bendingar í þá átt, því vandinn lægi næstum allur í því, hvað þetta mál snerti, að þessi erindisbrjef væru vel úr garði gjörð.

Torfi Einarsson kvað sjer jafnan hafa þótt almennt jarðamat svo miklum erfiðleikum bundið, að hann vildi vera laus við það sem lengst, enda væri eigi óumflýjanleg nauðsyn á því nú, þó að ábúðarskatturinn kæmist á, því að öll líkindi væru til, að hann yrði eigi mjög hár, og ef hann yrði eigi miklu hærri en tíundin, væri eigi þörf á því, með því að það gjörði þá lítið til, hvort jörðin væri metin lítið eitt hærra eða lægra, en sanngjarnast væri. Það mundi og hjer um bil ómögulegt, að jafna svo saman jörðum um allt land, að fullkominn jöfnuður og sanngirni fengist í matinu, enda sæi hann eigi af nefndarálitinu, að þar væri gefin nein betri leiðbeining í þá stefnu, en áður hefði verið fylgt. Nefndin talaði fyrst um í áliti sínu, að eigi yrði farið eptir söluverði á jörðunum, með því að sumir gjörðu sig ánægða með 4%, en sumir með eigi minna en 6%, og væri hann henni samþykkur í því efni. Hún talaði og um, að jarðamatið hefði sumpart skekkzt í meðferðinni, hvað bændakirkjur snerti og jarðir þær, er prestsmata lægi á; það kvaðst hann og vita að satt væri, því að í Strandasýslu þekkti hann 2 jarðir, sem væru skakkt metnar af þessum ástæðum. Önnur væri kirkjujörð, sem nefndin í jarðamatinu 1861 hefði látið meta upp, svo nú væri hún 15 hndr., af því að varp fylgdi jörðinni, en nú notaði bóndinn eigi varpið, heldur hefði presturinn löngu áður, en matið fór fram, tekið það, og þess vegna hefði bóndinn að eins 4 hndr. kot, en ef ábúðarskattur skattanefndarinnar fengi framgang, þá yrði bóndinn að greiða 15 ál. eptir jörðina, en eigi 4 ál., og sæi þó hver maður, hve sanngjarnt það mat væri. Hin jörðin væri bændaeign, en prestsmata hvíldi á henni (5 fjórðungar af smjöri), og nefndin 1861 hefði látið meta hana til hundraða, eins og prestsmatan væri innifalin í leigunni. Af þessu sæist, að mönnum gæti eins skjátlazt í Reykjavík eins og upp til sveita, og væri hægt að draga þessa viðauka frá, og borgaði þá hver tekjuskatt af því, sem hann nýtur. Þá kvaðst hann vilja athuga það, sem nefndin vildi nú leggja til grundvallar, nefnilega að farið væri mestmegnis eptir því, hvern arð hver jörð geti álitizt að gefa af sjer með góðri ábúð. Með orðunum «góðri ábúð» mundi nefndin líklega ekki meina verulega góða ábúð, það er að segja, að jörðin væri notuð sem bezt mætti verða, því að þá ábúð mundi hvergi að fá á Íslandi, en hún mundi meina þá ábúð, sem hjer væri kölluð heldur góð, og vilja fara eptir þeim arði, sem jörðin gæfi af sjer við slíka ábúð, en þá mundi koma fram sá galli á þessari grundvallarreglu, að þær jarðir yrðu hæst metnar, sem bezt væru setnar, án þess þó að þær væru betri í sjálfu sjer en hinar, sem illa væru notaðar, og afleiðingin yrði sú, ef ábúðarskatturinn kæmist á, að þeir, sem bezt hefðu setið jarðir sínar, fengju það að launum, að mega greiða hæstan skatt, eða með öðrum orðum, að landssjóðurinn launaði þeim, sem hefðu setið jarðir illa, en næði sjer reyndar aptur á þeim, sem hefðu setið þær með dugnaði. Þá væri enn, að nefndin áliti hægt, að leggja pening í hundruð eptir arði jarðar, en þá kvaðst hann vilja biðja nefndina að íhuga það, að 8 sauðir fullorðnir væru lagðir í hundrað, og aptur 1 kýr, og mundi nefndin þó vita, að þær skepnur væru misþungar á fóðri. Loks hefði nefndin neyðzt til, að grípa til afgjaldanna, þegar um sjávarjarðir væri að ræða, því að henni hefði víst ekki þótt hægt, að leggja aflann í hundruð, enda mundi og eigi gott, að meta dýrleika jarða eptir honum, því að hann þekkti þær jarðir, eða þó heldur heil sjópláss, sem engan afla hefðu fengið úr sjó í mörg samfleytt ár, þótt þar hefði orðið

aflavart endrarnær. En afgjald sjávarjarða mundi þó ætíð nokkuð miðað við aflann, og væri því hæpið að fara eptir afgjöldunum við þær jarðir eins og annarstaðar, þegar um fast jarðamat væri að ræða, þó afgjöldin væru sá eini rjetti grundvöllur fyrir tekjuskatti, þegar þau eru talin árlega fram. Af þessum ástæðum kvaðst hann verða að vera mótfallinn frumvarpi þessu, því að hann sæi eigi, að það gæti bætt jarðamatið 1861 neitt verulega, en töluverðan kostnað hlyti að leiða af því, að fara að káka við það, og sá kostnaður væri að sínu áliti óþarfur. Að minnsta kosti væri eigi rjett að koma með þetta mál inn á þing, fyr en útsjeð væri um, hvernig færi um ábúðarskattinn.

Árni Thorsteinson kvað þingmann Strandasýslu hafa tekið af sjer ómakið viðvíkjandi sambandi máls þessa við skattamál landsins. Sjer fyndist þetta mál standa í nánu sambandi við skattamálið, en því máli þyrfti að ljúka á undan, svo að menn hefðu ljóst yfirlit á því, hvernig fyrirkomulagið væri á sköttum þeim, er lagðir yrðu á fasteignirnar. Hann áleit það eflaust satt vera, að gallar væru á jarðamatinu 1861, en vandasamt mundi að finna hinn greiðasta veg til að bæta úr þeim. Frumvarp stjórnarinnar ráðgjörði endurskoðun á jarðamatinu í heild sinni og nefndin benti á ýmisleg atriði því viðvíkjandi, en um það væri mest að gjöra, að finna sem greiðasta vegi, til að leiðrjetta jarðamatið, og til þessa heyrði að sjá, hverjir gallar eru á jarðamatinu frá 1861, og hvað það sje, sem að þurfi lagfæringar. Ef að menn flettu upp jarðabókinni frá 1861 og tækju fyrir einstakar jarðir og bæru þær saman, kæmu misfellur fljótt fram, en þetta væri eigi eins augljóst, þegar um heil hjeruð væri að ræða, þær misfellur mundu vera nokkrar, en það væri alls ekki hægt að meta þær, nú sem stendur á þessu stigi málsins. Það lægju 3 vegir til að lagfæra jarðamatið: að búa til nýtt eða svo gott sem nýtt jarðamat, eins og frumvarpið færi fram á, að lagfæra jarðamatið eptir jarða-afgjöldunum, eins og gjört hefði verið síðast, eða að jafna hinar mestu ójöfnur, með því að setja dýrleikann niður hjá þeim, sem hefðu orðið fyrir ofháu mati. Hann áleit, að rjettast væri að taka jarðamatið og bera það saman við afgjöld jarðanna, eins og það er nú. Það sæist fyrst ójöfnuðurinn á matinu, að því leyti það ekki væri samkvæmt afgjaldinu, og er menn vissu, um hvað væri að ræða, kynni að opnast greiðari vegur en sá, sem fram á er farið til að lagfæra matið. Menn mundu þá sjá ef til vill, að víða þyrfti einungis litlar breytingar að gjöra. Það gæti hæglega svo farið, að mestu ójöfnurnar hyrfu með því að lækka á þeim, sem hefðu orðið of hart úti. Að vísu væri þá eigi hækkað á þeim, er hefðu of lágt mat, en það væri munur á því, hvort að einstökum væri órjettur gjör; þessu yrði ætíð að breyta. Ef einhver kæmist vægar af í matinu, yrði hann ekki fyrir órjetti, heldur hefði ekki alls verið krafizt af honum, sem rjett var að heimta. Ef að litið væri frá þessum ókosti, væri þó nokkur bót ráðin á, með því að hækka matið hjá þeim, sem hefðu of hátt mat. Hann kvað sjer því þykja nauðsynlegt, að útvegaðar væru skýrslur um afgjald jarðanna og fresta máli þessu, unz þær væru fengnar, og hlutfall jarðamatsins og afgjaldanna reiknað út. Að hans áliti ætti þó ekki að styðjast við afgjaldsskýrslurnar einar, heldur hafa einnig til hliðsjónar t. a. m. söluverð jarða og álit sýslunefnda um einstakar jarðir o. s. frv. Þar sem nefndin vildi forðast allan ferðakostnað fyrir jarðamatsnefndina, þá væri það að vísu gott, ef komizt yrði hjá honum, en reyndin mundi á endanum verða önnur, og ef ferðirnar yrðu nauðsynlegar, mundu þær ákveðnar allt fyrir uppástungur nefndarinnar. Yfir höfuð vildi hann, að málið væri látið bíða, unz skýrslur og upplýsingar væru fengnar, er sýndu verulegustu galla á því núverandi jarðamati.

Benidikt Kristjánsson kvað hinn 6. konungkjörna þingmann og þingmann Strandasýslu hafa að miklu leyti tekið fram, það er hann vildi sagt hafa, en það vildi hann þó taka fram, að þó jarðamatið hefði kostað afar-

fje, og hinir hyggnustu menn hefðu unnið að því með áhuga og vandvirkni, þá væru þó gallarnir mjög miklir á jarðabókinni 1861, bæði með tilliti til þess, hve ójafnt einstakar jarðir eru metnar í sama hjeraði, og einkanlega hve mikill mismunur væri á jarðamatinu í hinum ýmsu hjeruðum á landinu. Mönnum mundi kunnugt vera, að jarðir væru hundraðafæstar í Múlasýslum og Skaptafellssýslum, ef þær væru bornar saman við aðrar sýslur, og þó að farið væri að meta jarðir eptir því, sem frumvarpið rjeði til, þá mundu þær misjöfnur alls eigi hverfa. Ef bornar væru saman einstakar jarðir, þá sæist fljótt, að matið mismunaði mjög frá gæðum jarðanna. Flestum mundi kunnugt, að Kirkjubær á Síðu og Hörgsdalur væru eigi líkar jarðir til afnota, eins og Rauðará hjer hjá Reykjavík, eptir hundraðatali sem er á þessum jörðum; hið sama kæmi og fram, ef Rauðará væri borin saman við Engey, að munur þeirra væri allt of lítill eptir hundraðatali. En nú væri þess að gæta, að þótt nefndin benti á kostnaðarminni aðferð til að endurskoða jarðamatið, en seinast hefði verið, þá væri aðferð hennar alls eigi nógu tryggileg til, að fyrirbyggja misfellur á jarðamatinu, svo að eigi yrðu nokkurn veginn sömu gallarnir og áður, eða þá aðrir engu betri. Kvaðst hann því helzt óska, að frumvarp þetta væri fellt nú þegar, en ef það þætti eigi ráð, að því yrði þá frestað, þar til er sjeð væri, hversu skatta skyldi á leggja, því að ef ábúðarskatturinn yrði mjög lágur, þá væri gott að hlífa mönnum við þeim kostnaði, er leiða mundi af jarðamatinu, enda þætti sjer ekki óhugsandi, að skattur yrði eigi lagður á jarðarhundruð, með því að hundruðin væru mjög óviss undirstaða undir skatti, þar sem sumar jarðir gætu orðið fyrir stórskemmdum í einni stórrigningu, ef skriður kynnu að hlaupa á tún eða engjar, en aptur aðrar batnað stórum að því er engjar snerti, ef vatnsföll yxu og bæru leir á engið o. s. frv. Ef skattur væri lagður á hvert hundrað, þá sæist, hve ósanngjarnt væri, að hann yrði sá sami, þótt jörðin batnaði eða versnaði, en afgjaldið mundu eigendur jarðanna hækka eða lækka eptir því, hvernig um jarðirnar færi. Það væri því sitt álit, að skatt ætti eigi að leggja á jarðarhundruð, og því þætti sjer einnig litlu varða, hvort jörðin væri einu hundraði dýrari eða ódýrari, og væri hann því mótfallinn frumvarpinu.

Stefán Eiríksson kvaðst eigi vera samþykkur þessum þremur þingmönnum, er síðast hefðu talað í máli þessu í þá stefnu, að eigi væri nauðsyn á frumvarpi þessu, því að hann vissi eigi betur, en nauðsyn væri á því um allt land. Fyrst væri það mikill galli á jarðamati því, er nú gildir, að þær jarðir, er áður hefðu haft allt land óskipt, nema tún og engjar, væru klofnar sundur, og þannig gefið tilefni til megnustu þrætu milli sameiganda. Í öðru lagi væru 3 eða 4 jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu, sem lægju undir stórskemmdum af sandfoki og hefðu mjög skemmzt síðan 1861. Svo væru og margar jarðir á Jökuldal, sem nú væru nærri eða alveg í eyði fyrir öskufallið. Allt þetta sýndi, að nauðsyn væri á endurskoðun jarðabókarinnar, því að þótt skattur yrði aldrei lagður á jarðirnar, þá lægju þó á þeim prestsgjöld og fl., sem yrði að meta eptir hundraðatali. Þá athugaði hann breytingar nefndarinnar og kvað sjer vel líka, að 6. grein væri felld burtu, en þar á móti vildi hann eigi missa þær ákvarðanir úr 4. gr., að sýslunefndir skyldu segja álit sitt um jarðamatið, hver í sinni sýslu, því að þær hlytu að vera kunnugri en yfirskoðunarnefndin.

Framsögumaður kvaðst nú lengi hafa setið og hlýtt á ræður manna, og þætti sjer það vel, að enginn hefði sýnt verulega galla á nefndarálitinu. Þingmaður Þingeyinga hefði einn viljað fella málið frá 3. umræðu, en haft engar fullgildar ástæður til þess, enda hefði hann að öðrum kosti viljað fresta því eins og þingmaður Strandasýslu og hinn 6. konungkjörni þingmaður, og væri það þó skynsamlegra. Hann hefði talað um kostnað, sem af endurskoðuninni mundi leiða, en ef hann læsi nefndarálitið ofan í kjölinn, mundi

hann hljóta að sjá, að hann yrði alls eigi mikill; úr því nefndinni væru engar ferðir ætlaðar til að meta jarðir að nýju. Hann hefði talið ómögulegt að bæta úr misfellum á jarðamatinu, og það mundi nú að vísu verða að nokkru leyti erfitt, svo að einhlítt sje, því að jarðamatið nýja mundi verða eins og hver önnur mannaverk eigi alfullkomið, og við því mundi heldur enginn búast, en það væru líkindi til, að það yrði fremur vel úr garði gjört, ef það væri byggt á áliti hreppsnefnda og sýslunefnda. Aðalatriðið í máli þessu væri erindisbrjef landshöfðingja fyrir endurskoðunarnefndina og reglur þær, sem hún ætti að gefa sýslunefndum; og ef það yrði heppilega úr garði gjört væri miklum steini úr götu velt. Nefndin hefði hugsað sjer samning brjefsins svo, að landshöfðinginn talaði við þá, er valdir yrðu í jarðamatsnefndina, eptir að þingi væri lokið, og þeir kæmu sjer saman um störfin. Síðan skyldu nefndarmenn fara heim til sín og safna skýrslum í vetur, koma svo aptur saman að vori hjer í Reykjavík og bæru saman skýrslurnar, og hefðu svo næsta vetur til að útvega nákvæmari skýrslur um það, er með þyrfti til að koma á sem mestum jöfnuði, kæmu síðan saman í Reykjavík vorið 1879 og hefðu þannig lokið starfa sínum áður en þing kæmi saman 1879. Þar sem þingmaður Rangæinga hefði viljað halda sýslunefndinni í 4. gr., þá væri honum innanhandar að koma með breytingaratkvæði í þá átt. Gallarnir væru reyndar eigi eins miklir innan sýslu, eins og þegar 2 eða fleiri sýslur væru bornar saman.

Torfi Einarsson kvað þingmann Skaptfellinga hafa minnt sig á eitt, sem væri móti frumvarpi þessu, þar sem hann hefði talað um, að jarðir með óskiptu landi hefðu verið klofnar sundur í seinasta jarðmati, og það væri einmitt landamerkjaþrætunar, því að það væri nálega hver jörð, sem á einhverja hlið hefði óglögg landamerki, og úr því sýndist sjer þurfa að bæta, áður en farið væri að meta jarðirnar, en það mundi eigi svo auðgjört, og eiga langt í land. Þar sem þingmaður Þingeyinga hefði talað um mismun á Rauðará og Engey, þá mundi hann einmitt vera kominn af því, að Rauðará hefði verið ver setin en Engey, síðan jarðamatið hefði verið gjört 1861, og væri það til sönnunar því, sem hann hefði áður sagt um mál þetta. Ef sá mælikvarði, sem hinn 6. konungkjörni þingmaður hefði bent til og nefndin viljað hafa, þar sem um sjávarbændur væri að ræða, nefnilega að afgjöldin yrðu tekin til að meta tekjuskattinn eptir, þá væri þetta mál óþarft.

Sighvatur Árnason kvað sjer þykja það undarlegt, að nokkrir skyldu ráða frá endurskoðun jarðabókarinnar, þar sem jafnmiklir gallar væru á jarðamatinu eins og allir könnuðust við að væru, og það þeir, sem þó í hinu orðinu vildu ráða frá því, sjer þætti það of mikið vantraust til landsmanna, að þeir mundu ekki geta fært í lag sýnilega galla og misfellur á matinu eins og hverju öðru, sem verið væri að breyta til bóta; mundi þó mega bæta það mikið, þótt það yrði eigi gjört óaðfinnanlegt; það væri að sínu áliti mikill ábyrgðarhluti fyrir þingið að vísa málinu frá svo búnu. Hann kvaðst vera samdóma framsögumanni um, að erindisbrjefið væri mjög vandasamt, því að það hefði mest spillt fyrir jarðamatinu 1861, að reglurnar hefðu eigi verið góðar, þar sem menn hefðu farið eptir söluverði jarða, sem hefði verið svo ólíkt sýslna í milli, en eigi sönnum gæðum þeirra. Hinn rjetti mælikvarði væri arður jarðarinnar. Arðberandi gripi þá, sem jörðin framfleytti í meðalári, ætti að leggja í hundruð, og meta eptir því hundraðatal jarðarinnar, og hlunnindi þar að auki, ef þau ættu sjer stað. Afgjaldsskýrslur þær, er hinn 6. konungkjörni þingmaður hefði talað um, væru alls eigi hentugar til að jafna jarðamatið innbyrðis, en tillit kynni mega hafa til þeirra til að jafna hlutfallið milli sýslnanna, og væri því gott að hafa þær við höndina, er laga ætti hlutfallið milli sýslna á sínum tíma, áður en jarðamatið verður löggilt. Ef menn felldu þetta frumvarp, kvaðst hann vilja að numin væri

úr lögum jarðabókin frá 1861 og gjört aptur gildandi hið forna hundraðatal; því jarðabókin frá 1861 hefði bæði í sjer miklar villur og ójöfnuð, og hefði þess utan opt valdið vafa og villum um sameiginleg rjettindi, og í tilbót smásmuglegum brotareikningi. Sameignarrjettindi manna ættu að byggjast á fornu hundraðatali, en í því hefði mönnum skjátlazt við síðasta matið. Til þess að afstýra því, að jarðamatið yrði eigi fært of mjög niður í hverri sýslu í heild sinni, þyrfti að setja eitthvert stig, sem eigi mætti fara niður úr með hundraðatalið á sýsluheildinni, og ætti það helzt að vera gamla hundraðatalið.

Landshöfðinginn kvaðst hafa hugsað sjer, ef frumvarp þetta yrði samþykkt og staðfest, að bera sig saman við þá, sem hann kysi í nefndina um reglurnar fyrir endurskoðuninni, og mundi haga undirbúningnum líkt og framsögumaður hefði bent á. Eptir umræðum þeirra þriggja þingmanna, sem hefðu mótmælt frumvarpi þessu, hefði sjer skilizt svo, sem þingmaður Strandasýslu vildi ekkert jarðamat hafa, 6. konungkjörni áliti, að gallarnir á jarðamatinu 1861 væru eigi svo miklir, sem almennt væri haldið, og þingmaður Þingeyinga teldi þá svo stóra, að eigi væri hægt að laga þá, en allir væru þeir þó samþykkir í því, að gallar væru á jarðamatinu sem er. Frumvarp þetta miðaði til, að bæta úr þessum göllum, og væri því eigi umtalsmál að fresta því, þangað til skattamálsnefndin hefði lokið starfi sínu, því að það væri nauðsynlegt hvort sem væri.

Forseti bar þá undir atkvæði samkvæmt 33. gr. þingskapanna, hvort umræðunum skyldi eigi lokið, og var það samþykkt í einu hljóði. Leitaði hann svo atkvæða um breytingar nefndarinnar og hinar einstöku greinar frumvarpsins.

Breyting við 1. gr. samþykkt með 8 atkv.
og 1. gr. þannig breytt — 8 —
2. gr. . . . . — 8 —
3. — . . . . . — 8 —

Breyting við 4. gr. 1. lið felld með 8 gegn 3
— — 4 — 2. — — — 7 — 2
— — 4. gr. 3. — samþ. með 10 gegn 1
— — 4. — 4. —— — 7 —
— — 4. — 5. —— — 8 —
4. gr. með breytingum samþ. með 9 atkv.
5. gr. samþykkt með 8 atkv.
6. gr. felld með 8 atkv.
7., 8., 9., 10., gr. samþykktar hver með 8 atkv.
Fyrirsögnin samþ. með 8 atkv.

Að frumvarpið gengi til 3. umræðu samþykkt með 8 atkvæðum gegn 3.

BREYTINGARATKVÆÐI
við frumvarp til laga um endurskoðun jarðabókarinnar frá 1861,
eins og það var samþykkt við aðra umræðu.
Frá nefndinni.

Í 4. grein. Orðin: »eða ábúandi» falli burt.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 22. fundi efri þingdeildarinnar, 27. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu *frumvarp til laga um endurskoðun jarðabókarinnar frá 1861.*

Framsögumaður (Eiríkur Kúld) kvaðst vera samþykkur breytingu þeirri, er fram hefði komið við frumvarp þetta, að orðin »eða ábúandi» falli burt, og þá yrði orðið »hlutaðeigandi» í síðasta lið 4. gr. að líta einungis til jarðeiganda.

Torfi Einarsson sagði, að eptir frumvarpinu þá mætti leiguliði bera upp kvartanir, ef honum þætti ranglega metið, en þessum rjetti vildi breytingaratkvæðið svipta hann, og þætti sjer það undarlegt, að eigi skyldi mega taka til greina kvartanir leiguliða, sem bæði ætti að bera skatta og tíundarálögur af jörðunni, og þar að auki mundi vera fullt eins kunnugur og eigandinn, og geta fullt eins vel bent á galla jarðarinnar. Ef frumvarp þetta yrði að lögum, sem hann þó vildi

að eigi yrði, þá mætti breytingaratkvæði þetta sofna.

Framsögumaður kvaðst skilja breytinguna svo, að ábúandi gæti eigi heimtað, að breytt yrði mati, heldur heimtað nýtt mat á jörðinni, hvort sem sýslunefnd eða endurskoðunarnefnd eða eigandi áliti þess þörf eða ekki. Annars hefði hann eigi aðhyllzt hana.

Stefán Eiríksson kvaðst ætla, að betra væri, að breytingaratkvæði það, er hjer væri fram komið við 4. gr., væri fellt, því ábúandi ætti þó að hafa frjálsræði til að bera sig upp um matið á jörðunni, þegar jörðin væri þjóðjörð, því umboðsmaður, sem eigi væri eigandi jarðarinnar, fyndi eigi ástæðu til að breyta matinu og þá að líkindum ekki hið opinbera, en leiguliði, sem þekkti jörðina betur, gæti fundið ástæðu til þess að matinu á jörðunni væri breytt.

Jón Pjetursson kvað það undarlegt, ef maður, sem ljeður væri hlutur, mætti hringla með hann, eins og hann vildi, þar sem þó eignarrjetturinn og það sem af honum flyti, að notkuninni undantekinni á leigutímanum, væri honum alveg óviðkomandi. Ef »hlutaðeigandi» lyti til «ábúanda» síðar í 4. gr., þá gæti ábúandinn heimtað og fengið breytt dýrleika ábýlisjarðar sinnar, án þess eigandi nokkuð af vissi, og skaðað þannig eigandann, sem fengi þá t. d. minna lán upp á jörðina, ef hann veðsetti hana, og minna fyrir hana, ef hann seldi. Ábúandi mætti eigi hafa rjett til að skaða eigandann; slíkt væri eigi samkvæmt löggjöfinni um rjettarsamhandið milli eiganda og leiguliða.

Torfi Einarsson kvaðst eigi ætla að þrátta við þingmann þann, er síðast mælti, um skaða þann, er eigandi gæti orðið fyrir, ef jörðin færðist niður. En undarlegt væri það, að leiguliði mætti eigi kvarta, því ef sýslunefnd eða endurskoðunarnefnd þætti kvörtun hans eigi á rökum byggð, þá yrði hann sjálfur að borga, og mundi hann því eigi gjöra sjer leik til þess, að fá jarðamatinu breytt, en ef ástæður hans væru á rökum byggðar, þá yrði matinu breytt, og þá yrði það eigandanum annaðhvort til skaða eða ábata, og það sýndi, að þörf væri á matinu.

Sighvatur Árnason kvaðst ætla, að þessi breyting gjörði lítið til; það gæti að vísu valdið nokkurri fyrirhöfn og rekagátt, ef margir ábúendur krefðust breytingar eða nýs mats. En ef það væri fellt úr, þá væri ábúanda eigi þar með bannað, að bera sig upp við hreppsnefnd og sýslunefnd, áður en matið færi fram. Sýndist sjer því breytingaratkvæði þetta hættulaust, og gæti hann gefið því atkvæði sitt.

Framsögumaður kvað sjer þykja skynsamlegar ástæður þingmanns Rangæinga í þessu efni, því það væri vitaskuld, að ábúanda væri eigi með breytingaratkvæði þessu bannað, að bera sig upp við nefndirnar og segja þeim, að sjer þyki ábúðarjörð sín ofhátt metin. Viðvíkjandi því, sem þingmaður Strandasýslu hefði sagt um ófullkomlegleika þessa frumvarps, þá væri það eins og hvert annað mannaverk eigi fullkomið, en þingmaðurinn hefði þó eigi komið fram með neina uppástungu til að ráða bót á því, sem honum þætti ábótavant.

Síðan var gengið til atkvæða um breytingaratkvæði nefndarinnar við 4. grein, og fellt með 7 atkvæðum móti 4, en frumvarpið, eins og það þá lá fyrir, samþykkt með 7 atkvæðum gegn 3. Kvað þá forseti frumvarpið verða sent forseta neðri deildarinnar, og var það nú þannig hljóðandi:

FRUMVARP
til laga um endurskoðun jarðabókarinnar frá 1861.

1. grein.

Jarðabókin frá 1861 skal tekin undir gagngjörða endurskoðun.

2. grein.

Það skal falið á hendur nefnd, sem landshöfðingi skipar, og sem 3 menn eru í, einn úr hverju amti, að standa fyrir endurskoðun þessari. Um aðferð þá, sem nefndin skal við hafa við starf það, sem henni er á hendur falið, skal það, sem frekara með þarf,

sagt fyrir í erindisbrjefi, sem landshöfðinginn gefur út.

3. grein.

Sýslunefndir og hreppsnefndir skulu láta í tje aðstoð sína við framkvæmd endurskoðunarinnar á þann hátt og samkvæmt þeim reglum, sem nákvæmar verður sagt fyrir um í reglugjörðum, er endurskoðunarnefndin býr til handa þeim. Reglugjörðir þessar skulu vera svo skýrar og greinilegar, að svo mikil trygging sem unnt er fáist fyrir því, að hinni sömu aðferð verði fylgt við framkvæmdina á starfi þessu um allt land.

4. grein.

Þegar annaðhvort endurskoðunarnefndin eða sýslunefnd sú, sem í hlut á, álítur, að nauðsyn sje á því, að ein eða fleiri jarðir sjeu metnar á ný, skal sýslunefndin annast um, að slík virðingargjörð fari fram. Það skal þar að auki frjálst hverjum jarðeiganda eða ábúanda, innan sex mánaða, frá því að lög þessi hafa öðlazt gildi, að bera upp fyrir sýslunefndinni eða endurskoðunarnefndinni umkvartanir sínar yfir því mati, sem nú er á jörð hans. Verði þessi umkvörtun eigi tekin til greina, og sýslunefndin eða endurskoðunarnefndin heldur ekki finna ástæðu til að láta meta jörðina á ný, getur hlutaðeigandi samt krafizt þess, að þetta verði gjört, en verði hin nýja virðing eigi að minnsta kosti $^1/_{10}$ lægri en virðing sú, þegar dýrleiki jarðarinnar var ákveðinn við jarðamatið 1861, skal sá, sem hefur beiðzt nýrrar virðingar, borga kostnað þann, er af henni hefur hlotizt.

5. grein.

Í sýslu hverri skulu 3 greindir menn, sem til eru kvaddir af hlutaðeigandi sýslunefnd, framkvæma virðingargjörðir; skulu þeir leysa starf þetta af hendi samkvæmt þeim reglum, sem endurskoðunarnefndin í því tilliti segir fyrir um, og vera við því búnir, að staðfesta gjörðir sínar með eiði. Sýslumaðurinn stendur fyrir virðingargjörðinni, en tekur eigi þátt í virðingunni. Eiganda jarðarinnar eða ábúanda skal tilkynnt, að og hve nær virðingargjörð eigi fram að fara, og skal það gjört svo tímanlega, að hann geti verið þar viðstaddur. Sje hann óánægður með verð það, sem sett er á jörðina, getur hann borið málið upp fyrir endurskoðunarnefndinni, sem leggur úrskurð sinn á það, eptir að hún hefur leitað álits hlutaðeigandi sýslunefndar.

6. grein.

Endurskoðunarnefndin getur krafizt þess bæði af öllum embættis- og sýslunarmönnum og af einstökum mönnum, að þeir láti til allar þær skýrslur, sem hún kann að álíta nauðsynlegar til leiðbeiningar við framkvæmdina á störfum þeim, sem henni eru á hendur falin.

7. grein.

Þegar endurskoðunarnefndin á fyr nefndan hátt hefur safnað skýrslum þeim, sem með þarf, skal hún semja uppástungu um þær breytingar á jarðabókinni, sem virðast nauðsynlegar, og skal uppástungan síðan send landshöfðingja til frekari framkvæmda.

8. grein.

Fyrir þá daga, sem ganga til virðingargjörða þeirra, sem getið er að framan, skal veita sýslumanni 6 kr. daglega í fæðispeninga og hverjum virðingarmanni 4 kr., en eigi skal þeim endurgoldinn sjer í lagi ferðakostnaður.

Þeim, sem sitja í endurskoðunarnefndinni, skal fyrir þann tíma, er gengur til ferða þeirra, goldnar 6 kr. daglega í fæðispeninga, og skal þeim þar að auki endurgoldinn ferðakostnaður eptir reikningi. Þegar nefndin hefur lokið verki sínu, skal enn fremur veita nefndarmönnum þóknun fyrir starf þeirra, og skal ráðgjafinn fyrir Ísland til taka hana.

9. grein.

Allur kostnaður, sem endurskoðun jarðabókarinnar hefur í för með sjer, skal goldinn úr landssjóði, að því undanteknu, sem leiðir af því, sem fyrir er sagt í 4. grein þessara laga, síðasta lið.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 29. fundi neðri þingdeildarinnar, 3. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu *frumvarp til laga um endurskoðun jarðabókarinnar frá 1861.*

Einar Ásmundsson kvaðst ímynda sjer, að öllum þætti þetta merkilegt mál, og þess vert, að það væri íhugað vandlega, það væri ef til vildi ágreiningur um, hvort nýtt jarðamat væri mögulegt eða eigi, og hvort það í raun og veru væri gagnlegt eða eigi; hann væri sannfærður um, að hver hefði sína skoðun á þessu máli, og vildi hann því láta sína skoðun í ljósi. Stefnan í þessu frumvarpi væri að fara sama veg, sem áður hefði verið farinn, þegar jarðamatið fór síðast fram, og byrja á endurskoðun jarðamatsins í hjeruðum, í hverri sveit, eða á hverri jörð, og svo tæki sýslunefndin við, og að síðustu ein nefnd, er sett væri til að sameina, jafna og leggja smiðshöggið á jarðamat þetta eða jarðamatsendurskoðun. Þetta væri að byrja á «neðri endanum», ef svo mætti kalla og halda upp eptir, «upp á móti brekkunni»; það væri gamli vegurinn, en hann hefði nú reyuzt heldur örðugur, þar sem menn hefðu verið 12 ár að fara hann við síðasta jarðamat. Sjer þætti því ekki álitlegt að leggja út á þennan veg aptur, og því hefði sjer dottið í hug, hvort eigi væri nú reynandi að fara nýjan veg, eða rjettara sagt, að fara sama veginn í gagnstæða stefnu, þannig, að byrja nú á hinum enda vegarins, byrja «að ofan» og halda nú «undan brekkunni». Það væri því tillaga sín, að alþingi reyndi að sameina skoðanir sínar um það, hvort jarðarhundraða-tala sú, sem nú er í landinu öllu saman, eigi að halda sjer eða þá hækka eða lækka, og reyni síðan að finna sem rjettast hlutfall milli sýslnanna, og skipti svo hundruðunum niður á sýslurnar eptir því, sem þær hafa fram fleytt í mörg ár að undanförnu af fólki og fje. Við þetta starf gæti þingið haft sjer til hliðsjónar og leiðbeiningar landshagsskýrslurnar og hverjar aðrar skýrslur, prentaðar og skrifaðar, sem til væru um það efni. Síðan skiptu sýslunefndirnar og jöfnuðu niður hundraðatölunni milli hreppa, og þá hreppsnefndir milli einstakra jarða, eptir því sem þær af sínum kunnugleika álitu sanngjarnt og rjettast. Þennan veg hygði hann greiðfærari, er menn hjeldu þannig «undan brekkunni», enda mundi hann verða að mun kostnaðarminni, og jafnvel kostnaðarlaus að kalla mætti, í samanburði við þann kostnað, er af hinni aðferðinni hlyti að leiða. Hann áliti og, að með þessu næðist meiri jöfnuður, heldur en með hinni aðferðinni, því að þá mundi það allopt verða ofan á, að hver reyndi að fá sína jörð sem lægst metna. Þó menn vildu skipa nefnd til þessarar umræddu endurskoðunar jarðamatsins, og þótt menn jafnvel tækju til hennar 1 mann af hverju landshorni, og það hina kunnugustu, þá mundi þó sú nefnd lítið geta gjört annað en það, sem þingið vel gæti sjálft með litlum kostnaðarauka fyrir landið. Til þess að meta gæði hvers hjeraðs, væri vissastur mælikvarði fólkstala og fjártala; fjártalan sýndi grasnytina eins og hún væri í raun og veru, með þeirri kunnáttu og því lagi, sem menn hefðu nú til að færa sjer hana í nyt, en reyndar eigi eins og hún, ef til vill, mætti vera. Hann bað þess gætt, að hann talaði um fjártölu, en ekki um tölu lausafjárhundraða, því að hún væri lakari mælikvarði, þar sem mikið af fjenaði væri ekki lagt í tíund, heldur sleppt, t. d. tryppum og kálfum, og svo aptur á hinn bóginn ýmislegt talið til tíundar, sem ekki er byggt á grasnytinni, svo sem skipum og bátum. Flestar sýslur hefðu og fleiri hlunnindi en grasnytina eina saman, og á þau yrði einnig að líta við jarðamatið. Manntalið sýndi að ætlun sinni bezt af öllu ávöxtinn af öllum atvinnuvegum samanlögðum, því að þá reglu sæju menn jafnan, að þar sem næg atvinna væri af sjó eða landi, og eitthvað yrði afgangs, þar fjölguðu ætíð íbúar; þar giptu sig fleiri, og fjölgaði þannig mannkyninu, auk þess sem það væri alvandi, að menn jafnan flyttu sig búferlum til þeirra hjeraða, sem lífvænna væri í, og fækkaði því á hinn bóginn að því skapi fólk

í þeim hjeruðum landsins, þar sem menn ættu örðugra uppdráttar; væri því jafnast og rjettast, að taka tillit til hvorstveggja, bæði fólktals og peningstals, og það helzt um mörg ár, og meta þar eptir hlutfallið milli sýslnanna og hreppanna, og síðan milli einstakra jarða. Hann vildi svo fela mál þetta deildinni til íhugunar, og leggja það til, að hún íhugaði það vel og vandlega; það væri vel athugandi, að þessi tillaga sín færi í gagnstæða stefnu við frumvarp það frá stjórninni, er efri deildin hefði þegar samþykkt, og með því að hann áliti þetta mál eitt af þeim málum, sem væru þess eðlis, að eigi yrði hlaupið að að gjöra út um, þá vildi hann leggja það til, að nefnd yrði skipuð í því.

Guðmundur Einarsson kvaðst samdóma 1. þingmanni Eyfirðinga um það, að nefnd skyldi setja í mál þetta, því að þá mundi málið ítarlega og gaumgæfilega íhugað, eigi að eins að því leyti, hvort deildin skyldi fylgja ráðum þingmanns Eyfirðinga fram, heldur mundi þá sú spurning og athuguð, hvort ráðlegt væri að leggja nú út í nýtt jarðamat. Sín skoðun væri, að enn væri eigi tími til þessa, heldur ætlaði hann heppilegra að láta skattinn fyrst komast á og jafna sig. Hann kvaðst hræddur um, að ef nýtt jarðamat nú yrði samið, þá yrði það eigi til neins verulegs gagns; reyndar kynni það að koma nokkrum jöfnuði á í svipinn, en aðrar ójöfnur mundu þá koma í staðinn, og þótt jöfnuðurinn varaði í nokkur ár, þá mundi ójöfnuðurinn koma aptur af ýmsum ástæðum hvað eptir annað, og þau hin gömlu sárin ýfast og taka sig upp aptur, og ný óánægja vekjast. Hvað sem nú öðru liði, þá ætlaði hann eigi að fara fleiri orðum um mál þetta en væri samdóma um, að nefnd skyldi kjósa.

Grímur Thomsen sagði, að undir eins og hann ljeti það í ljósi, að sjer geðjaðist vel að uppástungu 1. þingmanns Eyfirðinga, þá vildi hann minna þingdeildina á þann hinn mikla kostnað, er samfara mundi verða fyrirkomulagi því, er frumvarp þetta ákvæði. Stjórnin gjörði í frumvarpi sínu ráð fyrir því, að kostnaðurinn til þessar fyrirhuguðu nefndar mundi nema 4 þúsundum króna; en hann ætlaði, að, ef til vill, mætti búast við því, að kostnaðurinn mundi eigi staðar nema við þessar 4 þúsundir króna, þegar litið væri til 8. greinar; en með því fyrirkomulagi, er 1. þingmaður Eyfirðinga hefði getið, mundi kostnaðurinn verða miklu minni, þótt hann auðvitað yrði nokkur. Þar við bættist og það, að árið 1881 ætti aptur að endurskoða jarðabókina. Hann yrði því fastlega að ráða deildinni til þess, að gefa uppástungu þingmanns Eyfirðinga verðskuldaðan gaum.

Halldór Kr. Friðriksson kvaðst eigi vera á móti því, að nefnd yrði sett, eigi að eins til þess að íhuga uppástungu 1. þingmanns Eyfirðinga, heldur ætlaði hann og, að nauðsynlegt væri, að deildin gæfi talsverðar bendingar um reglur fyrir því, hvernig endurskoðun þessi ætti að fara fram. En viðvíkjandi þeirri uppástungu þingmanns Dalamanna, að málinu skyldi frestað, þá væri hann eigi samdóma þingmanninum í því efni. Því að annaðhvort væri, að fleygja uppástungu þessari með öllu, og láta standa við það, sem væri, eða, ef satt væri, að gallar væru á jarðamatinu frá 1861, og þeir svo miklir, að eigi væri viðunandi, þá væri auðsjeð, að því verra væri, sem lengur væri beðið, og væri því æskilegt, að gallar þessir væru lagaðir sem fyrst; ætlaði hann því betra, að jarðamatið frá 1861 væri lagað nú þegar, heldur en að beðið væri eptir nýju jarðamati til ársins 1881. En hann fyrir sitt leyti kvaðst nú reyndar aldrei hafa verið mikið fyrir jarðamat, en af því að hjer væri að ræða um nýtt jarðamat, er gallar væru á frá upphafi, þá yrði hann að vera á því, að eigi ætti við það að standa, heldur að það skyldi endurskoðað og það sem allrafyrst. Hann vildi enn taka fram eitt atriði, er misskilningi hefði verið undirorpið, að það, er hjer um ræddi, væri eigi nýtt jarðamat, heldur endurskoðun jarðamats eða lagfæring á þeim göllum, er vera þættu á því hinu síðasta jarðamati, og væri það því kostnaðarminna, en ef það væri alveg nýtt. Hann ætlaði nauðsynlegt, að nefnd yrði þegar skipuð í mál þetta, og umræðunum frestað.

74*

Þá tóku eigi fleiri til máls, og bar því forseti undir atkvæði deildarinnar, hvort nefnd skyldi sett og umræðunum frestað, og var það samþykkt, var það og samþykkt, að nefndin skyldi skipuð 5 mönnum. Fyrir kosningu urðu þeir deildarmenn, er nú skulu greindir:

Einar Ásmundsson með 18 atkv.
Guðmundur Einarsson— 10 —
Grímur Thomsen . — 9 —

En fleiri fengu eigi nógu mörg atkvæði; voru því 2 menn kosnir í nefndina af nýju, og fjekk þá flest atkvæði:

Hjálmur Pjetursson með 10 atkv.;

en enginn annar hafði enn fengið nógu mörg atkvæði, og var því kosið milli þeirra tveggja, er flest atkvæði höfðu fengið, og voru þeir Einar Guðmundsson og Þorlákur Guðmundsson, og hlaut þá Einar Guðmundsson 12 atkvæði; og varð hann því nefndarmaður. Var málið því næst afhent 1. þingmanni Eyfirðinga, er flest atkvæði hafði fengið.

Í nefndinni var formaður og framsögumaður kosinn Einar Ásmundsson, og skrifari Einar Guðmundsson.

NEFNDARÁLIT
í málinu um endurskoðun jarðabókarinnar frá 1861.

Í tilskipun frá 1. marz 1861, 4. gr., er svo fyrirmælt, að taka skuli til yfirvegunar, hvort ástæða virðist til að endurskoða jarðamat á landinu að 20 árum liðnum, og þó nú sá tími sje ekki út runninn, hefur sú hreifing á skattalögum landsins, sem nú er orðin, gefið stjórninni tilefni til, að láta þingið fá það verkefni, er hjer ræðir um.

Það getur ekki dulizt oss, er kosnir erum í nefnd af neðri deild alþingis til að íhuga þetta mál, að miklar misjöfnur sjeu á hlutfalli jarðamatsins, sem nú gildir, milli hinna einstöku hjeraða eða sýslna landsins, og ráðum vjer af því, að líkt muni vera, þegar ræða er um einstaka hreppa og jafnvel einstakar jarðir. Nefndin verður því að vera á því máli, að nauðsyn beri til, að leitast við að ráða bót á þessu sem fyrst, þar eð hundraðatal jarða er og verður líklega framvegis að nokkru leyti grundvöllur sá, sem skattgjöld manna til almennra þarfa sjeu byggð á. En þegar um reglur þær er að ræða, er frumvarpið setur, sem oss var fengið til íhugunar af hinni heiðruðu deild, þá virðast oss þær ekki fyllilega tryggjandi til þess, að jöfnuður fáist milli hinna einstöku sýslna, auk þess sem það mundi valda talsverðum kostnaði, að framkvæma jarðamatið á þann hátt. Nefndin hefur því samið nýtt frumvarp, er hún leyfir sjer að leggja fram fyrir hina heiðruðu deild, og hefur hún þar skipt niður hundraðatali landsins á sýslurnar eptir meðaltali fólks og fjenaðar hin síðastliðnu 25 ár, en ætlast aptur til, að sýslunefndirnar jafni á hreppana og hreppsnefndirnar meti hinar einstöku jarðir.

Eins og fjenaðarfjöldinn hlýtur að áliti nefndarinnar að vera hinn vissasti mælikvarði fyrir landsnytjum hinna einstöku landshluta, er naumast getur farið mikið á bug við það sanna og rjetta, þegar töluvert árabil er tekið og miðað við heilar sýslur, eins virtist nefndinni, að jafnframt ætti að leggja til grundvallar fólkstölu í hverju hjeraði fyrir sig, þar eð sá gjörandi hlýtur að innibinda í sjer sjerstök hlunnindi hjeraðanna, og vera önnur sú mælisnúra, er gæði og afrakstur landsins yrði miðaður við. En þó virtist nefndinni, að sá gjörandi ætti minni áhrif að hafa á málið en hinn, þar eð þær sveitir, er hafa sjávarútveg fyrir aðal-atvinnuveg, yrðu miður haldnar við helmingaskipti, og hefur hún því látið fjenaðartöluna gilda hálfu meira en fólkstöluna og skipt niður hundraðatölunni á sýslurnar eptir þeim mælikvarða. Hvað Reykjavík sjerstaklega snertir, þá varð þar ekki miðað við hina sömu gjörendur og annarstaðar á landinu, bæði vegna þess, að lögsagnarumdæmið er svo lítið í samanburði við sýslurnar, og einkum fyrir þær sakir, að þar lifir fjöldi manna á öðrum atvinnuvegum en landsnytjum, sjávarafla og þess konar hlunnindum, er áhrif geta haft á jarðamatið. Hefur nefndin því orðið að breyta út af reglunni

við þetta lögsagnarumdæmi og færa hundraðatölu þá niður, sem á Reykjavík hefði átt að koma, en það voru 867 hundruð. Nú hefur hundraðatal þessa lögsagnarumdæmis verið 355, og álítur nefndin, að það sje mjög hátt í hlutfalli við sýslur landsins; hún hefur því stungið upp á að færa það niður um 43 hundruð, svo það að eins verði 312 hundruð. Við þessa breytingu lækkar tala jarðarhundraðanna á öllu landinu um 555, og verður 86,200 í staðinn fyrir 86,755.

Til frekari skýringa fyrir hina háttvirtu deild leyfir nefudin sjer að láta skýrslur þær, sem hún hefur búið sjer til af hagskýrslum landsins, fylgja nefndaráliti þessu, og skal þess getið um það atriði, að nefndin ekki hafði þær lengra fram en til 1855. Tók hún 5. hvert ár á þessu tímabili til að ná út meðaltalinu af, og má því telja, að skýrslurnar nái yfir 25 ára tímabil, þegar 5. hvert ár er látið verka fram fyrir sig; en sjerstaklega skal þess þó getið, að fjenaðarskýrslurnar gat hún ekki fengið nógu nákvæmar 5. hvert ár, og varð því að taka næsta árið við í 2 dálka skýrslunnar (1861 og 1871), er nefndin álítur að ekki geti raskað hlutfallinu að nokkrum mun.

Að svo mæltu leyfir nefndin sjer að leggja það til, að hin heiðraða neðri deild alþingis aðhyllist frumvarp það, sem nefndin hefur samið í staðinn fyrir »frumvarp til laga um endurskoðun jarðabókarinnar frá 1861» (Samþykkt við 3. umræðu í efri deild alþingis).

Reykjavík, 14. ágúst, 1877.

Einar Ásmundsson, form. og framsögum.
Einar Guðmundsson, skrifari.
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Hjálmur Pjetursson.

FRUMVARP
til laga um leiðrjetting jarðabókarinnar frá 1861.

1. grein.

Jarðabókin frá 1861 skal leiðrjett eptir þeim reglum, er settar eru í lögum þessum.

2. grein.

Jarðarhundraðatal alls landsins skal 86,200.

Hver hinna sjerstöku sýslna í landinu skal hafa það hundraðatal, er hjer greinir:

Skaptafellssýsla	5344
Vestmannaeyjasýsla	321
Rangárvallasýsla	7400
Árnessýsla	8476
Gullbringu- og Kjósarsýsla .	4234
Reykjavíkurkaupstaður . . .	312
Borgarfjarðarsýsla	3184
Mýrasýsla	3314
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	3574
Dalasýsla	3219
Barðastrandarsýsla	2863
Ísafjarðarsýsla	4216
Strandasýsla	1805
Húnavatnssýsla	8042
Skagafjarðarsýsla	6671
Eyjafjarðarsýsla	6135
Þingeyjarsýsla	6645
Norður-Múlasýsla	5804
Suður-Múlasýsla	4641

3. grein.

Sýslunefndin í hverri sýslu skal skipta hundraðatali sýslunnar niður á hina einstöku hreppa eptir rjettu hlutfalli. Oddviti sýslunefndarinnar skal kveðja sýslunefndarmenn úr öllum hreppum sýslunnar til sjerstaks fundar til að semja niðurjöfnun þessa, og má eigi ráða henni til lykta, nema allir sýslunefndarmenn sjeu á fundi. Greini nefndarmenn á um það, hve mikið af hundraðatali sýslunnar skuli koma á einhvern hrepp, skal afl ráða.

4. grein.

Hundraðatali því, er skipt hefur verið niður á hvern hrepp eptir næstu grein á undan, skal hreppsnefndin jafna niður á hinar einstöku jarðir í hreppnum. Að því starfi loknu skal nefndin leggja niðurjöfnun þessa fram til sýnis á hentugum stað í hreppnum á sama hátt, eins og boðið er í tilskipun um sveitastjórn, 4. maí 1872, 19. grein, um niðurjöfnun á sveitarútsvari. Með allar aðfinningar, sem gjörðar kunna að verða við niðurjöfnun hundraðatalsins á einstakar jarðir í hreppnum, skal farið eins og fyrir skipað er í nefndri lagagrein um aðfinningar við niðurjöfnun á sveitarútsvari, og ræður sýslunefndin því máli til lykta á næsta reglulegum fundi sínum.

5. grein.

Landshöfðinginn semur reglugjörðir fyrir sýslunefndir og hreppsnefndir við leiðrjetting jarðamatsins, og skipar fyrir um það, á hverjum tíma þetta starf skal fram fara. Leiðrjettingar þær, er sýslunefndir og hreppsnefndir gjöra samkvæmt lögum þessum, skal senda landshöfðingja til frekari aðgjörða.

Á 48. fundi neðri þingdeildarinnar, 20. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til framhalds 1. umræðu *frumvarp til laga um endurskoðun jarðabókarinnar frá 1861.*

Framsögumaður (Einar Ásmundsson) sagði, að við 1. umræðu þessa máls hefði hann þegar leyft sjer að benda á annan veg til endurskoðunar þessarar; nú hefði nefndin aðhyllzt þennan veg, og hefði því breytt frumvarpi stjórnarinnar, eða rjettara, samið nýtt frumvarp; það, sem nefndin legði til grundvallar fyrir þessari leiðrjetting jarðamatsins, væri það, hve mikið hver sýsla fram fleytti af fje og fólki, þannig, að hún hefði tekið tvöfalt tillit til fjártölunnar, en einfalt til fólkstölunnar. Þetta sýndist bæði sjer og allri nefndinni greiðari og betri vegur, og þætti henni, sem með þessu mundi mega komast að rjettari niðurstöðu, en nást mundi með stjórnarfrumvarpinu, sem þó hefði verið samþykkt næstum óbreytt af efri deild þingsins. Grundvöllurinn fyrir jarðamatinu virtist sjer eigi geta verið annað en gæðin, landgæðin, en þau sæjust af engu glöggra en af því, hve mikið hver sýsla framfleytti bæði af fólki og fje, því að fólkstala og fjártala væri samman af gæðum landsins. Þessi vegur væri eðlilegri og kostnaðarminni, en skyldi svo fara, að deildinni þætti jarðamatið breytast of mikið við þetta, þá sæi hann veg til jafnaðar, sem hann síðar mundi benda á, en sjer þætti fyrir sitt leyti þessi vegur rjettlátastur og beztur, og vonaði að fleirum þætti svo. Hann ætlaði þá eigi að tala meir að þessu sinni, fyr en hann heyrði undirtektir þingmanna.

Landshöfðinginn mælti á þessa leið: Jeg skal kannast við það, að hinni heiðruðu nefnd hefur gengið hið bezta til með meðferð sinni á þessu frumvarpi, og að hún hefur leitazt við að koma málinu í þá stefnu, sem henni virtist hagkvæmast og rjettast. Hún á því skilið beztu þakkir deildarinnar fyrir þá stund, sem hún hefur lagt á verkið. Hún hefur að mínu áliti stutt töluvert að því að leysa úr þeim vanda, sem endurskoðun jarðabókarinnar hlýtur að hafa í för með sjer.

Hin heiðraða nefnd hefur játað, að brýn nauðsyn beri til að lagfæra jarðamatið frá 1861, og er jeg henni alveg samdóma um það, því þó að gallarnir á því kynnu að vera nokkuð minni en almennt er álitið, þá eru þeir vissulega nokkrir, og við einstakar jarðir töluverðir. Frumvarp það, sem nú liggur fyrir hinni heiðruðu deild og samþykkt hefur verið af efri deildinni, stingur upp á að koma hinum nauðsynlegustu leiðrjettingum á jarðabókina, með því að fela endurskoðunina 3 manna nefnd á hendur, þannig að annaðhvort þessi nefnd eða hlutaðeigandi sýslunefnd taki ákvörðun um það, hvort nauðsynlegt sje að láta virðingargjörð fara fram á einhverri jörð þar sem jarðamatið virðist ósanngjarnt eða órjett, og á hinn bóginn skal öllum jarðaeigendum frjálst að

heimta nýja matsgjörð. Virðingarmenn skulu tilkvaddir í hverri sýslu af sýslunefndinni, og virðingargjörðina skal framkvæma eptir reglum þeim, sem endurskoðunarnefndin setur. Þegar þessi nefnd er búin að safna öllum skýrslum, sem að hennar áliti þarf við, skal hún semja uppástungur um þær breytingar á jarðabókinni, sem henni virðast nauðsynlegar, og þessu næst verður frumvarp til laga um þessar breytingar á jarðabókinni lagt fyrir alþingi. Matsgjörðin á þannig eptir frumvarpinu að fara fram í hverri sýslu sjer, af mönnum, sem sýslunefndin kýs, og endurskoðunar nefndin á að sjá um, að sama aðferð verði við höfð um allt landið, bæði með því að semja reglurnar um mat jarðanna og með því að leggja úrskurð á hverja virðingargjörð, áður en leiðrjetting jarðabókarinnar verði byggð á henni.

Hin heiðraða nefnd hefur álitið, að endurskoðuninni megi koma fyrir á haganlegri hátt með því að alþingi nú þegar ákveði það hundraðatal, er sjerhver sýsla í landinu framvegis skal hafa, en feli hlutaðeigandi sveitanefndum á hendur að skipta þessum jarðarhundruðum niður milli hinna einstöku jarða landsins, sýslunefndirnar fyrst milli hreppanna, og hreppsnefndirnar á hinar einstöku jarðir. Nefndin hefur í þessu tilliti búið til ákveðna uppástungu um niðurjöfnun jarðahundraðanna milli hinna einstöku sýslna, og hefur 2. gr frumvarpsins inni að halda þessa niðurjöfnun. Það er auðsjeð, að þessi niðurjöfnun á eptir frumvarpi nefndarinnar að vera undirstaðan undir allri endurskoðuninni, og ef hún væri rjett eða aðgengileg, skyldi jeg fyrir mitt leyti mæla með, að hin heiðraða deild samþykkti uppástunguna. En, þó að jeg kannist við, að hin heiðraða nefnd hafi lagt sjerlega stund á þetta verk og hafi gefið mjög góðar bendingar í þessu tilliti, verð jeg að taka það fram, og jeg vona, að jeg geti sannfært hina heiðruðu deild um það, að hinni heiðruðu nefnd hafi ekki heppnazt þetta, en jeg skal bæta því við, að við þessu mátti búast, því að það ætti að vera hið mesta vandaverk að gjöra þessa niðurjöfnun með þeim upplýsingum, sem nú sem stendur eru fyrir hendi.

Hin heiðraða nefnd hefur tekið til greina 2 atriði, sem eiga að hafa mikil áhrif á mat jarðanna, þegar á að ákveða hið rjetta hlutfall á milli hjeraða landsins, sem sje bæði fjenaðarfjöldinn og fólkstalan, og hefur hún búið til greinilega og nákvæma skýrslu um manntal og fjárframtal í sýslum landsins í mörg ár og hlutfall sýslna á milli; þetta hlutfall hefur hún þar eptir ákveðið bæði með jöfnu tilliti til fólkstölu og fjártölu, og með tvöföldu tilliti til fjártölu móti fólkstölu; á hinu síðara hlutfalli hefur hún byggt niðurjöfnun sína, og ákvörðun 2. greinar samsvarar þessu hlutfalli. Að mínu áliti hefur nefndin með þessu gefið góða bendingu, sem vel má nota, þegar á að endurskoða jarðabókina, en það má ekki nema staðar við þessa bending, því hinni heiðruðu nefnd hefur gleymzt að taka til greina annað atriði, sem vafalaust er hið verulegasta allra, þegar meta skal jarðir til skatts eða tíundargjalda, og sem yfir höfuð að tala hefur hin langmestu áhrif á gjaldþol jarðanna, en það er eptirgjald það, sem þær bera eða geta borið, þegar þær eru settar á leigu.

Það hefur opt verið tekið fram í þinginu, að þegar á að leggja gjald til opinberra þarfa á fasteignir, er það alveg nauðsynlegt að taka tillit til arðs þess, sem þær gefa, eða til landskuldargjalds og leigna, sem þær bera eða geta borið, og þessi skoðun er á góðum rökum byggð. En eins vel og afgjaldið hefur áhrif á gjaldþol hverrar einstakrar jarðar, eins verður það og að hafa hin mestu áhrif, þegar ákveða skal hlutfallið milli hinna sjerstöku hjeraða landsins, og jeg skal einungis geta þess, sem mun oss öllum þingmönnum ljóst, að nægilegt tillit verður eigi tekið til hlunnindajarða, hvorki eptir manntali nje fjárframtali, heldur að eins þegar skýrt er frá arði þeirra, eða afgjaldinu, sem á þeim hvílir.

Jeg skal biðja hina heiðruðu þingmenn

að bera uppástungur 2. gr. saman við hundraðatal jarðabókarinnar, og skal þá taka þær sýslur fram, þar sem mesti munur er á milli þessara jarðarhundraða.

	Jarða-bókin hundr.	2. gr. frumv. hundr.	Hækkun. hundr.
Skaptafellssýsla	3063	5344	2281
Ísafjarðarsýsla	3783	4216	432
Húnavatnsýsla	7209	8042	832
Norður-Múlasýsla	4150	5804	1645
Suður-Múlasýsla	3866	4641	775
			Lækkun
Eyjafjarðarsýsla	7913	6135	1778
Skagafjarðarsýsla	7667	6671	996
Barðastrandarsýsla	3877	2863	1014
Borgarfjarðarsýsla	3747	3184	563
Gullbringu- og Kjósarsýsla	4821	4234	587

Þannig er hundraðatalan í Skaptafellssýslu hækkuð um 74%, án þess að nægileg rök sjeu leidd að því, því að þessi sýsla er sannarlega milli hinna fátækustu hjeraða landsins.

Jeg hef, þótt tíminn hafi verið mjög naumur til þess, gegnumgengið alþingistollsreikningana fyrir árið 1875, og við afgjaldið eptir þeim bætt afgjaldi af þeim jörðum, er voru undanþegnar alþingistollinum, en reiknað þetta afgjald eptir meðaltölu allra afgjalda í hverri sýslu sjer; á hinn hóginn varð jeg að sleppa þeim jörðum, sem að nokkru leyti voru undanþegnir alþingistollinum, nefnilega af prestmötunni. Jeg hef ekki tekið meðaltölu fleiri ára, en munurinn er, — um það hef jeg sannfærzt, — mjög lítill á hinum ýmsu árum, og ekki teljandi, þegar tölurnar einungis eru ætlaðar til þess að sanna, að hlutfall það, sem 2. gr. nefndarálitsins ákveður, er óhafandi. Jeg skal leyfa mjer að skýra þinginu frá upphæð afgjaldsins í hverri sýslu reiknaðri á þann hátt, sem jeg gat um, og hlutfall þess reiknað eptir 10000 hlutum, og jarðarhundraðatal það, sem eptir þessu hlutfalli mundi koma á hverja sýslu landsins, en það er, sem hjer segir:

	Afgjaldið alls. kr.	Hlutfallið eptir 10000.	Jarðarhundraðatalan eptir þessari tiltölu.
Skaptafellssýsla	13082	326	2828
Vestmanneyjasýsla	3772	94	716
Rangárvallasýsla	31954	795	6897
Arnessýsla	39458	981	8511
Gullbringu- og Kjósarsýsla	23767	591	5127
Borgarfjarðarsýsla	17221	428	3713
Mýra-, Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	35840	891	7730
Dalasýsla	17813	443	3843
Barðastrandarsýsla	21133	525	4555
Ísafjarðarsýsla	19914	495	4294
Strandasýsla	7629	190	1648
Húnavatnssýsla	31178	776	6732
Skagafjarðarsýsla	34637	861	7470
Eyjafjarðarsýsla	34075	847	7348
Þingeyjarsýsla	32707	813	7053
Norður-Múlasýsla	19716	490	4231
Suður-Múlasýsla	17259	429	3722
Reykjavíkurkaupst.	1008	25	217

Jeg tek það upp aptur: nefndarálitið gefur góðar bendingar um það, hvernig skuli finna hið rjetta hlutfall milli hinna sjerstöku sýslna landsins, og endurskoðunarnefndin mun sjálfsagt taka tillit til þeirra, en nefndin hefur alveg sleppt þeim gjöranda (factor), er jarðarafgjaldið vafalaust hefur inni að halda, þegar ákveða skal gæði jarðanna eða gjaldþol þeirra, og þessum gjöranda má ekki fremur sleppa en hinum, sem nefndin hefur tekið til greina. En það er ómögulegt fyrir þingið, án þess að safnað verði einmitt í þessum tilgangi nákvæmum skýrslum um jarðarafgjaldið, að ákveða, hver áhrif þessi gjörandi eigi að hafa við ákvörðun hlutfallsins milli sýslnanna. Það sem að mínu áliti að miklu leyti hefur valdið göllunum á jarðabókinni 1861, var sumpart sú ákvörðun, að hundraðatölu hverrar sýslu skyldi halda óbreyttri, og sumpart það, að of mikið tillit var tekið til

jarðarafgjaldsins. Nú eigum vjer að varast hið gagnstæða, að ekki verði tekið neitt tillit til jarðarafgjaldsins, eins og nefndin hefur byggt sínar tillögur á, því að þó að jeg ekki treysti mjer til að svo stöddu að gjöra ákveðna uppástungu um, hvernig skuli reikna afgjaldið í tiltölu við fólkstöluna og fjártöluna, þori jeg að fullyrða, að nauðsynlegt er að taka tillit til þess.

Jeg skal þess vegna leyfa mjer að skora á hina heiðruðu nefnd, að breyta uppástungu sinni í þá átt, að nefndarálitið verði til leiðbeiningar handa endurskoðunarnefndinni, en frumvarpinu að öðru leyti verði haldið óbreyttu, eins og efri deildin hefur samþykkt það; og jeg vona, að hin heiðraða nefnd taki þessa bendingu mína til greina, þar sem hún hefur lýst yfir skoðun sinni, að nauðsynlegt sje að endurskoða jarðamatið, og þar sem jeg er viss um, að hún við þessa endurskoðun einungis hefur þann tilgang, að gjöra jarðamatið svo fullkomið sem auðið er.

Framsögumaður kvaðst vera þakklátur landshöfðingja fyrir hinar góðu bendingar, er hann hefði gefið nefndinni, og gleddi það sig að heyra, að hann ekki áliti allt verk nefndarinnar ónýtt og gagnslaust, heldur að það væri fremur til þess, að hrinda málinu í rjett horf. Það væri hvorttveggja, að nefndin hefði ekki átt góðan kost á, að taka þennan gjöranda, eptirgjaldið, inn í mat sýslnanna, þar eð hana hefði vantað hinar nauðsynlegu skýrslur, nema hvað hún hefði haft nokkra skýrslu um alþingistollinn, eins og hann síðast var goldinn, og því rennt nokkurn grun í það, hvað afgjaldið mundi vera. En undir eins og nefndin hefði farið að skoða þennan gjöranda, þá hefði hún fljótt komizt að því, hve mikil vandkvæði væru á að fara eptir eptirgjaldi jarðanna í sýslunum. Í Vestmannaeyjum væri t. d. afgjaldið svo hátt, að ef það hefði verið tekið sem einn gjörandi, þá hefði hann fært hundraðatalið þar á eyjunum upp úr öllu hófi í samanburði við aðrar sýslur. Allir vissu, að hve fátæk sem Skaptafellssýsla væri, þá hefði hún þó verið metin allt of lágt í hinu fyrra jarðamati; hjer á þinginu hefði opt verið skírskotað til stórbýla í Skaptafellssýslu, sem væru metin minna en smábýli kring um Reykjavík; þessi dæmi væru svo alkunn, að ekki þyrfti að taka þau upp aptur. Þegar ræða væri um gjörendur, þá yrði að taka þá, sem verulegastir væru, og það væri einmitt fjártalan og fólkstalan, því að því fleira fólk væri í einni sýslu, því meira sem sýslan gæfi af sjer. Hvað verð jarðanna snerti, þá færi það eptir ýmsum atvikum; það stigi niður, þegar fleiri vildu selja en kaupa. Ef t. d. margir í einhverri sýslu vildu flytja sig í annað land, þá fjelli jarðarverðið, og svipað þessu væri með afgjaldið. En það jarðamat, sem nú væri, væri byggt á jarðarverðinu með hliðsjón til afgjaldsins. Hann kvaðst verða að játa, að sanngjarnt mundi vera, að taka afgjaldið með í reikninginn í flestum sýslunum, ef meta ætti jarðirnar nákvæmlega, en þó væri mikið vandhæfi á þessu; í Skaptafellssýslu væri afgjaldið ákaflega lágt, því að þar væri lítil eptirsókn eptir jörðum. Í Vestmannaeyjum og að nokkru leyti öllum sjávarsýslum væri þar á móti mikil eptirsókn eptir jarðnæði, og því stigi afgjaldið þar mikið upp eptir tiltölu. Í Ejafjarðarsýslu væri sömuleiðis afgjaldið fjarska-hátt, sökum þess að mikill skortur væri á jarðnæði. Svo framarlega sem deildin sæi nokkuð ráð til þess, að reglulegt afgjaldamat gæti átt sjer stað, eða fundið veg til þess að vita, hvernig sanngjarnt afgjald ætti að vera, þá væri mjög æskilegt að taka tillit til þess, en eins og nú væri ástatt, kvaðst hann ætla, að það væri fremur til spillingar en bóta að taka tillit til afgjaldsins, eins og það kæmi fram í alþingistollsskýrslunum. Hann skyldi þó ekki fullyrða, að það gæti ekki tekizt; en þegar nefndin hefði farið að reyna til þess, og sjeð, hvernig hlutfallið milli Vestmannaeyja og Skaptafellssýslu hefði raskazt í öfuga stefnu við það, sem nefndin hefði álitið rjett, þá hefði hún strax horfið frá þessum vegi. Ef farið væri eptir jarða-afgjöldunum eingöngu, þá yrði Eyjafjarðarsýsla hærra metin en Þingeyjarsýsla, en allir vissu

þó, sem vel þekktu til, bæði hann og aðrir, að Þingeyjarsýsla hefði talsvert meiri gæði til að bera, og ætti hún því að vera hærra metin. Hann kvaðst ekkert hafa á móti því, að taka bendingar landshöfðingja til greina, og reyna að sameina þær við það, sem nefndin hefði gjört. Nefndinni væri mest um það að gjöra, að leiðrjetta jarðamatið með sem minnstum kostnaði, og væri það skoðun sín, að ef deildin hefði tíma til að leita að hinu rjetta hlutfalli milli hjeraðanna, þá gæti úr því orðið eins góður grundvöllur fyrir jarðamati, eins og þó 3 manna nefnd yrði sett til að leita upplýsinga um allt land.

Guðmundur Einarsson sagðist vera samdóma landshöfðingja um, að ef menn vissu vel um hið sanna afgjald af hverri jörð, þá væri það hinn bezti mælikvarði til að fara eptir; en þessi mælikvarði væri ekki áreiðanlegur, því að afgjaldið færi opt eptir öðru en hinum sönnu jarðagæðum. Þessum mælikvarða hefði verið fylgt 1861, og þess vegna hefðu sumar sýslur, eins og t. d. Skaptafellssýsla, stigið niður úr öllu hófi, en aðrar aptur hækkað um of. Hann skyldi t. d. nefna Skógarstrandarhrepp; þar hefði hundraðatalan stigið upp um 12%, af því afgjöldin hefðu þar verið lögð til grundvallar. Hvað snerti þá gjörendur, fólkstölu og fjártölu, sem nefndin hefði farið eptir, þá mælti mikil sanngirni með því, því að þá mætti svo að orði kveða, að hundraðatalan væri að miklu leyti byggð á gæðum jarðanna, sem optast væru slægjur, beitarland og hlunnindi; því meiri sem slægjurnar og beitilandið væri, því meiri fjenaður gæti haldizt við á jörðinni, og því fleira fólk gæti lifað á henni; og þess meiri sem hlunnindin væru, því fleira fólk gæti lifað af þeim. Nú gætu menn komið með þá mótbáru gegn þessum gjörendum, að allar jarðir væru ekki jafnvel setnar, eða eins vel notaðar; eins gætu menn sagt, að fjárkláðinn hefði haft mikil áhrif á fjártöluna, og því væri þessi gjörandi óáreiðanlegur. Þó koma mætti með aðrar eins efasemdir og þetta, þá væri þó óvíst, hvort hægt væri að finna betri grundvöll, því að þegar byrjað væri að neðan, þá yrði einlægt ójöfnuður á, hvað góðum reglum, sem fylgt væri. Hann kvaðst ekki enn vera fallinn ofan af því, að heilladrjúgara væri, að byrja að ofan, eins og hann sagðist líka vera því meðmæltur, að þriðji gjörandinn, sumsje jarða-afgjöldin, væri tekinn líka til greina.

Páll Pálsson prestur sagði, að þegar hann hefði lesið nefndarálitið, hefði sjer litizt vel á fyrri blaðsíðuna, en þar á móti hefði sjer ekki orðið um sel, þegar hann hefði snúið við blaðinu. Það liti eins út, eins og Skaptafellssýsla væri lögð í einelti á þessu þingi; hvort hún ætti að gjalda sín eða ekki, gæti hann ekki vitað. Hann kvaðst ekki geta sjeð neina ástæðu til, að allt Suðurland skyldi lækka að hundraðatölu nema Skaptafellssýsla ein; við hana væri bætt meiru en öllu því, sem allar hinar sýslurnar hefðu lækkað um, og það einungis af þeirri ástæðu, að þar væri betur talið fram til tíundar, heldur en annarstaðar á landinu. Skaptafellssýsla stæði að því leyti ver að vígi en aðrar sýslu, að þar væru engin hlunnindi; þar væri hvorki útræði nje eggver, og hefði því nefndinni mistekizt hraparlega í þessu. Hefði nefndin viljað fylgja þeirri reglu, að skipta einungis milli amtanna, en láta amtsráðin síðan skipta milli hinna einstöku sýslna, þá hefði það verið miklu heppilegra. Framsögumaður hefði að vísu lofað, að gjöra dálitlar breytingar við frumvarpið, en það þyrfti meir en dálitlar breytingar, í það minnsta hvað Skaptafellssýslu snerti, því að hann yrði algjörlega að mótmæla aðgjörðum nefndarinnar í því efni. Að Skaptafellssýsla væri nú of lágt metin, gæti vel verið, en menn yrðu þó að gá að þeim mikla mun, sem væri á sauðfjárverðinu og jarðarverðinu í Skaptafellssýslu og öðrum sýslum; þannig seldist 20 hndr. jörð í Skaptafellssýsln naumlega fyrir jafnmikið verð og 5 hndr. kot í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Framsögumaður sagði, að sjer hefði virzt þingmaður Skaptafellinga ekki vera alls kostar ánægður með aðgjörðir nefndar-

innar, og væri það ekkert tiltökumál, ef hann hefði bent á einhvern annan betri grundvöll til að byggja á, en hann hefði leitt hjá sjer að gjöra það, líklega af þeirri ástæðu, að honum væri ekki sjálfum ljóst, hvern grundvöll ætti að hafa. Það væri ekki nóg að mótmæla einhverju, heldur yrði þá að koma með eitthvað í staðinn. Úr því jarðamat væri nauðsynlegt, og það þyrfti að vera sem rjettast, þá þyrfti að byggja það á einhverjum áreiðanlegum grundvelli. Nefndin hefði bent á þann grundvöll, er henni þætti tiltækilegastur, en ýmsum þingmönnum þætti hann ótækur,en skoðun þeirra um þetta efni væri mjög á reiki. Þingmaður Skaptfellinga væri á þeirri skoðun, að betra væri að fela amtsráðunum að skipta hundruðunum á milli sýslnanna. Þetta þætti sjer undarlegt, að ætla, að amtsráðin, þar sem að eins væru auk amtmanns 2 menn, stundum báðir úr sömu sýslu, væru betur færir um þetta, heldur en alþingi, þar sem sætu menn úr öllum sýslum landsins. Þingmaðurinn hefði ætlað, að Skaptafellssýsla yrði svona hart úti, af því þar væri talið betur fram en í öðrum sýslum. Hann kvaðst ætla, að í öllum sýslum væru þeir menn til, er drægju undan framtali, en í öllum sýslum væru einnig menn, sem væru svo ráðvandir og samvizkusamir, að þeir álitu skyldu sína, að telja vel og rjett fram fjenað sinn, og mundi þetta víst vera nokkuð svipað í öllum sýslum; að minnsta kosti þætti sjer gaman að sjá þann mann, sem gæti bent á þær sýslur, þar sem vel væri talið fram, og svo hinar, þar sem illa væri talið fram.

Varaforseti kvaðst játa, að þetta nefndarálit væri fagurt álitum, en samt væri vissulega margt athugavert við það. Framsögumaður hefði við 1. umræðu þessa máls sagt, að aðferð sú, er höfð hefði verið, þegar jarðirnar voru metnar 1849, og eins sú aðferð, er skattanefndin hefði stungið upp á í álitsskjali sínu, væri lík því, eins og ef menn færu að velta stórum steini upp eptir brekku. Þessi samlíking væri ekki svo óheppileg, að því leyti að miklir erfiðleikar væru við þessa aðferð. Nefndin færi nú öfuga leið og ætlaði að velta steininum ofan eptir brekkunni. Þessi aðferðin væri að vísu töluvert ljettari, en það væri hætt við, að steinninn mundi, þegar hann kæmi niður, mola hina fögru undirstöðuhugmynd, sem nefndin hefði byggt á breytingar sínar. Nefndin hefði byggt á tveim gjörendum, en sleppt hinum 3. gjöranda, sem sje afgjöldum jarðanna, og það einmitt þeim, er væri þýðingarmestur. Það gæti reyndar verið, að hann kæmi ekki vel niður í einstaka sýslum, t. d. í Vestmannaeyjasýslu, en hann væri svo þýðingarmikill, að úr því nefndin hefði valið þennan veg, þá hefði hún ekki mátt sleppa þessum gjöranda. Það hefði verið skylda hennar að sýna, hver áhrif hann gæti haft á jarðamatið, og hve mikið sem hún hefði vandað verk sitt, þá væri það ekki nema hálfverk, meðan þetta væri ekki sýnt. Hann kvaðst ekki skyldu fara mörgum orðum um það, hvernig jarðamatið mundi taka sig út, þegar að eins væri byggt á þessum tveim gjörendum, en gengið fram hjá hinum þriðja, en hann skyldi að eins benda á, hvað væri athugavert við þessa tvo gjörendur. Ef fólkstalan ætti að vera heppilegur gjörandi, þá yrði það að vera gefið, að hlutfallið væri alstaðar líkt milli þeirra, sem stunduðn annan atvinnuveg, en þann, er lagður væri til grundvallar, þegar um mat á jörðum væri að ræða. Ef það væri ekki, þá kæmi skekkja í reikninginn. Önnur skekkja hlyti að koma við það, ef fleiri væru hlunnindajarðir í einni sýslu en annari; þótt þær væru fleiri, þá væri ekki þar fyrir víst, að fólkstalan væri meiri; varpjarðir til dæmis væru ekki fólksfrekari en aðrar jarðir. Hvað hinn gjörandann snerti, það er fjártalið, þá hefði það þegar verið tekið fram, að ef það ætti að geta verið heppilegur gjörandi, þá yrði það að vera gefið, að framtalið væri líkt um land allt, en hann væri hræddur um, að svo væri ekki; þar við bættist, að nefndin tæki tímabilið 1855—75, sem einmitt væri kláða-tímabilið, og þá hefðu sumar sýslur

75*

verið fjárlausar. Rangárvallasýsla og Árnessýsla hefðu þannig verið næstum því fjárlausar árin 1858 til 1860, og í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefði einatt verið miklu færra fje á þessu tímabili en áður. Ef nefndin hefði tekið tímabilið á undan fjárkláðanum, þá hefði hún komizt nær hinu sanna. Hann kvaðst vera landshöfðingja samdóma um, að hve glæsilegar sem þessar uppástungur nefndarinnar væru, þá gætu þær aldrei orðið annað en til leiðbeiningar fyrir endurskoðunarnefndina. Sú nefnd gæti haft mikið gagn af bendingum innanþingsnefndarinnar, en hún gæti þó að líkindum ekki byggt á þessum sama grundvelli. Það væri ýmislegt fleira, sem væri athugavert við nefndarálitið; þannig væri í 3. gr. gjört svo ráð fyrir, að sýslunefndirnar skiptu hundraðatali sýslunnar niður á hina einstöku hreppa «eptir rjettu hlutfalli». Hann vildi nú spyrja, hvaða hlutfall hjer væri meint? Sjálfsagt eptir þessum tveim gjörendum, fólkstali og fjártali, sem nefndin hefði byggt á. Hann kvaðst geta nefnt hreppa og sýnt, hvernig þetta jarðamat tæki sig út í þeim, ef einungis skyldi fara eptir fólkstali og fjenaðarfjölda. Þetta væri nóg til að sýna fram á, að margt væri athugavert við þennan grundvöll nefndarinnar, og kvaðst hann vona, að deildin ekki hrapaði að því, að samþykkja frumvarpið, eins og það lægi fyrir. Ef tími væri nægur fyrir hendi, þá mætti má ske lagfæra frumvarpið nokkuð, en nú væri ekki annað fyrir hendi, heldur en aðnaðhvort að láta málið bíða, eða þá fallast á stjórnarfrumvarpið.

Halldór Kr. Friðriksson kvaðst ekki neita því, að nefndin hefði gjört sjer mikið ómak fyrir þessu máli, og að framsögumaður hefði hugsað vel og vandlega um það, en allt fyrir það yrði hann að vera landshöfðingja samdóma um, að niðurstaðan, sem nefndin hefði komizt að, væri ekki heppileg. Landshöfðingi hefði rjett að mæla, að eigi væri auðið að byggja á þessu tvennu, fjártali og mannfjölda. Hann skyldi biðja menn að líta á Borgarfjarðarsýslu; hún hefði áður verið metin 3747 hndr., en eptir frumvarpi nefndarinnar 3184 hndr.; í hverju hefði þessi sýsla vesnað síðan 1861? Hundraðatalan í Árnessýslu hefði líka lækkað; í hverju hefði þessi sýsla vesnað? Þessar sýslur ættu báðar að metast einungis eptir jarðagæðum, því að þar væru engar hlunnindajarðir, nema þar sem laxveiði væri. Fólkstalan hefði aukizt töluvert í báðum þessum sýslum, en fjártalan fækkað, en af hvaða ástæðum? Það hefðu verið alveg sjerstakar ástæður, sem ekki væru nægar til þess að lækka hundraðatölu jarðanna. Þetta sýndi ljóslega, að þessir tveir gjörendur væru ekki heppilegir til þess, að byggja á þeim einum. Hann kvaðst fyrir sitt leyti ætla, að báðar þessar sýslur hefðu batnað töluvert, ekki af völdum náttúrunnar, heldur af mannavöldum, þannig að jarðirnar hefðu verið bættar töluvert. Sama væri að segja um Skaptafellssýslu; það væri engin ástæða til að hækka hundraðatöluna í þeirri sýslu, eins mikið og nefndin hefði gjört. Þótt það væri gefið, að hún hefði verið of lágt metin í hinu fyrra jarðamati, þá væri það aðgæzluvert, að þar væru heilir hreppar, sem gengu árlega úr sjer af náttúrunnar völdum á þann hátt, að engin ráð væru til að stöðva þessar skemmdir. Ef skemmdirnar kæmu af vanrækt og hirðuleysi, þá skyldi hann játa, að ekki væri ástæða til að taka það til greina, en þegar skemmdirnar væru af völdum náttúrunnar, þá væri ekki umtalsmál að sleppa því, og ætti því þessi hækkun á Skaptafellssýslu eigi við næg rök að styðjast. Hann skyldi taka annað dæmi. Reykjavík hefði áður verið 355 hndr., og hver maður, sem þekkti vel til, hlyti að játa, að hún væri metin allt of hátt. Þegar nefndin hefði farið eptir sínum reglum, þá hefðu jarðarhundruðin orðið 867, en það hefði hún sjeð að væri fjærri öllum sanni, og þess vegna fært þessa tölu í frumvarpinu niður í 312, alveg af handahófi, án þess að gefa nokkrar ástæður fyrir því. Þessar grundvallarreglur nefndarinnar væru þess vegna ekki nægilegar, til þess að byggja á þeim nýtt jarðamat. Það gætu verið ýmsar ástæður til þess, að fjenaðarfjöldi væri

meiri í þessum hrepp en hinum, án þess þar fyrir væri víst, að jarðirnar væru meira virði, því að opt gæti svo verið, að einhver framfleytti fjenaði sínum með því að koma honum burt úr hreppnum eða að fá slægjur í öðrum hrepp; væri þá þessi fjenaður, sem fram fleytt væri í öðrum hreppi, nokkur sönnun fyrir, að jörð eigandans ætti að vera svo eða svo mörg hundruð. Framsögumaður hefði ætlað, að þetta væri hið bezta ráð til að ná rjettu jarðamati, en það væri þegar sýnt, að þeir gallar væru á þessari aðferð, að ekki væri vert að halda lengra út í það. Það lægi í hlutarins eðli, að eigi væri auðið, að taka þetta mál fyrir án alls undirbúnings; það þyrfti að fá ýmsar skýrslur, og meðan þær væru ekki komnar, hlyti grundvöllurinn að verða skakkur. Þótt nefndin vildi forðast kostnað, þá mætti hún ekki gjöra það á þann hátt, að öll bygging hennar yrði skökk og hryndi niður, því að rjettur jöfnuður á milli gjalda manna væri þó nokkurs virði, og þess vegna mætti nefndin og deildin ekki vera um of sparar á fje í þessu máli. Ef deildin vildi ekki fallast á það, að nefnd yrði skipuð, sem alls ekki þyrfti að kosta svo mikið, þá væri ráðlegast að láta málið bíða, og láta sitja við það, sem væri, heldur en að fara að hrapa að því, að samþykkja þetta frumvarp nefndarinnar. Hann kvaðst ekki vera vinur margra jarðamata, því að ef nokkurn veginn jöfnuður kæmist á, þá þætti sjer ekkert á móti, að dugnaðarmaðurinn hefði nokkurn hag af því, að bæta jörð sína, og vorkenndi ekki slóðanum að borga, þótt jörðin gengi úr sjer fyrir hirðuleysi hans, því að jörðin hefði þó eiginlegleikann, til að taka bótum. En nú væri það almennt viðurkennt, að svo margir stórgallar væru á hinu eldra jarðamati, að jöfnuðurinn væri ekki, og þess vegna hefði skattanefndin stungið upp á endurskoðun jarðamatsins, en alls ekki nýju jarðamati. Skattanefndinni hefði, þrátt fyrir öll sín skrif, veitt örðugt að safna skýrslum, og því síður væri ætlandi að þinginu tækist að safna nægilegum skýrslum. Það væri því reynandi enn einu sinni að safna skýrslum um land allt, eins og gjört væri ráð fyrir í frumvarpi efri deildarinnar, því að annars hlyti allur grundvöllurinn að verða skakkur, þegar engar skýrslur væru til að byggja á.

Framsögumaður kvað báða þessa þingmenn, er talað hefðu, hafa verið í skattanefndinni sálugu, er hefði verið svo fræg um land allt, og hefði það einmitt verið fyrir þeirra tillögur, að mál þetta hefði komið inn á þingið, og skyldi maður því ætla, að þeir hefðu vandlega hugsað um, á hverjum grundvelli heppilegast væri að byggja í máli þessu. En sjer hefði fundizt, að þeim hefði gengið betur að rífa niður grundvöll þann, sem nefndin hefði reynt að leggja, en að benda á annan rjettari eða traustari, og kvað hann sig furða stórlega á þessu, því að hann hefði fremur búizt við, að þeir mundu leggja nýjan stein í byggingu þessa, en rífa hana niður. Þingmanni Reykvíkinga hefði þótt það undarlegt, að Borgarfjarðarsýsla og Árnessýsla hefðu lækkað frá hinu núverandi jarðamati, en hann kvaðst vilja spyrja, hvort þingmaðurinn gæti fullyrt, að sýslur þessar hefðu verið rjett metnar áður; nei, það gæti þingmaðurinn ekki sagt, og það því síður, sem þingmaðurinn hefði sjálfur játað, að mat þetta væri skakkt í mörgum greinum. Hvernig gæti hanu fullyrt, að fremur væri skekkja hjá nefndinni, en á hinu forna mati. Hann kvaðst ímynda sjer, að jarðamatið eða hlutfallið milli sýslnanna hefði heldur tekið bótum hjá nefndinni. En það jarðamat, er nú gilti, hefði mjög svo stóra galla, eigi að eins með tilliti til einstakra jarða, heldur og með tilliti til jafnaðarins milli hjeraðanna, því að farið hefði verið eptir mjög mismunandi reglum í hinum ýmsu hjeruðum landsins, þegar jarðamatið hefði verið samið. Hann kvað þingmanninn eigi vilja hafa nýtt jarðamat, heldur að eins endurskoðun jarðamats. Hann kvaðst nú eigi sjá stóran mun á því, hvort jarðamatið væri endurskoðað eða nýtt jarðamat væri samið; því að ef annars ætti að endurskoða jarðamatið, þá yrði líklega að gjöra einhverjar breytingar við það, og þá

væri það eiginlega orðið nýtt jarðamat; nefndin hafði kallað þetta leiðrjettingu jarðamatsins, og kvaðst hann ætla, að það ætti vel við. Hann kvað þingmanninn hafa viljað draga málið, og vildi hann safna skýrslum, en þingmaðurinn hefði eigi bent neitt á það, frá hverju ætti að skýra í skýrslum þessum. Hann yrði því að ætla, að þingmaðurinn hefði lítið upplýst málið með ræðu sinni.

Páll prestur *Pálsson* kvað þingmann Reykvíkinga hafa tekið af sjer ómakið með ræðu sinni, en þó kvaðst hann vilja geta þess viðvíkjandi þeim orðum framsögumanns, að engin eptirsókn væri eptir jörðum í Skaptafellssýslu; þá væri þar mikil eptirsókn eptir jörðum, og það svo, að hvert kot, þótt lítt byggilegt eða jafnvel óbyggilegt væri, leigðist þar. Þar sem framsögumaður hefði borið sjer á brýn, að hann hefði eigi byggt orð sín á neinu og engar ástæður fært fyrir máli sínu, þá kvaðst hann ætla, að hann þyrfti þess eigi, því að frumvarp það, er komið hefði frá efri deildinni, þætti sjer full-gott. Hann kvaðst vilja minna deildina á, að Skaptafellssýslu væri öðruvísi farið en öðrum sýslum landsins; því að hún gengi ávallt úr sjer, og það eigi af slóðaskap sýslubúa, heldur af völdum náttúrunnar, og væri þess að gæta, að minna gagn væri að, að vera þar efnamaður, en í öðrum sýslum. Hann kvað varaforseta hafa tekið það fram, sem og rjett hefði verið, að nefndin hefði tekið í skýrslu sinni tillit til fjenaðarins, eins og hann hefði verið í sýslunni síðan árið 1855, en á þeim árum hefði verið þrot á sauðfje, í öllum sýslum, í suðurumdæminu, nema Skaptafellssýslu einni, og væri því eigi sanngjarnt að byggja á því. Hann kvaðst því fremur halla sjer að frumvarpi efri deildarinnar, því að frumvarp nefndarinnar væri með öllu óhafandi.

Halldór Kr. Friðriksson sagðist hvorki segja af eða á um það, hvort t. a. m. Árnessýsla eða Borgarfjarðarsýsla væru rjett metnar til dýrleika hjá nefndinni eða eigi, en hitt væri sjer óskiljanlegt, af hvaða ástæðu þær ættu nú að vera lægri eða hærri að dýrleika en 1861. Í Árnessýslu hefði fólkstalan, annar gjörandinn í dæmi nefndarinnar, aukizt um 600, og í Borgarfjarðarsýslu 200, á þessu tímabili. Eptir kenningu nefndarinnar ættu þessar sýslur að hafa batnað töluvert, og hvaða ástæðu hefði hún þá til að færa þær niður að jarðadýrleika. Í Árnessýslu hefði sauðfjenaður fjölgað um 16,000 síðan 1861. Á hverju væri nú lækkunin byggð?

Ísleifur Gíslason sagði, að úr því farið væri að til nefna einstakar sýslur, ætlaði hann að minnast á Rangárvallasýslu. Eins og utanþingsnefndin í skattamálinu hefði tekið fram í álitsskjali sínu, hefði hún verið fjarskalega-hátt metin í síðasta jarðamati í samanburði við aðrar sýslur. Nefndin hefði nú að vísu fært hana niður, en ekki nema um ein 68 hundruð, og þó hefðu sumar sveitir þar í sýslu gengið stórum úr sjer af náttúrunnar völdum, síðan síðasta jarðamat hefði fram farið. Þetta væri eitt með fleiru greinilegur vottur þess, að grundvöllur nefndarinnar væri mjög háll og viðsjáll, og kvaðst hann því að sínu leyti ekki geta aðhyllzt hann, eins og hann nú lægi fyrir.

Arnljótur Ólafsson sagði, að nefndin hefði nú orðið fyrir býsna-hörðum dómi. Hann væri hræddur um, að menn mundu eigi hafa gjört sjer fyllilega ljóst, hvaða fjarskalegir örðugleikar fylgdu jarðamati, og eigi hugsað út í það, hvort jarðamat væri tiltækilegt í sjálfu sjer. Jarðamat væri hjer um bil ómögulegt, svo að bót væri að. Hann gæti nú að vísu eigi sagt, hvort frumvarpið ætti heldur að aðhyllast, frumvarp efri deildarinnar eða nefndarinnar. Þó væri eigi því að leyna, að þetta frumvarp (nefndarinnar) hefði þann kost, sem hitt hefði eigi. Þetta frumvarp væri nefnilega byggt á grundvelli, sem væri til, sem sje fólkstölu og fjártölu; er hitt væri eigi byggt á neinum tilveranlegum grundvelli. Það væri eigi byggt á neinu öðru en því, að landshöfðingi út nefndi 3 menn í nefnd, sinn úr hverju amti, fengi þeim erindisbrjef, þeir fengju svo aptur sýslunefndunum

erindisbrjef, og sýslunefndirnar hreppsnefndunum, svo að allt verkið yrði sem samkvæmast sjálfu sjer. Hver gæti nú samið slík erindisbrjef? Enginn. Það væri ómögulegt að meta og vega á rjettlætisvog, hvað koma ætti til greina, er meta skyldi jarðir, og að hve miklu leyti hvert atriði, eða hver kostur og ókostur jarðar fyrir sig. Það ætti að meta alla kosti og alla galla, sem hugsanlegt væri að fyrir gætu komið á jörðum, og gæta hins rjetta jafnaðar í öllu matinu milli jarðanna innbyrðis, og hver gæti nú gefið reglugjörð um, hvernig ætti að fara að því? Þótt safnað væri saman beztu bændum af öllu landinu, beztu sjávarútvegsmönnum, beztu eggversmönnum, beztu selversmönnum o. s. frv., og þessir allir lagðir saman í þessa 3 endurskoðunarmenn, sem stjórnin og efri deildin styngi upp á, þá gætu þeir það samt ómögulega. Frumvarp efri deildarinnar sýndi eigi annað, en að það væri ofur-hægt að búa til ósköpin öll á pappírnum; það sýndi eigi annað, en skriffinnsku efri deildarinnar. Það væru engir þeir 3 menn til, er til slíks verks væru færir, hversu heppilega sem valið væri, og það efaðist hann eigi um að yrði, úr því að landshöfðinginn ætti að gjöra það.

Eptir 4. grein frumvarpsins frá efri deildinni ætti hver jarðeigandi og hver ábúandi frjálst að bera upp fyrir endurskoðunarnefndinni eða sýslunefndinni umkvartanir sínar yfir því mati, sem nú væri á jörð hans. Skyldu skoðunarnefndirnar fá svo litla nóru af umkvörtunum! Skyldu þær fá svo lítið að blaða í!

Nefndin hefði þó byggt á nokkru, á einhverjum vísi til rjettrar undirstöðu, því fjenaður lifði þó eigi á engu og fólk lifði eigi á engu. En þessir 2 gjörendur, sem nefndin hefði tekið, væru samt engan veginn fullnægjandi. Því hefði hún eigi tekið með t. d. báta og veiðarfæri? Það væri þó verkfæri til að afla sjer nytja, sem bundnar væru við þetta land, nefnilega fiskiveiðarnar. Vjer lifðum eigi beinlínis á skepnunum; vjer lifðum til dæmis að taka á geldpeningi eiginlega eigi fyr, en hann væri skorinn. Hann ætlaði annars eigi að fara út í það, hvernig ætti að hugsa sjer jarðamat, svo það yrði sem rjettast. Ætti hann nokkuð um það að segja, dytti sjer helzt í hug, að einna-tiltækilegast mundi að byggja á jarðaafgjaldsskýrslum, ef þær fengjust rjettar. Instrúxið frá 18. júlí 1848 væri engan veginn einhlítt til þess. Auk þess, sem þar væri sett sú regla, að hreppstjórar ættu að fara eptir því, sem landsetar segðu til um jarða-afgjöld sín, og láta þá sýna sjer byggingarbrjef sín — en þeir hefðu margir hverjir engin byggingarbrjef, eða þá kannske eigi nema afgömul og löngu úr gildi gengin, og því mikils til of lág. Þá strönduðu og allar okkar skýrslur á því, að til að safna þeim væru hafðir menn, bæði hreppstjórar og aðrir, sem engin laun fengju, eigi einu sinni ferðakostnað. Það lægi í augum uppi, að menn færu eigi að leggja sig í bleyti fyrir það, sem þeir fengju ekkert fyrir, hvort sem það væri vel eða illa gjört. Það kæmi hjer fram, að vjer spöruðum skildinginn, en gleyptum dalinn. Vjer spöruðum laun við þá, sem ættu að leggja undirstöðuna, tímdum t. a m. eigi að gefa út einn eyri handa þeim, sem ættu að leggja undirstöðuna til landshagsskýrslna vorra. Því væri nú líka svo komið, að helzt liti út fyrir, að allar okkar landshagsskýrslur ætluðu að fara í gröfina.

Afgjöldin hlytu að vera hinn áreiðanlegasti mælikvarði fyrir dýrleika jarða. Ábúandinn vildi gefa það fyrir afnot jarðarinnar, sem hann sæi að hann mundi hafa upp úr henni. Því væri eins varið að taka jörð eins og með hver önnur kaup. Maður gæfi fyrir hlutinn eptir því gagni, sem maður sæi að maður mundi af honum hafa.

En svo að hann nú sneri sjer að sjálfu frumvarpi nefndarinnar, því, er hjer lægi fyrir, þá yrði hann fyrst og fremst að láta það njóta þess sannmælis, að það væri talsvert hugvit í því. Maður gjörði eigi á hnje sínu frumvarp til jarðamats, sem meira vit væri í. Á hnje sínu kallaði hann það gjört

að því leyti, sem það væri raunar eigi annað en eitt reikningsdæmi. En til þess nú samt að reyna í því þolrifin, ætlaði hann að taka til nákvæmari skoðunar 3. og 4. grein frumvarpsins. Í 3. grein stæði, að sýslunefndin í hverri sýslu skyldi skipta hundraðatali sýslunnar niður á hina einstöku hreppa eptir rjettu hlutfalli, þ. e. sjálfsagt eptir því hlutfalli, sem nefndin fer fram á, nefnilega fólkstala og skepnufjöldi. Í 4. grein væri svo hreppsnefndinni boðið að jafna hreppshundraðatölunni niður á hinar einstöku jarðir, en hvernig, væri ekki sagt neitt fyrir um, en það ætti sjálfsagt að vera eptir rjettu hlutfalli, þ. e. eptir sama hlutfalli; um annað hlutfall væri hvergi talað í frumvarpinu. Ætti þá eptir þessu að setja hundraðatal á hverja jörð fyrir sig eptir fólkstölunni á bænum og skepnufjöldanum, án þess að skipta sjer neitt af öðru, án þess að skipta sjer neitt af því, hvort jörðin væri megringskot eða mesta hlunninda- eða landkostajörð. Allir sæju nú, hvaða rjettlæti eða jöfnuður yrði upp úr því. Þetta sýndi, að frumreglan eða aðalreglan, sem nefndin hefði sett og ætlazt til að yrði undirstaða fyrir öllu jarðamatinu, væri eigi rjett eða gild, því væri hún það, ætti hún að reynast jafngóð og einhlít í hverju einstöku tilfelli, eins og hún sýndist að vera sem almenn regla. Það væri svo um allar frumregluhugsanir eða almennishugmyndir (abstracte Begreber), að það yrði að rekja þær fram í yztu tá og fingur hugsunarlíkamans, til þess að sjá, hvort þær væru rjettar, kæmi þá eigi allt heim, svo væri eitthvað bogið.

Sjer þætti samt sem áður vænt um, að þetta frumvarp hefði komið fram, því að það hefði að geyma nýja hugsun, sem sýndi góða viðleitni til að koma þessu máli í rjett horf. En það, að þessi tilraun væri samt alls ónóg, sýndi bezt, að eigi væri ljett verk að búa til nýtt jarðamat. Enda sýndi dæmi annara þjóða það. Það þyrfti eigi lengra að leita en til Danmerkur; það væri flestum kunnugt, hvernig gengið hefði með jarðamötin þar, hvaða fjarska-tíma og kostnað þau hefðu haft í för með sjer. Það þyrfti sannarlega meira en 3 menn á pappírinn eða eitt reikningsdæmi.

Hvað væri jarðamat eða það að meta jarðir? Það væri meira en að meta til verðs einn landsblett; það væri að meta alla krapta náttúrunnar, öll hennar gæði og galla, allt, sem gæti orðið til ábata eða skaða fyrir eiganda eða hagnýtanda jarðarblettsins um svo og svo mörg ár eða tugi ára. Hvernig væri nú slíkt mögulegt? Það væri eigi unnt að segja um einn ullarlagð eða einn æðardúnshnoðra: «Þetta skal nú vera verðið á þjer í tuttugu ár». Hvernig væri þá mögulegt, að setja það verð á heila jörð, sem staðið gæti og verið rjett í 20 ár? Það væri enginn hlutur undir sólunni svo breytilegur sem verðlagið. Enginn væri svo máttugur, enginn einvaldur konungur hefði nokkuru sinni verið svo voldugur, að hann hefði getað sagt: «Þetta verð skal nú vera á þessum hlut til eilífðar».

Jarðamat væri nú í fyrsta lagi ómögulegt nema með stórfje; og í annan stað vildi hann spyrja: «Er rjett að vera að meta upp jarðir»? Setjum svo, að jarðamatið 1861 hefði verið rangt? Í hverju hefði það þá verið rangt, hverjum hefði verið rangt til gjört, ef t. d. jarðir hefðu verið metnar of hátt þá? Einungis eigendunum, sem þá voru; en hefðu þær verið of lágt metnar, þá einungis tíundatakendunum, er þá voru. Við næstu eiganda-skipti hefði allt lagazt. Þá hefði jörðin fengið sitt rjetta verð í kaupum og sölum. Ætti nú allt af að vera að meta upp aptur og aptur, bara til þess, að gjöra eigendunum rangt til? Einn bætti jörð sína, annar spillti henni. Endurskoðun jarðamatsins yrði eigi annað en sekt á þann, sem bætti jörð sína, en verðlaun (præmia) handa hinum, sem skemmdi hana. Svo mikilli hugspeki sem hann kannaðist við að frumvarp nefndarinnar væri af sprottið, gæti hann samt með engu móti fallizt á það. Englendingar væru hyggnir menn; það væri alkunnugt; en eigi hefðu þeir samt matið

upp jarðir hjá sjer síðan 1592. Beztu hagfræðingar Frakka gæfu jarðamatinu þar í landi þann vitnisburð, að þeir segðu, að síðustu árin, sem verið var að meta seinasta landsblettinn, þá hefði dýrleikinn á þeim jörðum, sem matið hefði verið byrjað á, orðið nálega jafnvitlaust sem áður, svo að eigi veitti af að byrja óðara aptur á nýju jarðamati, þegar því væri nýlokið. Yrði svo úr því eilífur hringsnúningur og hringlandi. Þingmenn ættu að gjöra sjer kunna reynslu annara þjóða í þessu efni, áður en þeir legðu út í, að samþykkja frumvarp um nýtt jarðamat hjer á landi.

Hann vildi ráða deildinni til, að samþykkja hvorugt frumvarpið, hvorki það frá efri deildinni eða hitt frá nefndinni, heldur láta þau fallast í faðma eins og góð hjón, og vita, hver ávöxtur af því yrði.

Þorlákur Guðmundsson sagði, að hann yrði að taka undir með 1. þingmanni Norður-Múlasýslu, því hvort sem hann liti á stjórnarfrumvarpið eða nefndarálitið eða hinar mörgu tölur, er hjer lægju fyrir, og ef miða skyldi við framtal á fjenaði og fólkstal að hálfu leyti, þá yrði hann að taka það fram, að þegar litið væri á sauðfjenaðartöluna í þeim 4 sýslum, er fjárkláðinn hefði komið í og verið viðvarandi í, næstum alla tíð í sumum af þeim, sem hjer væri miðað við, þannig hefði fjártalið í Árnessýslu verið 1855 45512, en 1861 19887, og á sama hátt væri munurinn í hinum kláðasýslunum, og að leggja jarðmat á öðrum eins grundvelli og þessum, ætla jeg ekki heppilegt; jeg er löngu sannfærður um jarðamat; jeg hef búið á 2 jörðum, og treysti mjer hvoruga til að meta, svo nákunnugur sem jeg hlýt að vera þeim. Mjer sýndist rjettast, að fresta þessu máli í þetta sinn, það mun ekki veita af tímanum að safna skýrslum og undir búa málið þangað til 1881, og þá er lögákveðið að endurskoða jarðabókina».

Framsögumaður sagði, að þótt hann hefði komizt inn í umræðurnar um þetta mál, þá væri það engan veginn af því, að hann áliti, að sjerlega brýna nauðsyn bæri til þess, að jarðamat þyrfti nú að fara fram; en úr því ákveðið væri að stofna til nýs jarðamats, þá virtist sjer rjettast, að þessi vegur yrði reyndur, sem að sínu áliti væri hinn vissasti og kostnaðarminnsti. 1. þingmaður Norður-Múlasýslu hefði þó kannazt við, að eitthvað verulegt væri við þessa 2 gjörendur, manntal og fjártal, og að því leyti væri hann nefndinni samdóma; hann hefði kannazt við, að gæði landsins og afrakstur væri það, sem leggja ætti til grundvallar fyrir skiptingu hundraðanna, og það væri einmitt skoðun nefndarinnar, gæði landsins alls væri sú eining, sem nefndin vildi skipta hundraðatölunni eptir niður á sýslurnar, og eptir þeirri reglu ættu sýslunefndirnar aptur að skipta henni niður á hreppana. Nefndin væri því alveg sjálfri sjer samkvæm, þar sem hún ætlaði sjer að leita þeirra skýringa, sem nauðsynlegar væru til að þekkja hið rjetta hlutfall milli einstakra sýslna. Í 2. grein væri engin regla kveðin upp; nefndin ætlaðist til þess, að þingið sjálft byggi sjer til reglu til þess, að skipta hundraðatalinu milli sýslnanna, eins og hún ætlaðist til þess, að sýslunefndirnar skyldu af kunnugleik sínum finna hið rjetta hlutfall milli hreppanna; það væri engan veginn víst, að sýslunefndirnar gætu nákvæmlega farið eptir sömu reglum og nefndin, í skiptingunni milli hreppanna, að þær einungis tækju þessa 2 gjörendur, fólkstal og fjártal, og að minnsta kosti mundu hreppanefndirnar ekki gjöra það nje geta gjört í skiptingunni milli hinna einstöku jarða. Því hægra yrði að skipta hundraðatalinu rjett og jafnt niður, því minna sem verksviðið væri; 1 hundrað í jörðu væri ekki annað en einhver ákveðinn hluti landsins, þegar litið væri á gæði þess og afrakstur. Eptir jarðabókinni ætti eitt jarðarhundrað að vera sama sem $^1/_{86755}$ af landinu, og eptir tillögu nefndarinnar $^1/_{86200}$. Tilgangur jarðamatsins væri, að þessir hlutir gætu verið sem allra-jafnastir um land allt að gæðum og afrakstri, en ekki eiginlega að

verði í kaupum og sölum. Þetta væri öfug stefna við það, sem fylgt hefði verið í hinu gamla jarðamati, þar sem einkanlega hefði verið farið eptir áætluðu verði hverrar jarðar. Þetta væri mikill munur; tvær jarðir gætu verið jafnar að gæðum, en mikill munur á verði þeirra af ýmsum atvikum, og mundu víst allir þekkja dæmi til slíks; verð hlutanna væri svo hvikult. Þess vegna yrði við jarðamatið annaðhvort að fara eptir gæðum og afrakstri, eða þá eptir verði. Þegar miðað væri við söluverð jarða, þá væri það rjett aðferð, að byrja á neðri endanum, sem hann hefði leyft sjer að kalla, byrja á því smáa, einstökum jörðum, og færa sig síðan upp eptir. En ætti að miða við afraksturinn beinlínis, þá væri haganlegra að byrja að ofan, byrja á heildinni, ákveða fyrst, í hve marga parta eða hundruð menn vildu skipta landinu, og jafna svo þessu hundraðatali niður á landið, fyrst hjeruðin, þá sveitirnar, og seinast jarðirnar, eptir beztu þekkingu, Sjer þætti efasamt, hvort auðið væri að samlaga þessar tvær sundurleitu stefnur í aðferðinni við jarðamatið. Að endingu kvaðst hann vona, að 1. þingmaður Norður-Múlasýslu vildi gjöra svo vel, að skýra þetta mál betur, eptir sinni miklu hagfræðislegu þekkingu, ef hann annars sæi ekki svo mikla erfiðleika á, að leiðrjetta jarðabókina, að hann heldur vildi algjörlega ráða frá því.

Með því ekki tóku fleiri til máls, þá var gengið til atkvæða, og var það samþykkt með 19 atkvæðum gegu 3, að málið skyldi ganga til 2. umræðu.

ÖNNUR UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 54. fundi neðri þingdeildarinnar, 24. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til laga um endurskoðun jarðabókarinnar frá 1861.*

Framsögumaður (Einar Ásmundsson) sagði, að mál þetta hefði verið svo ítarlega rætt við framhald 1. umræðu, að hann hefði litlu við að bæta. Landshöfðingi hefði þá kannazt við, að málinu væri beint í betra horf fyrir aðgjörðir nefndarinnar; hann hefði kannazt við, að álitsskjal hennar væri góður grundvöllur til að byggja ofan á, og hefði sjálfur komið með ýmsar góðar bendingar til þess að fullkomna þennan grundvöll enn meir. Nefndin hefði nú hugsað um þær vandlega, og væri hún á því, að þær væru til töluverðra bóta, og kannaðist hún við, að gott mundi og jafnvel ómissandi að hafa tillit til jarða-afgjaldanna. Það væri eiginlega hvergi nema í Vestmannaeyjum, sem tillit til jarða-afgjaldanna spillti hlutfallinu milli sýslnanna, af því landsskuldir þar á eyjunum væru svo afarháar. Hjer væru nú 3 leiðir fyrir höndum við þessa umræðu; 1. vegurinn væri að fallast á frumvarp nefndarinnar; 2. vegurinn að samþykkja frumvarp stjórnarinnar, eins og það væri komið frá efri deildinni, og 3. vegurinn, sem þingdeildin gæti farið, væri, að hafna báðum, fara hvorki eptir tillögum stjórnarinnar nje nefndarinnar. Hann ætlaði nú eigi að skera úr því, hver vegurinn mundi hollastur eða hagkvæmastur; en þótt hinni heiðruðu þingdeild kynni hvorugt frumvarpið að líka, hvorki nefndarinnar nje stjórnarinnar, sýndist sjer þingdeildin ætti að gefa öðruhvoru þeirra atkvæði sitt nú til þess að málið kæmist til 3. umræðu, ef vera mætti, að þá tækist að finna eitthvert ráð, einhverja leið málinu til framgöngu, er allir eða meiri hlutinn vildi aðhyllast. Að öðru leyti væru menn sjálfráðir um, hvað þeir vildu þá gjöra við málið.

Arnljótur Ólafsson kvaðst eigi hlynntur jarðamati, og það sízt nú, þegar búið væri að samþykkja ábúðarskattinn, þannig að $^2/_5$ álnar skyldu leggjast á hvert jarðarhundrað, því að það yrði hjer um bil hið sama gjald og tíundin hefði verið, nema lítið eitt hærra, það er að segja $^4/_{10}$ al. fyrir $^3/_{10}$ Hann kvaðst ímynda sjer, að engum gæti dottið í hug, að fara að hlaupa í að leiðrjetta jarðabókina, áður en tími væri til kominn, og

áður en sá hinn lögboðni frestur væri útrunninn. Hann kvað mál þetta vera einfalt, fyrst búið væri að samþykkja ábúðarskattinn, og væri það hjer um bil innifalið í þeirri spurningu, hvort vjer ættum að fara að verja kröptum vorum og leggja höfuð vort í bleyti til þess að semja jarðabók engra orsaka vegna, þar sem ekkert nýtt gjald hefði verið lagt á jarðarhundruðin. Sú eina ástæða, er verið gæti til þess að leiðrjetta jarðamatið, væri sú, að settar yrðu niður þær jarðir, er tíundarfrjálsar hefðu verið, og kvaðst hann ætla, að nefndin ef til vill hefði haft þetta bak við eyrað, en þá yrði jarðabókin að vera svo löguð, að ýmsar jarðir yrðu í engri hundraðatölu. En aptur á móti, ef afgjaldsskýrslunum yrði fylgt, þá væri auðsjeð, að þær jarðir stigju upp, er áður hefðu verið tíundfrjálsar. Hann kvað og drepið á það í álitsskjali skattanefndar, innar, að það væri kostur fyrir landsetana, að þeir væru lausir við jarðartíund, og að fyrir því hefði verið gengið að því vísu, að þeim væri sett þeim mun hærri landsskuld. Kvaðst hann því verða að ætla, eptir því sem hann bezt gæti rakið þessar hugmyndir skattanefndarinnar, að allir hlytu að komast að þeirri niðurstöðu, að nú skyldi eigi farið að eiga við neitt nýtt jarðamat. Jarðabókin, en nú væri, væri þó svo góð, að vjer ættum að láta hana lifa þann lögboðna tíma, en fara eigi að skera hana niður í miðjum klíðum.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og ljet því forseti ganga til atkvæða; fjell þá atkvæðagreiðslan þannig:

1, 1. grein nefndarinnar felld með 12 atkvæðum gegn 10. Var frumvarp hennar þannig fallið.

2, 1. grein frumvarps stjórnarinnar felld með 15 atkvæðum, gegn 8.

Var þá álitið með 15 atkvæðum, að málið væri fallið frá 2. umræðu.

XIV.

Frumvarp

til

til laga um stofnun borgaralegs hjónabands, og uppfræðslu barna í trúarefnum, þegar eigi hvorttveggja foreldra hafa þjóðkirkjutrú.

1. grein.

Hið veraldlega yfirvald skal með fullu borgaralegu lögmæti mega gefa saman hjón, án þess kirkjuleg vígsla sje við höfð, ef hvorugt eða eigi nema annað þeirra, er ganga vilja að eigast, hefur trú þjóðkirkjunnar.

2. grein.

Hjónaefni þau, er þannig ganga vilja í borgaralegt hjónaband, skulu bera fram um það skriflega beiðni, í kaupstöðum fyrir bæjarfógeta, og í sveit fyrir sýslumanni, þar sem þau vilja láta gefa sig saman. Skal í beiðninni gjöra grein fyrir, hvort bæði þau, eða eigi nema annað þeirra, sje utan þjóðkirkju, og hvort þau sjeu í nokkrum öðrum trúarbragðaflokki, og hverjum þá, ef svo er.

3. grein.

Þrem vikum, áður en hjónin eru gefin saman, skal kunngjöra við kirkju í þeirri sókn, er brúðurin á heima, að áformað sje

76*

að stofna slíkt hjónaband, svo og fyrir hverju yfirvaldi, og skal endurtaka birtinguna, ef lengri tími líður en 3 mánuðir, áður hjónin sjeu gefin saman. Vilji nokkur hafa lögbann gegn hjónahandinu, skal segja til þess yfirvaldinu þar, sem brúðurin á heima.

4. grein.

Áður hjónin verði gefin saman, skal yfirvald það, er í hlut á, fullvissa sig um, að birting sú hafi farið fram, sem lögboðin er í 3. gr., og að ekkert lögbann sje tilkynnt; einnig gætir það alls þess, sem eptir löggjöfinni er lagt fyrir prest að sjá um, áður hann gefur saman hjón.

5. grein.

Á degi þeim, sem settur er til hjónavígslu — en hann skal, að því leyti unnt er, tiltekinn eptir ósk hjónaefnanna — mæta þau í þinghúsi eða, eptir því sem á stendur, hjá yfirvaldi því, er í hlut á. Skal yfirvaldið þá fyrst brýna fyrir báðum þeim þýðingu hjónabandsins, og tekur síðan í móti játningu þeirra um, að þau vilji eigast; að endingu lýsir yfirvaldið því yfir, að þau sjeu gefin saman í löglegt, og í borgaralegu tilliti fullgilt hjónaband, og skal um allt þetta farið eptir formála þeim, er stjórnarráðið fyrir Ísland löggildir í þessu skyni. Athöfnin skal fram fara opinberlega, og skal að henni kveðja tvo votta. Um hjónaband það, er þannig er stofnað, skal það, sem nauðsynlegt er, ritað í bók, sem þar til er ætluð, en eptirrit af henni, staðfest með nafni og embættisinnsigli yfirvaldsins, skal fengið hjónunum til sannindamerkis um, að hjónabandið sje stofnað. Svo skal og yfirvaldið, áður 8 dagar eru liðnir, senda eptirrit prestinum í þeirri sókn, er brúðurin átti heima í, áður en giptíng hennar fór fram, og gjörir hann þá athugasemd í embættisbók sína um hjónaband það, sem stofnað hefur verið.

6. grein.

Fyrir birtingu þá, er 3. gr. getur, og vottorð fyrir henni, skal greiða gjald eptir aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna, 10. septbr. 1830, 64. grein. Fyrir gjörð þá, er 5. gr. skilur, og fyrir að gefa út eptirrit úr þingbókinni, skal gjalda hlutaðeigandi yfirvaldi 2 kr., en þurfi hann fyrir þá sök, er hjer greinir, að takast ferð á hendur, skal greiða honum dagpeninga og farareyri eptir því, sem áður greind aukatekjureglugjörð tekur til í 15. og 16. gr.

7. grein.

Nú beiðast hjónaefni kirkjulegrar vígslu, og hefur annað þeirra trú þjóðkirkjunnar, og er þá hjónaband þeirra lögmætt, er prestur úr þjóðkirkju tekst vígsluna á hendur, en skyldur skal hann að gefa prestinum í sókn þeirri, er brúðurin á heima í, skýrslu um vígslugjörð þá, sem fram hefur farið, svo gjörð verði um það athugasemd í embættisbók hans.

8. grein.

Hjónaefni, sem eigi hafa bæði þjóðkirkjutrú, verða eigi gefin saman, nema þau hafi áður látið uppi fyrir embættismanni þeim, er þau skal leiða í hjónaband, yfirlýsingu um það, í hverjum trúarbrögðum börn þau, er í hjónabandi þeirra fæðast, skuli uppfrædd. Skal rita yfirlýsingu þessa í hina sömu bók, sem ritað er í, að þau sjeu gengin í hjónaband. Ákvörðun þeirri, er þannig er sett, má þó síðar breyta eptir því, er þeim hjónum semur um, eða eptir ráðstöfun annars þeirra, er hitt er daið, eða hefur misst yfirráð sín yfir börnunum, og landshöfðingi samþykkir. Þó skal þess gætt, bæði þegar ákvörðun er tekin, um leið og hjónabandið er stofnað, og eins þegar síðar verður á því breyting gjör, að börnin verði ætíð uppfrædd í trúarbrögðum annarshvors foreldranna, eða að öðrum kosti í trú þjóðkirkjunnar.

9. grein.

Nú höfðu báðir foreldrar þjóðkirkjutrú, er þau gengu að eigast, og hafa því engan samning gjört sín á meðal um trúaruppfræðslu barnanna, eptir því er fyrirfarandi grein skilur, og skal þá hvort þeirra um sig mega heimta, að börnin alist upp í trúarfræðum þjóðkirkjunnar. Þó skal leyfilegt, að börnin uppfræðist í trú þeirri, er annað foreldra hefur tekið upp, sjeu þau bæði á það sátt. Nú gengur annað hjóna af þjóðkirkju yfir á aðra trú, en hitt er dáið, eða hefur misst yfirráðin

yfir börnunum, og skal þá leyfilegt, að þau uppfræðist í trú þeirri, er það hjóna hefur tekið upp, er í hlut á, ef landshöfðingi leggur samþykki til.

10. grein.

Foreldrar barna þeirra, er eigi eiga að uppfræðast í trúarbrögðum þjóðkirkjunnar, og því eigi heldur innlimast henni með skírninni, skulu, sem bráðast unnt er, skýra söknarprestinum frá fæðingu þeirra, og áður þrír mánuðir eru liðnir frá fæðingunni, hafa sagt til heitis barnsins, svo það verði ritað í embættisbókina. Vottorð um þessa nafngjöf kemur í stað skírnarvottorðs. Ef út af þessu er brugðið, liggur við 1—20 króna sekt, er rennur í fátækrasjóð. Amtmaður til tekur bæturnar.

11. grein.

Fyrir þau börn, er eigi hafa trúarbrögð þjóðkirkjunnar, skal byrjun hins 15. aldursárs koma í stað fermingar, að því leyti borgaralegar afleiðingar eru við hana bundnar. Heimta má, að börn þau, er eigi skulu uppfrædd í evangelisk-lúterskum trúarbrögðum, verði í opinberum skóla undanþegin kennslugrein þessari.

12. grein.

Sáttatilraun þá af hálfu hinnar andlegu stjettar, er tilskipun 18. oktbr. 1811, sbr, tilskipun 30. apríl 1824, 18. gr., lögskipar hjóna á milli, skal undan fella, er þau lýsa því fyrir yfirvaldi, að þau eigi bæði hafi trú þjóðkirkjunnar.

ATHUGASEMDIR
við lagafrumvarp þetta.

Eptir 47. gr. stjórnarskrárinnar, 5. janúar 1874, má enginn fyrir sakir trúarbragða sinna neins í missa af borgaralegum rjettindum. Nú er því svo varið, að sumar kirkjulegar athafnir hafa mikilvægar afleiðingar í borgaralegum efnum, og á þetta sjer einkanlega stað um hjónavígslur, en á Íslandi geta eigi aðrir en prestar þjóðkirkjunnar framkvæmt hjónavígslur, og skulu þær fara fram eptir þjóðkirkjusiðum, og eru þó rjettindi þau og skyldur, er að hjónabandinu lúta, mestmegnis algjörlega borgaralegs eðlis. Þeir, sem eigi hafa samvizku til, trúarbragða sinna vegna, að ganga undir vígslu eptir kirkjusiðunum, eða eigi geta fengið neinn af prestum þjóðkirkjunnar til að framkvæma hjónavígslu þá, er þeir æskja, eiga fyrir því heimting á, að þeim verði beind önnur leið til þess að öðlast rjettindi þau, að ganga í löglegt hjónaband.

Eins og eigi leið á löngu, frá því sett voru í Danmörku grundvallarlögin 5. júní 1849 — en þau ákveða í 84. gr. viðlíkt og stjórnarskrá Íslands í fyrnefndri grein — þar til lög (13. aprílmán. 1851) komu út, er meðal annars innleiddu borgaralegt hjónaband, eins mun nú á Íslandi þykja til þess ástæða, jafnframt og haldið er kirkjulegri vígslu, sem almennri skuldbindandi reglu fyrir stofnun hjónabands, að kostur verði veittur á að ganga í borgaralegt hjónaband, þegar eins sjerstaklega er ástatt, og áður er um getið.

Að vísu eru þeir mjög svo fáir að tölu á Íslandi, sem utan þjóðkirkju eru, en þeir eru þó til, og það verður eigi varið, að þessir menn eiga stjórnlagalega heimting á, að verða aðnjótandi fullra borgaralegra rjettinda í þessu efni, hverja trú sem þeir svo hafa. Síðan stjórnarskráin var leidd í lög, hefur einnig það atvik að borið, er sýnir, að löggjöfinni er ábótavant í þessu efni, þar sem hjónaefni nokkur á Vestmannaeyjum, er voru Mormónatrúar, og yfirvaldið hafði lagt fyrir að slíta saurlífissambúð, leituðu hjá hlutaðeigandi sóknarpresti um að verða gefin saman, en þeim var synjað um að fá kirkjulega vígslu sakir trúarbragða sinna, svo að þau einungis fengu kost á að stofna löglega sambúð með því móti, að konunglegt leyfisbrjef, er byggt var á 13. gr. stjórnarskrárinnar, veitti þeim að mega ganga í hjónaband án kirkjulegrar vígslu, sbr. nákvæmar stjórnartíðindi Íslands fyrir 1875, deildina B, tölubl. 96, bls. 100.

Það virðist samt sem áður bezt til fallið, að málefni þetta, sem svo mikils er varðandi

fyrir þá, er í hlut eiga, sje skipað með lögákveðnum reglum, og að einnig verði teknar upp í lögin nákvæmari ákvarðanir um nokkrar greinir þessu nátengdar, svo sem um trúaruppfræðslu barna, þegar foreldrar þeirra hafa hvort sína trú, eða þau skipta um trú, meðan þau eru í hjónabandi, um skírn o. fl.

Þá er lög 13. apríl 1851 leiddust í gildi, stóð svo á, að í Danmörku voru nokkrir viðurkenndir trúarflokkar utan þjóðkirkju, þeir er áttu sjer presta, er stjórnin hafði annaðhvort sjálf sett til embættis, eða viðurkennt, og sem frá aldaöðli höfðu átt rjett á að framkvæma kirkjulegar athafnir fyrir hönd meðlima trúarfjelags þess, er í hlut átti, með hinum sömu borgaralegu afleiðingum, og prestar þjóðkirkjunnar; en aptur voru aðrir trúarflokkar, hvort sem þeir nú höfðu hlotið nokkra viðurkenningu af hálfu stjórnarinnar eða eigi, þeir er eigi höfðu viðurkennda presta til vígsluhalds nje annara kirkjulegra athafna. Af þessum greinarmun leiddi það, að öll framkvæmd hinna fyrnefndu viðurkenndu trúarflokka á kirkjulegum athöfnum varð, eptir lögunum frá 1851, metin til jafns við þessar athafnir í þjóðkirkjunni, svo að borgaralegar gjörðir, í stað kirkjulegra athafna með borgaralegum afleiðingum, skyldi því að eins við hafa, að meðlimir hinna annara trúarflokka ættu í hlut, eða þá sitt væri úr hvorum flokknum. Greinarmunur þessi á milli trúarflokka, er standa utan þjóðkirkju, á sjer ekki stað á Íslandi, því þar hefur enginn frábrugðinn trúarflokkur fengið hvorki meiri nje minni háttar viðurkenningu af hálfu stjórnarinnar, og virðist af þessu verða að leiða, að allir trúarflokkar þeir, er frábrugðnir eru þjóðkirkjunni, verði látnir standa jafnt að í efnum þeim, er hjer greinir. Virðist því síður tilefni til þess, að skipa um viðurkennd trúarfjelög aðrar reglur en um önnur fjelög, þar sem eigi þykja líkindi til, að á Íslandi myndist nokkurt fjelag það, er þörf mætti þykja á að veita viðurkenningu, en skyldi eigi að síður á þann veg ráðast, mundi jafnan mega koma skipulagi á þessi efni fyrir hönd trúarflokks þess, er í hlut ætti, jafnframt og hann yrði viðurkenndur, en viðurkenningin mundi verða veitt með lögum, ef verkanir hennar skyldu ná svo langt, að prestar trúarfjelagsins skyldu jafnt sem prestar þjóðkirkjunnar fá framkvæmt vígslur og aðrar kirkjulegar athafnir með borgaralegum afleiðingum.

Um hinar einstöku greinir frumvarpsins skal enn fremur athugað það, sem nú segir:

Í 1. gr. er, eptir því sem áður er á vikið, gefinn kostur á að ganga í borgaralegt hjónaband, bæði þá er hvorttveggja þeirra, er í hlut eiga, eru utan þjóðkirkju — hvort sem þau bæði eru í hinum sama frábrugðna trúarflokki, eða í engum slíkum, eða sitt er í hvoru frábrugðna trúarfjelaginu — og eins, þegar svo er ástatt, að annað þeirra er í þjóðkirkjunni, en hitt utan hennar, hvort heldur það er í öðru trúarfjelagi, eða það hefur enga ákveðna trúarjátningu. Eins og sjá má, er þannig tekið tillit til þess, að svo getur á staðið, að hjónaefnin, annaðhvort bæði eða annað þeirra, heyri eigi til neinum ákveðnum trúarflokki eða sjeu trúarjátningarlaus. Þessa hefur eigi gætt verið í hinum dönsku lögum 1851, því þar er ráð fyrir gjört, að hlutaðeigendur sjeu jafnan áhangendur einhvers trúarfjelags. En reynsla seinni tíma hefur bæði í Danmörku og annarstaðar sýnt, að eigi beri svo sjaldan við, að menn láti í ljósi, að þeir hafi enga ákveðna trúarjátningu. Hljóta því lög þessi að gefa því atriði gaum, ef þau eiga að ná út yfir allt.

2.—4. gr. segja fyrir um, hvers málspartar sjálfir og hlutaðeigandi yfirvald skuli gæta, áður en borgaralegt hjónaband verði leyft. Fyrir reglum þessum þykir eigi þurfa að gjöra nánari grein, og skal það einungis tekið fram, að 2. grein hefur í niðurlagi sínu hrundið efasemd þeirri, sem kynni að verða hreift um það, hvort þau hjón, er heyrt hafa þjóðkirkjunni til, en síðan eru úr henni gengin, og nú vilja ganga í borgaralegt hjónaband, eigi að hafa sagt sig reglulega úr, og látið rita um það í embættis-

bækur, eða hvort það nægi, að þau einungis skýri frá þessu yfirvaldi því, er gefur þau saman; hefur greinin úr þessu leyst á hinn síðari veg. Þar sem því næst 3. gr. ákveður, að hjónaband það, sem fram á að fara, skuli boðað við kirkju — en auglýsing sú kemur í stað lýsingar þeirrar frá prjedikunarstól, sem lögboðin er á undan kirkjulegri vígslu — skal þess getið, að þinglestur hefur fyrir þá sök eigi þótt eiga við í þessu efni, að hann er jafnaðarlega á Íslandi einungis haldinn einu sinni á ári.

Upp í 5. gr. hafa teknar verið hinar nauðsynlegu ákvarðanir um það, hvernig stofnað skuli borgaralegt hjónaband, og er jafnframt svo fyrir skipað, að stjórnarráð Íslands gefi út formála um reglur þær, er yfirvaldið á að fylgja, þá hjónaband verður stofnað; auk þess gefur 6. gr. reglur um borgun fyrir gjörðir þær, er 5. gr. skilur, og fyrir auglýsingu þá, er nefnd er í 3. gr.

Um ákvörðunina í 7. gr. skal þess getið, að þótt eigi hafi þótt ísjárvert að veita hjónaefnum, ef annað þeirra er þjóðkirkjutrúar, kost á að ganga í hjónaband eptir kirkjulegri víslu, þegar þau æskja þessa af tilhliðrun við það, sem er þjóðkirkjutrúar, þá hefur samt á hinn bóginn eigi orðið álitið, að neinum presti úr þjóðkirkju yrði gjört að skyldu, að halda þá vígslugjörð. En vilji presturinn í heimilissókn brúðarinnar eigi framkvæma vígsluna, þá hlýtur þó prestur sá, sem gefið hefur hjónin saman, að senda honum skýrslu um vígslu þá, sem fram hefur farið, svo embættisbækurnar verði rjett færðar; aptur á móti hefur eigi þótt sæma, að veita presti neina tryggingu fyrir tekjum af vígslu þessari, eins og annars á sjer stað, þegar leitað er til óviðkomandi prests, þótt hæglega hefði mátt láta þann prest framkvæma vígsluna, er með rjettu átti tilkall til þess.

Í 8. gr. segir fyrir um trúaruppfræðslu barna, er fæðast í hjónabandi þeirra foreldra, er eigi bæði hafa þjóðkirkjutrú, hvort heldur þau eru í hinu sama trúarfjelagi utan þjóðkirkju, eða þau eru sitt í hvoru trúarfjelagi, eða annað þeirra lýsir því yfir, eða þau bæði, að þau heyri alls engum trúarflokki til, eða sjeu með öðrum orðum trúarjátningarlaus. Sje nú annað foreldra, eða þau bæði, utan þjóðkirkju, þegar þau gengu að eigast, er svo fyrir skipað, — líkt og ákveðið er fyrir konungsríkið Danmörku, í lögum 13. apríl 1851 — að hjónin skuli gjöra með sjer samning um það, í hverri trú ala skuli upp börn þau, er þau eignast, en samningi þessum má þó síðar breyta, ef hjónin eru bæði á eitt sátt um það, eða þá annað þeirra er dáið, eða hefur misst yfirráðin yfir börnunum, og hitt hjóna fær samþykki landshöfðingja til. Þó skal hjónunum eigi leyft að láta börnin uppfræðast í annari trú en þeirri, er að minnta kosti annað þeirra aðhyllist. Þá einungis verður undanþága leyfð frá reglu þessari, er hjón æskja eptir, að börn þau, er þau eignast, verði uppfrædd í trúarbrögðum þjóðkirkjunnar, þótt hvorugt þeirra hafi sjálft þá trú. Því það má álíta eðlilegt, að foreldrum geti virzt rjett, þótt eigi vilji þau sjálf ganga af trú þeirri, er þau eru uppfrædd í, að börn þeirra alist upp í aðaltrú landsins. Er þessu einkum þannig varið um útlendinga, sem flutzt hafa að þaðan, er önnur trú ríkir, en sem ætla sjer að taka bú og staðnæmast í landinu. Enn fremur liggur það í orðunum, að börnin skuli alin upp í einhverri trú. Þannig verður eigi foreldrum leyft að láta börn sín vaxa upp, án þess þau uppfræðist í lærdómi einhvers trúarfjelags, þótt annað foreldra eða þau bæði sjeu trúarjátningarlaus. Skulu börnin fræðast í þeirri trú, er annaðhvort foreldra aðhyllist, eða að öðrum kosti í trú þjóðkirkjunnar.

9. gr. fer orðum um atriði, sem eigi hefur verið gætt að setja reglur um í hinum dönsku lögum 13. apríl 1851, og sem því hefur ollið eigi litlum efa í Danmörku, nefnilega sú spurning, hvernig hagað skuli trúaruppfræðslu barna, er foreldrar, þá þau gengu að eigast, voru þjóðkirkjutrúar, en annað þeirra, eða þau bæði síðar meir ganga á aðra trú. Þegar svo ber undir, hafa eigi hjónin, þá þau gengu að eigast, gjört með sjer neinn samning um trúaruppfræðslu

barnanna, og verður eigi farið eptir ákvörðunum 8. greinar, heldur gjörist þörf á nýjum ákvörðunum um þetta atriði út af fyrir sig. Hefur stjórnarráðinu þá virzt, að bæði væri eðlilegt og haganlegt, að beita viðlíka aðalreglum og þeim, er í 8. gr. er farið eptir. Þar sem foreldrar voru bæði þjóðkirkjutrúar, er þau gengu í hjónaband, hlaut það að vera eðlileg, og eptir aðalreglum 8. greinar jafnvel nauðsynleg fyrirætlun þeirra, að börnin skyldu uppfrædd í trú þjóðkirkjunnar. Fyrir því hlýtur sjerhvert foreldra að eiga á þessu heimtu, að öllu leyti eins og hefðu þau þar um samning gjört sín í milli, þá er þau gengu í hjónaband. Þó verður þessu eigi haldið fram sem reglu, er foreldrar fái eigi frá vikið, þótt bæði sjeu ásátt um það. Úr aðalreglum 8. greinar virðist verða rakið, að leyfilegt sje, ef foreldrar eru á það sátt, að börnin fræðist í trú þeirri, er annaðhvort þeirra hefur upp tekið, og eins og gefur að skilja, þeim mun fremur í trúarbrögðum, er þau bæði hafa tekið upp.

Aptur á móti er engin ástæða til, fremur en þegar svo stendur á, sem um er getið í 8. gr., að leyfa þeim að láta börn sín uppfræðast í annari trú en þjóðkirkjunnar, eða þá í trú, sem að minnsta kosti annaðhvort þeirra hefur tekið upp. Þar eð eigi skal vera algjörlega fyrirmunað, — eins og heldur ekki er gjört, þegar svo stendur á, sem um er getið í 8. gr. — að gjöra breyting á trúaruppfræðslu barnanna fyrir það, þótt annað foreldra sje dáið, eða hafi misst yfirráðin yfir börnunum, hefur verið stungið upp á ákvörðun, er að þessu lýtur, í niðurlagi 9. greinar; en um hana þarf ekki sjer í lagi að taka neitt fram, þar eð hún í sjálfu sjer má þykja fullkomlega ljós. Þótt eigi verði þess krafizt af foreldrum, sem eigi eru skyld að uppfræða börn sín í trúarbrögðum þjóðkirkjunnar, að þau láti börn sín innlimast henni með skírninni, hefur eigi að síður, til þess að fæðingar- og nafnaskrár haldist undir sem nákvæmastri gæzlu, verið lagt þeim fyrir í 10. gr., að skýra sóknarpresti, er hlut á, frá fæðingu barnsins og nafni þess, áður tiltekinn frestur er liðinn, svo ritað verði í embættisbók hans; svo er og við lögð hegning, ef hjá er látið líða, að gjöra þessa tilkynningu.

Þá er fermingin kirkjuleg athöfn, sem hefur afleiðingar í nokkrum borgaralegum efnum, smbr. auk þess, er að hjónabandi lýtur, allrahæstan úrskurð um reglugjörð fyrir kennslunni í hinum lærða skóla í Reykjavík, 30. júlí 1850, 3. grein, nr. 1, og tilskipun um hjúahald á Íslandi, 26. janúar 1866, 1. gr. Í 11. gr. er stungið upp á, að afleiðingar þessar komi fram við börn, sem eigi eru þjóðkirkjutrúar, þá er þau hafa náð á þann aldur, er ferming venjulega fer fram. Auk þessa hefur greinin tekið upp ákvörðun um trúarfræðislega kennslu þessara barna í opinberum skóla.

Að endingu hefur þótt rjett að undanfella kirkjulega sáttamiðlun, sem ákveðin er í tilsk. 18. október 1811, þegar þau hjón eiga í hlut, sem greinin til tekur.

FYRSTA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 5. fundi efri þingdeildarinnar, 7. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu konunglegt *frumvarp til laga um stofnun borgaralegs hjónabands og uppfræðslu barna í trúarefnum, þegar eigi hvorttveggja foreldra hafa þjóðkirkjutrú.*

Mál þetta gekk til 2. umræðu, og greiddu þingmenn 10 atkvæði fyrir því á móti 1, en 6 á móti 5, að nefnd væri eigi sett í það.

ÖNNUR UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 6. fundi efri þingdeildarinnar, 9. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til laga um stofnun borgaralegs hjónabands og uppfræðslu barna í trúarefnum, þegar eigi hvorttveggja foreldra hafa þjóðkirkjutrú,* og gekk það umræðulaust til 3. umræðu, eptir samþykkt 8 þingmanna gegn 2.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 9. fundi efri þingdeildarinnar, 12. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu *frumvarp til laga um stofnun borgaralegs hjónabands, og uppfræðslu barna í trúarefnum, þegar eigi hvorttveggja foreldra hafa þjóðkirkjutrú.*

Eiríkur Kúld kvað líklegt, að mál þetta fengi góðan byr hjer í deildinni, af því að margir þingmenn hefðu látið í ljósi, að þeir væru því hlynntir, en þrátt fyrir það yrði hann þó að vera því mótfallinn fyrir sitt leyti. Eins og hann hefði áður minnzt á, væri málið komið utan að, en eigi sprottið af því, að þörf væri á því hjá þjóðinni sjálfri, eins og einnig væri bent til í ástæðunum við frumvarpið sjálft 3. bls., þar sem sagt væri: «Að vísu eru þeir mjög svo fáir að tölu á Íslandi, sem utan þjóðkirkju eru». Það væri og talið í ástæðunum frumvarpinu til gildis, að þess konar lög hefðu verið gefin í Danmörku, litlu eptir að grundvallarlögin komu þar út, og vegna stjórnarskrárinnar væri þessa nauðsyn hjer, en hjer væri öðru máli að gegna. Það væri að vísu skylda Íslendinga, að taka sjer snið eptir Dönum og öðrum þjóðum í öllu því, sem þetur færi, en í þessu máli væri alls eigi þörf á því. Í Danmörku hefðu þessi lög, ef til vill, verið nauðsynleg, eptir það er grundvallarlögin hefðu verið komin út, af því að þar voru þá margir trúarbragðaflokkar, en hjer væri eigi því máli að skipta, því að hann teldi eigi, þótt hjer hefði verið einn kaþólskur prestur, og nokkrir Mormónar í Vestmannaeyjum. Það hefði að eins einu sinni komið fyrir hjer á landi, að kirkjuleg vígsla hefði eigi orðið viðhöfð, er hjónaband hefði verið stofnað, nefnilega þegar Mormónarnir í Vestmannaeyjum hefðu leitað giptingar hjerna um árið, og fengið konungsleyfi til, en þessir sömu Mormónar hefðu, fám dögum eptir að sýslumaður hefði komið þeim í hjónaband, kastað mormónatrúnni og beðið prest að vígja sig eptir lúterskum siðum, og það sýndi, að engin veruleg þörf hefði verið fyrir þau að fá sýslumann til að koma sjer í hjónaband. Yfir höfuð væri allt of snemma komið með þetta frumvarp, og sjer þætti bezt fara á, að því væri frestað, þar til er þörf og nauðsyn í landinu sjálfu krefði þess. Þar að auki mundi þetta frumvarp eigi verða þokkasælt hjer á landi, því að Íslendingar mundu flestir meta mikils hina hátíðlegu kirkjulegu athöfn við giptingar og eigi kunna því vel, ef gildi hennar væri raskað eða rýrt.

Benidikt Kristjánsson kvað að vísu eigi vera svo bráða eða brýna nauðsyn á frumvarpi þessu, en reynslan hefði þó sýnt, að þess hefði þurft, þegar litið væri til þessara manna í Vestmannaeyjum, er nýlega hefði verið minnzt á; væri því æskilegt, að lög væru til um þetta efni, ef slíkt kynni að koma aptur fyrir, svo að umboðsstjórnin þyrfti eigi að taka það að sjer, og eiginlega brjóta lög þau, er nú væru í gildi; slíka aðferð þyrfti að fyrirbyggja, og sýndist sjer því, að þetta væri næg ástæða til þess, að mælt væri með frumvarpinu. Hin hátíðlega athöfn við giptingar gæti eigi komið hjer til greina, því að hjer væri eigi að tala um lúterska menn, heldur um þá, sem eigi væru Lúters trúar, og mundu því eigi hirða mikið um þessa lútersku athöfn, en þótt hjónaefni, sem eigi hefðu Lúters trú, eða að minnsta kosti eigi nema annað, ljetu veraldlegt yfirvald gefa sig í hjónaband, gæti það að sínu áliti alls eigi verið til óvirðingar við hina hátíðlegu athöfn, er hjá Lúterstrúarmönnum ætti sjer stað við þetta tækifæri. Lög þessi afstýrðu yfir höfuð vandræðum, sem annars gætu orðið, og yrði hann því að mæla með, að frumvarpið fengi framgang.

Stefán Eiríksson kvað það að vísu mundu vera tilgang stjórnarinnar, að koma á þessum lögum, af því að trúarbragðafrelsi væri veitt í 47. grein stjórnarskrárinnar, en þótt trúarbragðafrelsið væri veitt, sýndist sjer eigi þörf á þessu frumvarpi, einkum þar sem ekkert hefði sýnt, að þörf væri á því, nema þetta eina dæmi á Vestmanna-

eyjum, sem sjer væri vel kunnugt um að eigi bæri neinn vott um nauðsyn á lögum þessum, þó þetta hátignarlega hjónaband, sem ástæður frumvarpsins að nokkru leyti eru byggðar á, færi fram fyrir utan þjóðkirkjuna, með því að hjónin hefðu farið, fám dögum eptir að sýslumaðurinn hefði gefið þau saman, til prestsins á Eyjunum og sagt honum, að þau hefðu kastað Mormóna-trúnni og tekið aptur Lúters-trú, og beðið hann, að gefa sig í hjónaband eptir lúterskum trúarbrögðum. Enn væri það, að ef frumvarp þetta ætti að fá framgang, þætti sjer það vanta í 3. grein þess, hverjir ættu að birta giptingar þær, er þar ræddi um, hvort brúðguminn ætti að gjöra það sjálfur eða aðrir; sjer sýndist mjög hætt við, að slíkar birtingar yrðu vanræktar; vissu þá hlutaðeigandi sveitarstjórnir ekkert um skilríki þau, sem eru nauðsynleg til, að maður þessi geti notið hreppsrjettinda, því verði þessi birting, sem fyrir skipuð er, vanrækt, verður ekki hægt, að byggja sveitfesti þessa manns eða barna hans á skilríkjum kirkjubóka.

Jón Hjaltalín kvaðst reyndar hvorki vera prestur nje prófastur, en mál þetta kæmi sjer þó við, eins og hverjum öðrum, sem vildi varast ósamlyndi og trúarvingl, því að þetta frumvarp mundi leiða til hvorstveggja, ef það yrði að lögum. Í stjórnarskránni væri ákveðið, að Lúters-trú skyldi vera þjóðtrú, og sjer sýndist því, að engin lög ætti að setja, er gætu veikt það, að sú trú stæði sem fastast, en sjer þætti það mikið vafamál, hvort lög þessi gjörðu það eigi, eptir hugsunarhætti almennings. Það væri eigi nóg, að þeir, sem lögin semdu, hefðu þá og þá sannfæringu; þeir yrðu að gá að því, hvernig almenningur skildi lögin, og hver áhrif þau mundu gjöra á hann, þegar menn læsu þau. Sjer fyndist nú, að lög þessi mundu hafa þau áhrif á almenning, að þau veiktu trúna hjá honum, og yrðu því eigi til annars, en að auka trúardeyfð hjá mönnum. Í kaþólsku kirkjunni væri hjónavígslan talin sakramenti, en hjer væri að vísu eigi lögð svo mikil áherzla á hana, en hún væri þó skoðuð sem nokkurs konar nauðsyn, og væri jafnan hátíðleg og fögur athöfn, sem sjer sýndist eigi vert að rýra, meðan þess þyrfti eigi.

Yfir höfuð þætti sjer frumvarpið ótímabært, meðan hjer kæmu eigi upp sjerstakir trúarbragðaflokkar, sem enn væri eigi orðið, því að hann teldi eigi Mormóna þá, er hjer væru, enda mundu þeir og bráðum horfnir. Á frumvarpinu væri engin nauðsyn, og margt væri annað, sem miklu fremur þyrfti að kippa í lag.

Bergur Thorberg kvað sig furða á, að nokkrar raddir hefðu komið fram í móti frumvarpi þessu hjer í þingdeildinni, þar sem það þó væri bein afleiðing af 47. greinstjórnarskrárinnar, nema þessir menn vildu þá einnig alveg nema úr lögum þessa grein. Ef frumvarp þetta næði eigi lagagildi, væri engum hægt að giptast nema þeim, sem hefði þjóðtrúna, því að aðrir mundu varla vilja láta lúterska presta gefa sig í hjónaband, og ef til vill ekki geta fengið slíka vígslu. Þeir menn, sem þannig vildu komast í hjónaband án lúterskrar hjónavígslu, og öðlast þau borgaralegu rjettindi, sem hjónabandið hefur í för með sjer, gætu það ekki eptir nú gildandi lögum, og því væri frumvarp þetta nauðsynlegt. Ákveðnar reglur um þetta efni væru nauðsynlegar. Ef slíkt tilfelli kæmi fyrir, að nauðsynlegt væri, að innganga borgaralegt hjónaband, þá yrði það ekki mögulegt með öðru en því, að útvega sjerstaklegt konunglegt leyfi, eins og kom fyrir á Vestmannaeyjum, af því engin lög voru til, er ákvæðu, hvernig menn gætu neytt hinna hjer um ræddu rjettinda; en það væri auðsætt, hversu miklu eðlilegra og æskilegra það er, að um þetta sje fyrir skipað með almennum lögum, en að til þess komi, að fá þurfi sjerstaklegt leyfi í hvert skipti. Þar sem sagt hefði verið, að þessi hjón á Vestmannaeyjum, er áður hefði verið minnzt á, hefðu látið lúterskan prest vígja sig litlu síðar, en sýslumaður gaf þau saman, þá væri slíkt ekkert undarlegt, enda væri það almennt í

öðrum löndum, að kirkjuleg vígsla færi fram á eptir, þegar hjón fyrst hefðu verið gefin saman í borgaralegt hjónaband. Þingmaður Þingeyinga hefði tekið skýrt fram þörfina á frumvarpi þessu, og engar verulegar ástæður hefðu komið enn fram á móti því, svo að hann vænti, að málið fengi framgang.

Jón Hjaltalín sagði, að sjer sýndist frumvarp þetta vera móti andanum í 45. gr. stjórnarskrárinnar, því að stjórnin vildi með þeirri grein einmitt vernda lútersku kirkjuna, en ef farið væri að berja það inn í menn, að hjónavígslan væri eigi svo nauðsynleg, eða sú kenning, er þar væri látin í ljósi, væri eigi svo áríðandi, þá mundu margir hugsa, að það væri fleira í kverinu sínu, sem eigi væri svo merkilegt eða áríðandi, en það sem hjónabandið snerti. Ef einn steinninn væri losaður, mundi losna um fleiri.

Eiríkur Kúld gat þess, að þar sem 2. konungkjörni þingmaður hefði sagt, að 47. grein stjórnarskrárinnar yrði eigi haldið, nema þetta frumvarp yrði að lögum, þá væri þess að gæta, að þjóðkirkjan væri ein, en engir trúarbragðaflokkar ættu sjer hjer stað, og á meðan svo væri, væri frumvarp þetta ónauðsynlegt. Það væri einnig, eins og hinn 4. konungkjörni þingmaður hefði sagt, ekki nóg, þótt löggjafarnir skildu lögin rjett, ef almenningur legði annan skilning í þau. Þetta gæti og rýrt helgi hjónabandsins.

Benidikt Kristjánsson kvaðst eigi álykta eins og þingmaður Barðstrendinga, því að sjer sýndist öll nauðsyn á frumvarpi þessu horfin, þegar sjerstakir trúarbragðaflokkar væru komnir hjer á fót, því að þá mundi hver flokkur hafa sinn prest, sem gæti framkvæmt hjónavígslu eins og önnur prestsverk í sínum flokki. Þar sem hinn 4. konungkjörni þingmaður hefði talað um, að þetta mundi rýra álit hjónabandsins, þá vissi hann eigi til, að kristninni væri svo annt um, að hjónabönd væru stofnuð, og hann fyrir sitt leyti þekkti engan stað í Nýjatestamentinu, sem mælti með að stofna hjónabönd, svo að það væri ljettvæg mótbára. Það væri einnig mjög eðlilegt, að lúterskir prestar vildu eigi gipta hjónaefni, er annað hjónaefna væri t. a. m. Gyðingur eða kaþólskur maður, og mætti eigi eptir nú gildandi lögum, en þeir, sem eigi væru Lúterstrúar, hefðu þó jafnan rjett eptir náttúrurjetti til hjónabands eins og aðrir. Ef þessi borgaralega hjónavígsla væri bönnuð, yrði afleiðingin af því miklu verri í siðferðislegu tilliti, en þótt frumvarpið yrði að lögum, sem hann teldi alveg nauðsynlegt.

Jón Hjaltalín gat þess, að þingmaðurinn hefði misskilið sig viðvíkjandi hjónavígslunni.

Stefán Eiríksson kvað sjer þykja þingmaður Þingeyinga halda mjög fast í frumvarp þetta, þar sem þó hefði verið sýnt og sannað, að þess væri eigi þörf, meðan trúarbragðaflokkar kæmu eigi upp hjer á landi, en einstökum mönnum, sem vildu slíta sig undan trúarbrögðum þjóðkirkjunnar, mundi hægt að fá undanþágu undan almennri reglu í þessu tilliti eptir 13. gr. stjórnarskrárinnar.

Magnús Stephensen spurði, hvort þingmaðurinn hefði kynnt sjer 13. greinina nógu vel. Það væri efasamt, hvort stjórnin mætti leyfa það, er hjer ræddi um. Hjer væru að vísu eigi aðrir en Mormónar, sem eigi hefðu Lúters-trú, en hjer gætu komið og kæmu útlendir menn, sem eigi hefðu allir Lúters-trú, og það gæti komið fyrir, að þeir vildu gipta sig hjer á landi, en það væri eigi hægt eptir nú gildandi lögum, því að trú útlendingsins gæti bannað, t. a. m. ef hann væri kaþólskur, að láta lúterskan prest gefa sig í hjónaband. Eins liti út fyrir, að hinn 4. konungkjörni þingmaður hefði eigi lesið frumvarpið til hlítar, því að það snerti eigi þau hjónaefni, er bæði hefðu þjóðtrú, og það væri því ástæðulaust að ímynda sjer, að þetta lagafrumvarp hefði nein ill áhrif á trúarlífið í þjóðkirkjunni, eða, eins og þingmaður Skaptfellinga virtist að benda til, að halda, að nokkur mundi ganga úr þjóðkirkjunni til þess að geta notað borgaralega hjónabandið, því að það mundi varla verða metið svo mikils.

77*

Forseti leitaði þá atkvæða um, hvort menn vildu samþykkja frumvarpið, eins og það lægi fyrir, og var það samþykkt með 6 atkvæðum gegn 5. Kvað forseti það þá verða sent til forseta neðri deildarinnar.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 12. fundi neðri þingdeildarinnar, 16. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu *frumvarp til laga um stofnun borgaralegs hjónabands, og uppfræðslu barna í trúarefnum, þegar eigi hvorttveggja foreldra hafa þjóðkirkjutrú.*

Guðmundur Einarsson kvað sjer virðast frumvarp þetta allt of snemma upp borið, eptir því sem ástatt væri hjer á landi. Reynslan hefði sýnt það, að hjer væri nóg sjálfræði orðið í kirkjulegum málefnum, þó eigi væri farið að gefa tilefni til þess með nýjum lagaákvörðunum. Hann benti á hin nýju hegningarlög í sumum greinum, og vildi hann því stinga upp á, ef máli þessu yrði vísað til 2. umræðu, að þá yrði skipuð nefnd í það, til að íhuga það nákvæmar.

Grímur Thomsen studdi uppástungu þingmanns Dalamanna; kvað hann enn meiri ástæðu til þess, að nefnd yrði skipuð í málið fyrir þá sök, að meiningamunur hefði verið um mál þetta í efri deildinni, þar sem það hefði verið samþykkt með að eins 6 atkvæðum gegn 5.

Halldór Kr. Friðriksson kvað mál þetta svo óbrotið, að eigi þyrfti nefnd að setja í það. Hjer lægi eigi annað fyrir en sú spurning, hvort ástæða væri til að lögleiða ákvörðun þá, er frumvarpið hefur inni að halda, eða eigi; ef ástæða fyndist til þess, þá væri eigi annað en beinlínis að samþykkja frumvarpið, eins og það lægi fyrir, og þá þyrfti enga nefnd að setja; en ef eigi þætti ástæða til þess, að ákvörðunin yrði tekin í lög, þá væri auðvitað, að þá þyrfti eigi heldur nefnd að skipa. Hann yrði reyndar að játa það, að sjer virtist mál þetta fullkomlega nógu snemma upp borið, og hann gæti alls eigi fundið neina ástæðu til að fara að gefa mönnum hvöt til tvístrings, hvorki í trúarefnum nje öðru, með því að leiða frumvarp þetta í lög, þótt hann í sjálfu sjer alls eigi væri á móti því, að menn nytu frelsis síns í kirkjulegum og trúarbragðalegum efnum; en hann vildi eigi, að þau lög væru samin, er beinlínis væru hvatir til tvístrings í trúarefnum. Sjer virtist eigi heldur atvik það, er komið hefði fyrir á Vestmannaeyjum, vera ástæða fyrir því, að þetta frumvarp yrði lögleitt, af því að þeir menn, er þar hefði verið um að ræða, og beðizt hefðu vígslu af sýslumanninum þar, hefðu gjört sig ánægða með kirkjulega vígslu, en presturinn hefði neitað þeim um hana, en hann sæi eigi, að presturinn hefði nokkurt leyfi til að neita slíkri vígslu eptir þeim evangeliska rítus, er hjer væri ríkjandi. Það væri, að sinni ætlun, fyrst tími til að koma fram með nýtt lagafrumvarp um þetta efni, þegar sá, er giptist, eigi vildi hafa þennan rítus, en í því atviki, er á Vestmannaeyjum hefði komið fyrir, hefði slíkt eigi átt sjer stað.

Benidikt Sveinsson sagði, að þar sem þingmaður Reykvíkinga hefði sagt, að ef frumvarp þetta yrði að lögum, þá mundi það leiða til tvístrings í trúarbragðaefnum hjer á landi, þá vildi hann geta þess, að 47. gr. stjórnarskrárinnar innihjeldi sömu kröfu, sem frumvarp þetta hefði að geyma. Meiningin með þessu frumvarpi væri að eins sú, að það skyldi fullnægja því fyrirheiti, er gefið væri í 47. gr. stjórnarskrárinnar þeim, er mismunandi trúarbrögð hefðu frá þeirri trú, er ríkjandi væri í landinu. Hann yrði að öðru leyti að ætla það heppilegra, að nefnd væri sett í málið, eins og þingmaður Dalamanna hefði fært nokkur rök fyrir að með þyrfti.

Varaforseti var samdóma þingmanni Reykvíkinga í því, að hreinn og beinn óþarfi væri að setja nefnd í þetta mál, enda vissi hann eigi, hvort það væri heppilegt, að gjöra sjer það að reglu, að setja nefnd í þau mál, sem efri deildin væri nákvæmlega búin að rannsaka. Að öðru leyti kvaðst hann

alls eigi á móti því, að mál þetta gengi til 2. umræðu, en nefnd yrði hann að vera mótfallinn.

Landshöfðingi kvað ákvörðun þessa frumvarps í fullkominni samkvæmni við 47. gr. stjórnarskárinnar; og vonaði hann því, að deildin samþykktist frumvarp þetta. Hann yrði að mótmæla því, að eigi væri þörf á þessum lögum, en það játaði hann, að þörfin væri eigi svo mikil; dæmið, sem þingmaður Reykvíkinga hefði komið fram með, sýndi ljóslega, að þörf hefði verið á lögum um þetta efni, því að þótt konunglegt leyfisbrjef til þess mætti fá útgefið, þá mundi það taka langan tíma.

Arnljótur Ólafsson kvaðst vera einn af þeim, sem eigi fyndi ástæðu til, að frumvarp þetta væri leitt í lög. Í 47. grein stjórnarskrárinnar stæði, að enginn mætti neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum, fyrir sakir trúarbragða sinna. Nú væri hjónabandið eitt af þessum borgaralegu rjettindum, og gæti því hver maður krafizt þess, að vera gefinn í hjónaband, ef engir meinbugir væru á því, en með meinbugum yrði það eigi talið, að hann hefði önnur trúarbrögð en þjóðtrúarbrögð landsins, samkvæmt því er segir í 47. gr. stjórnarskrárinnar. Ef því eigi presturinn vildi gefa manninn í hjónaband, þá kvaðst hann álíta það sjálfsagt, að maðurinn hefði fullan rjett til að fara til viðkomandi prófasts og svo til stiptsyfirvaldanna, til að ná rjetti sínum. Svo gæti hann og farið til annars prests og látið hann gefa sig í hjónaband, ef það yrði að lögum, sem hann óskaði og vonaði, að sóknarbandið yrði leyst; það væri því að sínu áliti fullkomin rjettarsynjun, að synja nokkrum manni um að gefa hann í hjónaband sakir trúar þeirrar, er hann hefði, og væri þess að vænta, að hin andlega umboðsstjórn sæi svo um, að slík rjettarsynjun yrði eigi látin hafa framgang. Fyrir þessa sök óskaði hann, að málið yrði fellt.

Landshöfðinginn kvað sjer virðast ástæður þær, er 1. þingmaður Norður-Múlasýslu hefði komið fram með, mæla með því, að frumvarpið yrði lögleitt, því að annars yrði frelsi prestanna eigi til neins og samvizku þeirra misboðið.

Arnljótur Ólafsson sagði, að sín prestlega samvizka hefði aldrei komið i bága við stjórnarskrá Íslands.

Benidikt Sveinsson sagði, að í grundvallarlögum Danmerkur stæði samskonar ákvörðun, en samt sem áður hefði þótt nauðsynlegt, að gefa út ný lög um þetta efni. Svo væri og það, að þó að ákvörðunin eigi kæmi í bága við samvizku 1. þingmanns Norður-Múlasýslu, þá væri það engin trygging fyrir því, að allir prestar á Íslandi væru svo skapi farnir sem hann.

Einar Ásmundsson sagði, að þó að það væri rjett, er 1. þingmaður Norður-Múlasýslu hefði sagt, að prestarnir væru skyldir til að gefa mann í hjónaband, þótt hann væri annarar trúar, en viðgengizt á landinu, þá væri það þó eigi nóg, því að bæði gæti svo verið, að presturinn þá yrði að gefa manninn í hjónaband móti betri sannfæringu, af því að hann hefði aðra trú, svo og, að samvizka mannsins gæti bannað honum að þiggja hjónavígslu af prestinum og lögin væru einkanlega gjörð vegna slíkra manna, en eigi vegna prestanna. Hann vildi stinga upp á því, að nefnd yrði skipuð í málið, því vera mætti, að sum væru þau atriði málsins, er betri skýringar þyrftu, enda liti svo út sem efri deildin hefði farið nokkuð lauslega yfir frumvarpið, þar sem hún eigi hefði breytt neinu orði í því.

Halldór Kr. Friðriksson kvað 1. þingmann Norður-Múlasýslu hafa sýnt það ljóslega, að þessara laga eigi þyrfti með. En þar sem sagt hefði verið, að sama hefði átt sjer stað í Danmörku, þá væri það aðgætandi, að þar stæði öðruvísi á, því að þar væru margir trúarbragðaflokkar, en hjer á landi engir, nema Lúters-trúar; þess vegna virtist sjer ástæða sú, er 1. þingmaður Eyfirðinga hefði komið fram með, eigi geta komizt hjer að. En þó að vjer settum nú svo, að vjer fengjum menn á land vort, er væru annarar trúar en sjálfir vjer, þá gæti eigi verið að tala um

annað, en að presturinn væri skyldugur til að gefa hvern þann útlending í hjónaband, er óskaði þess; það væri rangt, ef presturinn skoraðist undan því. Hann mótmælti því, að nefnd yrði sett í mál þetta.

Einar Ásmundsson mótmælti því, er þingmaður Reykvíkinga hefði sagt. Hjer í Reykjavík eða á Reykjavíkurhöfn væru nú sem stæði mörg hundruð útlendra manna, er hefðu aðra trú en þjóðkirkja vor hefði, og gæti það ofur-vel borið til, að einhver þeirra fengi sjer konu hjeðan úr Reykjavík, og lögin mættu ekki leggja neinar óþarfa hindranir í veginn fyrir slíkt hjónaband, ef manni og konu kæmi saman um að stofna það.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og ljet forseti því ganga til atkvæða um, hvort mál þetta skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með 14 atkvæðum gegn 8. Var því næst leitað atkvæða um, hvort nefnd skyldi setja í málið, og varð atkvæðagreiðslan óglögg, og var því við haft nafnakall.

Já sögðu:

Ísleifur Gíslason,
Benidikt Sveinsson,
Einar Ásmundsson,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Páll bóndi Pálsson,
Stefán Stephensen,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,

Nei sögðu:

Halldór Kr. Friðriksson,
Arnljótur Ólafsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Gíslason,
Einar Guðmundsson,
Hjálmur Pjetursson,
Jón Blöndal,
Jón Sigurðsson,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson.

Var þannig nefnd hafnað með 12 atkvæðum gegn 10. 1. þingmaður Skaptfellinga var eigi á fundi.

ÖNNUR UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 15. fundi neðri þingdeildarinnar, 19. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu konunglegt *frumvarp um stofnun borgaralegs hjónabands og uppfræðslu barna í trúarefnum, þegar eigi hvort-tveggja foreldra hafa þjóðkirkjutrú.*

Guðmundur Einarsson kvaðst hafa tekið það fram við 1. umræðu þessa máls, að sjer þætti það of snemma upp borið, og hefði þingmaður Reykvíkinga fært ljósar og greinilegar sannanir fyrir því, að ekki væri vert að gefa út lög, sem ekki gætu haft neina sjerlega þýðingu, eins og nú á stæði hjer á landi. Sjer virtist það enn vera ótilhlýðilegt af þinginu og stjórninni, að gefa þjóðinni undir fótinn, og eins og óbeinlínis að hvetja hana til að hafna hinni ytri guðsþjónustu við hinar hátíðlegustu athafnir í lífinu. Hugmyndin um borgaralegt hjónaband væri ekki enn vöknuð hjer á landi, og væri óskandi, að hún vaknaði ekki fyrst um sinn og helzt aldrei; væri það sorglegt að fara að leggja niður helga kirkjusiði eða skerða virðinguna fyrir þeim með lögum, einungis sökum þess eina tilfellis, sem einn þingmaður um daginn hefði bent til; og vildi hann fyrir sitt leyti heldur, að þau hjónaefni, sem ekki gætu sætt sig við kirkjusiði vora, yrðu að fara af landi burt, til þess að ná saman, heldur en farið væri að gefa út lög þeim til hægðarauka.

Benidikt Sveinsson sagðist eins og þingmaður Dalamanna vísa til 1. umræðu um mál þetta; hann yrði enn að taka það fram, að þessi lög væru eðlileg afleiðing af 47. grein stjórnarskrárinnar, sú grein væri fyrirheitis-grein um, að enginn ætti að missa neins í af borgaralegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna, og þætti sjer undarleg sú mótbára gegn þessu frumvarpi, að það kæmi of snemma; væri þá ekki 47.

grein stjórnarskrárinnar of snemma lögleidd? Hann kvaðst ekki muna eptir því, þá er stjórnarskráin hefði verið rædd hjer á þingi, að þingmaður Dalamanna hefði verið andstæður þessari ákvörðun hennar.

Hann kvaðst hafa skilið þingmann Dalamanna svo, sem hann væri hræddur um, að meðlimir þjóðkirkjunnar mundu falla frá trúnni, ef frumvarp þetta yrði að lögum; en það væri óþarfi að óttast það, því að það væri búið að reyna svo rifin í oss Íslendingum frá sterkari átt en þessari, að það væri full-reynt, hve fast þeir hjeldu við trú sína; enda væru þessi lög fremur ætluð útlendum mönnum, sem mundu fælast frá að koma til Íslands, meðan þeim væri neitað um þessi rjettindi. Hvað þingmaður Dalamanna hefði sagt um, að hann vildi heldur, að menn neyddust til að fara af landi burt, en veita þeim þessi rjettindi, kvaðst hann fremur taka sem spaug en alvöru, því að það væri vissulega sorgleg tákn tímanna, ef slík alvara gegn grundvallarsetningum stjórnarskrárinnar kæmi fram á alþingi.

Guðmundur Einarsson kvað 1. þingmann Árnesinga hafa lagt þungan dóm á ræðu sína, og væri máske margt satt í því, sem hann hefði sagt; þingmaðurinn hefði lagt mikla áherzlu á 47. grein stjórnarskrárinnar, en hann vildi þá aptur benda honum á 45. grein; hana mætti einnig taka til greina; þó máske væri áríðandi að vernda rjettindi þeirra, sem hefðu aðra trú, þá væri þó meira varið í að sínu áliti að styðja og vernda hina evangelisku lútersku kirkju, og gæta þess, að rjettindi hennar yrðu ekki skert.

Þórarinn Böðvarsson kvaðst vera þeim samdóma, sem ekki sæju neina yfirgnæfandi þörf á þessum lögum, eptir því sem kringumstæðurnar væru nú hjer á landi; hingað til hefðu einungis fá dæmi komið fyrir, sem sýndu nauðsyn þeirra, og þau tilfelli, sem síðar mundu koma fyrir, þau þekkti enginn. Samt sem áður yrði hann þó að leggja áherzlu á það, sem stæði í 47. gr. stjórnarskrárinnar. Það væri að vísu athugavert, að þessi lög gætu ef til vill rýrt helgi hjónabandsins í augum almennings, en þó væri ekki eins hætt við því sökum þess, að lögin snertu einungis þá, sem hefðu aðra trú; sökum þeirra gætu þau orðið nauðsynleg, því að það væri rangt, sem sumir hefðu tekið fram, að prestar hjer mættu gefa saman hjón, sem hefðu aðra trú. Hann áliti, að prestur hjer á landi mætti ekki gefa saman hjónaefni, sem ekki væru fermd, en margir, sem hefðu aðra trú, væru ófermdir. Þess vegna væri hann fremur á því, að samþykkja þetta frumvarp, þótt hann vonaði, að langt yrði þess að bíða, að þau yrðu notuð.

Arnljótur Ólafsson kvaðst vera samdóma 1. þingmanni Árnesinga um, að rjett sje að fylgja fram 47. grein stjórnarskrárinnar í því, að láta engan neins í missa af borgaralegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna; en þá er lengra drægi, væri hann hræddur um, að þeir væru ekki á sama máli. Að sínu áliti færi þingmaðurinn fram á, að þeir, sem væru ekki þjóðkirkjutrúar, fengju forrjettindi fram yfir þjóðkirkjutrúarmenn, fyrir sakir trúarbragða sinna, og skyldi hann færa ástæðu fyrir þessu áliti sínu. Í tilsk. 30. apríl 1824, þar sem talin eru upp öll skilyrði, sem menn þurfa að hafa til þess að fá hjónavígslu, væri í 3. gr. 2. tölul. heimtað, að hjónaefnin væru fermd og hefðu gengið til altaris, og væru þessi skilyrði hin einu kristilegu skilyrði; ætti nú, ef Mormón t. a. m. vildi fá hjónavígslu, að veita honum undanþágu undan þessum skilyrðum? Ef þetta væri gjört, þá kallaði hann það svo, sem honum væri gefin forrjettíndi, og það einmitt sakir þess, að hann væri annarar trúar. Sjer sýndist, eins og þingmanni Dalamanna, það vera gagnstætt þeim stuðningi, sem oss bæri að veita vorum eigin trúarbrögðum, að gefa mönnum, er væru annarar trúar, forrjettindi. Í annan stað kvaðst hann ekki þekkja neinn mann á Íslandi, sem vildi nje þyrfti að fá leyfi til borgaralegs hjónabands, og væri því undarlegt að vera að semja tóm pappírslög, sem engin þörf væri á og ekki

hefðu gildi fyrir nokkurn mann. Jafnhliða fyrirheiti því, sem, eins og þingmaður Árnesinga hefði talað um, lægi í 47. grein stjórnarskrárinnar, þá kvaðst hann skyldu benda honum á annað fyrirheiti, er stæði í 3. grein stjórnarskrárinnar, það er að skilja, heitorðið um ábyrgð ráðgjafans. Væri nokkurt frumvarp komið um það efni? Væri rjett að uppfylla fyrirheitið í 47. gr., þótt engin hin minnsta ástæða væri til þess, en ganga þegjandi fram hjá heitorðinu í 3. gr.? Eða væri heitorðið í 3. grein kannske þýðingarminna, ónauðsynlegra, gagnsminna fyrir oss? Fyrirheitið í 47. gr. mætti víst bíða, þangað til hitt væri uppfyllt. Hann vonaði að endingu, að enginn skildi það svo, þótt hann greiddi atkvæði gegn þessu frumvarpi, sem hann gjörði það af prestlegum kreddum.

Benidikt Sveinsson sagði, að það væri misskilningur af 1. þingmanni Norður-Múlasýslu, að taka orð sín svo, sem hann heimtaði forrjettindi fyrir þá, er væru annarar trúar; hjer væri alls ekki verið að ræða um að veita þeim nokkur forrjettindi fram yfir aðra, heldur einungis að þeir ekki misstu neins í af borgaralegum rjettindum, en hjónabandið væri eins og þingmaðurinn vissi sjálfsagt, eitt af þeim, því að það væri þó ekki meining þingmannsins, að það væru forrjettindi, að vera ófermdur og hafa ekki neytt altarissakramentis? Þetta heyrði til trúnni, og teldi hann víst, að þingmaðurinn mundi kalla það galla, en ekki rjettindi að vera án þessa. Ef hann því áliti þetta forrjettindi, þá væri það af því, að hann áliti þeirra trúarbrögð fullkomnari og betri en sín eigin. Að vísu væri það satt, að fáir mundu leita þessa rjettar nú sem stæði, en hann yrði að gæta þess, að alþingi kæmi einungis saman annaðhvort ár, og ef þetta kæmi fyrir t. a. m. rjett eptir alþingi í vetur, þá væri hart að verða að bíða eptir því, að alþingi næst færi að semja lög og þau yrðu samþykkt. Þingmaðurinn vissi líka, að tilfellið hefði komið fyrir á Vestmannaeyjum fyrir skemmstu. Hvað snerti það, sem þingmaðurinn hefði sagt um fyrirheitið í 3. gr. stjórnarskrárinnar, að uppfylling þess væri nauðsynlegri en uppfylling fyrirheitisins í 47. gr., þá væri hann að vísu samdóma honum um það, en með því það væri nú ekki á þingsins valdi að velja um þetta tvennt, þá væri þessi samanburður engin ástæða til þess að hafna þessu frumvarpi. Þingmaðurinn vildi þó ekki hafna öllum fyrirheitisgreinum stjórnarskrárinnar, af því að hún væri ekki búin að uppfylla fyrirheiti það, sem lægi í 3. gr. En þingið mætti heldur ekki búast við, að stjórnin uppfyllti öll fyrirheitin í einu, heldur smátt og smátt.

Arnljótur Ólafsson sagðist ekki vilja þræta um það við 1. þingmann Árnesinga, hvort orðið »forrjettindi» væri í lagalegum skilningi rjett haft eða ekki í þessu sambandi, þótt sjer virtist ætíð rjett, að kalla undanþágur frá skyldum forrjettindi. Hann kvaðst ekki hafa sagt, að þingið ætti völ á uppfyllingu fyrirheitisins í 3. gr. stjórnarskrárinnar, heldur einungis að nær væri og virðulegra væri fyrir stjórnina að uppfylla 3. gr. en 47. gr. stjórnarskrárinnar. Hann skyldi leyfa sjer að benda þingmanninum til seinni hluta 47. gr.; þar væri sagt, að enginn mætti fyrir sakir trúarbragða sinna skorast undan almennri fjelagsskyldu. Þessi orð sýndu oss, að enginn gæti skorazt undan að hlýða íslenzkum lögum, ef hann væri búsettur á Íslandi, þess vegna sýndist sjer engin ástæða til að fara að gefa undanþágur frá því að hlýða hinum kristilegu skyldulögum, einkum meðan enginn maður væri til á Íslandi, sem gæti notað sjer þessar undanþágur. Svo mikið sem hann að öðru leyti væri fús á að gjöra stjórninni til geðs, þá gæti hann þó ómögulega gjört það fyrir hana, að taka þetta lagaboð, sem mundi hneyksla margar guðhræddar sálir hjer á landi, án þess að gjöra nokkrum manni gagn, og gæti hann ekki nefnt löngunina eptir lagaboði þessu annað en »óleyfilega girnd» til að vilja «tyggja upp á dönsku», það er, að vilja þröngva inn lagaboði þessu hjer af þeirri einu ástæðu, að slík lög ættu við og eiga við í Danmörku.

Hann skyldi leyfa sjer enn fremur að benda á 12. gr. frumvarpsins; þar væri sagt,

að 18 gr. í tilsk. 30. apríl 1824 skuli niður falla, en þar væri hvergi talað um 3. gr., og ætti hún þá enn að standa í gildi; ef þetta frumvarp yrði nú lögleitt, þá stæði það alveg í berustu mótsögn við 3. gr. 2. tölulið í tilsk. 30. apríl 1824. Lögfræðingar, eins og 1. þingmaður Árnesinga, gætu ef til vill komizt vel út úr þeirri mótsögn, en aumingja-prestarnir mundu komast í stökustu vandræði; um fáfróðan almúgann vildi hann ekki tala. Ef þetta frumvarp yrði lögleitt, þá væri það því að kasta prætuepli út milli manna, og væri þess vegna rjettara að fella það í þetta skipti; stjórnin gæti þá hugsað sig betur um og undir búið frumvarpið betur.

Landshöfðinginn sagði, að sjer virtist eigi ástæða til að ræða hin einstöku atriði máls þessa, þar sem engin breytingaruppástunga hefði verið borin upp við það. En þó vildi hann geta þess viðvíkjandi því, er 1. þingmaður Norður-Múlasýslu hefði sagt um 12. grein, að það mundi misskilningur af honum, að leggja þá þýðing í greinina, er hann hefði gjört. Svo sem 1. þingmaður Árnesinga hefði tekið fram, væri það sjálfsagt, að eigi yrði heimtað af þeim mönnum, er eigi heyrðu til þjóðkirkju vorri, að þeir væru fermdir. Ef því frumvarp þetta yrði í lög tekið, gæti eigi orðið spursmál um að heimta af þeim, er ganga ætluðu í hjónaband samkvæmt því, að þeir væru konfirmeraðir eða hefðu neytt kveldmáltíðarinnar. En hitt, er ákveðið væri í 12. gr., að sáttatilraun af hálfu hinnar andlegu stjettar skyldi undanfella, það flyti eigi beinlínis af sjálfu sjer, og fyrir þá sök hefði orðið að nema úr lögum þessa tilskipun frá 18. okt. 1811. Reynslan hefði sýnt, að allir prestar landsins væru eigi eins frjálslyndir, eins og hinn háttvirti 1. þingmaður Norður-Múlasýslu, og fyrir sitt leyti óskaði hann þess, að eigi þyrfti til þess að koma, að þvingunarmeðulum væri beitt gegn þeim prestum, er eigi álitu sjer skylt eða hefðu eigi samvizku til þess, að helga kirkjulegri hjónavígslu hjónaband, er stríddi í gegn kirkjusiðum þjóðkirkjunnar. Sjer þætti það og stríða í móti 47. gr. stjórnarskrárinnar, að hjónaefni, er eigi hefðu þjóðtrú vora, skyldu eigi geta fengið vígslu, ef samvizka þeirra eigi leyfði þeim, að láta þann prest, er eigi væri sömu trúar og þau, gefa sig saman. Hann skyldi og taka það fram, að um leið og frumvarp þetta leyfði þeim hjónaefnum er eigi hefðu trú þjóðkirkju vorrar, að ganga í borgaralegt hjónaband, um leið hjeldi frumvarpið kirkjulegri vígslu sem almennu skilyrði fyrir því, að þau hjónaefni, er hefðu þjóðtrú vora, mættu ganga í hjónaband. Þá hefði enn komið sú mótbára gegn frumvarpi þessu, er hefði verið byggð á því, að hætt væri við, að frumvarp þetta kynni að freista manna til undanbragðs í kirkjulegum efnum; en hann yrði þá að segja fyrir sig, að slíka þjóðkirkjutrú ætlaði hann eigi mikilsverða, og mundi hún eigi þurfa verndar laganna. Hann vildi bæta því við, að í 8., 9., 10. og 11. gr. væri veruleg rjettarbót, þar sem það væri gjört að lagareglu, að börn þessara foreldra skyldu uppfræðslu njóta í trúarefnum; en að sínu áliti væri það nauðsynlegt, að prestar landsins hefðu eptirlit með uppfræðslu barna slíkra foreldra ekki síður en annara. Hann efaðist því eigi um, að deildin mundi samþykkja frumvarp þetta.

Halldór Kr. Friðriksson kvaðst eigi ætla að tala um það, hvort rjettur tími væri nú til, að koma fram með lög um það efni, er hjer væri um að ræða, og eigi heldur, hvort það væri nauðsynlegt sökum 47. gr. stjórnarskrárinnar eða eigi, að semja slík lög sem þessi væru, heldur ætlaði hann að eins að fara nokkrum orðum um það, er 1. þingmaður Norður-Múlasýslu hefði bent til í ræðu sinni. Þingmaðurinn hefði bent á, fyrir hví að eins 18. grein í tilskip. 30. apríl 1824 væri upphafin, en engar aðrar ákvarðanir þessarar tilskipunar. Sjer virtist, að annaðhvort væri öll tilskipun þessi upphafin eða þá ekkert af henni fyrir þá menn, er beiddust borgaralegs hjónabands, fyrir því að hvergi væri sagt í frumvarpinu,

hvað af löggjöf þessari ætti að standa um þessa menn, og þau atriði hennar, er menn vissu eigi um hvort ættu að standa óhöggvuð eða ekki, væru miklu fleiri, þannig að enginn gæti vitað, hvað af þessari löggjöf gilti fyrir þá menn, er eigi hefðu þjóðkirkjutrú, og hver sýslumaður yrði þannig að smíða sjer sjálfur reglur eptir því, sem honum fyndist. Það yrði því að fara nákvæmar í gegnum tilskipun þessa, og segja, hvað gilda ætti í henni, og hvað eigi, þá er um þá menn væri að ræða, er eigi hefðu þjóðtrú. Þá vildi hann benda til eins í 7. grein, þar sem sagt væri, að presturinn skyldi vígja saman þau hjónaefni, er annað þeirra hefði trú þjóðkirkjunnar, en hitt eigi, ef þau beiddust kirkjulegrar vígslu; en þá vildi hann spyrja: hvað væri það í frumvarpi þessu, er heimilaði prestinum að gipta hjón þessi með öðrum skilyrðum, en tilskipun 30. aprílmán. 1824 fyrir skipaði? Hann áliti því nauðsynlegt, að gegnumganga frumvarp þetta rækilegar og gjöra breytingar við það.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og ljet því forseti ganga til atkvæða um frumvarpið, og fjellu þá atkvæði þannig:

1. grein frumvarpsins:
Hjer varð atkvæðagreiðslan óglögg, og ljet forseti því við hafa nafnakall:

Já sögðu:
Benidikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Einar Guðmundsson,
Grímur Thomsen,
Jón Blöndal,
Páll Pálsson, bóndi,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei sögðu:
Halldór Kr. Friðriksson,
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Einar Gíslason,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, prestur,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Þorlákur Guðmundsson.

Var greinin þannig felld með 11 atkv. gegn 11.

2. grein frumvarpsins:
Vegna óglöggrar atkvæðagreiðslu var við haft nafnakall, og

sögðu já:
Benidikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Einar Guðmundsson,
Jón Blöndal,
Páll Pálsson, bóndi,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei sögðu:
Halldór Kr. Friðriksson,
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Einar Gíslason,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Pálsson, prestur,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Þorlákur Guðmundsson.

Var greinin þannig felld með 11 atkvæðum gegn 10. Grímur Thomsen gaf eigi atkvæði.

3. grein frumvarpsins felld með 12 atkvæðum gegn 9.

Þegar hjer var komið atkvæðagreiðsl-

unni, var stungið upp á að sleppa atkvæðagreiðslunni um hverja einstaka grein, og var það samþykkt. Las þá forseti upp frumvarpið í heild sinni, og var það fellt með 12 atkvæðum gegn 9.

XV.

Frumvarp

til

laga um breyting á fátækratíundargjaldi.

Frá því er lög um skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafje öðlast gildi, skulu þeir, er svara minni tíund en af 5 lausafjárhundruðum, vera undanþegnir því, að gjalda $^1/_4$ af fátækratíundinni.

ATHUGASEMDIR
við lagafrumvarp þetta.

Þegar konungstíundin, sem rennur í landssjóð, fellur niður, eins og stungið er upp á í frumvarpi því til laga, sem lagt er fyrir alþingi, um skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafje, væri það ósanngjarnt, að þeir, er svara minni tíund en af 5 lausafjárhundruðum, og þess vegna hafa goldið alla tíund sína til fátækra, skuli framvegis borga þann fjórða hluta hennar, sem samsvarar konungstíundunni, sem er af numin. Með því þar að auki eigi verður álitið, að fátækrasjóðina muni mikið um þennan hluta tíundarinnar, fer frumvarp þetta að tillögum nefndar þeirrar, sem skipuð var samkvæmt allrahæstum úrskurði 29. október 1875 til þess að semja ný skattalög o. fl. (sbr. álitsskjal nefndarinnar V. kafla, nálægt niðurlaginu), fram á, að þeir, sem í hlut eiga, skuli undanþegnir fyrnefndum fjórða hluta tíundarinnar til fátækra.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 4. fundi neðri þingdeildarinnar, 6. dag júlímán., kom *frumvarp til laga um breyting á fátækratíundargjaldi* samkvæmt dagskránni til 1. umræðu, og var því í einu hljóði vísað til skattamálsnefndarinnar, og umræðunni frestað.

NEFNDARÁLIT
í málinu um breyting á fátækratíundargjaldi.

Þegar vjer, sem kosnir vorum til að hugleiða mál þetta, tókum að ræða það með oss, urðum vjer allir á eitt sáttir um það, að það væri meira til orðs en til verulegs ljettis, að losa þá frá fátækratíundargreiðslu, sem tíunda minna en 5 hndr., með því þetta mætti líka sem undanþágu skoða, sem ekki á vel við, þar sem hin önnur lagafrumvörp hafa þá stefnu, að af nema allar undanþágur.

Nefndin ræður því til, að lagafrumvarp það, sem hjer ræðir um, verði fellt frá umræðum.

Reykjavík, 8. ágúst 1877.

Halldór Kr. Friðriksson, formaður. Jón Sigurðsson.
Einar Ásmundsson.
Einar Guðmundsson. Þorlákur Guðmundsson.
Guðmundur Einarsson, framsögumaður. Hjálmur Pjetursson.

78*

A 42. fundi neðri þingdeildarinnar, 14. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til framhalds 1. umræðu *frumvarp til laga um fátækratíund.*

Framsögumaður (*Guðmundur Einarsson*) kvaðst lítið hafa um frumvarpið að tala, því nefndarálitið skýrði frá því, að nefndinni hefði eigi þótt taka að gjöra þessa undanþágu við þá, sem tíunduðu minna en 5 hndr., og rjeði nefndin því frá, að þetta frumvarp fengi frekari framgang.

Landshöfðinginn sagði, að eins og tekið væri fram í athugasemdunum við frumvarp þetta, þá hefði nefnd sú, sem skipuð hefði verið samkvæmt konungsúrskurði 29. dag októbermánaðar 1875 til þess að semja ný skattalög fyrir Ísland, lagt það til, að þeir sem eigi væru í skiptitíund, skyldu undanþegnir 1/4 hluta tíundarinnar, og samkvæmt þessum tillögum skattanefndarinnar hefði stjórnin lagt frumvarp þetta fyrir alþingi. En með því nú að nefnd sú, sem skipuð hefði verið til að íhuga frumvarp þetta, rjeði frá að láta það ganga lengra, þá hefði hann fyrir sitt leyti ekkert á móti, að frumvarp þetta væri fellt, því síður sem í nefnd þessari hefðu setið 2 af þeim, sem skipaðir hefðu verið í utanþingsskattanefndina.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og var því gengið til atkvæða, og frumvarpið fellt með 19 atkvæðum.

XVI.

Frumvarp

til

laga um lögsókn og hegning fyrir rangt tíundarframtal.

1. grein.

Hreppstjórar skulu hafa nákvæmar gætur á því, að þeir, sem eiga að greiða tíund, telji rjett fram til tíundar tíundarbæra eign sína og pening, og skulu þeir hafa heimild til að heimta bæði af þeim og öðrum, sem eru viðstaddir á hreppskilaþingi, þær nákvæmari skýrslur í því tilliti, sem þeim virðist nauðsyn á eptir málavöxtum.

2. grein.

Verði við þetta eða með öðru móti grunur um, að framtalið sje rangt, skal hreppstjóri þegar í stað skýra hlutaðeigandi sýslumanni frá, og skal hann þá tafarlaust halda rannsókn þá um þetta, sem þörf er á.

3. grein.

Heimilt skal sýslumanni, bæði þegar svo er ástatt, sem nefnt var, og þegar grunur með öðru móti kemur upp um það, að tíundarframtal sje rangt, að láta óvilhalla utanhreppsmenn telja fjáráhöfn þess, sem í hlut á, og ef það þá reynist, að framtalið sje til muna rangt, skal hlutaðeigandi, auk þess að sæta hegningu þeirri, sem fyrir er mælt um í lögum þessum, borga kostnað þann, sem hlotizt hefur af því, að peningur hans var talinn; ella skal kostnaður þessi goldinn úr landssjóði.

4. grein.

Sá, sem verður uppvís að því, að hafa

gjört sig sekan í röngu framtali, skal sæta 20—200 kr. sektum, og skal hann þar að auki skyldaður til að greiða þeim tíundartakendum, er í hlut eiga, þrefalda upphæð við það, sem hann hefur dregið undan af tíundinni. Þegar sektin skal til tekin, skal sjer í lagi taka til greina, hvort greiðandinn hafi haft þann tilgang að draga eign sína undan tíundargjaldi með röngu framtali, eða hvort það liggi næst að halda, að það sje hirðuleysi að kenna.

5. grein.

Sektirnar renna í landssjóð, nema einhver með uppljóstri hafi komið því til leiðar, að afbrotið kemst upp, og skal þá helmingur sektanna falla til hans. Samt getur hvorki hreppstjóri nje nokkur af þeim tíundartakendum, sem í hlut eiga, fengið hlutdeild í sektunum.

6. grein.

Amtmaður getur ákveðið sektirnar, nema hlutaðeigandi heimti, að málinu sje vísað til dóms. Verði málinu vísað til dóms, skal með það farið sem opinbert lögreglumál. Landshöfðingi hefur vald til, að færa niður sektir þær, sem einhver hefur orðið fyrir, þegar stöku sinnum kynni vera ástæða til þess.

7. grein.

Lög þessi, er einnig nema af opið brjef 1. sept. 1786, öðlast gildi 1. ágúst 1878.

ATHUGASEMDIR
við lagafrumvarp þetta.

Nefnd sú, sem sett var með allrahæstum úrskurði 29. okt. 1875 til þess að semja ný skattalög o. fl., hefur í álitsskjali sínu, X. kafla, leitt athygli stjórnarinnar að því, að nauðsyn sje á að gjöra ráðstafanir til að koma í veg fyrir tíundarsvik þau, sem tíðkast á Íslandi. Mun og mega fullyrða, að mein þetta er svo gamalt og rótgróið á Íslandi, að mikil hvöt sje til þess að bæta úr því, og það því fremur, sem tíundarsvikin einnig munu draga mjög úr tekjum landssjóðsins, með því tíundarframtalið verður undirstaðan undir hinum nýja skatti, sem stungið er upp á í frumvarpi því til laga, sem lagt er fyrir alþingi, um skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafje.

Reyndar er til eldri hegningarákvörðun um tíundarsvik, sum sje opið brjef 1. sept. 1786, en bæði virðist svo, sem því sje eigi gaumur gefinn, enda má álíta, að ákvarðanir þessa lagaboðs sjeu í fleirum greinum miður heppilegar eða samsvarandi tímanum, sjer í lagi að því leyti, að öll tilsjónin með tíundargjörðinni er falin á hendur hreppstjórum, sem bæði skulu ljóstra upp tíundarsvikum og rannsaka slík mál, jafnframt og þeir, ef til vill geta fengið part í þeirri tíund, sem undan er dregin.

Skattamálanefndin hefur drepið á, að koma mætti á betra skipulagi, ef sýslumönnum og hreppstjórum sje stranglega haldið til, að ganga ríkar eptir um tíundargjörð manna, og það yrði falið á hendur skattanefndum þeim, sem getið er um í frumvarpi því, sem lagt er fyrir alþingi, um tekjuskatt, að setja greiðendum tíundina, þegar efi kæmi upp um það, hvort tíundargjörð sje rjett.

En hvorki mundu ráðstafanir þessar nægja til þess að ráða bót á göllum þeim, sem drepið var á að væru á opnu brjefi 1. sept. 1786, og svo er heldur ekki neitt sagt fyrir um það, hvernig það verði sannað, að tíundarsvik sjeu drýgð, og hvernig þeim verði hegnt, er í hlut á. Stjórnarráðið hefur því haldið, að ástæða væri til, sumpart að skipa fyrir um strangari tilsjón frá hálfu þess opinbera, en hingað til hefur átt sjer stað um þetta efni, sem er svo mikils varðandi, sumpart að setja nákvæmari reglur um lögsókn og hegning fyrir afbrot þau, sem hjer ræðir um, og hefur stjórnarráðið sjer í lagi hugsað sjer, að koma mætti þessu fyrir á þá leið, að fela mætti hreppstjórum á hendur, að útvega þær skýrslur um framin tíundarsvik,

sem fengizt geta þegar í stað, en að sýslumenn skuli halda hina eiginlegu rannsókn í málinu; að sýslumenn þar að auki skuli hafa vald til, þegar grunur verður um tíundarsvik, að láta telja fje þess, sem í hlut á, og þegar tíundarsvik komast upp, skuli sektir koma fyrir, auk þess, sem sá, er sekur er, skuli gjalda það þrefalt, sem undan er dregið; að farið skuli með mál, sem út af þessu rísa, sem opinber lögreglumál, ef hlutaðeigandi ekki vill leggja mál sitt undir úrskurð amtmanns, og að sektirnar skuli renna í landssjóð, en uppljóstrarmaður samt fái helming þeirra.

Á undirstöðu þessari, sem skýrt er frá, er frumvarp það byggt, sem prentað er að framan, til þess það verði lagt fyrir alþingi.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 4. fundi neðri þingdeildarinnar, 6. dag júlímán., kom *frumvarp til laga um lögsókn og hegning fyrir rangt tíundarframtal* samkvæmt dagskránni til 1. umræðu.

Páll Pálsson prestur stakk upp á sjerstakri nefnd, og að 5 menn væru kosnir í hana.

Halldór Kr. Friðriksson kvað málið einfalt og óbrotið, og fyrir því óþarfa að setja nefnd í það; allir mundu samdóma um það, að rangt tíundarframtal ætti eigi að eiga sjer stað, og væri því alls eigi efasamt, að stjórnin og þingið mundu leggjast á eitt, til að sporna við slíku. Nefnd væri því óþörf í málið, því að ef einhver vildi gjöra breytingar við það, þá gæti hann gjört þær við næstu umræðu málsins.

Grímur Thomsen kvaðst eigi samdóma þingmanni Reykjavíkur, því að margt gæti það verið í máli þessu, er rannsaka þyrfti, enda væri það alls eigi svo óbrotið, en 3 manna nefnd áliti hann næga.

Guðmundur Einarsson mælti með nefnd af sömu ástæðum og 1. þingmaður Gullbringusýslu.

Varaforseti kvaðst hafa í hyggju, að leggja fram náskylt málefni frumvarpi því, er hjer ræðir um, nefnilega frumvarp viðvíkjandi breyting á tíundarlöggjöfinni, og ímyndaði hann sjer, að það frumvarp mundi verða þannig lagað, að það gæti vel samrýmzt frumvarpi þessu, eða kæmi að minnsta kosti ekki í bága við það, og því mundi mega fela það einni og sömu nefnd til meðferðar. Vildi hann því heldur, að 5 manna nefnd væri kosin nú þegar í málið, eða þá að seinna væri bætt 2 mönnum við í nefndina, þegar uppástungan kæmi til álita og umræðu.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og ljet forseti ganga til atkvæða um, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði.

Þriggja manna nefnd var samþykkt með 11 atkvæðum, og voru í hana kosnir: Guðmundur Einarsson með 13 atkvæðum.
Jón Sigurðsson — 11 ——
Sjera Páll Pálsson og Páll bóndi Pálsson höfðu 6 atkvæði hvor, en með því Páll bóndi Pálsson var þeirra eldri, þá varð hann nefndarmaður.

Í nefndinni var Guðmundur Einarsson kosinn formaður og framsögumaður og Jón Sigurðsson skrifari.

NEFNDARÁLIT
í málinu um lögsókn og hegningu fyrir rangt tíundarframtal.

Skömmu eptir að vjer undirritaðir nefndarmenn höfðum tekið til íhugunar frumvarp það, sem hjer ræðir um, voru tveir af oss kosnir í nefnd þá, er segja skyldi álit sitt um frumvarp til nýrra tíundarlaga, og er vjer fórum að ræða það mál, álitum vjer bezt eiga við, að taka aðalákvarðanirnar um lögsókn og hegning fyrir rangt tíundarframtal upp í tíundarlögin, og urðu báðar nefndirnar í heild sinni sammála um það. Þar að lútandi ákvarðanir eru því teknar upp í frumvarpið til nýrra tíundarlaga í 5., 6. og 7. grein.

Af þessu leiðir, að vjer leyfum oss að ráða hinni heiðruðu neðri deild alþingis til að fella ofannefnt frumvarp.

Reykjavík þann 27. júlí 1877.

Guðmundur Einarsson, formaður og framsögum. Jón Sigurðsson, skrifari.

Páll Pálsson.

ÖNNUR UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 32. fundi neðri þingdeildarinnar, 7. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til laga um lögsókn og hegningu fyrir rangt tíundarframtal.*

Framsögumaður (Guðmundur Einarsson) sagði, að frumvarp þetta stæði í mjög nánu sambandi við frumvarpið um tíundarlögin, og hefði því nefndin ráðið til að fella frumvarp þetta, þar sem aðalákvarðanirnar í því væru teknar upp í tíundarlaga-frumvarpið; þar eð deildin hefði nú samþykkt, að tíundarlaga-frumvarpið skyldi ganga til 2. umræðu, þá væri þetta frumvarp óþarft, og skyldi hann því ráða deildinni til að fella það frá 3. umræðu.

Halldór Kr. Friðriksson sagði, að þó tíundarlaga-frumvarpið hefði gengið til 2. umræðu, þá væri samt ekki víst, að það yrði samþykkt, þess vegna væri ekki ráðlegt að fella þetta frumvarp fyr, en útsjeð væri um, hvernig frumvarpinu um tíundarlögin mundi reiða af.

Framsögumaður kvaðst vilja fela deildinni, hvort henni litist betur, að fella frumvarp þetta nú þegar, eða að láta það bíða, þangað til menn vissu, hver úrslit hitt frumvarpið fengi.

Landshöfðinginn kvaðst mæla með uppástungu þingmanns Reykvíkinga, því að sjer virtist það eiga betur við, að fella ekki þetta frumvarp, þegar enn væri engin vissa fyrir, hvort frumvarpið um tíundarlög yrði samþykkt af þinginu. En að öðru leyti væri hann samdóma nefndinni um, að taka þessar ákvarðanir upp í tíundarlögin, ef þau fengju samþykki þingsins.

Þá var gengið til atkvæða, og var frumvarpið fellt frá 3. umræðu með 10 atkvæðum gegn 10.

XVII.

Frumvarp

til

laga um skipun dýralækna á Íslandi.

---

1. grein.

Á Íslandi skal skipa 4 dýralækna, einn í hvern landsfjórðung. Landshöfðingi skipar dýralækna og ákveður um bústað þeirra, er hann hefur fengið tillögur frá hlutaðeigandi amtsráði.

2. grein.

Hverjum dýralækni skal veita 1200kr. í árleg laun, er skulu greidd úr landssjóði.

3. grein.

Fyrir ferðir þær, er dýralæknir tekst á hendur eptir ráðstöfun yfirvaldsins, bera hon-

um í fæðispeninga 4 kr. um dag hvern, sem hann er fjærverandi frá heimili sínu, og að því skapi fyrir part úr degi. Þar að auki skal honum endurgoldinn ferðakostnaður eptir ákvörðun amtmanns. Gjöld þessi skulu greiðast úr jafnaðarsjóði amtsins.

4. grein.

Fyrir ferðir, er dýralæknir tekst á hendur eptir ósk einstakra manna, skal sá, er þeirra hefur beiðzt, borga hina sömu fæðispeninga, og goldnir eru fyrir ferðir í þarfir hins opinbera; þar að auki skal sá, sem hefur beiðzt ferðarinnar, leggja dýralækni til fararbeina kauplaust, eða endurgjalda honum ferðakostnað eptir því, sem fyrir er sagt í aukatekjureglugjörð 10. september 1830, 16. gr.

5. grein.

Dýralæknum ber í erindisgjörðum sínum að hegða sjer eptir erindisbrjefi, er landshöfðingi semur handa þeim, eptir að hann um það hefur leitað álits amtsráðanna.

ATHUGASEMDIR
við lagafrumvarp þetta.

Í tilefni af bænarskrá þeirri, sem getið er um í athugasemdunum við frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1876-1877 að komið hefði frá dýralækni Snorra Jónssyni um það, að hann yrði skipaður sem dýralæknir á Íslandi, tók landshöfðingi það fram, hve áríðandi það væri, að menn á Íslandi, þar sem kvikfjárrækt væri svo mikils varðandi, ávallt gætu leitað til dýralæknis. Var það síðan tekið til yfirvegunar, hvort ástæða kynni að vera til að skipa fasta dýralækna á Íslandi, er því einnig hafði verið hreift á alþingi 1875. Eptir að landshöfðingi hafði leitað álita um málið hjá amtmanninum yfir suður- og vesturamtinu, samdi amtmaður um það frumvarp, sem að nokkru leyti var samkvæmt bendingum stjórnarráðsins og fór fram á, að skipa skyldi einn dýralækni fyrir hvern landsfjórðung; að laun dýralækna, sem skyldu vera 1200 kr. á ári, greiðist úr landssjóði, en fæðispeningar og endurgjald fyrir kostnað við ferðir þeirra í opinberar þarfir úr amtsjarðarsjóði, og að sagt verði fyrir um það, hvernig ákveða skuli fæðispeninga dýralækna og ferðakostnað, þegar einstakir menn eiga í hlut.

Lagafrumvarp það, sem prentað er að framan, er með nokkrum breytingum byggt á nefndu frumvarpi.

Þar sem stungið er upp á því, að einn dýralæknir skuli vera í hverjum landsfjórðungi, svo að tveir verði í norður- og austurumdæminu, en að eins einn í hverju hinna, þá virðist fyrirkomulag þetta rjettlætt með því, að norður- og austurumdæmið hefur meira sauðfje en bæði hin umdæmin saman.

Að því leyti, sem stungið er upp á því, samkvæmt frumvarpi amtmanns, að laun dýralækna skuli greidd úr landssjóði, en endurgjöld fyrir ferðakostnað og fæðispeningar úr amtsjafnaðarsjóðunum, skal þess getið, að stjórnarráðið reyndar fyrir sitt leyti hefði álitið það rjettara í sjálfu sjer, að gjöld þessi, bæði launin, ferðakostnaður og fæðispeningar, sem helzt snerta sveitirnar, yrðu greidd úr hlutaðeigandi amtsjafnaðarsjóði, en þó nokkuð lagt til úr landssjóðnum, eptir því sem á stendur, og hafði stjórnarráðið helzt ætlazt til, að helmingurinn bæði af launum og af ferðakostnaðinum og fæðispeningunum yrði goldinn úr landssjóði, og hinn helmingurinn af amtsjafnaðarsjóðnum. Allt um það hefur stjórnarráðið þó haldið, að fylgja ætti uppástungu amtmanns, sem landshöfðingi hefur fallizt á, og hefur hann sjer í lagi tekið það fram, að jafnaðarsjóðsgjaldið sje með þungbærustu gjöldum á Íslandi, og sje þess vegna ísjárvert að leggja útgjöld á sjóði þessa, sem þeir hingað til hafi verið lausir við.

Þess virðist ekki þörf, að gjöra sjerstakar athugasemdir um upphæð og útreikning á fæðispeningum þeim, sem stungið er upp á handa dýralæknunum bæði við opinber störf og störf fyrir einstaka menn, nje um það, hvernig ákveða skuli ferðakostnaðinn, en það, sem fyrir er mælt um hann, er að því leyti, er snertir opinber störf, samhljóða því, sem

gildir um ferðir embættismanna í opinberar þarfir, og að því leyti er snertir störf fyrir einstaka menn, samhljóða því, sem annars gildir, þá er einstakir menn nota aðstoð embættismanns. Þó skal þess getið um hin síðarnefndu útgjöld, að það þykir eiga betur við að ákveða endurgjald fyrir ferðir í opinberar þarfir, eins og hjer er stungið upp á, en að til taka fast árlegt endurgjald, er af því hæglega kynni að leiða, að dýralæknirinn að öllum jafnaði mundi takast sem fæstar ferðir á hendur; en ef hann ferðaðist opt, mundi hann verða fyrir halla, ef endurgjaldið eigi væri látið vera mjög ríflegt, enda virðist það í sjálfu sjer eðlilegast, að hlutaðeigandi fái hæfilega borgun fyrir hverja ferð, sem hann fer.

Hinar nákvæmari reglur um það, hvernig dýralæknar eigi að hegða sjer í erindisgjörðum sínum, virðist mega setja í erindisbrjef það, sem getið er um í 5. grein frumvarpsins, og mætti þar sjer í lagi leggja þeim fyrir, að takast á hendur árlegar umsjónarferðir um umdæmi þau, sem þeir eru skipaðir yfir.

FYRSTA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 5. fundi efri þingdeildarinnar 7. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu konunglegt *frumvarp til laga um skipun dýralækna á Íslandi.*

Jón Hjaltalín kvaðst vera máli þessu mjög hlynntur, eins og hann hefði áður verið. Allir vissu, að kvikfjárrækt væri aðalbjargræðisstofn landsbúa, og væri því nauðsynlegt, að menn væru til, er kynnu að meðhöndla húsdýr, og lækna þau, ef sjúk yrðu.

Stefán Eiríksson kvaðst ætla, að landssjóðurinn mundi hafa fengið nóg að bera, áður þingi væri lokið, og væri því ísjárvert að bæta á hann þeim 5000 kr., er þessi lög hefðu í för með sjer; einnig mundu lenda hjer um bil 1000 kr. á jafnaðarsjóðunum. Sjer þætti að eins hugsanlegt, að 2 dýralæknar kynnu að verða settir, annar í norður- og austuramtinu, en hinn í suður- og vesturamtinu, en reynslan hefði sýnt og sannað, að lítill árangur hefði orðið að þeim, sem áður hefðu verið. Þingdeildin vissi, að nú væri í ráði að bæta upp prestaköll um land allt, enda væri fje landssjóðsins betur varið til þess, en að ala þessa ónýtu dýralækna á háum launum. Ef málið gengi til 2. umræðu, þætti sjer nauðsynlegt, að nefnd væri kosin í það.

Sighvatur Árnason óttaðist, að kostnaðurinn mundi eigi borga sig, þar sem landið væri svo strjálbyggt, og þess vegna mjög örðugt að hafa veruleg not af dýralæknum. Ef frumvarpið gengi áfram, kvað hann sjer þykja tiltækilegt, þegar litið væri á efnahaginn og allar kringumstæður, að hafa einn dýralækni í Reykjavík, sem yfirstjórnin gæti gripið til, ef á lægi, en ef þeir væru hingað og þangað um landið, mundi það eigi borga sig, og væri hann því frumvarpinu mótfallinn, en fengi það framgang, gjörði hann ráð fyrir að koma fram með breytingar seinna í þá stefnu, að hafa einn dýralækni á landinu.

Eiríkur Kúld kvaðst áður hafa verið hlynntur þessu máli á þinginu, og svo væri enn; vildi hann því, að málið gengi til 2. umræðu og nefndarkosningar. Að vísu hefði þetta fyrirkomulag, sem frumvarpið færi fram á, talsverðan kostnað í för með sjer, en hann gæti hugsað sjer, að þessu mætti svo fyrir koma, að kostnaðurinn yrði nokkuð minni. Sumir kynnu að ætla, að nú væri síður þörf dýralækna, er kláðanum væri að miklu eða mestu leyti útrýmt, en þess bæri að gæta, að dýralæknar væru nauðsynlegir ekki eingöngu vegna kláðans, heldur engu síður vegna annara kvilla; hann vildi t. d. nefna hina alkunnu fjársýki á Íslandi, bráðafárið, og þætti sjer það horfa til mikilla framfara, ef þekkingu í slíkum efnum færi fram, svo að líkindi væru til, að bót mætti á ráðast. Væri því hin mesta þörf á dýralæknum og dýralæknisfræðislegri kennslu. En reynslan hefði sýnt, að ónóg væri að hafa einn dýralækni fyrir allt landið.

Manni bæri hjer öllu fremur að líta á nauðsynina, en að gjöra kostnaðinn að grýlu í slíkum efnum.

Sighvatur Árnason gat þess, að þar sem þingmaður Barðstrendinga hefði minnzt á bráðafárið, þá væri slíkt hjegómi; því þegar um bráðafár væri að ræða, næðist ekki til dýralæknis fyr en eptir dúk og disk. En einn læknir væri máske þarflegur, því hann gæti gefið gagnlegar bendingar með því að skrifa ritgjörðir í blöðin bæði um þetta og aðra sjúkdóma, og rannsaka nýja eða óþekkta sjúkdóma, en persónulega gætu menn eigi haft gagn af honum og ekki heldur af fjórum, sem teljandi sje.

Ásgeir Einarsson kvað menn verða fyrst að líta á þörfina, og gæta þess, hvort heilbrigði fjenaðar væri eigi ábótavant, enda væru fleiri kvillar til en kláðinn og pestin, og veikindi í fleiri skepnum en sauðfje. Sömuleiðis gat hann þess, að hann vissi dæmi til, að tveir menn hefðu farið utan sinn í hvort land, og haft með sjer aptur dýralækningabækur, og nú væri mikil sókn til þeirra um lækningar, enda væri þeim meðal annars margra kúa líf að þakka, og mundu þeir þó hafa getað gjört mikið meira gagn, ef þeir hefðu lært til lækninga. Um kostnaðinn væri það að segja, að hann mundi fljótt vinnast upp óbeinlinis með gagni því, er ætla mætti að slíkir læknar ynnu, og þó fjáreigendur yrðu að gjalda sem svaraði lambsverði hver, þá mundi það vel tilvinnandi fyrir heilbrigði á skepnum þeirra. Naumast væri enn þá ástæða til, að berja landssjóðnum við, er hann væri máske að sínu leyti byrgari en nokkur annar í norðurálfunni, og hjer væri um það að gjöra, að frelsa heilsu og líf búpenings manna, og þætti sjer undarlegt, að gjöra sjer svo mikið far um, að lækna menn og varðveita líf og heilsu þeirra fyrir öllu öðru en hungursmorði, þar sem lífsstofninum, skepnunum, væri enginn gaumur gefinn. Um fjöldann eða tölu dýralækna væri það að segja, að sjer þættu 4 eigi of margir, en helzt til fáir, og ætti helzt að vera einn í hverri sveit, ef vel væri, Óskaði hann því, að mál þetta kæmi til 2. umræðu og nefnd kosin.

Jón Hjaltalín kvað æru þingsins krefja það, að málinu væri sinnt. Enginn væri sú siðaðra þjóða í heimi, er eigi hefði dýralækna. Kostnaðurinn væri eigi mikill í samanburði við skaða þann, sem leiddi af vanheilsu búpenings. Nefndi hann til dæmis, að í þeim sveitum, er baðanir hefðu fram farið, væri fjeð ullarmeira, hraustara, og síður hætt við bráðafárinu. Kvaðst hann naumast hafa sjeð fallegra fje á Íslandi, en það, sem baðað hefði verið með glycerin-baði. Hjer væru menn allt af að velta fyrir sjer kostnaðinum, en hvert væri það fyrirtæki, er til framfara horfði, að eigi kostaði nokkuð? og hjer yrði sjálfsagt ábati, er öllu væri á botninn hvolft. Mundi það af útlendingum verða lagt oss til ámælis, ef vjer eigi vildum leggja neina rækt við húsdýr vor. Fjelli kvikfjárrækt vor í vanhirðingu, yrði skaðinn ómetanlegur.

Með því eigi tóku fleiri til máls, bar forseti undir atkvæði, hvort málið ætti að ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt.

Sömuleiðis var samþykkt, að nefnd skyldi kjósa í málið, og urðu fyrir kosningu:

Jón Hjaltalín með 5 atkvæðum,
Ásgeir Einarsson — 4 ——,
Sighvatur Árnason — 4 ——.

Í nefndinni var Jón Hjaltalín kosinn formaður, Ásgeir Einarsson framsögumaður, og Sighvatur Árnason skrifari.

NEFNDARÁLIT

um kgl. frumvarp til laga um skipun dýralækna á Íslandi.

Hin heiðraða efri deild alþingis hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að íhuga og segja álit vort um frumvarp það, er stjórnin nú hefur lagt fyrir alþingi um skipun 4 dýralækna á Íslandi.

Eptir að hafa íhugað þetta frumvarp á

fleiri fundum, segjum vjer um það álit vort á þessa leið.

Eins og það er alkunnugt, að kvikfjárræktin eða peningurinn, er vjer segjum í daglegu tali, sem sje kýr, hestar og sauðfje, er landsins aðalbjargræðisstofn, og það svo, að innbyggjaranna vellíðun og ástand er að miklu leyti undir því komið, að þessi stofn sje sem heilbrigðastur, þá flýtur hjer af sjálfu sjer, að dýralæknar eru allt að einu nauðsynlegir hjer og erlendis; hjer um hefur nefndin verið að mestu leyti einug, en sökum þess að nefndin þó þykist sannfærð um, að margir munu finnast þeir, er enn nú eigi eru fullkomlega sannfærðir um, hve nauðsynlegir dýralæknar sjeu, þá hefur einn nefndarmaður stungið upp á því, að tala þeirra væri fyrst um sinn ákvörðuð við 2 dýralækna; meiri hlutinn þar á móti, sum sje Dr. Hjaltalín og Ásgeir Einarsson álíta, að tala þeirra megi ekki minni vera, en til er tekið í frumvarpinu. Allri nefndinni hefur komið saman um, að fæðispeningar þeir, er hinum settu dýralæknum eru ætlaðir fyrir dag hvern, þegar þeir ferðast í opinberar þarfir, sem sje 4 kr. um daginn, sjeu alls eigi of hátt settir, en þar á móti virðist mega setja fæðispeninga þá, sem þessum dýralæknum eru ætlaðir nokkuð lægri, sem sje til 3 kr., þegar þeir eru sóttir af einstökum mönnum. Samkvæmt þessu ræður nefndin þinginu til, að gjöra frumvarpið eins og það liggur fyrir að lögum með þessum fáu breytingum.

Á fyrstu grein hef jeg Sighvatur Árnason óskað, að svo felld breyting væri gjörð, að á Íslandi skuli skipaðir 2 dýralæknar, og færi jeg ástæður fyrir því áliti mínu sjerstaklega hjer á eptir. En þessa grein viljum við hinir 2 nefndarmenn láta standa eins og hún er í frumvarpinu; þar á móti vill öll nefndin breyta fjórðu grein þannig:

«Fyrir ferðir þær, er dýralæknir tekst á hendur, ber honum 4 kr. í fæðispeninga, þegar hið opinbera krefst hans, en að eins 3 kr. fyrir dag hvern, þegar hann er sóttur af einstökum mönnum».

Samkvæmt þessu ráðum vjer hinni heiðruðu deild til að aðhyllast þessa breytingu við frumvarpið.

Við 4. gr. Í staðinn fyrir orðin: «hina sömu fæðispeninga — opinbera» komi: «honum í fæðispeninga 3 krónur um hvern dag».

Reykjavík 21. júlí 1877.

Jón Hjaltalín, formaður. Ásgeir Einarsson, framsögumaður.

Sighvatur Árnason, skrifari.

Álit minni hluta nefndarinnar.

Sökum þess að jeg get ekki verið samdóma mínum heiðruðu meðnefndarmönnum um fyrri hluta 1. gr. stjórnarfrumvarpsins um skipun dýralækna á Íslandi, þá vil jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um skoðun mína á því atriði.

Að skipa skuli 4 dýralækna hjer á landi með 1200 kr. launum, alls 4800 kr., úr landssjóði, fyrir utan alla fæðispeninga þeirra og ferðakostnað, sem frumvarpið leggur að miklu leyti á jafnaðarsjóði amtanna, álít jeg óráðlegt, að minnsta kosti fyrst um sinn, þegar litið er á það, hvernig landslagi er háttað hjer á landi með vegalengd og torfærur, þegar um ferðalag er að gjöra, hvar af leiðir að telja má víst, að dýralæknar gjöri lítið eða ekkert verklegt gagn, nema ef vera skyldi að eins í kringum sig, og aptur á hinn bóginn, þegar litið er á efnahag manna í tilliti til kostnaðarins, sjer í lagi þann kostnað, sem dýralæknar þessir mundu baka jafnaðarsjóðum amtanna, sem fullyrða má að sjeu nóg hlaðnir undir. Mjer virðist því, þegar á allt er litið, að þessi dýralæknaskipun mundi ekki borga sig.

En að skipaðir væru 2 dýralæknar hjer á landi, þætti mjer tiltækilegra, nefnilega einn í suður- og vesturamtinu og annar í norður- og austuramtinu, því þeir gætu nægt til þess, að útbreiða dýralæknislega þekkingu, sem þeir fyrir innlenda reynslu gætu með tímanum gjört betur og betur, og til þess, að rannsaka sjúkdóma og kynna sjer heil-

79*

brigðisástandið, án þess þó að þeim væri gjört að ófrávíkjanlegri skyldu að ferðast árlega um umdæmi sitt, því slíkt mundi baka jafnaðarsjóðunum óbærilegan kostnað og máske stundum með öllu óþarfan.

Að öllu þessu yfirveguðu ræð jeg hinni heiðruðu þingdeild til þess að fallast á svo látandi breytingu við frumvarpið:

Við 1. gr.: að í staðinn fyrir fyrri málsgrein hennar komi: «Á Íslandi skal skipa 2 dýralækna, einn í suður- og vesturamtinu, og annan í norður- og austuramtinu».

Alþingi 21. júlí 1877.
Sighvatur Árnason.

ÖNNUR UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 19. fundi efri þingdeildarinnar, 24. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til laga um skipun dýralækna á Íslandi.*

Framsögumaður (Ásgeir Einarsson) kvaðst eigi ætla að fara mörgum orðum um mál þetta að sinni, enda hefði nefndin stungið upp á litlum breytingum við frumvarpið; helzta breytingin væri sú, er þingmaður Rangæinga hefði komið fram með, að fækka tölu dýralæknanna, og væri nefndinni það eigi mikið kappsmál, hvort vera skyldu 4 eða 2 dýralæknar. Hitt væri aðalatriðið, að skoða, hvort þörf væri á dýralæknum, og síðan, hvort þeir mundu geta orðið að verulegu gagni. Ef mönnum tækist að sýna fram á, að þeirra væri hvorki þörf, nje að þeir mundu verða að gagni, þá væri rjettast að fella frumvarpið. En meðan það væri eigi, þá yrði hann að vera á þeirri skoðun, að full þörf væri hjer á dýralæknum, eigi eingöngu vegna kláðans, heldur allt eins vegna annara kvilla, sem hjer kæmu fyrir, t. d. bráðafár, lungnaveiki, vatnssótt, o. s. frv., svo og vegna kvilla í hrossum og nautpeningi; allt þetta gjörði dýralækna eins nauðsynlega eins og fjárkláðinn. Reynslan hefdi jafnvel sýnt, að ólærðir menn hefðu getað gjört talsvert að verkum í þessu tilliti, og því síður væri ástæða til að efast um gagn það, er dýralækningafróðir menn gætu gjört. Það væri og undarleg skoðun þeirra manna, er vildu reisa skóla og efla menntun, en álíta þó lærða og menntaða menn óþarfa eða gagnslausa, eins og kæmi fram í skoðun þeirra, sem álitu lærða dýralækna óþarfa, eða vildu hafa þá sem fæsta. Kvaðst hann eigi ætla, að deildarmenn væru þessarar skoðunar, en mundu heldur kjósa að hafa dýralækna fleiri en færri. Kvað hann mál þetta eiga skylt við önnur læknamál að því leyti, sem það miðaði til að vernda skilyrði vellíðunar manna, nefnilega búpeningsinn. Áður hefði mönnum eigi þótt nauðsynlegt eða tiltækilegt að hafa fleiri en 4 mannalækna hjer á landi, en nú væru þeir orðnir svo að segja í hverri sýslu. Líku máli væri að skipta með dýralækna, fyrst hefði enginn verið, svo einn, og nú væri hjer farið fram á, að þeir væru 4, og eigi mundi langt um líða, áður farið yrði fram á að fjölga þeim enn meir. Ef þeir væru að eins 2, gæti vel verið, að annar eða báðir væru óduglegir, en ef þeir væru 4, yrðu meiri líkindi til, að einhverjir þeirra væru nýtir menn. Annað atriði, sem nefndinni allri kæmi saman um, væri það, að færa fæðispeninga dýralækna, er einstakir menn ættu í hlut, niður í 3 kr., með því sú ástæða hefði vegið meira hjá nefndinni, að hvetja menn til að nota dýralækni með því að minnka kostnaðinn, en hin, að hvetja lækni fararinnar með hærri fæðislaunum. Því hefði enda verið hreift í nefndinni, að færa fæðispeninga niður í 2 kr., eins og hjá sýslumönnum, þó það hefði eigi komið fram í nefndarálitinu sjálfu.

Eiríkur Kúld kvaðst að vísu vilja styðja að framförum í menntunarefnum, en hann gæti þó eigi verið nefndinni alveg samdóma, því henni hefði orðið það á, sem eigi mundi þó vera vant með þingmann Húnvetninga, að smíða negluna fyr en skipið. Neglan væri embættin, sem þeir væru að smíða, en skipið væri dýralæknarnir, sem eigi væru til,

að einum undanskildum. En nefndin ætlaði sjer kannske að fá dýralækna t. a. m. frá Þýzkalandi eða Danmörku. En hann vildi fara öðruvísi að, leggja það til, að landssjóðurinn styrkti menn til læringar, svo að með því móti fengjust dýralæknar; væri og æskilegt, að þeir væru og látnir semja dýralækningabækur, sem nota mætti við kennslu í landbúnaðarskóla. Mætti og enda hafa gott gagn af þeim að þessu leyti, þó þeir væru jafnvel eigi fleiri en 2. En á hinn bóginn væri það talsvert mikið gjald á landssjóðnum, nálægt 5000 kr., meðan enginn dýralæknir væri til. Það væri og vafasamt, hvort launin væru eigi óþarflega há í samanburði við aðra lækna, einkum þá sem byggju í kaupstöðum, því þessir læknar gætu sjálfsagt búið til sveita. Svo væri og við því að búast, að þeir mundu koma fram með beiðni um styrk til verkfærakaupa. Þetta mundi nefndin eigi hafa nógu rækilega hugað, og vildi hann því ráða nefndinni til að taka tillögur sínar aptur til íhugunar, og breyta þeim í þá stefnu, sem hann hefði bent á.

Sighvatur Árnason kvaðst eigi mundu tala margt um nefndarálitið sjálft, því það hefði nóga talsmenn, en að eins ætla að minnast á það með tilliti til þeirra atriða, sem hann hefði greint á við samnefndarmenn sína um. Framsögumaður hefði viljað hafa 4 dýralækna af þeirri ástæðu, að brýna þörf bæri til þess. En hann ætlaði, að 4 mnndu jafnlítið fullnægja þeirri þörf í verklegu tilliti eins og 2. Vildi hann því heldur hafa að eins 2 fyrst um sinn, því hjer væri lítið um verkleg not þeirra að ræða sakir víðlendis lands þessa, en þeir gætu gjört allt að því sama gagn og 4, með því að útbreiða dýrafræðislega þekkingu og kynna sjer heilbrigðisástand búpeningsins yfir höfuð. Um verkleg not þeirra væri varla til að taka, fyr en þeir væru hjer um bil einn í hverri sýslu, en því mundi eigi að svo stöddu verða komið við hjer á landi, og mundi verða efnahag landsmanna of vaxið. Hvaða gagn í verklegu tilliti væri af dýralækni hjer á landi, hefði reynslan nú þegar sýnt. Þegar hann ætlaðist á, hvað miklu laun þessi, 4800 kr., mundu nema í 12—16 ár, þá mundi það nóg fje til að brúa Ölfusá eða Þjórsá, eða til að kosta gufuskip í kring um landið, og hvort mundi þá vera gagnlegra fyrir landið, að eiga að 12 árum liðnum þetta annaðhvort, eða 12 ára gamla dýralækna? Að síðustu skaut hann því til forseta, hvort honum væri eigi heimil framsögn í þessu máli að því leyti, sem hann væri minni hluti nefndarinnar.

Framsögumaður kvað varaforseta hafa tekizt óhappalega með dæmið um negluna; en sjer væri spurn: til hvers væri að fá formanninn, áður en skipið væri smíðað? Það væri að minnsta kosti eigi sjómannlega talað. Heldur kvaðst hann og vilja þýzkan lækni duglegan, en íslenzkan ónýtan. Varaforseti hefði talað um dýralæknislegar bækur, en hver ætti að semja þær? Kannske einhver prestur eða þá prófastur. Sömuleiðis um þessleiðis kennslu í búnaðarskólum, en þeir yrðu þá að rísa fyrst, og mundi mörg kindin týna lífi, áður en þetta væri komið í kring. Einnig hefði varaforseti talað um, að lækka mætti þessar launahæðir; það væri mikið gott, ef svo væri. En varla mundi Snorri dýralæknir telja sig sjerlega vel íhaldinn með þau, eptir því sem hann hefði látið á sjer heyra. Enn hefði verið talað um styrk til verkfærakaupa, en það mundu þá eigi eindæmi, því enda yfirsetukonur fengju slíkan styrk.

En aðalatriðið væri það, eins og hann hefði áður sagt, hvort þörf væri dýralækna og gagn að þeim. Ef einhverjum tækist að sanna, að hvorugt ætti sjer stað, þá skyldi hann þagna undir eins. En meðan það væri ógjört, kvaðst hann telja þetta eitt af helztu velferðarmálum bænda hjer á landi, og væri því merkilegt, að þingmaður Rangæinga, sem sjálfur væri bóndi, skyldi vera þessu máli mótfallinn, eða að minnsta kosti vilja hafa á því eitthvert hálfverk. Það væri auðvitað, að deildin gæti aðhyllzt

að hafa 2, 4 eða engan dýralækni, en þá væri rjettast að menn sæju, hvaða vopnum hefði verið beitt til að fella þetta mál.

Forseti gat þess, út af fyrirspurn þingmanns Rangæinga, að enginn hefði framsögn nema sá, sem væri í meiri hluta nefndar, og eigi í minni hluta.

Stefán Eiríksson kvaðst raunar vera mótfallinn frumvarpi þessu, og varla væri takandi í mál, að hafa fleiri en 2 dýralækna, og það með fram af því, að eigi væri nema einn til, nú sem stæði, og það sá, sem flestir mundu synja fyrir að verið hefði að nokkru verulegu gagni, og gjört þó mikinn kostnað. Kvaðst hann og hjá einum þingmanna hafa sjeð skýrslur um fjársóttir ýmsar eptir þennan lækni, og væri þar meðal annars minnzt á mergrunarsótt í Hornafirði, og tekið fram, að hún væri skæðust í gjafarfje, en þetta væri öldungis gagnstætt því, sem hann hefði reynslu fyrir, því ef mergrunarsótt þessi ætti, sjer stað, þá væri það helzt á útigangsfje, og jafnvel ekki annað en hor, og af þessu mætti álykta, að skýrslur dýralæknisins væru eigi alstaðar sem áreiðanlegastar. Þrátt fyrir það kynni maðurinn að vera allvel að sjer. En síðan hann hefði komið hjer til landsins, hefði hann lítið verklegt gagn gjört að allra kunnugra manna sögusögn. Að því er snerti laun þessara manna, þætti sjer þau óþarflega há, með því ferðakostnaður þeirra, ef þeim væri skipað að ferðast um hjeruð árlega, mundi stíga hátt upp í hin föstu laun, en hins vegar eigi líklegt, að einstakir menn mundu sækja þá mikið, sízt meðan þeir væru óreyndir, enda mundi sá kostnaður mörgum fátækum ærið tilfinnanlegur. Fyrir utan allt þetta væri og margt annað, er nær stæði að ráða bætur á hjá oss og brýnni nauðsyn bæri til.

Ef þetta mál fengi framgang, mundi hann hallast að áliti minni hlutans, en vildi annars helzt, að frumvarpið væri fellt. Það væri sannarlega ónóg ástæða fyrir þeim, sem vildu hafa þessa dýralækna, að álíta þá eins nauðsynlega og mannalækna.

Jón Hjaltalín kvað mega skoða mál þetta frá tveim hliðum, mannúðleikans og gagnseminnar. Frá hinu fyrra sjónarmiði væri litið á það, að hafa ætti sem mesta vorkunnsemi og nærgætni við skepnurnar, og væri sú skoðun mjög að ryðja sjer til rúms hjá erlendum þjóðum. Hins vegar væri að líta á gagnsemi eða ábata þann, sem búpeningurinn gæfi af sjer. Og frá þessu sjónarmiði skoðað, væru það ríkar ástæður, sem mæltu fram með frumvarpi þessu. Því hjer væri að ræða um aðalbjargræðisstofn landsins. Það væri eigi lengi að nema kostnaðinum, sem lenti á hverjum einstökum, skaði sá, er maður yrði fyrir, ef hann missti kú sína eða reiðhest eða annan gagnspening. Og hjer væri eigi eingöngu að ræða um gagn það, sem flyti beinlínis af lækningunum sjálfum, heldur væri og hitt engu síður gagnlegt, að læknar þessir útbreiddu þekkingu á almennum heilbrigðisreglum, sem væru næsta mikilsverðar, eins og allar menntaðar þjóðir væru farnar að kannast við. Ef 4 læknar væru, gætu þeir unnið töluvert gagn í þessu efni, og kennt þess utan ungum mönnum út frá sjer, og þannig margfaldaðist dýrafræðisleg þekking í landinu. Kvaðst hann sannfærður, að þetta mál fengi bezta byr í neðri deildinni, því þar væru margir svo skynsamir menn, að þeir sæju þörf og nauðsyn þessa máls, og sama kvaðst hann vera viss um hjer í efri deildinni, og eptir svo sem 13 ár mundi mönnum þykja eins mikil nauðsyn á dýralæknum, eins og mannalæknum.

Framsögumaður kvað þingmanni Skaptfellinga opt hafa tekizt betur að sanna mál sitt en nú. Hann hefði talað um, að einn dýralæknir væri ónýtur, en þætti þó ekki ástæða til að hafa fleiri. Um mergrunarsóttina vildi hann skjóta til 4. konungkjörna þingmanns, hvort hún mundi koma af því, að mergurinn frysi. Annars þætti sjer það undarleg skoðun, að vilja eigi bæta það, sem bæta þyrfti.

Eiríkur Kúld kvað þingmann Húnvetninga hafa skilið orð sín eigi sem rjettast, og gleymt aðalástæðunni, sem hann hefði

tekið fram, þeirri, að leggja fyrst fje til styrktar mönnum að nema dýralækningar, og síðan að stofna embættin, er mennirnir væru fengnir. Hinn 4. konungkjörni hefði skoðað málið frá hinni mannúðlegu hlið, og sýnt með því fram á nauðsyn dýralækningabóka. Hann ætti og bók eptir sama þingmann, þar sem hann teldi það hið eina óbrigðula ráð gegn höfuðsóttinni, að taka af höfuðið. Þetta mætti læra af bókum, en það mætti og læra það af þeim, að hirða vel skepnur. En þó nú dýralæknar væru í hverri sveit, þá væri eigi fyrirbyggt skepnutjón með því, þar sem margt gæti farið í sjóinn, og af ýmsum slysum, úr hor o. s. frv.

Hvað snerti spár þingmannsins um það, að fjölgunar dýralækna væri eigi langt að bíða, þá kvaðst hann eigi vera fyllilega sannfærður um það. Og hann yrði að taka það fram aptur, að hann vildi ráða nefndinni til að íhuga frumvarp þetta betur, því á því væru enn margir og verulegir gallar.

Framsögumaður. Ef þingmanninum, sem síðast mælti, væri svo annt um þennan styrk til dýralækninganáms, gæti hann komið fram með breytingaratkvæði um það sjálfur. Hvað snerti það, að kenna dýralæknum um slys og horfelli, þá væri það eins og að kenna prestunum um það, að mennirnir syndguðu.

Stefán Eiríksson sagði, að það, sem hann hefði sagt um mergrunarsóttina, hefði kann ske eigi verið sem ljósast, en sjer hefði virzt þingmaður Húnvetninga eigi hafa skilið sjálfan sig, er hann hefði minnzt á þetta. Þar sem hann hefði talað um skýrslu Snorra dýralæknis, þá væri hún að því leyti ónákvæm, að hún væri gagnstæð því sanna í þessu atriði. En fyrst menn vildu ausa fje út á annað borð, hví væri þá eigi farið fram á 2400 kr. til dýralækna í árleg laun, eins og hann sagði sig minna að dýralæknir Snorri hefði viljað hafa, og sjá mætti af brjefum þeim, er hann hefði sent landshöfðingja.

Jón Hjaltalín kvað leiðinlegt, að varaforseti skildi hafa misskilið sig, að því er höfuðsóttina snerti. Meining sín hefði verið sú, að það væri svo sjaldgæft, að kindin yrði læknuð, að það væri eigi tilvinnandi að reyna lækningar. Annars hefði hann vonað, að þingmaðurinn væri búinn að fyrirgefa sjer þetta, þar sem hann nú væri orðinn svo mjög á móti niðurskurði

Þá óskuðu 4 þingmenn (Magnús Stephensen, Benidikt Kristjánsson, Bergur Thorberg og Jón Hjaltalín), að umræðunum um mál þetta væri lokið, og var því skotið til atkvæða og samþykkt með 9 atkvæðum.

Ljet forseti því næst greiða atkvæði um hinar einstöku greinir frumvarpsins og þau breytingaratkvæði, sem fram voru komin við þær, og var þá:

Breyting við 1. gr. felld	með	9	atkv. móti	2
1. gr. samþykkt	—	6	—	— 5
2. gr. felld	—	6	—	— 5
3. gr. felld	—	6	—	— 5
Breyting við 4. gr. felld	—	6	—	— 5
4. gr. felld	—	6	—	— 5
5. gr. felld	—	6	—	— 5

Að frumvarpið þannig lagað gengi til 3. umræðu, samþykkt með 6 atkv. gegn 5.

BREYTINGARATKVÆÐI
við frumvarp til laga um skipun dýralækna á Íslandi.
(Frá Ásgeiri Einarssyni, Bergi Thorberg, Magnúsi Stephensen).

Eptir 1. grein komi svo látandi greinir:

2. grein.

Hverjum dýralækni skal veita 1000 kr. í árleg laun, er skulu greidd úr landssjóði.

3. grein.

Fyrir ferðir þær, er dýralæknir tekst á á hendur eptir ráðstöfun yfirvaldsins, bera honum í fæðispeninga 2 kr. um dag hvern, sem hann er fjærverandi frá heimili sínu, og að því skapi fyrir part úr degi; þar að auki skal honum endurgoldinn ferðakostnaður eptir ákvörðun amtmanns. Gjöld þessi skulu greiðast úr jafnaðarsjóði amtsins.

4. grein.

Fyrir ferðir, er dýralæknir tekst á hendur eptir ósk einstakra manna, skal sá, er

þeirra hefur beiðzt, borga honum 2 kr. í fæðispeninga um hvern dag; þar að auki skal hann leggja dýralækni til fararbeina kauplaust, eða endurgjalda honum ferðakostnað eptir því, sem fyrir er sagt í aukatekjureglugjörð 10. september 1830, 16. gr.

5. grein.

Dýralæknum ber í erindisgjörðum sínum að hegða sjer eptir erindisbrjefi, er landshöfðingi semur handa þeim, eptir að hann um það hefur leitað álits amtsráðanna.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 22. fundi efri þingdeildarinnar, 27. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu *frumvarp til laga um skipun dýralækna á Íslandi.*

Framsögumaður (Ásgeir Einarsson) kvað þetta mál eigi hafa fengið sem beztar undirtektir eða afdrif, er það var síðast rætt, og hefðu menn þá hvorki verið fáanlegir til að koma fram með breytingar, nje að gefa ástæður fyrir því, að þeim var eigi um frumvarp þetta. Síðan hefði hann orðið þess áskynja, að sumir ljetu, sem sjer hafi þótt of hátt ákveðin laun dýralæknanna og fæðispeningar. Fyrir því hefði hann ásamt tveim öðrum þingmönnum komið fram með breytingaratkvæði í þessa stefnu, þannig að launin væru færð niður úr 1200 kr. í 1000 kr. og fæðispeningarnir úr 4 og 3 kr. niður í 2 kr. 1. grein hefði verið samþykkt við 2. umræðu, og því eigi þurft breytingar. Hvort sem nú breytingaratkvæði þessi yrðu felld eða samþykkt, þá hefði hann og hinir tveir uppástungumenn viljað gjöra tilraun til að bjarga málinu við, með því nú hefði verið komið í hin síðustu forvöð. Enginn hefði enn hrundið þeirri ástæðu, að dýralæknar væru nauðsynlegir hjer á landi, en hinu hefðu sumir spáð, að gagnið af þeim mundi ekki verða eins og skyldi. Hann kvað að vísu vandasamt að skera úr því, með því engin veruleg reynsla um það væri enn fram komin hjer á landi, en víst væri það, að sagan og reynsla annara þjóða, þeirra er menntaðar væru, sýndist að sanna það, að þeir hefðu annarstaðar að miklu gagni komið, og sumstaðar munndu þeir af hálfu hins opinbera hafa lítil eða jafnvel engin laun. Að vísu væri eigi um það að tala eptir ástæðum hjer á landi, að þeir hefðu engin laun, og eigi fram á það farandi að svo stöddu, enda þó sumir skottulæknar hefðu fengizt við þess konar lækningar ásamt með búskap sínum, en þó hefði sjer þótt gjörlegt, að færa launin nokkuð niður úr því, sem ákveðið hefði verið í frumvarpinu. Það væri betra en ekki að byrja með, og betra en að ganga prestaskólaveginn, og fá svo 4—600 kr. brauð, að hann ekki talaði um þá námsmenn, sem þyrftu að kosta sig til utanfarar, eptir að hafa gengið á lærða skólann. Þessir menn þyrftu minni lærdóm en prestar, sem þar hjá eigi fengju neina fæðispeninga á ferðum um sóknina, og væri því eigi ósanngjarnt, þó þeir hefðu minni laun. Eitt atriði væri það og, sem hefði haft áhrif á atkvæði manna, að menn hefðu vantraust á hinum eina dýralækni, sem væri, en það vær sannarlega eigi þjóðlegt, að byggja velferðarmál þjóðarinnar á einum manni, sem þar að auki eigi hefði haft föst embættislaun. Enn væri það og tekið fram, að fáir gætu haft gagn af verklegum lækningum þessara manna, ef þeir væru 4 að eins. En sama hefði átt sjer stað um mannalækna; þeir hefðu í fyrstu að eins verið 4, og þó hefðu menn byrjað með það. Þetta væri góður vísir, og líklegt og sjálfsagt, að þeir mundu með tímanum fjölga, og, ef til vildi, komast af með minni laun. Kvað hann sjer alls eigi ganga kapp til að styðja þetta mál; fyrir því hefði hann hreina samvizku; heldur hefði hann að eins gagn þjóðarinnar fyrir augum í þessu tilliti.

Benidikt Kristjánsson kvaðst eigi hafa áður látið í ljósi skoðun sína á þessu máli, og því vildi hann gjöra það nú. Þingmaður Húnvetninga hefði sagt, að menn mundu hafa verið móti frumvarpinu, af því launin hefðu þar verið ákveðin of há, og sömuleiðis

fæðispeningar, og fært þess vegna hvorttveggja niður. En í sínum augum ynni málið ekki mikið við það. Því ef læknar þessir væru nauðsynlegir, þá hefðu launin eigi verið of há, og því gæti eigi þessi launalækkun vegið svo mikið hjá sjer, að hann gæti gefið atkvæði með máli þessu fyrir þeirra hluta sakir einungis. Hann sæi ekki, að dýralæknar gætu gjört neitt verulegt gagn hjer á landi að svo stöddu, og því þyddi það eigi svo mikið, þó launin væri lækkuð, fyrst gagnið væri ekkert að ráði. Hið eina gagn sem 4 dýralæknar gætu gjört hjer, það væri það, að kynna sjer heilsufar búpenings, svo þeir gætu gefið bændum ráð til að vernda fjenað sinn gegn sóttum og lækna hann. Það hefði verið tekið fram við 2. umræðu, að prestum mundi eigi takast vel að lækna búpeninginn, en reynslan hefði þó sýnt, að prestur hefðu skrifað eins vel um lækningar og Snorri dýralæknir, og af hans ráðleggingum mundi fullt eins mikið gagn hafa gjörzt og Snorra. Nú væri svo ástatt, að hjer væri einn dýralæknir, og eigi líklegt, að útlendir læknar mundu sækja hingað, er launin væru svo lítil. Þessi eini hefði lítið traust á sjer, og fáir mundu vona af honum mikils gagns, þó hann ferðaðist og kynnti sjer heilsufar búfjenaðar. Hjer væri því verið að búa til lög, sem væru þýðingarlaus að svo stöddu. Það hefði verið talið ómannúðlegt, að leita eigi fjenaði lækninga, en hann vissi eigi, hvort það væri mannúðlegra að káka við lækningar, en stytta því eymdarstundir með hnífnum. Allt öðru máli væri að gegna um menn, þó þeim væri leitað lækninga, því trúarbrögðin bönnuðu annað.

Bergur Thorberg kvað það gegna furðu, hvílíkri mótspyrnu þetta mál mætti, þar sem það þó gengi út á það að efla hag bændastjettarinnar, og það því meiri furða, sem mótspyrnan kæmi frá þeim mönnum, sem sjálfir hefðu landbúnað, og vissu, hve mikils varðandi hann væri. Það væri ljóst, að í landi því, er fjenaður væri undirstaða velmegunar manna, væri mjög áríðandi að hafa lækna til að bæta úr meinsemdum hans. Það hefði verið sagt, að dýralækningar þær, er hjer væri um að ræða, hefðu litla þýðingu, en það hefði eigi verið sannað, og ástæðurnar, sem færðar hefðu verið fyrir því, væru lítils eða einskis virði. Það hefði og verið sagt, að dýralæknir sá, er hjer hefði verið, hefði unnið lítið gagn, en það hefðu þeir menn sagt, er lítið mundu þekkja til. Hann hefði unnið talsvert gagn; hann hefði t. d. stemmt stigu fyrir útbreiðslu nautapestar, er hjer hefði komið, og mikið tjón hefði getað orðið af, ef eigi hefði verið lögð ráð gegn henni. Sjer þætti það undarlegt af þingmanni Þingeyinga, að byggja svo mikið ástæður sínar á því, að menn hefðu eigi haft traust á þessum eina dýralækni; þetta kæmi víst af vantrausti á dýralæknum yfir höfuð, og væri það sæmra fyrir hann, að berja niður slíka fordóma en styrkja. Það væri og undarlegt, að sami þingmaður áliti gagnlegt, að dýralæknar ferðuðust til að kynna sjer heilbrigðisástand fjenaðar og leggja mönnum ráð, en vildi þó eigi hafa dýralækna. Sumt, sem fram hefði komið, væri svo undarlegt og fráleitt allri skynsemi, að það liti út fyrir, að það hefði eigi verið sagt í alvöru, t. d. að það væri óspilunarsemi með fje landssjóðsins og óþarfa-eyðsla, að vera að launa dýralæknum, að það væri til einkis gagns o. s. frv. Hann vissi þó ekki, hvað gæti álitizt gagnlegra, en að verja fje til þeirra ráðstafana, sem miða til að vernda kvikfjenaðinn, sem er aðalbústofn landsins. Aðrir hefðu sagt, að ofsnemmt væri að stofna embætti þessi, meðan enginn dýralæknir væri til, en þess væri engin von, að læknar fengjust, eða menn lærðu til dýralækninga, meðan þeir gætu eigi gjört sjer von um að fá atvinnu, eða haft ofanaf fyrir sjer á eptir, en nú væri atvinna sú, sem þeir gætu átt von á, svo lítil, ef engin föst laun væru, að eigi væri hægt að lifa við það, og þess vegna væri nauðsynlegt að stofna þessi embætti, því það væri hið fyrsta og kröptugasta meðal til þess, að menn færu að stunda dýralækningar, og að dýralæknar fengjust. Til þessa

væru ákvarðanir frumvarpsins vel fallnar, laun þau, er þar væru ákveðin, væru hæfilega mikil og mættu eigi minni vera. Nú hefði deildin fellt þessar ákvarðanir, og eigi stæði eptir nema 1. gr. frumvarpsins, um það að stofna 4 dýralæknisembætti. Þessi lög, sem einungis innihjeldu þessa skipun, yrðu næsta undarleg, ef þau næðu þannig fram að ganga, þar sem eigi væri neitt ákveðið í þeim um laun. Ef það nú yrði ákveðið í fjárlögunum, að veita fje það, er þessi lög hefðu í för með sjer, þá gæti hann ekki betur sjeð, en að stjórnin hefði ótakmarkaða heimild til að veita þeim, sem vildi taka þennan starfa að sjer, svo há laun, sem nauðsynleg væru til að fá menn í embættin, því lögin skipuðu að stofna þau. Þetta væri þó næsta óvanalegt, og þess vegna væri nauðsynlegt, að launin væru fast ákveðin í lögunum, eins og vant væri, þegar embætti væru stofnuð. Launaupphæð frumvarpsins og borgun sú, sem þar er ákveðin, hefði eigi verið of há, eins og hann þegar hefði tekið fram, en til þess að bjarga þessu nauðsynjamáli, hefði hann gengið í lið með tveim öðrum þingmönnum um það, að lækka launin, sem ákveðin væru í frumvarpinu, og sömuleiðis dagpeninga, til þess að hrinda að nokkru leyti þeim ástæðum, að kostnaður við stofnun þessara embætta yrði of mikill. Ef frumvarpið yrði að lögum með þessum ákvörðunum, þá væri málinu að nokkru leyti borgið, því eigi væri ósennilegt, að einhverjir kynnu að gangast fyrir þessum boðum, svo að þeir tækju að læra dýralækningafræði.

Kvaðst hann þess vegna vona, að þó deildin eigi hefði viljað samþykkja launaákvarðanir frumvarpsins, eins og það upphaflega var, þá mundi hún þó eigi fella frumvarpið með þessum lægri launaupphæðum.

Eiríkur Kúld kvaðst eigi vera samþykkur hinum 2. konungkjörna þingmanni í því, að nokkur þeirra, sem mælt hefðu mót frumvarpinu, hefði komið með mótbárur móti því að efla landbúnaðinn, því að það hefði alls eigi verið meining þingmanns Þingeyinga; þvert á móti væru mótbárurnar til þess, að varna því, að landbúnaðinum væri hnekkir gjörður með óþörfum álögum, því að væri mál þetta skoðað frá búmannslegu sjónarmiði, þá mundi engum sýnast það búhnykkur, að fara að leggja út fje til dýralæknaembætta, meðan enginn væri maðurinn til í þau. Betur mundi eiga við, að veita einhverjum styrk til að læra dýralæknisfræði, og þá mætti fyrst fara að tala um að stofna dýralækna-embætti. Hann kvaðst vera alveg samdóma þingmanni Þingeyinga um það, að ekkert gagn gæti orðið að 4 dýralæknum í verklegu tilliti. Þar sem hinn 2. konungkjörni þingmaður hefði talað um, að dýralækni þeim, er hjer hefði verið, hefði tekizt mjög vel að lækna nautapestina, þá kynni það vel satt að vera, en til þess mundi hann eigi hafa haft önnur ráð, en þau, sem kennd væru í almennum dýralækningabókum, og mundi vera miklu heppilegra að fá einhvern til að leggja þess konar bækur út á íslenzku, þann er vel væri til þess fær, eins og t. a. m. hinn 4. konungkjörna þingmann, svo að alþýðu gæfist kostur á, að þekkja hinar almennu heilbrigðisreglur. Það mundi verða miklu kostnaðarminna fyrir landssjóðinn, en að fara að stofna 4 dýralæknaembætti, og þó verða að eins miklu og miklu meira liði. Þar sem framsögumaður hefði minnzt á, að laun dýralæknanna kynnu að fara minnkandi, þá mundi reynslan sýna annað; fæstir mundu fara að biðja um, að laun sín væru lækkuð. Enn mætti geta þess, að þótt dýralæknar væru í öðrum löndum, þá mundu þeir þó hvergi fá laun, nema ef þeir fengju þau á Íslandi; í Danmörku ætlaði hann að enginn dýralæknir hefði föst laun, nema hvað hann hjeldi, að dýralæknum við herinn mundi vera launað eitthvað lítið. Þar sem nefndin hefði stungið upp á vissri upphæð fyrir ferðir dýralækna, þá mundi betur eiga við, að hafa vissan taxta fyrir hvert verk, eins og mannalæknar hefðu, en hann vildi óska, að þar kæmi eigi til, því að hann væri frumvarpi þessu alveg mótfallinn.

Torfi Einarsson kvaðst vilja vera öllu

því meðmæltur, sem miðaði til að efla menntun eða velferð landsbúa, en þrátt fyrir það gæti hann þó eigi verið þessu máli meðmæltur; því að eptir því sem hjer hagaði til, gætu fáir dýralæknar eigi gjört neitt verulegt gagn. Hjer á Suðurlandi hefði nú verið fjárkláði, bráðapest, lungnasótt og ýms önnur fjárveikindi, og hjer hefðu verið útlendir og innlendir dýralæknar, en þó mundu hvergi hafa verið meiri sjúkdómar í skepnum en hjer, þó að það væri eigi alveg víst. Bændur hjer segðu, að dýralæknunum hefði tekizt ver að lækna en bændum, sem kunnugir væru orðnir loptslaginu og veikindum skepnanna af reynslunni. Reynslan hefði sýnt, þótt það væri eigi alls kostar gott, að bændastjettin hefði vantraust á dýralæknum. Hjer hefði verið einn dýralæknir fyrir skömmu, og svo hefði lokið hans starfi, að launin hefðu verið tekin af honum 1875. Neðri deildin hefði haft til meðferðar frumvarp til laga um stofnun eins dýralæknis, og það hefði verið fellt þar með 14 atkvæðum gegn 3. Hann vissi til, að það væri tregða og mótspyrna móti dýralæknum víðast hvar um land, og þar sem svo væri, væru þeir sannkallaðir píslarvottar. Síðan á síðasta þingi hefði heldur engin rödd meðal landsmanna beðið um, að skipaðir væru dýralæknar. Dæmið um nautapestina hefði að vísu verið sláandi, en það væri ekki nema eitt dæmi og ekki óyggjandi. Hann kvað komið hafa pest á bæ skammt frá sjer, og hefðu drepizt úr henni 4 nautgripir og 4 hestar, en hún hefði eigi breiðzt neitt út. Helzt kvaðst hann vilja bíða með mál þetta, unz landsmenn sjálfir æsktu dýralækna.

Framsögumaður kvaðst gjarnan óska, að raddir ljetu til sín heyra út um landið í þessa stefnu. En mörgum mundi svo virðið, að ef þeir sæju, að þeir hefðu ekki gagn af einhverju sjálfir, þá væru þeir daufir með að æskja þess, en aptur væru sumir svo mannúðlegir, að þeir hugsuðu eigi eingöngu um sitt eigið gagn. Það væri heldur eigi að búast við, að þeir menn, sem eigi hefðu enn sjeð þingtíðindin, og sem þó mundi vera allur fjöldi alþýðu, hefðu látið til sín heyra um þetta efni, þótt það kæmi fyrir á seinasta þingi. Hann kvaðst eigi geta verið að tína upp öll þau mótmæli, sem hjer hefðu komið fram, og svara þeim, því að þau hefðu flest verið ljettvæg. Varaforseti hefði talað við sig, um að lækka laun dýralæknanna, en nú mundi honum hafa snúizt hugur. Það hefði þótt hjer móti mannlegri tilfinningu, að drepa menn, ef þeir væru sjúkir, en aptur hefði það þótt mannúðlegt að stytta skepnum stundir, ef þær væru veikar, og reyna eigi til að lækna þær, en hjer mundi koma krókur á móti bragði. Ef t. a. m. kýr, sem fátæklingur ætti og væri hans mesta bjargræði, sýktist, þá ætti að vera snjallasta ráðið að taka af henni kollinn, af því hætt væri við, hún kynni að fá einhverjar slæmar tilfinningar við lækningarnar; það væri bezt að láta þjóðina dæma um, hvort slík ráð væru fremur skáldskapur Símonar Dalaskálds eða Steingríms Thorsteinsens. Loks kvaðst hann óska þess, að nafnakall væri við haft, er gengið væri til atkvæða um þetta mál, svo að sjá mætti, hverjir væru með því og hverjir mót.

Jón Hjaltalín sagði, að þótt þingmaður Þingeyinga hefði spáð, að dýralæknar mundu lítið verða notaðir, þá mundi reynslan sanna hið gagnstæða, og eins væri dæmi um það, að þeir hefðu orðið að verulegum notum; gæti hann bætt öðru dæmi við það, er áður hefði verið talið, og það væri, að skæð kúabóla hefði komið á kýr upp í Borgarfirði, og bólan hefði sýkt mjaltakonurnar, og þessa veiki hefði dýralæknirinn, sem hjer var, læknað með ráðleggingum sínum. Hjer hefði og komið hunda-æði, sem gæti orðið hættulegt fyrir menn, ef hundar bíta þá, og væri eigi vanþörf á dýralæknum til að afstýra því, ef það kæmi fyrir. Hjer hefði og komið kvefsótt í hesta, er gæti orðið hættuleg, nema læknuð væri. Hjer mætti og til færa homöopathiskt ráð, sem sýndi, hvort vanþörf væri á mönnum, sem gæfu önnur betri. Það hefði fje drepizt úr bráðapest hjá bónda einum fyrir vestan; svo hefði annar maður,

ekki prestur, heldur bóndi ráðlagt honum að verja hitt fje sitt sjúkdómi þessum, með því að gefa hverri kind inn dálitinn bita af pestarkjötinu. Bóndinn hefði gjört það, en næstu nótt drapst hjá honum 80 fjár. Það hefði verið mesta hamingja, að hann drap eigi menn á því líka. Það mundu þó allir dýralæknar hafa vitað, að þetta mundi eigi hollt ráð. Í Danmörku væri til sá sjúkdómur á skepnum, er «Snive» hjeti, og gæti hann vel hingað komið, en ef hann lenti í mönnum, þá yrði hann ólæknandi. Allt þetta sýndi, að hjer væri þörf á dýralæknum, að minnsta kosti til þess að varna því, að sjúkdómar í skepnum gætu komizt í menn. Þingmaður Húnvetninga þótti honum mannúðlegur mjög, og kvað það rjett að láta spádóma eigi fá svo mjög á sig, því að spámenn mundu fáir til nú orðið. Hann hefði og enn reynt til að bjarga málinu við með breytingaratkvæði, og kvaðst hann vera því samþykkur, því að sjer þætti alls eigi eiga við að fella það, sem stjórnin hefði gjört í bezta tilgangi. Það þótti honum eigi spilla miklu þótt launin væru sett niður, því að menn mundu samt fást í embættiu. Varaforseta þótti honum eigi farast vel er hann gjörði mönnum getsakir um, að þeir mundu eigi nota dýralækna, því að reynslan hefði sýnt það. Hjer hefði verið danskur dýralæknir áður mjög lipur og vel að sjer, og hefði hann mikið verið sóttur, og eins mundi enn, að ef góðir og ástundunarsamir dýralæknar væru hjer, mundu menn fúsir á að leita þeirra.

Landshöfðinginn sagði það viðvíkjandi þingmanni Strandasýslu, að þótt frumvarp það, er hann hefði talað um, hefði verið fellt í neðri deildinni 1875, þá hefðu þó allir þingmenn álitið, að nauðsynlegt væri að stofna dýralæknaembætti, en sumir hefðu viljað 1, sumir 4, og sumir 1 í hverja sýslu. Af því að stjórnin hefði sjeð skoðanir þingmanna um nauðsyn þessa, hefði hún nú lagt frumvarpið fyrir þingið Varaforseta hefði þótt ógjörningur að stofna embættin, áður en mennirnir væru til í þau og viljað fyrst láta veita mönnum styrk til þessa náms, en hann kvaðst geta þess, að það væri einmitt mesta hvötin til að leita náms þessa, að einhver embættin væru til. Svo mundi hann og vita, að til væri einn dýralæknir. Við 2. umræðu hefði þingmaður Rangæinga mælt með því, að 2 dýralæknar væru hafðir, og hefði honum verið ljóst, hvert gagn mætti hafa af þeim, ef þeir væru eigi fleiri en tveir, en hann kvaðst vona, að þingmanninum hefði snúizt hugur, með því að nú hefði verið komið með breytingaratkvæði, sem færi fram á, að lækka launin og ferðapeningana, og þar sem af þessu mundi leiða, að kostnaðurinn yrði minni, vonaði hann að hann mundi gefa atkvæði sitt með.

Framsögumaður leiðrjetti það hjá hinum 4. konungkjörna þingmanni, að ráð það, er hann hefði sagt að hefði eigi komið frá presti heldur bónda, hefði, eptir því sem frjetzt hefði norður í Húnavatnssýslu, einmitt komið frá presti en eigi bónda. Hann kvaðst vilja bæta því við þau dæmi, sem sami þingmaður hefði talið um það, að sjúkdómar á skepnum gætu sýkt menn, að hestur einn fyrir norðan í Húnavatnssýslu hefði drepizt inn undir heiði, en af húð hans, sem flutt var heim til bæjar, hefðu fleiri hestar sýkzt og drepizt, en einn af þeim hefði maður flegið, en blóð úr hestinum hefði sletzt á hann í andlitið; síðan hefði hlaupið illt í sárið og maðurinn dáið. Sýki þessi hefði ekki breiðzt út, og hefði það verið þakkað ráðum og fyrirsögn læknis Húnvetninga, að eigi hefði orðið meira tjón að.

Sighvatur Árnason kvað sína uppástungu um að hafa að eins 2 dýralækna, eins og landshöfðinginn hefði minnzt á, vera fallna, svo sem kunnugt væri; en sjer hefði verið vel ljóst, að hvorki 2 nje 4 dýralæknar gætu gjört neitt verulegt verklegt gagn, sem teljandi væri, og því hefði sjer þótt óþarft að vera að kosta þá 4, því að 2 nægðu til að gjöra vísindalegt gagn, sem af dýralæknum gæti verið að vænta. En þar eð nú væri búið að fella að hafa 2, vildi hann helzt engan hafa og láta málið bíða næsta þings. Hann kvaðst verða að minna þingmann Hún-

vetninga á það, að hann hefði fyrir skömmu verið mótfallinn frumvarpi einu sakir þess, að engar raddir hefðu komið um það frá landsbúum. Sama ætti sjer nú stað í þessu máli, og væri undarlegt, að hann skyldi þó fylgja því svona fast fram.

Framsögumaður kvað það reyndar satt, að 4 dýralæknar mundu eigi geta gjört mikið verklegt gagn, en því síður mundu 2 gjöra það. Það mundi heldur enginn maður á Norður- eða Vesturlandi hafa neitt verulegt gagn af brú eða kaupstað á Suðurlandi. En þjóðlíkaminn væri einn, og honum eins varið og mannlíkamanum. Eins og menn fyndu til þess, ef tá eða fingur væru eigi heilbrigð, eins ættu menn og að finna til þess, ef einhver hluti þjóðlíkamans væri eigi heill, og vera fúsir á að bæta hann, en vera eigi daufir og dauðir og tilfinningarlausir, því eins og mannlíkaminn gæti allur sýkzt, af því að einn limur væri sjúkur, eins gæti og þjóðlíkaminn allur sýkzt, ef einhver hluti hans væri vanheill. Tilgangur frumvarpsins væri eigi sá, að láta þessa 4 lækna vinna neitt verulegt verklegt gagn á öllum bæjum á landinu, heldur að gefa mönnum leiðbeiningar til að halda skepnum sínum heilum og lækna þær, og mundi það þó hægra fyrir 4 en 2.

Stefán Eiríksson kvaðst eigi geta verið máli þessu meðmæltur fremur nú en áður, þótt launin og ferðapeningarnir hefðu verið færð niður, því að hann hefði eigi lagt svo mikla áherzlu á það. Hann hefði látið í ljósi við fyrri umræður málsins, að hann ekki væri fjærri að hallast að 2 dýralæknum, ef málið gengi fram á þingi, í því tilliti að þeir með vísindalegum ritgjörðum gætu gagn gjört, en hvorki 2 nje 4 gætu gjört neitt verulegt gagn í verklegu tilliti á jafnvíðáttumiklu og strjálbyggðu landi, sem Ísland væri. Þessi eini, sem hjer hefði verið, hefði eigi orðið að miklu liði í verkinu, nema ef vera skyldi í því að lækna nautapestina í Miðdal eða annarstaðar. Eptir sem hann hefði skilið landshöfðingja, þá ætti þetta frumvarp að vera til orðið af því, að það hefði verið borið upp í neðri deild alþingis 1875, en af fyrsta kafla ástæðanna sæist, að frumvarpið er til orðið eptir ósk Snorra dýralæknis, og að tilhlutun landshöfðingja og hins annars konungkjörna þingmanns, en þessi umræddi læknir hefði ekki náð trausti eða hylli landsbúa um þann tíma, sem hann hefði verið við embætti þetta, og því minni ástæða væri til að stofna með ærnum kostnaði þessi embætti; þó sumum þingdeildarmönnum þyki þau nauðsynleg, þá hefði þó engin rödd hreift sjer enn um það efni meðal landsbúa.

Forseti bar þá undir atkvæði allar breytingar hinna 3 þingmanna í einu lagi, og var við haft nafnakall, þar eð 4 þingmenn: Ásgeir Einarsson, Magnús Stephensen, Jón Hjaltalín og Bergur Thorberg höfðu skriflega beiðzt þess.

Já sögðu:
Magnús Stephensen,
Ásgeir Einarsson,
Bergur Thorberg,
Jón Hjaltalín,
Jón Pjetursson.

Nei sögðu:
Benidikt Kristjánsson,
Árni Thorsteinson,
Eiríkur Kúld,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson,
Torfi Einarsson.

Var breytingaratkvæðið þannig fellt með 6 atkvæðum móti 5. Því næst bar forseti frumvarpið sjálft undir atkvæði, og var það fellt með 7 atkvæðum.

Konungleg frumvörp,

ekki útrædd á þinginu.

XVIII.

Frumvarp

til

laga um breytingar og viðauka við tilskipanir 5. janúar 1866 og 4. marz 1871 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

---

1. grein.

Sektir þær, sem ákveðnar eru í tilskipun 5. janúar 1866, 7. gr., fyrir óhlýðni eða hirðuleysi í því, að fylgja þeim reglum, sem yfirvaldið fyrirskipar um meðferð á kláðasjúku eða grunuðu fje, skulu hækkuð til 20—500 kr.

2. grein.

Hafi fjáreigandi sýnt af sjer svoddan óhlýðni eða hirðuleysi, að honum verði eigi eptir áliti lögreglustjóra trúað fyrir meðferðinni á sjúku eða grunuðu fje, getur amtmaður skipað svo fyrir, að fjeð skuli sett undir tilsjón, sem tryggjandi sje, á kostnað eigandans. Hið sama gildir einnig, þegar svo stendur á, að fjáreigandi hefur fleira fje, en hann getur sjeð fyrir og útvegað húsrúm, eptir áliti því, sem lögreglustjóri eða hreppstjóri áður hafa látið uppi um það, þegar taka skal fjeð til lækninga eptir ákvörðun yfirvaldsins.

3. grein.

Sjerhver fjáreigandi, sem verður var við kláðavott í fje sínu, eða fær grun á, að það sje kláðasjúkt, skal tafarlaust tilkynna það hreppstjóra, í síðasta lagi áður en sólarhringur er liðinn. Láti hann þetta hjá líða, skal hann sæta 20—200 kr. sektum.

4. grein.

Nú er skipað fyrir um böðun á sjúku eða grunuðu fje, og skulu hreppsnefndirnar þá sjá um, að nægileg böðunarmeðul og áhöld sjeu til í hreppnum á þeim tíma, sem yfirvaldið til tekur, og mega þær, ef á þarf að halda, greiða borgunina fyrir það úr hreppssjóði eða skuldbinda hann til þess, að ábyrgjast borgunina gegn endurgjaldi frá fjáreigendum. Sömuleiðis skulu þær ásamt hreppstjórunum gjöra allar þær ráðstafanir, sem yfirvaldið fyrir skipar, til þess að lögum þessum verði framfylgt. Sje þetta vanrækt, liggja við sektir.

5. grein.

Þegar yfirvaldið hefur fyrir skipað, að hafa skuli fje í heimagæzlu, er hver sú kind eða þær kindur, sem sleppa úr heimagæzlunni og verða teknar í landi annars manns, rjettdræpar. Hið sama er og um fje, sem sloppið hefur fram hjá, þar sem verðir eru settir með samþykki yfirvaldsins, til að stemma stigu fyrir útbreiðslu kláðans. Hafi kind sú, er þannig er tekin, kláðasjúk verið, skal andvirði hennar ganga til sjóðs þess hrepps, þar sem hún var tekin, en ella skal það goldið eiganda.

6. grein.

Nú hefur yfirvaldið gefið út bann gegn því, að reka eða flytja fje milli hreppa eða annara hjeraða, þá varðar það 20—200 kr. sektum, ef móti því er brotið, og getur amtmaður þar að auki, þegar ætla má, að nokkur hætta fyrir útbreiðslu sýkinnar geti af því hlotizt, skipað, að lóga skuli fjenu á kostnað eiganda og skaðabótalaust.

7. grein.

Sýni nokkur sýslumaður, hreppstjóri,

hreppsnefndarmaður eða nokkur annar, sem yfirvaldið hefur skipað til þess, að framkvæma ráðstafanir þær, sem segir fyrir um í lögum þessum, hirðuleysi, mótþróa eða óhlýðni gegn því, sem honum er fyrirlagt í þessu tilliti, skal hann sæta 20—200 kr. sektum.

8. grein.

Sektir þær, sem fyrir er mælt um í lögum þessum, renna í landssjóð, og skulu mál, sem af því rísa, rekin og dæmd sem opinber lögreglumál.

ATHUGASEMDIR
við lagafrumvarp þetta.

Jafnvel þótt eigi sje ástæða til þess, að áliti landshöfðingjans, eins og heilbrigðisástand fjárins í suðuramtinu hefur verið veturinn sem leið að óttast, að fjárkláðinn fari í vöxt, hefur hann samt, eptir þeirri reynslu, sem fram hefur komið við meðferðina á sýkinni, álitið þarflegt, að gjörðar væru nokkrar breytingar og viðaukar við tilskipun 5. janúar 1866 og 4. marz 1871, til þess það yrði hægra að útrýma kláðanum, og hefur hann þess vegna lagt til, að hjerað-lútandi lagafrumvarp yrði lagt fyrir alþingi, sem kemur saman á þessu ári.

Hann hefur í því tilliti sjer í lagi tekið það fram, að sektir þær, sem segir fyrir um í tilskipun 5. janúar 1866, sjeu of litlar, bæði þegar að því er gætt, hvað mikil hætta fyrir útbreiðslu sýkinnar geti hlotizt af því, ef fjáreigandi brýtur gegn því, sem honum er skipað, og hvern hag þeir, sem í hlut eiga, geta haft af því, að óhlýðnast skipunum yfirvaldsins, og landshöfðingi hefur þess vegna lagt til, að sektirnar verð hækkaðar til 20—200 kr. samkvæmt því, sem alþingi hafði stungið upp á í lagafrumvarpi því, sem það samþykkti 1875 um útrýmingu hins sunnlenzka fjárkláða.

Með því það er nauðsylegt skilyrði fyrir því, að lækningum verði við komið, að fjáreigendur hafi eigi fleira fje, en þeir geta sjeð fyrir og útvegað húsrúm, hefur landshöfðinginn enn fremur stungið upp á því, að tekin verði í lagafrumvarpið ákvörðun um, að þegar lögreglustjóri eða hreppstjóri hefur aðvarað fjáreiganda um, að takmarka tölu fjár síns, eins og sagt var, en hann skeytir því eigi, þá skuli það hafa þær afleiðingar, að amtmaður geti skipað, að annaðhvort allt hans fje eða nokkuð af því, skuli skorið niður á kostnað hans og skaðabótalaust, ef eigi verður höfð gæzla á því með öðru móti, og að beita ætti hinni sömu aðferð yfir höfuð gagnvart hverjum þeim fjáreiganda, sem orðinn er uppvís að því, að hafa sýnt þvílíkt hirðuleysi og óhlýðni gegn því, sem honum hefur verið skipað, að honum að áliti lögreglustjórans eigi verði trúað fyrir meðferðinni á sjúku eða grunuðu fje.

Stjórnarráðið verður að vísu að játa, að ástæða sje til að gjöra nokkrar breytingar á fyrnefndum lagaboðum, og þá einkanlega að hækka sektir þær, sem þar eru ákveðnar. Aptur á móti hefur stjórnarráðið eigi getað fallizt á þá skoðun, að skera mætti niður skaðabótalaust hjá þeim fjáreiganda, sem væri uppvís að því, að hafa sýnt hirðuleysi eða óhlýðni gegn skipun yfirvaldsins. Að áliti stjórnarráðsins má aldrei við hafa niðurskurð í hegningarskyni, heldur eingöngu til þess, að stemma stigu fyrir útbreiðslu sýkinnar, og þar sem niðurskurður ávallt skerðir mjög eignarrjett manna, skal honum að eins beitt, þá er almennings heill krefur og gegn skaðabótum. Stjórnarráðið verður því fremur að álíta það óráðlegt, að veita amtmanni vald til, þegar svo er ástatt, sem getið er að framan, að láta niðurskurð fram fara annaðhvort að öllu eða nokkru leyti og skaðabótalaust, þar sem eigandanum kann að verða gjört það tjón með því, sem optsinnis væri svo mikið, að það eigi stæði í neinu hlutfalli við afbrotið, og stundum jafnvel óbætanlegt.

Aptur á móti virðist það eiga vel við, að taka það beinlínis fram, að þegar fjáreigandi sýnir þvílíkt hirðuleysi og óhlýðni, að honum verði eigi trúað fyrir meðferðinni á fjenu að áliti lögreglustjórans, þá geti amtmaður ákveðið, að það skuli sett undir

tilsjón, sem sje tryggjandi, á kostnað eigandans, og hið sama einnig skuli gilda, þegar fjáreigandi hefur fleira fje, en hann getur sjeð fyrir og útvegað húsrúm. Hjer að lútandi ákvörðun er því tekin í 2. gr. frumvarpsins, og hefur jafnframt virzt ástæða til, að hækka þannig sektirnar fyrir hirðuleysi og óhlýðni gegn skipun yfirvaldsins, að menn freistist síður til þeirra lagabrota, sem hjer ræðir um, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Enn fremur hefur landshöfðingi álitið vel til fallið, að teknar yrðu upp í frumvarpið ákvarðanir um, að fjáreigendur skuli tafarlaust segja til þess, þegar vart verður við kláða í fje þeirra, eða þegar grunur verður um, að sýkin sje komin í fjeð; að hreppsnefndirnar skuli bera umhyggju fyrir því, að næg böðunarmeðul sjeu til í hreppnum, þegar skipað er að baða; að kindur sjeu dræpar, sem sleppa úr heimagæzlu, sem fyrirskipuð er, eða sloppið hafa fram hjá, þegar verðir eru fyrirskipaðir milli hjeraða, og að hegning skuli við liggja, ef brotið er á móti banni gegn rekstri eða fjárflutningi.

Þar eð stjórnarráðið hefur fallizt á uppástungur þessar, eru hjeraðslútandi ákvarðanir teknar í frumvarpið 3.—6. gr.

Að endingu hefur landshöfðingi álitið það rjettast, að sektir þær, sem sýslumenn, hreppstjórar og aðrir skulu sæta fyrir hirðuleysi eða óhlýðni í því, að framkvæma störf þau, sem þeim eru á herðar lögð, til þess að útrýma fjárkláðanum, skuli ákveðnar með dómi, en eigi með úrskurði amtmanns, eins og fyrir er sagt í tilskipun 5. janúar 1866, 5. gr., og að sektirnar skuli renna í landssjóð, en eigi i fátækrasjóð, þar sem lagabrotið hefur verið framið, eins og fyrirskipað er í nefndri tilskipun, 8. gr., sbr. tilsk. 4. marz 1871, 6. gr. Um þetta eru því ákvarðanir gjörðar í 8. gr. frumvarpsins.

FYRSTA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

A 4. fundi efri þingdeildarinnar, 6. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu *frumvarp til laga um breytingar og viðauka við tilskipanir 5. janúar 1866 og 4. marz 1871 um fjárkláða og önnur nœm fjárveikindi á Íslandi.*

Sighvatur Árnason gat þess, að þó að mál þetta sýndist eigi mikilsvert á pappírnum, þá hefði það þó í sjer nokkra rjettarbót, sem þörf væri á, enda mætti og laga það og auka í deildinni, ef þörf þætti, og óskaði því, að málið gengi til 2. umræðu og nefndarkosningar.

Eiríkur Kúld kvaðst gjarnan vilja, að þessi óþrifagimbill kæmist eigi í 20. sinni inn á þingið, enda væri og að sínu áliti nægileg lög til um það efni, ef þeim væri tilhlýðilega fram fylgt og trúlega hlýtt, en með því að öll trygging væri góð, og aðhaldið í kláðamálinu að sínu áliti aldrei of strangt, væri hann eigi móti því, að málið gengi til 2. umræðu, þó því að eins að nefnd væri sett í það.

Jón Ijaltalín kvaðst vera á gagnstæðri skoðun; sagði hann, að sjer þætti að vísu sektir þær, er nefndar væru í frumvarpinu, óvanalega háar, en sjer virtist þó eigi ástæða til að fella frumvarpið, enda mundi því hægra að koma málinu í rjett horf, sem menn yrðu því kunnugri. Stjórnin hefði eigi verið ánægð með þessar 2 tilskipanir, og hefði því lagt málið fyrir þingið. Óskaði hann síðan, að nefnd væri sett í málið.

Landshöfðinginn kvað umboðsstjórnina hafa látið sjer mjög annt um framkvæmdir samkvæmt hinum gildandi lögum, og farið svo langt, sem þau hefðu heimilað, en reynslan hefði sýnt, að löggjöfinni væri ábótavant, og því hefði stjórnin samið frumvarp til breytinga og viðauka þeirra, er reynslan hefði sýnt að nauðsyn væri á. Hann kvað frumvarpið frá síðasta þingi eigi hafa getað náð allrahæstri staðfestingu, sakir þess, að það hefði haft inni að halda ákvarðanir, er hefðu gengið of nærri eignarrjettinum. Þó að eigi væri næg ástæða til að segja, að kláðinn væri enn við lýði, þá vantaði þó fulltryggjandi sannanir fyrir því, að honum væri útrýmt, einkum þar eð Borgfirðingar

hefði sýnt óhlýðni í böðunum árin 1875 og 1876. Að vísu vonaði hann, að kláðanum væri útrýmt þar í sýslu, en þyrði þó eigi að fullyrða það fyr en eptir böðun; kvaðst hann því hafa neyðzt til að skipa Hvítárvörð, til þess að verja norður- og vesturumdæmið, og yrði því haldið fram, unz kláðinn væri horfinn. Færi nú svo, að kláði kæmi upp í suðuramtinu, væri nauðsynlegt, að komið væri á breytingu frumvarpsins; óskaði hann því, að það kæmi til 2. umræðu og nefndarkosningar.

Benidikt Kristjánsson kvaðst eigi lá alþingi, þó að það tæki með ófúsum huga við kláðamálinu, þar eð það hefði á undanförnum þingum spillt eidrægni meðal þingmanna, og væri mjög liklegt til, að spilla friðnum enn á ný; en það mætti þó eigi kveinka sjer við að taka við því, með því að málið væri næsta þýðingarmikið, og yrði fremur að líta á þörfina og skyldu sína í þessu efni. Þess væri að vísu óskandi, að kláðinn væri upprættur, en fulla vissu fyrir því vantaði, af því að baðanir væru sumstaðar nýlega um garð gengnar, en vísasta sönnunin fyrir því, að kláðinn væri horfinn, væri sú, að hann kæmi eigi upp, er nokkuð liði frá böðunum, því að böðin lækna, ef til vill, eigi fullkomlega, en halda að eins kláðanum niðri. Fyrir því þótti honum líklegast, að Borgarfjörður væri orðinn kláðalaus, ef hann fyndist eigi nú við skoðanir, er fram færu á undan böðunum. En með því að eigi væri full vissa fengin í þessu efni, þótti honum vel hlýða, að frumvarp þetta yrði tekið til meðferðar, og áleit nauðsynlegt, að hafa þungar sektir og laga hin nú gildandi kláðalög, sem hann áleit mestu varða, ekki einungis vegna kláða þess, sem nú kynni að vera óupprættur, heldur og vegna kláða þess, er síðar kynni að koma upp. Fann hann það lögunum til, að þau væru mjög óákveðin, og að framkvæmd þeirra væri því mjög svo komin undir eigin vild framkvæmdarvaldsins; óskaði hann því, að frumvarpið gengi til 2. umræðu og nefndarkosningar.

Forseti leitaði atkvæða um, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt, og einnig hvort nefnd skyldi kjósa, og var það samþykkt; stakk hann upp á 3 manna nefnd, og voru kosnir:

Benidikt Kristjánsson með 5 atkv.
Stefán Eiríksson . . — 4 —
Sighvatur Árnason . — 4 —

Í nefndinni var Stefán Eiríksson kosinn formaður, Benidikt Kristjánsson skrifari, og Sighvatur Árnason framsögumaður.

NEFNDARÁLIT

um frumvarp til laga um breytingar og viðauka við tilskipanir 5. janúar 1866 og 4. marz 1871 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

Hin heiðraða efri deild alþingis hefur kosið oss undirskrifaða, til að íhuga frumvarp til laga um breytingar og viðauka við tilskipanir 5. janúar 1866 og 4. marz 1871, og segja álit vort um það. Höfum vjer átt fundi með oss til að ræða þetta mál, og leyfum vjer oss að skýra frá áliti voru um það á þessa leið:

Vjer fáum eigi dulizt þess, að oss virðast tilskipanir 5. janúar 1866 og 4. marz 1871 vera ónóg lög og ekki sem hagkvæmust, eins og hagar til hjer á landi, svo óskandi væri, að ný lög væru sett í þeirra stað, ef kláði sá, sem verið hefur á Suðurlandi, hjeldist við, eða ef hann eða önnur næm fjárveikindi kæmu síðar upp í landinu. En með því að vjer vitum eigi von fyrir því, að slík lög verði borin upp á þinginu að þessu sinni, álítum vjer það betra en ekki, að lög þau, sem nú eru, verði að nokkru bætt, enda hyggjum vjer, að frumvarp það, sem um er að ræða, sje fallið til þess. Þó tökum vjer það fram, að oss virðist ísjárvert, að hækka allar sektir, sem brot á móti skipunum yfirvaldsins í þessu máli valda, þegar litið er á það, að lögin eru helzt um of óákveðin og skylda fjáreigandanna mjög svo komin undir vilja og boðum yfirvaldsins; en búandmenn fjelitlir og sumir öreigar, þó sauði hafi í vörzlu.

Þá tökum vjer það fram, að oss virðist æskilegt, að breyting sje gjörð á lögunum að því, er kemur til lúkningar á varðkostnaðinum. Það hefur verið mjög þung álaga og ekki sem sanngjörnust, að sveitir þær, sem næst liggja hinum sjúku eða grunuðu hjeruðum hafi orðið að borga varðkostnað að helmingi. Lítum vjer svo á mál þetta, að allir sauðfjáreigendur í landinu eigi að rjettri tiltölu við sauðfjáreign sína að lúka helming varðkostnaðarins; því þó sýkin berist fyrst til hinna nálægu sveita, flyzt hún einnig með tímanum til hinna, sem fjær eru, ef varnir við útbreiðslu hennar eru ekki settar. Það er ekki heldur að voru áliti sanngjarnt, að hinn helmingur varðkostnaðarins greiðist úr jafnaðarsjóðunum; því gjöld til hans lúkast af öllu tíundbæru lausafje, ekki af sauðpeningi einungis, heldur og kúm, hestum, geitum og skipum, og er þá gjald þetta lagt af handahófi á sumar arðberandi eignir, sem engin beinlínis hætta er búin af fjárkláðanum, en ekki sumar, svo sem fasteignir, veðskuldabrjef, peninga og fleira. Tillögur vorar í þessu efni eru þær, að þessi helmingur varðkostnaðarins greiðist úr landssjóði, og leggist með slíkum hætti á allar arðberandi eignir í landinu, sem gjald skal greiða af í landssjóð; því það er velferðarmál landsins, að verja sauðfjáreignina tjóni, og tjón hennar hefur í för með sjer þurð annara eigna; samkvæmt þessu höfum vjer bætt nýrri grein inn í frumvarpið.

Eptir áður sögðu leyfum vjer oss að leggja það til, að hin heiðraða efri deild alþingis samþykki frumvarpið með þeim breytingum, sem nú skal greina:

Við 1. gr. »20—500 kr.» breytist í: »10—100 kr.»

Við 2. gr. Í stað orðanna: «sýnt af sjer svoddan» komi: «gjört sig sekan í slíkri».

Við 3. gr. Orðin: «eða fær grun á, að það sje kláðasjúkt» falli burt; og í staðinn fyrir: «20—200 kr.» komi: «10—100 kr.».

Við 4. gr. Eptir orðin: «sem yfirvaldið til tekur» bætist inn í: enda sjeu að ráðstöfun yfirvaldsins baðmeðul til kaups á lyfjabúðum og helztu verzlunarstöðum«; í staðinn fyrir orðin: «borgun fyrir það» komi: «borgun fyrir meðulin». Aptan við greinina bætist: »samkvæmt 7. gr. laga þessara».

Við 5. gr. falli orðin: «eða þær kindur» úr, og tilsvarandi fleirtöluendingar breytist í eintöluendingar. Fyrir orðin: »fram hjá« komi: «yfir varðstöðvar».

6. gr. og 7. gr. óbreyttar; en eptir þær bætist inn í ný grein, sem verður 8. grein og orðist þannig:

«8. gr. Virðist hætta búin, að fjárkláðinn, eða önnur næm fjárveikindi berist til heilbrigðra hjeraða, skal amtmaður skipa svo fyrir, að settir sjeu verðir milli sjúkra eða grunaðra hjeraðra og heilbrigðra, og skal þá jafnframt sú breyting gjörð við 5. gr. tilsk. 4. marz 1871 á lúkningu varðkostnaðarins, að helmingur hans greiðist úr landssjóði, en helmingur af öllum sauðfjáreigendum í landinu, og jafnist hann á þá eptir 3. gr. í tilskipun 5. janúar 1866».

Við 8. gr., sem verður 9. gr., í staðinn fyrir orðin: «þær, sem fyrir er mælt um í» komi: «eptir».

Alþingi 17. júlím. 1877.

Stefán Eiríksson, formaður. Benidikt Kristjánsson, skrifari.

Sighvatur Árnason, framsögumaður.

ÖNNUR UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 16. fundi efri þingdeildarinnar, 20. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til laga um breytingar og viðauka við tilskipanir 5. janúar 1866 og 4. marz 1871 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.*

Framsögumaður (Sighvatur Árnason) kvað frumvarp þetta vera að mestu leyti

byggt á uppástungum landshöfðingja og tillögum alþingis 1875, og vildi nefndin yfir höfuð aðhyllast það með nokkrum breytingum, sem teknar væru fram í nefndarálitinu. Nefndin yrði að álíta hin eldri lög um þetta efni ónóg og ófullkomin, en af því eigi lægi fyrir þinginu í þetta sinn nein önnur uppástunga í þessu efni, hefði hún ekki sjeð sjer fært að fara lengra út í málið, en hjer lægi fyrir; áliti hún frumvarp þetta með hæfilegum breytingum betra en ekkert til að styðja og fullkomna hin núgildandi lög í þessu efni. Um sektir frumvarpsins yfir höfuð væri það að segja, að nefndinni hefði þótt þær of háar, einkum hið efsta stig þeirra, með tilliti til þess, að hin eldri lög væru mjög óákveðin og ónákvæm, og hins vegar væri efnahagur margra þeirra manna, er hjer kæmu til álita, lítill, og sumir hefðu eigi nema fáeinar kindur. Við 2. gr. frumvarpsins hefði nefndin að eins stungið upp á orðabreytingum, og þyrfti því eigi að fara frekari orðum um það.

Við 4. gr. væri dálítil efnisbreyting, er virtist nauðsynleg, af því að skylda sú, er sveitastjórnunum væri þar lögð á herðar, væri óviðurkvæmileg, ef svo bæri undir, að meðul fengjust hvorki í lyfjabúðum nje á verzlunarstöðum. Viðaukinn væri að eins til að skýra sambandið milli 4. og 7. gr. Við 5. gr. væri að eins orðabreyting, 6. og 7. gr. væru óbreyttar, enda snertu sektir þær, er þar um ræddi, að mestu leyti yfirboðara eða brot þeirra, svo nefndinni hefði þótt eðlilegt, að þær sektir væru á nokkuð hærra stigi.

Hin nýja grein, sem nefndin hefði stungið upp á, væri komin fram af því, að henni þætti varðkostnaðurinn koma ósanngjarnlega niður. Hefði hún því lagt það til, að helmingur varðkostnaðar legðist á alla fjáreigendur, af þeirri ástæðu, að ósanngjarnt væri, að leggja það eingöngu á búendur þá, er næstir væru hættunni, því, ef verðir væru eigi settir, og kláði kæmi fram, mundi hann útbreiðast víðs vegar um landið, eins og reynslan væri búin að sýna, og öllum væri þar við hætta búin, en væri gjaldið lagt að eins á fáar sýslur, yrði það óbærileg byrði, sem menn væru búnir að sjá og reyna. Niðurjöfnun gjaldsins hefði nefndin álitið að haga ætti samkvæmt tilskipun 5. janúar 1866 3. gr., sem sje dýratollareglan.

Hinn helmingur varðkostnaðar áliti nefndin að greiðast ætti af landssjóði, og það af þeirri ástæðu, að sauðfjárræktin væri helzti atvinnuvegur landsins, og ef hún yrði fyrir miklum hnekki, biði allt landið þar af tjón, og væri því rjett, að allir tækju jafnan þátt í því, hvort sem þeir ættu sauðfje eða ekki, að styðja aðalbjargræðisveg landsins, og með því að leggja helming varðkostnaðarins á landssjóðinn, dreifðist sá kostnaður mest og bezt á alla landsmenn yfir höfuð. Við 8. gr., sem eptir uppástungum nefndarinnar yrði 9. gr., væri að eins farið fram á orðabreytingar.

Bergur Thorberg kvað nefndina yfir höfuð hafa farið vel og liðlega í þetta mál, og þó hann væri henni eigi að öllu leyti samþykkur, væri þó vert að íhuga, hvort sumar uppástungur hennar væru eigi þess verðar, að vera teknar til greina. Viðvíkjandi sektunum hefði hann heldur kosið að halda hinu hæsta stigi og færa niður hið lægsta stig, þó það reyndar stæði eigi á miklu, því sjaldan væri ástæða til að beita hærri sektum, en þeim, sem nefndin hefði farið fram á.

Að því er snerti breytingu nefndarinnar við 4. gr., kvaðst hann að vísu játa það, að það gæti verið vandkvæðum bundið fyrir hreppsnefndirnar að sjá um, að til væru jafnan nóg baðmeðul, en það væri engu síður torvelt fyrir hin æðri yfirvöld, því til þess þyrftu þau að hafa fjárráð, svo þau gætu ábyrgzt kaupmönnum, eða þeim sem seldu, að þeir liðu eigi skaða við það, þótt allt seldist eigi. En aptur væri það hægt fyrir hreppsnefndir og sýslunefndir, að panta hæfilega mikil baðmeðul fyrir sínar sveitir, og hægra en fyrir yfirvaldið að hafa nóg fyrir allt það umdæmi, er það ætti að sjá fyrir. Gæti hreppsnefndin bezt bætt úr þörfum

sinnar sveitar í þessu tilliti, og það með minni áhættu en æðri yfirvöld. Gæti hann því eigi fallizt á þessa breytingu, nema gjörður væri við hana viðauki í þá stefnu, er hann hefði bent á. 8. gr. væri eðlileg, að því leyti farið væri fram á, að leggja nokkuð á alla fjáreigendur, og yrði varðkostnaðurinn við það síður tilfinnanlegur. Líka væri hann því meðmæltur, að helmingur kostnaðar yrði goldinn úr landssjóði, því hjer væri að ræða um það, er allt landið varðaði miklu, enda væri opt eigi auðið að vita, hvar hættan væri mest, og hvar setja ætti takmörkin í því efni.

Ákvörðun nefndarinnar um niðurjöfnun kostnaðarins áleit hann að heldur ætti að orðast öðruvísi. Dýratollsreglur þær, er nefndin hefði miðað við, væru ýmislega skildar. Sumir skildu þær svo, að jafna ætti niður á allt sauðfje eldra en veturgamalt, hjá öllum fjáreigendum, sem ættu fleiri en 6 sauðkindur; aðrir skildu þær þannig, að jafnað væri niður á alla fjártölu hjá öllum fjáreigendum. Eðlilegast þætti sjer og sanngjarnast, að leggja á allt sauðfje, eins á veturgamalt, því verðir væru settir eins vegna þess, og hins fullorðna fjár, og eigi ætti heldur að undanskilja þá, er eigi ættu fleiri en 6 sauðkindur. Ætti því niðurlag greinarinnar helzt að orðast þannig: «jafnist hann á þá eptir tölu á öllu fje þeirra, bæði veturgömlu og eldra». Vildi hann skjóta því til nefndarinnar, hvort hún vildi eigi koma með breytingu í þessa átt við 3. umræðu.

Þar sem stæði í upphafi greinarinnar, að amtmaður skyldi skipa svo fyrir, þá væri það breytt frá því, sem væri í núgildandi lögum; þar stæði svo, að amtmaður leyfir, en gæti eigi skipað, því það væri gengið út frá því, að menn mundu biðja um vörð, ef þess þyrfti, en það hefði þótt ísjárvert, eins og tekið hefði verið fram í ástæðum stjórnarinnar, að gefa amtmönnunum heimild til að «skipa vörð», og væri því heldur orðað svo, að hann mætti leyfa vörð. Eins væri það eigi ljóst, hvað meint væri með orðinu «virðist», hvort það sje látið á vald amtmanns, ef svo sýndist, sem hætta væri búin. Ef amtmaður væri mjög gjarn á að setja verði, þá væri nokkuð mikið látið á hans vald, og gæti hann þá gjört ráðstafanir, ef honum svo sýndist, sem gætu orðið mjög dýrar og kostnaðarsamar. Þætti sjer því betur eiga við, að sett væri hjer inn í nákvæmari ákvörðun um það, að álit amtmanns ætti að styðjast við tillögur sýslunefnda í þeim hjeruðum, sem næst lægju því svæði, er grunað væri. Vildi hann því ráða nefndinni til að íhuga, hvort eigi mundi rjettara að koma fram með breytingu um nánari ákvörðun um þetta við 3. umræðu.

Framsögumaður kvaðst vera þakklátur hinum háttvirta 2. konungkjörna þingmanni fyrir bendingar þær, er hann hefði tekið fram þessu máli til stuðnings, sem sjer fyndist að vera heppilegar, og að hann vildi stuðla til þess, að nefndin vildi taka þær til greina. Það, sem tiltekið væri um útvegun baðmeðalanna, mætti orða öðruvísi, en þó eigi eins og í frumvarpinu, því þar sje hreppsnefndin skylduð til að hafa ætíð meðul á reiðum höndum. Sömuleiðis líkaði honum vel tillaga hins 2. konungkjörna þingmanns um niðurjöfnun varðkostnaðarins, því með því yrði jafnað niður á allar sauðkindur, eða að minnsta kosti fleiri, en ella. Rjettast þætti sjer þá að fara eptir landbúnaðar-skýrslunum. Sjer þætti og heppilegt, eins og sami þingmaður hefði bent á, að byggja varðskipun á áliti sýslunefndanna, því það væri háð miklum vanda og ábyrgð fyrir amtmennina, að skipa vörð upp á eindæmi sitt.

Stefán Eiríksson kvað framsögumann hafa tekið fram flest það, er að sínu áliti hefði þurft að tilgreina; þótti honum vel eiga við, ef nefndin yrði á sömu skoðun, að leitað væri álits sýslunefnda um verði, og eins það, að jafnað væri niður á allt fje á landinu varðkostnaði að helmingi. Ástæður fyrir því, að lækka sektirnar, hefðu verið teknar nægilega fram í áliti nefndarinnar, og hefði einkum vakað fyrir henni, að sektir frumvarpsins yrðu mjög tilfinnanlegar fyrir þá, er væru

fátækir, eða mjög fáar kindur ættu, því í fyrstu grein væru sektirnar 20—500 kr.; þetta hefði nefndinni þótt of hátt, og því sett sektirnar niður í 10 —100 kr., og sýndist það nægileg sekt, þegar það er borið saman við tilskipun 5. janúar 1866, 7. gr., því þar eru sektirnar að eins 40 kr. fyrir afbrot, sem hjer um ræðir. Þar sem 2. konungkjörni þingmaður hefði talað um, að breyting nefndarinnar við 4. gr. legði of mikinn vanda á herðar yfirvaldsins, þá yrði hann að svara honum því, að hitt yrði og torvelt fyri hreppsnefndirnar, að eiga að sjá um, að ætíð væru nóg baðmeðul fyrir hendi, enda þó þau fengjust kannske eigi keypt á verzlunarstöðunum eða á lyfjabúðum. Bezt þætti sjer því eiga við, að hlutaðeigandi yfirvöld og hreppsnefndir í sameiningu skyldu annast um, að nóg meðul væru til, og einkum, þar sem sektir lægju á hreppstjórunum og hreppsnefndum eptir 7. gr., ef meðul væru eigi á reiðum höndum, er til þyrfti að taka. Annars yrði hann að játa, að vægilega hefði verið tekið á nefndarálitinu yfir höfuð. Að öðru leyti kvaðst hann eigi finna ástæðu til, að fara fleiri orðum um þetta mál að svo komnu.

Árni Thorsteinson kvað sjer þykja athugaverða hina nýju grein nefndarinnar, sem ætti að verða 8. gr. í lögunum, sakir þess að þar væri lögð til grundvallar ný regla, er eigi hefði áður verið fylgt, nefnilega að helmingur varðkostnaðar skuli greiðast úr landssjóði, en helmingur af öllum sauðfjáreigendum í öllu landinu. Sjálfur kvaðst hann verða að álíta, að það væri miður heppilegt, að allt landið skyldi greiða fyrir einstök hjeruð. Ef kláðinn ætti heima í einstakri sveit, einstökum sveitum, eða stærri hjeruðum, þá sýndist sjer, að þeim sveitum og nágrannasveitunum og hjeruðunum nærlendis ætti að vera mest umhugað um, að útrýma kláðanum, og ættu að leggja mest í sölurnar til þess. Eða með öðrum orðum, að kostnaðurinn lenti mest á þeim, sem kláðinn væri hjá. Í þessari grein væri einnig svo ákveðið: »skal amtmaður skipa svo fyrir, að settir sjeu verðir o. s. frv.» Með þessu kvað hann einum amtmanni sett í sjálfs vald, hverja verði setja skyldi og hve marga, eða gefið leyfi til, að hafa varðkostnað eins og hann vildi. Með því að »amtmaður» stæði í nefndarálitinu, væri eins og eigi kæmi nema einn amtmaður til greina í það og það skipti, en reynslan hefði sýnt, að verðir væru og hefðu verið til tryggingar fleirum en einu amti, að minnsta kosti opt, og því ætti hjer betur við, að hafa »amtmenn»; en reyndar sýndist sjer nauðsynlegt að fela landshöfðingjanum á hendur að skipa verði, því að hann væri æðsti embættismaður landsins og hefði öðrum fremur á hendi stjórn á landssjóðnum. Viðvíkjandi ákvörðunum þeim, er snertu fjárverði og um endurgjald kostnaðarins kvað hann sjer líka betur það, er tiltekið væri um það í tilskipun frá 4. marz 1871. Annars kvaðst hann eigi mundu gjöra þetta að neinu kappsmáli, en vilja benda til þessa atriðis, sem mjög áríðandi.

Landshöfðinginn kvað sjer líka fremur vel tillögur nefndarinnar; hann vildi að eins geta þess, að sektin væri í frumvarpinu tiltekin, eins og alþingi hefði stungið upp á í hitt eð fyrra, og þá hefði verið samþykkt, vonaði hann því, að deildin myndi samþykkja sektaupphæðir frumvarpsins, að minnsta kosti hin hæstu stig sektarinnar. Sama væri og að segja um orðin í 3. gr.: »eða fær grun á», að það væri tekið eptir uppástungu alþingis 1875. Breytinguna eða viðbótina við 4. gr. áliti hann miður nauðsynlega, sakir þess, að það lægi í augum uppi, að það væri ábyrgðarlaust fyrir hreppsnefndirnar, þótt þær hefðu eigi meðul, ef meðul væru hvergi að fá. Þar sem nefndin í hinni nýju grein sinni færi fram á tvennt nýtt, nefnilega að amtmenn setji en samþykki eigi verði, og að ljúka skyldi helming varðkostnaðarins úr landssjóði, þá skyldi hann fyrir sitt leyti eigi hafa neitt á móti því, ef alþingi á annað borð samþykkti það, og það yrði tekið upp í fjárlögin, sem hann taldi mjög vafasamt. Ef grein þessi annars yrði samþykkt, kvaðst hann óska, að breyting sú, er hinn 6. konungkjörni þingmaður hefði stungið upp á viðvíkjandi amt-

mönnunum yrði tekin til greina, því sjer sýndist rjett, að ef landssjóðurinn ætti að greiða helming varðkostnaðar, þá væru verðirnir bundnir við samþykki landshöfðingja.

Framsögumaður kvaðst ætla, að ekkert mundi því til fyrirstöðu, að nefndin tæki til greina breytingu þá, er stungið hefði verið upp á um varðskipunina svo, að verðirnir skyldu skipaðir með samþykki landshöfðingjans, og hann vildi geta þess, að þetta hefði komið til tals í nefndinni og verið hennar skoðun, þó hún tæki það ekki fram í nefndarálitinu. En viðvíkjandi baðmeðulunum þætti sjer skiljanlegt það, er landshöfðinginn hefði sagt um það efni, og mundi mega orða það betur í hendi sjer til þriðju umræðu, svo menn yrðu sáttir um það atriði.

Benidikt Kristjánsson kvað tillögur manna hafa gengið að óskum nefndarinnar og miðað að mestu leyti til lagfæringar, en þó fyndist sjer eigi ástæða til að taka burtu viðaukann við 4. gr., með því að sektir lægju við, ef hreppsnefndirnar hefðu eigi meðul við hendina til böðunar, ef kláði kæmi upp, og þá væri þó, ef til vildi, engin meðul að fá, en ósanngjarnt væri að skylda þær til, að hafa jafnan meðul til, ef enginn kláði væri í hreppnum, svo að menn vissu; en ef viðbótinni væri hafnað, sæi hann ekkert benda til þess, að það yrði eigi ábyrgðarhluti hreppsnefndanna, ef þær hefðu eigi meðul, þótt þau væru hvergi að fá, eins og landshöfðinginn hefði talað um. Hann kvað sjer þykja betur eiga við, að yfirvöldin ættu að sjá um, að næg meðul væru til fyrir það svæði, er þau hvert um sig ættu yfir að segja, og til þess þyrfti, ef til vildi, eigi meiri meðul, en hver hreppsnefnd í viðkomandi yfirvalds umdæmi þyrfti að út búa sig með, ef hún ætti að vera viss um, að falla eigi undir þær sektir, er grein frumvarpsins legði við, ef kláði kæmi þar snögglega upp, og nefndin hefði eigi meðul, og slík tilhögun væri þó auðsjáanlega betri, sem nefndin færi fram á. Yfirvaldið gæti líka með betri árangri hlutazt um útvegun meðalanna, og þeim yrði ekki heldur gefin sök á því, ef meðulin yrðu eigi útveguð. Viðvíkjandi breytingum um skipun amtmanns gæti hann eigi sjeð að þyrfti að tilnefna fleiri en einn; það gæti reyndar vel svo að borið, að tveir amtmenn yrðu að vjela um málið, auk þess sem auðsætt væri, að hjer ætti orðið «amtmaður» að tákna «amtmanns vald» og sýndist sjer það því vel mega vera, en að öðru leyti hefði hann eigi á móti því, að binda verðina við samþykki landshöfðingjans, eða láta amtmenn og landshöfðingja skipa verðina í sameiningu. Þar sem talað hefði verið um, að kláðinn væri einstakra sveita mál, þá þættu að vísu kláðalækningar eða útrýming hans, þar sem hann eitt sinn væri kominn, vera sveita-mál; en varðmálin væru fullkomlega lands-mál, því að ef verðir væru eigi settir kringum hin kláðasjúku hjeruð, þá væri öllu landinu hætta búin af útbreiðslu hans, og því væri rjett, að allt landið kostaði þessa verði. Hann kvaðst því næst eigi hafa vitað um ljóslega, eptir hverjum reglum dýratollur legðist á, og að eigi þyrfti að greiða hann af veturgömlu fje, og væri hann því hinum 2. konungkjörna þingmanni alveg samdóma um breytingu þá, er hann hefði álitið eiga þar við. Viðvíkjandi því, sem landshöfðinginn hefði sagt um sektarupphæðina, að hún væri, eins og alþingi hefði samþykkt hana, væri það að segja, að þær sektir hefðu staðið í sambandi við aðrar ákvarðanir í kláðafrumvarpinu 1875, en frumvarp það hefði ráðgjafinn eigi getað samþykkt, og þá sektirnar eigi heldur; væri þeim það því lítil meðmæling, að alþingi hefði samþykkt þær síðast. Hjer kvað hann öðru máli að gegna, því að í þessum lögum væri margt svo óákveðið, sem í hinu umgetna frumvarpi hefði verið tekið fram, og væri það því alveg komið undir yfirvaldinu í það og það skipti, hver skylda fjáreiganda sje. Þar að auki væri þýðingarlaust að leggja háar sektir á þá, sem væru mjög fátækir, og væri því betra að til taka eigi mjög háar sektir, því að það gæti spillt fyrir málinu, ef fátækir bændur skyldu verða fyrir ómjúkum

hrakningum. Hann kvaðst að eins vilja láta hærri sektirnar halda sjer á þjónum framkvæmdar- og lögregluvaldsins, því að á þeim hvíldi meiri ábyrgð. Hann bað menn gá að því, að sektirnar útrýmdu eigi kláðanum, heldur samtök meðal landsmanna og eindregin samvinna og sameginlegur vilji þeirra og yfirvaldanna.

Ásgeir Einarsson kvað nokkur orð vera í 2. gr., nefnilega, »Hið sama gildir einnig, þegar svo stendur á, að fjáreigandi hefur fleira fje, en hann getur sjeð fyrir og útvegað húsrúm eptir áliti því, sem lögreglustjóri eða hreppstjóri áður hafa látið uppi um það» Hjer þætti sjer athugavert, að fela lögreglustjóranum einum á hendur, að segja álit sitt um, hvort fje væri sjúkt eða grunað, því að hann væri, ef til vildi, eigi fær að dæma um það, og þætti sjer þar þurfa fleiri manna, og vildi hann bera upp um þetta breytingaratkvæði, eða að minnsta kosti benda nefndinni til þess. En þar sem sagt væri síðar í greininni», lögreglustjóra eða hreppstjóra», gæti það valdið ágreiningi milli þeirra, og væri gott, ef nefndin vildi taka þetta hvorttveggja til greina, og ákveða þar skýrara um. Í hinni nýju grein nefndarinnar kvaðst hann heldur vilja hafa þá ákvörðun, er áður hefði gilt, að amtmenn »leyfðu» verði, en »skipuðu» eigi, því að nægar bænir mundu koma um verði, ef þeirra væri annars þörf, og væri eflaust rjettast, að þær bænir kæmu frá sýslunefndunum, sem í hlut ættu, ásamt áætlun þeirra um verðina. Það kvað hann og gott, að nefndin íhugaði, hvort amtmenn eða landshöfðingi ættu að setja verðina, en betra mundi að fela það einum en mörgum.

Torfi Einarsson kvað 4. gr. enn eigi vera útkljáða, og þætti sjer mikið undir komið, hvort yfirvöldin eða hreppsnefndirnar ættu að sjá um meðulin. Ef t. a. m. kláði kæmi snögglega upp einhverstaðar og meðalalaust væri fyrir í þeirri sveit, og eigi yrði náð til þeirra, þá væri eigi annað fyrir, en að amtmaður skipaði vörð, og ef langt liði, þar til náð yrði til meðala, þá gæti vörður sá orðið kostnaðarsamur, og fyndist sjer þurfa ákvarðana viðvíkjandi þessu, en hann sæi að vísu eigi, hvernig þeim yrði bezt hagað, því síður, sem sjer væri ókunnugt um, hvort kláðameðulin mætti geyma nokkuð verulega lengi, svo að óhætt væri að kaupa þau nokkuð fyrir fram. Kvaðst hann vilja óska, að nefndin tæki þetta til greina, er hún syði frumvarpið næst.

Framsögumaður kvaðst taka vilja til greina bendingu þingmanns Húnvetninga um það, að eigi ætti að leggja allt í vald lögreglustjóra um það, hvort fjeð ætti að álíta sjúkt eða grunað, og mætti það með því, að setja hreppsnefndina með lögreglustjóra til álita um það. Það, sem þingmanni Strandasýslu hefði þótt athugavert, mundi mega lagfæra með lítilli orðabreytingu.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða um hinar einstöku greinir, og breytingar nefndarinnar við þær, og var þá fyrst gengið til atkvæða um breytingarnar við 1. gr.; óskaði þá 2. og 6. konungkjörni þingmaður, að breytingarnar væru bornar upp í tvennu lagi, nefnilega lægsta og hæsta takmark sektanna, og var þá fyrri liður breytingaruppástungunnar, að í staðinn fyrir 20 kr. komi 10 kr. samþykktur með 9 atkvæðum; síðari liður breytingarinnar, að 500 kr. breytist í 100 kr., var felldur með 7 atkvæðum.

Því næst var greinin í heild sinni borin upp til atkvæða; en með því atkvæðagreiðsla varð óglögg, var við haft nafnakall, og sögðu:

Já:
Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Jón Pjetursson,
Torfi Einarsson.

Nei:
Magnús Stephensen,
Benidikt Kristjánsson,

Nei:
Jón Hjaltalín,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.

Orðabreyting nefndarinnar við 2. gr. var samþykkt með 9 atkvæðum, og því næst var greinin með áorðinni breytingu borin undin atkvæði; en þar eð atkvæðagreiðslan varð óglögg, var viðhaft nafnakall, og sögðu:

Já:
Benidikt Kristjánsson,
Árni Thorsteinson,
Bergur Thorberg,
Eiríkur Kúld,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.
Nei:
Magnús Stephensen,
Ásgeir Einarsson,
Jón Hjaltalín,
Torfi Einarsson.

Var greinin þannig samþykkt með 7 atkvæðum gegn 4.

Fyrri breytingaruppástunga nefndarinnar við 3. gr., að orðin «eða fær grun á, að það sje kláðasjúkt» falli úr, var samþykkt með 6 atkvðum gegn 5.

Því næst var síðari breytingaruppástungan borin undir atkvæði, og var fyrri liður hennar, að í staðinn fyrir 20 kr. komi 10 kr., samþykktur með 9 atkvæðum; um síðari liðinn, að 100 kr. komi fyrir 200 kr., var haft nafnakall vegna óglöggrar atkvæðagreiðslu og sögðu:

Já:
Benidikt Kristjánsson,
Eiríkur Kúld,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.
Nei:
Magnús Stephensen,
Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Bergur Thorberg,
Jón Hjaltalín,
Nei:
Jón Pjetursson,
Torfi Einarsson.

Var breytingin þannig felld með 7 atkvæðum móti 4.

3. gr. sjálf með áorðnum breytingum var samþykkt með 6 atkvæðum gegn 4.

Breyting nefndarinnar við 4. gr. var borin upp í þrennu lagi, og voru orðin: «enda sjeu að ráðstöfun yfirvaldsins baðmeðul til kaups á lyfjabúðum og helztu verzlunarstöðum«, samþykkt með 6 atkvæðum gegn 3. Orðin: »borgun fyrir meðulin» voru álitin orðabreyting, er eigi þyrfti atkvæðagreiðslu við. Viðbótin: «samkvæmt 7. gr. laga þessara» var samþykkt með 9 atkvæðum. 4. grein öll með áorðnum breytingum var samþykkt með 7 atkvæðum gegn 2.

5. gr. með orðabreytingum var samþykkt með 8 atkvæðum.

6. gr. samþykkt með 9 atkvæðum.

7. gr. samþykkt með 9 atkvæðum.

8. gr. nefndarinnar var samþykkt með 7 atkvæðum á móti 3.

9. gr. með orðabreytingum var samþykkt með 9 atkvæðum.

Fyrirsögnin var samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Síðan var samþykkt með 9 atkvæðum, að málið skyídi ganga til 3. umræðu.

BREYTINGARATKVÆÐI
við kgl. frumvarp til laga um breytingar og viðauka við tilskipun 5. janúar 1866 og 4. marz 1871 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

Frá nefndinni.

Við 2. gr. á eptir orðið: «lögreglustjóra» komi: «og hreppsnefndar», og síðar í sömu grein eptir orðið: »lögreglustjóri» í staðinn fyrir: «eða hreppstjóri» komi: «og hreppsnefnd».

Við 4. gr. á eptir orðið: «enda» komi í staðinn fyrir: »sjeu að ráðstöfun —

baðmeðul», »gjöri yfirvaldið ráðstöfun til, að baðmeðul þá verði fáanleg».

Við 8. gr. Á eptir orðið: »hjeraða» komi: «og þetta álit styðjist við tillögur einnar sýslunefndar, eða fleiri», og eptir orðin: »skal amtmaður» komi: «að þar til fengnu samþykki landshöfðingja»; eptir orðin: «á þá eptir» komi í staðinn fyrir: «3. gr. í tilsk. 5. jan. 1866» «framtölu sauðfjár til búnaðartöflunnar».

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 20. fundi efri þingdeildarinnar, 25. dag júlímán., kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu: *frumvarp til laga um breytingar og viðauka við tilskipanir 5. jan. 1866 og 4. marz 1871 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.*

Framsögumaður (*Sighvatur Árnason*) kvað breytingar þær, er nú hefðu komið fram við frumvarpið, vera litlar og samkvæmar bendingum þeim, sem gefnar hefðu verið við 2. umræðu, og mundu þær eigi þurfa meðmælingar. Kvaðst hann vona, að menn álitu frumvarp þetta mikla rjettarbót og þarfan viðauka við hin eldri lög í þessu máli, eins og hann einnig vonaði, að þeir, sem hefðu verið því mótfallnir síðast, mundu nú vera sannfærðir um það; og ef þeir álitu það óþarft, sakir þess að menn vissu eigi til, að fjárkláði væri enn við lýði, þá mundu þeir þó játa, að aldrei væri of varlega hugað. Gott gæti þó aldrei skaðað. Það væri og, að gott væri að hafa lög til, ef eitthvað bæri snögglega að, sem gæti orðið skaðlegt, því að eins og kunnugt væri, væri eigi hlaupið að því að útvega ný lög, sem gætu afstýrt því. Að svo mæltu kvaðst hann vænta frumvarpinu beztu afdrifa.

Ásgeir Einarsson kvað meiri hluta deildarinnar hafa fyrir skömmu látið það álit sitt í ljósi, að engan dýralækni þyrfti að hafa, og benti það á, að hún kærði sig eigi svo mikið um að útrýma kláðanum, þegar hún vildi engan þann mann hafa, sem hefði dýralæknislega þekkingu. Hjer væri verið að tala um allt að 200 kr. sektum, og þó væri enginn læknirinn til að fá leiðbeiningar hjá. Sú aðferð deildarinnar, að vilja engan dýralækni, og þó láta lækna dýr, mundi hindra það, að hann gæfi atkvæði sitt með máli þessu.

Framsögumaður kvað þetta eigi svaravert, með því að það kæmi málinu eigi við, enda mundi þingmanninum eigi vera alvara.

Forseti bar þá undir atkvæði breytingaratkvæði nefndarinnar.

1. Breyting nefndarinnar við 2. gr. var samþykkt með 7 atkvæðum gegn 3.
2. Við 4. gr. samþykkt með 7 atkvæðum.
3. Við 8. gr. í þrennu lagi, fyrst að eptir orðið »hjeraða» komi: »og þetta álit styðjist við tillögur einnar sýslunefndar, eða fleiri», og var það samþykkt með 7 atkv. Í öðru lagi, að eptir orðin: »skal amtmaður» komi: »að þar til fengnu samþykki landshöfðingja»; var það og samþykkt með 7 atkvæðum. Í 3. lagi, að eptir orðin: »á þá eptir« komi í staðinn fyrir: »3. gr. í tilsk. 5. jan. 1866» »framtölu sauðfjár til búnaðartöflunnar». Var það samþykkt með 6 atkv., en forseta þótti ógreinileg atkvæðagreiðsla og var haft nafnakall.

Já sögðu:
Benidikt Kristjánsson,
Árni Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson,
Bergur Thorberg,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson,
Torfi Einarsson.

Nei sögðu:
Magnús Stephensen,
Eiríkur Kúld,
Jón Hjaltalín,
Jón Pjetursson.

Var þannig þessi breyting nefndarinnar samþykkt með 7 atkvæðum gegn 4.

Síðan var frumvarpið sjálft með áorðnum breytingum samþykkt með 6 atkv. gegn 4, og kvað forseti það þá verða afgreitt og

sent forseta neðri deildarinnar, til þess að hann legði það fyrir deildina.

Var það nú þannig orðað:

FRUMVARP

til laga um breytingar og viðauka við tilskipanir 5. janúar 1866 og 4. marz 1871 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

1. grein.

Sektir þær, sem ákveðnar eru í tilskipun 5. janúar 1866, 7. gr., fyrir óhlýðni eða hirðuleysi í því, að fylgja þeim reglum, sem yfirvaldið fyrir skipar um meðferð á kláðasjúku eða grunuðu fje, skulu hækkaðar til 10—500 kr.

2. grein.

Hafi fjáreigandi gjört sig sekan í slíkri óhlýðni eða hirðuleysi, að honum verði eigi eptir áliti lögreglustjóra og hreppsnefndar trúað fyrir meðferðinni á sjúku eða grunuðu fje, getur amtmaður skipað svo fyrir, að fjeð skuli sett undir tilsjón, sem tryggjandi sje, á kostnað eigandans. Hið sama gildir einnig, þegar svo stendur á, að fjáreigandi hefur fleira fje, en hann getur sjeð fyrir og útvegað húsrúm, eptir áliti því, sem lögreglustjóri og hreppsnefnd áður hafa látið uppi um það, þegar taka skal fjeð til lækninga eptir ákvörðun yfirvaldsins.

3. grein.

Sjerhver fjáreigandi, sem verður var við kláðavott á fje sínu, skal tafarlaust tilkynna það hreppstjóra, í síðasta lagi áður en sólarhringur er liðinn. Láti hann þetta hjá líða, skal hann sæta 10—200 kr. sektum.

4. grein.

Nú er skipað fyrir um böðun á sjúku eða grunuðu fje, og skulu hreppsnefndirnar þá sjá um, að nægileg böðunarmeðul og áhöld sjeu til í hreppnum á þeim tíma, sem yfirvaldið til tekur, enda gjöri yfirvaldið ráðstöfun til, að baðmeðul þá verði fáanleg til kaups á lyfjabúðum og helztu verzlunarstöðum, og mega þær, ef á þarf að halda, greiða borgunina fyrir meðulin úr hreppssjóði, eða skuldbinda hann til þess, að ábyrgjast borgunina gegn endurgjaldi frá fjáreigendum. Sömuleiðis skulu þær ásamt hreppstjórunum gjöra allar þær ráðstafanir, sem yfirvaldið fyrir skipar til þess, að lögum þessum verði fram fylgt. Sje þetta vanrækt, liggja við sektir samkvæmt 7. gr. laga þessara.

5. grein.

Þegar yfirvaldið hefur fyrir skipað, að hafa skuli fje í heimagæzlu, er hver sú kind, sem sleppur úr heimagæzlunni og verður tekin í landi annars manns, rjett dræp. Hið sama er og um fje, sem sloppið hefur yfir varðstöðvar, þar sem verðir eru settir með samþykki yfirvaldsins, til þess að stemma stigu fyrir útbreiðslu kláðans. Hafi kind sú, er þannig er tekin, kláðasjúk verið, skal andvirði hennar ganga til sjóðs þess hrepps, þar sem hún var tekin, en ella skal það goldið eiganda.

6. grein.

Nú hefur yfirvald gefið út bann gegn því, að reka eða flytja fje milli hreppa eða annara hjeraða, þá varðar það 20—200 kr. sektum, ef móti því er brotið, og getur amtmaður þar að auki, þegar ætla má, að nokkur hætta fyrir útbreiðslu sýkinnar geti af því hlotizt, skipað, að lóga skuli fjenu á kostnað eiganda og skaðabótalaust.

7. grein.

Sýni nokkur sýslumaður, hreppstjóri, hreppsnefndarmaður eða nokkur annar, sem yfirvaldið hefur skipað til þess, að framkvæma ráðstafanir þær, sem segir fyrir um í lögum þessum, hirðuleysi, mótþróa eða óhlýðni gegn því, sem honum er fyrir lagt í þessu tilliti, skal hann sæta 20—200 kr. sektum.

8. grein.

Virðist hætta búin, að fjárkláðinn eða önnur næm fjárveikindi berist til heilbrigðra hjeraða, og þetta álit styðjist við tillögur einnar sýslunefndar eða fleiri, skal amtmaður að þar til fengnu samþykki landshöfðingja skipa svo fyrir, að settir sjeu verðir milli

sjúkra eða grunaðra hjeraða og heilbrigðra, og skal þá jafnframt sú breyting gjörð við 5. gr. tilsk. 4. marz 1871 á lúkningu varðkostnaðarins, að helmingur hans greiðist úr landsjóði, en helmingur af öllum sauðfjáreigendum í landinu, og jafnist hann á þá eptir framtölu sauðfjár til búnaðartöflunnar.

9. grein.

Sektir eptir lögum þessum renna í landssjóð, og skulu mál, sem af því rísa, rekin og dæmd sem opinber lögreglumál.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 29. fundi neðri þingdeildarinnar, 3. dag ágústmán., kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu,, *frumvarp til laga um breytingar og viðauka við tilskipanir 5. janúar 1866 og 4. marz 1871 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.*

Hjálmur Pjetursson kvaðst álíta, að efri deildin hefði svo vandlega fjallað um mál þetta, að það mundi geta viðstöðulaust gengið til 2. umræðu, og ætlaði hann af sömu orsökum, að eigi þyrfti að skipa nefnd í málið.

Halldór Kr. Friðriksson sagði, að svo gæti farið enn sem fyr, að hann ef til vill eigi yrði samdóma öðrum þingmönnum í máli þessu. Hann kvaðst ætla, að tilskipanirnar frá árunum 1866 og 1871 mundu nægja til að halda fullkominni reglu í máli því, er hjer lægi nú fyrir deildinni, og hann ímyndaði sjer, að ef yfirvöldin eigi gætu framfylgt skipunum sínum eptir þeim reglum, er fyrnefndar tilskipanir hefðu inni að halda, þá mundu þau eigi verða færari um það, þótt ný lög yrðu gefin út um mál þetta árið 1877 eða 1878. Hann kvaðst eigi vita, til hvers það væri, að fara nú að gefa út nýjar lagareglur um mál þetta, nema ef það yrði til þess, að nýjum ákvörðunum yrði bætt inn í hin eldri lög, til þess að gefa lögreglustjórninni í fjárkláðamálinu enn meira vald til gjörræðis en áður. Sjer þætti heldur hart, að sjá aðrar eins lagareglur og sú lagaregla væri, að yfirvöldin mættu bjóða heimagæzlu, hvenær sem þeim þóknaðist, hvort sem ástæða væri til eða eigi, hvort sem fjeð væri heilt eða sjúkt, því að eptir frumvarpinu væri eigi að eins að ræða um heimagæzlu á sjúku fje, heldur væri almennt svo ákveðið, að heimagæzla skyldi fram fara, hvenær sem yfirvöldunum litist svo. Hann kvaðst eigi þurfa að telja það upp, hvernig lögunum hefði verið beitt í máli þessu; það mundi öllum hjer sunnanlands kunnugt, hvernig þeim hefði verið framfylgt hjer nú hin síðustu tvö árin. Hann kvað sjer annars þætti gaman að fá svar hjá landshöfðingjanum upp á það, eptir hverjum lögum sú lögreglustjórn hefði verið skipuð, er nú um tvö undanfarin ár hefði verið sett í fjárkláðamálinu, og eptir hverjum lögum sá kostnaður, er af lögreglustjórn þessari hefði leitt, ætti að leggjast á landsbúa. En hann kvaðst vona, að menn fengju bráðum að sjá, hver heimild væri til slíks í hinum nú gildandi lögum, og því kærði hann sig eigi um að fylgja fram þeirri spurningu; hann ímyndaði sjer, að allir væru samdóma um það, að sú lögreglustjórn, er nú væri, ætti fremur að hætta í dag en á morgun, og allir hjer sunnanlands óskuðu þess; en það, er hjer lægi fyrir, yrði eigi til annars, ef það yrði að lögum, en að festa þessa lögreglustjórn, sem nú væri, og auka gjörræði í málinu. Hann gæti því eigi verið samdóma þingmanni Mýramanna, að mál þetta skyldi ganga til 2. umræðu; því að hann kvaðst fyrir sitt leyti vera einlægur á þeirri skoðun, að lög þessi væru alveg óþörf, því að þær reglur, er gefnar væru í tilskipununum 1866 og 1871, væru fulltryggjandi fyrir því, að kláðinn breiddist eigi út, ef þeim væri skynsamlega fram fylgt; því að hvað þýddi það, að vera að gefa reglur og reglur, ef þeim væri eigi fram fylgt. Hann kvaðst því alveg verða að vera á móti máli þessu, enda gæti hann eigi annað ætlað, en að þingdeildin, þegar hún skoðaði alla málavöxtu, mundi komast að sömu sannfæringu og hann.

Þórarinn Böðvarsson kvaðst eigi sam-

dóma þingmanni Mýramanna um, að mál þetta ætti að ganga orðalaust til annarar umræðu. Hann væri jafnvel í vafa um, hvort ástæða væri til fyrir deildina, að gefa málinu gaum í þetta sinn, eptir þá útreið, sem þingið hefði fengið hjá stjórninni fyrir frammistöðuna í kláðamálinu á síðasta þingi. Það hefði þá verið rætt með miklum áhuga, meiri áhuga en nokkurt mál annað, svo hann myndi til. Það væri öllum kunnugt, hver afdrif málið hefði fengið eptir allt saman hjá stjórninni, og væri mátulegt, að ábyrgðin fyrir þær aðfarir og ábyrgðin fyrir það, að kláðanum væri enn óútrýmt, lenti á ráðgjafanum, sem hefði hafnað aðstoð alþingis. Hann væri samdóma þingmanni Reykvíkinga um það, að eigi væri æskilegt, að sú lögreglustjórn í kláðamálinu, er staðið hefði 2 árin síðustu, væri lengur. Hann hefði, að sig minnti, sagt það við lögreglustjórann í kláðamálinu sjálfan, að hann ímyndaði sjer að vísu, að ef hann hjeldi völdum svo sem 5 ár enn, þá mundi kláðinn raunar verða farinn um það, en þannig, að fjeð yrði þá allt dautt á kláðasvæðinu, og líklegast fólkinu fækkað líka. Hann kvaðst sannfærður um, að að niðurskurði ræki á endanum eptir allt lækningakákið og kostnaðinn, sem því fylgdi. Það yrði eins og hjá Rómverjum, að eptir húðstrokuna kæmi krossfestingin: eptir lækningastjáið niðurskurðurinn. Hann styngi upp á, að sett væri nefnd í málið; frumvarpið þyrfti sannarlega rækilegrar íhugunar með, ef nokkurt gagn ætti að því að verða, og mál þetta væri enn svo mikið áhugamál landsbúa, að þingið ætti að gjöra allt, sem í þess valdi stæði, til að hrinda því í lag.

Grímur Thomsen sagði, að þetta frumvarp væri eitt með þeim merkilegri og sjaldgæfari, sem hann hefði sjeð, og furðanlegt, að stjórnin skyldi bjóða sjer að koma með slíkt, og enn furðanlegra, að hin heiðraða efri deild skyldi láta það frá sjer svona. Stefnan væri einungis sú, að hækka allar sektir fyrir óhlýðni við boð lögreglustjórnarinnar, og væri það harðla ómerkilegt. Í frumvarpinu væri alls engin ný ákvörðun, er stefndi að því, að varna útbreiðslu kláðans til heilbrigðra hjeraða; alls engin ákvörðun, er stefndi að því, að bæta hirðingu á sauðfjenaði og meðferð á honum. Frumvarpið færi að eins fram á, að gefa valdstjórninni meira vald til að demba á menn háum sektum. Einstakar greinir þess væru svo merkilegar, að slíks vissi hann eigi dæmi í nokkru landi. Hann vildi taka til dæmis 3. grein, þar sem hverjum fjáreiganda, er yrði var við kláðavott í fje sínu, væri boðið að tilkynna það hreppstjóra, áður en sólarhringur væri liðinn. Hann vildi nú spyrja: hvernig ætti að fara að sanna, ef til kæmi, að liðið hefði meira en sólarhringur frá, að fjáreigandinn varð var við kláðann, og þangað til hann tilkynnti hann. Eða þá ákvörðunin í 5. gr., að hver sú kind, er slyppi úr heimagæzlu eða gegnum vörð, skyldi rjettdræp og eigandi missa andvirði hennar. Það væri með öðrum orðum, að eigandinn ætti að gjalda þess, ef varðmennirnir sofnuðu á verðinum.

Landshöfðinginn sagðist vilja geta þess útaf því, sem 1. þingmaður Gullbringusýslu hefði sagt, að umboðsstjórnin hefði látið sjer mjög annt um að framkvæma sem rækilegast hinar gildandi tilskipanir viðvíkjandi fjárkláðanum, og hefði hann við það sannfærzt um, að þeim væri töluvert ábótavant, einkum að því er sektirnar snerti. Í þessari skoðun sinni hefði hann styrkzt við álit alþingis 1875. Hvað 3. gr. frumvarpsins snerti, þá væri hún að því, er hann myndi frekast, samhljóða einni greininni í frumvarpi því, sem alþingi hefði samþykkt í fyrra. Það væri satt, sem þingmaður Reykvíkinga hefði sagt, að það væru misjafnar skoðanir manna um, með hverri heimild umboðsstjórnin hefði gjört þær ráðstafanir, sem hún hefði gjört, jafnvel þótt þær hefðu verið samkvæmar því, sem þingið hefði helzt hallazt að í hitt eð fyrra. Að öðru leyti hefðu ummæli þingmannsins þar að lútandi verið svo löguð, að sjer fyndist eigi ástæða til að svara þeim, að minnsta kosti eigi að svo stöddu. Það væri misskilningur hjá 1.

þingmanni Gullbringusýslu, er hann hefði sagt, að frumvarpið stefndi einungis að því, að veita landshöfðingja vald til að demba á menn háum sektum, því það væri ekki landshöfðingi, heldur dómstólarnir, sem ættu að leggja sektirnar á eptir frumvarpinu. Það væri satt, að ráðstafanir lögreglustjórnarinnar í kláðamálinu hefðu verið óvinsælar sumar hverjar, að minnsta kosti hjá nokkrum fjáreigendum á kláðasvæðinu, en hann væri viss um, að fjáreigendur hefðu jafnan gefið sjálfir tilefni til strangleika lögreglustjórnarinnar með mótþróa sínum; það mundi aldrei hafa verið farið að beita valdinu fyr, en búið var að reyna áður með öllu móti, að fá það, sem þurfti, fram með góðu. Hann vildi að svo mæltu ráða þingdeildinni til að vísa málinu til annarar umræðu, hvort sem mönnum litist að setja nefnd í það eða eigi.

Páll Pálsson prestur, sagði að 1. þingmaður Gullbringusýslu hefði bent á flest það, er hann vildi hafa tekið fram. Sjer virtist frágangssök að samþykkja frumvarp þetta, eins og það nú væri, og því sjálfsagt annaðhvort að fella málið eða þá setja nefnd í það; sjer þætti t. d. gaman að vita, hvort nokkur gæti treyst sjer til að skilja 4. gr., og jafnvel 3. og 5. gr. frumvarpsins. Samt var hann fremur á því máli, að nefnd yrði skipuð, til þess að vita, hvort hún gæti ekki lagað frumvarpið, og það væri líka kurteisara bæði við efri deildina og stjórnina, heldur en að fella frumvarpið svona strax við 1. umræðu, og það næstum því orðalaust.

Þorlákur Guðmundsson kvaðst vera dálítið kunnugur í kláðasveitunum, og hefði líka haft tækifæri að kynna sjer lögreglustjórn þá, er nú hefði verið nærfellt í 2 ár, og þó hann gæti af því, er fram hefði komið við sig, skýrt betur frá athæfi hennar, en flestir aðrir, þá ætlaði hann ekki að fara út í neitt persónulegt. Þingdeildinni væri víst enn í minni, hvernig gengið hefði fyrir þessu máli hjer á þinginu í hitt eð fyrra, og af hverju frumvarp það, er þingið hefði samið, hefði ekki náð samþykki konungs. Hann vildi benda þingdeildinni á, að bera saman ræður hins háttvirta landshöfðingja í alþingistíðindunum 1875 við frumvarp þetta, og sjer í lagi ástæður þess, þar sem ráðgjafinn segði, að skaðabótalausan skurð mætti aldrei við hafa í hegningarskyni, heldur einungis þegar almenn þörf krefði, og þá mót endurgjaldi. Það, sem helzt hefði gjört konungi vorum ómögulegt að skrifa undir lögin, hefði verið hinn skaðabótalausi niðurskurður, sem ákveðinn hefði verið í lögunum, en sem væri gegn stjórnarskránni. Vjer þekktum allir konung vorn of vel til þess, að geta ætlað honum, að samþykkja lög, sem væru beinlínis gagnstæð stjórnarskrá þeirri, er hann hefði gefið. Hann kvaðst því ekki geta hugsað sjer, að þótt þingið fjellist á frumvarp þetta, að það gæti náð samþykki konungs, þar það væri meir til skaða en gagns, og gæti orðið til eyðileggingar fjárstofni vorum. Í 5. gr. væri þannig sagt, að hver sú kind, er slyppi úr heimagæzlu, og yrði tekin í landi annars manns, skyldi drepin; í þessu feldist hið mesta gjörræði. Þessi ákvörðun væri að sínu áliti óhafandi, og frumvarpið, eins og það lægi fyrir, verðskuldaði ekki þann heiður, að fá að ganga til 2. umræðu, enda þótt efri deildin hefði kákað við það.

Grímur Thomsen kvaðst vilja minna deildina á það, sem hefði fram farið í máli þessu við þingið 1875; þá hefði málið verið borið upp af einstökum manni, og hefði mikill tími farið í að ræða það. Það hefði verið rætt á privatfundum, nefndarfundum, aukafundum og þingfundum; þar hefði komið fram bæði höfuðfrumvarp og aukafrumvarp í málinu, en þá er svo málið hefði verið samþykkt af þinginu eptir mikið þras og tímaeyðslu, þá hefði það ekki getað náð samþykki stjórnarinnar. Stjórnin hefði því ekki neina kurteisiskröfu til þess frá þingsins hálfu, að deildin færi að setja nefnd í málið. Það væri að vísu sjálfsagt, að þingið ætti að sýna stjórninni kurteisi, en það væri að sínu áliti engin ókurteisi í því, þó þingið vildi ekki nú, eins og í hitt eð fyrra, fara

að eyða löngum tíma og kostbærum tíma frá svo mörgum öðrum áríðandi málum, til þess að ræða þetta mál og setja nefnd í það; enda væri hann viss um, að því betri sem menn þeir væru, er sætu í nefndinni, því minna mundi eptir verða af frumvarpi stjórnarinnar. Sín tillaga væri því að fella málið strax.

Guðmundur Einarsson sagði, að ef þetta mál væri ekki svo áríðandi, að eyðandi væri tíma til að ræða það, eins og sjer hefði skilizt 1. þingmaður Gullbringusýslu álíta, þá vissi hann ekki, hvaða mál væri áríðandi. Þrátt fyrir öll mótmæli, sem fram hefðu komið gegn frumvarpi þessu, virtist sjer hin mesta nauðsyn til, að taka það til yfirvegunar, og væri það að sínu áliti vel gjört af stjórninni, þótt hún hefði ekki viljað fallast á tillögur þingsins 1875, að senda nú mál þetta aptur til þingsins. Hann kvaðst reyndar játa, að ýmsir gallar væru á frumvarpinu, og sumstaðar þannig, að það væri ekki framkvæmandi, en það væri von, þar það væri að mestu leyti lagað eptir því frumvarpi, er meiri hluti alþingis hefði samþykkt 1875. Hann áliti því mestu nauðsyn til þess, að setja nefnd í málið, og kvaðst hann vera viss um, að það mundi vekja megna óánægju hjá landsmönnum, ef þingið sleppti nú máli þessu alveg frá sjer. Hann kvaðst muna svo langt, að það hefði vakið megna óánægju, hvað framkvæmdir lögreglustjórnarinnar hefðu verið dáðlitlar í að framfylgja lögunum. Nú þegar maður kæmi, sem framfylgdi lögunum og gengi hart eptir, að þeim væri hlýtt, þá sneri öll óánægjan gegn honum. Svona væru veraldarinnar dómar. Þeir, sem væru óánægðir með framkvæmdaleysi yfirvaldsins, þeir ættu ekki að hvetja til þess, að fleygja frumvarpi þessu, heldur styðja að því, að þingið tæki það nú til yfirvegunar og reyndi til að laga það sem bezt, til þess vjer gætum sýnt, að vjer nú eptir 20 ára reynslu værum orðnir svo skynsamir, að vjer gætum þrætt meðalveginn í máli þessu, og sungið niður um leið þennan margra ára meinvætt allrar þjóðarinnar, fjárkláðann.

Þorlákur Guðmundsson sagði, að hann skyldi vera samdóma þingmanni Dalamanna, ef hann gæti sannað sjer, að lögreglustjórnin, sem nú væri, hefði ekki í öðru sporinu farið lengra en lög leyfðu, en í hinu sporinu styttra en lög skipuðu.

Halldór Kr. Friðriksson kvaðst ekki ætla sjer að berja niður þá skoðun, að þetta mál væri áríðandi; hver þingmaður gæti haft sína skoðun í því efni og hann hefði sína; en hann vildi spyrja þingmann Dalamanna að því, hvort hann áliti það áríðandi, að koma með frumvarp þetta, eins og nú stæði á? Hjeldi þingmaðurinn, að lögunum yrði betur framfylgt, þó sektirnar yrðu hækkaðar? Að sínu áliti mundi umboðsstjórnin fremur kynoka sjer við, að fylgja lögunum fast fram, ef sektirnar væru fjarskalega háar. Það væri ekki því að kenna, að reglur og fyrirskipanir vantaði, þótt fjárkláðanum væri ekki enn útrýmt. Landshöfðinginn hefði að því, er sig minnti, haft góð orð um það í hitt eð fyrra, að fjárkláðanum skyldi innan skamms verða útrýmt, og hinn setti lögreglustjóri hefði lofað, að svo framarlega sem menn böðuðu, og dagsettu tiltekinn dag, sem kláðinn skyldi vera útrýmdur á, hver hjá sjer, þá skyldu þeir vera í friði fyrir sjer. En hvað gjörði þessi lögreglustjóri nú? Hann leitaði nú alstaðar að kláða, og yrði aldrei glaðari, en þegar hann þættist finna einhvern kláðagemsa.

Í þessu frumvarpi væri bætt inn í fyrirskipunum, er væru gagnstæðar stjórnarskránni, t. d. þegar lögreglustjórninni væri gefið vald til að fyrir skipa mönnum, hvernig þeir ættu að gæta fjár síns, þótt það væri alveg heilbrigt. Menn yrðu að stinga hendinni í sinn eiginn barm, og hugsa um, hvers þeir mundu óska, ef þeir yrðu að lifa undir sömu lögum og lögreglustjóra, eins og Suðurland. Hann kvaðst vita mörg dæmi til þess, að menn, sem áður hefðu talað um, að aðhaldið og strangleikinn væri ekki nógur á kláðasvæðinu, einmitt þessir sömu menn hefðu sagt, þá er þeir voru komnir inn fyrir takmarkið: «þetta er óþolandi, sem eigi er

auðið að una við». Það gætu engir dæmt um það, nema þeir, er væru hjer fyrir sunnan, hvernig það væri að lifa undir þessari kláðalögreglustjórn, sem hjer væri. Landshöfðingi hefði sagt, að ástæðan til óánægjunnar hefði verið sú, að lögreglustjórinn hefði fylgt fram lögunum, og beitt valdi við hina óhlýðnu, en landshöfðinginn yrði að gá að því, að lögreglustjórinn hefði ekki leyfi til að beita valdi gagnstætt gildandi lögum. Eða væri það eigi eðlilegt, að óánægja vaknaði, þegar lögreglustjórinn segði við bændur: «þú skalt drepa fje þitt, af því þú hefur ekki nóg hey handa því», og það við þá, sem síðan hefðu haft fyrningar að vorinu til, eða: «þú hylur kláðagemsana þína inn í bæ; jeg verð að fá að hafa fram rannsókn í húsum þínum». Enn fremur hefði lögreglustjórinn boðið öllum Borgfirðingum, að hafa fje sitt í heimagæzlu, en þegar þeir hefðu haft það niður við Hvítá, þá hefði hann sagt: «Þú mátt ekki hafa það þarna; því að þá fer það norður yfir ána; þú verður að hafa það annarstaðar», án þess að gæta þess, að þeir hefðu hvergi annarstaðar átt land, og hvað hefði svo orðið? það, að þeir hefðu neyðzt til að reka fje sitt til fjalls, og þó hefði hann áður sagt, að þeir mættu eigi reka það á fjall; þeir yrðu að hafa það í heimagæzlu. Þegar lögreglustjórinn gæfi þessar og aðrar eins fyrirskipanir, þá væri ekki undarlegt, þótt óánægjan færi vaxandi. Hann skyldi eigi tala um þann kostnað, sem þetta fyrirkomulag hafi haft í för með sjer; það hefði ekki skipt hundruðum, heldur þúsundum króna, og væri því öll von, þótt almenningi sárnaði slíkt. Þingmaður Dalamanna yrði að gá að því, að þótt frumvarp þetta yrði að lögum, þá væri með því lítið bætt um hinar eldri tilskipanir; þar væru nægar reglur fyrir yfirvaldið til að fara eptir, og væri ekki þörf á fleirum, og umboðsstjórnin mundi verða hin sama, sem hún væri nú, þótt sektirnar yrðu hækkaðar. Þótt frumvarp þetta ætti að styðjast við skoðun þá, er meiri hluti þingsins hefði aðhyllzt í hitt eð fyrra, þá vonaði hann, að þingið játaði nú, að því hefði yfirsjezt 1875, og væri það engin vanvirða fyrir þingið, þótt það færi nú ekki að endurnýja lög, er það út úr vandræðum hefði fallizt á í hitt eð fyrra, og hefðu með sanni mátt nefnast vandræðalög. Hann kvaðst því vera samdóma 1. þingmanni Gullbringusýslu um, að ráða þingdeildinni til að fella málið nú þegar.

Arnljótur Ólafsson kvaðst nú eiga heima svo langt frá kláðasvæðinu, að hann væri löngu kominn út úr öllum kláðahugsunum. Ræða þingmanns Reykvíkinga hefði þó sannfært sig um, að nauðsynlegt væri að gefa málinu gaum, og vildi hann leggja það til, að nefnd væri sett til að íhuga það. Hann sagði, að hjer væri raunar eigi um það að ræða, hvort stjórnarfrumvarpið eða frumvarp efri deildarinnar væri heppilegt eða tiltækilegt í alla staði eða eigi, heldur um hitt, hvort málið sjálft væri í því ástandi, að nauðsynlegt væri, að löggjafarvaldið skipti sjer af því. Sjer virtist eigi hægt að skilja tillögur sumra þingmanna hjer í deildinni um að fella málið öðruvísi en svo, að þeir væru hjartanlega ánægðir með, hvað málinu liði, að þeir álitu kláðann nú orðinn svo lítinn, að hin eldri kláðalög og kláðastjórn væri einhlít til að vinna honum að fullu, og að þess vegna þyrfti engar nákvæmari nje öðruvísi lagaðar lagareglur um kláðann framar. Í öðru veifinu væru þeir þó að tala um, að nóg eða helzt til mikið kæmi af fyrirskipunum frá umboðsstjórninni, en lög vantaði, er þær byggðust á. Hann kvaðst ætla, að hvað sem segja mætti um frumvarp þetta, að þótt það hefði ef til vildi mikla og marga galla, þá gæti hann eigi annað en talið því til gildis hækkunina á sektunum, og í einu orði sagt meira og fastara aðhald gegn sjálfræði þeirra manna, er ala vildu kláðann og hirtu eigi um, þótt hann útbreiddist frá þeim til saklausra manna. Háar sektir væru þó óneitanlega meira aðhald en lágar eða engar sektir. Því yrði eigi á móti borið, að kláðatilskipanirnar, sem nú giltu, væru skráðar í þeim anda, að hlynna sem mest að þeim, sem ælu kláðann, en halla sem mest á

kláðalausa fjáreigendur. Þeir ættu að smala fyrir kláðafjáreigendurna, því allir verðir væru eigi annað en smalar, og ekki mætti drepa neina kláðaskjátu, sem kæmi inn í heilbrigðu sveitirnar úr kláðasveitunum, hversu kláðug og lítilsverð sem hún væri. Kláðaskjáturnar væru friðhelgar, hversu skaðlegar sem þær væru; en eigendur heilbrigða fjárins ófriðhelgir eða að minnsta kosti eigur þeirra. Það mundi flestum í fersku minni, hvernig gengið hefði hjer fyrri ár kláðans. Þá hefði eigi verið gjört annað, en að yfirvöldin hefðu allt af verið að skrifa stjórninni, að hjer væri enginn kláði; kláðasögurnar væru eigi annað en þvaður, hræðsla og æsingar úr niðurskurðarmönnunum, og því væri öldungis ónauðsynlegt að vera að búa til nokkur kláðalög. Þessi friðarsónn hefði gengið þing eptir þing, og ekkert hefði verið gjört. Þegar þingið hefði verið búið að fá löggjafarvald, hefði það undir eins tekið í strenginn, og meðal annars lagt mjög mikla áherzlu á, að aðhaldið að kláðafjáreigendum væri hert. Það hefði í því skyni stungið upp á 3 tilsjónarmönnum, og út af þessari uppástungu þingsins hefði komið þessi eini, lögreglustjórinn í fjárkláðamálinu, sem væri þó að mun kostnaðarminna (Þingm. Reykv. og 2. þingm. Gullbringusýslu: Nei). Minna er þó 1 en 3. En nú væri aptur kvartað um, að aðhaldið væri of mikið. Illt er of svöngum, illt er of fullum! Hann kvaðst leggja það til, að nefnd væri kosin í málið, og væri bezt að hafa í hana greinda og gætna menn af kláðasvæðinu eða úr nærsýslunum við það; að minnsta kosti vildi hann ekki mæla með, að 1. þingmaður Norður-Múlasýslu yrði fyrir kjöri. Þingmenn gegndu eigi skyldu sinni við kjósendur sína, ef þeir gæfu eigi málinu góðan gaum og gjörðu eitthvað við það, er til bóta horfði, svo framarlega sem það væri eigi skoðun hinnar heiðruðu þingdeildar, að málið væri nú komið í svo gott horf, að eigi þurfi að skipta sjer af því framar.

Landshöfðinginn sagði, að sjer væri ekki neitt kappsmál, að frumvarp þetta fengi framgang, og vildi hann óska, að þingmenn gætu rætt það án hita eða kapps. En hann sæi, að þingmanni Reykjavíkur ætlaði að verða það um megn. Hann kvaðst kannast við loforð sitt á alþingi 1875, að útrýma kláðanum með hinum gildandi lögum, ef mögulegt væri; að það hefði misheppnazt, væri að kenna mótþróa manna gegn fyrirskipunum sínum, og það frá þeim mönnum, en hann hefði sízt búizt við slíku af.

Hjálmur Pjetursson sagði sjer fyndist nokkrir þingmenn óttast fyrir ósamþykki í deildinni út af þessu máli, og hefðu þeir í þessu tilliti vitnað til þingsins í hitt eð fyrra, en sjer fyndist, að menn gætu lært það af þrasinu á síðasta þingi, að gæta nú sæmilegrar stillingar; hann kvaðst skyldu gjarnan gjöra þingmanni Reykvíkinga það til þægðar, að samþykkja, að nefnd væri sett í málið, þó það væri óþarft að sínu áliti. Hvað það snerti, að sumum þættu sektirnar of háar, eptir því sem í frumvarpinu er á kveðið, þá áliti hann það ekki háskalegt, ef þær að eins kæmu rjettilega niður eptir tilverknaði. Ráðvandir menn væru aldrei óánægðir með háar sektir; það væri ríkt í rjettarmeðvitund þjóðarinnar, að háar sektir ættu við ill brot eða skaðleg. Þingmaður Reykvíkinga hefði sagt, að koma mundi annað hljóð í strokkinn hjá þessum þingmönnum, sem vildu hafa ströng kláðalög, ef þeir ættu undir kláðanum að búa, og kláðastjórninni; þeir vissu ekki, hvað það væri. En hann gæti sagt þingmanninum það, fyrst hann ekki vissi það, að menn hefðu sannarlega fengið að kenna á kláðanum og afleiðingum hans fyrir norðan, austan og vestan. Það væri ómældur tími og ótaldir peningar, sem kláðinn hefði kostað menn þar; það væri satt, að það vantaði ekki, að kláðatilskipanirnar væru nógu margar, enda óskaði enginn eptir, að þær yrðu fleiri að tölunni til, heldur hinu, að þær væru betri. Það væri og ranghermt, að frumvarpið hljóðaði eigi um annað en sektir. Áttunda greinin, sem efri deildin hefði bætt inn í frumvarpið, væri annars efnis, og mjög mikilsverð rjettarbót, því 5. gr. í viðauka-tilsk. 4. marz 1871

heíði aldrei átt að vera til; um hana mætti með sanni segja, að hún «sundur skipti friðinum» 1. þingmaður Gullbringusýslu hefði getið þess, að stjórnin ætti enga kurteisiskröfu að oss í þessu máli; en þó svo væri, þá áliti hann, að þingið sýndi sjálfu sjer meiri kurteisi, með því að kasta ekki frá sjer þessu máli, þegar nú loksins að stjórnin hefði mætt þinginu á miðri leið eptir 20 ára þras, því frumvarp þetta hefði þó inni að halda nokkuð af þeim óskum vorum, sem fram hefðu komið á þinginu að undanförnu, og áliti hann því hina mestu ósamkvæmni í því, að hafna þessu frumvarpi.

Þórarinn Böðvarsson kvað ótækt, að fara að hrinda frumvarpinu undir eins orðalaust; það væri skylda þingdeildarinnar, að taka þetta mál enn til íhugunar, sem lengi hefði verið og væri enn eitthvert mesta áhugamál hennar; það væri þó eigi óhugsandi, að gallarnir yrðu sniðnir burt, hvernig svo sem gengið hefði með málið hjer í hitt eð fyrra. Kurteisisskyldu hefði þingið enga til að fella eigi frumvarp þetta fyrir stjórninni, svo sem hún hefði farið með frumvarp alþingis í hitt eð fyrra.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og ljet þá forseti greiða atkvæði um, hvort nefnd skyldi kjósa, og var það samþykkt, og umræðunni þar með frestað. Var stungið upp á 5 manna nefnd, og var hún samþykkt.

Fyrir kosningu urðu:

Guðmundur Einarsson með 11 atkv.
Hjálmur Pjetursson . — 10 —
Þórarinn Böðvarsson . — 9 —

En Arnljótur Ólafsson, Guðmundur Ólafsson, og Þorlákur Guðmundsson höfðu 8 atkvæði hver; en með því að Þorlákur Guðmundsson var þeirra yngstur, gekk hann því úr, og urðu því nefndarmenn:

Arnljótur Ólafsson og Guðmundur Ólafsson.

Í nefndinni var Guðmundur Einarsson kosinn formaður, Guðmundur Ólafsson skrifari, og Hjálmur Pjetursson framsögumaður.

NEFNDARÁLIT

um frumvarp til laga um breytingar og viðauka við tilskipanir 5. janúar 1866 og 4. marz 1871 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

Vjer undirskrifaðir, sem af neðri deild alþingis var falið á hendur að segja álit vort um frumvaap til laga um breytingar og viðauka við tilskipanir 5. jan. 1866 og 4. marz 1871, höfum orðið á eitt sáttir um, að frumvarp þetta hafi inni að halda nokkrar þær ákvarðanir, sem að gagni mættu verða, svo framarlega sem því væri breytt í þá stefnu, að lögreglustjórninni sje gjört að skyldu, að hafa hreppanefndir, sýslunefndir og amtsráð ávallt í verki með sjer, og fara sem mest að þeirra ráðum; því vjer álítum það aðalskilyrði fyrir heppilegum og farsællegum framkvæmdum lögreglustjórnarinnar í fjárkláðamálinu, að hún njóti aðstoðar og leiðsagnar nefndanna, sem jafnan hljóta að hafa nákvæmari og ljósari þekkingu á kringumstæðunum, og ástandi fólks og fjenaðar, landslagi og fleiru, sem hjer að lýtur, heldur en lögreglustjórninni einni er unnt að hafa, en einkum eru það sýslunefndirnar, sem að voru áliti gætu haft og mundu hafa hollastar verkanir í þessu máli.

Af þessum ástæðum leyfum vjer oss að stinga upp á eptirfylgjandi breytingum við frumvarpið, og að ráða hinni heiðruðu þingdeild til að fallast á þær.

Að í staðinn fyrir fyrstu grein verði sett ný grein, þannig orðuð:

1. grein.

Allar þær ráðstafanir, er lögreglustjórninni ber að framkvæma samkvæmt lögum þessum og hinum eldri tilskipunum um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi, skulu gjörðar eptir ráði og með samþykki hlutaðeigandi hreppsnefndar, ef ráðstöfunin viðvíkur einstökum bæjum í einum hreppi, og með ráði og samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar, ef ráðstöfunin viðvíkur meiri hluta hrepps eða fleiri hreppum í sömu sýslu; ef ráðstöfunin viðvíkur heilli sýslu eða meiri eða minni hluta af fleiri sýslum, skal leita samþykkis

hlutaðeigandi amtsráðs, eða amtsráða, þegar fleiri en eitt amt á hlut að máli.

Þó getur hlutaðeigandi lögreglustjóri, eða amtmaður, gjört bráðabyrgðarráðstafanir, þegar brýn nauðsyn ber til; en leita skal þá svo fljótt sem unnt er samþykkis hlutaðeigandi hreppsnefndar, sýslunefndar eða amtsráðs, eptir því sem við á, ef ráðstöfunin á að hafa fullt gildi um lengri tíma.

1. grein verði 2. grein óbreytt.

2. grein. verði 3. grein.

Á eptir orðinu: »hreppsnefndar» bætist inn í: eða sýslunefndar».

3. grein. verði 4. grein.

Orðin: »í síðasta lagi áður en sólarhringur er liðinn» falli úr.

4. grein verði 5. grein.

Á eptir orðunum: »sjúku eða grunuðu fje» bætist inn í: »eptir því sem segir í 1. gr.»

5. grein verði 6. grein.

Á eptir orðunum: »hefur fyrir skipað» bætisi inn í: »samkvæmt 1. grein».

Orðin: »og verður tekin í annars manns landi» falli úr.

Í staðinn fyrir orðin: »hafi kind sú, er þannig er tekin, kláðasjúk verið» komi: »sje kind sú, er sloppið hefur og tekin er, kláðasjúk».

6. grein verði 7. grein óbreytt.

7. grein verði 8. grein.

8. grein verði 9. grein.

Fyrir orðin: »og þetta álit styðjist við tillögur» komi: »samkvæmt áliti og eptir tillögum».

9. grein verði 10. grein óbreytt.

Reykjavík 14. ágúst 1877.

Guðmundur Einarsson, formaður. Hjálmur Pjetursson, framsögumaður.

Þórarinn Böðvarsson. Guðmundur Ólafsson. Arnljótur Ólafsson.

Á 50. fundi neðri þingdeildarinnar, 21. dag ágústmánaðar, kom til framhalds 1. umræðu *frumvarp til laga um breytingar og viðauka við tilskipanir 5. janúar 1866 og 4. marz 1871 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.*

Framsögumaður (Hjálmur Pjetursson) sagði, að nefndarálit þetta væri stutt, hvernig sem það þætti vera að gæðum. Hann ætlaði samt ekki að bæta það upp með langri ræðu í þetta skipti; þingdeildin mundi sjá og skilja stefnu nefndarinnar, sem væri sú, að sýslunefndir og hreppanefndir skyldu hafa sem mest afskipti af kláðastjórninni, og að þær skyldu sífellt vera í ráði með lögreglustjórninni. Hann kvaðst vona, að menn yrðu nefndinni samdóma um, að það væri heppilegt, að sýslunefndir og hreppsnefndir rjeðu nokkru í sínum eigin málefnum, og þá ekki sízt í þessu máli. Reynslan hefði sýnt, að aðrir vegir gætu ekki heppnazt, en þar á móti væri reynsla fyrir því, að þessi vegur gæti orðið til mikils góðs. Þannig hefði þessi aðferð tekizt vel í Húnavatnssýslu og Mýrasýslu. Í þessum sýslum hefðu sýslunefndir, þótt þær þá eigi hefðu verið lögskipaðar, verkað mest og bezt til að útrýma kláðanum, þegar hann hefði heimsótt þær sýslur, og væri öllum kunnugt, að það hefði heppnazt fljótt og vel; og væri þetta nægileg sönnun fyrir því, að farsælast mundi verða, að fela sýslubúum sjálfum að útrýma kláðanum, að svo miklu leyti sem það skerti ekki nauðsynleg afskipti og yfirráð lögreglustjórnarinnar. Hann kvaðst að endingu vilja mælast til, að mál þetta fengi greiðan framgang.

Páll prestur *Pálsson* sagði, að sjer virtist svo, sem nefndin hefði kastað með öllu höndunum til verks síns, því að hann hefði búizt við, að hún lagfærði frumvarpið frá efri deildinni betur, en hún hefði gjört. Aðgjörðir hennar væru að vettugi virðandi. Frumvarp stjórnarinnar virtist sjer þó skárra en frumvarpið frá efri deildinni, en aðgjörðir nefndarinnar væru ekki til neins gagns. Hann skyldi að eins leyfa sjer að benda á 4. og 5. gr. í nefndarálitinu, er væru svo óljósar og óskiljanlegar, að þær gætu eigi staðizt, og vildi hann áskilja sjer rjett til að koma með breytingaratkvæði við frumvarpið til 2. umræðu.

Þórarinn Böðvarsson sagði, að sig tæki það að vísu ekki sárt, þó 1. þingmaður Skapt-

fellinga segði, að nefndin hefði kastað höndum til nefndarálitsins. Hann yrði að vona, að öðrum þingmönnum mundi sýnast annað og játa, að nefndin hefði gjört verulegar umbætur á frumvarpinu. Það, sem nefndin nú færi fram á, væri nýr vegur, sem aldrei hefði verið farinn í þessu máli, sá að koma á sem beztri samvinnu milli valdstjórnarinnar og stjórnarinnar í hjeruðunum og hreppunum. Mundi það miklu affarasælla í þessu máli, en ef valdstjórnin vildi brjóta hjeraðastjórnina um þvert, eins og átt hefði stað að undanförnu á stundum, þar sem lögin hefðu ekki gjört ráð fyrir neinni samvinnu, heldur ætlazt til, að valdstjórnin gjörði allt. Ef hann áliti breytingar nefndarinnar gagnslausar, þá væri honum innanhandar að koma með breytingaratkvæði, en það væri vonandi, að þau yrðu ekki hættulegri fyrir nefndina, en önnur breytingaratkvæði þingmannsins væru vön að vera.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg gat nú ekki tekið stjórnarfrumvarpinu vel, og svo sýndist mjer það hafa tekið litlum bata í efri deild þingsins, en þar á mót get jeg ekki verið samdóma 1. þingmanni Skaptfellinga um, að nefndin hefði ekki lagfært frumvarpið neitt; þvert á móti verð jeg að álíta, að nefndin hafi komizt að mjög heppilegri niðurstöðu, það er, að draga þetta mál sem mest undir hreppanefndir, sýslunefndir og amtsráð. Þetta er hreint og beint eignamál, og reynslan mun sanna oss, að ef þessir stjórnarliðir ekki duga málinu, þá mun því aldrei dugað verða. 4. og 5. gr. og fleiri þyrftu reyndar breytingar við, og mun jeg leyfa mjer að koma með breytingaruppástungur við þær til 2. umræðu.

Þá var gengið til atkvæða, og var samþykkt með 20 atkvæðum, að málið skyldi ganga til 2. umræðu.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frumvarp til laga um breytingar og viðauka við tilskipanir 5. janúar 1866 og 4. marz 1871 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

I. Breytingaratkvæði

frá Grími Thomsen og Þorláki Guðmundssyni.

Í 1. grein frumvarpsins (2. gr. nefndarinnar) fyrir: «10—500» komi: «10—100».

Í 3. grein frumvarpsins (4. gr. nefndarinnar) fyrir: «10—200» komi: «5—50».

5. grein frumvarpsins (6. gr. hjá nefndinni) orðist þannig:

Þegar yfirvaldið, samkvæmt 1. gr., hefur fyrir skipað heimagæzlu á fje, er hver sú kind, sem úr henni sleppur, rjett-tæk. Hið sama er og um fje, sem sloppið hefur yfir varðstöðvar, þar sem verðir eru settir með samþykki yfirvaldsins, til þess að sporna við útbreiðslu kláðans. Sje kindin kláðasjúk, skal selja hana við uppboð, og gengur andvirðið í sjóð þess hrepps, þar sem hún var tekin. Sje hún ósjúk, skal eiganda gjört viðvart. Sæki hann ekki kindina, skal hún einnig seld við uppboð, en eiganda goldið andvirðið, að frádregnum kostnaði.

Í 6. gr. (7. gr. hjá nefndinni), fyrir: «lóga — skaðabótalaust» komi: «lækna skuli fjeð á kostnað eiganda».

Í 7. gr. (8. gr. hjá nefndinni), fyrir «sýslumaður» o. s. frv. til «sem» komi: «sá».

II. Breytingartillögur

frá Páli Pálssyni, 1. þingmanni Skaptfellinga.

1. Við 2. grein, í staðinn fyrir orðin: «getur amtmaður» komi: «skal amtmaður».
2. Við 3. grein, að á eptir orðunum: «fje sínu« verði bætt inn í: «eða fær grun á, að það sje kláðasjúkt».
3. Við 4. grein, að í stað orðanna: «og helztu . . . frá fjáreigendum» komi: «og verzlunarstöðum. Ef á þarf að halda, er hreppsnefndunum heimilt að greiða borgunina fyrir meðulin úr hreppssjóði, eða skuldbinda hreppinn til að ábyrgjast borgunina gegn endurgjaldi frá fjáreigendum».
4. Við 5. grein, að á eptir orðin: «útbreiðslu kláðans» verði bætt: «kindur þær, sem þannig eru teknar, skulu

seldar við uppboð, eða ef því ekki verður við komið, þá skulu óvilhallir menn, sem hreppstjóri eða sýslumaður útnefnir, virða þær».

ÖNNUR UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 54. fundi neðri þingdeildarinnar, 24. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til laga um breytingar og viðauka við tilskipanir 5. janúar 1866 og 4. marz 1871 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi*, með breytingartillögum frá 1. þingmanni Skaptfellinga og breytingaratkvæði frá 1. þingmanni Gullbringusýslu og 2. þingmanni Árnesinga.

Framsögumaður (Hjálmur Pjetursson) kvaðst eigi hafa margt um mál þetta að segja, en hann ætlaði að eins að fara nokkrum orðum um breytingar þær, er fram komnar væru við mál þetta; kvaðst hann hafa búizt við því, að nefndarálitið mundi sæta hörðum höggum hjá 1. þingmanni Skaptfellinga, en hann kvaðst geta verið þakklátur þingmanninum fyrir, að minna hefði úr þessu orðið, en hann hefði búizt við, því að flestar breytingar þær, er þingmaðurinn hefði komið með, væru meinlausar og gagnslausar. Breyting sú, er þingmaðurinn hefði gjört við 2. grein, að í stað orðanna »getur amtmaður» skyldi koma: »skal amtmaður», væri að sinni ætlun eigi til annars en að spilla. Breytingin við 3. grein kvaðst hann eigi ætla að spillti, en nauðsynleg væri hún eigi heldur. Það er snerti breytinguna við 4. grein, þá kvaðst hann eigi geta sjeð, að nein þýðing væri í henni, nema hvað orðaskipuninni væri nokkuð breytt. Hann kvaðst reyndar eigi vilja neita því alveg, að verið gæti, að heimild sú, er hreppsnefndunum væri veitt, væri nokkuð skýrara tekin fram í breytingaratkvæði þingmannsins; gæti hann þó eigi ætlað, að breyting þessi væri nauðsynleg. Þá kvaðst hann vilja minnast lítið eitt á breytingaratkvæði 1. þingmanns Gullbringusýslu og 2. þingmanns Árnesinga. Breytingaratkvæði þeirra kvað hann fara því fram, að sektirnar yrðu lækkaðar. Hann sagðist hafa tekið það fram við 1. umræðu máls þessa, að hann ætlaði það engan skaða, þótt sektirnar væru ákveðnar nokkuð háar, því að vjer þyrftum eigi að óttast fyrir því, og hefðum eigi heldur átt því að venjast, að amtmenn eða dómendur mundu beita þessum háu sektum ástæðulaust; kvaðst hann því ætla, að skaðlaust væri, þótt sektir þessar stæðu óbreyttar, enda hefði nefndin í deild þessari eigi breytt þeim, og efri deildin eigi heldur breytt þeim neitt frá því, sem þær hefðu ákveðnar verið í stjórnarfrumvarpinu, nema hvað hún hefði fært lægra stigið ofan úr 20 krónum niður í 10 krónur. Hann kvað sína tilfinningu vera svo, að það væri rjett, og gæti verið mjög gagnlegt, að hið hærra stig sektanna væri ákveðið hátt, ef að eins lægra stigið væri ákveðið nógu lágt, því að hann ímyndaði sjer, að dómendur og yfirvöld mundu eigi beita þessum háu sektum, nema því meiri sakir væru til, er gjörðu það nauðsynlegt. Það er snerti breytinguna við 5. grein, þá kvaðst hann eigi neita því, að greinin, eins og þessir tveir heiðruðu deildarmenn hefðu breytt henni, væri fullt-eins vel orðuð, og greinin hjá efri deildinni; en þó fyndist sjer með öllu ótækt, einkum á þessum stað í frumvarpinu, að uppástungumenn hefðu sett orðið «rjetttæk» í stað orðsins «rjettdræp»; það væri að sinni ætlun eigi nóg, að kindin væri rjett-tæk, heldur ætti hún og að vera rjettdræp, þegar hún slyppi úr fyrirskipaðri heimagæzlu eða yfir vörð, því þá mætti álíta hana kláðasjúka eða grunaða. Hvað málið snerti yfir höfuð, þá virtist sjer vafalaust, að annaðhvort skyldi taka allar breytingar nefndarinnar, eða kasta þeim öllum, og samþykkja frumvarpið, eins og það hefði komið frá efri deildinni; kvaðst hann þó heldur vilja ráða deildinni til, að breytingar nefndarinnar yrðu teknar, því að það kvaðst hann ætla að allir yrðu að játa, að breytingar nefndarinnar væru mjög mikið til bóta. Hann kvaðst eigi skilja

í því, hvers vegna menn vildu láta lögreglustjórnina hafa ótakmarkað einveldi, þegar konungur vor hefði eigi vald til, að gefa út lög, að þá skyldi lögreglustjórnin þó hafa vald til þess, að setja reglur og fyrirskipanir upp á sitt eindæmi, og fyrst vjer hefðum atkvæði jafnt konungi vorum í löggjafarmálum, þá fyndist sjer sanngjarnlegt, að hjeraðsstjórnin hefði atkvæði gagnvart lögreglustjórninni í sveitamálum.

Páll prestur *Pálsson* kvaðst finna sjer skylt að kannast við það, að hann hefði farið fullhörðum orðum um nefndarálitið í 1. umræðu, og við nákvæmari íhugun þætti sjer 1. greinin í nefndarálitinu heldur til bóta. Það er snerti breytingartillögur sínar, þá kvaðst hann vilja fara nokkrum orðum um þær. Viðvíkjandi breytingartillögu sinni við 2. grein, að í stað orðanna «getur amtmaður» kæmi «skal amtmaður» tók hann það fram, að sjer fyndist ekkert á móti því, að ákvörðun þessi meinti amtmanninn eins og aðra, því að orðið «getur» bendir á það, að amtmaðurinn megi þetta ógjört láta. Breytingartillögu sína undir 3. tölulið kvað hann vera orðrjetta upp úr stjórnarfrumvarpinu, svo að ástæða þyrfti eigi að berast fram. Um 4. grein tók hann það fram, að hann gæti eigi skilið þá grein; en auðvitað væri, að ef nokkur meining væri í henni, þá væri meiningin hin sama og í breytingartillögu sinni; hann kvað svo standa í frumvarpinu: «enda gjöri yfirvaldið ráðstöfun til, að baðmeðul þá verði fáanleg til kaups á lyfjabúðum og helztu verzlunarstöðum, og mega þær . . . greiða borgunina o. s. frv.» Eptir þessu væri eigi hægt annað að ætla, en að orðið «þær» svaraði til orðsins »lyfjabúðum», en það mundi þykja æði-hart, ef lyfjabúðirnar mættu sjálfar borga meðulin. Hann kvaðst því hafa ætlað nauðsynlegt, að gjörð væri orðabreyting við grein þessa, svo að hún gæti eigi misskilizt eða yrði skiljanleg, því að það væri æfinlega viðkunnanlegra að hafa rjett mál. Það er snerti 5. grein, þá kvaðst hann eins ánægður með breytingaratkvæði hinna 2 þingmanna við grein þessa eins og sitt eigið. Hvað sektunum viðviki, kvaðst hann samþykkur því, að ef lægra stigið væri nógu lágt, þá þætti honum rjett, að hærra stigið væri sett nógu hátt. Hann sagði, að sjer væri næst geði, að málið fjelli að öllu leyti, en þó kvaðst hann mundu gefa því atkvæði sitt, ef breytingar sínar kæmust að, í því skyni að allt málið fjelli.

Varaforseti sagði, að það væri eins og mál þetta ætlaði að ganga orðalaust af, og væri það nýmæli hjer á þingi. Hann kvaðst ætla, að eigi hefði borið neina brýna nauðsyn til að koma með frumvarp þetta inn á þingið. Hann sagðist reyndar skilja þetta svo, að af því að stjórninni hefði eigi komið saman við þingið 1875, þá hefði hún nú ætlað að hreinsa hendur sínar, með því að koma með frumvarp þetta og leggja það fyrir þingið; kvaðst hann láta ósagt, hvort frumvarp þetta væri heppilegt eða ekki, en það gæti hann sagt með sanni, að hvorki efri deildin nje heldur nefndin hjer í deildinni hefði að sínu áliti bætt frumvarpið, eins og það hefði komið frá stjórninni, heldur hefði það, að því er sjer virtist, heldur vesnað en batnað í meðferðinni. Aðalbreytingin hjá nefndinni væri fólgin í 1. grein, og væri í henni svo ákveðið, að aðalvaldið í kláðamálinu ætti að leggjast í hendur hreppsnefndanna og sýslunefndanna; væri þetta fjarskamikil breyting frá því, sem nú væri, og kæmi því sú spurning til íhugunar, hvort breyting þessi væri þarfleg, eða hvort hún væri heppileg eða tiltækileg. Hann sagði, að vjer skyldum gæta að því, hvernig gengið hefði með kláðamálið hingað til eða allt fram að árinu 1875; það hefði jafnaðarlega verið kvartað yfir eptirlitsleysi frá yfirvaldanna hálfu; þau hefðu eigi þótt gæta skyldu sinnar, svo sem vera bæri, og hefðu menn ýmist fundið yfirvöldunum það til, að þau tækju of linlega í strenginn í kláðamálinu, eða þá hefðu lögin þótt of lin. Hann bað menn að gæta þess, að jafnhliða yfirvöldunum hefðu verið hreppsnefndir og sýslunefndir, en þinginu 1875 hefði eigi þótt þetta nóg, og hvað

hefði það verið, er komið hefði þinginu í hitt eð fyrra til þess að stinga upp á þessari 3 manna nefnd, annað en það, að þótt hefði vanta nægilegt eptirlit frá hálfu hins opinbera? Út af þessu hefði það sprottið, að nýr framkvæmdarliður hefði verið skipaður í málið; og nú væri kvartað yfir því eptir allt, að of mikið væri gjört; nú ætti að hverfa að því, er áður hefði verið, og fá allt valdið í hendur hreppsnefndum og sýslunefndum, og fara þannig aptur á bak, en eigi áfram. Ef litið væri til 1. greinar í nefndarálitinu, þá stæði svo í henni: «Allar þær ráðstafanir, er lögreglustjórninni ber að framkvæma . . . skulu gjörðar eptir ráði og með samþykki hlutaðeigandi hreppsnefndar o. s. frv.» Eptir þessari lagaákvörðun væri það auðsætt, að yfirstjórnin gæti ekkert gjört, nema með samþykki hlutaðeigandi hreppsnefndar; væri ákvörðun þessi æskileg? Jeg verð þá að segja það, að allt annað hljóð var í bjöllunni fyrir 2 árum síðan; en nú kvað hann menn biðja um, að það yrði nú tekið aptur, er áður hefði þótt ábótavant. Af þessari ástæðu kæmi það, að hann að minnsta kosti frá sínu sjónarmiði gæti eigi sjeð, að nefndin hefði breytt til hins betra, heldur þvert á móti, að hún hefði breytt til hins lakara. Hann kvað það vera á deildarinnar valdi, hvort hún aðhylltist frumvarp þetta eða eigi, en hann kvaðst vija gefa þá eina bendingu, að hann ætlaði rjettast, að eptir því, sem áður hefði gengið í máli þessu, að ráðgjafinn væri einráður um, hvernig farið væri að í máli þessu, og að engin ábyrgð yrði látin hvíla á þinginu.

Benidikt Sveinsson: Það fer fyrir mjer eins og varaforseta, að mjer þykir undarleg þessi deyfð og doði, sem hvílir yfir deildinni í þessu máli; annað hvort er það, að deildin álítur kláðann útdauðan með öllu (*Halldór Kr. Friðriksson:* hann er útdauður), eða hún álítur hann sjer óviðkomandi. Nei! kláðinn er ekki útdauður, hvað sem þingmaður Reykvíkinga segir; það er stjórnin sjálf, sem játar, að hann lifi enn, með því að leggja fyrir þingið frumvarp, sem fer í þá stefnu, að skerpa eptirlitið. Áður voru það bændur, sem sendu bænarskrár til þingsins og beiddu um að setja lög til útrýmingar honum; nú er það stjórnin sjálf, sem biður þingið um að skerpa ákvarðanirnar um útrýmingu kláðans, og með því játar hún, að hann sje ekki útdauður, því að stjórnin er ekki þekkt að því, að koma með frumvörp til laga um það, sem á sjer engan stað. (jú! jú!). Henni þykir þær ákvarðanir og lög, sem nú eru, ónógar til að útrýma þeim kláða, sem hún álítur að nú sje enn lifandi, og það eru fleiri en stjórnin, sem álíta hann ekki útdauðan; það eru margir á kláðasvæðinu, og jafnvel lögreglustjórinn á kláðasvæðinu sjálfur, sem hefur sagt mjer, að kláðinn sje ekki enn útrýmdur. (*Grímur Thomsen:* hvar er kláðasvæðið?) meðal annars kjördæmi þingmannsins. En ef það er víst og vafalaust, að kláðinn sje ekki upprættur enn, þá er það líka víst, að landsstjórninni hefur annaðhvort orðið mismæli, eða hún hefur lýst oftrausti á sjálfri sjer, þegar hún í hitt eð fyrra sagði, að hin gildandi lög væru næg til þess að útrýma fjárkláðanum. Þótt það væri gefið, að valdstjórnin hefði gjört allt, sem í hennar valdi stóð, í þessu máli, og þótt það væri gefið, að hin gildandi lög væru ekki næg, þá er þar fyrir ekki sagt, að jeg sje varaforseta ósamdóma í því, að þingið eigi ekki að fara að gefa frumvarpi þessu atkvæði sitt, og það af þeirri ástæðu, að ef þingið á að fara að taka þetta mál fyrir, þá verður það að fara í allt aðra átt en þetta frumvarp stjórnarinnar. Ráðgjafarþingið reyndi opt til þess, að hrinda þessu máli í gott lag, og löggjafarþingið 1875 reyndi einnig til þess, en stjórnin fann ekki ástæðu til að fá hans hátign konunginn til þess að samþykkja uppástungur þingsins. Þegar þingið ekki gat komið sínum uppástungum fram í hitt eð fyrra, er þá rjett af þinginu að fallast á þetta frumvarp stjórnarinnar? Þetta er hið stóra spursmál, sem nú á að skera úr. Jeg er samdóma varaforseta í því, að breytingar nefndarinnar sjeu ekki allar heppilegar, jafn-

vel þó jeg játi, að henni hefur gengið gott eitt til breytinga sinna. Það hefði verið eðlilegra, ef breytingar nefndarinnar hefðu staðið í sambandi við aðrar fyrri ákvarðanir; en nú standa þær í sambandi við stjórnarfrumvarpið óbreytt. Varaforseti hafði rjett að mæla í því, að hreppsnefndir og sýslunefndir hefðu eptir þeim gildandi lögum ráðgefandi atkvæðisrjett í kláðamálinu, en frekara ekki, og frekara vald eiga þær ekki að hafa eptir mínu áliti. Þingmaður Reykvíkinga og fleiri þingmenn segja nú, að enginn kláði sje til lengur; sama sögðu ónefndir þingmenn úr ónefndum sveitum árið 1875. (Grímur Thomsen: hverjir voru það?) Nomina sunt odiosa, en það er víst, að þeir sögðu það, og hvað kom fyrir árið eptir? Jeg hef fyrir mjer skýrslu frá lögreglustjóranum, sem skipaður var af konungi til þess að útrýma kláðanum, og sú skýrsla sýnir, að kláðakindur fundust í mörgum sveitum haustið 1875. Eins var 1861; þá átti kláðinn að vera upprættur, en jeg vil ekki telja upp allar þær sannanir og skýrslur, sem síðan sýndu hið gagnstæða. Og hver á nú að hafa eptirlitið með kláðanum? Hreppsnefndirnar, sem einmitt sjálfar hafa kláðann í fje sínu. Og ef kláðinn er í öllum hreppum sýslunnar, þá eiga sýslunefndirnar að hafa eptirlitið, sýslunefndirnar, sem einmitt sjálfar hafa kláðann í fje sínu! (Grímur Thomsen: En amtsráðin þá! hafa þau ekki kláða? Það getur vel verið, að kláðinn sje líka í fje þeirra. Ef þessi ákvörðun er ekki til þess að niður brjóta allt eptirlit, þá þekki jeg enga, sem gjörir það. Jeg þekki þá tvídrægni, sem á sjer stað á kláðasvæðinu, og treysti því ekki hreppsnefndunum til þess að ráða í þessu máli; þær gætu ef til vill sagt þvert ofan í lögreglustjórana, að enginn kláði væri til í hreppnum, og þess vegna væru allar fyrirskipanir óþarfar, og því er auðsjeð, að ekki er vert að leggja ráðin í hendur hreppsnefndum og sýslunefndum. Það má reyndar nefna einn hrepp, Grafningshrepp, sem hvað eptir annað hefur útrýmt kláðanum hjá sjer án hjálpar lögreglustjórans, en að öðru leyti hafa hvorki hreppsnefndir nje sýslunefndir sýnt neina rögg af sjer í því, að útrýma kláðanum með lækningum. Þótt nefndin hafi reyndar gjört þessa uppástungu í 1. gr. í góðri meiningu, þá er hún þó eigi að síður óhafandi, og ræð jeg því þingdeildinni fastlega til þess að fallast ekki á hana. Hvað hinar aðrar breytingaruppástungur snertir, þá eru þær sumpart þýðingarlitlar, sumpart næsta kynlegar.

Að ákveða, að kind, sem sleppur yfir vörðinn, skuli rjett-tæk, er alveg óþarft, því að hún er rjett-tæk eptir gildandi lögum, og meira að segja rjett-dræp, ef það er kláðakind; hitt er vafasamara, hvort grunuð kind er rjett-dræp, ef hún sleppur yfir vörðinn, en rjett-tæk er hún í öllu falli. (*Grímur Thomsen:* en kláðalaus kind?) Má jeg spyrja þingmanninn, hvenær verður sagt með vissu, að kind, sem kemur úr kláðasvæðinu, sje kláðalaus? En hvað, sem um það er; jeg er viss um, að engar af þessum breytingum komast að. Jeg fyrir mitt leyti álít sjálfsagt að samþykkja frumvarpið, eins og það kom frá efri deildinni. (*Þórarinn Böðvarsson:* það er ómögulegt!) Jæja! ef það er ómögulegt, þá er bezt að fella málið alveg, enda er það og lang-rjettast. Það er ein ákvörðun í frumvarpinu, nefnilega í 8. grein, sem er ærið iskyggileg, þar sem ákveðið er, að helmingur varðkostnaðarins greiðist úr landssjóði og helmingur af öllum sauðfjáreigendum á landinu. Það er ávallt hart, að hinir saklausu gjaldi hinna seku og líði fyrir þá; í raun og veru er rjettast, að allur kostnaðurinn lendi á þeim, sem hafa alið kláðann, en í stað þess er þeim, sem búa á kláðasvæðinu, gefinn einkarjettur til þess að ala hann upp á landsins kostnað. Ef til einhvers þarf að leggja fje, þurfa kláðaþrjótarnir einungis að segja við landssjóðinn: opna þig, Sesam! Þessi ákvörðun ætti að verða banaspjót frumvarpsins. Það er heldur ekki svo mikil hætta að fella frumvarpið, því að ráðgjafinn getur hlutazt til um bráðabyrgðarlög, ef honum finnst þess þörf. Það

er bezt og heppilegast fyrir þingið, að láta ráðgjafann og stjórnina hafa ábyrgðina á þessu máli, eins og það nú horfir.

Þórarinn Böðvarsson sagði, að þegar menn hefðu heyrt ræðu 1. þingmanns Árnesinga, þá færu menn víst að efast um spádómsgáfu varaforseta, er hann hefði spáð því, að mál þetta mundi ganga áfram, án þess að nokkuð yrði um það rætt. 1. þingmaður Árnesinga hefði sagt, að menn í sveitum ættu að styrkja lögreglustjórann til framkvæmda, en eins og lögin hefðu verið til þessa, hefði sá styrkur eigi getað komið fram í öðru en því, að þeir hlýddu fyrirskipunum lögreglustjórans. Sami þingmaður hefði og sagt, að hreppsnefndirnar væru þegar búnar að fá þetta ráð, en hann vissi eigi, að þær mættu gjöra nokkuð, án þess að lögreglustjórinn skipaði þeim. Þingmaðurinn vissi líklega, að sveitarstjórnarlögin væru yngri en hin síðasta löggjöf um fjárkláðann. Varaforseti hefði viljað láta stjórnina ráða öllu hjeðan af í þessu máli; það hefði hann og viljað í fyrstu, en hann hefði, eins og mannsins barn, sjeð sig um hönd. Varaforseti hefði og sagt, að fyrst hefði verið of lítið aðhald með að framkvæma skipanir lögreglustjórnarinnar, en nú væri eða þætti þetta aðhald of mikið; þetta kvaðst hann hvorugt hafa heyrt. Hvað sem svo 1. þingmaður Árnesinga og varaforseti segðu, þá væru einu úrræðin, að koma samkomulagi á milli lögreglustjórans og hreppsnefndanna, sýslunefndanna og amtsráðanna, því þegar lögreglustjórinn segðist ætla að útrýma kláðanum, hvað sem aðrir segðu og gjörðu, þá mælti hann heimsku eina. Stjórnin hefði til þessa um of virt að vettugi tillögur vorar, ef eigi fyrirlitið þær í þessu máli. Þegar 1. þingmaður Árnesinga hefði talað um, að það gæti verið, að hreppsnefndirnar og sýslunefndirnar hefðu kláða, þá hefði hann gleymt því, að vel gæti verið, að lögreglustjórinn og stjórnin hefðu líka kláða, og hvernig færi þá? Að endingu kvaðst hann mótfallinn breytingaratkvæðinu við 1. gr., því þegar vissa væri fyrir, að sektirnar kæmu niður á þeim einum, sem þær ættu að koma niður á, þá væru þær alls eigi of háar.

Benidikt Sveinsson kvaðst vona, að menn hefðu skilið sig rjett, er hann hefði sagt, að hreppsnefndir og sýslunefndir hefðu kláða. Hann hefði meint fjeð, en ekki mennina sjálfa. Annars þætti sjer merkilegt, að 2. þingmaður Gullbringusýslu, sem hefði þó mikil ráð í sínum hrepp, skyldi eigi hafa komið samkomulagi á milli hreppsnefndarinnar þar og lögreglustjórans, og þannig drepið allan kláða, þar sem hann hefði sagt hjerna um árið á opinberum fundi, að eigi þyrfti annað en anda á kláðann. Nei, Álptaneshreppur hefði, síðan að kláðinn kom upp, altjend framan af kláðaárunum, að minnsta kosti annaðhvort ár alið hjá sjer kláðann (*Þórarinn Böðvarsson* og *Gr. Thomsen*: Ósatt) og látið vera að útrýma honum. Þá vildi hann enn spyrja, hvort þessir herrar gætu sýnt sjer nokkur lögreglulög, eða nokkur lög fyrir lögreglustjóra, þar sem lögreglustjórinn mætti ekki hreifa sig án samþykkis hreppsnefndarinnar? Það tæki sig alllaglega út, er lögreglustjórinn færi að fara til hreppsnefndarinnar í Álptaneshrepp, hneigja sig fyrir henni og spyrja: «Má jeg gjöra þetta»? Hún mundi fljótt segja nei, þó kláðinn væri í hreppnum. Þótt hann ekki vildi álasa Sunnlendingum, þá bæri hann þó alls eigi traust til hreppsnefndanna, til að gjöra gangskör að útrýmingu fjárkláðans, sem nú væri orðinn söguleg svívirðing fyrir land og þjóð, og sjerstaklega vantaði sig traust til hreppsnefndarinnar í Álptaneshrepp. Lögreglustjórinn í fjárkláðamálinu stæði undir æðri embættismönnum, sem kæra mætti hann fyrir, enda hefði það eigi vantað, að reyna til að lakka hann fyrir aðgjörðir sínar, en það væri enn eigi sýnt eða sannað, að hann hefði gjört rangt eða það, sem stríddi á móti embættisskyldu hans. Hreppsnefndirnar ættu að eins að ráðleggja honum, og styðja hann og styrkja til þess að framfylgja skipunum sínum.

Þetta væri siðferðisleg skylda hreppsnefndanna, og meira að segja lagaleg skylda eptir nú gildandi lögum.

Framsögumaður kvað sig hafa stórlega furðað á því, að varaforseti skyldi vilja fela stjórninni öll afskipti af máli þessu, og hefði hann sízt hugsað, að hann mundi heyra það þaðan. Einnig hefði sig furðað á því, að hann skyldi láta óánægju sína í ljósi yfir því, að mál þetta gengi svo þegjandi og friðsamlega fram hjer á þinginu nú; hann kvaðst þó ætla, að varaforseti sízt allra hefði orsök til að æskja eptir öðrum eins stormi, eins og í hitt hið fyrra, enda hefði hann þá látið í ljósi, að mál þetta hefði eigi farið svo vel sem skyldi á því þingi, og væri því undarlegt, ef hann vildi nú koma því í sama horf. Hann gæti því verið 1. þingmanni Árnesinga þakklátur fyrir það, að hann hefði eptir tilmælum varaforseta komið lífi í umræðurnar, en hann yrði að biðja báða þessa herra að lesa vel nefndarálitið, og sjerstaklega hina nýju 1. grein nefndarinnar alla til enda, svo þeir gætu komizt hjá því, að bera fram rangar ályktanir. Sjer hefði skilizt á orðum þeirra, að með þessari grein væri allt vald dregið úr höndum lögreglustjórans, en þessi ályktun þeirra hlyti að koma af því, að þeir hefðu eigi lesið síðari lið greinarinnar, því að þar stæði: «Þó getur hlutaðeigandi lögreglustjóri eða amtmaður gjört bráðabyrgðarráðstafanir, þegar brýn nauðsyn ber til». Varaforseti hefði sagt, að búið væri að reyna framtakssemi nefnda þeirra, sem skipaðar hefðu verið til þess að sporna við útbreiðslu fjárkláðans, og að þær hefðu eigi dugað neitt, en hann vildi spyrja hann að, hverjar þessar nefndir væru hjer í suðuramtinu, sem búið væri að reyna? sjer væri ekki kunnugt um, að sýslunefndir, eða hreppanefndir hefðu nokkurn tíma haft nokkurt vald eða nokkur meðráð í kláðamálinu hjer á Suðurlandi, og yrði hann því að álíta þessa röksemdafærslu ástæðulausa. Þar á móti gæti hann sagt honum það, að bæði fyrir vestan og norðan hefðu nefndir þessar komið að fullu gagni, og því skyldu þær þá eigi eins geta orðið að liði á Suðurlandi? Hann yrði þó að halda, að Sunnlendingar væru eigi það linari eða duglausari en bæði Vestfirðingar og Norðlingar, að þeir gætu eigi stutt neitt að þessu máli. Lögreglustjórinn væri reyndar nýr liður, eins og varaforseti hefði sagt, en það væri þó eigi ný stjórn, því að sýslumenn hefðu áður haft sömu lögreglustjórn á hendi, og yrði hann að álíta, að þeim væri það eigi of vaxið hjer eptir eins og hingað til, og sýndist sjer óþarfi að halda áfram að kasta út fje til að ljetta á þeim þessum störfum. Hann vildi eigi fara út í framkvæmdir eða embættisverk hins núverandi lögreglustjóra, því að allir mundu því kunnugir hjer á Suðurlandi; hitt vær fremur efasamt, hvort þetta væri eins vel kunnugt á Norðurlandi. Annars þætti sjer undarlegt, að 1. þingmaður Árnesinga skyldi vilja hafa einveldi í þessu, því að það væri þó nokkuð andstætt öðrum frelsiskenningum hans. Varaforseti hefði viljað láta stjórnina ráða öllu og hafa alla ábyrgðina; en sitt álit væri, að stjórnin ætti að hafa ábyrgð á því, að lögunum væri hlýtt, öldungis eins fyrir því, þó sýslu- og hreppanefndir og amtsráð hefðu lagaskyldu til að vera í verki með í sveitamálum, á sama hátt og alþingi er í verki með í löggjafarmálum, því það væri þó líklega ekki meining varaforseta neðri deildar alþingis, að afhenda stjórninni alla stjórntaumana í öllu, og eigi láta alþingi skipta sjer af neinu, þó það með því gæti ljett á sjer ábyrgð.

Arnljótur Ólafsson sagðist halda, að eigi væri gustuk að þreyta þingdeildina á því að tala mikið með þessu nefndaráliti, úr því að mestu skörungar þingsins hefðu lagt svo fast á móti því. Nefndin skoðaði kláðamálið frá 2 hliðum: á aðra hliðina sem lögreglumál, en á hina hliðina sem búskaparmál. Yfirvöld og lögreglustjórn hefðu eingöngu haft málið í höndum hingað til; og því hefði hingað til eigi verið gætt nema annarar hliðar málsins. Nefndinni væri vel kunnugt, að sveitarstjórnarlögin væru árinu

yngri en hin yngri kláðatilskipunin, sem nú gilti, svo að þær tilskipanir gætu eigi verið lagaðar eptir sveitarstjórnarlögunum. En í 39. gr. sveitarstjórnarlaganna, 4. tölulið, væri sýslunefndunum boðið að hafa eptirlit með framkvæmdum hinna sjerstaklegu heilbrigðismálefna. Hann vissi nú eigi betur, en að heilbrigðismála-framkvæmd heyrði alstaðar undir lögreglustjórnina eða væri eitt af því, sem hún ætti að skipta sjer sjerstaklega af; og nú væri í sveitarstjórnarlögunum sveitarstjórninni heimilað að hafa eptirlit með heilbrigðismálunum. Það væri að minnsta kosti, að í lögunum væri ætlazt til, að ráð sveitastjórnanna giltu mikið um heilbrigðismál. Að þessu leyti væri því 1. grein í frumvarpi nefndarinnar samkvæm sveitarstjórnarlögunum.

Það væri engan veginn meining nefndarinnar, að hepta að nokkru framkvæmdir lögreglustjórnarinnar í kláðamálinu, heldur eingöngu að viðurkenna þá hluttekning sýslunefndanna í heilbrigðismálum og þá skyldu þeirra til að afstýra yfirvofandi hallæri í sýslunni, sem sýslunefndirnar hefðu nú samkvæmt sveitarstjórnarlögunum. Hann gæti borið þá kveðju frá Norðlendingum og sjer í lagi frá Eyfirðingum, að þeim hefði aldrei líkað svo vel kláðastjórnin hjer syðra sem núna þessi 2 ár síðan á síðasta alþingi. Þeir segðu eins og Þórr forðum, er hann drakk þurrð á hafið: nú sæist þó nokkur þurrður á kláðanum. Nú hefðu kláðafóstrarnir eigi fengið að leika alveg við lausan taum, og eigi getað útbreitt hann alveg, eins og áður hefði verið gjört.

Hann vildi biðja hina heiðruðu þingdeildarmenn að gæta að viðaukanum við 1. grein hjá nefndinni. Með þessum viðauka væri lögreglustjórninni og yfirvöldunum veitt allt nauðsynlegt vald í kláðamálinu; ráðstafanir þeirru gætu haft fullt gildi um stuttan tíma, án þess að þær væru bornar undir sýslunefnd eða hreppsnefnd. Þannig þyrftu hinar yfirgripslitlu ráðstafanir þeirra, er útheimtuðu skjóta framkvæmd og eindregna, eigi að koma undir sýslunefndirnar. Hann og nefndin byggði á skynsemi og rjettlætistilfinningu hjá yfirvöldum og undirgefnum; það væri eigi til neins að byggja á mótþróa og óhlýðni. Frumvarpið væri byggt á því, að hvorirtveggja, bæði eigendur fjárins annars vegar sem umráðendur þess, og hins vegar lögreglustjórnin sem eptirlitsmaður með því, að kláðinn breiðist eigi út, að þessir hvorirtveggja ættu að koma sjer saman. Hjer væri ráðunum skipt milli hvorratveggja, fulltrúa bænda (hreppsnefnda og sýslunefnda) og yfirvaldanna, og það væri eini rjetti vegurinn til að girða fyrir kala og úlfúð milli yfirvalda og undirgefinna. Eptir áliti nefndarinnar væri mikil trygging í hinum háu sektum, sem til væru teknar í 1.—2. gr. Einnig væri mikið varið í orðið «rjettdræp» í 5. gr., og hvað verðina snerti, væri mikil trygging í fyrirmælum 8. gr., tryggging gegn því, að óþarfir verðir yrðu skipaðir, þar sem amtmaður gæti eigi samþykkt neinn vörð einn saman, heldur yrði að hafa amtsráðið í fylgi með sjer til þess. Amtmaðurinn fyrir norðan hefði nú lagt mörg þúsund króna kostnað upp á jafnaðarsjóðinn að amtsráðinu fornspurðu, og hefði þó ráðið átt fund bæði rjett fyrir og rjett á eptir þessu merkilega boðorði amtmannsins. Gallarnir á hinum eldri kláðalögum væru þeir, að eptir þeim gæti engin samvinna átt sjer stað milli lögreglustjórnarinnar og bænda, og hins vegar að eptir þeim væri kláðafje friðheilagt. Í kláðatilskipunum væri snúið alveg við þeirri grundvallarsetning laganna: «Enginn má annan skaða». Kláðafjáreigendurnir mættu skaða allt landið að ósekju; þeir mættu dreifa kláðanum út um allt land. Það væri meira að segja kennt, að þá kæmist búskapurinn fyrst í almennilegt lag hjá oss, er kláðinn kæmist um land allt, þá fyrst yrði allt gott. Kláðakindin, sem kæmist í heilbrigt fje og eitraði það, væri friðhelg; hún mætti eigi vera rjetttæk, hvað þá heldur rjettdræp. Þannig hefðu lögin verið, og þannig hefðu forvígismenn þjóðheilla vorra kennt og prjedikað. Nú fyrst væri sveitastjórnunum gefin rjett hluttekning í velferð-

armáli allra búandi manna, allra landsmanna; nú væri fyrst komið með almennilegar sektir fyrir mótþróa og hirðuleysi kláðafjáreiganda; en þá kæmu líka óðara fram á sjónarsviðið vinir þeirra og formælendur, og heimtuðu sektirnar færðar niður, til þess að friða kláðann enn um ókomna tugi ára. Svo yrði að setja «rjetttæk» fyrir «rjettdræp», annað mætti eigi segjast. Jú, það mætti að vísu taka kindina, en svo ætti að senda eptir eigandanum, upp á hreppsins kostnað sjálfsagt. Þetta væri makalaust praktisk grein í frumvarpinu. Setjum svo, að vörður væri skipaður uppi á Kaldadal. Nú kæmi þar kláðakind, sem varðmennirnir handsömuðu. Hið fyrsta, sem þeir ættu þá að gjöra, væri að stúdera markaskrárnar; þeir yrðu að hafa hjá sjer markaskrár fyrir allt landið, til þess að leita uppi eigandann. Það uppgötvaðist þá að lokum, að kindin væri úr Álptaneshreppi, ekki samt frá Bessastöðum, því þar væri ekkert mark á kindum. Svo yrði þá að senda mann úr verðinum suður á Alptanes til þess að flytja þangað þann boðskap, að uppi á Kaldadal, uppi hjá Kerlingu eða einhverstaðar, væri kind af Álptanesi. Nú hirti eigandinn eigi um þennan boðskap og sækti eigi kindina. Þá ætti nú að fara að halda uppboð á henni þar upp frá, líklega upp á Baldjökli; sýslumaður ætti að bregða sjer þangað og halda þar uppboð á kindinni fyrir hraunsteinunum.

Hann sagðist eigi ætla að tala meira í þessu máli; sjer væri sama, þótt allt málið fjelli, úr því búið væri að fara svona með það.

Varaforseti sagðist vera samdóma 1. þingmanni Árnesinga um það, að hefði þingið sjálft farið að semja núna kláðalagafrumvarp, mundi það hafa orðið allt öðruvísi en þetta, sem stjórnin hefði sent okkur og efri deildin síðan kákað við; það mundi hafa orðið allt öðruvísi, hefði það komið frá hjartarótum neðri deildarinnar eða þingmanns Árnesinga sjálfs, eins og hann kæmist stundum að orði. Hann kvaðst ætla að fara að eins sárfáum orðum um stjórnarfrumvarpið. Hann skildi svo stjórnarfrumvarpið, sem það væri eigi meining ráðgjafans að veikja framkvæmdir lögreglustjórnarinnar, heldur að styrkja hana. Það færi fram á að hækka sektir, herða eptirlit með trössum og þverhöfðum o. s. frv. Það er efri deildina snerti, þá kvað hann hana hafa dregið úr þessum góða tilgangi ráðgjafans, og kvaðst hann eigi geta leitt hjá sjer, að benda á hina nýju ákvörðun í 8. grein frumvarps efri deildarinnar, er færi því fram, að varðkostnaðinn skyldi að hálfu leyti greiða úr landssjóði; þetta væri spánný ákvörðun, og gæti það engum dulizt, að þetta mundi geta orðið býsna-hár skattur, og kvaðst hann eigi vita, hvort 1. þingmanni Norður-Múlasýslu mundi þykja hann betri, en lausafjárskatturinn. Kvaðst hann sjerstaklega vilja leiða athygli deildarinnar að þessu atriði, er svo mikil breyting væri fólgin í. Hann kvaðst því næst vilja víkja máli sínu að breytingaruppástungum nefndarinnar í þessari deild. Það liti svo út, sem nefndinni alls eigi hefði dottið í hug að skoða afleiðingarnar af breytingaruppástungum sínum; en þess kvaðst hann fullviss, að ef breytingar þessar yrðu að lögum, þá mundu þær draga allt vald úr höndum lögreglustjórans, og væri það einkum viðbótin í 1. grein nefndarálitsins, er orsakaði þetta, því að þar væri svo ákveðið, að allar ráðstafanir, er lögreglustjórninni ber að framkvæma í fjárkláðamálinu, skuli gjörðar eptir ráði og með samþykki hlutaðeigandi hreppsnefndar; mundi þetta eigi draga úr framkvæmdum lögreglustjórans? mundi hann eigi hugsa sig um, að fara að gefa út bráðabyrgðarlög, þegar hreppsnefndirnar ættu að leggja samþykki sitt til þeirra, og dæma þannig í sinni eigin sök, því að «sá fer eigi sekur heim af þingi, er sjálfur dæmir»; þetta væru því hrein og bein nýmæli, og mundi fyrsta afleiðingin verða af þeim sú, að lögreglustjórinn mundi hika sjer við, að koma fram með nokkrar breytingar, og ef hann rjeðist í það, er nokkuð lið væri í, þá mundi það valda ríg og sundurlyndi milli lögreglustjór-

ans og sveitarstjórnarinnar. Hann kvaðst eigi vilja fara út í það, hvernig það hefði gengið til áður? en hver sem til þekkti, mundi renna augljósan grun í, hvernig fara mundi; þetta mundi valda sama aðgjörðaleysinu og áður. Hann kvaðst eigi vilja leiða hjá sjer að minnast á hvernig kláðamálið blasti nú við. Hann kvaðst vera samdóma 1. þingmanni Árnesinga um það, að engin ástæða væri til að ætla, að nú væri hvervetna kláðalaust orðið, heldur að allt svæðið millum Hvítánna væri grunað; en aptur yrðu menn það að játa, að aldrei hefði jafnlítið borið á fjárkláðanum sem nú. Hann kvaðst hafa verið hjer nálega annaðhvort sumar, eptir að fjárkláðinn hefði komið upp, og hefði aldrei verið talað eins lítið um kláðann og nú í sumar, og hverju væri þetta að þakka? Árið 1875 hefði svo mátt heita, að nálega allt hefði verið í kláðabáli; þá hefðu tvívegis verið teknar kláðakindur í Ölfusi og skornar; nú væri eigi talað um neitt þetta; og hverju væri það að þakka? meðfram, ef ekki eingöngu, lögreglustjóranum í fjárklaðamálinu, þessum nýja framkvæmdarlið, er hefði orðið afleiðingin af umræðunum um kláðamálið á þinginu 1875. Það gæti vel verið, að ýmislegt mætti finna að kláðastjórn lögreglustjórans, en hver maður mundi hafa getað staðið í sporum hans, án þess að sæta meira eða minna álasi og aðfinningu alþýðu manna? Hann kvaðst vilja minnast á einn mann, er væri nafnfrægur í máli þessu, er væri amtmaður sálugi Havstein; kvaðst hann geta fullvissað menn um, að aðgjörðir hans í máli þessu hefðu eigi verið svo aðfinningalausar, og hefði eigi síður verið fundið að framkvæmdum hans í fjárkláðamálinu en lögreglustjóra þess, er nú væri; en af því að amtmanni Havstein hefði tekizt að yfirstíga kláðann, þá hefði þetta gleymzt, og væri þó mikil spurning um, hvort aðferð sú, er hann hefði brúkað í máli þessu, hefði verið löglegri en sú aðferð, er lögreglustjórinn hefði um hönd.

Framsögumaður sagðist óska að fram færa að eins fáar athugasemdir, áður en til atkvæða væri gengið, sjer í lagi út af orðum varaforseta viðvíkjandi 8. grein í frumvarpi efri deildarinnar; hann hefði sagt, að í henni væri spánný kenning, og bent á, hvað kostnaðurinn við verðina yrði óbærilegur fyrir landssjóðinn; þetta þætti sjer merkileg kenning, að það, sem óbærilegt væri fyrir landssjóðinn, það væri hægra að bera fyrir einstaka menn eða einstök hjeruð; varaforseti mætti þó muna eptir því, að 5. grein í viðauka-tilskipun 4. marz 1871 væri lögleidd þvert ofan í tillögur hans og annara þingmanna 1869, og mætti því heita valdboð, eins og sumt annað á þeim tímum; þætti sjer því undarlegt, að hann skyldi nú hafa tekið því ástfóstri við grein þessa, að eigi mætti breyta henni, og það því fremur, sem hún væri ranglát og ósanngjörn, að allra rjettsýnna manna áliti; að öðru leyti kvaðst hann verða að lýsa því yfir, að flestallar röksemdaleiðslur varaforseta í þessu máli væru byggðar á ókunnugleika á núverandi ástandi og kringumstæðum, enda hefðu ályktanir hans flestar verið rangar og rammskakkar.

Þegar hjer var komið umræðunum, beiddust 9 þingdeildarmenn þess, að umræðunum yrði slitið, og voru þeir þessir:

Snorri Pálsson,
Jón Blöndal,
Ísleifur Gíslason,
Stephán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Benidikt Sveinsson,
Einar Guðmundsson,
Páll bóndi Pálsson,
Páll prestur Pálsson.

Bar forseti því næst undir atkvæði, hvort umræðunum skyldi hætt, og var það samþykkt með meiri hluta atkvæða. Bar forseti frumvarpið því næst undir atkvæði deildarmanna, og fjellu þá atkvæði þannig:

1. 1. grein nefndarinnar á undan 1. grein frumvarpsins samþykkt með 13 atkv.
2. Breyting 2 þingdeildarmanna við 1. gr. frumvarpsins felld með 16 atkvæðum gegn 3.

3. 1. grein frumvarpsins (2. gr.) óbreytt samþykkt með 17 atkvæðum.
4. Breyting nefndarinnar við 2. grein frumvarpsins samþykkt með 14 atkvæðum.
5. Breyting 1. þingmanns Skaptfellinga við 2. grein felld með 12 atkvæðum gegn 3.
6. 2. grein með áorðinni breytingu samþykkt með 16 atkvæðum.
7. Breyting 1. þingmanns Skaptfellinga við 3. grein. Hjer varð atkvæðagreiðslan óglögg, og ljet því forseti við hafa nafnakall, og fór það þannig:

Já sögðu:
Arnljótur Ólafsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Gíslason,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Páll prestur Pálsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson.

Nei sögðu:
Halldór Kr. Friðriksson,
Ísleifur Gíslason,
Benidikt Sveinsson,
Einar Guðmundsson,
Grímur Thomsen,
Hjálmur Pjetursson,
Jón Blöndal,
Jón Sigurðsson,
Pall bóndi Pálsson,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,

Var breytingin þannig felld með 14 atkvæðum gegn 8. Einar Ásmundsson var eigi við staddur.
8. Breyting nefndarinnar við 3. grein samþykkt með 14 atkvæðum.
9. Breyting 2 þingmanna við 3. grein felld með 17 atkvæðum gegn 4.
10. 3. grein með áorðinni breytingu samþykkt með 15 atkvæðum.
11. Breyting nefndarinnar við 4. grein samþykkt með 13 atkvæðum.
12. Breyting 1. þingmanns Skaptfellinga felld með 12 atkvæðum gegn 7.
13. 4. grein með áorðinni breytingu samþykkt með 14 atkvæðum.
14. Breyting 2 þingmanna við 5. grein felld með 16 atkvæðum gegn 4.
15. 1. breyting nefndarinnar við 5. grein. Hjer varð atkvæðagreiðslan óglögg, og var því við haft nafnakall, og fór það þannig:

Já sögðu:
Ísleifur Gíslason,
Arnljótur Ólafsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Gíslason,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Jón Blöndal,
Páll prestur Pálsson,
Páll bóndi Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei sögðu:
Halldór Kr. Friðriksson,
Benidikt Sveinsson,
Einar Guðmundsson,
Grímur Thomsen,
Jón Sigurðsson,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Þorlákur Guðmundsson.

Var töluliðurinn þannig samþykktur með 14 atkvæðum gegn 8.
Einar Ásmundsson var eigi við staddur.
16. 2. breyting nefndarinnar við 5. grein samþykkt með 15 atkvæðum.
17. Breyting 1. þingmanns Skaptfellinga við 5. grein samþykkt með 13 atkvæðum gegn 1.
18. 3. breyting nefndarinnar við 5. grein samþykkt með 13 atkvæðum.
19. 5. grein frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt með 14 atkvæðum.

20. Breyting 2 þingdeildarmanna við 6. gr. frumvarpsins felld með 15 atkvæðum gegn 5.
21. 6. grein óbreytt samþykkt með 16 atkvæðum.
22. Breyting 2 þingdeildarmanna við 7. gr. samþykkt með 13 atkvæðum.
23. 7. grein með áorðinni breytingu samþykkt með 15 atkvæðum.
24. Breyting nefndarinnar við 8. grein samþykkt með 14 atkvæðum.
25. 8. grein með áorðinni breytingu samþykkt með 14 atkvæðum.
26. 9. grein óbreytt samþykkt með 15 atkvæðum.
27. Að málið skyldi ganga til 3. umræðu, var samþykkt með 14 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 56. fundi neðri þingdeildarinnar, 27. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu *frumvarp til laga um breytingar og viðauka við tilskipanir 5. janúar 1866 og 4. marz 1871 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.* Varð engin umræða um málið, og var því þegar gengið til atkvæða um frumvarpið í heild sinni, eins og það var samþykkt við 2. umræðu. Var frumvarpið nú samþykkt með 15 atkvæðum gegn 6, og kvað forseti það mundu verða sent til forseta efri deildarinnar.

Var frumvarpið nú þannig orðað:

FRUMVARP
til laga um breytingar og viðauka við tilskipanir 5. janúar 1866 og 4. marz 1871 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

1. grein.

Allar þær ráðstafanir, er lögreglustjórninni ber að framkvæma samkvæmt lögum þessum og hinum eldri tilskipunum um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi, skulu gjörðar eptir ráði og með samþykki hlutaðeigandi hreppsnefndar, ef ráðstöfunin viðvíkur einstökum bæjum í einum hreppi, og með ráði og samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar, ef ráðstöfunin viðvíkur meiri hluta hrepps eða fleiri hreppum í sömu sýslu; ef ráðstöfunin viðvíkur heilli sýslu, eða meiri eða minni hluta af fleiri sýslum, skal leita samþykkis hlutaðeigandi amtsráðs, eða amtsráða, þegar fleiri en eitt amt á hlut að máli.

Þó getur hlutaðeigandi lögreglustjóri, eða amtmaður, gjört bráðabyrgðarráðstafanir, þegar brýn nauðsyn ber til; en leita skal þá svo fljótt sem unnt er samþykkis hlutaðeigandi hreppsnefndar, sýslunefndar eða amtsráðs, eptir því sem við á, ef ráðstöfunin á að hafa fullt gildi um lengri tíma.

2. grein,

Sektir þær, sem ákveðnar eru í tilskipun 5. janúar 1866, 7. gr., fyrir óhlýðni eða hirðuleysi í því, að fylgja þeim reglum, sem yfirvaldið fyrir skipar um meðferð á kláðasjúku eða grunuðu fje, skulu hækkaðar til 10—500 kr.

3. grein.

Hafi fjáreigandi gjört sig sekan í slíkri óhlýðni eða hirðuleysi, að honum verði eigi eptir áliti lögreglustjóra og hreppsnefndar eða sýslunefndar trúað fyrir meðferðinni á sjúku eða grunuðu fje, getur amtmaður skipað svo fyrir, að fjeð skuli sett undir tilsjón, sem tryggjandi sje, á kostnað eigandans. Hið sama gildir einnig, þegar svo stendur á, að fjáreigandi hefur fleira fje, en hann getur sjeð fyrir og útvegað húsrúm, eptir áliti því, sem lögreglustjóri og hreppsnefnd áður hafa látið uppi um það, þegar taka skal fjeð til lækninga eptir ákvörðun yfirvaldsins.

4. grein.

Sjerhver fjáreigandi, sem verður var við kláðavott á fje sínu, skal tafarlaust tilkynna það hreppstjóra. Láti hann þetta hjá líða, skal hann sæta 10—200 kr. sektum.

5. grein.

Nú er skipað fyrir um böðun á sjúku eða grunuðu fje, eptir því sem segir í 1. grein, og skulu hreppsnefndirnar þá sjá um, að nægileg böðunarmeðul og á-

höld sjeu til í hreppnum á þeim tíma, sem yfirvaldið til tekur, enda gjöri yfirvaldið ráðstöfun til, að baðmeðul þá verði fáanleg til kaups á lyfjabúðum og helztu verzlunarstöðum, og mega þær, ef á þarf að halda, greiða borgunina fyrir meðulin úr hreppssjóði, eða skuldbinda hann til þess, að ábyrgjast borgunina gegn endurgjaldi frá fjáreigendum. Sömuleiðis skulu þær ásamt hreppstjórunum gjöra allar þær ráðstafanir, sem yfirvaldið fyrir skipar til þess, að lögum þessum verði fram fylgt. Sje þetta vanrækt, liggja við sektir samkvæmt 8. gr. laga þessara.

6. grein.

Þegar yfirvaldið hefur fyrir skipað samkvæmt 1. gr., að hafa skuli fje í heimagæzlu, er hver sú kind, sem sleppur úr heimagæzlunni, rjett-dræp. Hið sama er og um fje, sem sloppið hefur yfir varðstöðvar, þar sem verðir eru settir með samþykki yfirvaldsins, til þess að stemma stigu fyrir útbreiðslu kláðans. Sje kind sú, er sloppið hefur og tekin er, kláðasjúk, skal andvirði hennar ganga til sjóðs þess hrepps, þar sem hún var tekin, en ella skal það goldið eiganda.

7. grein.

Nú hefur yfirvaldið gefið út bann gegn því, að reka eða flytja fje milli hreppa eða annara hjeraða, þá varðar það 20—200 kr. sektum, ef móti því er brotið, og getur amtmaður þar að auki, þegar ætla má, að nokkur hætta fyrir útbreiðslu sýkinnar geti af því hlotizt, skipað, að lóga skuli fjenu á kostnað eiganda og skaðabótalaust.

8. grein.

Sýni nokkur sá, sem yfirvaldið hefur skipað til þess, að framkvæma ráðstafanir þær, sem segir fyrir um í lögum þessum, hirðuleysi, mótþróa eða óhlýðni gegn því, sem honum er fyrir lagt í þessu tilliti, skal hann sæta 20—200 kr. sektum.

9. grein.

Virðist hætta búin, að fjárkláðinn eða önnur næm fjárveikindi berist til heilbrigðra hjeraða, samkvæmt áliti og eptir tillögum einnar sýslunefndar eða fleiri, skal amtmaður að þar til fengnu samþykki landshöfðingja skipa svo fyrir, að settir sjeu verðir milli sjúkra eða grunaðra hjeraða og heilbrigðra, og skal þá jafnframt sú breyting gjörð við 5. gr. tilsk. 4. marz 1871 á lúkningu varðkostnaðarins, að helmingur hans greiðist úr landssjóði, en helmingur af öllum sauðfjáreigendum í landinu, og jafnist hann á þá eptir framtölu sauðfjár til búnaðartöflunnar.

10. grein.

Sektir eptir lögum þessum renna í landssjóð, og skulu mál, sem af því rísa, rekin og dæmd sem opinber lögreglumál.

Á 50. fundi efri þingdeildarinnar, 28. dag ágústmán., var *frumvarpi til laga um breytingar og viðauka við tilskipanir 5. jan. 1866 og 4. marz 1871 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi* útbýtt meðal þingdeildarmanna, og skoraði forseti á nefndina er áður hefði verið sett í því máli, að láta uppi álit sitt um það, eins og það nú kom frá neðri þingdeildinni.

ÁLIT

nefndar þeirrar, sem sett var í málinu: konunglegt frumvarp til laga um breytingar og viðauka við tilskipanir 5. janúar 1866 og 4. marz 1871 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, um ofangreint frumvarp, eins og neðri deild alþingis hefur breytt því.

Hin háttvirta neðri deild alþingis hefur enga efnisbreytingu gjört á frumvarpi þessu aðra en þá, er felst í 1. gr. frumvarpsins, sem er nýr viðauki við frumvarp efri deildarinnar, og leyfum vjer oss að ráða hinni heiðruðu deild til að aðhyllast breytingu þessa og frumvarpið í heild sinni.

Efri deild alþingis, 28. ágústm. 1877.

Stefán Eiríksson, formaður.
Sighvatur Árnason, framsögum.
Benidikt Kristjánsson, skrifari.

Á 51. fundi efri þingdeildarinnar, 29. dag ágústm., bar forseti undir atkvæði þingdeildarinnar, hvort mál þetta mætti taka á dagskrá til næsta dags, þó að nefndarálitið eigi hefði legið frammi hinn löglboðna tíma, en því var neitað með 7 atkvæðum gegn 4, og gat málið þannig ekki orðið útrætt á þinginu, þar sem þinginu var slitið daginn eptir.

XIX.

Frumvarp

til

laga um leysing á sóknarsambandi.

1. grein.

Sjerhverjum þeim, er til safnaðarins heyrir og forráða er, skal heimilt að leita til annars prests utansóknar um kirkjuleg efni, enda sje prestur sá yfir tiltekinn söfnuð skipaður, og skal þá gæta þess, sem hjer segir.

2. grein.

Hann skal tala sig saman um málið, eins og þörf er á, við prest þann, er hann vill láta framkvæma fyrir sig kirkjulegar athafnir, og yfirhöfuð óskar að leita til sem sálusorgara síns. Þegar ráðstöfun sú er gjör, sem þörf er á, skal málið tilkynnt prófasti, og skýrir hann þá aptur hlutaðeigandi sóknarpresti frá því, er afráðið hefur verið. Nú vill hann aptur hverfa til sóknarprests síns, og gjörir hann þá prófasti viðvart, en hann skýrir aptur báðum prestum frá því, er við þarf.

3. grein.

Enn fremur skal sá, er hlut á að máli, láta sóknarpresti sínum í tje allar þær skýrslur um kirkjulegar athafnir, er hinn presturinn framkvæmir, sem útheimtast til þess, að kirkjubókin verði áreiðanlega færð, en sóknarpresturinn er skyldur að sjá um, að allt það verði ritað í kirkjubók, sem lögin heimta. Skal tilkynning þessi gjörð í síðasta lagi innan 14 daga frá því, er hin kirkjulega athöfn var framkvæmd, og skal henni fylgja skírteini prests þess, er framkvæmt hefur athöfnina; skal og sá hinn síðarnefndi gjöra grein fyrir hinni kirkjulegu athöfn í kirkjubók sóknarinnar, þó skal eigi setja tölu á þann blaðadálk, nema þar sem fermingar er getið. Sje tilkynning þessi vanhirt, varðar það 2 til 10 króna sekt til fátækrasjóðs eptir nánari ákvörðun yfirvaldsins, og skal bæta við öðrum 2 til 10 kr. fyrir hverja viku, sem líður, án þess fullnægt sje skyldu þessari.

4. grein.

Þegar skýra skal hlutaðeiganda presti frá fæðingu barna, skal tilkynning um það gefin prestinum í þeirri sókn, þar sem barnið hefur fæðzt.

5. grein.

Sóknarpresturinn í þeirri sókn, þar sem brúðurin á heima, skal lýsa með hjónum, og ef bann verður lagt fyrir hjónavígslu, skal það einnig tilkynnt þeim hinum sama presti. Þar á móti skal prestur sá, er hjónavígslu framkvæmir, fá vottorð prests frá heimili brúðarinnar um það, sem nú var talið, og að öðru leyti sjá um, eins og lög

gjöra ráð fyrir, að alls þess sje gætt, sem lög segja fyrir um, þá er hjónaband skal stofnað.

6. grein.

Leyfi það, sem útheimtist eptir 1. gr. í tilsk. 26. jan. 1866 um hjúahald á Íslandi, til þess að ófermd hjú megi ráða sig í vist skal prestur sá veita, er það skal staðfesta

7. grein.

Sáttatilraun sú, sem lögboðin er í tilsk. 18. oktbr. 1811, þegar hjón vilja slíta sambúð eða gjöra með sjer fullan skilnað, skal framkvæma sálusorgari sá, er þau hafa sjer tekið eptir lögum þessum, og skal hann einnig gefa út vottorð þau, er heimtuð verða um siðferði þeirra og háttalag; þó skal sóknarpresturinn fylla út það, sem á vantar, þegar svo stendur á.

8. grein.

Sóknarpresturinn skal annast um, að senda skýrslur þær, sem lögboðnar eru um fæðingar, skírn, hjónavígslur og andlát, einnig gefa út vottorð, sem skrifuð eru út úr kirkjubók, nema að því leyti, er fermingu snertir, því um hana skal prestur sá senda skýrslu og gefa út vottorð, er hana hefur framkvæmt.

9. grein.

Sóknarmenn þeir, er hafa skilið sig frá söfnuði, eiga heimting á hver fyrir sitt leyti, að láta prest þann, er þeir hafa tekið sjer, halda barnsskírn og hjónavígslu í sóknarkirkju þeirra, svo og skriptamál, altarisgöngu og líkræðu, og láta hann á kirkjugarðinum í þeirra sókn halda líkræður og kasta moldu á lík; þó skal hann á undan hjá sóknarpresti hafa fengið vissu fyrir því, að kirkjan eða kirkjugarðurinn eigi verði til annars höfð á þeim tíma, sem til er tekinn.

Meðhjálpari sá, sem skyldur er að vera nærstaddur og taka þátt í þjónustugjörðinni, þegar sóknarprestur heldur hana, skal hafa hina sömu skyldu, þegar prestur sá er utansóknar, er hana framkvæmir.

Við altarisgöngu skal utansóknar-prestur hafa með sjer brauð og vín, en meðhjálpari sóknarinnar skal aptur á móti sjá um, að annað það, sem með þarf við hinar kirkjulegu athafnir, sem taldar eru, sje á reiðum höndum.

10. grein.

Sá, sem hefur sagt skilið við sókn, greiðir framvegis prestinum í þeirri sókn öll þau kirkjugjöld, sem liggja á fasteign og atvinnu. Prestar þeir, sem eru, skulu þar að auki halda hátíða-offrum og aukakirkjutekjum einnig fyrir athafnir þær, sem þeir eigi eru beðnir um að framkvæma, á meðan þeir halda embættum sínum. En er þeir fara frá, skulu hátíða-offur og aukatekjur einungis goldnar þeim presti, sem sá hefur tekið sjer, er í hlut á.

ATHUGASEMDIR
við lagafrumvarp þetta.

Eptir lögum þeim, sem eru, er sjerhver meðlimur þjóðkirkjunnar bundinn við söfnuðinn í þeirri sókn, er hann á heimili sitt, og skyldur að láta prest þess safnaðar framkvæma kirkjulegar gjörðir, svo sem skírn, vígslu og greptrun, einnig leita hans um altarisgöngu, og gjalda honum offur og borgun fyrir embættisgjörðir þær, er hann framkvæmir. Það verður þó eigi varið, að band þetta þröngvar tilfinnanlega að andlegu frelsi einstakra manna, einkanlega þegar sóknarmönnum og presti semur svo illa, að hið frjálsa og ástúðlega samband þeirra á milli, sem er skilyrðið fyrið heilsusamlegri framför í lífi safnaðarins, fer að förgörðum. Þess vegna hefur frá fyrri tímum einstökum mönnum verið veitt leyfi til, þegar þess hefur verið beiðzt, að leita þjónustu óviðkomanda prests, þar sem málavextir mæltu fram með, smbr. leyfisbrjef 23. apríl 1736, 20. júní 1740, 20. maí 1823, 11. septbr. 1838, 6. apríl 1841 og 11. febr. 1876. En það virðist æskilegt og samkvæmast grundvallarreglum stjórnarskrárinnar, að lögákveðin heimild til þess að kjósa sjer annan sálusorgara, er þeir mættu ákjósa sjer til trúnaðarmanns, yrði veitt sóknarmönnum þeim, er slíkt mættu æskja, og fyrir því hefur stjórnarráðinu virzt tilefni

til að leggja fyrir alþingi frumvarp þetta, sem fer fram á eptir reglum þeim, sem ítarlegar eru tilteknar, að leyfa hverjum einum, er þess óskar, að taka sjer annan prest, en sóknarprest sinn, og þar hjá, að láta framkvæma hinar kirkjulegu athafnir í sóknarkirkju sinni, og á kirkjugarði þeim, er þar til heyrir. Þegar setja skal ákvarðanir þær, sem með þarf í þessu efni, eru það auk þess, sem þegar er tekið fram um mannlegt frelsi, einkum tvö atriði, er til greina koma, nefnilega að við haldið sje góðri reglu í þjóðkirkjunni jafnframt frelsinu (2—9. gr.), og að haft sje tillit til þeirra presta, er í hlut eiga (10. gr.).

Um hið fyrra atriði skal þess getið, að aðalskilyrðið fyrir því, að losast við sóknarsamband, virðist eiga að vera, að frjálsræði til þess, að taka sjer annan prest en sóknarprest sinn, sje því skilyrði bundið, að prestar þessir sjeu settir yfir tiltekinn söfnuð, þ. e. að skilja, sjeu sóknarprestar, því ótakmarkað frelsi til þess að kjósa sjer prest fyrir sálusorgara, sem yfir engum söfnuði rjeði, t. d. prest, er sagt hefði af sjer, eða hjástoðarprest, yrði auðveldlega vísir til þess, að kollvarpa safnaðarhugmyndinni. En þetta er svo fjarlægt tilgangi frumvarps þessa, að það einmitt með því, að leysa upp landaskil þau, er nú tengja söfnuðina saman, ætlar að koma því til leiðar, að samlyndið í söfnuðinum fái enn meira afl og festu. Jafnframt og 1. gr. frumvarpsins ákvarðar það, sem þörf er á í þessu efni, eru í 2. gr. settar reglur um, hvernig gengið verði úr einum söfnuði í annan, sem bæði eru lagaðar til þess, að fá sönnun fyrir því, til hvers safnaðar sjerhver meðlimur þjóðkirkjunnar heyri, og samboðnar því, er málið er svo áríðandi. 3. gr. setur ákvarðanir þær, sem með þarf til þess, kirkjubækurnar verði nákvæmlega færðar, og þykir eigi þurfa frekari skýringar við. En da þótt ætla megi, að hin gildandi löggjöf hafi inni að halda verulegar leiðbeiningar til þess, að leysa úr spurningum þeim, sem ræðir um í 4.—8. gr., hefur samt þótt við eiga, að skipa með berum orðum fyrir um það í frumvarpi þessu. Þar sem eigi þykir að öðru leyti ástæða til að gjöra frekari athugasemdir við efni þessara ákvarðana, skal þess þó getið um 4. gr., að eigi er til nein almenn skipun um að segja sóknarpresti til fæðingar barns, en aptur hefur yfirsetukonum verið lagt fyrir að segja honum til hverrar andvana fæðingar, sem að ber, smbr. umburðarbrjef kansc. 24. desbr. 1802, 1. gr., og er einnig með 10. gr. í frumvarpi því um borgaralegt hjónaband, sem nú verður lagt fyrir alþingi, gjört þeim foreldrum að skyldu, er eigi láta börn sín álimast þjóðkirkjunni með skírninni, að skýra hlutaðeiganda presti frá fæðingunni.

Þar eð það væri optlega miklum erfiðleikum og vandkvæðum bundið, ef þeir, er hefðu skilið sig frá sóknarpresti sínum, væri útilokaðir frá að hafa sóknarkirkju sína til kirkjulegra athafna, og yrðu til þess að sækja kirkju í annari sókn, — en mörgum mundi þykja athöfnin missa mikið af hátíðabragði sínu, ef þeir, til þess að komast hjá erfiðleikum þeim, sem getið er, ljetu athöfnina fram fara heima hjá sjer, þegar því annars verður við komið — þá hefur í 9. gr., eins og að ofan er á vikið, verið stungið upp á, að þeir, er slitið hafa sóknarsambandi, skuli hver um sig eiga heimild á, þegar kirkjulegar athafnir þær eiga fram að fara, sem greinin telur, að hafa til þess kirkju eða kirkjugarð sóknarinnar, þó svo, að tiltekinn verði þannig tíminn, að kirkjan eða kirkjugarðurinn ekki sje til annars höfð af presti sóknarinnar sjálfrar, og að utansóknar-prestur fullvissi sig um, að svo sje.

Til viðurhalds hinni venjulegu reglu í kirkjunni, er athafnir þessar fara fram, hefur það verið álitið nauðsynlegt, að hinn vanalegi meðhjálpari sóknarinnar gæti þar starfa sinna, þegar utansóknar-prestur notar kirkjuna, smbr. 9. gr., 2. og 3. staflið.

Að því er að endingu snertir tillit það, er hafa skal til hlutaðeiganda sóknarprests, er það sjálfsagt, að gjöld þau, er liggja á eign, jarðyrkju eða öðrum atvinnuveg — og því eigi eiga neitt skylt við viðskipti á milli

prests og greiðanda, — skuli honum framvegis greidd af þeim, er sagt hefur sig úr sókn.

Aptur á móti þykir rjett, að hátíðaoffur og borgun fyrir einstakar kirkjulegar athafnir verði venjulega einungis goldin presti þeim, er hlutaðeigandi hefur kosið sjer, en þó hefur virzt ástæða til að veita prestum þeim, er, frá því þeir voru skipaðir í brauðið, hafa gjört sjer von um þess háttar gjöld frá öllu sóknarfólki, trygging fyrir því, að þeir fengju þessi gjöld, meðan þeir eru í þessum embættum, svo að þeir, er sig hafa sagt úr sókninni, verði einnig að greiða sóknarpresti þeim, sem nú er, offur og aukatekjur, þótt þeir láti hann eigi veita sjer prestsþjónustu, sbr. 10. gr. frumvarpsins.

FYRSTA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 5. fundi efri þingdeildarinnar, 7. dag júlím., kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu *frumvarp til laga um leysingu á sóknarsambandi.*

Stefán Eiríksson kvað líklegt, að flestir þingmenn mundu að vísu taka til máls um þetta frumvarp, og sjer í lagi prestarnir, en kvaðst þó vilja láta meiningu sína í ljósi; þótti honum, sem það mundi fullt efni til sundrungar í sóknarfjelaginu, ef hver og einn mætti hlaupa frá einum sóknarpresti til annars. Tók hann þá til dæmis, að prestur kynni að finna að við bónda um uppfræðingu á börnum hans, er ferma ætti, og jafnvel vísa þeim frá fermingu; mundi bóndinn þá jafnskjótt hlaupa til annars prests, er hann vissi að óvandari væri að uppfræðingu barna, og fá barnið þar fermt; þetta gæti leitt til mestu óreglu í sóknarfjelaginu, og orðið til sundurlyndis milli prestanna sjálfra, sem jafnan væri mjög leitt. Enn fremur minntist hann þess, að þar sem utansóknarprestur sá, en einhver hefði tekið fyrir sinn prest, mætti eigi halda líkræður, er sá maður kynni að óska af honum, við sína kirkju nema í kirkjugarði, þá væri sú tilhögun óheppileg hjer á Íslandi, með því að veðurátta mundi opt geta orðið því til fyrirstöðu, að halda ræður úti á strætum og gatnamótum. Yfir höfuð virtist honum frumvarpið gefa tilefni til mestu óreglu bæði í einu sem öðru, en hryggilegast væri, að með þessu væri eyðilögð hin kirstilega uppfræðing barna. Hann kvaðst því hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að frumvarp þetta væri eigi nauðsynlegt, og kvaðst vona, að þingdeildin fyndi eigi ástæðu til, að láta það ganga lengra.

Sighvatur Árnason kvaðst eigi vera þingmanninum alveg samdóma um þetta mál, og kvað sjer finnast frumvarpið hafa talsvert við að styðjast; sjer sýndist það band, er nú hvíldi á mönnum, um að mega eigi hafa aðra presta, en sinn eiginn sóknarprest, vera móti andlegu frelsi, og kvaðst vita dæmi til, að menn hefðu vegna þessara banda vanrækt altarisgöngu, af því að þeir hefðu eigi mátt hafa annan prest, en sóknarprest sinn; kvað hann það heldur eigi mundu geta valdið neinni sundrungu almennt, þó að leitað væri einstöku sinnum frá einum presti til annars, og því síður að slíkt verkaði á almenn sóknarbönd; kvaðst því vilja, að málið gengi til 2. umræðu, en legði enga áherzlu á, að nefnd væri kosin.

Eiríkur Kúld kvaðst eigi vera móti því, að málið gengi til 2. umræðu, en þingmanni Rangæinga væri hann alls eigi samdóma, því að sjer fyndist, að þetta frumvarp, ef það yrði að lögum, mundi einmitt verða meðal til þess, að slíta sambandið milli prestsins og safnaðarins, og gæti enda orðið ópokkaefni milli presta innbyrðis, eins og þingmaður Skaptfellinga hefði tekið fram. Kvað hann sjer þykja það æskilegt teikn tímans, að frumvarp þetta kæmi utan að, en eigi úr landinu sjálfu, og þó að þess konar lög kynnu að vera nauðsynleg í Danmörku, væru þau hjer ónauðsynleg og jafnvel háskaleg; reyndar væri allt kirkjulegt frelsi æskilegt, þó því að eins, að það væri bundið föstum reglum. Kvaðst hann vera samdóma þingmanni Skaptfellinga og þekkja lík dæmi

og hann. Sagðist hann vita til þess, að prestur hefði vísað barni frá fermingu, en eptir tæpa viku hefði annar prestur fermt það eptir bæn viðkomandi, og væri sjer þó kunnugt um, að barnið hefði alls eigi verið fermingarfært; sýndist sjer þetta dæmi nægilegt gegn dæmi því, er þingmaður Rangæinga hefði sett, þótt það að vísu kynni að geta átt sjer stað. Það væri vitaskuld, að prestar væru engir englar, heldur breyzkir eins og aðrir menn, og sumir ef til vildi fremur stirðir og óliprir, svo að stöku menn gætu ekki fellt sig við þá, en aðgætandi væri, að ef missætt yrði milli prests og einhvers sóknarmanns, þá gæti sá fengið sjerstaka lausn frá, að þurfa að hafa hann að presti við altarisgöngu, og fyndist sjer það eiga betur við, en að slíkt væri gjört að almennri reglu eða lögum. Kvaðst hann þó eigi vera á móti 2. umræðu um málið.

Jón Hjaltalín kvað óþarfa að eyða tíma um þetta mál; auðsætt væri, að það væri mjög líklegt til að orsaka og auka tvídrægni, og slíkt ætti jafnan að forðast. Ástæða sú, er þingmaður Barðstrendinga hefði komið með á móti frumvarpinu, væri að sínu áliti góð, og yrði hann að ítreka hana. Þar að auki fyndist sjer rjettast, að slíkir menn, er eigi gætu verið til altaris hjá sóknarpresti sínum sökum missættis, sætu heima og tækju alls eigi sakramenti.

Benidikt Kristjánsson kvað sjer eigi þykja það neitt óttalegt fyrir sig sem prest, nje söfnuðinn, þótt frumvarp þetta næði lögum, enda væri það og samkvæmt tímanum og kristilegu frelsi, og óskaði hann því, að málið gengi til 2. umræðu og nefndarkosningar. Dæmi þingmanns Barðstrendinga kvaðst hann að vísu eigi neita, en eitt dæmi upphæfi eigi reglu, enda mundu slík dæmi sjaldan koma fyrir, og fyrir sitt leyti þekkti hann ekkert slíkt. Auk þess fyndist sjer, að bönd þau, er einungis væru útvortis, væru alls eigi happadrjúg, ef innri böndin væru slitin.

Landshöfðinginn gat þess, að þar sem trúarbragðafrelsi væri gefið samkvæmt stjórnarskránni, væri full þörf á þessu frumvarpi; enda væri það og undarlegt, ef þeir menn, er eigi hefðu þjóðtrú, skyldu mega leita til hvers prests, er þeir vildu, og hafa þannig frjálsar hendur í því tilliti, en þeir, er þjóðtrú hefðu, væru aptur bundnir við einhvern einn prest og þannig ófrjálsir. Dæmi eitt, er nýlega hefði komið fyrir hjer í Mosfellssveitinni, hefði og sýnt, að þörf væri á frumvarpi þessu.

Stefán Eiríksson kvaðst vilja geta þess í sambandi við það, er hann hefði áður sagt, að frelsi það, sem sumir þingmanna væru að telja frumvarpi þessu til gildis, gæti leitt til mesta ófrelsis í kristilegri uppfræðing barna.

Eiríkur Kúld kvaðst eigi ætla að þrátta við embættisbróður sinn um þetta, og þó að hann þekkti eigi dæmi, væru sjer nægilega mörg kunn. Í sambandi við það, að landshöfðinginn hefði vísað til stjórnarskrárinnar, yrði hann að taka það fram, að þó hún heimilaði mönnum aðra trú en þjóðtrú, og þar væri því ákveðið sambandið milli þjóðkirkjunnar og annara trúarbragðaflokka, þá væri hjer að eins að ræða um sambandið milli safnaða þjóðkirkjunnar innbyrðis.

Jón Hjaltalín kvað rök hafa verið leidd að því, að þetta gæti orðið til tvídrægni og vanræktar á uppfræðingu ungmenna, og hefði þeim eigi verið hrundið enn; yrði hann því að vera á móti því, að frumvarp þetta fengi framgang.

Árni Thorsteinsson kvað sjer þykja frumvarp þetta áríðandi. Það væri óeðlilegt, þar sem kirkjan væri ein og kenning hennar og guðsþjónustan færi fram í heyranda hljóði, svo að allir gætu notið hennar, að sóknarbörnin skyldu vera dæmd til að hafa þann prest til prestsverka, sem settur væri í sókninni af yfirvöldunum; sjer þætti eðlilegra og rjettara, að fullkomið frelsi væri í þessu efni, því að ef böndin væru of þröng, mundu þau valda óánægju og illu einu; en væru böndin mátuleg eða við hæfi, mundi margt gott þar af leiða. Tilgangur frumvarpsins væri auðsjáanlega sá, að vekja andlegt líf safnaðanna, en að það mundi þurfa að vekja sundur-

lyndi, þyrfti varla að óttast, og vísaði hann í því tilliti til ástæða stjórnarinnar, þar sem að eins væru talin 5 tilfelli á 140 árum, er einstakir menn hefðu eigi viljað sætta sig við sóknarprest sinn. En að því er barnauppfræðingu snerti, gæti hann eigi skilið, að frumvarpið yrði til óheilla, því að foreldrum væri gefin sú ástundun, að vilja ala börn sín sem bezt upp, og leita þeim uppfræðingar, eins og kostur væri á. Að öðru leyti ætlaði hann, að þetta mundi eigi valda neinni sjerlegri breytingu á sóknartakmörkum, en gæti í einstöku tilfellum verið mjög affaragott. Kvað hann sjer þykja djarft, að fyrirdæma frumvarpið, þó það kæmi utan að eða sunnan að, og ábyrgðarhluti mikill, er hann sjálfur eigi vildi bera, að svara fyrir aðra nú þegar, að enginn hjer á landi óskaði frjálslegra fyrirkomulags. Að prestur hefði vísað barni frá fermingu og annar prestur fermt það eptir viku, eins og áðan hefði verið tekið fram, kvaðst hann eigi geta áttað sig á að rjett væri eptir nú gildandi lögum, sem ekki leyfa slíkt. Hann mælti með því, að málið gengi til 2. umræðu og nefndar.

Forseti bar svo málið undir atkvæði, og var því vísað til 2. umræðu með 7 atkv. gegn 3, og nefnd samþykkt með 8 atkvæðum gegn 3. Eptir uppástungu forseta voru 3 menn kosnir í nefndina, og voru þeir þessir:

Eiríkur Kúld með 7 atkvæðum.
Árni Thorsteinson — 7 —
Benidikt Kristjánsson — 7 —

Í nefndinni var Árni Thorsteinson kosinn formaður og framsögumaður, og Eiríkur Kúld skrifari.

NEFNDARÁLIT
um konunglegt frumvarp til laga um leysingu á sóknarsambandi.

Eptir að vjer höfum verið kosnir í nefnd til að íhuga frumvarp þetta, höfum vjer ítarlega yfirvegað málefnið; og er það álit meiri hluta nefndarinnar, að frumvarp þetta sje veruleg rjettarbót, ef það yrði gjört að lögum.

Meiri hlutinn álítur þess ei þurfa, að taka fram ítarlegar, en í ástæðum fyrir frumvarpi stjórnarinnar er gjört, hinar almennu ástæður og atvik, sem eru til þess, að gjöra nýmæli þessi, og skal því vikið að hinum verulegustu efnisbreytingum, er þörf þykir á vera.

Hjer á landi, þar sem skólar til barnafræðslu eru ekki almennir, er sú skylda lögð á presta, að annast og hafa mjög nákvæmt eptirlit með fræðslu og hegðun barna. Í annan stað má og gjöra ráð fyrir því, að utansóknarprestur sá, er sóknarmaður kynni að taka sjer fyrir sálusorgara, í eins strjálbyggðu landi og hjer allvíðast er, kunni að vera svo langt frá heimili þess, er hefur sagt slitið sóknarbandi við prest sinn, að hann ei geti haft eptirlit með heimilisfræðslu barna, svo að viðunanlegt sje. Svo er og rjettast, jafnframt og lög þessi eru sett, að sjá því borgið, að hvorki þeir, sem úr sóknarbandi ganga, nje heldur prestur sá, er tekur þá að sjer, vanræki fræðslu og uppeldi barnanna. Til þess að slíkt eptirlit með fræðslu og uppeldi barna, hvort heldur það er með húsvitjunum eða á annan hátt, verði í góðu horfi, álítum við alla nauðsyn bera til þess, að sóknarpresturinn annist það, og leiðir þá enn fremur af stöðu sóknarprestsins gagnvart þeim, sem hefur tekið sjer annan prest, að sóknarprestinum ei verður gjört að skyldu að bæta úr því, sem ábótavant kynni að finnast, heldur verði hann að skýra hjeraðsprófasti sínum frá því, til þess að hann sjái um, að bót verði á ráðin.

Meiri hluti nefndarinnar hefur því bætt ákvörðun um þetta efni framan við 8. gr. frumvarpsins.

Í 10. grein frumvarpsins er ákveðið, að sóknarprestinum skuli greiða öll þau gjöld, er hvíla á fasteign og atvinnu. Ákvörðun þessi á alls ekki við eptir því, hvernig prests- og kirkjugjöldum hagar til hjer á landi, og skal þess getið í því efni, bæði að prestar ekki ætíð innheimta kirkjugjöld, þó að það eigi stað, þar sem presturinn er umboðsmaður kirkju, og að gjöldum þessum ekki verður skipt í fasteignargjöld og atvinnugjöld.

Jafnframt og meiri hluti nefndarinnar hefur haft sama sjónarmið og í frumvarpinu, álítur hann það betur henta, að taka af öll tvímæli, og nefna gjöldin sjálf.

Frumvarpið gjörir í sömu grein ráð fyrir, að þá er sóknarprestur fer frá, skuli hátíðaoffur og aukatekjur einungis goldin þeim presti, sem maður sá, er losaði sig úr sóknarbandinu, hefur tekið sjer sem prest.

Meiri hluti nefndarinnar skoðar mál þetta frá annari hlið. Hann álítur, að með því að nýr prestur kemur í brauðið, hljóti það að ráða úrslitum, að enginn hefur leyst sig úr sóknarbandi við hann, heldur við formann hans, og að ef hinir einstöku, er hafa gengið í annan söfnuð, ekki hverfa aptur, þá eigi hann ekki að gjalda þess. Auk þessa eru tekjur presta svo rýrar allvíða, og þær greiðslur, sem um er að ræða, svo litlar fyrir hinn einstaka, að hentast má þykja, að sem minnstar breytingar verði á þeim. Svo verður og þess að gæta, að ráð er gjört fyrir því, að sóknarpresturinn hafi eptirlit með uppfræðslu og uppeldi þessara manna, og er því meiri ástæða til, að sóknarpresturinn ekki missi í af tekjum sínum.

Meiri hluti nefndarinnar hefur því breytt greininni samkvæmt þessu.

Þess skal að lokum getið, að meiri hlutinn álítur enn fremur, að ákvörðunin í 3. gr., að eigi skuli setja tölu á blaðadálk í kirkjubókinni, nema þar sem fermingar er getið, ekki eigi við, eins og hjer hagar til, og er því breyting gjörð á þessari grein.

Meiri hluti nefndarinnar álítur og betur fara, að í 5. greininni sje tekið beinlínis fram, að sá prestur, er gefur hjónin saman, hafi alla ábyrgð af stofnun hjónabandsins.

Nefndin hefur neyðzt til, að breyta frumvarpinu allvíða, að því er málfærið snertir, til þess að lögin yrðu sem ljósust. Þykir eigi þörf á, að færa ástæður fyrir breytingum þessum.

Samkvæmt þessu stingur meiri hluti nefndarinnar upp á, að frumvarpið verði staðfest með breytingum þeim, er nú skal greina.

Fyrirsögn:

í stað «sóknarsambandi» komi «sóknarbandi».

1. grein

orðist þannig:

Í kirkjulegum efnum skal hverjum þeim, sem kominn er til lögaldurs, heimilt að hafa annan prest, en sóknarprest sinn; þó skal prestur sá vera skipaður yfir söfnuð í þjóðkirkjunni.

2. grein

orðist þannig:

Semja skal hann við prest þann, er hann velur sjer sjálfum prestþjónustu af, og til sálusorgara í öllu. Skal hann að því búnu skýra hjeraðsprófasti frá samningi þeirra, en prófastur tilkynnir þetta hlutaðeigandi sóknarpresti. Kjósi sóknarmaður að hverfa aptur til sóknarprests síns, gjörir hann prófasti þar um aðvart, en prófastur skýrir aptur frá því þeim prestum báðum, er hlut eiga að máli.

3. grein

frumvarpsins »Enn fremur — athöfnina» orðist þannig:

Skyldur er sá, sem hefur kosið sjer annan prest, að láta sóknarprestinum í tje allar þær skýrslur um kirkjulegar athafnir, er prestur hans framkvæmir, enda er sóknarpresturinn skyldur að rita í kirkjubók prestakallsins slíkar skýrslur, sem í kirkjubók ber að rita. Skal tilkynning þessi gjörð ekki síðar en innan 14 daga frá þeim degi, er hin kirkjulega athöfn var framkvæmd, og skal vottorð prests þess, er framkvæmt hefur athöfnina, fylgja henni.

Í stað: «skal og sá hinn síðar nefndi — fermingar er getið» komi: «Prestur sá, er framkvæmdi prestsverkið, skal og geta þess í kirkjubók sinni, en eigi skal það talið í ársskýrslum hans, nema um fermingu sje að ræða».

Í stað: «sje tilkynning þessi vanhirt — skyldu þessari» komi: «Nú er tilkynning eigi gjörð, áður 14 dagar eru liðnir, og varðar það 2—10 króna sekt eptir úrskurði

yfirvalds, og rennur sektin í fátækrasjóð hreppsins. Auka skal sektina um 2—10 krónur fyrir hverja viku, sem líður, án þess fullnægt sje skyldu þessari.

4. grein.

Í stað: «það» komi: «hana».

5. grein.

Greinin orðist þannig:

Sóknarprestur í þeirri sókn, hvar brúðurin á heima, skal lýsa með hjónaefnum, og skal honum tilkynnt bann á stofnun hjónabands. En prestur sá, er gefur hjónin saman, skal gæta alls þess, sem skipað er í lögum um stofnun hjónabands og meðal annars fá til þess vottorð frá presti þeirrar sóknar, er brúðurin á heimili í.

Við greinina sje bætt:

Sá prestur, er saman gefur, skal bera ábyrgð á stofnun hjónabandsins, eins og lög almennt ákveða.

6. grein.

Í stað «staðfesta» komi «ferma» og «ófermd hjú» komi «ófermdir menn».

7. grein.

Fyrir «sáttatilraun sú» komi: «sáttatilraun þá». Fyrir «skal framkvæma» komi: «skal gjöra». Fyrir «þó skal sóknarpresturinn — stendur á» komi «og skal sóknarpresturinn gefa þær skýrslur, er hann eptir atvikum þarf að gefa».

8. grein.

Framan við greinina sje bætt:

Sóknarprestur hefur bæði með húsvitjunum og á annan hátt sama eptirlit á fræðslu og uppeldi barna þeirra manna, er í sóknum hans hafa kosið sjer annan prest, sem hjá öðrum sóknarmönnum. Finni sóknarprestur, að þeir, sem hafa utansóknarprest, vanræki skyldu sína um fræðslu og uppeldi barna sinna, ber honum tafarlaust að tilkynna það hjeraðsprófasti, er þar eptir gjörir þá ráðstöfun, er þörf er á.

9. grein.

Greinin orðist þannig í 1. kafla:

»Rjett er að sóknarmaður, sem kosið hefur sjer prest, láti þann prest framkvæma í sóknarkirkjunni kirkjulegar athafnir, (svo sem barnaskírn, hjónavígslu, skriptamál, altarisgöngu og líkræðu), og á kirkjugarðinum líkræðu og að kasta moldu á lík; þó skal hann áður hjá sóknarprestinum hafa fengið vissu fyrir því, að kirkjan eða kirkjugarðurinn eigi sje til annars höfð á þeim tíma, sem til er tekinn».

Að í 3. kafla orðin «aptur á móti» falli burt.

10. grein.

Í stað 10. gr. frumvarpsins komi:

Sá, sem hefur tekið sjer annan prest, greiði til sóknarprests og sóknarkirkju gjöld öll til prests og kirkju, svo sem áður, hvort heldur tíundir, ljóstolla og legkaup, offur af fasteign og lausafje, dagsverk og lambsfóður. Sóknarpresturinn heldur og lögákveðinni borgun fyrir öll aukaverk og kirkjulegar athafnir, þó annar prestur hafi gjört þau.

Alþingi, 19. júlí 1877.

Árni Thorsteinson, Benidikt Kristjánsson.
form. og framsögum.

ÁLIT

minni hluta nefndarinnar:

Jafnvel þó jeg játi, að breytingar þær, sem meiri hluti nefndarinnar hefur stungið upp á við frumvarp það, sem hjer ræðir um, sjeu sumar hverjar til nokkurra bóta, ef það, mót von minni, skyldi nú þegar gjört að lögum, fæ jeg ekki sjeð, að þær sjeu svo verulegar og því síður einhlítar til þess, að gjöra lagaboðið vinsælt eða nauðsynlegt.

Jeg verð fyrir mitt leyti að álíta, að ísjárvert sje, eins og stendur á hjer á landi, sem er næsta strjálbyggt og allvíða víðlendar en fámennar sóknir, að gjöra frumvarp þetta að lögum, því jeg fæ ekki sjeð, að það gjöri prestum í nokkuru tilliti hægara fyrir, og því síður sóknarbændum, nema ef vera skyldi við einstök tilfelli. Það munu allir játa, að nauðsynlegt er, að tengja sem bezt það band ástar og virðingar, sem vera á milli prests og safnaðar, og til þess miðar frumvarpið ekki, heldur getur það öllu fremur ef til vill leitt til sundrungar. Hjer á ofan bætist það, að við það að leysa sóknarbandið, kem-

ur eðlilega talsvert los á eptirlit presta með uppfræðingu barna, sem jeg verð að álíta einhvern hinn verulegasta starfa af embættisskylduverkum hvers prests, og með honum gagnar hann ekki minnst í stöðu sinni; (hjer á landi eru hvort sem er barnaskólar svo strjálir og fáir, að varla er að telja); þannig gæti, t. a. m. þar sem presturinn samkvæmt embættisskyldu sinni er skyldurækinn í þeirri grein, sá faðir, sem miður lætur sjer annt um uppfræðingu barns síns, einmitt til þess að fá barn sitt fermt — sem sóknarprestur hans álítur ekki fermingarfært — skotið sjer undir annan prest, til þess að fá barnið fermt hjá þeim, sem hann álítur miður eptirgangssaman; síðan tekið aptur sinn eiginn sóknarprest, ef honum svo sýnist; og eru augljósar þær óhappalegu afleiðingar, sem af slíku leiðir með tilliti til barnauppfræðingar. Það er að vísu satt, að meiri hluti nefndarinnar gjörir ráð fyrir þessu, og hefur því bætt inn í frumvarpið í 8. gr. ákvörðun, sem jeg verð að álíta alveg ónóga í þeim tilfellum, sem þar ræðir um, auk þess sem hún bakar sóknarprestinum og prófastinum þá fyrirhöfn, er ef til vill verður bæði erfið og óvinsæl og líka víðast lítt kljúfandi, en sem hjá verður komizt með því fyrirkomulagi, sem nú er. Af þeirri ákvörðun meiri hluta nefndarinnar getur og leitt ef til vill veiklun þess ástarbands milli presta innbyrðis, er gjörir þeim störf þeirra greiðari og ánægjulegri.

Hvað sjálft málið snertir, þá verð jeg að álíta, að það sje alveg óundirbúið borið undir álit alþingis. Eptir eðli sínu er málefnið alveg kirkjulegt, og hefði því vissulega átt að berast undir álit biskupsins yfir Íslandi, álit Synodusar og annara andlegrar stjettar manna hjer á landi, sem kunnugastir voru því, hvort andlegar þarfir safnaðanna eða vilji Íslendinga yfir höfuð gjörði nauðsynleg þessi lög. Að því búnu finnst mjer fyrst hefði verið kominn tími til að bera það undir alþingi, sem allir játa að eptir eðli sínu er ekkert kirkjulegt fjelag.

Þetta hefur ekki verið gjört, og heldur ekki hefur nokkur landsbúa kvakað einu orði að því, að slík lög komi út. Eg fæ því ekki sjeð, hver ástæða geti verið til þess, nú eins og að troða þessum lögum upp á presta og söfnuði, meðan engin sönnun er komin fyrir því, að almenn nauðsyn gjöri þörf á að breyta þeirri tilhögun, sem nú er. Öðru máli væri að gegna, ef sannar þarfir landsbúa hefðu myndað frumvarp það, sem hjer ræðir um, en því fer fjærri, að svo sje. Það er gullvæg regla, sem jeg ætla að alþingi ætti að hafa sjer hugfasta, og hún er sú, að breyta ekki lögum þeim, sem eru, nema því að eins að þörf og nauðsyn heimti breytinguna.

Af framanskrifuðum ástæðum leyfi jeg mjer að ráða hinni heiðruðu efri deild alþingis til að ráða frá, að frumvarpið verði gjört að lögum.

Alþingi, 19. júlí 1877.

Eiríkur Kúld.

ÖNNUR UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 18. fundi efri þingdeildarinnar, 23. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til laga um leysing á sóknarsambandi.*

Framsögumaður (Árni Thorsteinson) kvað nefnd þessa, eins og deildinni mundi kunnugt, hafa klofnað. Meiri hlutinn aðhylltist frumvarpið, en minni hlutinn rjeði frá því. Meiri hlutinn færði það til síns máls, að í frumvarpinu væri fólgin veruleg rjettarbót í sjálfu sjer, og enn fremur væri þess nú því fremur nauðsyn, sem að 46. gr. stjórnarskrárinnar veitti mönnum rjett til að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, er bezt ætti við sannfæringu hvers eins, og það væri veruleg ósamkvæmni í því, að leggja sóknarband á þjóðtrúarmenn og binda þá við vissan prest, úr því að fullkomið trúarbragðafrelsi væri komið á, og enginn gæti varnað mönnum að ganga úr þjóðkirkjunni eða af trúnni. Væri því eðlilegast, að þjóðtrúarmenn mættu taka sjer hvern þann prest í þjóðkirkjunni, er þeir vildu. Sóknarbandið væri

einungis ytra band, sem myndaðist af landamerkjum eða takmörkum sóknanna, í stað þess, að hjer væri farið fram á innra band ástar og trausts, sem stofnaðist af frjálsum vilja og hvötum þess, er kysi sjer prest sinn.

Þar næst fór framsögumaður nokkrum orðum um breytingar þær, er meiri hlutinn hefði gjört á frumvarpinu, svo sem að sóknarpresturinn skyldi hafa eptirlit með uppfræðslu barna þeirra, er kjósa sjer annan prest til sálusorgara, vegna þess, hvernig til hagar hjer á landi, þar sem engir eru barnaskólar eða neinar slíkar stofnanir. Til þessa væri því fremur ástæða sem að prestunum hjer á landi væri lögð á herðar umsjón með uppeldi barna, auk hinnar kirkjulegu fræðslu, svo sem að þau lærðu að lesa, og hegðuðu sjer vel, og fleira þess háttar, sem ekki væri beinlínis kirkjulegt, sbr. konungsbrjef 2. júlí 1790.

10. gr. frumvarpsins hefði meiri hlutinn eigi getað aðhyllzt, og stungið því upp á, að setja nýja grein í stað hennar, og væri þar tekið annað sjónarmið, að því er snerti þær ákvarðanir, er nýr prestur kæmi að brauði. Þó einhverjir hefðu eigi viljað þekkjast formann hans, gilti það eigi um hinn nýja prest, og í annan stað væri tekjur presta yfir höfuð svo rýrar, að þeir mættu eigi missa af þeim, enda munaði eigi borgun aukaverka mikið hvern einstakan mann.

Viðvíkjandi breyting meiri hlutans á 3. gr., að því er snertir færslu kirkjubókar prestakallsins, vísaði hann til meðnefndarmanns síns í meiri hlutanum, með því hann, sem væri prestur, mundi færari um að gjöra grein fyrir henni.

Eiríkur Kúld kvaðst ætla að gjöra grein fyrir því, að hann hefði eigi getað orðið á sama máli og meðnefndarmenn sínir um það, er hjer væri að ræða.

Framsögumaður hefði talið frumvarpinu fyrst til gildis það, að það leiddi eðlilega af 46. gr. stjórnarskrárinnar. Hann sagðist eigi skilja, að mál þetta stæði í sambandi við 46. gr., heldur miklu fremur við 45. gr., að því leyti sem hið opinbera skyldi styðja þjóðkirkjuna og vernda. Hið opinbera gæti með engu fremur stutt þjóðkirkjuna en með því, að stuðla til þess, að uppfræðsla barna yrði sem bezt. En hvað kæmi nú upp, ef frumvarpið með breytingum meiri hlutans yrði ofan á? Það mundi hafa vakað fyrir meðnefndarmönnum sínum, að eigi mundi hægt eptir ákvörðunum frumvarpsins, að hafa nægilegt aðhald og eptirlit með uppfræðing ungmenna, sakir þess, hve strjálbyggt væri hjer á landi, og prestur sá, er kosinn væri, kynni opt að vera svo langt burtu; hefði því meiri hlutanum þótt ástæða til að gjöra breyting á frumvarpinu í þessu efni, og það með rjettu. En nú væri að skoða tillögu meiri hlutans til að bæta úr þessu. Ekki væri það skylda sóknarprests að sjá um, að uppfræðingu væri eigi ábótavant, heldur prófasts, sem prestur skyldi tilkynna, ef ábótavant væri um uppfræðing. Hvað á prófastur þá að gjöra? Á hann að skipa sóknarpresti, að ráða bót um uppfræðing þess, sem gengið hefur úr sóknarsambandi? Það er vafasamt, hvort sóknarprestur álítur sjer það skylt, þar sem hann fær ekkert endurgjald fyrir. Á þá prófastur að skipa þeim, sem fermdi? Það álítur meiri hlutinn ekki rjett eða mögulegt; það getur og verið vandkvæðum bundið, einkum ef sá prestur er í öðru prófastsdæmi. Þetta hljóta deildarmenn að sjá og meiri hlutinn líka.

Þá væri og annað atriði, sem hefði komið sjer til að ráða frá máli þessu. Það væri ákvörðun meiri hlutans í 10. gr., sú er gjörði löggjöf þessa óþarfa og þýðingarlausa. Grundvöllur sá, sem frumvarpið byggðist á, ætti að vera það, að rýmka um andlegt frelsi. En með þessari ákvörðun væri að mestu leyti komið í veg fyrir, að menn gætu notað sjer rjett þann, sem frumvarpið heimilaði, þar sem tilskilið væri, að menn gildu tveimur prestum, en slíkt yrði frágangssök, að minnsta kosti fyrir þá, sem fátækir væru. Og væri fyrir þessa sök því meiri óþarfi á þessu lagaboði, sem þar að auki væri komið fram að öllum landsmönnum fornspurðum.

En það, sem einkanlega hefði komið

sjer til að mæla móti frumvarpinu, væri það, að það miðaði til að slíta það kærleiksband, sem ætti að vera milli prests og safnaðar, og vekti kala milli prestanna innbyrðis.

Eitt mælti enn móti því, að frumvarpið gengi fram. Hjer væri að eins að ræða um kirkjulegt mál, og væri því ranglega komið inn á alþingi, sem eptir eðli sínu væri eigi kirkjuleg stofnun, eins og stjórnin hefði viðurkennt með því að velja eigi andlegrar stjettar mann á þing auk biskups, eins og verið hefði að undanförnu. Væri ísjárvert að lögleiða frumvarp þetta, þar sem það væri alveg ótímabært, er enginn hefði óskað þess, og óundirbúið, er það hefði hvorki verið borið undir synodus, biskup, nje aðra andlegrar stjettar menn, sem mundu þó öllu kunnugri ástandi hjer en stjórnin eða ráðherrann í Danmörku. Það væri því óheppilegt, að biskupinn lýsti eigi yfir skoðun sinni á þessu máli.

Benidikt Kristjánsson kvað varaforseta hafa margt talað um eptirlit með barnafræðing og skyldu prests í því efni, sem ætti að vera ábótavant í frumvarpinu og hjá meiri hluta nefndarinnar. En hvorttveggja væri þó tekið fram í nefndarálitinu, bæði skylda prests til að hafa eptirlit og laun hans fyrir það. Ef uppfræðingu væri ábótavant, þyrfti sóknarprestur að eins að tilkynna það prófasti, sem mundi fara með það, eins og vant væri um slík mál, svo það væru engin ný vandræði, sem risið gætu af þessu frumvarpi. Varaforseti hefði og talað um misrjetti, sem þetta lagaboð hefði í för með sjer, hvað fátæka menn snerti, en sá misrjettur yrði eigi fólginn í ákvörðun laganna, heldur í fátækt manna. Afleiðingin af fátæktinni yrði sú, að menn sættu sig þá því heldur við sinn sóknarprest, eins og varaforseti óskaði. Verið gæti og, ef góður sálusorgari ætti í hlut, að hann vildi leggja svo mikið í sölurnar, að gefa eptir gjöldin þeim, sem frá honum hefði leitað, og hið sama gæti átt sjer stað um hinn kosna prest, ef hann sæi, að sá maður, er hefði leitað til hans, hefði haft gilda ástæðu til að hafna sóknarpresti sínum, en væri fjelítill maður. Gjöldin yrðu og eigi tvöföld nema til presta, en eigi til kirkju.

Þá hefði enn verið tekið fram, að þetta gæti orðið til að kveykja kala milli prests og safnaðar, og milli nágranna-presta innbyrðis, en það væri einmitt ástæða með frumvarpinu. Því sóknarsamband yrði jafnaðarlegast eigi slitið af vináttu við vissan prest, heldur af óvild við sóknarprestinn. Og þegar óvild væri komin hjá einhverjum, og band virðingar og elsku þannig slitið, þá gjörði það að eins illt verra, að halda hinu ytra bandi. Að það vekti kala milli nágrannapresta, væri heldur eigi líklegt. Hann segði fyrir sig, ef missætti kæmi milli sín og sóknarmanns, mundi hann eigi þykkja það við nágrannaprest sinn, þó hinn leiti til hans. En óvild gæti helzt risið af því, ef einhver prestur tældi fólk frá öðrum presti, en það mundi eigi koma fyrir, þótt þetta frumvarp yrði að lögum, en við hinu mætti miklu fremur búast, að nágrannapresturinn mundi reyna að sætta manninn við sóknarprest sinn, áður en hann gjörði kost á sjer. Enn hefði verið sagt, að þingið væri eigi bært til að fjalla um þetta mál. En hann vildi spyrja, hvaða löggjafarvald vjer hefðum í kirkjulegum málum, ef eigi alþingi. Þetta mál snerti og jus circum sacra, og heyrði því undir þingið. Að málið hefði eigi verið borið undir álit synodusar og annara andlegrar stjettar manna væri máske óheppilegt. En ráðherra Íslands væri eptir stöðu sinni jafnframt ráðherra kirkju- og kennslumála, og að hans tilhlutun væri mál þetta komið inn á þing. Hefði prestastefnan viljað, hefði hún getað sagt álit sitt um þetta mál, því hún hefði vitað, að það var komið til þingsins. Að þetta mál sje borið fram ófyrirsynju og fyrir tímann, kvaðst hann játa, að því leyti, sem engin rödd hefði komið um það frá þjóðinni. En það gæti verið sumum áhugamál fyrir því, þó þeir ekki hefðu borið það fram fyrir þingið. Enda væru og dæmi þess, að menn hefðu hafnað sóknarpresti sínum og leitað til annars með eða án leyfis hans. Og sæi hann eigi, að þetta

þyrfti að hindra málið, því dæmi væri til þess, að slík lög sem þessi hefðu stundum getað komið í góðar þarfir að undanförnu.

Landshöfðingi kvað þingmann Þingeyjinga og 6. konungkjörna hafa svarað mótbárum minni hlutans, og bætti hann því við, að varaforseti hefði ráðið frá frumvarpinu af þessum ástæðum, að eigi væri þörf á þessu lagaboði, að það gæti leitt til sundrungar í stað samheldis, að það losaði um eptirlit presta, og sjerstaklega, að það væri lagt óundirbúið fyrir alþingi, og þessa ástæða kvað landshöfðingi á rökum byggða, ef frumvarpið hefði eigi haft eðlilegar og frjálslegar ákvarðanir inni að halda, og þær, er hjer ættu við; en minni hlutanum hefði eigi tekizt að sanna það. Meiri hlutinn hefði þar á móti leitt ljós rök að því, að frumvarpið væri bæði eðlilegt og frjálslegt og ætti vel við hjer. Þess vegna væri sú mótbára eigi á rökum byggð, þótt eigi hafi verið leitað álits andlegu stjettarinnar.

Þeirri mótbáru, að við þetta kæmi los á eptirlit prestanna, hefði meiri hlutinn bætt úr, að því leyti sem því kynni að hafa verið ábótavant í frumvarpinu. Dæmi varaforseta hefði honum eigi þótt heppilega valið. Varaforseti mundi játa, að hin gildandi lög bönnuðu eigi manni að leita til annars prests með fermingu barna, en það kostaði meira fje, en eptir frumvarpinu; munurinn væri því eiginlega sá, að frumvarpið veitti fátækum sama rjett sem ríkum.

Hann taldi það og misskilniug, ef menn álitu, að þetta leiddi til sundrungar milli prests og safnaðar, því einmitt með því að leysa hið ytra band, mundi hið innra band, sem byggt væri á ást og virðing af hálfu safnaðarins og á umhyggju og hluttektarsemi frá hálfu prestsins, festast og styrkjast. Hið ytra band hepti samvizkufrelsið, og öll þess konar bönd leiddu í rauninni til meiri sundrungar, þó að hún ef til vildi kynni að leynast. Kvaðst hann sannfærður um, að frumvarpið mundi hafa heillaríkan ávöxt fyrir hið kirkjulega líf. Vonaði hann, að deildin mundi fallast á frumvarpið, að minnsta kosti með breytingum meiri hlutans, sem hann kvaðst vera samþykkur að öðru en því, að sjer þætti vafasamt, hvort breytingin við 10. gr. væri eðlileg.

Framsögumaður kvað það sameiginlegt með sjer og varaforseta, að báðir vildu hið góða, að efla og glæða hið kirkjulega líf. En er lengra fram í sækti, þá kæmi nokkur ágreiningur milli þeirra. Varaforseti skoðaði sóknarfólkið sem sóknarbörn, hann sem guðsbörn, og því þættu sjer óeðlileg þau bönd, sem landamerki sóknanna ákvæði, en eigi trúarlífið eða löngun eptir því góða, er menn gætu kosið sjer. Annar ágreiningurinn væri sá, hvort frumvarpið væri skaðlegt með tilliti til uppfræðingar barna; þar hjeldi varaforseti því fram, að hætta lægi fyrir höndum á þá leið, að sóknarbörn mundu fara frá betra presti til hins lakara, en hann treysti því, að menn mundu öllu heldur kjósa sjer hið betra, og ekki skipta um prest nema af sönnum ástæðum. Hann kvaðst ætla, að ekki þyrfti að hræðast skaðlegar afleiðingar af lögum þessum, því prestastjettin hjer væri í alla staði hin heiðarlegasta, og skyldu einstakar mjög fáar undantekningar vera í því efni, þá væri það eigi teljandi, þá er prestsstjettin væri skoðuð sem heild. Úr því að svo væri varið með prestsstjettina, væri svo sem auðvitað, að þar sem svo mikið gott væri fyrir, mundu menn alla-jafna skipta til hins betra eða bezta frá því góða, er menn hefðu alstaðar með sárfáum undantekningum. Varaforseti óttaðist, að það snerti hið innra ástarband milli prestanna og vekti sundrungu, er landamerkjabandið utan um sóknirnar væri upphafið, en þá væri það eigi sannarlegt kærleiksband, eins og vera ætti milli presta, ef það væri svo veikt, að það ei þyldi slíkt. Að málið hefði verið borið undir álit biskups og synodusar, hefði sjer að vísu þótt eiga vel við, en mál þetta snerti eigi andlegu stjettina eingöngu, heldur og hvern einstakan mann í söfnuðinum. Leikmenn ættu líka fullan rjett á, að eiga atkvæði um þetta mál. Það væri

kunnugt, að eptir að mál þetta hefði lengi verið rætt í Danmörku, hefði verið sett þar nefnd í þessu máli, og í hana skipaðir eigi að eins andlegrar stjettar menn, heldur og veraldlegrar stjettar. Varaforseti hefði sagt, að ekki hefði verið einu sinni kvakað eptir þessum lögum, og hann talað um, að lögunum væri troðið upp á menn. Fyrstu umræður máls þessa sýndu ljóslega, að varaforseti vissi, að hjer á þingi hefðu komið fram raddir, sem álitu æskilegt að rýma burtu þessu ófrjálsa bandi.

Eiríkur Kúld kvað úrslit máls þessa auðsjeð, og væri því óþarfi að lengja ræður um það, en sakir þess, að hann væri eigi samdóma landshöfðingjanum í því, að hið innra band losnaði eigi við það, að farið yrði að nota lög þessi, yrði hann að geta þess, að með því að gefa hverjum manni rjett til að nota hvern prest, er hann vildi, væri alveg upphafið það samband, sem nú ætti sjer stað milli einstakra presta og einstakra safnaða, og fyrst enginn maður væri bundinn við nokkurn vissan prest, kvaðst hann eigi skilja, hví nokkur söfnuður væri látinn eiga sjer stað, því að með þessu væru allir landsmenn gjörðir að einum söfnuði. Svo framarlega sem nokkurt samband ætti að eiga sjer stað milli prests og safnaðar, yrði það að koma fram hið ytra. Þingmaður Þingeyinga hefði eiginlega staðfest skoðun sína, að sóknarpresturinn fengi enga borgun fyrir umsjón sína með uppfræðingu þeirra barna, er eigi hefðu hann að reglulegum sóknarpresti. Honum væri eins kunnugt og sjer, að sá prestur, er fermdi barnið, fengi alla borgun fyrir prestlega uppfræðingu á barninu, þótt hann hefði eigi annað gjört við það, en tekið af því eiðinn, en í lögum um það efni væri prestinum þó heitið hinni tilteknu borgun bæði fyrir fermingu og uppfræðingu barnsins. Ef nú væri hlaupið með barn, sem sóknarpresturinn hefði uppfrætt og búið undir fermingu, en að lyktum eigi álitið fermingarfært, til annars prests, þá mundu þeim presti verða greidd öll fermingarlaunin, en sá, sem uppfrætt hefði barnið, mundi ekkert fá fyrir sína fyrirhöfn. Hann hefði sagt, að ef prestur kærði fyrir prófasti, að annar prestur hefði fermt barn, sem eigi hefði verið fermingarfært, þá ætti prófastur að styðjast við þau lög, er nú giltu, en hann hefði eigi hrakið það, að prófasti yrði alveg ómögulegt að beita þeim, ef frumvarp þetta næði lagagildi. Þar sem framsögumaður hefði sagt, að bæði meiri og minni hluta nefndarinnar hefði gengið gott til með tillögur sínar, þá efaðist hann eigi um, að svo mundi hafa verið, og þætti sjer það álit þakkavert, að því er sig snerti. Landshöfðinginn, framsögumaður og þingmaður Þingeyinga hefðu allir álitið óþarft, að bera þetta mál undir hina andlegu stjett hjer á landi; en framsögumanni hefði þótt þörf, að bera það undir verzlega menn landsins eins og andlega, ef það skyldi berast undir nokkra á annað borð. Í þessu kvaðst hann yera alveg samþykkur framsögumanni, en hann hefði sagt og segði enn, og það yrðu þeir að játa, sem annars vildu líta rjettum augum á mál þetta, að það væri alveg nauðsynlegt að bera það undir álit hinnar andlegu stjettar, því að hún mundi þekkja bezt, og að minnsta kosti miklu betur en ráðgjafinn suður í Danmörku, ástand safnaðanna í andlegu tilliti, og þekkja fullvel, hvort nokkur ástæða mundi vera til að leiða það í lög, er hjer um ræddi. Þetta mál hefði, eins og framsögumaður benti á, verið mikið vafamál í Danmörku og hefði eigi komizt fram án nefndar, og sæi hann eigi ástæðu til að gjöra Íslandi það lægra undir höfði, að kasta í það lögum um þetta efni, áður en málið væri rætt í hjeruðum og áður en nokkur íslenzk rödd hefði beiðzt þeirra. Yfir höfuð yrði hann að mæla með því, að það væri almenn regla þingsins, að breyta eigi gömlum lögum, meðan enginn landsmaður óskaði þess, og þannig væri að óþörfu gjört. Þó að einstakar raddir hefðu komið fram með frumvarpi þessu á þingmanna-bekkjum, þá væri það enginn þjóðar eða almennings vilji, og sízt þar sem um þetta efni væri að ræða.

Stefán Eiríksson kvað það kunnugt, að

hann hefði síðast verið móti frumvarpi þessu, og eins frumvarpinu um hið borgaralega hjónaband, þar eð hann hefði álitið þau mjög skyld og bæði óþörf. Þó að ýmsir hefðu látið í ljósi, að þessi lög gætu enga sundrungu leitt af sjer eða ósamlyndi milli presta og safnaða, þá yrði hann að vera því alveg ósamþykkur, enda hefði það sýnt sig hjer í þingsalnum, þar sem 2 andlegrar stjettar menn, er talað hefðu í málinu, væru þegar komnir í hár saman út af frumvarpinu. Það mundi og sýna sig seinna, hvort eigi mundi leiða af því bæði sundurlyndi, og miður vandaða barnauppfræðingu. Þar sem framsögumaður meiri hlutans hefði talið þetta frumvarp sem brýna afleiðingu af 46. grein stjórnarskrárinnar, þá gæti hann eigi sjeð, að svo væri, því að í sömu greininni stæði í síðara hluta: «þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjar reglu». En hann sæi eigi betur, en þetta frumvarp væri einmitt í þá stefnu, að spilla góðu siðferði safnaðanna og allsherjar reglu í kristilegu trúarlífi. Að endingu skoraði hann á forseta samkvæmt 5. gr. þingskapanna, að láta uppi álit sitt í þessu máli, sem yfirhirðir andlegu stjettarinnar hjer á landi.

Jón Pjetursson kvaðst vera meðmæltur frumvarpi þessu, af því að það miðaði til að efla kristilegt frelsi, með því að rígbinda mann eigi við einhvern einstakan prest sem sálusorgara, heldur leyfa manni að nota hvern þann prest, er maður helzt vildi. Kvaðst hann svo vilja athuga breytingar nefndarinnar, og væri það fyrst, að hann fjellist á allar orðabreytingar hennar, því að þær bættu allar að sínu áliti, en á efnisbreytingarnar gæti hann eigi allar fallizt, og væri þar fyrst til að greina 8. gr. Kvað hann sjer þykja óeðlilegt, að gjöra sóknarprestinum að skyldu, að sjá um uppfræðingu barna þeirra manna, er eigi hefðu hann fyrir sinn prest, með því sá prestur og á síðan ætti að ferma þau, og þætti sjer eðlilegra að fela þeim presti, er menn hefðu valið sjer, á hendur uppfræðingu barna þeirra; honum ætti að vera eins trúandi fyrir uppfræðslu þeirra eins og sinna eigin sóknarbarna. Í öðru lagi gæti hann eigi fallizt á breytingarnar við 10. gr. frumvarpsins, og kvaðst hann kunna betur við grein frumvarpsins en nefndarinnar, ef greinin að eins væri rjett lögð út og sett »prestsgjöld» í staðinn fyrir »kirkjugjöld». Í danska textanum stæði »kirkelige Indtægter», og væri auðsjáanlega meint með því prestsgjöld, en eigi þau gjöld, er vjer köllum kirkjugjöld; ástæður frumvarpsins einkum í danska textanum sýndu það og ljóslega. Hann kvaðst og eigi geta verið með síðari parti 10. gr., eptir sem hann væri orðaður hjá nefndinni, að sóknarprestunum skyldi ætíð greiða borgun fyrir þau aukaverk, er hann eigi gjörði, og annar prestur hefði framkvæmt; sjer fyndist, að borgunin ætti að eins að greiðast þeim presti, er framkvæmdi þau; þessi regla ætti að komast á, undir eins og lögin næðu gildi; þó kvaðst hann eigi vilja vera móthverfur seinni hluta greinarinnar, eins og hann væri í stjórnarfrumvarpinu; það væri frjálslegra en hjá nefndinni.

Benidikt Kristjánsson kvað hinn 3. konungkjörna þingmann eigi hafa full rök við að styðjast í athugasemdum sínum við 8. gr., því að þar væri gjört ráð fyrir, að sá prestur, er menn hefðu valið sjer, skyldi hafa á hendi uppfræðing barna þeirra, en sóknarpresturinn eptirlit með, að uppfræðingin væri í lagi, með því að húsvitja þar eins og annarstaðar í sókn sinni. Frumvarpið heimilaði húsbóndanum að taka sjer annan prest fyrir sjálfan sig, konu sína og börn, en eigi hjú sín, og yrði því sóknarpresturinn að húsvitja þau, og mundi hann eigi muna mikið um, að húsvitja börn húsbónda líka, úr því hann kæmi á bæinn hvort sem er, og enga sjerstaka borgun þurfa fyrir það, þótt eigi væri ákveðið, eins og í frumvarpinu væri þó gjört, að hann hjeldi tekjum sínum óskertum. Ástæður meiri hluta nefndarinnar fyrir breytingunum við 10. gr. væru þær, að þegar prestaskipti yrðu í þeirri sókn, þar sem einhverjir sóknarmenn hefðu tekið sjer annan prest en sóknarprestinn, þá hefði meiri hlutanum þótt það óeðlilegt, að sá prestur, er

kæmi að brauðinu, yrði að sæta sömu kjörum og fyrirrennari hans, ef hann annars væri skapfelldari maður og betri prestur, því að það kvaðst hann eigi álíta neina verulega ástæðu til að slíta sóknarbandið, þótt einhverjum kynni að falla betur við annan prest, ef sóknarpresturinn væri nokkurn veginn eins góður; enda mundi það eigi vera vanalega orsök til þess, að menn slitu sóknarbandið, heldur það, að eitthvert ósamlyndi væri milli sóknarprestsins og þeirra. Meiri hlutanum hefði og sýnzt þetta gott ráð til þess, að þeir menn, er leyst hefðu sóknarbandið, hyrfu aptur undir sóknarprestinn, er prestaskipti yrðu, og væri þetta í raun og veru eigi til að rýra frelsi manna, þótt það væri nokkurt aðhald til að halda sóknunum saman.

Jón Pjetursson kvað hjú eigi vera nefnd í 8. gr. hjá nefndinni, heldur væri þar að eins ákveðið, að sóknarpresturinn skyldi hafa eptirlit með uppfræðingu barna þeirra manna, er slitið hefðu sóknarbandið.

Framsögumaður kvað í frumvarpinu einungis vera gjört ráð fyrir einstökum mönnum, er hver leysti sig úr sóknarbandi. Frumvarpið snerti því alls eigi hjú, eða þá á heimilinu, sem væru komnir til aldurs. Hann kvað þar næst, viðvíkjandi öðru atriði, er hreift hefði verið, ljóslega mega sjá af 8. grein, ef borið væri saman upphaf hennar og endir, að sóknarpresturinn ætti að eins að hafa eptirlit með uppeldi barna og uppfræðslu, en ekki annast neina fræðslu sjálfur. Hann tók því næst fram, að útleggingin frá danska tekstanum í 10. grein væri skökk, eins og hinn 3. konungkjörni þingmaður hefði bent á, en eins og greinin væri orðuð í frumvarpi stjórnarinnar, væri illt að koma sjerstökum breytingum við hana, svo vel væri, og því hefði meiri hlutin breytt henni alveg, og kvaðst hann mundu taka það með þökkum, ef þingmaðurinn gæti kippt henni í lag, svo vel færi á, en öllu heldur þó ráða til að bera breytingaratkvæði upp við grein nefndarinnar heldur en stjórnarinnar.

Sighvatur Árnason kvaðst eigi vera mótmæltur frumvarpi þessu fremur en áður, því að hann sæi eigi, að það gæti haft jafnskaðlegar afleiðingar, eins og sumum sýndist. Menn mundu varla grípa til laga þessara, nema því að eins, að þeir sjálfir væru miðlungi góðir, eða þá að presturinn gegndi eigi sem bezt stöðu sinni, og enginn hlutvandur maður mundi beita þessum lögum, nema því að eins, að sóknarpresturinn væri óþjáll eða lítt viðunanlegur. Ef kali á annað borð ætti sjer stað milli einhvers sóknarmanns og prestsins, þá þætti sjer eðlilegt, að þeir skildu, og ættu ekkert saman í andlegum efnum, sjer í lagi ef presturinn væri ekki svo hógvær og af hjarta lítillátur, að ganga á undan með góðu eptirdæmi til alls góðs samkomulags við mótstöðumann sinn, sem allt sigrar, þegar það er við haft. Hann kvaðst vera samdóma landshöfðingjanum um, að þessi lög gæfu prestunum hvöt til að hugsa betur um, að hið innra band milli hans og safnaðarins yrði sem eðlilegast og bezt, en ef það væri veilt eða slitið, þætti sjer fara bezt á, að hið ytra band væri líka leyst, Yfir höfuð þótti honum hið góða í frumvarpinu vega meira en hið illa, sem af því gæti leitt. Í niðurlagi 8. greinar kvað hann sjer þykja of óákveðið hjá nefndinni, hvernig prófastar skyldu taka í strenginn, ef sóknarprestur kærði einhvern fyrir honum samkvæmt 8. grein. Viðvíkjandi breytingum nefndarinnar við 10. gr. væri það að segja, að sjer þætti betri 10. grein frumvarpsins sakir þess, að sjer fyndist eigi rjett, að refsa þeim með tvöföldum gjöldum, sem hefðu slitið sóknarbandið af góðum og gildum ástæðum, þótt það reyndar væri rjett við þá, sem hefðu slitið það af einhverjum óhreinum hvötum.

Jón Hjaltalín kvað æskilegt, að hafa álit allra presta á landinu um þetta mál, til að sjá, hve margir væru með og hverjir móti. Það kvað hann sjer þykja undarlegt, ef mál þetta hefði eigi verið borið undir álit biskups, áður en það hefði verið sett inn á þing, og skoraði á forseta að segja, hvort svo væri eða eigi, en forseti kvað landshöfðingjann

hafa sagt, að það hefði eigi verið borið undir hann. Þá kvað hann sjer þykja málið illa undirbúið, og óskaði, að biskups álits hefði fyrst verið leitað, og ef hann væri því meðmæltur, þá væri fyrst ástæða til að hleypa því inn á þing, en eins og nú stæði, vildi hann, að því væri hrundið. En færi svo, að málið gengi í gegn, þá kvað hann sjer þykja breytingar nefndarinnar heppilegar.

Stefán Eiríksson kvað einmitt breytingar meiri hlutans gjöra frumvarpið óbrúkandi, því viðbótin við 5. gr. og eins breyting 10. gr. gjörði það að verkum, að fáir mundu geta eða vilja nota þessi lög, þar sem sá, er vildi taka sjer annan prest, ætti þó að gjalda sóknarpresti sínum allar tekjur, og fyrir viðbótina við 5. gr. væri hugsanlegt, að presti þeim, er fremja ætti embættisverk fyrir þann, er vildi leita sjer utansóknarprests, að hann vísaði manninum frá sjer fyrir vantandi skilríki. Þessar og aðrar ákvarðanir nefndarinnar gjörðu frumvarpið alveg þýðingarlaust.

Framsögumaður kvaðst reyndar ætla að tala við meðnefndarmann sinn, þingmann Þingeyinga, um breytingu þá, er þingmaður Rangæinga hefði viljað að gjörð væri við 8. gr., en óskaði þó helzt, að þingmaðurinn kæmi sjálfur með breytingaratkvæði í þá stefnu, sem hann hefði talað um. Um 10. gr. skírskotaði hann til þess, er hann áður hefði sagt, og kvað meiri hlutanum hafa þótt ástæða til að laga greinina, af því að hún hefði þótt ónóg og ófullkomin, og þurfa skýringar, en eptir umræðunum væri ástæða til, að bæði grein frumvarpsins og nefndarinnar væru klofnar í sundur og bornar til atkvæða sjerstaklega. Þar sem þingmaður Skaptfellinga hefði minnzt á ósamlyndi milli þingmanns Þingeyinga og varaforseta, og tekið það sem vott um, hverjar afleiðingar frumvarp þetta mundi hafa á samlyndi prestanna, ef það yrði að lögum, þá væri þess að gæta, að þeir kæmu hjer fram sem þingmenn, en eigi sem prestar, og sannaði það, er þingmaður þessi hefði sagt, ekki neitt, enda mundi ekki vera frekari ósátt milli þessara tveggja presta, er hefði greint á, en milli hans og varaforseta, en hún væri engin.

Ásgeir Einarsson kvað það hingað til hafa verið lífakkeri þeirra, sem hjeldu með frumvarpi þessu, að það væri bein afleiðing af stjórnarskránni, sem sjer sýndist alls eigi þurfa að vera, því að í henni væri líka boðið, að tryggja þjóðkirkjuna sem mest, og þetta væri þó alls eigi ráð til þess, því hvað sem hver segði, mundi það sýna sig, að það hefði ósamlyndi í för með sjer. Hann kvaðst að eins vita til, að það hefði komið tvisvar fyrir, að menn hefðu viljað losast við sinn eiginn prest. Annar hefði verið faktor, en hinn sýslumaður; þeir hefðu leitað leyfis til, að mega vera til altaris hjá öðrum presti, en sóknarpresti sínum; vissi hann þó til, að faktorinn, að minnsta kosti, hefði haft litlar ástæður, og eigi sýnzt að þurfa prests svo mjög opt við. Væri það því sín ætlun, að í hvorutveggja þessu tilfelli hefði eiginlega eigi þurft þessara laga við. Hvað því viðviki, sem talað væri um komfirmatsjón barna, þá vissi hann til, að prestur mjög merkur hefði lítið eitt fundið að, hvernig barn var að sjer, sem átti að ferma, og hefði faðirinn ekki verið lengi að hugsa sig um að bjóðast til að láta annan prest ferma það. Þetta gæti optar borið að, ef þetta lagaboð næði fram að ganga. Ef einhver maður vildi láta annan prest, en sóknarprest sinn, jarðsyngja ættingja sinn eða venzlamann, þá vissi hann eigi til, að sóknarprestar hefðu nokkru sinni verið ófúsir á, að leyfa það, svo að eigi væri það ástæða til, að útvega þessi lög. Hann kvaðst annars vita vel, hver ástæðan væri fyrir því, að menn hjeldu með frumvarpi þessu, en hún hefði eigi komizt upp í hálsinn á neinum, nema alþingismanni Rangæinga, og hefði hún þó verið óljós hjá honum, og óskörulegri en vant væri, en allt hefði skilizt. Hún væri nefnilega sú, að þegar einhver prestanna væri slíkt úrþvætti og óreglumaður, að engum almennilegum manni væri við sæmandi, að hafa hann fyrir

prest, þá ætti það að lagfæra hann, að söknarmenn sæktu embættisverk til annars. En þá kvaðst hann vilja spyrja, hví söknarbandið væri eigi alveg leyst, svo að hver söfnuður mætti kjósa prest yfir sig; það væri líklega bezt að sleppa kirkjunni alveg lausri; þá þyrfti eigi þetta smákák, sem hjer væri verið að bögglast með, því að það væri allt lítilsvert, en hitt væri aptur það alvarlega, hvort nokkrir þeir menn væru í preststöðu, sem eigi væru hæfir til þess, og til þess væri líklega bezta ráðið, að láta alla söfnuði sjálfráða um, hvern prest þeir hefðu. Annars kvað hann sjer þykja mál þetta mega bíða, að minnsta kosti til næsta þings, og sjá, hvort nokkur kallaði eptir lögum í þá átt. Að endingu kvað hann sjer sýnast menn svelgja úlfaldann, en sigta mýfluguna, með því að gjöra þessar smábreytingar, til að uppfylla ákvarðanir stjórnarskráarinnar, og með því gleyma því, sem þyngst væri í því lögmáli.

Sighvatur Árnason kvað sjer þykja slæmt, ef þingmanni Húnvetninga fyndist hann vera svo loðmæltur, að hann skildist eigi.

Forseti gat þá þess, að einn þingmanna hefði skorað á sig að víkja úr forseta-sætinu og segja álit sitt um þetta mál, en hann áliti það óþarft, með því að varaforseti hefði þegar tekið allt það fram, er hann mundi hafa sagt í máli þessu.

Þar eð eigi tóku fleiri til máls, bar hann frumvarpið undir atkvæði og breytingar meiri hlutans við hinar einstöku greinar þess, og fjellu atkvæði þannig:

1. 1. grein nefndarinnar var samþykkt með 6 atkvæðum móti 4, og var 1. gr. frumvarpsins þar með fallin.
2. 2. grein nefndarinnar var samþykkt með 7 atkvæðum móti 2, og var 2. grein frumvarpsins þar með fallin.
3. 3. grein nefndarinnar var samþykkt með 6 atkvæðum, og var 3. grein frumvarpsins þar með fallin.
4. Orðabreyting nefndarinnar við 4. grein var samþykkt án atkvæðagreiðslu, og greinin sjálf með 6 atkvæðum.
5. 5. grein nefndarinnar var samþykkt með 8 atkvæðum, og var 5. grein frumvarpsins þar með fallin.
6. Orðabreytingar nefndarinnar við 6. gr. voru samþykktar með 6 atkvæðum, og greinin sjálf með áorðnum breytingum með 6 atkvæðum.
7. Orðabreytingar nefndarinnar við 7. gr. voru samþykktar með 6 atkvæðum, og greinin sjálf með áorðnum breytingum samþykkt með 7 atkvæðum.
8. Viðauki nefndarinnar við 8. grein var því næst borinn undir atkvæði, en af því að atkvæðagreiðslan varð óljós, var við haft nafnakall, og sögðu:

   Já:
   Magnús Stephensen,
   Benidikt Kristjánsson,
   Árni Thorsteinson,
   Bergur Thorberg,
   Jón Hjaltalín,
   Sighvatur Árnason.

   Nei sögðu:
   Ásgeir Einarsson,
   Eiríkur Kúld,
   Jón Pjetursson,
   Stefán Eiríksson,
   Torfi Einarsson.

   Var viðauki nefndarinnar þannig samþykktur með 6 atkvæðum gegn 5, og því næst greinin sjálf með þessum viðauka með 6 atkvæðum gegn 3.
9. Fyrri breyting nefndarinnar við 9. gr. var samþykkt með 7 atkvæðum móti 3, og breytingin við 3. málslið með 6 atkvæðum. Því næst var 9. greinin með áorðnum breytingum samþykkt með 7 atkvæðum móti 3.
10. Atkvæðagreiðslunni um 10. grein nefndarinnar var skipt í tvennt, og fyrst borinn upp til atkvæða kaflinn: «Sá sem — lambsfóður«, og var hann samþykktur með 6 atkvæðum, og var fyrsta málsgrein í 10. grein stjórnarfrumvarpsins: «Sá sem — — atvinnu» þar með fall-

in. Því næst var síðari málsgrein í breytingaruppástungu nefndarinnar borin undir atkvæði, og felld með 6 atkvæðum móti 3, og 10. grein frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 6 atkvæðum móti 3.

11. Fyrirsögn frumvarpsins með orðabreytingu nefndarinnar var samþykkt án atkvæðagreiðslu.

12. Að frumvarpið gengi til 3. umræðu, var samþykkt með 6 atkvæðum móti 3.

BREYTINGARATKVÆÐI
við frumvarp til laga um leysing á sóknarbandi, eins og það var samþykkt við 2. umræðu.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Við 10. gr. «hátíðaoffrum og» falli burt á tveim stöðum; »aukakirkjutekjum» breytist í: «aukatekjum».

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 20. fundi efri þingdeildarinnar, 25. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu *frumvarp til laga um leysing á sóknarbandi*.

Framsögumaður (*Árni Thorsteinson*) kvað síðast hafa orðið svo langar umræður um mál þetta, að nú mundi óþarfi á umræðum; hann vildi að eins geta þess, að meiri hluta nefndarinnar hefði þótt nauðsyn á, að koma með það breytingaratkvæði við síðari hluta 10. gr. í frumvarpinu, að brott skyldi falla á tveim stöðum «hátíðaoffrum og», og «aukakirkjutekjur» breytast í «aukatekjur», sakir þess að offrin væru tekin fram í fyrri hluta greinarinnar, eins og nefndin hefði samið hann. Þetta snerti að eins samning greinarinnar, og þyrfti því eigi að orðlengja um það.

Eiríkur Kúld kvaðst ætla að gjöra framsögumanni meiri hlutans það til geðs, að tala eigi meira í máli þessu, með því að hann sæi forlög þess hjer í deildinni, og væri auðsjeð, að það ætti að ganga til neðri deildarinnar, og gæti hann eigi lengur verið að berjast móti því.

Forseti bar þá undir atkvæði breytingu nefndarinnar við 10. gr., og var hún samþykkt með 6 atkvæðum.

Síðan var frumvarpið samþykkt með 6 atkvæðum gegn 4, og kvað forseti það þá verða afgreitt og sent forseta neðri deildarinnar, til þess að leggja það fyrir deildina.

Var frumvarpið nú svo hljóðandi:

FRUMVARP
til laga um leysingu á sóknarbandi.

1. grein.

Í kirkjulegum efnum skal hverjum þeim, sem kominn er til lögaldurs, heimilt að hafa annan prest en sóknarprest sinn, þó skal prestur sá vera skipaður yfir söfnuð í þjóðkirkjunni.

2. grein.

Semja skal hann við prest þann, er hann velur sjer sjálfum prestsþjónustu af og til sálusorgara í öllu. Skal hann að því búnu skýra hjeraðsprófasti frá samningi þeirra, en prófastur tilkynnir þetta hlutaðeigandi sóknarpresti. Kjósi sóknarmaður að hverfa aptur til sóknarprests síns, gjörir hann prófasti þar um aðvart, en prófastur skýrir aptur frá því þeim prestum báðum, er hlut eiga að máli.

3. grein.

Skyldur er sá, sem hefur kosið sjer annan prest, að láta sóknarprestinum í tje allar þær skýrslur um kirkjulegar athafnir, er prestur hans framkvæmir, enda er sóknarpresturinn skyldur, að rita í kirkjubók prestakallsins slíkar skýrslur, sem í kirkjubók ber að rita. Skal tilkynning þessi gjörð ekki síðar en innan 14 daga frá þem degi, er hin kirkjulega athöfn var framkvæmd, og skal vottorð prests þess, er framkvæmt hefur athöfnina, fylgja henni. Prestur sá, er framkvæmdi prestsverkið, skal og geta þess í kirkjubók sinni, en eigi skal það talið í

ársskýrslum hans, nema um fermingu sje að ræða. Nú er tilkynning eigi gjörð, áður 14 dagar eru liðnir, og varðar það 2—10 kr. sekt eptir úrskurði yfirvalds, og rennur sektin í fátækrasjóð hreppsins. Auka skal sektina um 2—10 krónur fyrir hverja viku, sem líður, án þess að fullnægt sje skyldu þessari.

4. grein.

Þegar skýra skal hlutaðeigandi presti frá fæðingu barna, skal tilkynning um hana gefin prestinum í þeirri sókn, þar sem barnið hefur fæðzt.

5. grein.

Sóknarprestur í þeirri sókn, hvar brúðurin á heima, skal lýsa með hjónaefnum, og skal honum tilkynnt bann á stofnun hjónabands. En prestur sá, er gefur hjónin saman, skal gæta alls þess, sem skipað er í lögum um stofnun hjónabands, og meðal annars fá til þess vottorð frá presti þeirrar sóknar, er brúðurin á heimili í.

Sá prestur, er saman gefur, skal bera ábyrgð á stofnun hjónabandsins, eins og lög almennt ákveða.

6. grein.

Leyfi það, sem útheimtist eptir 1. grein í tilsk. 26. jan. 1866 um hjúahald á Íslandi, til þess að ófermdir menn megi ráða sig í vist, skal prestur sá veita, er þá skal ferma.

7. grein.

Sáttatilraun þá, sem lögboðin er í tilsk. 18. okt. 1811, þegar hjón vilja slíta sambúð eða gjöra með sjer fullan skilnað, skal gjöra sálusorgari sá, er þau hafa sjer tekið eptir lögum þessum, og skal hann einnig gefa út vottorð þau, er heimtuð verða um siðferði þeirra og háttalag, og skal sóknarpresturinn gefa þær skýrslur, er hann eptir atvikum þarf að gefa.

8. grein.

Sóknarprestur hefur bæði með húsvitjunum og á annan hátt sama eptirlit á fræðslu og uppeldi barna þeirra manna, er í sóknum hans hafa kosið sjer annan prest, sem hjá öðrum sóknarmönnum. Finni sóknarprestur, að þeir, sem hafa utansóknarprest, vanræki skyldu sína um fræðslu og uppeldi barna sinna, ber honum tafarlaust að tilkynna það hjeraðsprófasti, er þar eptir gjörir þá ráðstöfun, er þörf er á.

Sóknarpresturinn skal annast um, að senda skýrslur þær, sem lögboðnar eru um fæðingar, skírn, hjónavígslur og andlát, einnig gefa út vottorð, sem skrifuð eru út úr kirkjubók, nema að því leyti er fermingu snertir, því um hana skal prestur sá senda skýrslu og gefa út vottorð, er hana hefur framkvæmt.

9. grein.

Rjett er, að sóknarmaður, sem kosið hefur sjer prest, láti þann prest framkvæma í sóknarkirkjunni kirkjulegar athafnir (svo sem barnaskírn, hjónavígslu, skriptamál, altarisgöngu og líkræðu) og á kirkjugarðinum líkræðu og að kasta moldu á lík; þó skal hann áður hjá sóknarprestinnm hafa fengið vissu fyrir því, að kirkjan eða kirkjugarðurinn eigi sje til annars höfð á þeim tíma, sem til er tekinn.

Meðhjálpari sá, sem skyldur er að vera nærstaddur og taka þátt í þjónustugjörðinni, þegar sóknarprestur heldur hana, skal hafa hina sömu skyldu, þegar prestur sá er utansóknar, er hana framkvæmir.

Við altarisgöngu skal utansóknarpresturinn hafa með sjer brauð og vín, en meðhjálpari sóknarinnar skal sjá um, að annað það, sem með þarf við hinar kirkjulegu athafnir, sem taldar eru, sje á reiðum höndum.

10. grein.

Sá, sem hefur tekið sjer annan prest, greiði til sóknarprests og sóknarkirkju gjöld öll til prests og kirkju, svo sem áður, hvort heldur tíundir, ljóstolla og legkaup, offur af fasteign og lausafje, dagsverk og lambsfóður. Prestar þeir, sem eru, skulu þar að

auki halda aukatekjum einnig fyrir athafnir þær, sem þeir eigi eru beðnir um að framkvæma, á meðan þeir halda embættum sínum. En er þeir fara frá, skulu aukatekjur einungis goldnar þeim presti, sem sá hefur tekið sjer, er í hlut á.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 28. fundi neðri þingdeildarinnar, 2. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu *frumvarp til laga um leysing á sóknarbandi.*

Guðmundur Einarsson sagði, að engum blandaðist víst hugur um, að ráðgjafi vor væri ötull maður og ótrauður, en hann mætti ekki vera of ötull, blessaður maðurinn. Sjer virtist hvað eptir annað koma fyrir dæmi um, að honum væri lagið að senda oss ýmsar uppástungur, sem betra hefði verið að geyma enn nokkra stund. Sá, sem stjórnaði einhverri þjóð, yrði vel að gæta þess, hvað þessi þjóð væri komin langt og hvað bezt ætti við hana; hann mætti hvorki vera á undan nje á eptir tímanum. Um daginn hefði komið til deildarinnar frumvarp um borgaralegt hjónaband, nú kæmi frumvarp um leysingu sóknarbandsins. Hann kvaðst ekki vita til þess, að hjá almenningi væri vöknuð löngun til þess, að brúka hvern prest, sem vera skal, og áliti hann því skaðlegt að fara að hreifa þessu máli. Að gjöra þetta frumvarp að lögum, væri að sínu áliti að leysa fjötrana af sönnu frjálsræði, svo það yrði að sjálfræði. En svo mjög sem hann elskaði frelsið, eins hataði hann sjálfræðið. Það væri sín lifandi sannfæring, að mál þetta væri of snemma upp borið, og því rjeði hann frá því, að það gengi til 2. umræðu.

Þórarinn Böðvarsson kvaðst vera á sama máli og þingmaður Dalamanna, að ekki væri enn kominn tími til, að gjöra frumvarp þetta að lögum. Í síðast liðin 140 ár hefðu einungis komið fyrir 5 tilfelli, að menn hefðu farið fram á, að fá að hafa annan prest en sóknarprest sinn, og hefði víst orsökin optast verið sú, að þeir hefðu lent í málaþrætum við prest sinn. Eitt af þessum tilfellum væri sjer kunnugt um, þar eð það hefði komið fyrir í prófastsdæmi sínu, og hefði það tilfelli að líkindum komið ráðgjafanum til að senda þinginu frumvarp þetta. Bónda einum hefði nefnilega ekki samið við prest sinn, heiðarlegan og skyldurækinn mann, og því fengið einhvern góðan mann til þess að skrifa fyrir sig bænarskrá til konungs, um að mega hafa annan prest. Hann hefði orðið svo frægur, að halda sáttatilraun í þessu máli, og hefði hann ekki heyrt bóndann koma með eina einustu ástæðu gegn prestinum. Nú hefði bóndinn fengið konunglegt leyfi, til að hafa annan prest, en hann kvaðst ekki vita til þess, að hann hefði nokkurn prest sjerstakan nú sem stæði, að minnsta kosti hefði hann eigi tilkynnt sjer það. Ef þetta frumvarp yrði að lögum, áliti hann það mjög óheppilegt, því að það mundi að eins koma til leiðar tvídrægni milli prests og safnaðar, og þar að auk töluvert auka óvild og kala milli presta sjálfra innbyrðis. Hann kvaðst að vísu halda af frelsinu, en þetta frelsi væri ópraktiskt; kringumstæðurnar hjer á landi væru svo, að flestum mundi örðugt og lítt mögulegt, að hafa annan prest en sinn sóknarprest. Hann stakk því upp á að vísa máli þessu frá 2. umræðu, eða að öðrum kosti að nefnd yrði kosin.

Benidikt Sveinsson sagði, að ef menn vildu rifja upp fyrir sjer allt það, sem skrifað og skrafað hefði verið, bæði á þessum stað og annarstaðar, um það, að stjórnarskráin hefði komið of seint, og vildu svo bera það saman við það, er menn nú segja, að þessi frelsisákvörðun í stjórnarskránni hafi komið of snemma, þá mætti kannske svo virðast, sem þetta væri eigi alls kostar samkvæmt hvað öðru. Það væri vitaskuld, að

enn hefðu eigi sýnt sig þessu frumvarpi andvígir nema hinir geistlegu herrar hjer í deildinni, en það væri óskandi og vonandi, að hinir heiðruðu þingdeildarmenn sýndu, að þessi skoðun væri eigi ríkjandi hjá meiri hluta þingdeildarmanna. Hann gæti eigi betur sjeð, en ástæðurnar fyrir stjórnarfrumvarpinu sjeu góðar og á rökum byggðar, en af því að í efri deildinni hefðu verið ýmsar skoðanir um málið, þá vildi hann leggja það til, að nefnd yrði sett og umræðunum frestað.

Arnljótur Ólafsson sagði, að sjer þætti það mjög óþægilegt, að hann gæti eigi verið á sama máli sem hinir velæruverðugu meðbræður sínir, því að sú væri skoðun sín, og hann væri sannfærður um, að það gæti eigi raskað guðrækilegum tilfinningum eða helgi trúarinnar hjá mönnum, þótt annar prestur en sóknarpresturinn skíri börn eða jarðsyngi lík. Það skyldi þá heldur eiga sjer stað, ef annar prestur en sóknarprestur fermdi börn og gæfi menn í hjónabönd? Við fermingu barna gæti það eigi verið eptir 8. gr., því að eptir henni yrði aðhaldið enn betra. Hann vildi biðja hvern mann að þreifa í sinn eiginn barm, og gæta þess, hvort eigi mundi svo verða, að prestar yrðu harðari, eptirgangssamari og aðfinnsluríkari við börn þeirra manna í sókn hans, er kosið hefðu sjer annan prest, heldur en við börn sinna eigin sóknarmanna. Þetta yrði því einmitt til að herða eptirlit presta með uppfræðslu barnanna, sem allir vist játuðu með sjer að væri eitt hið mest áríðanda af öllum prestsverkum. Að annar prestur gipti, gæti eigi heldur raskað trú og helgri tilfinning manna, því að hjónabandið væri þó eigi «kaþólskt sakrament», heldur að eins siðferðislegt samlíf með siðferðislegum og veraldlegum skyldum; fyrir því væri hjónavígslan hið veraldlegasta prestsverk. Menn kynnu nú, ef til vill, að hneykslast á þessu, er menn bæru þessi orð saman við ummæli sín um frumvarpið hjerna um daginn viðvíkjandi borgaralegum hjónaböndum. En hann vonaði, að menn myndu eptir því, að hann hefði verið mótfallinn veraldlegum hjónaböndum eingöngu af þeirri ástæðu, að ekkert dæmi hefði verið til, nema þetta eina á Vestmannaeyjum, sem ekkert dæmi hefði verið í raun rjettri, svo sem hann hefði þá tekið fram, og sýnt fram á, og hlægilegt væri að setja lög um engan hlut. En hjer aptur á móti mundu ýmsir menn vera til, sem óskuðu, að þetta lagafrumvarp yrði að lögum. Hann gæti heldur eigi skilið, að prestar gætu haft á móti þessu; ekki gæti það komið af því, að tekjur þeirra minnkuðu, því að það væri eigi svo; eigi gæti heldur að sínu áliti kviknað óvild presta á milli, heldur þvert á mót kappsmunir í því, að verða sem beztir prestar og nýtastir. Þeir prestar, sem beðnir væru um eitthvert aukaprestsverk af utansóknarmanni, gætu og eigi heldur haft á móti frumvarpinu, þar eð það bætti tekjur þeirra; sízt gæti hann skilið, að þeir menn væru frumvarpi þessu mótfallnir, sem væru áfjáðastir í að auka tekjur prestanna. Að endingu vildi hann spyrja: hvort væri samboðnara frelsistilfinningum vorra tíma, að vilja binda á klafa guðræknisathafnir manna, heldur en að vera svo frjálslyndur, að leyfa mönnum að þiggja aukaprestsverk — því enginn gæti þó bannað að hlýða messu hjá öðrum presti — af hverjum presti, sem menn vildu þar til kjósa? Góðir prestar þyrftu því aldrei að óttast þetta lagaboð. Trú og guðrækni yrði þó aldrei á klafa bundin, heldur að eins hið ytra, en þá vildi hann spyrja: Er vert að binda þetta ytra, þegar eigi er unnt að binda hug og hjarta?

Ísleifur Gíslason kvað 1. þingmann Norður-Múlasýslu enn eigi hafa sannað sjer, að þörf væri á þessu lagaboði, nje heldur hitt, að það yrði til þess, að efla guðræknistilfinningar manna; hitt kvaðst hann vera sannfærður um, að það yrði til þess, að auka ósamlyndi og kala, ekki einungis milli presta og safnaða, heldur og milli presta innbyrðis, og til þess ætti að sinni ætlun alþingi ekki að stuðla. Þingmaður Norður-Múlasýslu hefði í málinu um borgaralegt hjónaband sagt, að það væri hlægilegt, að setja lög um engan hlut. En væri ekki þetta líka að setja lög um engan

hlut? Hann kvaðst ekki þekkja til neinnar þarfar hjá söfnuðum til að skerast úr sambandi við sóknarpresta sína; hún kynni að eiga sjer stað í hinu frjálslynda Norðurlandi, en hjer syðra þekkti hann ekki nema þetta eina dæmi, sem til hefði verið vitnað um einn einstakan mann, og kvaðst hann ekki ætla, að hans eins vegna ætti að gjöra þetta frumvarp að lögum.

Þórarinn Böðvarsson kvaðst vilja spyrja, hvort líklegra væri, til að halda því góða samkomulagi, sem vera ætti milli prests og safnaða, það, að halda því gamla fyrirkomulagi, eða hitt, að lögleiða «þetta frelsi», og leyfa hverjum að þjóta burt frá presti sínum, er vildi, til annars? Hann þekkti að eins eitt dæmi til, að slíkt hefði komið fyrir; það hefði verið í sínu prófastsdæmi, að einn bóndi hefði viljað losast við prest sinn, og það heiðvirðan prest, og hefði hann þá sótt um það til konungs, og fengið síðan konunglegt leyfisbrjef, en hann hefði enn eigi tilkynnt, að hann hefði neinn prest. Menn vildu þó án efa ekki styðja að því, að alþýðumönnum gæfist kostur á að losa sig við alla prestsþjónustu. Menn hefðu vitnað í stjórnarskrána í þessu máli, þar sem hún gjörði ráð fyrir trúarfrelsi, en hún gjörði líka í 45. gr. það að skyldu, að vernda hina lútersku trú; það yrði bezt gjört með góðri barnauppfræðingu, en barnauppfræðingin yrði að líða mjög, ef þau tilfellin færu að fjölga, sem frumvarp þetta gjörði ráð fyrir. Hjer lægju engar óskir fyrir, að fá frumvarp eða lög um þetta, heldur virtist það vera án allra ástæða, og eins og háttvirtur þingmaður hefði tekið fram í öðru máli, væri það jafnvel hlægilegt, að setja lög um þau tilfelli, sem ekki ættu sjer stað. Sjer fyndist því eigi þurfa lög um þetta, því að það kæmi svo ör-sjaldan eða aldrei fyrir. Hann vildi því helzt, að málið væri þegar fellt, en að öðrum kosti vildi hann, að nefnd væri skipuð í það.

Benidikt Sveinsson kvaðst vilja taka það fram, viðvíkjandi því, sem nokkrir þingmenn hefðu sagt, að engin dæmi væru til þess, að menn óskuðu slíkra laga og þessi væru. Ef sú væri meining þessara þingmanna, að þörfin væri ekki vöknuð hjá þjóðinni, þá væru þeir ekki færir til að dæma um slíkt, því að þeir gætu ekki lesið í hjörtu manna. En ef sú væri meining þeirra, að fá dæmi væru til, að menn hjer á landi hefðu sótt um leyfi til að mega hafa annan prest, þá mætti má ske segja, að þeir hefðu nokkuð til síns máls, en hann kvaðst þó þekkja nokkur dæmi til þess. Eitt dæmi hefði komið fyrir í Mosfellssveit seinast í vetur, að maður hefði komið barni sínu til fræðslu í Reykjavík; annað dæmi hefði komið fyrir í Grímsnesi fyrir fáum árum, og hefðu orðið út úr því mestu stælur og fjandskapur. Fleiri dæmi væri ekki þörf að til færa, en löngun til frelsis í þessu efni væri sjálfsagt gróðursett í hjörtum allra þeirra manna, sem eigi væru þrællundaðir.

Þá beiddust 8 þingmenn þess, að umræðunum væri hætt, og voru þeir: Jón Blöndal, Stefán Stephensen, Einar Ásmundsson, Snorri Pálsson, Einar Guðmundsson, Tryggvi Gunnarsson, Þórarinn Böðvarsson og Þorlákur Guðmundsson, og var það samþykkt. 2 þingmenn stungu upp á nefnd, en því var neitað, en samþykkt með 17 atkvæðum gegn 5, að málið gengi til 2. umræðu.

ÖNNUR UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

A 37. fundi neðri þingdeildarinnar, 10. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu *frumvarp til laga um leysing á sóknarbandi.*

Þórarinn Böðvarsson kvaðst verða að lýsa yfir þeirri ósk sinni, að frumvarp þetta lifði ekki lengur en þetta kveld. Þjóðin mundi þinginu þakklát fyrir það, ef þingið notaði tíma sinn til að ræða þau mál, sem væru sannarleg nauðsynjamál, en hann vissi ekki til, að nokkur maður æskti þess, að þetta frumvarp yrði að lögum. Hjer á landi

væru ýmsar kringumstæður, sem gjörðu þetta frumvarp með öllu ónauðsynlegt; hjer ætti sjer ekki stað neinn ágreiningur um trúaratriði, og þótt menn fengju leyfi til að hafa annan prest en sóknarprest sinn, þá kæmi slíkt leyfi ekki að neinum notum, sökum þess, hve landið væri strjálbyggt. Hann kvaðst að vísu elska frelsið, en það þætti sjer hjegómlegt frelsi, að mega gjalda 2 prestum, og það frelsi gæti hver maður fengið, án þess að sjerstök lög væru gefin út um það. Þó lög þættu nauðsynleg í þessu efni, þá vildi hann afbiðja að lifa undir þessum lögum. Í 8. gr. stæði sú ákvörðun: «finni sóknarprestur, að þeir, sem hafa utansóknarprest, vanræki skyldu sína um fræðslu og uppeldi barna sinna, ber honum tafarlaust að tilkynna það hjeraðsprófasti, er þar eptir gjörir þá ráðstöfun, er þörf er á». Hann kvaðst með engu móti treysta sjer til að skera úr því, hvað prófastur ætti að gjöra í þessu tilfelli, og hvern hann ætti að áminna, hvort það væri hinn nýi prestur eða hinn gamli, sóknarpresturinn; að líkindum ætti prófastur að fela sóknarprestinum, að sjá um uppfræðingu barnsins. Í 9. gr. væri gjört ráð fyrir, að skriptamál og fleiri kirkjulegar athafnir, sem utansóknarprestur framkvæmdi fyrir einhvern sóknarmann, fari fram í sóknarkirkjunni, þó með því móti «að kirkjan sje ekki notuð til neins annars á þeim tíma». Hann kvaðst ekki vita, við hvað átt væri með þessu «öðru», hvort átt væri við notkun kirkjunnar til einhverra veraldlegra hluta, eða það, að sóknarpresturinn væri sjálfur að nota hana til kirkjulegra athafna. Hið síðara þætti sjer líklegra, en þá gæti hann ekki skilið, hvernig það gæti átt sjer stað, að kirkjan væri ekki notuð til annars, t. a. m. í þeim sóknum, þar sem að eins væri ein kirkja, sem ætti að messa í á hverjum sunnudegi. Hann skyldi leiða hjá sjer að tala um það, hvernig prestur ætti að fara að yfirgefa söfnuð sinn til að messa yfir einum manni í annari sókn. Þessi ákvörðun væri að sínu áliti alveg ótæk. Maður gæti varla stillt sig um að brosa, þegar maður læsi ákvörðunina seinast í 9. grein: «skal hafa með sjer brauð og vín». Utansóknarprestur mætti ekki fá brauð og vín hjá kirkjuverjanum, ekki einu sinni þótt kirkjan væri bændakirkja; hann yrði að hafa með sjer brauð og vín að heiman, og þó ætti sá, sem til altaris ætlaði að vera, heimting á, að sóknarkirkjan legði til brauð og vín. Hann kvaðst vonast til, að þingmenn vöruðu sig á, að gefa atkvæði sitt fyrir slíku, og að hann lifði það aldrei, að hann fengi að sjá slíkan prest með brauð og vín í vösum sínum; hann hefði góða von um, að deildin felldi málið, en ef mönnum þætti nauðsynlegt að halda áfram með það, þá skyldi hann leyfa sjer að stinga upp á nefnd, til að lagfæra frumvarpið.

Hjálmur Pjetursson sagðist hafa gefið atkvæði sitt með því, að frumvarp þetta gengi til 2. umræðu, af því hann hefði álitið það meinlaust, eins og það hefði komið frá stjórninni, en sjer fyndist, að það hefði stórum vesnað við breytingar þær, er efri deildin hefði gjört á því, og áliti hann, að frumvarpið væri óhafandi, eins og það nú væri, og sýndist sjer því annaðhvort að fella það, eða gjöra breytingar við það til 3. umræðu. Seinni liður 8. greinar og 10. gr. væru t. d. alveg óhafandi, eins og þær væru nú.

Arnljótur Ólafsson sagðist ekki geta sjeð eins mikla galla á frumvarpi þessu, eins og 2. þingmaður Gullbringusýslu hefði þótzt finna; þótt hann yrði að játa, að viðaukar efri deildarinnar væru næsta óheppilegir, þá væru þeir þó ekki svo fráleitir, að eigi mætti við sæma frumvarpið, nema ef vera skyldi viðaukinn við 1. grein. Þingmaður Gullbringusýslu hefði farið í 8. gr. og sagt, að hann gæti ekki fengið út úr henni, hvernig prófastur ætti að fara að, ef kvartað væri um uppfræðslu barna þeirra manna, er hefðu annan prest en sóknarprest sinn, og hverri sveitarstjórn prófastur skyldi segja til þess. Hjer gæti enginn vafi verið á; ef prófastur áliti ástæðu til að skipta sjer um fræðslu barnanna, þá ætti hann sjálfsagt að snúa sjer til þeirrar sveitarstjórnar, eða rjettara sagt, til prestsins í hreppnum, þar

sem barnið væri sveitlægt. Ef þingmaðurinn væri sjer samdóma um, að barnið missti ekki framfærslurjett, þótt foreldrar þess hefðu annan prest en sóknarprest, þá hlyti hann einnig að vera samdóma sjer um það, að barninu mætti vísa til sveitarstjórnarinnar í hrepp þess, til að koma því fyrir eptir tillögum sóknarprestsins. Því þótt menn segi, að vafi sje um, hvort sóknarprestur eða utansóknarprestur eigi að skipta sjer af fræðslu barnsins, þá væri það þó víst, að sóknarprestur hefði rjett til að heimta af sveitarstjórninni, að barninu sje komið á góðan stað. Þótt 3 eða 4 menn í sókninni sæktu til annars prests, þá væri þó sóknin sama sókn eða hjerað eptir sem áður, og sóknartakmarkið hjeldist eins fyrir það.

Sami þingmaður hefði fundið að 9. gr frumvarpsins, þar sem sagt væri, að sóknarmaður, er hefði kosið sjer annan prest, mætti láta prestinn framkvæma í sóknarkirkjunni þær prestlegu athafnir, sem hann vildi af honum þiggja, þó svo, að það hindraði ekki sóknarprestinn frá að nota kirkjuna til allra þeirra þarfa, sem hann ætti að framkvæma í henni. Hann kvaðst ekki sjá annað en grein þessi væri alveg rjett. Það væri auðvitað, að þar sem einungis væri ein kirkja í brauðinu, þar væri kirkjan aldrei laus um messutímann, en þingmanninum hlyti að vera það kunnugt, að af hinum kirkjulegu athöfnum, sem nefndar væru í 8. gr., væri að eins skriptamál og altarisganga sú athöfn, sem vanalega þyrfti að fara fram á helgum dögum; barnaskírn mætti fara fram á hverjum degi; sama væri um hjónavígslu og líkræðu sömuleiðis. Einungis skriptamál og altarisganga færu nú fram á sunnudögum, en þó einmitt svo, að það væri söfnuðurinn, en ekki einstakur maður, sem tekinn væri til altaris, eins og sjá mætti af því, að veikir menn væru þjónustaðir á hverjum degi, sem vera vildi. Hann gæti því ekki sjeð neitt á móti því, að þegar einstakur maður eða hjón vildu vera til altaris, að þau þá mættu það, ef til kæmi eða nauðsyn krefði, svo á rúmhelgum dögum, sem á sunnudögum. En ef menn vildu heldur, að það fram færi á sunnudögum, og þætti það viðkunnanlegra, þá gætu farið fram tvær messur á sunnudegi í sömu kirkjunni. Sóknarpresturinn þyrfti ekki að halda á kirkjunni nema frá hádegi til nóns, og gæti því altarisganga farið fram á eptir, þar sem prestur hefur ekki nema eina kirkju til að þjóna, en þar sem hann hefur 2 eða 3 kirkjur, þar þurfa engin vandræði út úr þessu að verða. Þegar gætt væri að því, hvers vegna þessi rjettur væri gefinn til að nota sóknarkirkju sína, þá væri það mjög eðlilegt; maðurinn gæti verið lasinn eða þá kona hans, og væri óeðlilegt, að hann neyddist til að ríða langan veg til annarar kirkju, auk þess sem hann er skyldur til að borga til sóknarkirkjunnar. Í þessu kemur það ljóslega fram, að mennirnir eru eigi til handa kirkjunni, heldur kirkjan handa mönnunum, og söfnuðurinn ekki handa prestinum, heldur presturinn handa söfnuðinum; hjer kemur það fram, að embættismaðurinn er þjónn þeirra, sem hann á eða er skyldur til að gjöra embættis-verkin fyrir, en þeir eru eigi þjónar hans.

Þessi sami þingmaður hefði ekki getað stillt sig um að brosa, þegar hann hefði komið að enda 9. greinar, og hefði farið að kyrja þá málsgrein, að kosni presturinn ætti að hafa með sjer brauð og vín. Hefði þá þingmaðurinn, sem sjálfsagt væri vel að sjer í kirkjusögu, aldrei lesið það, að prestum var áður boðið að hafa með sjer «prestreiðu», það er brauð og vín, í hvert skipti, sem þeir færu frá heimili sínu? Og þetta boð hefði ekki verið sprottið af guðræknisleysi, heldur af umhugsun þeirri, að seðja þær sálir, er hungraði eptir Krists líkama og blóði. Hann kvaðst aldrei hafa heyrt, að þetta boð væri af numið, og sæi ekkert hlægilegt við það, að prestur hafi með sjer brauð og vín, þegar hann hyggur, að einhver þurfi þess við. Að minnsta kosti vonaði hann, að þingmaðurinn hlægi eigi að því, er prófasturinn í Kjalarnesþingi reiddi með sjer brauð og vín, þegar hann þjónustaði

sjúka. Hann kvaðst að vísu vita það, að tilfæri til að geyma í brauð og vín á þjónustuferðum presta væru nú að fækka, en þó væru þau víðast til enn á Norðurlandi, og hann hefði í eldri kirkjum sjeð prýðilega tilbúna buðka eða áhöld til þess, og sýndu þau, hve miklu meiri virðingu menn hefðu áður borið fyrir hinni heilögu kvöldmáltíð, heldur en nú væri gjört. Þó hefði engum dottið í hug að brosa og því síður að hlægja að slíku, og kvaðst hann vona, að 2. þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu hefði optast verið heppnari í brosi sínu og alvöru heldur en nú. Það, sem þingmaðurinn hefði sagt um 10. gr., væri eigi rjett; þar væri einungis sagt, að prestar þeir, sem nú eru, ættu að halda aukatekjum sínum, meðan þeir væru í embættum, en undir eins og þeim væri veitt annað embætti, mundu þeir missa þær. Allar athugasemdir þingmannsins hefðu, í einu orði sagt, ekki náð svo langt, að þær gætu í nokkru hrakið þann frelsisgrundvöll, sem allt frumvarpið væri byggt á. Frumvarpið væri byggt á því, að binda eigi menn með ytri böndum við sóknarprest sinn, eins og menn á tímum einokunarinnar hefðu verið bundnir við tiltekinn kaupmann og sætt hegningu, ef þeir hefðu verzlað við annan kaupmann utan hins afmarkaða takmarks. Hann kvaðst vita, að deildin elskaði frelsið, en ekkert frelsi væri helgara og háleitara en samvizkufrelsið og guðræknisfrelsið, sem því væri samfara. Það væri hjartansmál og samvizkumál fyrir hvern guðrækinn mann, að geta fengið prestsþjónustu hjá þeim presti, er hann bæri mest traust til. Einn af Noregskonungum hefði sagt um Jón biskup Ögmundsson, að hann vildi búa undir hans hönd, það er þiggja af honum prestlega þjónustu og blessun. Þótt þessi tilfinning væri nú farin að dofna, og menn nú á dögum legðu minni þýðingu í prestlega þjónustu, þá væri hún eigi að síður lifandi hjá mörgum hjer á landi; margir menn óskuðu að heyra nýja presta ekki að eins af forvitni, þó það kæmi líka fyrir, heldur einnig til að þiggja af þeim prestsverk öll. Sumir prestar hjer á landi væru drykkfelldir og lifðu óreglulegu lífi, og guðlöstuðu, að minnsta kosti utan kirkju; þeir hefðu verið kærðir fyrir prófasti og prófastur hefði aptur kært þá fyrir biskupi, svo vissi enginn meira um málið. Það er sönn saga, að hvað farið hefði milli biskups og prófasts, það vissi enginn nema þeir tveir einir, en hitt væri heyrum kunnugt, að presturinn hefði haldið áfram ólifnaði sínum og óreglu eins eptir sem áður. Sóknarmenn hefðu því að eins sjeð 2 kosti fyrir, annaðhvort að koma ekki í kirkju framar, eða þá að dumma við það gamla, eins og optast hefði orðið ofan á, jafnvel þó þeir hefðu ekki getað annað en fyrirlitið prestinn, undir eins og hann væri kominn úr kirkjunni. Hann kvaðst halda, að ef menn vildu róta vel upp hjá prestum og í hjörtum safnaðanna, þá væri þetta frumvarp þó notandi prófsteinn til þess að komast að raun um, hvort menn ljetu sjer nægja hina lökustu presta vora eða eigi. Hann yrði því að gefa frumvarpi þessu atkvæði sitt, því að þessi andlegi doðasvefn, sem nú væri í kirkjunni hjer á landi, hann mætti ekki lengur haldast við; þessi kristindómsdoði mundi annaðhvort enda í vantrú og siðaspillingu, eða það þyrfti að blása nýjum anda í þetta hálfdauða og andlausa hræ, er vjer kölluðum þjóðkirkju.

Hjálmur Pjetursson sagði, að þessar umræður væru óræk sönnun fyrir því, að frumvarp þetta væri ekki svo vel úr garði gjört, sem vera skyldi, en jafnframt fyndist sjer að þær væru og sönnun fyrir því, að mál þetta væri þó nokkurs virði; hann vildi því leggja það til, að nefnd yrði kosin í málið og umræðunum frestað, og skyldi hann leyfa sjer að stinga upp á 5 manna nefnd.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða um, hvort nefnd skyldi kjósa, og fresta umræðunum, en því var neitað með 12 atkvæðum gegn 5, og var þá umræðunni haldið áfram.

Grímur Thomsen kvaðst vilja benda á nokkur atriði, er sjer þætti ábótavant við

frumvarp þetta, og skyldi hann gjöra það án þess að brosa, fyrst 1. þingmaður Norður-Múlasýslu áliti þetta málefni svo fjarska-alvarlegt. Fyrst deildin væri búin að hafna nefnd í þessu máli, þá væri alveg ómögulegt, að frumvarpið gæti gengið lengra, því að hann vonaði, að hann gæti sýnt fram á, að eins og frumvarpið væri nú lagað, væri það með öllu óhafandi. Í 4. gr. væri sagt: «þegar skýra skal hlutaðeigandi presti frá fæðingu barna, skal tilkynning um hana gefið prestinum í þeirri sókn, þar sem barnið hefur fæðzt». Hver væri nú þessi «hlutaðeigandi»? væri það sóknarpresturinn eða utansóknarpresturinn? Það væri ómögulegt að sjá það af neinu í frumvarpinu. Ef það væri sóknarpresturinn, sem maður skyldi helzt halda, þá hljóðaði greinin þannig: «Þegar skýra skal prestinum í sókninni frá fæðingu barna, skal tilkynning um hana gefin prestinum í sókninni». Þetta væri það, sem á útlendu máli væri kallað «tautologi». Í 6. gr. stæði: «leyfi það, sem útheimtist eptir 1. gr. í tilsk. 26. jan. 1866 um hjúahald á Íslandi, til þess að ófermdir menn megi ráða sig í vist, skal prestur sá veita, er þá skal ferma». Hver ætti að ferma, sóknarpresturinn eða nýi presturinn? Það hlyti að vera sá prestur, sem þeir velja sjer. Hann skyldi ekki þreyta þingið með því, að þræða galla frumvarpsins. Hann sagðist ekki efast um, að 1. þingmaður Norður-Múlasýslu hefði í fullri alvöru mælt fram með þeim frelsisanda, sem hann hefði þótzt finna í frumvarpi þessu, en þó væri hann samdóma 2. þingmanni Gullbringusýslu um, að eins og nú væri ástatt, væri engin þörf á þessu frumvarpi; hjer væru engir trúarflokkar; hjer væru engar mismunandi skoðanir á trúaratriðum, og eins og samlíf milli safnaða og presta væri nú, væri engin þörf á þess konar lögum, eins og þessi væru. Það væri því ráðlegast að bíða, þangað til þörfin kæmi. Íslendingar hefðu hingað til ekki haft orð fyrir að standa öðrum þjóðum á baki að guðrækni og siðsemi, og þegar lík lög og þessi hefðu verið innleidd í Danmörku, þá hefði það ekki verið af því, að guðrækni hefði verið þar á svo háu stigi. Vjer ættum að halda við hið gamla, á meðan ekki væri brýn þörf til að breyta til, og fylgja í því dæmi Englendinga, sem aldrei breyttu til, fyr en hið gamla væri alveg ófært.

Halldór Kr. Friðriksson sagðist halda, að frumvarp þetta mundi gjöra miklu meira illt en gott, yrði það að lögum. Það væri hið vissasta og fljótasta ráð til að slíta hið innilega band, sem vera ætti milli prests og sóknarfólks. Að lög þessi yrðu til þess, að óhæfum prestum yrði ekki vært í embættum, kvaðst hann eigi geta skilið í. Yfirvöldin mundu eigi fremur fá augastað á hinum óhæfilegu prestum fyrir það, þótt svo og svo margir af söfnuðinum hlypu frá þeim til annars prests í laumi, heldur miklu síður. Aðferð sú til að losast við laklega eða misjafna presta, sem nú gilti, væri miklu hentugri, sú, að menn sæktu um það til yfirvaldsins, að mega nota annan prest en sóknarprest sinn. Þegar margir kæmu og sæktu um það, mundi athygli yfirvaldsins beinast þegar sjerstaklega að slíku. Eptir þessum lögum gætu menn hlaupið burtu frá sóknarpresti sínum án þess að færa neinar ástæður fyrir því. Presturinn, sem yfirgefinn væri, ætti svo að halda öllum tekjunum fyrir ekki neitt, halda öllum tekjum sínum, þótt allur söfnuðurinn yfirgæfi hann. Sjer fyndist engin ástæða til vera, að eyða tímanum til að ræða þetta frumvarp, heldur væri langbezt og sjálfsagt, að fella það undir eins.

Þórarinn Böðvarsson sagði, að það væri hin bezta röksemd gegn þessu frumvarpi, hvað illa 1. þingmanni Norður-Múlasýslu hefði tekizt að verja það, svo sem hann hefði þó lagt sig til á því. Hann sagði, að engum mundi annara um það en sjer, að menn væru eigi neyddir til að búa við þann sóknarprest, sem þeir gætu eigi þegið ánægðir af nokkurt prestverk. En að það yrði að kosta það, að hlutaðeigendur yrðu að borga 2 prestum fullar tekjur, sýndist sjer ekkert rjettlæti. Hitt gæti hann miklu betur fellt sig við, að lögboðið væri, að sóknarmenn, sem fengju

slæman prest, mættu verja tekjum hans handa öðrum, eða að þeir sóknarmenn, sem engan fastan prest hefðu, svo mörgum árum skipti, fengju að hafa ráð yfir tekjunum og kaupa sjer messur og prestsverk eptir eigin vild af þeim, sem þeim líkaði bezt; það gæti maður þó skilið. Hann kvaðst vilja spyrja, hversu það mætti verða, sem þingmaðurinn hefði komið með, að lög þessi mundu verða til mikillar eflingar uppfræðingu barna; en hann ætti eptir að sýna fram á, hvaða ráð prestar ættu að hafa, til að koma fram barnauppfræðingu í sókn annars prests. Þingmaðurinn hefði viljað halda því fram, að flest prestsverk gætu farið fram á rúmhelgum dögum, þar á meðal útdeiling altaris-sakramentisins; en hann kvaðst eigi betur vita, en altarisganga ósjúkra manna á rúmhelgum dögum væri óleyfileg að vorum lögum. Skylda presta til að hafa með sjer brauð og vín á ferðum, sem þingmaðurinn hefði talað um að verið hefði í lögum fyr á öldum, í kaþólsku, væri eðlilega úr lögum liðin með kaþólskunni. Þingmaðurinn hefði hneykslazt á því, að hann hefði brosað að þessu boðorði í þessu frumvarpi, en hann sagðist eigi vita, hvort honum byggi meiri alvara í hug en sjer, þegar minnzt væri á altarissakramentið, en brauð og vín í vösum presta kallaði hann ekki altarissakramennti. Hann sæi eigi, hvernig ætti að koma því við, að óviðkomandi notaði sóknarkirkju til prestlegra athafna, messugjörðar og annars á sunnudögum, því hann vissi eigi betur, en að það væri lög í landinu, að hver sóknarprestur væri skyldur að flytja messu í kirkju sinni á hverjum sunnudegi. Þetta, sem hann hefði tekið fram, væri ekki nema fátt af öllum göllum þessa frumvarps, sem að öðru leyti væri hjer með öllu óþarft og ætti alls ekki við hjer á landi.

Guðmundur Einarsson kvaðst verða að kalla frumvarp þetta ótímabæran burð. Það mundi eigi verða til annars, en að vekja deilur og ópokka, og óskaði hann, að deildin stytti því aldur; frumvarpið væri heldur eigi sprottið af þörf eða ósk þjóðarinnar, heldur væri það sent af stjórninni, sökum þekkingarleysis hennar á hugsunarhætti þeim í kirkjulegum efnum, sem hjer væri almennt ríkjandi, og því ætti frumvarpið ekki að sinni að ná lagagildi.

Þá beiddust 8 þingmenn þess, að umræðunum væri hætt, og voru þeir:

Grímur Thomsen,
Einar Ásmundsson,
Einar Guðmundsson,
Stefán Stephensen,
Snorri Pálsson,
Jón Blöndal,
Þorlákur Guðmundsson,
Jón Sigurðsson,

og var þessi beiðni þeirra samþykkt.

Því næst var gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. gr. Eptir beiðni 1. þingmanns Norður-Múlasýslu var við haft nafnakall, og sögðu:

Já:
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Einar Guðmundsson,
Einar Ásmundsson,
Jón Blöndal,
Jón Sigurðsson,
Páll prestur Pálsson,
Páll bóndi Pálsson,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Þórðarson.

Nei;
Halldór Kr. Friðriksson,
Ísleifur Gíslason,
Einar Gíslason,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorlákur Guðmundsson;

var greinin þannig samþykkt með 11 atkvæðum gegn 10.

2. gr. Vegna óglöggrar atkvæðagreiðslu var við haft nafnakall, og sögðu:

Já:
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Einar Ásmundsson,
Einar Guðmundsson,
Jón Blöndal,
Jón Sigurðsson,
Páll prestur Pálsson,
Páll bóndi Pálsson,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Þórðarson.
Nei:
Halldór Kr. Friðriksson,
Ísleifur Gíslason,
Einar Gíslason,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorlákur Guðmundsson;

var grein þessi þannig samþykkt með 11 atkvæðum gegn 10.

3. gr. samþykkt með 11 atkv. gegn 9.
4. gr. —— — 11 — — 9.
5. gr. —— — 11 — — 9.
6. gr. —— — 11 — — 10.
7. gr. —— — 11 — — 10.

8. gr. Við þessa grein var við haft nafnakall eptir beiðni 1. þingmanns Gullbringu- og Kjósarsýslu, og sögðu:

Já:
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Einar Ásmundsson,
Einar Guðmundsson,
Jón Blöndal.
Jón Sigurðsson,
Páll prestur Pálsson,
Páll bóndi Pálsson,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Þórðarson.
Nei:
Halldór Kr. Friðriksson,
Ísleifur Gíslason,
Einar Gíslason,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorlákur Guðmundsson;

var greinin þannig samþykkt með 11 atkvæðum gegn 10.

9. gr. felld með 10 atkvæðum gegn 10; var þá við haft nafnakall, og sögðu:

Já:
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Einar Ásmundsson,
Einar Guðmundsson,
Jón Blöndal,
Jón Sigurðsson,
Páll prestur Pálsson,
Páll bóndi Pálsson,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Þórðarson.
Nei:
Halldór Kr. Friðriksson,
Ísleifur Gíslason,
Einar Gíslason,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorlákur Guðmundsson;

var greinin þannig samþykkt með 11 atkvæðum gegn 10.

10. gr. felld með 13 atkvæðum gegn 8.

Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Að málið gengi til 3. umræðu, samþykkt með 11 atkvæðum gegn 9.

88*

BREYTINGARTILLÖGUR
við «frumvarp til laga um leysingu á sóknarbandi»,
eins og það var samþykkt við 2. umræðu.

Frumvarpið orðist þannig:

1. grein.

Hverjum þeim manni, sem er 16 ára að aldri og fermdur, er heimilt að kjósa sjer annan prest en sóknarprest sinn, enda sje prestur sá skipaður yfir einhvern söfnuð.

2. grein.

Semja skal maður við kjörprest sinn, hverja prestsþjónustu hann vilji af honum þiggja. Síðan skýrir hann hjeraðsprófasti frá samningi þeirra, en prófastur aptur sóknarprestinum. Nú vill maður aptur hverfa til sóknarprests síns, og skal hann tjá það prófasti, en hann aptur sóknarpresti og kjörpresti.

3. grein.

Gefa skal sóknarleysingi sóknarpresti greinilegar skýrslur um öll þau prestsverk, er kjörpresturinn hefur fyrir hann gjört; en sóknarprestur er skyldur að geta þeirra í kirkjubók sinni, svo sem lög standa til. Skýrsla leysingja skal gefin eigi síðar en á 14 nátta fresti, og skal henni fylgja vottorð frá kjörpresti. Prestsverka þeirra, sem skylt er að rita í kirkjubók, skal kjörprestur geta í embættisbók sinni, en eigi skulu þau talin í ársskýrslum hans, nema ferming sje. Nú er sóknarpresti eigi gefin skýrsla á 14 nátta fresti, og verður leysingi um það sekur 2—10 kr. fyrir viku hverja, er það dregst, eptir ákvæðum valdsmanns, og renna sektirnar í fátækrasjóð þess hrepps, er leysinginn býr í.

4. grein.

Nú fæðist leysingja barn, og skal skýra frá því presti þar í sókn, er barnið fæðist.

5. grein.

Til hjúskapar skal sóknarprestur lýsa, þar er brúður á heima, enda skal lýsa meinbugum og hjúskapar-banni fyrir þeim presti, og gefur hann síðan hjónaefnunum greinilegt vottorð um lýsingarnar. En prestur sá, er gefur hjónin saman, skal að öðru leyti ábyrgjast, að hjónabandið sje löglega stofnað.

6. grein.

Þá er ófermdur maður, sem er fullra 16 ára að aldri, vill ráða sig í vist, skal hann fá til þess samþykki þess prests, er ætlazt er til að fermi hann, (sbr. 1. gr. í tilsk. 26. jan. 1866).

7. grein.

Sáttatilraun þá, sem lögboðin er, þá er hjón vilja slíta sambúð eða skilja að fullu, skal kjörprestur þeirra gjöra, og gefa lögboðin vottorð um siðferði þeirra og hegðun; en geti kjörprestur ekki gefið nægilegt vottorð, þá skal sóknarprestur bæta því við, er til vantar.

8. grein.

Skyldur er sóknarprestur að semja og senda allar lögboðnar skýrslur um fæðingar, skírn, hjónavígslur og andlát, svo og gefa vottorð þau, er rituð eru upp úr kirkjubók, nema ferming sje, því um hana skal sá prestur skýrslu gefa og vottorð senda, er sjálfur fermt hefur.

9. grein.

Sjerhver sóknarleysingi hefur rjett á, að láta kjörprest sinn fremja skírn, hjónavígslu, skriptamál og altarisgöngu, flytja líkræðu og syngja yfir í sóknarkirkjunni, svo og jarða lík í kirkjugarðinum; þó skal hann fengið hafa vissu um það hjá sóknarprestinum, að eigi þurfi hann á kirkju að halda nje kirkjugarði til prestsverka á sama tíma.

Heimilt skal leysingja að nota öll áhöld kirkjunnar til prestsþjónustu, svo sem messuskrúða, ljós, graftól, vín og bakstur; en skylt er honum að hafa meðhjálpara sóknarinnar viðstaddan við þjónustugjörðina.

Ný grein bætist við, sem verður 10. grein.

Leysingi skal gjalda til sóknarkirkjunnar öll lögboðin gjöld, en sóknarpresti að eins þau gjöld, er á fasteign liggja; þó skulu sóknarprestar þeir, sem nú eru, halda óskertum

öllum fastatekjum sínum hjá leysingja, meðan þeir eru í sama brauði.

Arnljótur Ólafsson. Jón A. Blöndal.
Einar Ásmundsson. Hjálmur Pjetursson.
Páll Pálsson, þingmaður Skaptfellinga.
Tryggvi Gunnarsson.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 57. fundi neðri þingdeildarinnar, 28. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu *frumvarp til laga um leysing á sóknarbandi* með breytingartillögum 6 þingmanna.

Arnljótur Ólafsson sagði, að deildinni mundi kunnugt, að lengi hefði legið hjer fyrir frumvarp til laga um leysing á sóknarbandi, eins og það hefði verið samþykkt við 3. umræðu í efri deildinni. Þegar borið væri saman stjórnarfrumvarpið við frumvarp efri deildarinnar, þá væri æði-mikill munur á þeim frumvörpum. Helzta breytingin, sem gjörð var í efri deildinni á frumvarpi stjórnarinnar, væri sú, að í 1. grein væri bætt aptan við orðunum: »í þjóðkirkjunni». Með þessum orðum væri leysingin á sóknarbandinu bundin við þjóðkirkjuna eina, og þannig gengið fram hjá þeim tilgangi, sem upprunalega hefði verið í stjórnarfrumvarpinu. Önnur breytingin væri allur fyrri liður 8. greinar, þar sem ræðir um, að sóknarpresturinn eigi að hafa hönd í bagga með uppeldi og uppfræðing barna þeirra, er kosið hafa sjer annan prest. Þessi viðbót væri af sama toga spunnin, sem hin fyrri, og miðaði til þess, að takmarka allt trúarbragðafrelsi við þjóðkirkjuna, því að það væri ekkert trúarbragðafrelsi, að mega sækja til kirkju utansóknarprests í þjóðkirkjunni, heldur væri trúarbragðafrelsið fólgið í því, að mega ráða trú sinni eptir því, sem maður getur forsvarað fyrir guði og samvizku sinni. Þar að auki væri þessi viðbót við 8. grein óheppileg, af því að hún gæti komið til leiðar stríði og þráttunum milli þess prests, sem hefði tekið að sjer uppfræðsluna og þess, sem væri sóknarprestur. Sú breytingartillaga, sem hann og 5 aðrir þingmenn hefðu gjört við frumvarpið, væri helzt fólgin í orðabreytingum, en einnig í því, að færa frumvarpið aptur í þá stefnu, sem stjórnarfrumvarpið hefði farið í, og þess vegna sleppt viðaukum efri deildarinnar við 1. og 8. grein. Þar að auki væru 9. og 10. grein nokkuð öðruvísi orðaðar. Að öðru leyti væri einkum 9. grein nær því efnisrjett eins og í stjórnarfrumvarpinu; því væri að eins sleppt, að kjörprestur yrði að flytja með sjer brauð og vín. Það þætti ekki eiga vel við, þar sem leysingi væri skyldur til að gjalda öll gjöld til sóknarkirkju sinnar, að banna honum notkun brauðs og víns sinnar kirkju. Breytingin í 10. grein væri í því fólgin, að leysingi skyldi ekki skyldugur til að gjalda sóknarpresti sínum fyrir aukaverk, heldur skyldi sóknarprestur að eins halda öllum sínum fastatekjum. Allar þessar breytingar væru svo eðlilegar, að hann gæti ekki skilið annað, en að allir þeir, sem vildu efla trúarfrelsi, gæfu þeim atkvæði sitt.

Guðmundur Einarsson sagði, að frumvarp þetta væri nú enn einu sinni komið inn á skoðunarplássið, og hefði nú annan blæ en áður, en þessi blær væri ekki annað en tálblær. 1. grein byrjaði nú á því, að 16 ára gamalt barn mætti hlaupa frá sóknarpresti sínum og taka hvern prest, sem það vildi; ef staðið hefði hver fulltíða maður, þá hefði það verið nokkuð öðru máli að gegna, en hver heilvita maður hlyti að sjá, að hjá 16 vetra barni gæti trúarlífið ekki verið svo proskað, að það væri fært um að velja sjer prest. Hvað 3. grein snerti, þá væru í henni ákvarðanir, sem gjörðu það að verkum, að sá, sem losnaði við sóknarbandið, mundi ruglast fram og aptur milli kjörprestsins og sóknarprestsins. Þetta væri nú sök sjer, en þegar komið væri til 6. og 7. greinar, þá væru þar mjög margar óeðlilegar ákvarðanir; annar presturinn ætti að gjöra þetta, hinn hitt. Sáttatilraun milli hjóna skyldi kjörprestur

gjöra, en það sem hann á brysti, þá skyldi sóknarprestur hlutast til um það. Þetta gæti orðið orsök til sundurlyndis milli þessara 3 málsparta. Hvað 8. grein snerti, þá kvaðst hann ekki vita, hvernig sóknarpresturinn ætti að fara að semja ársskýrslur sínar í tæka tíð, því að svo gæti staðið á, að barnið fæddist rjett fyrir nýár, en yrði ekki skírt fyr en að 14 dögum liðnum, og sóknarpresturinn fengi ekki tilkynningu um það fyr en seint og síðar meir, en nú væri prestum í mörgum prófastsdæmum boðið að vera búnir að semja skýrslurnar hið fyrsta eptir nýár. Yfir höfuð væri frumvarpið svo, að hann vildi ráða deildinni frá að samþykkja það, og láta það heldur bíða, þangað til sú tilfinningin væri komin inn í meðvitund manna, að nauðsynlegt væri, að rýmka samband það, sem nú væri milli presta og safnaða, og sem víða hvar væri hið bezta, og þeir tækju á sig talsverða ábyrgð, sem með leysingu sóknarbandsins gjörðu sitt til að raska því ástarfjelagi, sem væri milli margra presta og sóknarfólks þeirra, því hann sagðist ekki geta annað en skoðað málið frá þeirri hlið.

Þórarinn Böðvarsson kvaðst álíta, að þingmaður Dalamanna hefði haldið sæmilega líkræðu yfir frumvarpi þessu, og mundi varla hægt að gjöra því betri skil. Hann kvaðst optlega hafa tekið það fram, að hann áliti frumvarp þetta eitt hið óþarfasta frumvarp, er fyrir þingið hefði verið lagt. Kvaðst hann sjerstaklega ætla að tala um breytingar hinna 6 þingdeildarmanna við frumvarpið, og yrði hann þá alveg að mótmæla því, að breytingaratkvæði þessi yrðu lögð undir atkvæði, því að hann kvaðst eigi geta annað sjeð, en að þetta væri nýtt frumvarp að efninu og orðunum til; hefði hann ekkert á móti því, að því yrði vísað til 2. umræðu sem nýju frumvarpi. Til sönnunar því, að þetta væri nýtt frumvarp, kvaðst hann vilja benda til 1. greinar, þar sem hverjum þeim manni, er orðinn væri 16 vetra gamall, væri heimilað, að kjósa sjer annan prest; þetta kvaðst hann ætla að væri meira en orðabreyting, og hefði þingmaður Dalamanna nógsamlega sýnt fram á, hve óheppileg ákvörðun þessi væri, að hver unglingur mætti hlaupa frá presti sínum. Hann kvaðst þora að vitna það til annara landa, að lengur hefði verið talað um þetta mál, en vjer hefðum tíma til í þetta sinn, og þó hefði það eigi orðið útkljáð. Hann kvaðst játa það, að þetta nýja frumvarp hinna 6 þingdeildarmanna væri miklu betur orðað, og kvaðst hann eigi vilja tala um, hversu vel orðið leysingi væri valið, enda benti það á, að hlutaðeigandi maður hefði áður í ánauð verið. Hann kvað þingmann Dalamanna hafa talað um 7. grein, og kvaðst hann ætla, að það mundi verða allbroslegt að sjá þessar skýrslur, sem kæmu, þegar hver presturinn ætti að bæta því við, sem hinn hefði vantað. Hann kvað það liggja í augum uppi, að frumvarp þetta væri nýtt, og yrði því eigi gengið til atkvæða um það sem breytingaruppástungur, en með því væri hann, að það gengi til 2. umræðu. Hann kvaðst vilja benda á 9. grein, þar sem nú vantaði brauð og vín, er áður hefði verið í vösum prestsins í stjórnarfrumvarpinu. Kvað hann þó hið nýja frumvarp hafa haldið þeim aðalgalla stjórnarfrumvarpsins, að presturinn skyldi hafa heimild til, að taka sóknarleysingjann til altaris í sóknarkirkju prestsins; yrði presturinn þá ef til vill að gjöra messufall, og sjálfsagt þar, sem að eins væri ein kirkja. Sjer þætti það og nokkuð «flott», þar sem sóknarpresturinn í 10. grein væri sviptur öllum tekjum nema hinum föstu tekjunum.

Arnljótur Ólafsson kvaðst hafa hugsað, að 2. þingmanni Gullbringusýslu hefðu verið svo minnisstæð víti þingsins á laugardaginn, er var, að hann hjelt, að hann mundi sízt verða fyrstur maður til þess, að fara fram á sömu þingsafglöpun; kvað hann enga verulega breyting gjörða hafa verið á stjórnarfrumvarpinu; en þess kvaðst hann þó vilja geta út af því, er þingmaður Dalamanna og 2. þingmaður Gullbringusýslu hefðu sagt um þessa 16 ára ákvörðun í 1. grein í breytingartillögum hans, að í hinum danska texta

stjórnarfrumvarpsins stæði orðið »myndig», er væri þýtt í hinum íslenzka textanum með orðinu »forráða». Orðið »myndugur» þýðir eigi í Danmörku annan aldur, en 18 ára aldurinn, en eigi 25 ára aldur, því þá væri orðið «full-myndugur» haft; kvaðst hann ímynda sjer, að þingdeildarmenn þekktu svo til laga, að þeir þekktu lögin um hjúahald, og væri þar 16 ára aldurinn settur sem það takmark, er hver og einn mætti ráða sig sem hjú; mismunurinn væri því eigi annar en sá, að þetta 16 ára takmark væri bundið við vor eigin lög, en ef 18 ára aldurstakmarkinu væri haldið, þá værum vjer komnir inn undir dönsku lög. Hann kvaðst og vilja spyrja hina háttvirtu þingmenn, hvort í 6. grein stjórnarfrumvarpsins, þar sem svo stendur, að «leyfi það, sem útheimtist eptir 1. gr. í tilskipun 26. jan. 1866 um hjúahald á Íslandi, til þess að ófermd hjú megi ráða sig í vist, skal prestur sá veita, er það skal staðfesta», — hvort hjer í grein þessari mundu meintir vera ófermdir menn 25 ára að aldri? Það mundu allir deildarmenn vita, og það einkum, ef þeir bæru sig saman við presta þá og prófasta, er væru hjer í deildinni, að enginn ófermdur maður væri til 25 ára að aldri, að minnsta kosti eigi nema með biskupsleyfi; kvaðst hann því ætla, að það, er hann nú hefði tekið fram um þetta efni, væri nóg til þess, að sá hinn mikli agnúi, er nokkrir deildarmenn hefðu látið í ljósi að væru á ákvörðun þessari í breytingartillögunni, mundi hverfa úr samvizku deildarmanna.

Þar sem hinir háttvirtu deildarmenn hefðu talað um ársskýrslurnar, þá hefði þetta ekkert að þýða nema hjá þeim einum, er settu bókstaflegar skýrslur upp yfir stjórnarskrána. Hann kvaðst vilja minna á upphaf 46. greinar í stjórnarskránni: »Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins» o.s.frv. Þetta kvað hann vera vor eigin stjórnarlög, og þau ættum vjer eigi að brjóta að gamni okkar. Þar sem því væri við bætt í 7. grein frumvarpsins, að sóknarpresturinn skyldi bæta því við, er vantaði til í vottorði kjörprestsins, þá þætti sjer ekkert undarlegt í þeirri ákvörðun, því að svo gæti á staðið, að hlutaðeigendur væru nýkomnir inn í söfnuð kjörprestsins, og gæti hann því eigi gefið þeim nægilegt vottorð um hegðun og siðferði þeirra um svo langan tíma, sem þyrfti við, einkum ef um fullan hjónaskilnað væri að ræða. Hann kvaðst taka þau mótmæli, er fram hefðu komið gegn máli þessu, sem vott þess, hversu einstöku mönnum, hversu ágætir sem þeir annars eru, geta verið mislagðar hendur, og hversu fánýtar ástæður þær stundum geta verið, er þeir kæmu fram með.

Páll prestur *Pálsson* sagði, að 1. þingmaður Norður-Múlasýslu hefði raunar tekið af sjer ómakið með það, sem hann hefði ætlað að segja. Þingmaður Dalamanna hefði gjört ókjörin öll úr því, að skýrslur presta ættu að vera að rekast fram og aptur milli þeirra, en hann hjeldi, að því meiri vissa væri fyrir því, að skýrslurnar yrðu áreiðanlegar, er fleiri en einn ætti að vera um að gefa þær. Mál þetta væri að sínu áliti engan veginn ólöglega fram borið til 3. umræðu, því að hjer væri að eins stungið upp á breytingum við hið upphaflega frumvarp frá efri deildinni, en alls eigi nýtt frumvarp, sem upp væri borið. Orðið «leysingi» hjeldi hann væri að sinni hyggju öldungis rjett valið; það væri sá, sem væri hættur að vera þræll, en væri þó eigi orðinn frjáls með öllu; hann væri á vegamótunum.

Þórarinn Böðvarsson sagðist ekkert hafa haft á móti orðinu «leysingi», en ætti það samt að þýða þann, sem væri hættur að vera þræll, gæti hann eigi fellt sig við það. Hann segði fyrir sig, að í sínu prestakalli hefði aldrei nokkur maður verið andlegur þræll, það hann vissi til; hvort þeir væru í sóknum þingmannsins, skyldi hann láta ósagt. 1. þingmaður Norður-Múlasýslu hefði kallað ástæður sínar og þingmanns Dalamanna fánýtar, en hann yrði að segja, að það væru einmitt ástæður þingmannsins sjálfs, sem væru næsta fánýtar. Hann hefði farið að vitna til stjórnarskrárinnar máli sínu til

styrkingar. En hann hefði algjörlega misskilið þá grein stjórnarskrárinnar, er hann hefði vitnað í. Hún ætti hjer alls eigi við. Þetta frumvarp snerti ekkert trúarbragðafrelsi, Það færi eiginlega og í raun og veru fram á, að 16 vetra gamlir unglingar ættu að fara að veita prestaköll; það væri raunar eigi annað. Hann hefði alls eigi gleymt laugardeginum, eða því, sem þá hefði fram farið hjer í deildinni; en hann hjeldi, að eigi stoðaði annað hjeðan af, en að gefa sig fanginn undir trúna um, að forseti hefði gjört rjett.

Arnljótur Ólafsson sagðist halda, að það ætlaði að sannast á 2. þingmanni Gullbringusýslu, að trúuðum væri allt mögulegt, ef hann væri nú farinn að trúa því, að það væri rjett, sem fram hefði farið hjer í deildinni á laugardaginn í sýslumannamálinu. Nú væri líka meira að segja 1 af þeim 12, sem þá hefðu fylgt forseta, búinn að iðrast synda sinna og búinn að fá kvittun og fyrirgefning, og kominn í flokk hinna 11, svo þeir væru nú orðnir 12, eða meiri hluti.

Hann sagði eigi unnt að bera á móti því, að frumvarp þetta snerti fyllilega trúarbragðafrelsi. Það losaði þau hin ytri bönd, er vörnuðu því, að menn gætu notað trúarbragðafrelsið, sem þeim væri gefið í stjórnarskránni. Hann ætti bágt með að koma því fyrir sig, hvernig staðið gæti á mótspyrnu hinna háæruverðugu herra prófasta, hinna velæruverðugu presta, sem tekið hefðu til máls gegn frumvarpinu; hann væri sannfærður um, að þeim byggi eigi svo ófrjálslegar skoðanir í brjósti, sem orð þeirra bentu til.

Guðmundur Einarsson sagðist frábiðja sjer þann áburð, að hann talaði annað, en hann meinti. Hann vissi eigi betur, en að fulltíða eða myndugir væru menn eigi kallaðir fyr, en þeir væru 25 ára. Hann kvaðst vilja spyrja, hvort menn hjeldu virkilega, að 16 vetra gamalt barn væri orðið svo þroskað í trú sinni, að rjett væri að láta það ráða alveg fyrir sjer í trúarefnum, og það svo, að það mætti yfirgefa sóknarprest sinn og hlaupa til hvers prests, er það vildi. Hann kvaðst álíta sitt hvað, að ráða sig í vist árstíma eða taka ákvörðun um velferðarmál trúar sinnar.

Arnljótur Ólafsson (Forseti mótmælti, að hann fengi að taka til máls, með því hann hefði talað tvisvar í þessu máli á fundinum, og hann væri eigi prentaður sem flutningsmaður): Þótt jeg sje eigi flutningsmaður á pappírnum, er jeg það samt í raun og veru, eptir samkomulagi okkar G, sem komum okkur saman um breytinguna á frumvarpinu. Þetta hjeldi hann að væri nokkuð upp í það að vera flutningsmaður á pappírnum, þótt hinum hæstvirta forseta kynni ef til vildi að þykja það minna vert en hitt, að hann hefði staðið upp sem skrifaður flutningsmaður. Hann sagðist vilja svara þingmanni Dalamanna því, að hann gæti eigi sjeð, að neitt væri því til fyrirstöðu, að menn 16 ára gamlir gætu ráðið, hvern prest þeir vildu hafa, úr því að þeir ættu að geta gjört grein fyrir trú sinni og orðið fermdir hjer um bil 2 árum áður.

Með því að eigi tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. Breyting hinna 6 þingmanna við 1.—9. grein samþykkt með 14 atkvæðum gegn 6.
2. Hin nýja 10. grein samþykkt með 13 atkvæðum.
3. Frumvarpið í heild sinni. Eptir beiðni 1. þingmanns Norður-Múlasýslu var við haft nafnakall, og sögðu:

Já:

Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Einar Guðmundsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Jón Blöndal,
Páll prestur Pálsson,
Páll bóndi Pálsson,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Þórðarson,

Já:
Þorsteinn Jónsson.
Nei:
Halldór Kr. Friðriksson,
Ísleifur Gíslason,
Einar Gíslason,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Einarsson,
Jón Sigurðsson,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorlákur Guðmundsson.

Var frumvarpið þannig samþykkt með 14 atkvæðum gegn 9, og kvað forseti það nú verða sent efri deildinni aptur.

Á 51. fundi efri þingdeildarinnar, 29. dag ágústmánaðar, skýrði forseti frá, að hann hefði fengið brjef frá forseta neðri deildarinnar, dagsett daginn áður, og væri sjer þar tilkynnt, að neðri deildin hefði við 3. umræðu sama dag breytt *frumvarpi til laga um leysingu á sóknarbandi* frá því, sem efri deildin hafði samþykkt það, og ljet hann útbýta því meðal þingdeildarmanna, eins og það nú var orðið, og skoraði forseti jafnframt á nefndina, er áður hafði verið sett í því máli, að segja álit sitt um það. Með því að landshöfðingi hafði ákveðið, að þinginu yrði slitið daginn eptir, 30. dag ágústmánaðar, og þetta mál þannig ekki gat orðið útrætt, nema það kæmi á dagskrá til næsta dags, bar forseti samkvæmt 43. grein þingskapanna undir atkvæði þingdeildarmanna, hvort málið mætti koma til umræðu næsta dag, þó hinn lögboðni frestur eigi væri liðinn, en að eins 3 atkvæði urðu fyrir því, og gat málið þannig ekki orðið útrætt á þinginu.